2023

# Úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum Skagafjarðar og tillögur

## Unnið fyrir sveitarstjórn


Haraldur L. Haraldsson

hlh@hlh.is

Arnar Haraldsson

arnar@hlh.is

Ragnheiður Agnarsdóttir

ragnheidur@hlh.is


Nóvember 2023

HLH RÁÐGJÖF

# Samantekt

Inngangur

- Að beiðni sveitarstjórnar Skagafjarðar tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Skagafjarðar með það að markmiði að setja fram tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu, rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

Sveitarfélögin almennt

- Það er mat skýrsluhöfunda að sveitarfélögin standi á ákveðnum tímamótum hvað rekstur og skuldir þeirra varðar.

- Eftir að nýjar fjármálareglur tóku gildi samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 átti sér stað umtalsverð jákvæð breyting í rekstrarafkomu og skuldum sveitarfélaga. Á síðustu árum hefur hins vegar orðið nokkur neikvæð breyting í rekstrarafkomu sveitarfélaga. Sveitarfélögin standa frammi fyrir því annars vegar að hagræða í rekstri og hins vegar að leita leiða til að auka tekjur.

- Laun og launatengd gjöld hjá sveitarfélögum voru að meðaltali í kringum 52% af tekjum á árunum frá 2012 fram til 2019, en eftir 2019 eru þau að nálgast 60%. Ljóst er að við þessu verður að bregðast.

- Árið 2018 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og sett ný lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ljóst má vera að ýmis ákvæði þessara laga hafa haft áhrif til aukinna útgjalda hjá sveitarfélögunum. Við setningu laganna fylgdu ekki auknar tekjur til sveitarfélaga til að mæta útgjöldum vegna aukinnar þjónustu.

- Ætla má að ákvæði sem kom inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga árið 2018 varðandi stoðþjónustu, allt að 15 klst. á viku, hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélög. Ef gert er ráð fyrir að allir þeir sem fara inn á hjúkrunarheimili hafi áður verið í 15 klst. þjónustu hjá sveitarfélögum á viku, eða að jafnaði 65 klst. á mánuði, gerir það í árlegan kostnað 11,8 ma. kr. miðað við að laun og launatengdgjöld vegna hvers stöðugildis séu 10 millj. kr. Ef 50% þeirra fengju þessa þjónustu væri kostnaðurinn 5,9 ma. kr. og miðað við 25% væri kostnaðurinn 2,9 ma. kr.

- Þegar útgjöld Barnaverndarstofu eru skoðuð á föstu verðlagi standa útgjöld ríkisins vegna Barnaverndarstofu nánast í stað frá og með árinu 2001 með nokkrum undantekningum, þ.e. útgjöldin hafa ekki hækkað umfram verðlagshækkanir. Hins vegar var stöðugur vöxtur hjá sveitarfélögunum á föstu verðlagi í félagsþjónustu við börn fram til ársins 2014. Sá kostnaður lækkaði nokkuð árið 2015 en eftir það hefur verið vöxtur en mun meiri en árin á undan.

- Sveitarfélögin hafa aukið árlegar niðurgreiðslur á leikskólagjöldum árið 2021 um 10 ma. kr. frá því sem var 2002 og um 4 ma. kr. miðað við árið 2013.
- Af framanrituðu má ljóst vera að sveitarfélögin hafa þurft að taka á sig aukin útgjöld vegna lagabreytinga og samfélagslegra breytinga. Ljóst er miðað við fjárhagsstöðu sveitarfélaga í dag að þau geta illa staðið undir þessum auknu útgjöldum að óbreyttu.

Áhrif kjarasamninga á fjárhag sveitarfélaga

- Frá árinu 2018 hafa sveitarfélög gert kjarasamninga sem hafa leitt til meiri hækkana á launum starfsmanna sveitarfélaga en á almennum markaði þannig að munurinn er nokkur.
- Árið 2021 hafði vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga hækkað um 111,4% frá árinu 2011, þegar vísitala starfsmanna hjá ríkinu hækkaði um 102% og á almennum vinnumarkaði um 94,6%.
- Mikil breyting verður eftir árið 2019 þegar rekstrarafgangur hjá sveitarfélögum var samtals 14,6 ma. kr. en var neikvæður um 8,8 ma. kr. árið 2020. Einnig verður hallarekstur hjá samanburðarsveitarfélögunum samtals og hjá Skagafirði eftir árið 2019.
- Þessar launahækkanir hjá starfsmönnum sveitarfélaga umfram aðra á vinnumarkaði hafa haft veruleg áhrif. Mismunur útsvarstekna og launagjalda var 22,9 ma. kr. árið 2019 samanborið við 7,3 ma. kr. árið 2021 á verðlagi hvors árs, eða lækkun um 15,6 ma. kr. á milli ára.
- Af þessu má ætla að sá mikli viðsnúningur sem verður á milli áranna 2019 og 2020 í rekstrarafkomu sveitarfélaga sé að stórum hluta til kominn vegna meiri launahækkana hjá starfsmönnum sveitarfélaga umfram aðra starfshópa.
- Launagjöld hjá Skagafirði hafa hækkað hlutfallslega meira en útsvarstekjur frá árinu 2015. Munurinn var mestur árið 2021.

Íbúafjöldi

- Eins og tafla 3 sýnir fjölgaði íbúum á landinu öllu um 19,1% á tímabilinu 2014 til 2023, þegar fjölgaði um 2,9% í Skagafirði, þ.e. miðað við samtölu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps fyrir sameiningu, og um 2,6% á Norðurlandi vestra.
- Í öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra en Skagafirði og Akrahreppi fyrir sameiningu fjölgaði íbúum samtals um 2,2%. Þannig fjölgaði hlutfallslega meira í Skagafirði en í öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra á þessu tímabili.

Skuldir sveitarfélaga

- Reykjavíkurborg var með hæsta skuldahlutfallið eða 201% í árslok 2021. Skagafjörður var í 16. sæti með skuldahlutfallið 128%.

- Skuldahlutfallið fyrir öll sveitarfélög samtals í árslok 2021 var 153%, en var árið áður 143,5%.

## Skuldir Skagafjarðar

- Skuldir A-hluta hafa hækkað úr 3.479 millj. kr. árið 2012 í 8.163 millj. kr. árið 2022, eða um 4.684 millj. kr. á verðlagi hvors árs. Hlutfallsleg hækkun skulda A-hluta milli áranna er 135%. Á sama tímabili jukust tekjur A-hlutans úr 3.083 millj. kr. í 6.567 millj. kr. og nemur hækkunin um 3.484 millj. kr. sem samsvarar aukningu um 113%.

- Á tímabilinu hafa skuldir A-hluta aukist meira en tekjur A-hluta, bæði hlutfallslega og í krónum talið.

- Árið 2022 var skuldahlutfall A-hluta 124% og A- og B-hluta 119%. Bæði hlutföllin lækkuðu frá árinu á undan.

## Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

- Árin 2012 til 2022 skilaði rekstur A-hluta jákvæðu veltufé frá rekstri í Skagafirði. Hins vegar var handbært fé frá rekstri neikvætt tvö ár, þ.e. árin 2014, þegar það var -367 millj. kr., og árið 2018, þegar það var -160 millj. króna. Veltufé frá rekstri var hæst árið 2019, eða 420 millj. kr. en lægst árið 2015 þegar það var 87 millj. kr.

- Hæst var hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum A-hluta árið 2019, eða 8,2%, en fyrir A- og B-hluta samtals árið 2013, eða 14%.

- Árið 2022 var þetta hlutfall fyrir A-hluta 7,4% og B-hluta 10,8%. Hlutföllin hækkuðu nokkuð frá árunum á undan.

- Að mati skýrsluhöfunda er æskilegt að þetta hlutfall sé að jafnaði á bilinu 10 til 15%.

## Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun

- Samtals var rekstrarniðurstaða málaflokka A-hluta 239 millj. kr. umfram fjárheimildir árið 2022. A-hluti samtals að teknu tilliti til skatttekna var 120 millj. kr. innan fjárheimilda. Skatttekjur voru 369 millj. kr. hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

- Útgjöld umfram fjárheimildir námu samtals 328 millj. kr. Þar munar mest um eignasjóð, fræðslu- og uppeldismál og breytingar á lífeyrisskuldbindingum sem fóru í krónum talið mest umfram fjárheimild. Fræðslu- og uppeldismál fóru 75 millj. kr. umfram fjárheimild sem er 2,9% af fjárhagsáætlun.

- Málaflokkar sem voru með útgjöld undir fjárheimildum voru samtals 89 millj. kr. undir fjárheimildum.

- Einungis fjögur ár af árunum 2012 til 2022 skiluðu jákvæðri rekstrarniðurstöðu A-hluta fyrir óreglulega liði. Samtals var rekstrarniðurstaða A-hluta á tímabilinu neikvæð um 839 millj. kr. á verðlagi hvers árs.

- Eins og mynd 19 sýnir var fjöldi sveitarfélaga, sem rekin voru með halla, um og yfir 40 á árunum fyrir 2012 með einni undantekningu, árið 2007. Einnig hefur hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga á tímabilinu verið um og yfir 40% en fór hæst í 74% árið 2003.

- Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á síðast liðnum árum hvað rekstrarafkomu sveitarfélaga varðar, þar sem sveitarfélögum með neikvæða afkomu hefur farið fækkandi frá og með árinu 2012, með undantekningu árið 2015 og árin 2020 og 2021.

- Mikil breyting varð á milli áranna 2019, þegar níu sveitarfélög voru með hallarekstur, og 2020, þegar fjöldinn var kominn í 29. Á árinu 2021 fjölgar enn sveitarfélögum með hallarekstur en það ár var fjöldinn orðinn 36 eða 52% af sveitarfélögunum. Óneitanlega minnir þetta nokkuð á árin fyrir 2012.

- Þeirri spurningu hefur verið velt upp hvort sá mikli hallarekstur sem sveitarfélögin mörg hver eru nú að glíma við sé afleiðing af COVID-19, eða af öðrum ástæðum. Það er mat skýrsluhöfunda að hallareksturinn megi ekki að rekja til afleiðinga af COVID-19 nema þá að litlu leyti. Vegna þessa er varað við áframhaldandi hallarekstri því án þess að gripið verði til aðgerða má ætla að lítið breytist eftir árið 2025.

<u>Tekjur</u>

- Árið 2012 og fram til ársins 2015 voru tvö eða þrjú af samanburðarsveitarfélögunum með hærri skatttekjur á hvern íbúa en Skagafjörður. Eftir það var Skagafjörður með hæstu skatttekjur á hvern íbúa miðað við þessi sveitarfélög árin 2016, 2017 og 2020. Árin 2018, 2019 og 2021 var eitt sveitarfélag hvert ár með hærri skatttekjur.

- Þannig hækkuðu skatttekjur á hvern íbúa hlutfallslega nokkru meira hjá Skagafirði en hjá samanburðarsveitarfélögunum.

- Það vekur athygli í samanburðinum að Suðurnesjabær og Fjarðabyggð voru með hæstu tekjurnar á hvern íbúa vegna fasteignaskatts og fengu að auki hátt framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna.

- Eins og tafla 21 sýnir fæst alls ekki rétt mynd af samanburði á fasteignskatti með því eingöngu að líta á álagningarprósentuna. Tvær neðstu línurnar sýna álagningu fasteignaskatts í samanburðarsveitarfélögum miðað við álagningarprósentuna árið 2023 og matsstuðla í þessum sveitarfélögum.

- Eins og tafla 22 sýnir er verulegur munur á fasteignaskattinum innan Skagafjarðar þegar tekið hefur verið tilliti til matsstuðulsins.

Laun

- Árið 2022 var hlutfall launagjalda af tekjum hjá Skagafirði 61,8% og hafði lækkað frá árinu 2021. Þetta hlutfall var hærra en hjá samanburðarsveitarfélögunum öll árin nema árið 2020 og 2022.
- Eins og tafla 24 sýnir er munurinn nokkur. Að meðaltali var hlutfallið 3%–8% hærra hjá Skagafirði en hjá samanburðarsveitarfélögunum. Munurinn var enn meiri þegar litið er til landsins alls, eða 6%–12%.
- Árið 2022 voru launagjöld hjá Skagafirði 4,3% stigum hærri en meðaltalið fyrir samanburðarsveitarfélögin. Sem hlutfall af tekjum gerir það 279 millj. kr.
- Veikindadagar sem hlutfall af virkum vinnudögum samtals voru 5% árið 2020 en 8,7% árið 2022. Miðað við það hlutfall má gera ráð fyrir að greidd laun og launatengd gjöld vegna veikindadaga árið 2022 hafi verið a.m.k. 368 millj. kr.
- Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa sett sér það viðmið að ef hlutfall veikindadaga af virkum vinnudögum fari yfir 5% sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Þær gætu m.a. falist í því að skoða nánar ástæður veikindafjarvista og greina á milli langtíma- og skammtímafjarvista vegna veikinda o.s.frv.

Stöðugildi

- Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðarsveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði var Skagafjörður með fæsta íbúa á hvert stöðugildi, eða 10,4 íbúa. Það sveitarfélag sem kemur næst var Fjarðabyggð með 12,0 íbúa. Ef fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hefði verið sá sami og í Fjarðabyggð hefðu stöðugildin verið 53 færri.
- Meðaltalið á árinu 2022 fyrir þessi sveitarfélög var 13,4 íbúar á hvert stöðugildi samanborið við 10,4 íbúa á stöðugildi hjá Skagafirði.
- Hjá Skagafirði voru flestir íbúar á hvert stöðugildi árin 2013 og 2014, eða 12,5.
- Eftir árið 2017 fjölgar stöðugildum hvert ár á milli ára hjá Skagafirði. Á milli áranna 2017 og 2022 fjölgaði stöðugildum um 65. Á sama tíma fjölgaði íbúum um 158. Árið 2022 voru 10,4 íbúar á hvert stöðugildi, eða fækkun um 1,6 íbúa frá árinu 2017.
- Eins og fram kemur í töflu 25 voru launagjöld hjá Skagafirði árið 2022 samtals 4.238 millj. kr. Stöðugildin voru samtals 394,2 sem gerir 10.733 þús. kr. meðallaunagjöld á hvert stöðugildi. Kostnaður við 65 stöðugildi, sem var aukningin frá 2017 til 2022, gerir 698 millj. kr.

Annar rekstrarkostnaður

- Eins og tafla 31 sýnir var hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum, A-hluta, lægra ýmist hjá einu eða tveimur sveitarfélögum af samanburðarsveitarfélögunum öll árin (2012 til

2022) en hjá Skagafirði. Þannig kemur Skagafjörður nokkuð vel út í þessum samanburði.

- Árið 2022 var eitt sveitarfélag með þetta hlutfall lægra en Skagafjörður, þ.e. Fjarðabyggð þar sem hlutfallið var 28,6% en var 29,0% hjá Skagafirði. Meðaltalið hjá samanburðarsveitarfélögunum var 33,3%. Árið 2021 var meðaltalið fyrir landið allt 36,0%.

Stjórnsýsla

- Málaflokkum Skagafjarðar er skipt niður á þrjú svið. Þar fyrir utan eru skipulagsfulltrúi, byggingarfulltrúi og slökkviliðsstjóri sem heyra beint undir sveitarstjóra.
- Sviðin þrjú eru: stjórnsýslu- og fjármálasvið, veitu- og framkvæmdasvið og fjölskyldusvið. Sviðsstjórar þessara sviða heyra beint undir sveitarstjóra.

Stjórnsýslu- og fjármálasvið

- Eins og fram kemur á mynd 22 heyra 14,63 stöðugildi undir sviðið. Sviðsstjóri er næsti yfirmaður níu starfsmanna.
- Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs fer með fjárreiður og framkvæmdastjórn Skagfirskra leiguíbúða hses. Um er ræða átta íbúðir í tveimur húsum. Hann hefur einnig umsjón með viðhaldi íbúðanna.
- Fram kom hjá mannauðsstjóra að tækifæri væru til umbóta í vaktavinnu á starfsstöðvum og einnig að sveitarfélagið hefur hafið vinnu við að endurskoða vaktauppsetningu sem verkefnið „Betri vinnutími í vaktavinnu“ snýr að.
- Mikilvægt er að bæta upplýsingaflæði til starfsmanna að sögn mannauðsstjóra. Í dag fara upplýsingar í tölvupósti frá mannauðsstjóra til stjórnenda sem eiga að koma þeim áfram til sinna starfsmanna.
- Eins og fram kemur í töflu 33 fjölgaði í launadeild á milli áranna 2020 og 2021 um 0,25 stöðugildi. Þannig að stöðugildin voru samtals 1,75. Síðan fjölgar aftur í byrjun árs 2023 um 0,5 stöðugildi. Eru stöðugildin þá orðin 2,25.
- Árið 2020 voru 299 launþegar á hvert stöðugildi í launadeild, 269 árið 2022 en 209 árið 2023. Þannig hefur launþegum á hvert stöðugildi í launadeild fækkað um 90 á milli áranna 2020 og 2023.
- Nokkuð er mismunandi hvað margir eru á launaskrá að jafnaði á hvert stöðugildi í launavinnslu hjá sveitarfélögum.
- Sveitarfélagið þarf að skila öllu á pappír, þannig að prenta þarf út öll skjöl til vistunar. Skýringin er sú að héraðskjalasafnið getur ekki tekið við rafrænum gögnum vegna skorts á hugbúnaði sem þarfa að fjárfesta í. Með hugbúnaði er átt við móttökuverkstæði til að lesa gögnin og umbreyta til geymslu og síðan vélar til að geyma gögnin til frambúðar.

- Eins og fram kemur í töflu 40 fer innhringingum í ráðhúsið fækkandi. Á milli áranna 2020 og 2021 fækkaði innhringingum um 21% og á milli áranna 2021 og 2022 var fækkunin 10%. Á milli áranna 2020 og 2022 á tímabilinu maí til og með desember fækkaði innhringingum um 27%.

- Á milli áranna 2020 til 2022 fjölgaði stöðugildum í menningarmálum um 1,75. Munar þar mestu um fjölgun stöðugilda við fornleifar en þeim fjölgaði úr 0,73 árið 2020 í 2,00 árið 2022, eða um 1,27. Að jafnaði hafa verið tvö stöðugildi við fornleifarannsóknir hjá sveitarfélaginu en vegna mannabreytinga á þessum árum var fækkun og síðan aftur fjölgun.

- Athygli vekur hversu mikið fjárhagsáætlun hækkar hlutfallslega á milli ára umfram rekstrarniðurstöðuna í menningarmálum. Fjárhagsáætlun hækkar um 33% á milli áranna 2019 og 2022 þegar rekstrarniðurstaðan hækkaði um 11%.

- Öll árin voru rekstrargjöld atvinnumála undir fjárhagsáætlun (fjárheimildum). Athygli vekur hversu mikið hlutfallslega fjárhagsáætlun hækkar á milli ára umfram rekstrarniðurstöðuna.

- Næsti yfirmaður umhverfis- og landbúnaðarfulltúra er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Hann er starfsmaður landbúnaðarnefndar.

- Brýn nauðsyn er að endurskipuleggja fjallskilamál, en 15 fjallskilanefndir, 15 fjallskilanefndarformenn, alls 45 nefndarmenn, sem allir fá greidd laun fyrir setu í viðkomandi nefnd, eru kjörnir í Skagafirði.

<u>Veitu- og framkvæmdasvið</u>

- Undir veitu- og framkvæmdasvið heyra 26 stöðugildi.

- Veitunefnd og umhverfis- og samgöngunefnd fara með þau mál sem heyra undir sviðsstjórann. Hann situr fundi þessara nefnda með málfrelsi og tillögurétt.

- Fjallað er um allar framkvæmdir vegna eignasjóðs í byggðaráði, en sviðið fer með allar framkvæmdir fyrir eignasjóð.

- Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs er með aðstöðu í húsnæði Skagafjarðarveitna. Vegna þess er tenging við starfsemina í ráðhúsinu ekki eins greið og hún gæti verið ef sviðsstjórinn væri staðsettur þar.

- Síðast var snjómokstur boðinn út árið 2019 til þriggja ára með framlengingarmöguleika um eitt ár. Útboð stendur yfir (ágúst 2023).

- Íbúðir Skagfirskra leiguíbúða hses, sem Skagafjörður stofnaði, hafa ekki heyrt undir sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs, en með þau mál hafa sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og byggðaráð farið.

- Nokkur vinnuhagræðing gæti náðst með því að Skagafjarðarveitur og þjónustumiðstöð væru undir sama þaki. Með því væri mögulegt að vera með samstarf á milli Skagafjarðarveitna og þjónustumiðstöðvar þannig að menn gætu farið á milli verka eftir því sem þarf. Fram til þessa hefur það verið takmarkað.

- Vegna takmarkaðs húsnæðis er verið að geyma tæki og tól úti sem þyrfti að geyma inni. Skagafjarðarveitur þurfa á stærra húsnæði að halda til þess að varðveita þær eignir sem veiturnar eiga, að sögn verkefnastjóra.

- Skrifstofustjóri hjá Skagafjarðarveitum heyrir undir sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs en starfar einnig mikið með sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Tekur einnig við fyrirmælum frá honum.

- Verkaskipting á milli verkefnastjóra fráveitu og verkefnastjóra eignasjóðs í viðhaldsmálum er þannig að verkefnastjóri fráveitu hefur annast skólabyggingar og stærri viðhaldsframkvæmdir en verkefnastjóri eignasjóðs hefur annast minni viðhaldsframkvæmdir.

- Eins og fram kemur í töflu 53 aukast útgjöld til umhverfismála á milli áranna 2019 og 2022 um 41,5%, eða 35 millj. kr. Er það einkum vegna þess að garðyrkjudeildin hækkar um 44,7%, eða 16,7 millj. kr. og opin svæði um 56,9%, eða 15,2 millj. kr.

- Í húsnæði sveitarfélagsins eru um 15 loftræstikerfi sem hefur gengið misvel að stýra. Hönnun þessara kerfa og þjónustu hefur þurft að sækja út fyrir atvinnusvæðið, ýmist til Akureyrar eða Reykjavíkur. Einnig hafa stýringar á snjóbræðslukerfum skapað vandamál.

- Ónæði hefur verið hjá verkefnastjóra þjónustumiðstöðvar ef sprungið hefur dekk á bifreiðum sveitarfélagsins. Í þeim tilfellum er haft samband við hann sem þarf þá að bregðast við.

- Félagslegar leiguíbúðir eru samtals 66, þar af eru átta skráðar á eignasjóð og 56 á félagslegar íbúðir. Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra eru allar íbúðirnar leigðar á félagslegum forsendum.

- Leigjendur ganga misvel um leiguíbúðir. Brögð hafa verið á því að gera þurfi verulegar endurbætur á einstökum félagslegum leiguíbúðum. Komið hefur fyrir að fólk hefur skilað íbúðum í mjög slæmu ástandi og farið í aðra leiguíbúð hjá sveitarfélaginu.

- Ekki er notast við viðhaldskerfi til að skrá viðhaldssögu og beiðnir frá stofnunum um viðhald. Þetta hefur oft á tíðum skapað vandræði þegar taka þarf ákvarðanir um viðhald þar sem viðhaldssagan er ekki skráð. Þá þarf að rifja upp hvað hefur verið gert, hvenær o.s.frv. Í sumum tilfella þarf að leita til verktaka sem sinnt hafði viðhaldi.

- Garðyrkjan sinnir minni háttar viðhaldi á leiktækjum í sveitarfélaginu, sem felst m.a. í að mála og herða upp leiktæki og að bregðast við ef eitthvað minni háttar vantar.

- Garðyrkjudeildin sér einnig um göngubrýr sem eru fjórar, um göngupalla, prílur yfir girðingar og bekki sem eru víða sem og nestisborð. Yfir sumarmánuðina sinnir einn eða fleiri starfsmenn þessu verkefni.
- Garðyrkjudeildin smíðar einnig skógarbekki. Allt meiriháttar viðhald á þessum búnaði hefur eignasjóður séð um.
- Auk hafnarstjóra eru tvö stöðugildi við höfnina sem tveir starfsmenn sinna og er hafnarstjóri þeirra næsti yfirmaður, eða samtals þrjú stöðugildi.
- Starfsmenn hafnarinnar ganga vaktir viku í senn og skipta á fimmtudögum. Tveir starfsmenn mæta kl. 8:00 og er annar til kl. 14:00 og hinn til kl. 16:00. Kl. 14 mætir þriðji starfsmaðurinn og er til kl. 22:00 og tekur síðan bakvakt til kl. 8:00 næsta dag og yfir helgina.
- Á tímabilinu frá kl. 17:00 til kl. 22:00 er innheimt fyrir tvo tíma í næturvinnu vegna vigtarmanns. Eftir kl. 22:00 til 8:00 næsta dag, svo og laugardaga, sunnudaga og aðra helgidaga eru innheimtir 4 tímar í næturvinnu samkvæmt gjaldskrá. Gjaldið deilist á milli báta ef fleiri en einn láta vigta á svipuðum tíma.
- Þegar þarf fleiri starfsmenn vegna skipakoma hafa komið viðbótarmenn frá þjónustumiðstöð/áhaldahúsi og starfsmenn í verktöku, sem hafnarstjóri hefur gert samninga við.
- Öll árin skilaði höfnin afgangi. Rekstrarafgangurinn var 62,7 millj. kr. árið 2019 en hefur síðan farið lækkandi og var 24,6 millj. kr. árið 2022.
- Það sem vekur athygli er að tekjur hafnarinnar hafa nokkurn veginn staðið í stað í krónum talið á verðlagi hvers árs. Tekjurnar voru 184,2 millj. kr. árið 2019 en 182,4 millj. kr. árið 2022.
- Aflagjald var 96,5 millj. kr. árið 2019 en 73,1 millj. kr. árið 2022, og lækkar um 23,4 millj. kr.
- Aukning varð á lönduðum afla frá árinu 2014 til og með ársins 2019. Eftir það hefur dregið úr löndunum. Mestur var aflinn árið 2019, eða 29.982 tonn, en var 20.308 tonn árið 2022.
- Landanir eftir kl. 19:00 til kl. 8:00 næsta dag á virkum dögum voru samtals 10 og fjórar á sama tíma um helgar.

<u>Skipulags- og byggingarfulltrúi</u>

- Samtals eru 3,5 stöðugildi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Auk þess er tímabundið 0,55 stöðugildi við skönnun.

- Nokkur tími hjá skipulags- og byggingarfulltrúa fer í að svara fyrirspurnum varðandi t.d. sölu eigna, lóðablöð, skipulagsvinnu (þá vinnslu deiliskipulags hjá einkaaðilum) o.s.frv.

- Vefsjáin hjá sveitarfélaginu með teikningum var virkjuð um s.l. áramót. Í febrúar s.l. (2023) var bætt við vefsjána þannig að hægt er að fletta upp lausum byggingarlóðum í sveitarfélaginu. Unnið er að því að setja upp sérstaka tengingu þannig að hægt verði að reikna út áætluð gatnagerðargjöld.

- Að sögn skipulagsfulltrúa er staða verkefna hjá skipulags- og byggingarfulltrúa með þeim hætti að oftar en ekki virðist sem þessir starfsmenn standi frammi fyrir því að slökkva elda til þess að uppfylla að einhverju leyti lögboðnar skyldur þeirra og sveitarfélagsins. Með vísan til þessa er mikilvægt að lögð verði áhersla á að upplýsingagjöf á vef sveitarfélagsins sé sem best á hverjum tíma svo að þeir sem eru að leita upplýsinga gætu flett þeim upp sjálfir. Mörg sveitarfélög leggja áherslu á þetta fyrirkomulag. Þannig að draga megi úr fyrirspurnum og vinnuálagi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa.

- Byggingarfulltrúi er sjálfstætt stjórnsýsluvald og starfar á grundvelli laga um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 svo og öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum er byggingarmál varða.

- Vegna mikils álags hafa sumarleyfi safnast upp þar sem ekki hefur verið hægt að taka þau og yfirvinna aukist. Að mati byggingarfulltrúa getur það ekki gengið að aðeins sé einn starfsmaður að störfum til að sinna skipulags- og byggingarmálum vegna sumarleyfa annarra starfsmanna enda er sumarið mesti framkvæmdatíminn

- Ef rafrænar undirskriftir yrðu teknar upp hjá byggingarfulltrúa má ætla að það einfaldaði að einhverju leyti áritun og vistun gagna út á vefinn. Ætla má að slíkt fækkaði pappírsgögnum að verulegu leyti og sparaði vinnu.

- Nokkur vinna hefur fylgt því hjá byggingarfulltrúa í sumum tilfella að fylgja því eftir við byggingarstjóra að úttektir séu framkvæmdar og skili sér inn á OneLandRobot. Því miður þarf oftar en ekki að fylgja því eftir að byggingarstjórar setji inn þær lögbundnu úttektir sem þeim ber að skila inn meðan á framkvæmdum stendur. Það á ekki einungis við hjá Skagafirði, heldur er þetta algengt vandamál á landsvísu, sem ætla má að geti komið niður á gæðum viðkomandi bygginga.

- Að mati skýrsluhöfunda er hér um alvarlegt vandamál að ræða sem stjórnvöld á landsvísu verða að taka á og finna varanleg lausn á. Full ástæða er til að beita sektarákvæðum sinni byggingarstjóri ekki úttektum eða þá að sérstakir löggildir úttektaraðilar sinni úttektum. Spyrja má hvort eðlilegt sé að byggingarstjóri sinni sjálfur úttekt á eigin störfum.

Fjölskyldusvið

- Undir sviðsstjóra heyra, eins og mynd 37 sýnir, félagsmálastjóri, sem fer með félagsleg mál, þar með talin þjónusta við fatlað fólk, fræðslustjóri sem fer með fræðslu- og skólamál og frístundastjóri sem fer með frístunda- og tómstundamál. Auk þess heyra sálfræðingur og sérfræðingur beint undir sviðsstjóra.

- Eins og tafla 62 sýnir tilheyrðu 400,01 stöðugildi fjölskyldusviði á árinu 2022, en voru 376,82 árið 2020. Þannig fjölgaði um 23,2 stöðugildi á milli áranna 2020 og 2022, eða um 6,2%. Í félagsþjónustunni fjölgaði stöðugildunum um 10,5 en í fræðslu- og skólaþjónustu um 14,05. Í frístunda-, íþrótta- og tómstundaþjónustu fækkaði stöðugildum um 1,85.

- Á milli áranna 2020 og 2022 fjölgaði stöðugildum í félagsþjónustu um 10,5, eða um 14,6%. Í þjónustuþáttum þar sem stöðugildum fjölgaði var fjölgunin samtals 11,51. Þar sem stöðugildum fækkaði var fækkunin samtals 1,0 stöðugildi.

- Í þjónustu við fatlað fólk fjölgaði samtals um 9,61 stöðugildi. Vegna annarra þjónustuþátta var fjölgunin samtals 0,89 stöðugildi. Þannig má ljóst vera að fjölgunin varð að mestu leyti vegna þjónustu við fatlað fólk. Þar hefur stytting vinnuvikunnar væntanlega haft nokkur áhrif.

- Eins og fram kemur í töflu 63 hækka gjöld þeirra þjónustuþátta sem heyra undir fjölskyldusvið samtals um 33% á milli áranna 2019 og 2022, eða um 1.085 millj. kr. Á þessu tímabili hækkaði vísitala neysluverðs um 16,3% og launavístala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum um 33,9%. Það vekur athygli að útgjöldin hækka hlutfallslega meira vegna æskulýðs- og íþróttamála og fræðslu- og uppeldismála en vegna félagsþjónustu.

- Rekstrargjöld félagsþjónustunnar voru 875 millj. kr. árið 2019 en 1.125 millj. kr. árið 2022, sem er hækkun um 250 millj. kr. á verðlagi hvors árs, eða aukning um 28,6%.

- Á árinu 2021 voru 32 virk barnaverndarmál sem vörðuðu 25 fjölskyldur. Virkum barnaverndarmálum fjölgaði á milli ára frá 2012 og fram til 2019 með nokkrum undantekningum. Frá árinu 2019 hefur virkum barnaverndarmálum fækkað. Flest voru virk barnaverndarmál árið 2019, eða 42.

- Árið 2022 voru rekstrargjöld vegna dagdvalar samtals 71.282 þús. kr. Á móti komu endurgreiðslur frá ríkinu að fjárhæð 18.842 þús. kr., eða sem nemur 22% af gjöldunum. Það vekur athygli að endurgreiðslur frá ríkinu eru nánast óbreyttar á milli áranna 2019 og 2022.

- Eins og tafla 69 sýnir voru 205,99 stöðugildi við fræðslu- og skólaþjónustu árið 2020 en 220,04 árið 2022, eða fjölgun um 14,05 stöðugildi, sem gerir 6,8%.

- Rekstrargjöld vegna fræðslu- og uppeldismála námu samtals 1.957 millj. kr. árið 2019 en 2.630 millj. kr. árið 2022, eða aukning um 674 millj. kr. sem gerir 34,4%.

- Í Árvist við Árskóla er starfræktur heilsdagsskóli sem ætlaður er fyrir nemendur í 1. til 4. bekk en vegna þrengsla í skólahúsnæðinu eru þar eingöngu nemendur í 1. og 2. bekk að sögn frístundastjóra. Vegna þessa fer heilsdagsskóli fyrir nemendur í 3. og 4. bekk fram í Húsi frítímans. Úrræðið í Húsi frítímans stendur foreldrum til boða að kostnaðarlausu, en greitt er fyrir börn í 1. og 2. bekk í Árvist.

- Yfir veturinn hefur Sundlaugin á Hofsósi verið opin frá kl. 7:00 til 13:00 og kl. 17:00 til 20:00 mánudaga til föstudaga.

- Eins og mynd 44 sýnir var lítil sala hjá Sundlauginni á Hofsósi fyrir kl. 11:00 frá 1. september 2021 til 31. maí 2022, eða einungis 10,6% af heildartekjum á þessum tíma. Á sama hátt var lítil sala fyrir kl. 9:00 á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2022, eða einungis 0,7% af heildartekjum á þessum tíma.

- Rétt er að benda á að álagsgreiðslur námu 25,6% af mánaðarlaunum árið 2022 hjá starfsmönnum við Sundlaugina á Sauðárkróki. Þetta er álag sem greiðist til vaktavinnufólks vegna unnins tíma utan reglubundins vinnutíma. Þannig eru laun þeirra sem þessu nemur hærri en þeirra sem vinna á dagvinnutíma. Einnig er vinnuvikan almennt styttri hjá vaktavinnufólki en hjá þeim sem vinna reglubundinn vinnutíma.

- Leikskólastjóri leikskólans Ársala hefur ekki reglulega viðveru á yngra stiginu nema þegar eru reglulegir deildarstjórafundir þar. Leikskólastjóri hefur leyst aðstoðarleikskólastjóra á yngri deildinni af þegar þess hefur þurft.

- Á leikskólanum Ársölum hefur stytting vinnuvikunnar komið til fullra framkvæmda. Starfsmenn leikskólans taka einn frídag aðra hverja viku. Þetta næst með styttri vinnuviku og með því að starfsmenn selja alla kaffitíma, þ.e. fá frí í stað þess að taka kaffi. Er þetta breyting sem kom inn með kjarasamningum sem gerðir voru árið 2020.

- Nemendur leikskólans eru almennt í 8 og 8,5 klukkustund á dag. Að sögn leikskólastjóra hefur reynslan sýnt að nemendur eru ekki sóttir fyrr úr leikskólanum eftir að vinnustyttingin tók gildi. Þannig virðist stytting vinnutímans ekki hafa náð til leikskólanemenda.

- Launakostnaður á hvert HDÍG fyrir samanburðarleikskólana var að meðaltali 3.419,2 þús. kr. samanborið við að hann var 4.134,4 þús. kr. hjá Tröllaborg. Þannig var launkostnaður á hvert stöðugildi hjá Tröllaborg 715 þús. kr. hærri en meðaltalið hjá þessum samanburðarleikskólum.

- Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur í Ársölum árið 2021, eða 3.007,3 þús. kr. Til samanburðar var kostnaðurinn 4.548,2 þús. kr. hjá Tröllaborg.

- Launagjöld á hvert HDÍG voru 2.666,5 þús. kr. hjá Ársölum til samanburðar við 4.134,4 þús. kr. þar sem kostnaðurinn var hæstur hjá Tröllaborg.

- Eins og fram kemur í töflu 95 hækkuðu launagjöld leikskólanna samtals um 250 millj. kr. á milli áranna 2019 og 2021, eða um 49,3%. Vörukaup hækkuðu um 22 millj. kr., eða 54,7%, og þjónustukaup um 31 millj. kr., eða 39%. Þannig hækkuðu gjöld samtals um 313 millj. kr., eða um 50%.

- Launagjöld á hvern nemanda voru lægst í Árskóla, eða 1.744 þús. kr. árið 2022. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.712 þús. kr. hjá Varmarhlíðarskóla og 2.753 þús. kr. hjá Grunnskólanum austan Vatna á hvern nemanda.

- Rekstrargjöld samtals án innri leigu og skólaaksturs námu 1.988 þús. kr. á hvern nemanda í Árskóla árið 2021. Næst þar á eftir kemur Varmahlíðarskóli með 3.101 þús. á hvern nemanda og svo Grunnskólinn austan Vatna þar sem kostnaðurinn var 3.116 þús. kr. á hvern nemanda.

- Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi hækkar lítillega á milli áranna 2021 og 2022 hjá Árskóla en þeim fækkar bæði hjá Grunnskólanum austan Vatna og Varmahlíðarskóla. Árið 2022 voru 2,9 nemendur á hvert stöðugildi hjá Grunnskólanum austan Vatna og 3,6 hjá Varmarhlíðarskóla. Nemendafjöldi á hvert stöðugildi var 5,9 hjá Árskóla.

- Fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskólanum austan Vatna og Varmarhlíðarskóla svipar til þess sem er hjá leikskólunum. Þessi samanburður vekur óneitanlega upp spurningar?

- Ef fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í grunnskólum Skagafjarðar hefði verið 5,2 árið 2022 eins og var árið 2019 hefðu stöðugildin verið samtals 103,3 en þau voru 112,7. Mismunurinn gerir 9,4 stöðugildi, sem gera 94 millj. kr. miðað við að launagjöld á hvert stöðugildi voru 10.014 þús. kr. árið 2022.

<u>Brunavarnir Skagafjarðar</u>

- Auk slökkviliðsstjóra eru þrír aðrir starfsmenn í fullu starfi við slökkviliðið, varaslökkviliðsstjóri og tveir varðstjórar.

- Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri ganga að öllu jöfnu ekki bakvaktir vegna sjúkraflutninga, heldur skipta þeir með sér stjórnunarvakt vegna slökkviliðsins.

- Auk þeirra tekur varðstjóri sem er á bakvakt vegna sjúkraflutninga stjórnenda bakvakt að jafnaði þriðju hverja viku.

- Þegar slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri eru á bakvakt vegna slökkviliðsins eru þrír einstaklingar á vakt, einn stjórnandi slökkviliðsins og tveir sem sinna sjúkraflutningum.

**<u>Lokaorð</u>**

- Það er mat skýrsluhöfunda að Sveitarfélagið Skagafjörður komi ágætlega út í samanburði við mörg sveitarfélög hvað rekstrarafkomu og skuldir varðar. Hins vegar er ljóst að ekki

hefur verið hægt að takast á við ýmis verkefni vegna erfiðrar fjárhagstöðu sveitarfélagsins.

- Eftir yfirferð á rekstri og stjórnsýslu sveitarfélagsins er það mat skýrsluhöfunda að ýmsir möguleikar séu til að bæta rekstrarafkomu Skagafjarðar enn frekar og með því gera sveitarfélagið betur í stakk búið til að takast á við margs konar aukna þjónustuþörf og fjárfestingar á næstu árum.
- Í skýrslunni eru settar fram 98 tillögur, sem svo til allar miða að því að bæta stjórnsýslu, rekstur, þjónustu og starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélagsins. Skýrsluhöfundar velja þann kostinn að leggja fram fleiri tillögur en færri, þar sem þeir telja mögulegt að bregðast við, síðan er það sveitarstjórnar að velja úr.
- Ljóst er að tillögurnar þurfa ekki allar að koma til framkvæmda til að ná tilsettu markmiði.

# Efnisyfirlit

Samantekt ... 1
Efnisyfirlit ... 15
Töfluyfirlit ... 19
Myndayfirlit ... 23
Inngangur ... 25
Greining ... 26
Sveitarfélögin almennt ... 26
Áhrif kjarasamninga á fjárhag sveitarfélaga ... 31
Íbúafjöldi ... 35
Skuldir sveitarfélaga ... 38
Skuldir Skagafjarðar ... 38
Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar ... 42
Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun ... 47
Tekjur ... 53
Laun ... 60
Stöðugildi ... 65
Annar rekstrarkostnaður ... 67
Stjórnsýslan ... 68
Stjórnsýslu- og fjármálasvið ... 69
Veitu- og framkvæmdasvið ... 97
Skipulags- og byggingarfulltrúi ... 127
Fjölskyldusvið ... 138
Vinnudagar HLH og Fjölskyldusviðs Skagafjarðar ... 158
Sundlaugar Skagafjarðar ... 161
Leikskólar Skagafjarðar ... 171
Leikskólinn Ársalir ... 172
Leikskólinn Birkilundur í Varmahlíð ... 176
Leikskólinn Tröllaborg ... 180
Leikskólar Skagafjarðar, samantekið ... 185
Grunnskólar Skagafjarðar ... 188
Árskóli ... 189
Grunnskólinn austan Vatna ... 195
Varmahlíðarskóli ... 199

Grunnskólar Skagafirði, samantekið ... 202
Tónlistarskóli Skagafjarðar ... 204
Akstur almenningsvagna á Sauðárkróki ... 205
Brunavarnir Skagafjarðar ... 206
Tillögur ... 212
1. Greining og viðræður við ríkið ... 212
2. Veltufé frá rekstri ... 212
3. Áætlun um sjóðsstöðu ... 212
4. Vinna við gerð fjárhagsáætlunar ... 212
5. Núllgrunsáætlun ... 213
6. Greinargerð með fjárhagsáætlun ... 213
7. Greiðsluáætlun ... 214
8. Viðhald fasteigna, ársskýrsla ... 215
9. Fundir vegna fjárhagsáætlunar og ársreiknings ... 215
10. Veikindi ... 215
11. Langtímaveikindi ... 216
12. Hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins ... 216
13. Fjöldi stöðugilda samkvæmt fjárhagsáætlun ... 216
14. Fjölgun stöðugilda ... 217
15. Mánaðarlega verði gerður samanburður á raunfjölda stöðugilda og áætluðum fjölda skv. fjárhagsáætlun ... 217
16. Útboð ... 217
17. Orkunotkun ... 218
18. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum sveitarfélagsins ... 218
19. Skagfirskar leiguíbúðir hses ... 218
20. Mannauðsstjóri/framkvæmdaráðsfundir ... 219
21. Mannaforræði vegna launadeildar ... 219
22. Stöðugildi í launadeild ... 219
23. Vinnustund ... 220
24. Umbætur í vaktavinnu á starfsstöðvum ... 220
25. Stöðugilda fjöldi og mannauðsstjóri ... 220
26. Upplýsingaflæði til starfsmanna ... 221
27. Umbótaverkefni í starfsmannamálum ... 221
28. Rafrænir reikningar ... 222
29. Fjöldi stöðugilda í bókhaldsdeild ... 222

30. Kreditkort (innkaupakort) .......... 223
31. Innheimtufulltrúi annist alla reikningagerð hjá sveitarfélaginu .......... 223
32. Kostnaður sem fallið hefur á Skagafjörð vegna innheimtu. .......... 223
33. Rafræn vistun gagna .......... 223
34. Móttaka í ráðhúsi .......... 224
35. Símsvörun .......... 224
36. Starfsmaður við símsvörun í ráðhúsinu .......... 224
37. Húsnæði ráðhússins .......... 224
38. Forstöðumenn safna .......... 225
39. Heimasíða .......... 225
40. Fornleifadeild .......... 226
41. Héraðsskjalasafn .......... 226
42. Félagsheimili .......... 226
43. Stafrænar lausnir .......... 227
44. Umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi .......... 227
45. Fjallaskil .......... 227
46. Stjórnskipurit fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið .......... 227
47. Landbúnaðarnefnd, veitunefnd og umhverfis- og samgöngunefnd .......... 228
48. Húsnæði veitna og þjónustumiðstöðvar .......... 228
49. Fundir sviðsstjóra með forstöðumönnum .......... 229
50. Upplýsingagjöf á vefsíðu sveitarfélagsins .......... 229
51. Bakvaktir .......... 229
52. Vinnudagbækur .......... 229
53. Gjaldskrá hitaveitu .......... 229
54. Skrifstofustjóri hjá Skagafjarðarveitum og starfsmaður á skrifstofu .......... 230
55. Heimasíða Skagafjarðarveitna .......... 230
56. Gjaldkeri .......... 230
57. Samþykkt reikninga .......... 231
58. Aflestur af mælum .......... 231
59. Loftræstikerfi, snjóbræðslukerfi og stjórnkerfi í sundlaugum .......... 231
60. Fasteignastjórnunarkerfi .......... 232
61. Rekstur bifreiða í eigu sveitarfélagsins .......... 232
62. Umgengni um félagslegar leiguíbúðir .......... 232
63. Vinnutími hjá garðyrkju .......... 233
64. Fjöldi fastra stöðugilda við garðyrkju .......... 233

65. Viðhaldsverkefni garðyrkju .......... 233
66. Opnunartími fyrir Sauðárkróks- og Hofsóshöfn .......... 234
67. Vaktir og bakvaktir hjá Skagafjarðarhöfn .......... 234
68. Stjórnskipurit fyrir veitu- og framkvæmdasvið .......... 235
69. Upplýsingar varðandi skipulags- og byggingarmál á vef sveitarfélagsins og viðtalstímar. .......... 235
70. Stafrænar undirskriftir hjá byggingarfulltrúa. .......... 236
71. Úttektir byggingarstjóra og skipan byggingarstjóra. .......... 237
72. Dagdvöl .......... 237
73. Fjárhagsaðstoð .......... 238
74. Skjalavistun hjá skólum Skagafjarðar .......... 238
75. Opnunartími sundlauga .......... 238
76. Skólaliðar og klefavarsla .......... 239
77. Yfirvinna .......... 239
78. Frístund fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. .......... 239
79. Vaktir við íþróttahúsið á Sauðárkróki eftir að skóla lýkur á daginn. .......... 239
80. Leikskólinn Ársalir. .......... 240
81. Námskeið fyrir forstöðumenn um Wise kerfið .......... 240
82. Fjöldi stöðugilda við leikskóla Skagafjarðar. .......... 240
83. Rekstrargjöld leikskóla Skagafjarðar .......... 241
84. Starfsstöð Grunnskólans austan Vatna á Hólum .......... 241
85. Húsverðir (húsumsjónarmenn) í grunnskólum Skagafjarðar .......... 241
86. Annar rekstrarkostnaður í Árskóla .......... 242
87. Rekstrargjöld Varmahlíðarskóla .......... 242
88. Fjöldi stöðugilda í grunnskólum Skagafjarðar .......... 243
89. Fjarkennsla .......... 243
90. Sérfræðingur á fjölskyldusviði .......... 243
91. Tónlistarskóli Skagafjarðar .......... 243
92. Almenningsakstur .......... 244
93. Skólastarf og skólastefna .......... 244
94. Stjórnskipurit fyrir fjölskyldusvið og verkferlar .......... 246
95. Verksamningur um sjúkraflutninga .......... 248
96. Húsnæði Brunavarna Skagafjarðar .......... 248
97. Slökkvibílar Brunavarna Skagafjarðar .......... 249
98. Markmiðssetning næstu fjögur ár .......... 249
Lokaorð .......... 251

Fylgiskjöl ..... 253

# Töfluyfirlit

Tafla 1: Möguleg útgjöld vegna þjónustu við aldraða samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga miðað við hlutfall af hjúkrunarrýmum í þúsundum króna ..... 28
Tafla 2: Hlutfall tekna af brúttó gjöldum hjá leikskólum á landinu öllu ..... 30
Tafla 3: Fjöldi íbúa í Skagafirði, á Norðurlandi vestra og landinu öllu 2014 til 2023 ..... 35
Tafla 4: Skuldir Skagafjarðar, A- hluti og A- og B-hluti, í milljónum króna ..... 39
Tafla 5: Hlutfallsleg skipting skulda og skuldbindinga Skagafjarðar í árslok 2022 ..... 40
Tafla 6: Skuldir, tekjur og kröfur á aðalsjóð B-hluta fyrirtækja samkvæmt ársreikningi 2021 í þúsundum króna ..... 40
Tafla 7: Greining á langtímaskuldum Skagafjarðar, A- og B-hluti, í lok árs 2022 ..... 41
Tafla 8: Skipting langtímalána Skagafjarðar í verðtryggð, óverðtryggð og erlend lán í lok árs 2022 ..... 41
Tafla 9: Veltufé, tekjur og hlutfall veltufjár af tekjum (A-hluta) samanburðarsveitarfélaga árið 2021, í milljónum króna ..... 44
Tafla 10: Veltufé frá rekstri, tekjur og hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum (A- og B-hluta) samanburðarsveitarfélaga Skagafjarðar fyrir árið 2021, í milljónum króna ..... 45
Tafla 11: Samantekið sjóðstreymisyfirlit hjá Skagafirði, A-hluta, árin 2012 til 2022 á verðlagi hvers árs, í milljónum króna ..... 45
Tafla 12: Samantekið sjóðstreymisyfirlit hjá Skagafirði, A- og B-hluta, árin 2012 til 2022 á verðlagi hvers árs, í milljónum króna ..... 46
Tafla 13: Rauntölur rekstrar og áætlun með viðaukum Skagafjarðar, A- og B- hluti í milljónum króna árið 2022 ..... 48
Tafla 14: Skatttekjur samtals á hvern íbúa í þúsundum króna í samanburðarsveitarfélögum árin 2012 til 2021 ..... 53
Tafla 15: Sundurliðun skatttekna í þúsundum króna á hvern íbúa hjá samanburðarsveitar-félögunum árið 2021 ..... 54
Tafla 16: Framlög í þúsundum króna til samanburðarsveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2021 önnur en vegna málefa fatlaðs fólks ..... 55
Tafla 17: Framlög á hvern íbúa í þúsundum króna til samanburðarsveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2021 önnur en vegna málefna fatlaðs fólks ..... 55
Tafla 18: Útsvar, fasteignaskattur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögunum árið 2021 ..... 56
Tafla 19: Skattaálagningarhlutfall hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2021 ..... 56
Tafla 20: Skattaálagningahlutfall og fasteignagjöld hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2023 ..... 57
Tafla 21: Fasteignastuðull í samanburðarsveitarfélögum árið 2023 og áhrif hans á útreikning fasteignaskatts ..... 59
Tafla 22: Fasteignamatsstuðlar í Skagafirði árið 2023 ..... 59
Tafla 23: Laun og launatengd gjöld, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðar-sveitarfélögum árin 2012 til 2022 ..... 60

Tafla 24: Mismunur á hlutfall launa og launatengdra gjalda af tekjum hjá Skagafirði og samanburðarsveitarfélögunum ..... 61
Tafla 25: Launagjöld hjá Skagafirði árin 2019 til 2022 ..... 63
Tafla 26: Skráðir veikindadagar hjá starfsmönnum og samtals virkir vinnudagar hjá sveitarfélaginu . 64
Tafla 27: Fjöldi skráðra veikindadaga umfram samningsbundinn veikindarétt ..... 64
Tafla 28: Fjöldi stöðugilda hjá samanburðarsveitarfélögum 1. apríl 2022, A- og B-hluti, og íbúafjöldi í janúar 2022 ..... 65
Tafla 29: Fjöldi stöðugilda hjá Skagafirði í apríl ár hvert skipt eftir stéttarfélögum og fjöldi íbúa í janúar ár hvert árin 2012 til 2022 ..... 66
Tafla 30: Meðalfjöldi stöðugilda ár hvert skipt niður á þjónustu- og málaflokka ..... 67
Tafla 31: Annar rekstrarkostnaður, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðarsveitar-félögum árin 2012 til 2022 ..... 67
Tafla 32: Fjöldi stöðugilda á stjórnsýslu og fjármálasviði skipt eftir þjónustuþáttum ..... 69
Tafla 33: Fjöldi stöðugilda, fjöldi á launaskrá hjá Skagafirði og fjöldi stöðugilda í launadeild ..... 73
Tafla 34: Fjöldi starfsmanna á launaskrá að jafnaði og stöðugildi í launadeild hjá nokkrum sveitarfélögum ..... 74
Tafla 35: Fjöldi bókaðra reikninga og fjöldi stöðugilda við bókhald ..... 78
Tafla 36: Fjöldi reikninga í bókhaldi og fjöldi stöðugilda hjá nokkrum sveitarfélögum ..... 78
Tafla 37: Fjöldi innkaupakorta (kreditkorta) og árleg velta ..... 79
Tafla 38: Máltíðir í Ráðhúsi Skagafjarðar ..... 83
Tafla 39: Meðal kostnaður á hverja máltíð ..... 84
Tafla 40: Fjöldi innhringina á skiptiborð ráðhússins ..... 85
Tafla 41: Fjöldi stöðugilda í atvinnu- og ferðamálum ..... 91
Tafla 42; Fjöldi stöðugilda sem tilheyra menningarmálum hjá Skagafirði ..... 91
Tafla 43: Menningarmál, rekstrargjöld, í þúsundum króna ..... 92
Tafla 44: Atvinnumál, rekstrarniðurstaða, í þúsundum króna ..... 93
Tafla 45: Rekstrarreikningur vegna minnka- og refaveiða hjá Skagafirði ..... 95
Tafla 46: Rekstur landbúnaðarmála og vegna ýmissa landbúnaðarmála ..... 95
Tafla 47: Fjöldi stöðugilda vegna eignasjóðs og þjónustumiðstöðvar ..... 98
Tafla 48: Fjöldi stöðugilda hjá veitum ..... 100
Tafla 49: Rekstur hitaveitu ..... 102
Tafla 50: Rekstraryfirlit fráveitu ..... 106
Tafla 51: Rekstraryfirlit þjónustumiðstöðvar samantekið í þúsundum króna ..... 109
Tafla 52: Rekstraryfirlit bifreiða í þúsundum króna ..... 110
Tafla 53: Rekstraryfirlit fyrir umhverfismál í þúsundum króna ..... 110
Tafla 54: Fjöldi stöðugilda í garðyrkjudeild ..... 114
Tafla 55: Rekstraryfirlit garðyrkju í þúsundum króna ..... 116
Tafla 56: Rekstraryfirlit, opin svæði ..... 117
Tafla 57: Fjöldi stöðugilda hjá Skagafjarðarhöfnum ..... 117
Tafla 58: Rekstraryfirlit Skagafjarðarhafna ..... 119
Tafla 59: Fjöldi stöðugilda hjá skipulags- og byggingarfulltrúa ..... 128
Tafla 60: Rekstraryfirlit skipulags- og byggingarfulltrúa í þúsundum króna ..... 128
Tafla 61: Fjöldi funda hjá skipulagsnefnd skipt eftir árum og fjöldi mála sem tekin voru fyrir samtals ár hvert ..... 130
Tafla 62: Fjöldi stöðugilda sem heyra undir fjölskyldusvið ..... 139
Tafla 63: Rekstraryfirlit vegna þjónustu sem heyrir undir fjölskyldusvið ..... 139

Tafla 64: Fjöldi stöðugilda í félagsþjónustu hjá Skagafirði ........ 141
Tafla 65: Rekstraryfirlit vegna félagsþjónustu Skagafjarðar ........ 142
Tafla 66: Rekstraryfirlit dagdvalar ........ 143
Tafla 67: Fjöldi útkalla vegna barnaverndarmála ........ 147
Tafla 68: Fjöldi stöðugilda í barnaverndarmálum, fjöldi mála og barna árin 2019 og 2021 ........ 147
Tafla 69: Fjöldi stöðugilda við fræðslu- og skólaþjónustu ........ 150
Tafla 70: Rekstraryfirlit fyrir fræðslu- og uppeldismál, í þúsundum króna ........ 150
Tafla 71: Rekstraryfirlit fræðslu- og skólaþjónustu ........ 151
Tafla 72: Rekstraryfirlit fyrir æskulýðs- og íþróttamál, í þúsundum króna ........ 155
Tafla 73: Fjöldi stöðugilda við æskulýðs- og íþróttamál ........ 155
Tafla 74: Rekstraryfirlit fyrir Sundlaugina á Hofsósi í þúsundum króna ........ 163
Tafla 75: Rekstraryfirlit fyrir íþróttamiðstöð Varmahlíð, í þúsundum króna ........ 165
Tafla 76: Rekstraryfirlit fyrir Sundlaug Sauðárkróks í þúsundum króna ........ 168
Tafla 77: Rekstraryfirlit fyrir íþróttahús Sauðárkróki, í þúsundum króna ........ 170
Tafla 78: Fjöldi nemenda í leikskólum Skagafjarðar 2012 til 2021 ........ 171
Tafla 79: Fjöldi Heildagsígilda (HDÍG) í leikskólum Skagafjarðar árin 2012 til 2021 ........ 171
Tafla 80: Stöðugildi við Ársali ........ 172
Tafla 81: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla og á hvert HDÍG árið 2021 í þúsundum króna ........ 174
Tafla 82: Fjöldi stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi hjá samanburðarleikskólum árið 2021 ........ 174
Tafla 83: Yfirlit yfir rekstrargjöld og -tekjur Ársala árin 2019 til 2021 í þúsundum króna ........ 175
Tafla 84: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Ársalir árin 2012 til 2021 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi ........ 176
Tafla 85: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla og á hvert HDÍG árið 2021 í þúsundum króna ........ 177
Tafla 86: Fjöldi stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi hjá samanburðarleikskólum árið 2021 ........ 178
Tafla 87: Yfirlit yfir rekstrargjöld og -tekjur Birkilundar árin 2019 til 2021 í þúsundum króna ........ 178
Tafla 88: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Birkilundi árin 2012 til 2021 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi ........ 179
Tafla 89: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla og á hvert HDÍG árið 2021 í þúsundum króna ........ 181
Tafla 90: Fjöldi stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi hjá samanburðarleikskólum árið 2021 ........ 182
Tafla 91: Yfirlit yfir rekstrargjöld og -tekjur hjá Tröllaborg árin 2019 til 2021 í þúsundum króna ........ 183
Tafla 92: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Tröllaborgárin 2012 til 2021 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi ........ 184
Tafla 93: Rekstrargjöld og -tekjur og á hvert HDÍG í hjá leikskólum Skagafjarðar árið 2021 í þúsundum króna ........ 185
Tafla 94: Fjöldi stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum Skagafjarðar árið 2021 ........ 185
Tafla 95: Fjöldi HDÍG, stöðugildi og HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum Skagafjarðar samtals 2012 til 2021 ........ 186
Tafla 96: Rekstrargjöld og -tekjur hjá leikskólum Skagafjarðar árin 2019 og 2022 í þúsundum króna ........ 187
Tafla 97: Fjöldi nemenda í grunnskólum Skagafjarðar árin 2012 til 2021 ........ 189
Tafla 98: Skipting og fjöldi stöðugilda og starfsmanna við Árskóla skólaárið 2022/2023 ........ 190
Tafla 99: Fjöldi nemenda og stöðugildi umsjónarkennara í hverjum bekk skólaárið 2022/2023 ........ 191
Tafla 100: Yfirlit yfir rekstur Árskóla ........ 192

Tafla 101: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2021 í þúsundum króna ..... 193
Tafla 102: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum árið 2021 ..... 194
Tafla 103: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2021 ..... 194
Tafla 104: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Árskóla árin 2012 til 2022 og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi ..... 194
Tafla 105: Rekstraryfirlit Grunnskólans austan Vatna ..... 195
Tafla 106: Skipting rekstrarkostnaðar Grunnskólans austan Vatna á milli rekstrareininga á Hofsósi og á Hólum ..... 196
Tafla 107: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2021 ..... 197
Tafla 108: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum árið 2021 ..... 197
Tafla 109: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2021 ..... 198
Tafla 110: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Grunnskólanum austan Vatna árin 2012 til 2021 og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi ..... 198
Tafla 111: Yfirlit yfir rekstur Varmahlíðarskóla ..... 199
Tafla 112: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2021 ..... 200
Tafla 113: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum árið 2021 ..... 201
Tafla 114: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2021 ..... 201
Tafla 115: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Varmahlíðarskóla árin 2012 til 2022 og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi ..... 201
Tafla 116: Rekstrargjöld og gjöld á hvern nemanda í þúsundum króna hjá grunnskólum Skagafjarðar ..... 202
Tafla 117: Fjöldi nemenda, stöðugilda og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum Skagafjarðar árin 2021 og 2022 ..... 203
Tafla 118: Fjöldi nemenda, stöðugilda og nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum Skagafjarðar samtals vegna áranna 2012 til 2022 ..... 203
Tafla 119: Rekstraryfirlit fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar ..... 204
Tafla 120: Rekstraryfirlit vegna almenningssamgangna í þúsundum króna ..... 206
Tafla 121: Rekstraryfirlit fyrir Brunavarnir Skagafjarðar í þúsundum króna ..... 210
Tafla 122: Rekstraryfirlit vegna sjúkraflutninga í þúsundum króna ..... 211

# Myndayfirlit

Mynd 1: Þróun útgjalda í þjónustu við börn í félagsþjónustu sveitarfélaga og úrræða á vegum Barnaverndarstofu í milljörðum króna ........ 29
Mynd 2: Leikskólar og dagvistun á landinu öllu: Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum ........ 30
Mynd 3: Þróun vísitalna launþegahópa 2011 til 2022 ........ 31
Mynd 4: Rekstrarafkoma, A-hluta, allra sveitarfélaga, samanburðarsveitarfélaga og Skagafjarðar árin 2017 til 2021, í þúsundum króna ........ 32
Mynd 5: Hlutfallsleg hækkun útsvarstekna og launagjalda, A-hluta, hjá sveitarfélögum samtals ........ 32
Mynd 6: Öll sveitarfélög: Mismunur á útsvarstekjum og launagjöldum (laun og launatengd gjöld), A-hluti, í milljónum króna ........ 33
Mynd 7: Hlutfallsleg hækkun útsvarstekna og launagjalda, A-hluta, Skagafjarðar ........ 34
Mynd 8: Skagafjörður: Mismunur á útsvarstekjum og launagjöldum (laun og launatengd gjöld), A-hluti, í milljónum króna ........ 34
Mynd 9: Hlutfallsleg breyting á fjölda íbúa á milli ára árin 2014 til 2023 í Skagafirði, Norðurlandi vestra og á landinu öllu ........ 36
Mynd 10: Aldursdreifing íbúa Skagafjarðar árin 2014 og 2023 ........ 36
Mynd 11: Hlutfall íbúa 17 ára til 66 ára af heildaríbúafjölda í samanburðar sveitarfélögunum árið 2023 ........ 37
Mynd 12: Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta samtals, sem hlutfall af tekjum árið 2021, hjá sveitarfélögum með hlutfallið hærra en 100% ........ 38
Mynd 13: Skuldir Skagafjarðar, A-hluti og A- og B-hluti, 2012 til 2022, sem hlutfall af tekjum ........ 39
Mynd 14: A-hluti: Veltufé og handbært fé frá rekstri Skagafjarðar árin 2012 til 2022 á verðlagi hvers ár í milljónum króna ........ 42
Mynd 15: A- og B-hluti: Veltufé og handbært fé frá rekstri Skagafjarðar árin 2012 til 2022, á verðlagi hvers árs í milljónum króna ........ 43
Mynd 16: A, og A- og B-hluti: Hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum Skagafjarðar árin 2012 til 2022 . 44
Mynd 17: Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði hjá Skagafirði árin 2012 til 2022, A-hluti og A- og B-hluti samtals, á verðlagi hvers árs í þúsundum króna ........ 50
Mynd 18: Rekstrarafkoma Skagafjarðar með óreglulegum liðum árin 2012 til 2022, A-hluti og A- og B-hluti samtals, á verðlagi hvers árs í þúsundum króna ........ 51
Mynd 19: Fjöldi sveitarfélaga sem voru með hallarekstur og hlutfall þeirra af heildarfjölda sveitarfélaga árin 2002 til 2021 sem skiluðu ársreikningum tímanlega til Sambands íslenskra sveitarfélaga, A- og B-hluti ........ 52
Mynd 20: Laun og launatengd gjöld, A-hluta, sem hlutfall af tekjum hjá Skagafirði og meðaltal samanburðarsveitarfélaga og á landinu öllu árin 2012 til 2022 ........ 62
Mynd 21: Skipurit fyrir Skagafjörð ........ 68
Mynd 22: Skipurit fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið ........ 69
Mynd 23: Skipurit fyrir veitu- og framkvæmdasvið ........ 98
Mynd 24: Meðalleiguverð á almennum leigumarkaði í Skagafirði árið 2022 ........ 113
Mynd 25: Meðalleiguverð á almennum leigumarkaði í Skagafirði árið 2023 ........ 113
Mynd 26: Landaður afli við höfnina á Sauðárkróki í tonnum ........ 120
Mynd 27: Landanir við höfnina á Sauðárkróki skipt eftir mánuðum árið 2022 ........ 121
Mynd 28: Landanir við höfnin á Sauðárkróki skipt eftir vikudögum og mánuðum árið 2022 ........ 121
Mynd 29: Landanir við höfnina á Sauðárkróki skipt eftir klukkustundum allt árið 2022 ........ 122

Mynd 30: Landanir við höfnina á Sauðárkróki skipt eftir klukkustundum á tímabilinu janúar til apríl 2022 ....... 123
Mynd 31: Landanir við höfnina á Sauðárkróki skipt eftir klukkustundum á tímabilinu maí til ágúst árið 2022 ....... 123
Mynd 32: Landanir við höfnina á Sauðárkróki skipt eftir klukkustundum á tímabilinu september til desember árið 2022 ....... 124
Mynd 33: Fjöldi landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2022 fyrir tímabilið janúar til og með apríl, þ.e. vika 1 til 17 ....... 125
Mynd 34: Fjöldi landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2022 fyrir tímabilið maí til og með ágúst, þ.e. viku 18 til viku 35 ....... 125
Mynd 35: Fjöldi landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2022 fyrir tímabilið september til og með desember, þ.e. viku 36 til viku 52 ....... 126
Mynd 36: Komur frakt- og skemmtiferðaskipa ....... 127
Mynd 37: Fjöldi mála í vinnslu hjá skipulagsfulltrúa ....... 129
Mynd 38: Skipurit fyrir fjölskyldusvið ....... 138
Mynd 39: Skipurit vegna félagsþjónustu Skagafjarðar ....... 140
Mynd 40: Árleg fjárhagsaðstoð í þúsundum króna ....... 144
Mynd 41: Fjöldi tilkynninga barnaverndarmála, fjöldi opinna mála hjá fjölskyldum annars vegar og börnum hins vegar ....... 146
Mynd 42: Styrkleikar sveitarfélagsins við að innleiða samþætta þjónustu í þágu barna ....... 159
Mynd 43: Áskoranir sem gætu komið í veg fyrir verklag sem tryggir samþætta þjónustu í þágu barna ....... 160
Mynd 44: Ávinningur sem gott verklag er varðar samþætta þjónustu í þágu farsældar barna getur skilað til hagaðila ....... 160
Mynd 45: Tímasetning á innkomu tekna við Sundlaugina á Hofsósi ....... 162
Mynd 46: Tímasetning á innkomu tekna við Sundlaugina í Varmahlíð ....... 164
Mynd 47: Tímasetning á innkomu tekna við Sundlaugina á Sauðárkróki ....... 167
Mynd 48: Leikskólagjöld hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2023 ....... 188
Mynd 49: Sjúkraflutningar á ári hverju hjá Brunavörnum Skagafjarðar ....... 207
Mynd 50: Hlutfall af sjúkraflutningum utan reglubundins dagvinnutíma ....... 208
Mynd 51: Fjöldi árlegra sjúkraflutninga til og frá Akureyri og hlutfall þeirra af heildarfjölda hvers árs ....... 209

# Inngangur

Að beiðni sveitarstjórnar Skagafjarðar tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Skagafjarðar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu, rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við eftirfarandi upplýsingar:

- Fjárhags- og rekstrarupplýsingar fengnar frá fjármála- og stjórnsýslusviði Skagafjarðar
- Fjárhags- og rekstrarupplýsingar frá öðrum sveitarfélögum að sambærilegri stærð (með hliðsjón af fjölda íbúa). Upplýsingar fengnar af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Talnaefni af vef Hagstofu Íslands
- Tekin voru viðtöl við forstöðumenn og farið yfir fyrirkomulag rekstrar viðkomandi stofnana

Í skýrslunni er gerð grein fyrir skipulagi og rekstri hverrar stofnunar fyrir sig í sveitarfélaginu.

Gerður var samanburður á rekstrargjöldum og -tekjum sveitarfélagsins og tíu annarra sveitarfélaga. Miðað er við tíu sveitarfélög með sambærilegan fjölda íbúa og í Skagafirði, þ.e.a.s. fimm minni og fimm fjölmennari sveitarfélög. Grunn- og leikskólar eru bornir saman við tíu aðra grunn- og leikskóla, miðað er við fjölda nemenda og barna. Markmiðið með samanburðinum er að draga fram muninn á milli reksturs Skagafjarðar og annarra sveitarfélaga á sambærilegum rekstrareiningum til að kanna hvort tækifæri séu til staðar til hagræðingar.

Skýrsluhöfundar áttu fundi með sveitarstjóra og sveitarstjórnarfulltrúum þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu.

Árið 2020 gerði HLH úttekt á málefnum fatlaðs fólks er varðar rekstur o.fl. hjá sveitarfélögunum á Norðurlandi vestra. Vegna þess voru málefni fatlaðs fólks hjá sveitarfélaginu ekki skoðuð sérstaklega nú og er vísað í viðkomandi skýrslu varðandi rekstur og stjórnsýslu málaflokksins hjá sveitarfélaginu, dagsett í ágúst 2020.

Öllum aðilum sem komu að vinnslu verkefnisins eru þökkuð hreinskiptin og opin svör sem varðar framgang verkefnisins. Þeir aðilar sem tóku þátt í að veita upplýsingar bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar kemur fram er á ábyrgð skýrsluhöfunda.

# Greining

Í kaflanum verður farið yfir þá þætti sem hafa áhrif á rekstur og fjárhag Skagafjarðar. Þeir þættir sem farið verður meðal annars yfir í kaflanum eru þróun íbúafjölda, skulda, tekna, rekstrar, veltufjár frá rekstri, launa, stöðugilda og annars rekstrarkostnaðar.

Auk þess er í upphafi kaflans fjallað almennt um fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Gerð verður grein fyrir rekstri og skipulagi sviða sveitarfélagsins og stofnana þess. Í greiningunni verður stuðst við samanburð á öðrum sambærilegum sveitarfélögum og rekstrareiningum. Samanburðurinn er m.a. settur fram til þess að meta hvort finna megi frávik í rekstri Skagafjarðar sem vert er að skoða nánar. Í einhverjum tilfella kunna að vera skýringar á frávikum sem mikilvægt er að upplýsa svo hægt sé að taka ákvarðanir út frá þeim upplýsingum.

## Sveitarfélögin almennt

Það er mat skýrsluhöfunda að sveitarfélögin standi á ákveðnum tímamótum hvað rekstur og skuldir þeirra varðar. Eftir að nýjar fjármálareglur tóku gildi samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 átti sér stað umtalsverð jákvæð breyting í rekstrarafkomu og skuldum sveitarfélaga.

Á síðustu árum hefur orðið nokkur neikvæð breyting í rekstrarafkomu sveitarfélaga. Við því verður að bregðast. Sveitarfélögin standa frammi fyrir því annars vegar að hagræða í rekstri og hins vegar að leita leiða til að auka tekjur.

Það er mat skýrsluhöfunda að ýmis tækifæri séu fyrir sveitarfélögin til að hagræða. Ljóst er að aukin félagsþjónusta kallar á fleira starfsfólk. Einnig er ljóst að með aukinni nýtingu tækni í stjórnsýslu sveitarfélaga á að vera hægt að fækka stöðugildum og jafnframt að auka upplýsingagjöf.

Launa- og launatengd gjöld hjá sveitarfélögum samtals voru í kringum 52% af tekjum á árunum frá 2012 fram til 2019. En eftir 2019 eru þau að nálgast 60%. Ljóst er að á einhvern hátt verður við þessu að bregðast.

Á allra síðustu árum hafa orðið miklar samfélagslegar breytingar og það lagaumhverfi sem sveitarfélögin starfa innan hefur tekið nokkrum breytingum og þá sérstaklega hvað varðar félagslega þjónustu. Allt hefur þetta haft áhrif á rekstur sveitarfélaga.

Fólki af erlendu bergi brotið hefur fjölgað nokkuð hlutfallslega. Einnig hefur orðið mikil fjölgun í fjölda flóttafólks sem sækir Ísland. Þetta hefur m.a. kallað á aukna þjónustu frá sveitarfélögum. Sem dæmi má nefna aukinn fjölda slíkra nemenda bæði í leik- og grunnskólum. Dæmi eru um bekkjadeildir þar sem hlutfall nemenda af erlendu bergi brotið

er allt að 80% af nemendum í viðkomandi bekk. Þetta hlutfall hefur líka verið að hækka í leikskólum. Ljóst er að hér er mikil breyting frá því sem áður var.

Einnig má nefna að s.l. ár hefur nemendum verið að fjölga bæði í leik- og grunnskólum sem þurfa aukin stuðning, sem kallar á fleiri stöðugildi. Hér áður fyrr var það undantekning ef um slíkt var að ræða. Þetta hefur gerst með breytingum á lögum og reglugerðum hvað þessa þjónustu varðar og einnig viðhorfi þjóðfélagsins til þessara þátta.

Árið 2018 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og sett ný lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ljóst má vera að ýmis ákvæði þessara laga hafa haft áhrif til aukinna útgjalda hjá sveitarfélögunum. Við setningu þessara laga fylgdu ekki auknar tekjur til sveitarfélaga til að mæta útgjöldum vegna aukinnar þjónustu.

Frá árinu 2018 hafa útgjöld vegna þjónustu við fatlað fólk aukist umtalsvert og er nú að störfum starfshópur (júní 2023) sem ætlað er að gera tillögur um frekari kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Ætla má að ákvæði í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi stoðþjónustu, allt að 15 klst. á viku, sem kom inn í lögin árið 2018, hafi haft í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélög. Lagagreinin (26. gr. laga nr. 40/1991) hljóðar sem hér segir:

> 26. gr. *Skyldur sveitarfélaga.*
> *Sveitarfélagi er skylt að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónustu skal veita svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Aðstoð skal veitt innan og utan heimilis samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur.*
> *Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er sveitarfélagi ekki skylt að veita stuðningsþjónustu á stofnunum, svo sem sjúkrahúsi og öldrunarstofnun. Samvinna skal þó alltaf höfð við viðkomandi stofnun, sbr. 62. gr.*
> *Ráðherra skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd stuðningsþjónustu samkvæmt þessum kafla, tímafjölda og mat á þörf fyrir þjónustu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórn skal setja nánari reglur um stuðningsþjónustu á grundvelli leiðbeininga ráðherra.*
> *Heimilt er sveitarstjórn að taka gjald fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt gjaldskrá.*
> *Ákvörðun um stuðningsþjónustu skv. 1. mgr. felur í sér að aðstoð sé að jafnaði veitt í tiltekinn fjölda klukkustunda í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum, sbr. 27. gr., og þess almenna viðmiðs að aðstoð geti numið allt að 15 stundum á viku. Um aukna þjónustuþörf fer samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.*

Hér er um 40% af stöðugildi að ræða, þ.e. 15 klst. þjónustu á viku, eða að jafnaði 65 klst. á mánuði. Ekki var gert ráð fyrir að þetta ákvæði hefði í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin þegar lögin voru sett. Ætla má að á næstu árum muni þetta ákvæði leggjast þungt á sveitarfélögin m.a. vegna þjónustu við fatlað fólk og aldraða.

Á undanförnum árum hefur ríkið dregið úr greiðslum vegna reksturs dvalarheimila og lagt áherslu á að aldraðir verði sem lengst á eigin heimilum. Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum greiddu Sjúkratryggingar daggjöld fyrir íbúa á dvalarrýmum 1.085 millj. kr. árið 2018 en árið 2022 voru daggjöldin komin niður í 755 millj. kr. Daggjöldin fóru lækkandi á milli ára árin 2018 til og með 2022. Langir biðlistar eru eftir rýmum á hjúkrunarheimilum. Ljóst má vera til að mæta þessari þjónustuþörf mun verða aukinn þungi hjá sveitarfélögum hvað varðar þjónustu við aldraða.

Í janúar 2023 voru 50.351 á Íslandi 67 ára og eldri. Í árslok 2022 voru hjúkrunarrými á landinu öllu samtals 2.953[1], eða fyrir 5,9% af þeim sem voru 67 ára og eldri miðað við janúar 2023.

Fram á síðustu ár fólst þjónusta sveitarfélaga við aldraða að mestu leyti í aðstoð við þrif og í einhverjum tilfella aðstoð við innkaup. Þessi þjónusta var langt frá því að nema allt að 15 klst. á viku eða að jafnaði 65 klst. á mánuði, sem félagsþjónustulögin gera nú ráð fyrir. Ljóst er að framangreint lagaákvæði setur auknar þjónustuskyldur á sveitarfélögin. Áður ákváðu sveitarfélögin hvert og eitt hver fjöldi klukkustunda skyldi vera á viku og þá væntanlega með hliðsjón af fjárhagsgetu viðkomandi sveitarfélags.

*Tafla 1: Möguleg útgjöld vegna þjónustu við aldraða samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga miðað við hlutfall af hjúkrunarrýmum í þúsundum króna*

| Hlutfall af hjúkrunar-rýmum, þ.e. 2.953 | Fjöldi í þjónustu | Fjöldi stöðugilda | Útgjöld |
|---|---|---|---|
| 100% | 2.953 | 1.181 | 11.812 |
| 50% | 1.477 | 591 | 5.906 |
| 25% | 738 | 295 | 2.953 |

Tafla 1 sýnir möguleg útgjöld hjá sveitarfélögum vegna þjónustu við aldraða skv. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Ef gert er ráð fyrir að allir þeir sem fara inn á hjúkrunarheimili hafi áður verið í 15 klst. þjónustu hjá sveitarfélögum á viku, eða að jafnaði 65 klst. á mánuði, gerir það í árlegan kostnað 11,8 ma. kr. miðað við að launagjöld vegna stöðugildis væri 10 millj. kr. Ef 50% þeirra fengju þessa þjónustu væri kostnaðurinn 5,9 ma. kr. og miðað við 25% væri kostnaðurinn 2,9 ma. kr.

Hér er eingöngu horft til þess hóps sem fer á hjúkrunarheimili. Ljóst er að fleiri munu þurfa á þessari þjónustu að halda. Ætla má að þegar fram líða stundir muni verða um verulegan kostnaðarauka að ræða fyrir sveitarfélögin.

[1] Stjórnarráðið | Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými (stjornarradid.is).

*Mynd 1: Þróun útgjalda í þjónustu við börn í félagsþjónustu sveitarfélaga og úrræða á vegum Barnaverndarstofu í milljörðum króna*




*Heimild: Ársreikningar svf. fengnir af vef Sambandsins og ársskýrslur Barnaverndarstofu.*
*1) Fast verðlag miðast við þróun ársmeðaltala vísitölu neysluverðs á vef Hagstofunnar*

Mynd 1 sýnir þróun útgjalda í þjónustu við börn í félagsþjónustu sveitarfélaga (til vinstri) og úrræða á vegum Barnaverndarstofu í ma. kr. (til hægri). Annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á föstu verðlagi ársins 2020.

Eins og myndin sýnir hækka þessi útgjöld bæði hjá ríki og sveitarfélögum á milli ára með nokkrum undantekningum, á verðlagi hvers árs. Hins vegar þegar þetta er skoðað á föstu verðlagi  standa útgjöld ríkisins vegna Barnaverndarstofu nánast í stað frá og með árinu 2001 með nokkrum undantekningum, þ.e. útgjöldin hafa ekki hækkað umfram verðlagshækkanir.

Hins vegar var stöðugur vöxtur hjá sveitarfélögunum fram til ársins 2014. Lækkar nokkuð árið 2015 en eftir það hefur verið vöxtur. Vöxturinn eftir 2015 var mun meiri en árin á undan.

*Mynd 2: Leikskólar og dagvistun á landinu öllu: Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga*

Mynd 2 sýnir tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum hjá leikskólum samtals á landinu öllu. Tekjurnar eru að mestu leyti vegna leikskólagjalda, þ.e. dagvistunargjalda og fæðis.

Eins og fram kemur á myndinni voru tekjur leikskóla sem hlutfall af brúttó gjöldum um 25% í upphafi aldarinnar. Síðan verður nokkur breyting fram til ársins 2007, þegar hlutfallið var komið niður í um 15%. Helst síðan nokkurn veginn þannig til ársins 2013. Eftir það hefur hlutfallið farið lækkandi og er komið niður fyrir 10% árin 2020 og 2021.

*Tafla 2: Hlutfall tekna af brúttó gjöldum hjá leikskólum á landinu öllu*

| Ár | Hlutfall tekna af brúttó gjöldum | Tekjur miðað við brúttó gjöld árið 2021 | Aukin niðurgreiðsla miðað við rauntekjur árið 2021 |
|---|---|---|---|
| 2002 | 24,8% | 16.288.282 | 9.912.522 |
| 2013 | 15,5% | 10.177.022 | 3.801.262 |
| 2021 | 9,7% | 6.375.760 | 0 |

*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga*

Tafla 2 sýnir hlutfall tekna af brúttó gjöldum leikskóla árin 2002, 2013 og 2021. Einnig kemur fram hverjar tekjurnar hefðu verið árið 2021 ef hlutfall tekna það ár hefði verið það sama og árið 2002 og 2013. Síðasti dálkurinn sýnir mismuninn á þeim tekjum og rauntekjum árið 2021.

Samkvæmt þessu hafa sveitarfélögin aukið árlegar niðurgreiðslur á leikskólagjöldum árið 2021 um 10 ma. kr. frá því sem var miðað við árið 2002 og um 4 ma. kr. miðað við árið 2013.

Ljóst má vera að hér er um mikla kjarabót að ræða fyrir barnafjölskyldur en aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin. Ætla verður að hafi sveitarfélögin ekki greitt niður leikskólagjöld eins og hér hefur verð sýnt hefði það lagst þungt á barnafjölskyldur ef ekkert annað hefði komið í staðinn.

Af framan rituðu má ljóst vera að sveitarfélögin hafa þurft að taka á sig aukin útgjöld vegna lagabreytinga og samfélagslegra breytinga. Ljóst er að miðað við fjárhagstöðu sveitarfélaga í dag  geta þau illa staðið undir þessum auknu útgjöldum að öllu óbreyttu.

## Áhrif kjarasamninga á fjárhag sveitarfélaga

Frá árinu 2018 hafa sveitarfélög  gert kjarasamninga sem hafa leitt til hærri hækkana á launum starfsmanna sveitarfélaga en á hinum almenna markaði þannig að munurinn hefur verið nokkur.

*Mynd 3: Þróun vísitalna launþegahópa 2011 til 2022*




*Heimild: Hagstofa Íslands*

Mynd 3 sýnir þróun vísitalna launþegahópa árin 2011 til 2022.

Eins og fram kemur á myndinn voru launavísitölur þessara starfshópa að þróast nokkuð í takti fram til ársins 2019. Þó þannig að frá árinu 2015 hækkar vísitala almenna vinnumarkaðarins hlutfallslega hægar en hjá opinberum starfsmönnum. Eftir 2019 skilja leiðir nokkuð. Vísitala starfsmanna hjá hinu opinbera tekur nokkurn kipp og þá sérstaklega hjá starfsmönnum sveitarfélaga. Árið 2021 hafði vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga hækkað um 111,4% frá árinu 2011, þegar vísitala starfsmanna hjá ríkinu hækkaði um 102% og á almennum vinnumarkaði um 94,6%.

*Mynd 4: Rekstrarafkoma, A-hluta, allra sveitarfélaga, samanburðarsveitarfélaga og Skagafjarðar árin 2017 til 2021, í þúsundum króna*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar*

Mynd 4 sýnir rekstrarafkomu, A-hluta, allra sveitarfélaga, samanburðarsveitarfélaga og Skagafjarðar árin 2017 til 2021.

Eins og myndin sýnir var nokkur rekstrarafgangur, A-hluta, hjá öllum sveitarfélögum samtals árin 2017 til 2019, Einnig var rekstrarafgangur hjá samanburðarsveitarfélögunum samtals þessi ár og einnig hjá Skagafirði. Mikil breyting verður síðan eftir árið 2019 þegar rekstrarafgangur hjá sveitarfélögum samtals fer úr 14,6 ma. kr. árið 2019 í -8,8 ma. kr. árið 2020. Einnig verður hallarekstur hjá samanburðarsveitarfélögunum samtals og hjá Skagafirði eftir árið 2019.

*Mynd 5: Hlutfallsleg hækkun útsvarstekna og launagjalda, A-hluta, hjá sveitarfélögum samtals*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar*

Mynd 5 sýnir hlutfallslega hækkun útsvarstekna og launagjalda samtals hjá sveitarfélögum á landinu.

Eins og myndin sýnir hafa launagjöld og útsvarstekjur hjá sveitarfélögum samtals hækkað hlutfallslega áþekkt fram til ársins 2019. Eftir það verður verulegur munur frá árinu 2019, þar sem launagjöld hækka umfram hlutfallslega hækkun útsvarstekna.

Ekki er einungis um þessar launahækkanir að ræða hjá hinu opinbera heldur kemur einnig til viðbótar stytting vinnuvikunnar frá og með árinu 2021. Vegna styttingar vinnuvikunnar hefur þurft að fjölga stöðugildum.

*Mynd 6: Öll sveitarfélög: Mismunur á útsvarstekjum og launagjöldum (laun og launatengd gjöld), A-hluti, í milljónum króna*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar*

Mynd 6 sýnir mismun á útsvarstekjum og launagjöldum (útsvarstekjur – laun og launatengd gjöld) fyrir öll sveitarfélög, A-hluta, á verðlagi hvers árs.

Eins og myndin sýnir hafa þessar launahækkanir hjá starfsmönnum sveitarfélaga umfram aðra vinnuhópa haft veruleg áhrif. Mismunur útsvarstekna og launagjalda var 22,9 ma. kr. árið 2019 samanborið við 7,3 ma. kr. árið 2021 á verðlagi hvors árs, eða lækkun um 15,6 ma. kr. á milli áranna.

Af þessu má ætla að þann mikla viðsnúning, sem verður á milli áranna 2019 og 2020 í rekstrarafkomu sveitarfélaga, sbr. mynd 4 hér að framan, sé að rekja að stórum hluta til launahækkana hjá starfsmönnum sveitarfélaga umfram aðra starfshópa.

*Mynd 7: Hlutfallsleg hækkun útsvarstekna og launagjalda, A-hluta, Skagafjarðar*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar*

Mynd 7 sýnir hlutfallslega hækkun útsvarstekna og launagjalda hjá Skagafirði.

Launagjöld hjá Skagafirði hafa hækkað hlutfallslega meira en útsvarstekjur alveg frá árinu 2015. Munurinn var mestur árið 2021.

*Mynd 8: Skagafjörður: Mismunur á útsvarstekjum og launagjöldum (laun og launatengd gjöld), A-hluti, í milljónum króna*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar*

Mynd 8 sýnir mismun á útsvarstekjum og launagjöldum (útsvarstekjur – laun og launatengd gjöld) hjá Skagafirði, A-hluta, á verðlagi hvers árs.

Eins og myndin sýnir voru launagjöld hærri en útsvarstekjur öll árin. Eins og hjá sveitarfélögunum samtals verður nokkur breyting eftir árið 2019. Þar sem mismunurinn eykst nokkuð.

## Íbúafjöldi

Á undanförnum árum hefur íbúum Skagafjarðar fjölgað lítillega.

*Tafla 3: Fjöldi íbúa í Skagafirði, á Norðurlandi vestra og landinu öllu 2014 til 2023*

| | | | | | | | | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2014** | **2015** | **2016** | **2017** | **2018** | **2019** | **2020** | **2021** | **2022** | **2023** | **2023-2014** | **Hlutfall** |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 3.978 | 3.910 | 3.902 | 3.932 | 3.955 | 3.992 | 4.034 | 4.084 | 4.090 | 4.306 | | |
| Akrahreppur | 208 | 194 | 200 | 196 | 194 | 202 | 205 | 210 | 204 | 0 | | |
| **Samtals** | **4.186** | **4.104** | **4.102** | **4.128** | **4.149** | **4.194** | **4.239** | **4.294** | **4.294** | **4.306** | **120** | **2,9%** |
| Breyting á milli ára | | -82 | -2 | 26 | 21 | 45 | 45 | 55 | 0 | 12 | | |
| Hlutfallsleg breyting | | -2,0% | 0,0% | 0,6% | 0,5% | 1,1% | 1,1% | 1,3% | 0,0% | 0,3% | | |
| **Norðurland vestra** | **7.245** | **7.137** | **7.128** | **7.156** | **7.195** | **7.227** | **7.322** | **7.400** | **7.405** | **7.432** | **187** | **2,6%** |
| Breyting á milli ára | | -108 | -9 | 28 | 39 | 32 | 95 | 78 | 5 | 27 | | |
| Hlutfallsleg breyting | | -1,5% | -0,1% | 0,4% | 0,5% | 0,4% | 1,3% | 1,1% | 0,1% | 0,4% | | |
| Norðurland vestra án Skagafjarðar | 3.059 | 3.033 | 3.026 | 3.028 | 3.046 | 3.033 | 3.083 | 3.106 | 3.111 | 3.126 | **67** | **2,2%** |
| Breyting á milli ára | | -26,0 | -7,0 | 2,0 | 18,0 | -13,0 | 50,0 | 23,0 | 5,0 | 15,0 | | |
| Hlutfallsleg breyting | | -0,8% | -0,2% | 0,1% | 0,6% | -0,4% | 1,6% | 0,7% | 0,2% | 0,5% | | |
| **Landið allt** | **325.671** | **329.100** | **332.529** | **338.349** | **348.450** | **356.991** | **364.134** | **368.792** | **376.248** | **387.758** | **62.087** | **19,1%** |
| Breyting á milli ára | | 3.429 | 3.429 | 5.820 | 10.101 | 8.541 | 7.143 | 4.658 | 7.456 | 11.510 | | |
| Hlutfallsleg breyting | | 1,1% | 1,0% | 1,8% | 3,0% | 2,5% | 2,0% | 1,3% | 2,0% | 3,1% | | |
| | | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | | |
| Skagafjörður | | -2,0% | 0,0% | 0,6% | 0,5% | 1,1% | 1,1% | 1,3% | 0,0% | 0,3% | | |
| Norðurland vestra | | -1,5% | -0,1% | 0,4% | 0,5% | 0,4% | 1,3% | 1,1% | 0,1% | 0,4% | | |
| Landið allt | | 1,1% | 1,0% | 1,8% | 3,0% | 2,5% | 2,0% | 1,3% | 2,0% | 3,1% | | |

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Tafla 3 sýnir fjölda íbúa í Skagafirði, á Norðurlandi vestra og landinu öllu árin 2014 til 2023 í janúar hvert ár.

Eins og taflan sýnir fjölgaði íbúum á landinu öllu um 19,1% á þessu tímabili, þegar fjölgaði um 2,9% í Skagafirði, þ.e. miðað við samtölu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps fyrir sameiningu, og 2,6% á Norðurlandi vestra samtals. Í öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra en Skagafirði og Akrahreppi fyrir sameiningu fjölgaði íbúum samtals um 2,2%. Þannig fjölgaði hlutfallslega meira í Skagafirði en samtals í öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra á þessu tímabili.

Íbúum Skagafjarðar og Akrahrepps samtals fækkaði árin 2015 og 2016 en eftir það hefur íbúum fjölgað nema á milli áranna 2021 og 2022 þegar íbúafjöldinn var óbreyttur.

*Mynd 9: Hlutfallsleg breyting á fjölda íbúa á milli ára árin 2014 til 2023 í Skagafirði, Norðurlandi vestra og á landinu öllu*




*Heimild: Hagstofa Íslands*

Mynd 9 sýnir hlutfalslega breytingu á milli ára árin 2014 til 2023 á fjölda íbúa í Skagafirði, Norðurlandi vestra og samtals fyrir öll sveitarfélög á landinu.

Eins og myndin sýnir var fækkun árin 2015 og 2016. En eftir það var fjölgun nema árið 2022 þegar íbúafjöldinn var sá sami og árið áður.

*Mynd 10: Aldursdreifing íbúa Skagafjarðar árin 2014 og 2023*




*Heimild: Hagstofa Íslands*

Mynd 10 sýnir aldursdreifingu íbúa Skagafjarðar, og samtölu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps fyrir sameiningu, árin 2014 og 2023.

Eins og myndin sýnir fjölgaði íbúum hlutfallslega í aldurshópnum 67 ára og eldri á milli áranna 2014 og 2023. Var 14,2% árið 2014 en 16,0% árið 2023. Fjöldinn í aldurshópnum 17 til 66 ára er nánast óbreyttur hlutfallslega á milli áranna. Var 63,4% árið 2014 en 63,5% árið 2023. Íbúum í aldurshópnum 6 til 16 ára fækkar hlutfallslega. Voru 15% árið 2014 en 13,4% árið 2023. Síðan fækkar íbúum lítillega hlutfallsega í aldurshópnum 0 til fimm ára. Voru 7,3% árið 2014 en 7,1% árið 2023.

*Mynd 11: Hlutfall íbúa 17 ára til 66 ára af heildaríbúafjölda í samanburðar sveitarfélögunum árið 2023*




*Heimild: Hagstofa Íslands*

Mynd 11 sýnir hlutfall íbúa 17 ára til 66 ára af samtals íbúum í samanburðar sveitarfélögum árið 2023.

Hér er um að ræða þann aldurshóp sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Það vekur athygli hversu breytilegt þetta hlutfall er hjá þeim sveitarfélögum sem tekið er mið af í skýrslu þessari til samanburðar, þ.e. næstu fimm fjölmennari sveitarfélög en Skagafjörður og næstu fimm með færri íbúa en Skagafjörður

Grindavíkurbær og Fjarðabyggð skera sig nokkuð úr með hæstu hlutföllin, þ.e. 66,4% og 66,1% á árinu 2023. Hins vegar var hlutfallið lægst hjá Hveragerðisbæ, eða 60,5%.

Af þessum sveitarfélögum voru þrjú með lægra hlutfall en Skagafjörður, sem var með hlutfallið 63,5%.

## Skuldir sveitarfélaga

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 kemur fram að skuldir sveitarfélaga mega ekki vera meiri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum þeirra. Reglan á við um skuldir og tekjur A- og B-hluta samtals. Í lögunum er gert ráð fyrir  að ráðherra málaflokksins gefi út reglugerð sem útskýri hvernig skuldahlutfallið, svo kallað skuldaviðmið, skuli reiknað. Um er að ræða Reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012 með síðari breytingum nr. 793/2017 og 458/2018.

*Mynd 12: Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta samtals, sem hlutfall af tekjum árið 2021, hjá sveitarfélögum með hlutfallið hærra en 100%*




*Heimild:  Samband íslenskra sveitarfélaga*

Mynd 12 sýnir skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta samtals, sem hlutfall af tekjum árið 2021 hjá sveitarfélögum með hlutfallið hærra en 100%. Ekki er um að ræða skuldaviðmið.

Eins og fram kemur á myndinni  var Reykjavíkurborg með hæsta skuldahlutfallið eða 201% í árslok 2021. Skagafjörður var í 16. sæti með skuldahlutfallið 128%.

Skuldahlutfallið fyrir öll sveitarfélög samtals í árslok 2021 var 153%, en var árið áður 143,5%.

## Skuldir Skagafjarðar

Skuldir Skagafjarðar samtals hafa farið hækkandi undanfarin ár.

*Tafla 4: Skuldir Skagafjarðar, A- hluti og A- og B-hluti, í milljónum króna*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A-hluti | 3.479 | 4.075 | 4.330 | 4.772 | 4.875 | 4.985 | 5.888 | 6.205 | 7.027 | 7.704 | 8.163 |
| A- og B-hluti | 5.080 | 5.487 | 5.617 | 6.056 | 6.093 | 6.085 | 6.818 | 6.999 | 7.802 | 8.584 | 9.485 |
| Breyting á milli ára | | 407 | 130 | 438 | 37 | -8 | 733 | 181 | 803 | 782 | 901 |

*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur Skagafjarðar 2022*

Tafla 4 sýnir þróun skulda Skagafjarðar, annars vegar A-hluta og hins vegar A- og B-hluta samtals, frá árinu 2012 til ársins 2022 á verðlagi hvers árs í millj. kr. Rétt er að fram komi að árið 2022 sameinuðust Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur, sem hefur áhrif á skuldir þess árs í samanburði við fyrri ár.

Skuldir A-hluta hafa hækkað úr 3.479 millj. kr. árið 2012 í 8.163 millj. kr. árið 2022, eða um 4.684 millj. kr. á verðlagi hvors árs. Hlutfallsleg hækkun skulda A-hluta milli áranna er 135%. Á sama tímabili jukust tekjur A-hlutans úr 3.083 millj. kr. í 6.567 millj. kr. og nemur hækkunin um 3.484 millj. kr. eða aukningu um 113%. Á tímabilinu hafa skuldir A-hluta aukist meira en tekjur A-hluta, bæði hlutfallslega og í krónum talið.

Samtals jukust skuldir sveitarfélagsins, A og B-hluta, á umræddu tímabili úr 5.080 millj. kr. árið 2012 í 9.485 millj. kr. árið 2022, eða um 4.445 millj. kr. sem er 88% aukning milli áranna. Hlutfallslega jukust tekjur af A- og B-hluta um 109%, fóru úr 3.526 millj. kr. árið 2012 í 7.368 millj. kr. árið 2022 og jukust um 3.842 millj. kr.

Skuldir A-hluta hækka öll árin. Skuldir A- og B-hluta hækka einnig öll árin nema árið 2017 að þær lækkuðu.

*Mynd 13: Skuldir Skagafjarðar, A-hluti og A- og B-hluti, 2012 til 2022, sem hlutfall af tekjum*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga*

Mynd 13 sýnir hlutfall skulda Skagafjarðar, A-hluta og A- og B-hluta samtals, af tekjum A-hluta og A- og B-hluta samtals (skuldahlutfall) frá árinu 2012 til 2022.

Skuldahlutfall fyrir A-hluta var lægra en skuldahlutfall samstæðunnar fram til ársins 2017. Öll árin er skuldahlutfallið vel innan við 150%.

Árið 2022 var skuldahlutfall A- hluta 124% og A- og B-hluta 119%. Bæði hlutföllin lækkuðu frá árinu á undan. Til samanburðar var skuldahlutfall A- og B-hluta 144% árið 2012.

*Tafla 5: Hlutfallsleg skipting skulda og skuldbindinga Skagafjarðar í árslok 2022*

| | A-hluti | Hlutfallsleg skipting | A- og B-hluti | Hlutfallsleg skipting |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding | 1.559 | 20% | 1.711 | 20% |
| Langtímaskuldir | 4.731 | 61% | 6.006 | 70% |
| Skammtímaskuldir | 1.873 | 24% | 1.768 | 21% |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | **8.163** | | **9.485** | |

*Heimild: Ársreikningur Skagafjarðar 2022*

Tafla 5 sýnir hlutfallslega skiptingu skulda og skuldbindinga Skagafjarðar í árslok 2022.

Eins og kemur fram í töflunni voru langtímaskuldir A- og B-hluta samtals 70% af heildar skuldum og skuldbindingum Skagafjarðar í árslok 2022.

*Tafla 6: Skuldir, tekjur og kröfur á aðalsjóð B-hluta fyrirtækja samkvæmt ársreikningi 2021 í þúsundum króna*

| | Skuld-bindingar | Langtíma-skuldir | Skammtíma-skuldir | Skuldir samtals án aðalsjóðs | Skuldir við aðal-sjóð, skammtímalán | **Skuldir samtals** | Tekjur | Skuldir/ tekjur | Krjöfur á aðalsjóð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hafnarsjóður | | 49.666 | 12.374 | 62.040 | | **62.040** | 180.485 | 34,4% | 118.558 |
| Vatnsveita | 3.853 | 41.730 | 10.175 | 55.758 | | **55.758** | 101.923 | 54,7% | 126.375 |
| Sjóveita | | | 174 | 174 | 11.236 | **11.410** | 1.053 | 1083,6% | |
| Hitaveita | 125.578 | 591.919 | 68.597 | 786.094 | 352.210 | **1.138.304** | 579.220 | 196,5% | |
| Fráveita | | | 2.414 | 2.414 | | **2.414** | 122.510 | 2,0% | |
| Félagslegar íbúðir | | 430.622 | 22.687 | 453.309 | 214.064 | **667.373** | 82.453 | 809,4% | |
| Tímatákn ehf. | | | 444 | 444 | | **444** | 6.155 | 7,2% | 248.494 |
| Eyvindarstaðaheiði ehf. | | 9.168 | 3.291 | 12.459 | | **12.459** | 2.638 | 472,3% | |
| **Samtals** | **129.431** | **1.123.105** | **120.156** | **1.372.692** | **577.510** | **1.950.202** | **1.076.437** | **181,2%** | **493.427** |

*Heimild: Ársreikningur Skagafjarðar*

Tafla 6 sýnir skuldir, tekjur og kröfur á aðalsjóð B-hluta stofnana samkvæmt ársreikningi 2021.

Skuldir B-hluta fyrirtækja voru samtals 1.950 millj. kr. árið 2021. Þar af voru skuldir við aðalsjóð að fjárhæð 578 millj. kr. Hitaveita skuldar aðalsjóði 352 millj. kr. og Félagslegar íbúðir 214 millj. kr.

Skuldir hitaveitu eru tæplega tvöfaldar tekjur hitaveitu og skuldir félagslegra íbúða eru rúmlega áttfaldar tekjurnar.

Aðalsjóður skuldar B-hlutafyrirtækjum samtals 493 millj. kr. Þar af er skuld við Tímatákn að fjárhæð 248 millj. kr.

## *Tafla 7: Greining á langtímaskuldum Skagafjarðar, A- og B-hluti, í lok árs 2022*

| Kröfuhafi | Deild | Lýsing | Lokastaða 31.12.2022 | Verð-tryggt | Mynt | Vextir | Fastir/ Breyti-legir | Síðasti gjalddagi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga | Aðalsjóður | Uppg. heim 2035 og 2045 | 701.067.677, | Já | NVT | 2,500% | Fastir | 5.11.2055 |
| | **Aðalsjóður samtals** | | **701.067.677,** | | | | | |
| Arion banki | Eignasjóður | | 86.625.000, | Nei | ISK | 7,663% | Breytilegir | 2.6.2033 |
| Fasteignasjóður J.S. | Eignasjóður | | 36.311.574, | Já | NVT | 2,000% | Fastir | 1.1.2037 |
| Landsbankinn | Eignasjóður | | 3.872.224, | Nei | ISK | 9,300% | Breytilegir | 15.5.2026 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 36.365.732, | Já | NVT | 6,050% | Fastir | 5.2.2024 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 65.358.006, | Já | NVT | 4,770% | Fastir | 5.2.2024 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 44.214.632, | Já | NVT | 4,570% | Fastir | 5.2.2024 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 32.674.229, | Já | NVT | 4,350% | Fastir | 5.2.2024 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 35.198.597, | Já | NVT | 4,050% | Fastir | 5.2.2024 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 132.970.543, | Já | NVT | 3,800% | Fastir | 6.4.2024 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Ath. SÍ, REIBOR 6 | 233.333.331, | Nei | ISK | 6,175% | Breytilegir | 16.7.2029 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Ath. SÍ REIBOR 6 | 50.000.002, | Nei | ISK | 6,175% | Breytilegir | 16.1.2030 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | SÍ REIBOR 6 | 85.333.336, | Nei | ISK | 6,175% | Breytilegir | 5.7.2030 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 136.729.871, | Já | NVT | 2,850% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 282.491.495, | Já | NVT | 2,600% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 191.785.011, | Já | NVT | 2,610% | Fastir | 6.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 72.272.491, | Já | NVT | 1,790% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 199.838.227, | Já | NVT | 1,550% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 137.553.064, | Já | NVT | 0,750% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 170.011.919, | Já | NVT | 1,370% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 427.574.113, | Já | NVT | 1,480% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 202.741.672, | Já | NVT | 0,860% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 101.414.617, | Já | NVT | 0,950% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 282.336.275, | Já | NVT | 1,000% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 307.566.000, | Já | NVT | 1,950% | Fastir | 21.2.2039 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | 1307028-EI | 54.258.768, | Já | NVT | 2,140% | Breytilegir | 6.7.2028 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | 1507021-EI | 62.875.293, | Já | NVT | 2,140% | Breytilegir | 5.7.2030 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | 1605018-EI | 86.732.370, | Já | NVT | 3,300% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | EI Uppgreiðsla óheimil | 129.990.113, | Já | NVT | 2,530% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | (Uppgr. óheimil) | 278.665.708, | Já | NVT | 2,350% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 121.827.592, | Já | NVT | 1,500% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Eignasjóður | Uppgreiðsla óheimil | 450.798.990, | Já | NVT | 1,100% | Fastir | 5.4.2034 |
| Skagafjörður - Aðalsjóðu | Eignasjóður | Skuld eignasjóðs | 1.306.503.028, | Já | NVT | 2,140% | Breytilegir | 31.12.2032 |
| | **Eigansjóður samtals** | | **5.846.223.823,** | | | | | |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 3.350.222, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.11.2028 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 3.376.714, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.11.2029 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 5.935.952, | Já | LVT | 4,900% | Fastir | 1.11.2029 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 4.520.943, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.11.2029 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 6.754.342, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.8.2030 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 9.349.071, | Já | LVT | 4,900% | Fastir | 1.2.2034 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 3.693.930, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.8.2030 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 571.730, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2033 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 14.009.473, | Já | NVT | 1,000% | Fastir | 1.8.2045 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 4.749.713, | Já | LVT | 1,000% | Fastir | 1.5.2043 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 12.016.706, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2037 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 9.356.555, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.5.2037 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 9.455.191, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.5.2037 |

| Kröfuhafi | Deild | Lýsing | Lokastaða 31.12.2022 | Verð-tryggt | Mynt | Vextir | Fastir/ Breyti-legir | Síðasti gjalddagi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 6.798.516, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.8.2037 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 8.781.930, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.8.2037 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 12.360.342, | Já | LVT | 1,000% | Fastir | 1.8.2044 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 12.112.629, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.11.2037 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 8.878.780, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.11.2037 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 12.941.052, | Já | LVT | 1,000% | Fastir | 1.1.2045 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 12.965.032, | Já | LVT | 1,000% | Fastir | 1.1.2045 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 7.890.631, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.3.2038 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 9.452.158, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.3.2038 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 11.316.791, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.5.2038 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 10.920.694, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.8.2038 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 7.149.610, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2039 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 13.266.966, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.5.2039 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 10.103.115, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.7.2039 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 5.292.981, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.8.2039 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 7.580.217, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.9.2039 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 14.324.598, | Já | LVT | 1,000% | Fastir | 1.8.2016 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 4.188.946, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.11.2039 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 10.089.427, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.1.2040 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 11.760.619, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.6.2040 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 5.086.682, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.9.2040 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 15.485.024, | Já | NVT | 4,900% | Fastir | 1.1.2041 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 14.460.503, | Já | LVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2041 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 14.768.186, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2041 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 14.855.764, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2041 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 10.884.151, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2041 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 9.083.853, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2041 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 10.579.942, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2041 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 8.291.961, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.2.2041 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 14.383.562, | Já | NVT | 2,400% | Fastir | 1.8.2041 |
| Húsnæðissjóður | Félagslegar íbúðir | | 56.930.277, | Já | NVT | 1,000% | Fastir | 1.10.2050 |
| | **Félagslegar íbúðir samtals** | | **460.125.481,** | | | | | |
| Arion banki | Flokka | Ath. vaxtatöflu SÍ | 7.671.069, | Nei | ISK | 7,250% | Breytileg | 24.1.2042 |
| Arion banki | Flokka | Ath. vaxtatöflu SÍ | 19.769.950, | Nei | ISK | 7,250% | Breytileg | 24.1.2042 |
| Byggðastofnun | Flokka | Erlent lán | 1.017.552, | Nei | JPY | 4,440% | Fastir | 20.7.2023 |
| | **Flokka samtals** | | **28.458.571,** | | | | | |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Hafnarsjóður | | 54.258.767, | Já | NVT | 2,140% | Breytileg | 6.7.2028 |
| | **Hafnarsjóður samtals** | | **54.258.767,** | | | | | |
| Arion banki | Hitaveita | | 143.229.157, | Nei | ISK | 6,363% | Breytileg | 22.9.2036 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Hitaveita | | 48.903.008, | Já | NVT | 2,140% | Breytileg | 5.7.2030 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Hitaveita | | 91.318.429, | Já | NVT | 3,300% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Hitaveita | Uppgreiðsla óheimil | 55.710.048, | Já | NVT | 2,530% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Hitaveita | (Uppgr. óheimil) | 58.055.848, | Já | NVT | 2,350% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Hitaveita | Uppgreiðsla óheimil | 86.294.548, | Já | NVT | 1,500% | Fastir | 5.4.2034 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Hitaveita | Uppgreiðsla óheimil | 150.266.329, | Já | NVT | 1,100% | Fastir | 5.4.2034 |
| | **Hitaveita samtals** | | **633.777.367,** | | | | | |
| Lánasjóður sveitarfélaga | Vatnsveita | | 45.659.212, | Já | NVT | 3,300% | Fastir | 5.4.2034 |
| | **Vatsveita samtals** | | **45.659.212,** | | | | | |
| | A-hluti samtals | | 6.547.291.500, | | | | | |
| | B-hluti samtals | | 1.222.279.398, | | | | | |
| | **Samtals A- og B-hluti** | | **7.769.570.898,** | | | | | |

*Heimild: Skagafjörður*

Tafla 7 sýnir langtímaskuldir Skagafjarðar í lok árs 2022, A- og B-hluti.

Sveitarfélagið er með eitt erlent lán sem greiðist upp í júlí 2023. Vextir eru allt frá 1,0% upp í 9,3%. Þannig er verulegur munur á vaxtakjörum sem sveitarfélagið er með. Nokkur ávinningur ætti að vera að því að greiða upp a.m.k. dýr lán, lán með háum vöxtum, sé það mögulegt. Hins vegar er ástandið í dag á lánamörkuðum þannig að ekki er hægt að gera ráð fyrir að hægt sé að fá lán með betri kjörum en sveitarfélagið hefur.

## *Tafla 8: Skipting langtímalána Skagafjarðar í verðtryggð, óverðtryggð og erlend lán í lok árs 2022*

| | Upphæð | Vaxtabil |
|---|---|---|
| Verðtryggt | 7.138.719.277 | 1,00% til 6,050% |
| Óverðtryggt | 629.834.069 | 6,175% til 9,300% |
| Japönsk jen | 1.017.552, | 4,44% |
| **Samtals** | **7.769.570.898** | |

*Heimild: Skagafjörður*

Tafla 8 sýnir hvernig langtímalán Skagafjarðar skiptast í verðtryggð, óverðtryggð og erlend lán í árslok 2023.

## Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, skólamat o.s.frv. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið hvorki fyrir daglegum útgjöldum að fullu né afborgunum lána, hvað þá til nýframkvæmda. Það sem upp á vantar þarf að taka að láni, fjármagna með sölu eigna og/eða ganga á eigið fé.

*Mynd 14: A-hluti: Veltufé og handbært fé frá rekstri Skagafjarðar árin 2012 til 2022 á verðlagi hvers ár í milljónum króna*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur Skagafjarðar 2022*

Mynd 14 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri Skagafjarðar árin 2012 til 2022 hjá A-hluta á verðlagi hvers árs í millj. kr.

Öll árin skilaði rekstur A-hluta jákvæðu veltufé frá rekstri. Hins vegar var neikvætt handbært fé frá rekstri tvö ár, þ.e. árin 2014, þegar það var -367 millj. kr., og árið 2018, þegar það var -160 millj. króna. Veltufé frá rekstri var hæst árið 2019, eða 420 millj. kr. en lægst árið 2015 þegar það var 87 millj. kr.

*Mynd 15: A- og B-hluti: Veltufé og handbært fé frá rekstri Skagafjarðar árin 2012 til 2022, á verðlagi hvers árs í milljónum króna*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur Skagafjarðar 2022*

Mynd 15 sýnir veltufé og handbært fé samtals fyrir A- og B-hluta reksturs Skagafjarðar árin 2012 til 2022, á verðlagi hvers árs í millj. kr.

Á tímabilinu skilar samanlagður rekstur A- og B-hluta jákvæðri niðurstöðu veltufjár frá rekstri öll árin en handbæt fé frá rekstri var neikvætt eitt ár, þ.e. árið 2014.

Hæst var veltufé frá rekstri árið 2022, eða 860 millj. kr., en lægst árið 2015 þegar það var 275 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri var hæst árið 2013, eða 940 millj. kr.

*Mynd 16: A, og A- og B-hluti: Hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum Skagafjarðar árin 2012 til 2022*




*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur Skagafjarðar 2022*

Á mynd 16 er að finna hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum árin 2012 til 2022 fyrir A-hluta og A- og B-hluta, samtals. Hlutföllin voru lægst árið 2015, eða 2,4% fyrir A-hluta og 6,4% fyrir A- og B-hluta samtals.

Hæst var hlutfallið fyrir A-hluta árið 2019, eða 8,2%, en fyrir A- og B-hluta samtals árið 2013, eða 14%.

Árið 2022 var þetta hlutfall fyrir A-hluta 7,4 og B-hluta 10,8%. Hlutföllin hækkuðu nokkuð frá árunum á undan.

Að mati skýrsluhöfunda er æskilegt að þetta hlutfall sé að jafnaði á bilinu 10 til 15%.

*Tafla 9: Veltufé, tekjur og hlutfall veltufjár af tekjum (A-hluta) samanburðarsveitarfélaga árið 2021, í milljónum króna*

| | Akranes-kaupstaður | Fjarða-byggð | Múla-þing | Seltjarnar-nesbær | Vestmanna-eyjabær | Skaga-fjörður | Borgar-byggð | Suður-nesjabær | Ísafjarðar-bær | Grinda-víkurbær | Hvera-gerðisbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi íbúa | 7.997 | 5.262 | 5.208 | 4.674 | 4.523 | 4.306 | 4.090 | 3.925 | 3.864 | 3.669 | 3.196 |
| Veltufé frá rekstri | 1.395 | 394 | 438 | 205 | 625 | 255 | 473 | 371 | 214 | 452 | 131 |
| Tekjur | 8.217 | 6.654 | 6.777 | 4.704 | 4.849 | 5.697 | 4.390 | 4.456 | 4.986 | 3.732 | 3.427 |
| Veltufé frá rekstri/tekjur | 17,0% | 5,9% | 6,5% | 4,4% | 12,9% | 4,5% | 10,8% | 8,3% | 4,3% | 12,1% | 3,8% |

*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga*

Í töflu 9 eru teknar saman upplýsingar frá árinu 2021 um tekjur, veltufé frá rekstri og hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum hjá 11 sveitarfélögum. Sveitarfélögin eru valin út frá fjölda íbúa í samanburði við fjölda íbúa Skagafjarðar, þ.e. fimm fjölmennari og fimm fámennari.

Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum var 4,5% árið 2021 hjá Skagafirði. Í samanburðinum voru þrjú sveitarfélög með lægra hlutfall en Skagafjörður. Lægst var

hlutfallið hjá Hveragerðisbæ, eða 3,8%. Þannig voru sjö af þessum sveitarfélögum með hærra hlutfall en Skagafjörður. Akraneskaupstaður var með hæsta hlutfallið eða 17%. Akraneskaupstaður, Vestmannaeyjabær og Grindavíkurbær skera sig nokkuð úr með hátt hlutfall. Þessi sveitarfélög eiga það öll sameiginlegt að vera ekki fjölkjarna- og dreifð sveitarfélög.

*Tafla 10: Veltufé frá rekstri, tekjur og hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum (A- og B-hluta) samanburðarsveitarfélaga Skagafjarðar fyrir árið 2021, í milljónum króna*

| | Akranes-kaupstaður | Fjarða-byggð | Múla-þing | Seltjarnar-nesbær | Vestmanna-eyjabær | Skaga-fjörður | Borgar-byggð | Suður-nesjabær | Ísafjarðar-bær | Grinda-víkurbær | Hvera-gerðisbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi íbúa | 7.997 | 5.262 | 5.208 | 4.674 | 4.523 | 4.306 | 4.090 | 3.925 | 3.864 | 3.669 | 3.196 |
| Veltufé frá rekstri | 1.519 | 1.314 | 1.070 | 353 | 1.166 | 458 | 528 | 462 | 449 | 693 | 134 |
| Tekjur | 9.424 | 8.746 | 7.860 | 5.030 | 7.525 | 6.702 | 4.908 | 4.689 | 5.737 | 4.153 | 3.520 |
| Veltufé frá rekstri/tekjur | 16,1% | 15,0% | 13,6% | 7,0% | 15,5% | 6,8% | 10,8% | 9,9% | 7,8% | 16,7% | 3,8% |

*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga*

Í töflu 10 er að finna upplýsingar um veltufé frá rekstri, tekjur og hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum fyrir A- og B-hluta samtals hjá samanburðarsveitarfélögunum árið 2021.

Hlutfall veltufjár af tekjum A- og B-hluta Skagafjarðar var 6,8% árið 2021. Einungis eitt sveitarfélag var með hlutfallið lægra, þ.e. Hveragerðisbær þar sem hlutfallið var 3,8%.

Eins og hér að framan var hlutfallið hæst hjá Akraneskaupstað, eða 16,1%. Níu sveitarfélög af samanburðarsveitarfélögunum voru með hlutfallið hærra en Skagafjörður. Af þessum 11 sveitarfélögum voru sex með hlutfallið hærra en 10%.

Veltufé frá rekstri lýsir vel getu sveitarfélags til að standa undir öllum útgjöldum, skuldbindingum og framtíðar uppbyggingu þess. Það er góð og ábyrg fjármálastjórn að marka stefnu til framtíðar um hvert hlutfall veltufjár af rekstrartekjum á að vera, til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði og uppbyggingu sveitarfélags til framtíðar litið.

*Tafla 11: Samantekið sjóðstreymisyfirlit hjá Skagafirði, A-hluta, árin 2012 til 2022 á verðlagi hvers árs, í milljónum króna*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veltufé frá rekstri | 122 | 214 | 150 | 87 | 308 | 193 | 351 | 420 | 251 | 255 | 486 | 2.837 |
| Breytingar á skammtímaliðum | 123 | 474 | -517 | -10 | 92 | -4 | -511 | -180 | 119 | 144 | -145 | -415 |
| Afborganir langtímalána | -185 | -271 | -259 | -285 | -532 | -310 | -333 | -337 | -308 | -834 | -479 | -4.133 |
| Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum | -261 | -605 | -360 | -229 | -260 | -222 | -740 | -491 | -524 | -568 | -633 | -4.893 |
| **Samtals til fjármögnunar** | **-201** | **-188** | **-986** | **-437** | **-392** | **-343** | **-1.233** | **-588** | **-462** | **-1.003** | **-771** | **-6.604** |
| Sala og eignabreytingar | 26 | 26 | -2 | 16 | 75 | 55 | 16 | 1 | -28 | 6 | -122 | 69 |
| Lántökur | 194 | 265 | 907 | 257 | 515 | 285 | 1.101 | 363 | 629 | 1168 | 570 | 6.254 |
| Aðrar fjármögnunar hreyfingar | -67 | -65 | 20 | 156 | -49 | 68 | 45 | 160 | -18 | -140 | -59 | 51 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **-48** | **38** | **-61** | **-8** | **149** | **65** | **-71** | **-64** | **121** | **31** | **-382** | **-230** |
| Veltufé frá rekstri - afborganir | -63 | -57 | -109 | -198 | -224 | -117 | 18 | 83 | -57 | -579 | 7 | -1.296 |

*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur Skagafjarðar 2022*

Tafla 11 sýnir samandregið yfirlit yfir sjóðstreymi hjá Skagafirði, A-hluta, árin 2012 til 2022 á verðlagi hvers árs í millj. kr.

Frá árinu 2012 til ársins 2022 var veltufé frá rekstri, A-hluta, samtals 2,8 ma. kr. á verðlagi hvers árs. Afborganir langtímalána voru á sama tímabili 4,1 ma. kr. á verðlagi hvers árs. Þannig voru afborganir umfram veltufé frá rekstri samtals 1,3 ma. kr. Á árunum 2012 til 2022 dugði veltufé frá rekstri fyrir afborgunum einungis árin 2018, 2019 og 2022. Öll hin árin voru afborganir af lánum hærri en veltufé frá rekstri og rúmlega það. Mestur var munurinn árið 2021, eða 579 millj. kr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu voru samtals 4,9 ma. kr. á verðlagi hvers árs. Þegar breytingar á skammtímaliðum, afborganir og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru dregnar frá veltufé frá rekstri var fjárvöntunin á tímabilinu samtals 6,6 ma. kr., sem var fjármögnuð með lántökum að upphæð 6,3 ma. kr. og sölu eigna að upphæð nettó 69 millj. kr. og með öðrum fjármögnunarhreyfingum samtals að upphæð 51 millj. kr.

*Tafla 12: Samantekið sjóðstreymisyfirlit hjá Skagafirði, A- og B-hluta, árin 2012 til 2022 á verðlagi hvers árs, í milljónum króna*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veltufé frá rekstri | 321 | 529 | 427 | 275 | 551 | 443 | 611 | 667 | 520 | 458 | 860 | 5.662 |
| Breytingar á skammtímaliðum | 141 | 411 | -510 | -11 | 82 | 0 | -537 | -186 | 153 | 150 | -196 | -503 |
| Afborganir langtímalána | -508 | -563 | -525 | -358 | -706 | -400 | -421 | -423 | -412 | -919 | -643 | -5.878 |
| Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármuonum | -415 | -818 | -482 | -366 | -432 | -339 | -808 | -578 | -689 | -834 | -967 | -6.728 |
| **Samtals til fjármögnunar** | **-461** | **-441** | **-1.090** | **-460** | **-505** | **-296** | **-1.155** | **-520** | **-428** | **-1.145** | **-946** | **-7.447** |
| Sala og eignabreytingar | 32 | 98 | 11 | 15 | 207 | 73 | 49 | 15 | -26 | 48 | -90 | 432 |
| Lántökur | 451 | 365 | 1.011 | 334 | 665 | 345 | 1.101 | 423 | 714 | 1.318 | 599 | 7.326 |
| Aðrar fjármögnunar hreyfingar | -34 | -22 | 7 | 106 | -217 | -55 | -64 | 11 | -53 | -184 | 24 | -481 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **-12** | **0** | **-61** | **-5** | **150** | **67** | **-69** | **-71** | **207** | **37** | **-413** | **-170** |
| | | | | | | | | | | | | 0 |
| Veltufé frá rekstri - afborganir | -187 | -34 | -98 | -83 | -155 | 43 | 190 | 244 | 108 | -461 | 217 | -216 |

*Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur Skagafjarðar 2022*

Tafla 12 sýnir samandregið yfirlit yfir sjóðstreymi hjá Skagafirði, A- og B-hluta, árin 2012 til 2022 á verðlagi hvers árs í millj. kr.

Frá árinu 2012 til ársins 2022 var veltufé frá rekstri, A-hluta, samtals 5,7 ma. kr. á verðlagi hvers árs. Afborganir langtímalána voru á sama tímabili 5,9 ma. kr. á verðlagi hvers árs. Þannig voru afborganir umfram veltufé frá rekstri samtals 216 millj. kr. Á árunum 2017 til 2020 og 2022 dugði veltufé frá rekstri fyrir afborgunum og rúmlega það. Önnur ár vantaði þar nokkuð upp á. Mest árið 2021, eða 461 millj. kr. Það ár var verið að skuldbreyta lánum, sem skýrir miklar lántökur og afborganir.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu voru samtals 6,7 ma. kr. á verðlagi hvers árs. Þegar breytingar á skammtímaliðum, afborganir og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru dregnar frá veltufé frá rekstri var fjárvöntunin á tímabilinu samtals 7,4 ma. kr., sem var að mestu leyti fjármögnuð með lántökum að upphæð 7,3 ma. kr.

## Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun endurspeglar m.a. stefnu sveitarstjórnar í málaflokkum sveitarfélagsins. Áætlunin er m.a. aðgerðaráætlun sveitarstjórnar, sem starfsfólk sveitarfélagsins ber að fara eftir, og er í raun eitt af stjórntækjum sveitarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum. Fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið, stefna og áætlun heldur er um að ræða hreina fjárheimild sem hver og einn málaflokkur hefur.

Nokkrir lykilþættir þess að fjárhagsáætlun ganga eftir er að virkja kostnaðarvitund stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins, fylgst sé vel með þróun raunútgjalda við fjárhagsáætlun og að stjórnendur taki þátt í gerð fjárhagsáætlana. Þá gefst stjórnendum tækifæri til að meta fjármögnunarþörf viðkomandi rekstrareiningar og geta þar með lagt mat á hvort áætlað fjármagn dugi fyrir þeim rekstri sem þeir bera ábyrgð á.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er fjallað um fjárhagsáætlanir og þar kemur eftirfarandi fram í 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlanir:

> *„Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta skv. 60. gr. Skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til. sbr. nánari fyrirmæli í 63. gr.“*

Í 63 gr. er einnig fjallað um bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins og hljóðar greinin í heild sinni sem hér segir:

> *„Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlanir næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.*
>
> *Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga, eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslu milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.*
>
> *Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.*

*Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.“*

Eins og lesa má úr lagagreinunum hér að framan er lögð rík áhersla á að fjárhagsáætlun er *„bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins“* og *„aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt fjárframlaga eða annarra fyrirgreiðslu sveitfélags á fjárhagsáætlun“* og *„óheimilt er að víka frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitastjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina.“*

Nauðsynlegt er að fá samþykki sveitarstjórnar, með viðauka við fjárhagsáætlun, ef ákvörðun um ráðstöfun fjármuna, svo sem nýrra tekna, útgjalda og fjárfestingar kemur ekki fram í fjárhagsáætlun.

*Tafla 13: Rauntölur rekstrar og áætlun með viðaukum Skagafjarðar, A- og B- hluti í milljónum króna árið 2022*

| | Ársreikningur | Áætlun 2022 með viðauka | Mismunur (+innan fjárheimildar) | Rauntölur sem hlutfall af fjárheimild |
|---|---|---|---|---|
| **A-hluti** | | | | |
| Félagsþjónusta | -1.125 | -1.091 | -34 | 103,1% |
| Heilbrigðismál | -10 | -11 | 1 | 90,9% |
| Fræðus- og uppeldismál | -2.630 | -2.555 | -75 | 102,9% |
| Menningarmál | -191 | -230 | 39 | 83,0% |
| Æskulýðs- og íþróttamál | -585 | -608 | 23 | 96,2% |
| Brunamál og almannavarnir | -103 | -117 | 14 | 88,0% |
| Hreinlætismál | -61 | -46 | -15 | 132,6% |
| skipulags- og byggingarmál | -110 | -88 | -22 | 125,0% |
| Umferðar- og samgöngumál | -181 | -161 | -20 | 112,4% |
| Umhverfismál | -120 | -122 | 2 | 98,4% |
| Atvinnumál | -109 | -112 | 3 | 97,3% |
| Sameiginlegur kostnaður | -351 | -358 | 7 | 98,0% |
| Breyting lífeyrisskuldbindagar og framlag vegna A deildar Brúar | -152 | -82 | -70 | 185,4% |
| Eignasjóður | -246 | -154 | -92 | 159,7% |
| **Málaflokkar samtals, nettó** | **-5.974** | **-5.735** | **-239** | **104,2%** |
| Fjármagnstekjur og fjármagagnsgjöld | 59 | 69 | -10 | 85,5% |
| **Gjöld samtals nettó** | **-5.915** | **-5.666** | **-249** | **104,4%** |
| Skatttekjur | 5.705 | 5.336 | 369 | 106,9% |
| **A-hluti samtals** | **-210** | **-330** | **120** | **63,6%** |
| **B-hluta fyrirtæki** | | | | |
| Hafnarsjóður | 17 | 36 | -19 | 47,2% |
| Vatnsveita | 36 | 21 | 15 | 171,4% |
| Sjóveita | -2 | -2 | 0 | 100,0% |
| Hitaveita | 3 | 0 | 3 | 1500,0% |
| Fráveita | 62 | 62 | 0 | 100,0% |
| Félagslegar íbúir | 4 | 47 | -43 | 8,5% |
| Tímatákn ehf. | 0 | 0 | -0 | 50,0% |
| Flokka ehf. | 1 | 1 | 0 | 166,7% |
| Eyvindarstaðaheiði ehf. | -2 | 2 | -4 | -100,0% |
| Samstarfsverkefni B-hluta | 35 | -11 | 46 | -318,2% |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu | 1 | 0 | 1 | |
| **B-hluti samtals** | **155** | **156** | **-2** | **99,0%** |
| **Samtals A- og B-hluti** | **-55** | **-174** | **119** | **31,8%** |

Heimild: Ársreikningur Skagafjarðar 2022

Tafla 13 sýnir rauntölur rekstrar Skagafjarðar árið 2022 til samanburðar við fjárhagsáætlun með viðaukum í millj. kr.

Samtals var rekstrarniðurstaða málaflokka A-hluta 239 millj. kr. umfram fjárheimildir (fjárhagsáætlun með viðaukum). A-hluti samtals var 120 millj. kr. innan fjárheimilda. Skatttekjur voru 369 millj. kr. hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Þeir málaflokkar sem voru umfram fjárheimildir fóru samtals 328 millj. kr. umfram. Þar af munar mest um eignasjóð, fræðslu- og uppeldismál og breytingar á lífeyrisskuldbindingum sem fóru í krónum talið mest umfram fjárheimild. Fræðslu- og uppeldismál fóru 75 millj. kr. umfram fjárheimild sem er 2,9% af fjárhagsáætlun.

Þeir málaflokkar sem voru með útgjöld undir fjárheimildum voru samtals 89 millj. kr. undir fjárheimildum.

Skatttekjur voru 369 millj. kr. umfram fjárhagsáætlun eins og áður sagði.

B-hluta fyrirtæki voru samtals nokkurn veginn á fjárhagsáætlun.

Rekstrarafkoma Samtals fyrir A- og B-hluta var 119 millj. kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

| | Fjöldi viðauka | | |
|---|---|---|---|
| Ár | Sv. Skagafjörður | Skagafjörður | Akrahreppur |
| 2018 | 6 | | |
| 2019 | 10 | | |
| 2020 | 10 | | |
| 2021 | 10 | | |
| 2022 | 2 | 4 | 1 |

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra voru samþykktir fjórir viðaukar við fjárhagsáætlun árið 2022 hjá Skagafirði (sameinuðu sveitarfélagi), tveir hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður og einn hjá Akrahreppi. Hér til hliðar er að finna fjölda viðauka sem voru samþykktir við fjárhagsáætlun frá árinu 2018 til 2022.

Fjallað er í 76. gr. sveitarstjórnarlaga um að viðauka, sem sveitarstjórn samþykkir, eigi að tilkynna til ráðuneytisins/Hagstofunnar innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra.

Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra voru allir viðaukar Sveitarfélagsins Skagafjarðar sendir til ráðuneytisins/Hagstofunnar í samræmi við 76. gr. sveitarstjórnarlaga og 4. viðauki Skagafjarðar. Ástæðan fyrir því er að viðauki 1 til 3 hjá var ekki sendur er að Skagafjörður (sameinað sveitarfélag) fékk ekki nýjan aðgang að skilagátt fyrir nýja sveitarfélagið fyrr en 19. desember 2022 þrátt fyrir að Hagstofan hafi verið beðin um það í júní 2022.

*Mynd 17: Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði hjá Skagafirði árin 2012 til 2022, A-hluti og A- og B-hluti samtals, á verðlagi hvers árs í þúsundum króna*




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Mynd 17 sýnir rekstrarniðurstöður, A-hluta og A- og B-hluta samtals, fyrir óreglulega liði hjá Skagafirði árin 2012 til 2022 á verðlagi hvers árs í þús. kr.

Einungis fjögur ár af 11 skiluðu jákvæðri rekstrarniðurstöðu A-hluta fyrir óreglulega liði. Samtals var rekstrarniðurstaðan á tímabilinu neikvæð um 839 millj. kr. á verðlagi hvers árs fyrir A-hluta.

Átta ár gáfu jákvæða rekstrarniðurstöðu A- og B-hluta samtals og voru því þrjú ár á tímabilinu sem skila neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Samtals var rekstrarniðurstaðan á tímabilinu jákvæð um 639 millj. kr. á verðlagi hvers árs fyrir A- og B-hluta samtals.

Mestur var hallinn árið 2021 bæði fyrir A-hluta og A- og B-hluta samtals, eða 511 millj. kr. fyrir A- hluta og 479 millj. kr. fyrir A- og B-hluta. Rétt er að fram komi að árið 2021 var gerð breyting á útreikningi lífeyrisskuldbindinga sveitarfélaga sem jók á kostnaðinn og skýrir a.m.k. að hluta hallarekstur árið 2021.

*Mynd 18: Rekstrarafkoma Skagafjarðar með óreglulegum liðum árin 2012 til 2022, A-hluti og A- og B-hluti samtals, á verðlagi hvers árs í þúsundum króna*




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Mynd 18 sýnir rekstrarafkomu Skagafjarðar en nú með óreglulegum liðum.

Áhrifin af þessu eru ekki mikil fyrir A-hluta. Óreglulegir liðir voru einungis á árinu 2013, þá sem gjaldaaukning, og árið 2021 þegar óreglulegar tekjur voru 94 millj. kr. og drógu því úr hallarekstri A-hluta það ár sem því nam. Hins vegar voru færð á óreglulega liði ýmist tekjur eða gjöld hjá A- og B-hluta samtals öll árin, sem hafði þá áhrif á rekstrarniðurstöðuna öll árin.

Fjármálareglan varðandi rekstrarafkomu segir að þar má ekki telja með óreglulegar tekjur.

*Mynd 19: Fjöldi sveitarfélaga sem voru með hallarekstur og hlutfall þeirra af heildarfjölda sveitarfélaga árin 2002 til 2021 sem skiluðu ársreikningum tímanlega til Sambands íslenskra sveitarfélaga, A- og B-hluti*




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Mynd 19 sýnir fjölda sveitarfélaga sem voru með hallarekstur á árunum 2002 til 2021, og hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga, sem skiluðu ársreikningum tímanlega, línurit.

Eins og mynd 19 sýnir var tala sveitarfélaga, sem rekin voru með halla, um og yfir 40 á árunum fyrir 2012 með einni undantekningu árið 2007. Einnig hefur hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga á þessum tímabili verið um og yfir 40%. Fór hæst í 74% árið 2003. Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á s.l. árum hvað rekstrarafkomu sveitarfélaga varðar, þar sem sveitarfélögum með neikvæða afkomu hefur farið fækkandi frá og með árinu 2012 með undantekningu árið 2015 og árin 2020 og 2021.

Mikil breyting varð á milli áranna 2019, þegar 9 sveitarfélög voru með hallarekstur, og 2020, þegar fjöldi þeirra var kominn í 29. Það fjölgar enn árið 2021 hjá sveitarfélögum með hallarekstur en það ár var fjöldinn orðinn 36 og 52% af sveitarfélögunum. Óneitanlega minnir þetta nokkuð á árin fyrir 2012.

Ein af þeim ráðstöfunum sem gripið var til vegna COVID var að með lögum nr. 25/2020 var sveitarfélögum heimilað að víkja frá skilyrðum 1. og 2. töluliðar 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 varðandi jákvæða rekstrarafkomu og skuldahlutfall sveitarfélaga árin 2020 til og með 2022. Síðan með lögunum nr. 22/2021 var þetta

bráðabirgða ákvæði framlengt til ársins 2025.

Það má velta upp þeirri spurningu hvort sá mikli hallarekstur sem sveitarfélögin mörg hver eru nú að glíma við sé afleiðing af COVID eða af öðrum ástæðum. Það er mat skýrsluhöfunda að hallareksturinn sé ekki að rekja til afleiðinga af COVID nema þá að litlu leyti. Vegna þess er varað við áframhaldandi hallarekstri án þess að gripið verði til aðgerða. Ef ekkert verður að gert má ætla að lítið breytist eftir árið 2025.

Skagafjörður var með hallarekstur í 11 ár á þessu 20 ára tímabili.  Rauðu súlurnar sýna ár þar sem Skagafjörður var með hallarekstur.

Fyrir árið 2012 var hallarekstur öll árin nema 2007. Frá og með árinu 2012 var hallarekstur 2015 og 2021. Hin árin (samtals 8 ár) var afkoman jákvæð.

Fyrri hluta ársins 2012 framkvæmdi HLH úttekt á rekstri og stjórnsýslu Skagafjarðar ásamt gerð tillagna til úrbóta. Sambærileg úttekt fer nú fram með þessari skýrslu.

## Tekjur

Í kaflanum verður farið yfir tekjur Skagafjarðar og þróun þeirra frá árinu 2012 til 2022. Gerður er samanburður á tekjum 10 annarra sveitarfélaga og er stuðst við fimm fjölmennari og fimm fámennari sveitarfélög. Miðað er við íbúafjölda og þá þau sveitarfélög sem eru næst Skagafirði hvað fjölda íbúa varðar.

*Tafla 14: Skatttekjur samtals á hvern íbúa í þúsundum króna í samanburðarsveitarfélögum árin 2012 til 2021*

| | Íbúafjöldi janúar 2021 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Hækkun á milli áranna 2012 og 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akraneskaupstaður | 7.997 | 534 | 576 | 611 | 640 | 704 | 757 | 820 | 841 | 833 | 934 | 75% |
| Fjarðabyggð | 5.262 | 661 | 694 | 727 | 801 | 838 | 901 | 1.015 | 1.088 | 1.075 | 1.140 | 72% |
| Múlaþing | 5.208 | | | | | | | | | 1.070 | 1.173 | |
| Seltjarnarnesbær | 4.674 | 520 | 557 | 581 | 585 | 642 | 714 | 765 | 780 | 810 | 861 | 65% |
| Vestmannaeyjabær | 4.523 | 609 | 621 | 614 | 674 | 718 | 761 | 813 | 861 | 893 | 958 | 57% |
| Skagafjörður | 4.306 | 588 | 644 | 668 | 719 | 904 | 950 | 994 | 1.086 | 1.122 | 1.171 | 99% |
| Borgarbyggð | 4.090 | 605 | 635 | 678 | 755 | 833 | 891 | 944 | 964 | 999 | 1.035 | 71% |
| Suðurnesjabær | 3.925 | | | | | | | 926 | 934 | 1.000 | 1.044 | |
| Ísafjarðarbær | 3.864 | 586 | 661 | 643 | 731 | 818 | 813 | 866 | 943 | 943 | 1.004 | 71% |
| Grindavíkurbær | 3.669 | 574 | 617 | 641 | 683 | 751 | 778 | 821 | 869 | 883 | 967 | 69% |
| Hveragerðisbær | 3.196 | 561 | 585 | 613 | 664 | 739 | 777 | 817 | 861 | 892 | 888 | 58% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 14 sýnir heildarskatttekjur á hvern íbúa á verðlagi hvers árs í þús. kr. hjá samanburðarsveitarfélögum á árunum 2012 til 2021.

Árið 2012 og fram til ársins 2015 voru tvö eða þrjú af samanburðarsveitarfélögunum með skatttekjur samtals á hvern íbúa hærri en Skagafjörður. Síðan var Skagafjörður með hæstu skatttekjur á hvern íbúa af þessum sveitarfélögum árin 2016, 2017 og 2020. Árin 2018, 2019 og 2021 var eitt sveitarfélag hvert ár með hærri skatttekjur.

Frá árinu 2012 til 2021 jukust skatttekjur á hvern íbúa Skagafjarðar um 99%. Næst var hlutfallsleg hækkun hjá Akraneskaupstað, eða 75%. Hlutfallsleg hækkun var lægst hjá Vestmannaeyjabæ þar sem hún var 57%. Þannig hækkuðu skatttekjur hlutfallslega hjá Skagafirði nokkru meira en hjá samanburðarsveitarfélögunum.

*Tafla 15: Sundurliðun skatttekna í þúsundum króna á hvern íbúa hjá samanburðarsveitar-félögunum árið 2021*

| | Akranes-kaupstaður | Fjarða-byggð | Múla-þing | Seltjarnar-nesbær | Vestmannaeyja-bær | Skaga-fjörður | Borgar-byggð | Suður-nesjabær | Ísafjarðar-bær | Grinda-víkurbær | Hvera-gerðisbær | Meðaltal saman-burðarsveitarfélaga | Meðaltal öll sveitarfélög |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Útsvar | 637 | 731 | 629 | 705 | 691 | 614 | 576 | 546 | 631 | 591 | 573 | 639 | 643 |
| Fasteignaskattur | 81 | 178 | 123 | 74 | 92 | 133 | 140 | 229 | 98 | 135 | 114 | 124 | 141 |
| Frmalag úr Jöfnunarsjóði | 210 | 213 | 411 | 74 | 153 | 399 | 295 | 256 | 254 | 220 | 182 | 242 | 131 |
| Aðrar tekjur með skattígildi | 7 | 18 | 11 | 8 | 22 | 24 | 24 | 13 | 22 | 21 | 19 | 16 | 16 |
| **Skatttekjur alls** | **934** | **1.140** | **1.173** | **861** | **958** | **1.171** | **1.035** | **1.044** | **1.004** | **967** | **888** | **1.022** | **932** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 15 sýnir skiptingu skatttekna eftir skattstofni á hvern íbúa hjá samanburðar-sveitarfélögum árið 2021. Þar sem skatttekjur á hvern íbúa voru hærri en í Skagafirði eru þær tölur með rauðu letri.

Útsvarstekjur á hvern íbúa voru hæstar hjá Fjarðarbyggð af samanburðarsveitarfélögunum, eða 731 þúsund krónur á hvern íbúa, en Skagafjörður var með sjöundur hæstu útsvartekjurnar á hvern íbúa eða 614 þús. kr. Útsvarstekjur á hvern íbúa á landinu öllu voru 643 þús. kr. en hjá samanburðarsveitarfélögunum voru meðalútsvarstekjur á hvern íbúa 639 þús. kr.  Þannig voru útsvarstekjur á hvern íbúa hjá Skagafirði lægri en meðaltalið fyrir samanburðarsveitarfélögin og landið allt.

Fjögur sveitarfélög af samanburðarsveitarfélögunum voru með hærri fasteignaskatt á hvern íbúa en Skagafjörður. Fasteignaskattur á hvern íbúa var 133 þús. kr. hjá Skagafirði samanborið við 124 þús. kr. sem var meðaltalið fyrir samanburðarsveitarfélögin og 141 þús. kr. fyrir landið allt.

Einungis eitt sveitarfélag var með hærri framlög á hvern íbúa frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en Skagafjörður, þ.e. Múlaþing sem var með 411 þús. kr. samanborið við 399 þús. kr. hjá Skagafirði. Meðaltalið fyrir öll samanburðarsveitarfélögin var 242 þús. kr. og 131 þúsund kr. fyrir landið allt.

Eins kom fram hér að framan var eitt sveitarfélag af samanburðarsveitarfélögunum með hærri skatttekjur samtals en Skagafjörður. Það var Múlaþing sem var með 1.173 þús. kr. samanborið við 1.171 þús. kr. hjá Skagafirði. Meðaltalið fyrir samanburðarsveitarfélögin var 1.022 og landið allt 932 þús. kr.

*Tafla 16: Framlög í þúsundum króna til samanburðarsveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2021 önnur en vegna málefa fatlaðs fólks*

| | Akranes-kaupstaður | Fjarða-byggð | Múlaþing | Seltjarnar-nesbær | Vestmannaeyja-bær | Skaga-fjörður | Borgar-byggð | Suður-nesjabær | Ísafjarðar-bær | Grinda-víkurbær | Hvera-gerðisbær | Samtals saman-burðar-sveitarfélög | Samtals öll sveitar-félög |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| íbúafjöldi 1. janúar 2021 | 7.697 | 5.079 | 5.020 | 4.715 | 4.347 | 4.084 | 3.758 | 3.649 | 3.794 | 3.539 | 2.778 | 48.460 | 368.792 |
| **Framlög vegna:** | | | | | | | | | | | | | |
| Sameiningar sveitarfélaga | | 70.525 | | | | | | 88.540 | | | | 159.065 | 535.801 |
| Fjárhagserfiðleika | | | 2.500 | | | | | | | | | 2.500 | 41.046 |
| Sérstakra verkefna | | | | | | | | | 1.110 | | | 1.110 | 42.000 |
| Tekjujöfnunar | | | 21.981 | | | | | | | | 14.645 | 36.626 | 1.400.000 |
| Útgjaldajöfnunar | 441.721 | 229.448 | 713.301 | 166.471 | 366.982 | 589.300 | 543.505 | 430.553 | 505.364 | 398.731 | 329.634 | 4.715.010 | 11.599.999 |
| Reksturs grunnskóla | 324.050 | 369.349 | 428.261 | | 7.559 | 251.662 | 280.473 | 313.176 | 173.212 | 174.542 | 59.696 | 2.381.980 | 9.964.919 |
| Sérþarfa fatlaðra nemenda | 54.550 | 41.100 | 33.050 | 10.650 | 23.500 | 14.550 | 23.700 | 25.950 | 21.000 | 24.300 | 8.750 | 281.100 | 2.782.235 |
| Nemenda með íslensku sem annað tungumál | 10.800 | 19.500 | 9.450 | 4.650 | 8.250 | 3.900 | 7.950 | 11.250 | 6.300 | 10.350 | 5.400 | 97.800 | 477.770 |
| Skólabúða á Reykjum | | | | | | | | | | | | 0 | 62.056 |
| Önnur framlög | | | | | | | | | | | | 0 | 23.499 |
| Jöfnunar fasteignaskattstekna | 99.979 | 265.166 | 251.125 | | 134.471 | 204.195 | 184.973 | 88.703 | 245.753 | 60.066 | 50.956 | 1.585.387 | 4.600.321 |
| Eflingar tónlistarnámi | 9.749 | 650 | 5.442 | 3.599 | 4.081 | 1.439 | 937 | 1.131 | 22.297 | 1.347 | | 50.672 | 585.963 |
| **Samtals** | **940.849** | **995.738** | **1.465.110** | **185.370** | **544.843** | **1.065.046** | **1.041.538** | **959.303** | **975.036** | **669.336** | **469.081** | **9.311.250** | **32.115.609** |

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitfélaga

Tafla 16 sýnir framlög í þús.kr. til samanburðarsveitarfélaga árið 2021 frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ekki eru talin með framlög vegna málefna fatlaðs fólks.

Af samanburðarsveitarfélögunum er eitt með hærri framlög samtals en Skagafjörður. Það er Múlaþing, sem fékk samtals 1.465 millj. kr. samanborið við að Skagafjörður fékk 1.065 millj. kr.

*Tafla 17: Framlög á hvern íbúa í þúsundum króna til samanburðarsveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2021 önnur en vegna málefna fatlaðs fólks*

| | Akranes-kaupstaður | Fjarða-byggð | Múlaþing | Seltjarnar-nesbær | Vestmannaeyja-bær | Skaga-fjörður | Borgar-byggð | Suður-nesjabær | Ísafjarðar-bær | Grinda-víkurbær | Hvera-gerðisbær | Samtals saman-burðar-sveitarfélög | Samtals öll sveitar-félög |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| íbúafjöldi 1. janúar 2021 | 7.697 | 5.079 | 5.020 | 4.715 | 4.347 | 4.084 | 3.758 | 3.649 | 3.794 | 3.539 | 2.778 | 48.460 | 368.792 |
| **Framlög vegna:** | | | | | | | | | | | | | |
| Sameiningar sveitarfélaga | | 14 | | | | | | 24 | | | | 3 | 1 |
| Fjárhagserfiðleika | | | | | | | | | | | | | 0,1 |
| Sérstakra verkefna | | | | | | | | | | | | | 0,1 |
| Tekjujöfnunar | | | 4 | | | | | | | | | 1 | 4 |
| Útgjaldajöfnunar | 57 | 45 | 142 | 35 | 84 | 144 | 145 | 118 | 133 | 113 | 119 | 97 | 31 |
| Reksturs grunnskóla | 42 | 73 | 85 | | 2 | 62 | 75 | 86 | 46 | 49 | 21 | 49 | 27 |
| Sérþarfa fatlaðra nemenda | 7 | 8 | 7 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 6 | 7 | 3 | 6 | 8 |
| Nemenda með íslensku sem annað tungumál | 1 | 4 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 3 | 2 | 3 | 2 | 2 | 1 |
| Skólabúða á Reykjum | | | | | | | | | | | | | 0,2 |
| Önnur framlög | | | | | | | | | | | | | 0,1 |
| Jöfnunar fasteignaskattstekna | 13 | 52 | 50 | | 31 | 50 | 49 | 24 | 65 | 17 | 18 | 33 | 12 |
| Eflingar tónlistarnámi | 1 | | 1 | 1 | 1 | | | | | | | 1 | 2 |
| **Samtals** | **122** | **196** | **292** | **39** | **125** | **261** | **277** | **263** | **257** | **189** | **169** | **192** | **87** |

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitfélaga

Tafla 17 sýnir sömu framlög og fram koma í töflu 16 en framlögunum deilt niður á íbúa samanburðarsveitarfélaga, fjárhæðir eru í þús. kr. Miðað er við fjölda íbúa í janúar 2021. Til viðbótar má sjá meðal framlög á hvern íbúa samtals í samanburðarsveitarfélögum og fyrir landið allt.

Seltjarnarnesbær fékk lægsta framlagið á hvern íbúa, eða 39 þús. kr. Þar á eftir kemur Akraneskaupstaður með 122 þús. kr. á hvern íbúa. Hæsta framlagið á hvern íbúa var hjá Múlaþingi með 292 þús. kr. á hvern íbúa, þar á eftir kemur Borgarbyggð með 277 þús. kr. á hvern íbúa. Skagafjörður var með fjórða hæsta framlagið meðal samanburðarsveitar-félaganna, eða 261 þús. kr. á hvern íbúa.

Þau framlög sem gáfu mest til Skagafjarðar voru útgjaldajöfnunarframlag, jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunar fasteignaskatts.

### *Tafla 18: Útsvar, fasteignaskattur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögunum árið 2021*

| | Akranes-kaupstaður | Fjarða-byggð | Múla-þing | Seltjarnar-nesbær | Vestmannaeyja-bær | Skaga-fjörður | Borgar-byggð | Suður-nesjabær | Ísafjarðar-bær | Grinda-víkurbær | Hvera-gerðisbær | Meðaltal saman-burðarsveitarfélög | Meðaltal öll sveitarfélög |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| íbúafjöldi 1. janúar 2018 | 7.697 | 5.079 | 5.020 | 4.715 | 4.347 | 4.084 | 3.758 | 3.649 | 3.794 | 3.539 | 2.778 | 48.460 | 368.792 |
| Útsvar | 637 | 731 | 629 | 705 | 691 | 614 | 576 | 546 | 631 | 591 | 573 | 639 | 643 |
| Tekjujöfnunarframlag | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 1 | 4 |
| **Samtals** | **637** | **731** | **633** | **705** | **691** | **614** | **576** | **546** | **631** | **591** | **579** | **640** | **647** |
| Fasteignaskattur | 81 | 178 | 123 | 74 | 92 | 133 | 140 | 229 | 98 | 135 | 114 | 124 | 141 |
| Framlög vegna jöfnunar fasteignaskatttstekna | 13 | 52 | 50 | 0 | 31 | 50 | 49 | 24 | 65 | 17 | 18 | 33 | 12 |
| **Samtals** | **94** | **230** | **173** | **74** | **123** | **183** | **189** | **253** | **162** | **152** | **132** | **156** | **153** |
| **Samtals alls** | **731** | **961** | **806** | **779** | **815** | **797** | **765** | **800** | **793** | **743** | **711** | **797** | **800** |
| Mismunur við Skagafjörð | 66 | -163 | -8 | 18 | -17 | 0 | 32 | -2 | 4 | 54 | 86 | 1 | -3 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóður sveitfélaga

Tafla 18 sýnir útsvarstekjur, fasteignaskattstekjur og tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2021 á hvern íbúa hjá samanburðarsveitarfélögum.

Á meðal samanburðarsveitarfélaga voru fjögur sveitarfélög með hærri tekjur á hvern íbúa en Skagafjörður þegar samtala útsvars og fasteignaskatts með tekjujöfnunarframlagi og framlagi til jöfnunar fasteignaskatts eru borin saman.

Það vekur athygli í samanburðinum að Suðurnesjabær og Fjarðabyggð voru með hæstu tekjurnar á hvern íbúa vegna fasteignaskatts og fengu að auki hátt framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna.

### *Tafla 19: Skattaálagningarhlutfall hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2021*

| | Akranes-kaupstaðu | Fjarða-byggð | Múlaþing | Seltjarnar-nesbær | Vestmannaeyja-bær | Skaga-fjörður | Borgar-byggð | Suður-nesjabær | Ísafjarðar-bær | Grinda-víkurbær | Hvera-gerðisbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Álagning útsvars | 14,52% | 14,52% | 14,52% | 13,70% | 14,46% | 14,52% | 14,52% | 14,52% | 14,52% | 14,40% | 14,52% |
| Fasteignaskattur, A-flokkur, íbúðarhúsnæði | 0,2514% | 0,500% | 0,500% | 0,175% | 0,291% | 0,475% | 0,360% | 0,295% | 0,560% | 0,270% | 0,415% |
| B-flokkur, opinberar stofnanir | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% |
| C-flokkur, verslunar og iðnaðarhúsnæði | 1,400% | 1,650% | 1,650% | 1,1875% | 1,550% | 1,650% | 1,390% | 1,650% | 1,650% | 1,450% | 1,480% |
| Lóðarleiga A-flokkur | 0,3034% | 0,70% | 0,75% | 0,40% | 1,00% | 1,50% | 1,50% | 1,50% | 1,80% | 1,00% | 0,44% |
| Lóðarleiga B-flokkur | 1,199% | 3,00% | 0,75% | 1,75% | 3,50% | 2,50% | 2,00% | 1,50% | 3,00% | 1,60% | 1,50% |
| Fjöldi gjalddaga | 10 | 8 | 8 | 10 | 10 | 9 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 19 sýnir skattálagningarhlutföll samanburðarsveitarfélaga árið 2021.

Þrjú sveitarfélög í samanburðinum voru ekki með útsvarsprósentu í hámarki. Önnur sveitarfélög eru með útsvarsprósentuna í hámarki, þ.e. 14,52%, eins og var og er hjá Skagafirði.

Tvö sveitarfélög voru með fasteignaskatt, A-flokkur, í hámarki, þ.e. 0,500%. Eitt sveitarfélag, Ísafjarðarbær, var með álag á hámarkið. Önnur sveitarfélög voru með fasteignaskattinn undir hámarki, þar með talið Skagafjörður.

Ísafjarðarbær var eina sveitarfélagið í samanburðinum sem nýtir heimild til hækkunar á fasteignaskatti um allt að 25% skv. 5. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 um fasteignaskatt á

íbúðarhúsnæði. Hafa verður einnig í huga að fasteignamat er breytilegt milli landsvæða og jafnvel innan sveitarfélaga, þ.e.a.s. fasteignamat er almennt hærra á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu en t.d. á Vestfjörðum. Fasteignamat er almennt lágt á Vestfjörðum í samanburði við aðra landshluta, sem skýrir að hluta háa fasteignaskattsprósentu hjá Ísafjarðarbæ í samanburði við samanburðarsveitarfélögin, sjá [Vefkort matssvæða | Þjóðskrá Íslands (fasteignaskra.is)](https://fasteignaskra.is) til frekari skýringar.

Fimm sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögunum voru með álagningarprósentu á atvinnuhúsnæði í hámarki með hámarks álagi. Skagafjörður var eitt af þessum sveitarfélögum.

Álagningarprósenta lóðarleigu á íbúðarhúsnæði var hæst hjá Ísafjarðarbæ, eða 1,8%. Næst komu þrjú sveitarfélög með 1,50% og var Skagafjörður eitt af þeim.

Álagningarprósenta lóðarleigu á atvinnuhúsnæði var hæst hjá Vestmannaeyjabæ, eða 3,5% en 2,5% hjá Skagafirði. Eins og varðandi fasteignaskattinn segir álagningarprósentan ekki mikið þar sem fasteignamat og lóðamat, sem lagt er á, er mismunandi á milli sveitarfélaga og jafnvel innan sveitarfélaga. Getur munur á milli sveitarfélaga og innan sveitarfélaga verið nokkuð mikill.

*Tafla 20: Skattaálagningahlutfall og fasteignagjöld hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2023*

| | Akranes-kaupstaður | Fjarðabyggð | Múlaþing | Seltjarnarnes-bær | Vestmannaeyja-bær | Skaga-fjörður | Borgarbyggð | Suður-nesjabær | Ísafjarðar-bær | Grindavíkur-bær | Hveragerðis-bær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi í janúar 2023 | 7.997 | 5.262 | 5.208 | 4.674 | 4.523 | 4.306 | 4.090 | 3.925 | 3.864 | 3.669 | 3.196 |
| Álagning útsvars | 14,74% | 14,74% | 14,74% | 14,31% | 14,68% | 14,74% | 14,74% | 14,74% | 14,74% | 14,62% | 14,74% |
| Fasteignaskattur, A-liður, í % af fasteignamati | 0,2306% | 0,424% | 0,475% | 0,166% | 0,268% | 0,475% | 0,35% | 0,28% | 0,56% | 0,300% | 0,330% |
| Fasteignaskattur, B-liður, í % af fasteignamati | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% |
| Fasteignaskattur, C-liður, í % af fasteignamati | 1,3718% | 1,65% | 1,65% | 1,154% | 1,4% | 1,65% | 1,39% | 1,65% | 1,65% | 1,450% | 1,480% |
| Fráveitugjald, A-liður, % af fm. | 2) | 0,275% | 0,33% | 0,1425% | 0,20% | 0,186% | 16.247 kr./627 kr. á fm. | 0,12% | 0,15% | 0,150% | 0,145% |
| Fráveitugjald, B-liður, % af fm. | | | | | | | | | | 0,250% | |
| Fráveitugjald, B og C-liður, % af fm. | 2) | 0,275% | 0,33% | 0,1425% | 0,30% | 0,275% | | 0,10% | 0,30% | 0,200% | 0,145% |
| Vatnsgjald, A-liður, % af fm. | 2) | 5.500 kr./415 á fm | 10.156/289 kr. | 0,0855% | 2) | 0,16% | 8.443 kr./371,65 kr. á fm. | 0,16% | 0,02% | 0,045% | 0,020% |
| Vatnsgjald, B-liður, % af fm. | | | | | | | | | | 0,250% | |
| Vatnsgjald, B-og C-liður, % af fm. | 2) | 5.500 kr./415 á fm | 10.156/289 kr. | 0,0855% | 2) | 0,16% | | 0,16% | 0,30% | 0,200% | 0,170% |
| Sorphreinsigjald | 19.256 1) | 33.446 | | | 21.462 | 32.539 | | 19.887 | 37.250 | 19.887 | |
| Sorpeyðingargjald | 16.422 1) | 23.000 | | | 48.481 | 28.711 | | 32.444 | 31.500 | 32.444 | |
| Sorphreinsi- og -eyðingargjald samtals | 35.678 | 56.446 | 36.732 | 62.100 | 69.943 | 61.250 | 82.900 | 52.331 | 68.750 | 52.331 | 46.200 |
| Lóðarleiga, A-liður, % af fastm. lóðar | 16,19 kr. á fm | 0,70% | 0,75% | 0,40% | 1,50% | 1,50% | 1,50% | 1,50% | 1,50% | 0,500% | 0,440% |
| Lóðarleiga, B-liður, % af fm | 58,20 kr. á fm | 3,00% | 0,75% | 1,75% | 3,00% | 2,50% | 2,00% | 1,50% | 3,00% | 2,000% | 1,500% |
| Lóðaleiga, C-liður, %, af fm | 58,20 kr. á fm | 3,00% | 0,75% | 1,75% | 3,00% | 2,50% | 2,00% | 1,50% | 3,00% | 1,600% | 1,500% |
| Fjöldi gjalddaga | 10 | 10 | 9 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 12 | 10 | 11 |

1) Miðað við tvær tunnur.
2) Innheint af öðrum aðila.

Heimild: Vefsíður viðkomandi sveitarfélaga

Tafla 20 sýnir álagningu útsvars, fasteignaskatts, holræsagjalds, vatnsgjalds, sorphreinsi- og sorpeyðingargjalds og lóðarleigu hjá samanburðarsveitarfélögunum árið 2023. Í sumum tilfella eru upplýsingar um álagningu ekki alveg tæmandi.

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Útsvarsprósentan getur verið mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars. Samkvæmt tekjustofnalögum getur útsvarsprósentan hæst verið 14,74% en lægst 12,44%. Hámarkið var hækkað 2023 vegna aukinna útgjalda í þjónustu við fatlað fólk.

Eins og taflan sýnir eru þrjú af samanburðar sveitarfélögunum með útsvarsprósentuna ekki í hámarki árið 2023. Álagningarprósentan er lægst hjá Seltjarnarnesbæ af samanburðarsveitarfélögunum, eða 14,31%.

Fasteignaskattur, sem lagður er á fasteignamat húsnæðis og lóðar, skiptist í þrennt:

A-skattur er lagður á íbúðarhúsnæði og getur verið allt að 0,5% af fasteignamati.

B-skattur er lagður á ýmsar opinberar byggingar og er 1,32% af fasteignamati.

C-skattur er lagður á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði, sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, og getur verið allt að 1,32% af fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu A- og C-skatta um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65% með álagi.

Eins og taflan sýnir er Ísafjarðarbær eina sveitarfélagið af samanburðarsveitarfélögunum með fasteignaskatt í A-lið í hámarki með álagi. Ekkert af sveitarfélögunum er með fasteignaskatt A-lið í hámarki án álags. Í Skagafirði er álagningarprósentan (árið 2023) 0,475%.

Álagningarprósenta í B-lið er bundin í lög, 1,32%, og er því sú sama hjá öllum sveitarfélögunum. Hér er um að ræða húsnæði í eigu hins opinbera.

Álagning í C-lið getur verið allt að 1,32%. Hins vegar er sveitarfélögum heimilt að leggja allt að 25% álag á þennan tekjustofn og fara með hann í allt að 1,65%. Fimm af samanburðar sveitarfélögunum nýta sér heimild til að vera með hámarks álag ofan á hámark fasteignaskatts í C-flokki. Er Skagafjörður eitt af þeim. Fimm sveitarfélög eru með álagninguna í hámarki með álagi og þá eitt með lægri álagningu en hámarkið, þ.e. Seltjarnarnesbær.

Varðandi önnur gjöld og lóðarleigu ber að hafa í huga að í sumum tilfella er ekki um tæmandi upplýsingar að ræða.

Gera verður nokkurn greinarmun á framangreindum sköttum og skattígildi annars vegar og holræsagjaldi, vatnsgjaldi, sorphreinsigjaldi og sorpeyðingargjaldi hins vegar. Annars vegar er um skatt að ræða og hins vegar gjöld. Gjöldin eru lögð á samkvæmt ákveðinni samþykkt þar um og eru eingöngu ætluð til að standa undir kostnaði við rekstur holræsa og vatnsveitu, við sorphreinsun og sorplosun.

*Tafla 21: Fasteignastuðull í samanburðarsveitarfélögum árið 2023 og áhrif hans á útreikning fasteignaskatts*

| | Akranes-kaupstaður | Fjarðabyggð, Neskaupstaður | Múlaþing, Egilsstaðir | Seltjarnarnes-bær | Vestmannaeyja-bær | Skagafjörður, Sauðárkrókur | Borgarbyggð, Borgarnes | Suðurnesjabær, Sandgerði | Ísafjarðarbær, eldri byggð | Grindavíkur-bær | Hveragerðis-bær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjldi janúar 2023 | 7.997 | 5.262 | 5.208 | 4.674 | 4.523 | 4.306 | 4.090 | 3.925 | 3.864 | 3.669 | 3.196 |
| Fasteignaskattstekjur á hvern íbúa 2021 | 81 | 178 | 123 | 74 | 92 | 133 | 140 | 229 | 98 | 135 | 114 |
| Fasteignastuðull 2023, sérbýli | 1,30 | 0,84 | 0,97 | | 0,88 | 1,00 | 1,05 | 0,89 | 1,06 | 1,10 | 1,39 |
| Fsteignastuðull 2023, fjölbýli | 1,62 | 0,93 | 1,21 | | 1,21 | 1,00 | 1,34 | 1,09 | 1,25 | 1,28 | 1,73 |
| Fasteignaskattur A-liður, % á fm. | 0,2306% | 0,424% | 0,475% | | 0,268% | 0,475% | 0,35% | 0,28% | 0,56% | 0,300% | 0,330% |
| Matseining 50.000 þús. kr., matsstuðull 1,00 í sérbýli | 65.000 | 42.000 | 48.500 | | 44.000 | 50.000 | 52.500 | 44.500 | 53.000 | 55.000 | 69.500 |
| Matseining 50.000 þús. kr., matsstuðull 1,00 í fjölbýli | 81.000 | 46.500 | 60.500 | | 60.500 | 50.000 | 67.000 | 54.500 | 62.500 | 64.000 | 86.500 |
| Fasteignaskattur, sérbýli | 149.890 | 178.080 | 230.375 | | 117.920 | 237.500 | 183.750 | 124.600 | 296.800 | 165.000 | 229.350 |
| Fasteignaskattur, fjölbýli | 186.786 | 197.160 | 287.375 | | 162.140 | 237.500 | 234.500 | 152.600 | 350.000 | 192.000 | 285.450 |

Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (https://geo.fasteignaskra.is/vefur/2023/matsvaedi/)

Tafla 21 sýnir fasteignaskattstekjur í þúsundum króna á íbúa í samanburðar-sveitarfélögunum árið 2021 og fasteignamatsstuðulinn 2023. Þar sem verðið er 50.000.000 kr. er matsstuðullinn 1,00. Síðan sýnir taflan hlutfallslega álagningu fasteignaskatts og álagningu í krónum talið miðað við álagningarhlutfall og matsstuðul hjá samanburðarsveitar-félögunum. Þar sem eru fleiri en einn þéttbýliskjarni og dreifbýli er tekið mið af einum þéttbýliskjarna í viðkomandi sveitarfélagi. Þar sem það á við er viðkomandi þéttbýliskjarni nefndur.

Eins og taflan sýnir fæst alls ekki rétt mynd af samanburði á fasteignskatti með því eingöngu að líta á álagningarprósentuna. Tvær neðstu línurnar sýna álagningu fasteignaskatts í þessum sveitarfélögum miðað við álagningarprósentuna árið 2023 og matsstuðla í þessum sveitarfélögum.

Eins og taflan sýnir er álagningin í krónum talið lægst hjá Vestmannaeyjabæ, þ.e. 117.920 kr. á sérbýli, að gefnum framangreindum forsendum. Hæst var álagningin í þessum samanburði í Skagafirði og þá á Sauðárkróki, eða 237.500 kr.

Þegar álagningin í krónum talið er skoðuð á fjölbýli miðað við matsstuðul og álagningarprósentu í hverju sveitarfélagi er hún lægst í Suðurnesjabæ og þá í Sandgerði, eða 124.600 kr. en hæst í eldri byggðinni í Ísafjarðarbæ, eða 350.000 kr. Af þessu má ljóst vera að matsstuðullinn skiptir verulegu máli um hver skatturinn er í krónum talið.

*Tafla 22: Fasteignamatsstuðlar í Skagafirði árið 2023*

| | Sauðárkrókur | Hofsós | Skagafjörður, dreifbýli |
|---|---|---|---|
| Fasteignastuðull 2023, sérbýli | 1,00 | 0,51 | 0,78 |
| Fsteignastuðull 2023, fjölbýli | 1,00 | 0,65 | 0,48 |
| Fasteignaskattur A-liður, % á fm. | 0,475% | 0,475% | 0,475% |
| Matseining 50.000 þús. kr., matsstuðull 1,00 í sérbýli | 50.000 | 25.500 | 39.000 |
| Matseining 50.000 þús. kr., matsstuðull 1,00 í fjölbýli | 50.000 | 32.500 | 24.000 |
| Fasteignaskattur, sérbýli | 237.500 | 121.125 | 185.250 |
| Fasteignaskattur, fjölbýli | 237.500 | 154.375 | 114.000 |

Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (https://geo.fasteignaskra.is/vefur/2023/matsvaedi/)

Tafla 22 sýnir fasteignamatsstuðla í Skagafirði og þá mismunandi raun álagningu í Skagafirði miðað við að fasteign sé staðasett á Sauðárkróki, Hofsósi eða í dreifbýlinu. Miðað er við að fasteign með matstuðulinn 1 sé að verðmæti 50.000.000 kr.

Eins og taflan sýnir er verulegur munur á fasteignaskattinum innan Skagafjarðar þegar tekið hefur verið tilliti til matsstuðulsins.

Fasteignaskatturinn er 237.500 kr. á Sauðárkróki að gefnum framangreindum forsendum, en 121,125 á Hofsósi og 185.250 í dreifbýlinu miðað við sambærilegar eignir í sérbýli á þessum stöðum.

Í fjölbýli er fasteignaskatturinn 237.500 á Sauðárkróki, 154.375 kr. á Hofsósi og 114.000 í dreifbýlinu. Allt miðað við sambærilegar eignir, matsstuðul 2023 og álagningarprósentu 2023.

## Laun

Laun og launatengd gjöld eru langstærsti útgjaldaliður sveitarfélaga. Samtala launa og launatengdra gjalda sem hlutfall af heildartekjum fyrir öll sveitarfélög á landinu, A-hluta, árið 2021 var 57,4%. Fyrir Skagafjörð var þetta hlutfall 61,8% árið 2022.

*Tafla 23: Laun og launatengd gjöld, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðar-sveitarfélögum árin 2012 til 2022*

| | Íbúafjöldi janúar 2023 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akraneskaupstaður | 7.997 | 57,1% | 54,7% | 55,6% | 58,4% | 56,9% | 63,4% | 55,4% | 59,0% | 64,1% | 60,2% | 63,0% |
| Fjarðabyggð | 5.262 | 52,5% | 51,8% | 53,4% | 56,3% | 55,5% | 57,6% | 53,9% | 54,7% | 63,4% | 63,5% | 61,4% |
| Múlaþing | 5.208 | | | | | | | | | 61,4% | 60,1% | 60,4% |
| Seltjarnarnesbær | 4.674 | 51,7% | 51,7% | 53,4% | 61,1% | 56,6% | 61,4% | 58,7% | 58,7% | 61,3% | 58,0% | 57,9% |
| Vestmannaeyjabær | 4.523 | 41,6% | 42,2% | 46,7% | 47,7% | 45,7% | 53,0% | 48,3% | 50,2% | 54,7% | 52,0% | 51,7% |
| Skagafjörður | 4.306 | 60,7% | 57,1% | 58,5% | 61,9% | 60,1% | 64,9% | 61,0% | 59,6% | 63,1% | 64,9% | 61,8% |
| Borgarbyggð | 4.090 | 51,5% | 52,4% | 54,5% | 54,4% | 50,1% | 53,4% | 51,4% | 54,0% | 59,1% | 59,9% | 55,7% |
| Suðurnesjabær | 3.925 | | | | | | | 44,7% | 47,2% | 49,9% | 51,5% | 52,1% |
| Ísafjarðarbær | 3.864 | 54,0% | 52,1% | 55,8% | 54,5% | 52,5% | 55,1% | 55,9% | 54,3% | 60,6% | 56,8% | 51,3% |
| Grindavíkurbær | 3.669 | 49,5% | 50,1% | 52,8% | 52,0% | 50,8% | 55,2% | 51,9% | 51,0% | 58,1% | 55,6% | 52,9% |
| Hveragerðisbær | 3.196 | 51,8% | 49,9% | 50,1% | 52,0% | 51,8% | 52,9% | 54,3% | 54,5% | 57,4% | 57,4% | |
| Meðaltal samanburðar sveitarfélaga | 50.714 | 52,6% | 51,6% | 53,7% | 55,8% | 53,8% | 58,2% | 53,9% | 54,9% | 60,0% | 58,7% | 57,6% |
| Meðaltal lanidð allt | 387.758 | 50,4% | 49,6% | 52,0% | 53,6% | 51,0% | 52,9% | 51,8% | 53,3% | 57,2% | 57,4% | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 23 sýnir laun og launatengd gjöld sem hlutfall af tekjum samanburðarsveitarfélaga. Í töflunni er einnig að finna meðaltal á hlutfallinu fyrir samanburðarsveitarfélögin og öll sveitarfélög á landinu. Ársreikningur Hveragerðisbæjar 2022 var ekki kominn á vef sveitarfélagsins við vinnslu skýrslunnar.

Árið 2022 var hlutfallið hjá Skagafirði 61,8% og hafði lækkað frá árinu 2021. Þetta hlutfall var hæst hjá Skagafirði öll árin nema árið 2020 og 2022. Í sumum tilfella er munurinn umtalsverður.

Hafa ber í huga að í þeim tilfellum sem sveitarfélag kaupir þjónustu eins og t.d. rekstur leikskóla eru stöðugildi þess leikskóla ekki talin hér með. Eingöngu er um að ræða stöðugildi þeirra starfsmanna sem eru á launaskrá hjá viðkomandi sveitarfélögum. Einnig getur

sveitarfélag verið leiðandi sveitarfélag eins t.d. í málefnum fatlaðs fólks og þá geta stöðugildi, sem eru vegna þjónustu í öðru/öðrum sveitarfélögum, talist með stöðugildum í viðkomandi sveitarfélaga o.s.frv. Þetta á t.d. við hvað Skagafjörð varðar. Í þessum samanburði verður að taka tillits til þessa.

*Tafla 24: Mismunur á hlutfall launa og launatengdra gjalda af tekjum hjá Skagafirði og samanburðarsveitarfélögunum*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akraneskaupstaður | 3,5% | 2,5% | 2,9% | 3,5% | 3,2% | 1,5% | 5,6% | 0,6% | -1,1% | 4,6% | -1,2% |
| Fjarðabyggð | 8,2% | 5,3% | 5,2% | 5,7% | 4,6% | 7,3% | 7,1% | 4,9% | -0,4% | 1,4% | 0,4% |
| Múlaþing | | | | | | | | | 1,7% | 4,8% | 1,4% |
| Seltjarnarnesbær | 8,9% | 5,5% | 5,2% | 0,8% | 3,5% | 3,4% | 2,3% | 0,9% | 1,7% | 6,8% | 3,9% |
| Vestmannaeyjabær | 19,1% | 15,0% | 11,9% | 14,2% | 14,4% | 11,8% | 12,7% | 9,4% | 8,3% | 12,9% | 10,1% |
| Skagafjörður | | | | | | | | | | | |
| Borgarbyggð | 9,2% | 4,8% | 4,0% | 7,5% | 10,0% | 11,5% | 9,6% | 5,6% | 4,0% | 5,0% | 6,2% |
| Suðurnesjabær | | | | | | | | 12,4% | 13,2% | 13,4% | 9,7% |
| Ísafjarðarbær | 6,6% | 5,0% | 2,8% | 7,4% | 7,6% | 9,8% | 5,1% | 5,3% | 2,5% | 8,0% | 10,6% |
| Grindavíkurbær | 11,2% | 7,0% | 5,7% | 9,9% | 9,2% | 9,7% | 9,1% | 8,6% | 4,9% | 9,3% | 9,0% |
| Hveragerðisbær | 8,9% | 7,3% | 8,4% | 9,9% | 8,3% | 12,0% | 6,7% | 5,1% | 5,7% | 7,4% | |
| Meðaltal samanburðar sveitarfélaga | 8,1% | 5,5% | 4,8% | 6,1% | 6,3% | 6,7% | 7,1% | 4,7% | 3,0% | 6,2% | 4,3% |
| Meðaltal lanidð allt | 10,3% | 7,6% | 6,5% | 8,4% | 9,1% | 12,0% | 9,2% | 6,3% | 5,9% | 7,5% | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningar sveitarfélaganna 2022

Tafla 24 sýnir mismuninn á hlutfalli launa og launatengdra gjalda hjá Skagafirði og samanburðarsveitarfélögunum.

Eins og taflan sýnir er mismunurinn nokkur. Meðaltalið fyrir samanburðarsveitarfélögin var frá 3% stigum upp í 8% stig, sem hlutfallið var hærra hjá Skagafirði. Fyrir landið allt var mismunurinn enn meiri eða frá 6% stigum upp í 12% stig.

Hlutfallið hjá Skagafirði var öll árin nokkru hærra en hjá Ísafjarðarbæ sem er einnig fjölkjarna sveitarfélag. Mismunurinn var frá 3% stigum upp í tæp 10% stig.

Árið 2022 voru launagjöld hjá Skagafirði 4,3% stigum hærri en meðaltalið fyrir samanburðarsveitarfélögin. Sem hlutfall af tekjum gerir það 279 millj. kr.

Hafa verður í huga að rekstur sveitarfélaga er misjafn og getur það haft áhrif á hlutföllin í töflu 23 og 24. Sem dæmi má nefna að þegar þjónusta er keypt af verktaka, t.d. rekstur leikskóla, leiðir það til lækkunar á launakostnaði en hækkunar á öðrum rekstrarkostnaði, þar sem þjónustukaupin væru gjaldfærð þar.

*Mynd 20: Laun og launatengd gjöld, A-hluta, sem hlutfall af tekjum hjá Skagafirði og meðaltal samanburðarsveitarfélaga og á landinu öllu árin 2012 til 2022*




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningar sveitarfélaganna 2022

Á mynd 20 má sjá laun og launatengd gjöld, A-hluta, sem hlutfall af tekjum Skagafjarðar, samtals hjá samanburðarsveitarfélögum og öllum sveitarfélögum samtals.

Meðaltalið hjá samanburðarsveitarfélögum var 58,7% og 57,4% fyrir öll sveitarfélög árið 2021. Skagafjörður var því með um 6,2% stigum hærra hlutfall en meðaltalið var hjá samanburðarsveitarfélögum og 7,5% stigum hærra en meðaltalið fyrir öll sveitarfélög á landinu. Miðað við tekjur Skagafjarðar gerir þessi mismunur hærri launagjöld sem nemur 351 millj. kr. miðað við samanburðarsveitarfélögin og 426 millj. kr. miðað við öll sveitarfélög.

Árið 2022 var þetta hlutfall hjá Skagafirði 61,8% og hafði lækkað og hjá samanburðarsveitarfélögunum samtals 57,6%.

*Tafla 25: Launagjöld hjá Skagafirði árin 2019 til 2022*

| | **Árið 2019** | | | | | | **Árið 2020** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Hlutfall af mánaðarlunaum og dagvinnulaunum | | | | | | Hlutfall af mánaðarlunaum og dagvinnulaunum | | |
| | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti |
| Mánaðarlaun | 1.932.220 | 96.022 | 2.028.241 | | | | 2.120.023 | 107.007 | 2.227.030 | | | |
| Dagvinnulaun | 7.120 | 0 | 7.120 | | | | 21.386 | 0 | 21.386 | | | |
| Br.gjald og vaktahvati | 0 | 0 | 0 | | | | 219 | 0 | 219 | | | |
| Föst yfirvinna | 54.704 | 14.622 | 69.326 | 10,3% | 28,9% | 11,2% | 56.717 | 16.459 | 73.176 | 9,0% | 27,3% | 9,9% |
| Yfirvinna | 144.707 | 13.109 | 157.816 | | | | 136.167 | 12.765 | 148.932 | | | |
| Álag | 85.058 | 0 | 85.058 | 5,2% | 15,0% | 5,7% | 96.393 | 323 | 96.716 | 5,4% | 14,5% | 5,8% |
| Bakv.álag | 16.233 | 14.436 | 30.669 | | | | 19.373 | 15.147 | 34.520 | | | |
| Orlof | 50.491 | 5.687 | 56.178 | | | | 60.183 | 6.177 | 66.360 | | | |
| Orlofsuppgjör | 10.293 | 50 | 10.343 | | | | 6.991 | 0 | 6.991 | | | |
| Nefndir | 27.841 | 2.510 | 30.350 | | | | 32.147 | 2.363 | 34.510 | | | |
| Akstur | 10.773 | 0 | 10.773 | 0,6% | 0,0% | 0,5% | 8.400 | 0 | 8.400 | 0,4% | 0,0% | 0,4% |
| Orl. og des uppbætur | 55.361 | 2.422 | 57.784 | | | | 62.266 | 2.659 | 64.925 | | | |
| Fatapeningar | 5.434 | 0 | 5.434 | | | | 6.002 | 0 | 6.002 | | | |
| Önnur laun | 55.252 | 2.573 | 57.825 | | | | 41.188 | 1.332 | 42.520 | | | |
| Launalaust leyfi | -11.880 | -328 | -12.208 | | | | -13.827 | -1.898 | -15.726 | | | |
| Launatengd gjöld | 569.160 | 34.978 | 604.138 | | | | 636.264 | 38.398 | 674.662 | | | |
| **Samtals** | **3.012.767** | **186.081** | **3.198.849** | | | | **3.289.890** | **200.735** | **3.490.625** | | | |

| | **Árið 2021** | | | | | | **Árið 2022** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Hlutfall af mánaðarlunaum og dagvinnulaunum | | | | | | Hlutfall af mánaðarlunaum og dagvinnulaunum | | |
| | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti |
| Mánaðarlaun | 2.361.397 | 111.010 | 2.472.407 | | | | 2.592.960 | 122.782 | 2.715.742 | | | |
| Dagvinnulaun | 22.632 | 36 | 22.669 | | | | 29.991 | 207 | 30.198 | | | |
| Br.gjald og vaktahvati | 15.822 | 0 | 15.822 | | | | 28.277 | 0 | 28.277 | | | |
| Föst yfirvinna | 58.329 | 17.364 | 75.693 | 9,3% | 28,9% | 10,1% | 62.692 | 18.084 | 80.777 | 8,4% | 29,6% | 9,3% |
| Yfirvinna | 162.620 | 14.708 | 177.328 | | | | 156.545 | 18.353 | 174.898 | | | |
| Álag | 108.828 | 723 | 109.551 | 5,4% | 15,1% | 5,8% | 122.461 | 1.115 | 123.576 | 5,5% | 15,7% | 6,0% |
| Bakv.álag | 19.730 | 15.992 | 35.723 | | | | 22.389 | 18.138 | 40.527 | | | |
| Orlof | 73.340 | 6.633 | 79.974 | | | | 73.905 | 7.549 | 81.454 | | | |
| Orlofsuppgjör | 13.539 | 75 | 13.614 | | | | 15.789 | 990 | 16.779 | | | |
| Nefndir | 34.974 | 2.670 | 37.644 | | | | 39.298 | 2.709 | 42.006 | | | |
| Akstur | 10.583 | 9 | 10.592 | 0,4% | 0,0% | 0,4% | 15.832 | 0 | 15.832 | 0,6% | 0,0% | 0,6% |
| Orl. og des uppbætur | 65.589 | 2.676 | 68.264 | | | | 69.891 | 2.900 | 72.790 | | | |
| Fatapeningar | 6.155 | 0 | 6.155 | | | | 5.651 | 0 | 5.651 | | | |
| Önnur laun | 7.269 | 0 | 7.269 | | | | 11.226 | 129 | 11.355 | | | |
| Launalaust leyfi | -13.117 | -180 | -13.297 | | | | -20.846 | -196 | -21.041 | | | |
| Launatengd gjöld | 702.480 | 39.997 | 742.477 | | | | 774.144 | 45.471 | 819.615 | | | |
| **Samtals** | **3.650.170** | **211.714** | **3.861.884** | | | | **4.000.208** | **238.231** | **4.238.439** | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 25 sýnir skiptingu launagjalda hjá Skagafirði árin 2019, 2020, 2021 og 2022 vegna A- og B-hluta.

Eins og taflan sýnir var yfirvinna sem hlutfall af föstum launum og dagvinnulaunum 11.2% árið 2019, 9,9% árið 2020, 10,1% árið 2021 og 9,3% árið 2022, þ.e. A- og B-hluti samtals. Þannig lækkaði þetta hlutfall á milli áranna 2019 og 2020, en hækkar á milli áranna 2019 og 2020 en lækkar svo aftur árið 2022.

Hlutfallið hjá B-hluta fyrirtækjum var um þrisvar sinnum hærra en hjá A-hluta öll árin.

Bifreiðastyrkir sem hlutfall af föstum launum voru vel innan við 1% öll árin. Enginn

bifreiðastyrkur var greiddur hjá B-hluta fyrirtækjum.

*Tafla 26: Skráðir veikindadagar hjá starfsmönnum og samtals virkir vinnudagar hjá sveitarfélaginu*

| | **2022** | **2021** | **2020** |
|---|---|---|---|
| Veikindi starfsmanna | 7.666 | 5.496 | 4.071 |
| Veikindi v. barna | 804 | 723 | 567 |
| **Samtals veikindadagar** | **8.470** | **6.219** | **4.638** |
| Fjöldi stöðugilda | 400 | 389 | 377 |
| Fjöldi virkra vinnud. á ári | 244 | 244 | 244 |
| **Samtals virkir vinnudagar miðað við fjölda stöðugilda** | **97.600** | **94.916** | **91.988** |
| **Veikindadagar í hlufalli af virkum vinnudögum** | **8,68%** | **6,55%** | **5,04%** |

*Heimild: Skagafjörður*

Tafla 26 sýnir fjölda skráðra veikindadaga hjá starfsmönnum Skagafjarðar og samtals virka vinnudaga í heilt ár hjá starfsmönnum Skagafjarðar.  Fjöldi stöðugilda er meðaltalsfjöldi stöðugilda viðkomandi ár.

Eins og fram kemur í töflunni fjölgar  veikindadögum á milli áranna 2020 til og með 2022. Fjöldinn var 567 dagar árið 2020, 723 árið 2021 og 804 dagar árið 2022. Þannig jókst fjöldinn á milli áranna 2020 og 2022 um 42%. Á sama tíma fjölgaði stöðugildum um 6%.

Veikindadagar sem hlutfall af virkum vinnudögum samtals voru 5% árið 2020 samanborið við 8,7% árið 2022.  Miðað við 8,7% hlutfall veikindadaga árið 2022 má gera ráð fyrir að greidd laun og launatengd gjöld vegna veikindadaga hafi verið a.m.k. 368 millj. kr.

Rétt er að fram komi að sveitarfélagið hefur „útvíkkað“ veikindaréttinn til starfsfólks (umfram kjarasamningsbundinn rétt), og getur starfsfólk nýtt veikindadag þegar það fer t.d. í sjúkraþjálfun, til tannlæknis og í almenna tíma hjá lækni, hvort sem það er heima í héraði eða á Akureyri/Reykjavík, sem krefst eðlilega lengri fjarveru.

*Tafla 27: Fjöldi skráðra veikindadaga umfram samningsbundinn veikindarétt*

| | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Veikindi "annað" - starfsmenn, dagar | 317,91 | 324,44 | 366,32 |
| Hlutfall af heildarveikindum starfsmanna | 8% | 6% | 5% |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 27 sýnir fjölda skráðra veikindadaga starfsmanna sem eru vegna erindis til læknis, í sjúkraþjálfun og þess háttar.

Eins og fram kemur í töflunni voru 8% af skráðum veikindum árið 2022 vegna erinda til læknis, sjúkraþjálfara o.s.frv. sem er umfram samningsbundinn veikindarétt, sbr. hér að framan.

Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa sett sér viðmið um að ef hlutfall veikindadaga af virkum

vinnudögum fari yfir 5% sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Þær gætu m.a. falist í því að skoða nánar ástæður veikindafjarvista og greina á milli langtíma- og skammtímafjarvista vegna veikinda (sjá t.d. https://www.samband.is/media/skjor-fjm19/AstaBjarna.pdf).

Í fjárhagsáætlun hefur verið áætlað fyrir veikindum þeirra starfsmanna sem vitað er að eiga við langvinn veikindi að stríða þegar vinna við fjárhagsáætlunargerð hefur farið fram. Er þá miðað við veikindarétt viðkomandi. Ekki hefur verið gert ráð fyrir öðrum veikindum í fjárhagsáætlun skv. upplýsingum frá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Vegna þess hefur þurft að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna veikinda, sem síðan hafa komið upp innan viðkomandi fjárhagsárs.

## Stöðugildi

Miðað við 1. apríl 2022 voru samtals 394,9 stöðugildi hjá Skagafirði, A- og B-hluti.

*Tafla 28: Fjöldi stöðugilda hjá samanburðarsveitarfélögum 1. apríl 2022, A- og B-hluti, og íbúafjöldi í janúar 2022*

| | Íbúafjöldi í janúar 2022 | Fjöldi stöðugilda í arpríl 2022 | Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi | Fjöldi stöðugilda hjá Skagafirði miðað við fjölda íbúa á hvert stöðugildi hjá viðkomandi sveitarfélagi | Umfram stöðugildi |
|---|---|---|---|---|---|
| Akraneskaupstaður | 7.841 | 619,6 | 12,7 | 323,2 | 71,7 |
| Fjarðabyggð | 5.206 | 435,2 | 12,0 | 341,9 | 53,0 |
| Múlaþing | 5.057 | 436,2 | 11,6 | 352,8 | 42,1 |
| Seltjarnarnesbær | 4.720 | 252,4 | 18,7 | 218,7 | 176,2 |
| Vestmannaeyjabær | 4.414 | 266,4 | 16,6 | 246,8 | 148,1 |
| Skagafjörður | 4.090 | 394,9 | 10,4 | 394,9 | 0,0 |
| Borgarbyggð | 3.868 | 260,7 | 14,8 | 275,7 | 119,2 |
| Suðurnesjabær | 3.753 | 266,9 | 14,1 | 290,9 | 104,0 |
| Ísafjarðarbær | 3.840 | 310,4 | 12,4 | 330,6 | 64,3 |
| Grindavíkurbær | 3.585 | 194,9 | 18,4 | 222,4 | 172,5 |
| Hveragerðisbær | 2.984 | 244,3 | 12,2 | 334,8 | 60,1 |
| **Samtals** | **49.358** | **3.681,8** | **13,4** | 305,1 | 89,8 |

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2022 og Hagstofa Íslands

Tafla 28 sýnir fjölda stöðugilda í apríl 2022 hjá samanburðarsveitarfélögum, A- og B-hluti, og fjölda íbúa á hvert stöðugildi hjá hverju af samanburðarsveitarfélögunum í janúar 2022.

Þar sem íbúafjöldi sveitarfélaganna er nokkuð mismunandi er ekki rétt að horfa einungis á tölu stöðugilda. Jafnframt verður að hafa í huga að samsetning stöðugilda hjá sveitarfélögum getur verið nokkuð mismunandi. Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi gefur aftur á móti ákveðna vísbendingu. Hins vegar ber að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga getur verið mismunandi, ef t.d. leikskólar eru reknir í einkaframkvæmd teljast stöðugildi þar ekki með. Einnig ef sveitarfélög eru með verkefni í byggðasamlögum, að þá teljast þau stöðugildi yfirleitt ekki með hjá viðkomandi sveitarfélögum. Hjá sveitarfélögum sem eru leiðandi í tilteknum verkefnum geta stöðugildi talist með hjá viðkomandi sveitarfélagi vegna þjónustu í öðru/öðrum sveitarfélögum, sbr. hér að framan. Jafnframt er mismunandi hversu umsvifamikil B-hluta fyrirtæki eru hjá sveitarfélögum. Gæta þarf að þessu við þennan samanburð.

Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðarsveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði var Skagafjörður með fæsta íbúa á hvert stöðugildi, eða 10,4 íbúa. Það sveitarfélag sem kemur næst var Fjarðabyggð með 12 íbúa. Ef fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hefði verið sá sami og í Fjarðabyggð hefðu stöðugildin verið 53 færri.

Meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög var 13,4 íbúar á hvert stöðugildi samanborið við að það voru 10,4 íbúar á hvert stöðugildi hjá Skagafirði. Flestir voru íbúarnir á hvert stöðugildi hjá Seltjarnarnesbæ, eða 18,7 íbúar.

*Tafla 29: Fjöldi stöðugilda hjá Skagafirði í apríl ár hvert skipt eftir stéttarfélögum og fjöldi íbúa í janúar ár hvert árin 2012 til 2022*

| Ár | BSRB | BHM | KÍ | ASÍ | Annað | Samtals stöðugildi | Íbúafjöldi í janúar ár hvert | Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2012 | 109,7 | 24,3 | 126,8 | 68,6 | 4,0 | 333,4 | 4.024 | 12,1 |
| 2013 | 96,5 | 26,7 | 127,8 | 65,6 | 5,0 | 321,6 | 4.010 | 12,5 |
| 2014 | 104,1 | 22,1 | 121,2 | 65,6 | 4,0 | 317,0 | 3.978 | 12,5 |
| 2015 | 101,4 | 25,5 | 117,1 | 68,0 | 5,0 | 317,0 | 3.910 | 12,3 |
| 2016 | 95,0 | 30,3 | 119,2 | 88,7 | 5,0 | 338,2 | 3.902 | 11,5 |
| 2017 | 89,2 | 29,5 | 112,8 | 93,4 | 5,0 | 329,9 | 3.932 | 11,9 |
| 2018 | 102,2 | 31,6 | 109,9 | 90,0 | 6,0 | 339,7 | 3.955 | 11,6 |
| 2019 | 98,9 | 30,8 | 108,8 | 93,8 | 8,0 | 340,3 | 3.992 | 11,7 |
| 2020 | 98,2 | 29,7 | 106,3 | 102,4 | 10,0 | 346,6 | 4.034 | 11,6 |
| 2021 | 105,7 | 30,2 | 112,8 | 103,9 | 9,0 | 361,6 | 4.084 | 11,3 |
| 2022 | 121,3 | 35,2 | 114,9 | 115,5 | 8,0 | 394,9 | 4.090 | 10,4 |
| 2022-2017 | 32,1 | 5,7 | 2,1 | 22,1 | 3,0 | 65,0 | 158,0 | -1,6 |

Heimild: Árbók sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Tafla 29 sýnir fjölda stöðugilda hjá Skagafirði í apríl ár hvert árin 2012 til 2022, skipt eftir aðildarfélögum starfsmanna. Einnig sýnir taflan fjölda íbúa í janúar sömu ár og fjölda íbúa á hvert stöðugildi hjá sveitarfélaginu.

Eins og fram kemur í töflunni var fjöldi stöðugilda samtals að breytast nokkuð á milli ára þessi ár. Var ýmist að fækka eða fjölga á milli ára fram til ársins 2017. Flestir voru íbúar á hvert stöðugildi árin 2013 og 2014, eða 12,5.

Eftir árið 2017 fjölgar stöðugildum hvert ár á milli ára. Á milli áranna 2017 og 2022 fjölgaði stöðugildum um 65. Á sama tíma fjölgaði íbúum um 158. Árið 2022 voru 10,4 íbúar á hvert stöðugildi, eða fækkun um 1,6 íbúa frá árinu 2017.

Á milli áranna 2017 og 2022 fjölgaði um 32,1 stöðugildi þar sem viðkomandi starfsmenn voru í BSRB og um 22,1 þar sem viðkomandi starfsmenn voru í ASÍ, eða samtals um 54,2 stöðugildi.

Eins og fram kemur í töflu 25 hér að framan voru launagjöld hjá Skagafirði árið 2022 samtals 4.238 millj. kr. Miðað við að stöðugildin voru samtals 394,2 gerir það meðallaunagjöld á hvert stöðugildi 10.733 þús. kr. Kostnaður við 65 stöðugildi sem var aukningin frá 2017 til 2022 gerir 698 millj. kr.

*Tafla 30: Meðalfjöldi stöðugilda ár hvert skipt niður á þjónustu- og málaflokka*

| | | | | Breyting, hlutfall | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2020 | 2021 | 2022 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2020 | 2022-2020 |
| 02-Félagsþjónusta | 71,77 | 76,60 | 82,27 | 6,7% | 7,4% | 14,6% | 10,51 |
| 04-Fræðslu- og skólaþjónusta | 205,99 | 214,02 | 220,04 | 3,9% | 2,8% | 6,8% | 14,05 |
| 05-Atvinnu-, menningar. og kynningarmál | 12,08 | 13,16 | 13,83 | 8,9% | 5,1% | 14,5% | 1,75 |
| 06-Frístunda-, íþrótta- og tómstundaþjónusta | 31,46 | 30,35 | 29,61 | -3,5% | -2,4% | -5,9% | -1,85 |
| 07-Brunavarnir og sjúkraflutningar | 4,11 | 4,07 | 4,17 | -1,1% | 2,5% | 1,4% | 0,06 |
| 09-Skipulags- og byggingarþjónusta | 4,17 | 3,38 | 3,55 | -19,0% | 5,1% | -14,9% | -0,62 |
| 11-Garðyrkjudeild | 5,43 | 5,54 | 5,99 | 2,1% | 8,1% | 10,3% | 0,56 |
| 13-Atvinnu- og kynningarmál | 4,12 | 3,29 | 2,92 | -20,0% | -11,3% | -29,1% | -1,20 |
| 21-Sameiginleg þjónusta | 13,88 | 13,70 | 13,93 | -1,3% | 1,7% | 0,3% | 0,05 |
| 31-Eignasjóður | 8,37 | 8,92 | 7,41 | 6,5% | -16,9% | -11,5% | -0,97 |
| 61-Hafnarsjóður | 2,99 | 3,26 | 4,29 | 9,0% | 31,3% | 43,2% | 1,29 |
| 67-Veitur | 12,39 | 12,28 | 12,00 | -0,9% | -2,2% | -3,2% | -0,39 |
| Z 21610 Eftirlaun | 0,04 | | | -100,0% | | -100,0% | -0,04 |
| **Samtals** | **376,82** | **388,57** | **400,01** | **3,1%** | **2,9%** | **6,2%** | **23,20** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 30 sýnir meðalfjölda stöðugilda hjá Skagafirði skipt niður á þjónustu- og málaflokka.

Eins og fram kemur í töflunni fjölgaði stöðugildum miðað við heilt ár á milli áranna 2020 og 2022 um 23,2 stöðugildi. Er þar einkum um að ræða fjölgun stöðugilda annars vegar í félagsþjónustu, eða um 10,51, og hins vegar í fræðslu- og skólaþjónustu, eða um 14,05. Samtals var fjölgun þessar tveggja þjónustuþátta um 24,56 stöðugildi.

Á þeim þjónustuþáttum, þar sem stöðugildum fjölgaði, var fjölgunin samtals 28,26 stöðugildi. Samtala fækkunar stöðugilda var 5,06, eða nettó fjölgun um 23,2 stöðugildi.

Eins og kemur fram hér að framan voru launagjöldin árið 2022 samtals 4.238 millj. kr. Miðað við að stöðugildin voru samtals árið 2022 að meðaltali 400,01 gerir það meðallaunagjöld á hvert stöðugildi 10.595 þús. kr. Kostnaður við 23,2 stöðugildi, sem var aukningin frá 2020, gerir 246 millj. kr.

## Annar rekstrarkostnaður

Eins og fram kom í kaflanum varðandi laun hér að framan fóru 61,8% af tekjum Skagafjarðar, A-hluta, í laun og launatengd gjöld árið 2022. Þannig að eftir stóðu 38,2%% fyrir öðrum útgjöldum svo sem fjármagnsgjöldum, afskriftum o.s.frv. árið 2022.

*Tafla 31: Annar rekstrarkostnaður, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðarsveitar-félögum árin 2012 til 2022*

| | Íbúafjöldi janúar 2023 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akraneskaupstaður | 7.997 | 32,5% | 30,8% | 31,0% | 29,1% | 27,8% | 25,3% | 25,9% | 28,0% | 30,1% | 29,8% | 32,8% |
| Fjarðabyggð | 5.262 | 29,2% | 30,3% | 32,3% | 30,0% | 30,3% | 29,6% | 29,3% | 31,5% | 29,1% | 26,3% | 28,6% |
| Múlaþing | 5.208 | | | | | | | | | 33,2% | 31,0% | 33,2% |
| Seltjarnarnesbær | 4.674 | 35,2% | 35,4% | 36,6% | 38,3% | 37,7% | 39,1% | 41,9% | 37,2% | 38,0% | 38,2% | 38,5% |
| Vestmannaeyjabær | 4.523 | 38,1% | 42,0% | 40,8% | 36,7% | 36,1% | 35,3% | 35,0% | 33,1% | 35,3% | 33,8% | 34,2% |
| Skagafjörður | 4.306 | 32,3% | 32,9% | 33,7% | 31,6% | 29,2% | 27,7% | 28,7% | 29,6% | 29,5% | 29,2% | 29,0% |
| Borgarbyggð | 4.090 | 36,7% | 37,5% | 38,8% | 31,9% | 31,8% | 31,7% | 31,3% | 32,2% | 33,1% | 31,1% | 31,4% |
| Suðurnesjabær | 3.925 | | | | | | | 42,0% | 41,8% | 39,5% | 39,8% | 36,3% |
| Ísafjarðarbær | 3.864 | 32,2% | 34,0% | 37,8% | 36,8% | 34,2% | 36,6% | 35,0% | 35,3% | 38,9% | 36,7% | 40,7% |
| Grindavíkurbær | 3.669 | 34,6% | 36,7% | 34,4% | 34,7% | 31,4% | 29,9% | 27,1% | 30,0% | 33,0% | 32,5% | 30,2% |
| Hveragerðisbær | 3.196 | 33,3% | 34,8% | 36,9% | 35,3% | 34,5% | 32,6% | 32,7% | 35,2% | 33,2% | 34,9% | |
| Meðaltal samanburðar sveitarfélaga | 50.714 | 33,6% | 34,5% | 35,4% | 33,3% | 32,1% | 31,4% | 32,3% | 32,9% | 33,5% | 32,4% | 33,3% |
| Meðaltal lanidð allt | 387.758 | 37,5% | 38,4% | 39,3% | 37,6% | 34,9% | 33,1% | 34,6% | 36,0% | 36,8% | 36,0% | |

Heimild:  Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningar sveitarfélaganna árið 2022

Tafla 31 sýnir annan rekstrarkostnað sem hlutfall af tekjum samanburðarsveitarfélaganna, A-hluta, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög á landinu.  Annar rekstrarkostnaður er án launa, afskrifta og fjármagnsgjalda.

Eins og taflan sýnir var þetta hlutfall lægra en hjá Skagafirði ýmist hjá einu eða tveimur sveitarfélögum af samanburðarsveitarfélögunum öll árin.  Þannig að Skagafjörður kemur nokkuð vel út í þessum samanburði. Hafa ber í huga að hér hefur áhrif kaup á þjónustu í verktöku eins og t.d. rekstur grunn- og leikskóla.  Kostnaður vegna þess er gjaldfærður sem annar rekstrarkostnaður.

Hlutfallið hjá Skagafirði var undir meðaltalinu fyrir samanburðarsveitarfélögin og fyrir öll sveitarfélög á landinu flest árin og vel það.

Árið 2022 var eitt sveitarfélag með þetta hlutfall lægra en Skagafjörður, þ.e. Fjarðarbyggð þar sem hlutfallið var 28,6%, en  var 29,0% hjá Skagafirði.  Meðaltalið hjá samanburðarsveitarfélögunum var 33,3%. Árið 2021 var meðaltalið fyrir landið allt 36,0%.

Til mikils er að vinna að ná öðrum rekstrarkostnaði niður.  Ætla má að það sé hægt, t.d. með útboðum.  Líka má gera ráð fyrir að hægt sé að ná þessum kostnaði niður að einhverju leyti með hagræðingu án þess að skerða þjónustu.  Má þar nefna til viðbótar við útboð eftirfylgni og aga með kaupum á orku og endurskipulagningu ýmis konar á innkaupum.

## Stjórnsýslan

Málaflokkum Skagafjarðar er skipt niður á þrjú svið.  Þar fyrir utan eru skipulagsfulltrúi, byggingarfulltrúi og slökkviliðsstjóri sem heyra beint undir sveitarstjóra.

*Mynd 21: Skipurit fyrir Skagafjörð*



Mynd 21 sýnir skipurit fyrir Skagafjörð eins og það birtist á vefsíðu sveitarfélagsins.

Eins og myndin sýnir eru sviðin þrjú, þ.e. stjórnsýslu- og fjármálasvið, veitu- og framkvæmdasvið og fjölskyldusvið.  Sviðsstjórar þessara sviða heyra beint undir sveitarstjóra. Auk þess heyra skipulagsfulltrúi, byggingarfulltrúi og slökkviliðsstjóri beint undir sveitarstjóra.

## Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Næsti yfirmaður sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs er sveitarstjóri.

*Mynd 22: Skipurit fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið*




Mynd 22 sýnir skipurit fyrir stjórnsýslu- og fjármálalsvið tekið saman af skýrsluhöfundum (árslok 2022).

Eins og fram kemur á myndinni heyra 14.63 stöðugildi  undir sviðið. Sviðsstjóri er næsti yfirmaður níu starfsmanna. Aðalbókari og mannauðsstjóri fara með verkstjórn sinna undirmanna en sviðsstjóri fer með stýringu á orlofi og þess háttar yfir þessum starfsmönnum (fer með mannaforræði).

*Tafla 32: Fjöldi stöðugilda á stjórnsýslu og fjármálasviði skipt eftir þjónustuþáttum*

| | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|
| 21150 Alþingiskosningar | 0,00 | 0,04 | 0,00 |
| 21160 Forsetakosningar | 0,00 | 0,00 | |
| 21190 Sveitarstjórnarkosningar | | | 0,08 |
| 21200 Sameining sveitarfélaga | | | 0,06 |
| 21400 Skrifstofa Sauðárkróki | 11,88 | 11,65 | 11,78 |
| 21410 Þjónustufulltrúi | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| 21460 Tölvusvið | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| **Samtals** | **13,88** | **13,70** | **13,93** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 32 sýnir fjölda stöðugilda á stjórnsýslu- og fjármálasviði skipt eftir þjónustuþáttum.

Eins og taflan sýnir hefur fjöldinn á milli þessar ára verið nokkurn veginn sá sami. Var 13,88 stöðugildi árið 2020 og 13,93 árið 2022.

Sveitarfélagið notast við eftirfarandi tölvukerfi og er unnið með þau sem hér segir:

- ✓ H3 launakerfið er eins og nafnið gefur til kynna, er notað við launaútreikning starfsmanna sveitarfélagsins og það skilar launaupplýsingum til launþega og skilagreinum til stéttarfélaga, lífeyrissjóða, skattsins og í fjárhagsbókhald sveitarfélagsins. Grunngögn fyrir launakeyrslu koma úr Vinnustund sem er viðveruskráningarkerfi. Öll vinna í þessu kerfi, er lýtur að launaútreikningi, er unnin af starfsmönnum launadeildar. Forstöðumenn fá upplýsingar frá launadeild þegar útborgun er reiknuð og tilbúin til staðfestingar. Þarna er möguleiki fyrir forstöðumenn að leiðrétta útborgun áður en hún er greidd. Forstöðumenn hafa aðgangsstýrðan aðgang að H3 kerfinu og upplýsingum um launþega og útborganir sem tilheyra þeirra deildum. Kerfinu fylgja tengingar þar sem hægt er að skoða launakostnað með ýmsum hætti og bera saman við áætluð laun. Launaáætlun sveitarfélagsins er unnin í H3 launakerfinu. Kerfisumsjón er hjá launadeild.
- ✓ Vinnustund er viðveruskráningarkerfi. Starfsmenn launadeildar viðhalda grunnupplýsingum kerfisins. Starfsmönnum er skylt að skrá viðveru sína í þetta kerfi með stimpilklukku/tölvu á starfsstöð sinni. Einnig er hægt að skrá viðveru sína yfir vef í gegnum tölvu eða síma. Sömuleiðis er möguleiki á að skrá í gegnum smáforrit í síma (app). Starfsmenn eiga að passa upp á að vinnutíma- og fjarveruskráning, svo sem veikindi, orlof o.s.frv., sé rétt og hafa til þess aðgang að sínum upplýsingum í kerfinu. Í Vinnustund eru vaktaplön sett upp þar sem við á og kerfið heldur utan um réttindi og skyldur launþega og launagreiðanda í samræmi við kjarasamninga. Þeir starfsmenn sem hafa mannaforráð samþykkja skráða viðveru og fjarveru til launa. Gögn flæða frá Vinnustund yfir í H3 launakerfið til útreiknings launa. Kerfisumsjón er hjá launadeild.
- ✓ 50skills er ráðningarkerfi þar sem haldið er utan um auglýsingar um lausar stöður, umsóknir og fylgigögn, viðtöl. Aðgangsstýring er að kerfinu. Umsjón er í höndum mannauðsstjóra og aðgangur heimill starfsmönnum launadeildar og forstöðumönnum. Upplýsingar frá nýráðnum s.s. bankareikningar o.fl. flytjast yfir í launakerfi H3.
- ✓ ONESystems er funda og málakerfi sveitarfélagsins. Kerfisumsjón er höndum skjalastjóra. Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs hefur víðtækar heimildir, m.a. kerfisumsjón, en hefur ekki aðgang að félags- og barnaverndarmálum. Málakerfið er aðallega notað í ráðhúsi og hjá veitu- og framkvæmdasviði og að nokkru leyti af forstöðumönnum og riturum leik- og grunnskóla fyrir afmörkuð gögn. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga er með sín gögn í svokölluðum hliðargrunni. Mál eru stofnuð ýmist af skjalastjóra eða starfsmönnum. Öll mál eru með öryggisstillingu sem stofnandi máls setur á það. Þau mál sem þurfa afgreiðslu nefnda fá tengingu við viðkomandi nefnd. Nefndarmenn hafa aðgang að málum sem eru á dagskrá í viðkomandi nefnd og þeim gögnum sem merkt hafa verið til birtingar í fundagátt. Fundagáttin er aðgangsstýrð og nefndamenn sjá bara sína nefnd og þau gögn sem sett hafa verið fyrir fund á þeim tíma

sem viðkomandi hefur verið nefndarmaður eða varamaður í nefnd. Sveitarstjórnarmenn sjá fundargögn allra nefnda á þeim tíma sem þeir eru virkir í sveitarstjórn.

- ✓ Sveitarstjórinn (Vöndull frá Wise). Fjárhags- og viðskiptakerfi sveitarfélagsins. Allt bókhald og reikningagerð sveitarfélagsins er unnið í kerfinu með undantekningum þó. Kassakerfi (Centara) í sundlaugum og byggðasafni er samtengt Sveitarstjóranum. Reikningar vegna sölu á heitu og köldu vatni eru gerðir í Orkunni sem er sérstakt kerfi í umsjón Skagafjarðarveitna. Samtölur eru bókaðar mánaðarlega yfir á fjárhagslykla í Sveitarstjóranum með millifærslum. Fyrir námskeið og tónlistarskólanám er innheimt í gegnum kerfi sem heitir Sportabler. Þar fer fram skráning foreldra/forráðamanna á þátttöku barna í íþróttum og tónlistarnámi. Reikningar verða til í þessu kerfi og greiðsluháttur skráður (kort, greiðsluseðill) og fjöldi gjalddaga. Hvatapeningum sveitarfélagsins er úthlutað þarna í gegn. Viðskiptamanna-, tekju- og gjaldafærslur eru fluttar yfir í Sveitarstjórann með millifærslum. Kerfisstjórn er á höndum sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Oftast er leitað til hans með leiðbeiningar og ef villur og vandræði koma upp í kerfinu, annars er það þjónusta Wise sem leysir málin.
- ✓ Álagningarkerfi fasteignagjalda. Þetta er miðlægt kerfi sem HMS heldur utan um og sveitarfélögunum gert að vinna álagningu og breytingar vegna fasteigna og/eða fasteignaeigenda í því. Eftir að mánaðarálagningu eða breytingarálagningu er lokið eru upplýsingar lesnar inn í Sveitarstjórann og gögnin að lokum unnin þar til innheimtu einu sinni í mánuði. Innheimtustjóri og sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs hafa aðgang að þessu kerfi. Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs er kerfisstjóri og hefur á höndum alla vinnu sem lýtur að álagningu og breytingum í kerfinu.
- ✓ Vefumsjónarkerfi Stefnu er notað fyrir umsýslu með heimasíðu sveitarfélagsins. Fundargerðir sem skráðar eru í fundakerfi ONE og heimilt að birta á netinu fara sjálfkrafa á heimasíðuna þegar fundi er lokið. Á heimasíðunni eru ýmsar upplýsingar, s.s. um stjórnsýslu, þjónustu, gjaldskrár o.s.frv. og annað sem er á döfinni. Aðgangur að umsjónarkerfi vefs sveitarfélagsins er hjá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, skjalastjóra, stjórnsýsluritara og verkefnisstjórum atvinnu- og markaðsmála. Kerfisstjórn er á höndum verkefnisstjóra atvinnu- og markaðsmála.

Fjárhagsáætlunarvinna byrjar í ágúst/september ár hvert. Sveitarstjóri og sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs fara yfir rekstur líðandi árs og áætlun. Reynt er á þeim tíma að sjá fyrir hvernig áætlun ársins muni standast. Út frá þessari greiningu er svokölluð rammaáætlun fyrir rekstur næsta árs búin til með hliðsjón af áætlun ársins. Reynt er að forðast að áætla á einskiptis fjárveitingar sem eru í áætlun líðandi árs. Gert er ráð fyrir nýjum útgjöldum sem vitað er að komi til ef svo ber undir. Litið er til þjóðhagsspár sem kemur út snemma sumars varðandi verðlagshækkanir á milli ára. Sömuleiðis er spá um launahækkanir höfð til hliðsjónar ef kjarasamningar verða lausir á áætlunarári. Tekið er tillit til raunstöðu launa á þessum tíma og hún borin saman við launaáætlun.

Launaáætlun er keyrð í H3 fyrir næsta ár. Tekjuáætlun og gjaldskrárbreytingar eru áætlaðar skv. framangreindum forsendum. Framkvæmdir og afborganir lána eru teknar inn á þessum tíma skv. þriggja ára áætlun.

Þegar rammaáætlun hefur verið gefin út og samþykkt af byggðaráði og sveitarstjórn hefst formleg vinna starfsmanna með viðkomandi nefndum að koma saman áætlun. Sviðsstjóri hefur lagt upp með að gefa skamman tíma í áætlunargerðina til þess að allir séu einbeittir í verkefninu á meðan þeir eru að sinna því. Einnig að áætluninni sé dreift á mánuði strax í þessari vinnu á meðan upplýsingar eru ferskar. Það er mat sviðsstjóra að forstöðumenn séu ekki tilbúnir að fara aftur í áætlunargír og dreifa áætlun sinni eftir áramót.

Launaáætlun er gerð í H3 fyrir hvern einasta starfsmann af forstöðumönnum. Ýmist gera þeir það sjálfir eða með aðstoð frá starfsmanni viðkomandi sviðs. Í nefndum fer fram umræða um áætlanir og gjaldskrár sem undir þær falla. Gagnavinna fyrir áætlun um framkvæmdir og meiriháttar viðhald fasteigna er unnið af sveitarstjóra og sviðsstjórum veitu- og framkvæmdasviðs og sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Áætlun um framkvæmdir og viðhald er ákveðin af byggðaráði með tilliti til þeirrar lántöku sem fyrirhuguð er á áætlunarári. Reynt er að standast tímamörk laga og reglugerða er fjalla um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Gjaldkeri er skrifstofustjóri hjá Skagafjarðarveitum og heyrir undir sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs. Auk hans getur sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og aðalbókari greitt reikninga.

Skrifstofustjórinn (gjaldkerinn) sinnir greiðslu reikninga fyrir sveitarfélagið ásamt öðrum störfum. Starfsmaður hjá honum sér um ákveðna innri reikninga í verkbókhaldi fyrir veitur, áhaldahús, tölvudeild og bílaleigu. Starfsmaðurinn sér einnig um afstemmingu á tveimur tékkareikningum og almennri afstemmingu á lánardrottnum ásamt starfsmönnum í bókhaldi. Starfsmaðurinn annast símsvörun hjá veitu- og framkvæmdasviði.

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs sér um að greiða alla fjárhagsaðstoð. Félagsráðgjafar sjá um að skrá fjárhagsaðstoðina í sérkerfi (Félagsmálastjóri) í Sveitarstjóranum. Að jafnaði fá allt að 10 einstaklingar  fjárhagsaðstoð á mánuði. Þessi fjárhagsaðstoð er talin fram á launamiða til skatts (reitur 62 Félagsleg aðstoð). Ef rétt er skráð tekur litla stund að reikna skattinn af aðstoðinni og senda greiðslu í bankann.

Sviðsstjórinn fer með fjárreiður og framkvæmdastjórn Skagfirskra leiguíbúða hses. Um er ræða átta íbúðir í tveimur húsum. Hann hefur umsjón með viðgerðum varðandi þessar íbúðir.

Haustið 2016 var ákveðið að sótt yrði um stofnframlag til byggingar almennra íbúða á Sauðárkróki sökum húsnæðisskorts á leigumarkaði. Fór svo að stofnuð var húsnæðissjálfseignarstofnun, Skagfirskar leiguíbúðir hses. með 1 millj. kr. stofnframlagi frá sveitarfélaginu.

Eins og félagsformið er, þá á stofnunin sig sjálf. Sveitarstjórn tilnefndi og kaus í fyrstu stjórn. Eftir að fulltrúaráð skipað fulltrúum sveitarfélagsins og leigjenda var sett á laggirnar kýs það stjórnina. Þetta húsnæðisúrræði er ekki ætlað fólki sem þarf á félagslegu húsnæði að halda og þess vegna hefur það verið aðskilið frá íbúðum sveitarfélagsins.

Skjalavistunakerfið hefur tekið mikinn tíma hjá sviðsstjóra vegna þess að hann er að skrá inn erindi sem berast honum beint eða vísað er á hann og eiga að skrást í málakerfi sveitarfélagsins. Hann svarar þessum erindum, setur gögn undir og tengir mál, þannig að aðrir sem eiga mögulega aðkomu að því þurfi ekki að finna upp hjólið og þurfi að fara í sömu upplýsingaleit. Þetta er ekki gert í sviphendingu ef vel á að vera að sögn sviðsstjóra. Mjög mikið er leitað til sviðsstjóra af samstarfsmönnum og íbúum sveitarfélagsins vegna aðstoðar og ýmissa mála. Vegna þess er hann mikið að vinna í málakerfi sveitarfélagsins.

Sviðsstjóri hefur séð um alla álagningu fasteignagjalda. Auk þess sem hér hefur komið fram sér sviðsstjóri m.a. um alla umsjón fjármála fyrir Norðurá bs., Tímatákn ehf. og Hátæknisetur Íslands ses.

**Mannauðsstjóri**

Næsti yfirmaður mannauðsstjóra er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Mannauðsstjóri situr framkvæmdaráðsfundi í upphafi funda þar sem mannauðsmál eru rædd en síðan víkur hann af fundi. Fram kom í máli mannauðsstjóra að það færi betur á því að hann sæti framkvæmdaráðsfundi í heild. Með því væri hann betur upplýstur um einstök mál sem kæmi sér vel varðandi mál er tengdust verkefnum mannauðsstjóra. Komið hefur fyrir að mannauðsstjóri hafi ekki verið upplýstur um mál sem hefðu fengið farsælli lausn  ef svo hefði verið.

Launadeild heyrir undir mannauðsstjóra þar sem eru tveir starfsmenn í 1,75 stöðugildum; deildarstjóri í 100% stöðugildi og launafulltrúi í 75% stöðugildi. Auk þessa hefur verið bætt við starfskrafti í launadeild frá bókhaldsdeild. Markmiðið með því er að þjálfa starfsmann í launabókhald m.a. til að leysa af í orlofi og forföllum, að auki er farið að styttast í eftirlaunaaldur núverandi starfsmanna launadeildar, svo litið er svo á að verið sé að þjálfa upp eftirmann. Starfshlutfall viðkomandi í launadeildinni er skilgreint sem 0,5 stöðugildi og þá 0,5 í bókhaldsdeild. Þannig eru núna þrír starfsmenn í launadeild í samtals 2,25 stöðugildum.

Fram kom hjá mannauðsstjóra að hann hafi verkstjórn með starfsmönnum launadeildar en fari ekki með mannaforráð, sem sviðsstjóri annast.

*Tafla 33: Fjöldi stöðugilda, fjöldi á launaskrá hjá Skagafirði og fjöldi stöðugilda í launadeild*

| | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi stöðugilda | 400 | 400 | 389 | 377 |
| Fjöldi á launaskrá | 470 | 470 | 451 | 448 |
| Stöðugildi launadeildar | 2,25 | 1,75 | 1,75 | 1,5 |
| Fjöldi launþega á stöðugildi | 209 | 269 | 258 | 299 |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 33 sýnir fjölda stöðugilda, fjöldi á launaskrá hjá Skagafirði og fjöldi stöðugilda í launadeild. Gengið er út frá því að fjöldi stöðugilda og fjöldi á launaskrá 2023 sé sá sami og var árið 2022.

Eins og fram kemur í töflunni fjölgaði í launadeild á milli áranna 2020 og 2021 um 0,25 stöðugildi. Þannig að stöðugildin voru samtals 1,75. Síðan fjölgar aftur í byrjun árs 2023 um 0,5 stöðugildi. Eru stöðugildin þá orðin 2,25.

Árið 2020 voru 299 launþegar á hvert stöðugildi í launadeild en 209 árið 2023. Þannig hefur launþegum á hvert stöðugildi í launadeild fækkað um 90 á milli áranna 2020 og 2023.

*Tafla 34: Fjöldi starfsmanna á launaskrá að jafnaði og stöðugildi í launadeild hjá nokkrum sveitarfélögum*

| | Fjöldi á laulnaskrá að jafnaði | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|
| Sveitarfélag 1 | 480 | 2,5 | 192,0 |
| Skagafjörður | 470 | 2,25 | 208,9 |
| Sveitarfélag 3 | 121 | 0,54 | 224,1 |
| Sveitarfélag 4 | 1.100 | 4,8 | 229,2 |
| Sveitarfélag 5 | 380 | 1,0 | 380,0 |
| Sveitarfélag 6 | 912 | 1,75 | 521,1 |

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 34 sýnir fjölda starfsmanna sem eru að jafnaði á launaskrá hjá nokkrum sveitarfélögum ásamt fjölda stöðugilda sem eru við launavinnslu. Taka verður þennan samanburð með fyrirvara þar sem verkefnin, sem starfsmenn við launavinnslu sinna, geta verið mismunandi. Jafnframt koma viðbótarstarfsmenn hjá öllum sveitarfélögunum á launaskrá yfir sumarmánuðina.

Eins og fram kemur í töflunni er nokkuð mismunandi hvað eru margir á launaskrá að jafnaði á hvert stöðugildi í launavinnslu hjá sveitarfélögum. Frá því að vera 192 starfsmenn að jafnaði upp í 521 starfsmann. Hjá Skagafirði voru 208,9 starfsmenn á launaskrá að jafnaði á hvert stöðugildi.

Allir starfsmenn sveitarfélagsins, með nokkrum undantekningum, eiga að stimpla sig inn og út daglega í Vinnustund. Þannig á að halda utan um viðveruskráningu allra starfsmanna.. Yfirvinna og álagsgreiðslur eru keyrð úr Vinnustund í launakerfið.

Þegar launadeild er búin að reikna launin sendir hún út tilkynningu á forstöðumenn um að búið sé að ganga frá launum. Þá eiga forstöðumenn að fara inn í H3 og samþykkja launakeyrsluna fyrir sitt starfsfólk, en ekki gera allir forstöðumenn það. Með því að yfirmaður fari yfir launakeyrslu fyrir útborgun hefur verið hægt að leiðrétta og koma í veg fyrir rangar launagreiðslur. Leggja ber áherslu á að allir forstöðumenn geri þetta.

Verkskráning t.d. hjá veitum og þjónustumiðstöð er ekki skráð í Vinnustund.

Fjarvera er skráð í vinnustund. Forstöðumenn geta kallað fram veikindaskýrslur vegna sinna starfsmanna úr Vinnustund. Síðast liðið sumar (2022) var samþykkt viðverustefna fyrir

sveitarfélagið. Unnið er að því að setja forstöðumenn í að taka fjarverusamtöl þegar starfsmenn eru komnir yfir ákveðinn kvarða varðandi fjarveru.

Stór hluti af tíma mannauðsstjóra fer í leiðsögn og ráðgjöf við forstöðumenn almennt. Einnig hefur farið óþarflega mikill tími í frágang á ráðningarsamningum og „innköllun“ á öðrum skjölum starfsmanna, en með innleiðingu á rafrænum skilum sem hófst í janúar 2023, standa væntingar til þess að ferlið verði einfaldara og fljótlegra fyrir alla (forstöðumenn, launadeild, mannauðsstjóra og starfsmenn) þegar upp er staðið.

Haldið er utan um ráðningarsamninga og önnur gögn er varða starfsmenn rafrænt. Mannauðsstjóri fer yfir alla ráðningarsamninga áður en þeir eru sendir út til rafrænnar undirskriftar.

Fram kom hjá mannauðsstjóra að það væru tækifæri til umbóta í vaktavinnu á starfsstöðvum og að sveitarfélagið hefur hafið vinnu við að endurskoða vaktauppsetningu sem verkefnið „betri vinnutími í vaktavinnu“ sneri að. Í endurskoðuninni er verið að skoða t.d. mönnun stofnana, hvort vinnuskylda og starfshlutfall sé í jafnvægi, hvernig hægt sé að gera jöfnun vinnuskila sýnilegri fyrir starfsmanninn, endurskoða jafnræði milli starfsmanna og álagsvakta o.s.frv.

Varðandi jafnlaunastefnu sveitarfélagsins væri gott að hafa betri yfirsýn í rauntíma hjá sveitarfélaginu um hvaða áhrif nýráðningar hafa, að sögn mannauðsstjóra. Hann telur að með aðgangi að PayAnalitics gæti sveitarfélagið haft betri upplýsingar um launaþróun í rauntíma og áhrif nýráðninga og launabreytinga núverandi starfsmanna.

Mannauðsstjóri hefur ekki aðgang að áætlun varðandi stöðugildafjölda skv. fjárhagsáætlun. Vegna þess hefur hann ekki upplýsingar um fjölda áætlaðra stöðugilda fram í tímann á hverri starfsstöð hjá sveitarfélaginu. Hann telur að það gæti hugsanlega verið gott ef mannauðsstjóri og sérfræðingur á fjölskyldusviði myndu hafa einhvern snertiflöt varðandi tölulegar upplýsingar.

Mikilvægt er að bæta upplýsingaflæði til starfsmanna að sögn mannauðsstjóra. Í dag fara upplýsingar í tölvupósti frá mannauðsstjóra til stjórnenda sem eiga að koma þeim áfram til sinna starfsmanna. Það vantar farveg/vettvang/svæði þar sem mannauðsstjóri getur komið upplýsingum beint til starfsfólks með t.d. innra svæði/sharepoint eða eitthvað álíka. Það sem tefur innleiðingu á innra svæði/sharepoint er m.a. að grunnskólarnir eru ekki með 365office, heldur eru inn á Macsvæði sem m.a. hefur leitt til þess að ekki eru greið samskipti við alla starfsmenn. Er mögulegt að bæta það með því að vera með workplace? Það er orðið brýnt að hafa rafrænt svæði þar sem hægt er að sameina á einn stað reglur/upplýsingar/fréttir til starfsmanna annars vegar og stjórnenda hins vegar. (O-drif stjórnenda er ekki að virka sem skyldi og forstöðumenn eiga erfitt með að tileinka sér þá aðferðafræði að afla sér upplýsinga um mannauðstengd mál þar). Mannauðsstjóri telur að eitt af brýnustu málum hjá sveitarfélaginu sé, að koma upplýsingaflæði til starfsmanna/stjórnenda í betri farveg með notendavænni lausn sem allir starfsmenn hafa aðgang að.

Fram kom í máli mannauðsstjóra að ýmis verkefni  mætti vinna betur og nefndi sem dæmi: Að uppfæra mannauðsstefnu, uppfæra jafnréttisáætlun, viðhalda jafnlaunavottun, setja ýmsa verkferla til að bæta gæði nýráðninga og tryggja betri starfslok, t.d. með töku starfslokasamtala.  Það þarf að útbúa reglur um tölvupósta og netnotkun starfsmanna.  Það þarf að taka vinnuverndarmál fastari tökum. Endurskoðun á betri vinnutíma í vaktavinnu, endurskoðun á betri vinnutíma í dagvinnu. Skoðað verði að koma á laggirnar rafrænni fræðslu fyrir starfsmenn og þá sérstaklega í tengslum við nýráðningar, ætla má að það myndi einfalda margt fyrir forstöðumenn og bæta gæði og upplifun nýrra starfsmanna. Starfsmannakönnunum þarf að koma í reglubundnari farveg til að sveitarfélagið sé meira með „puttann á púlsinum“.

Með virkum starfsmannakönnunum, sem fara fram reglulega, og með umbótum á þeim þáttum sem starfsmenn telja að þurfi að bæta, séu stjórnendur því sammála, á að vera hægt að bæta starfsumhverfi starfsmanna. Með því á að vera hægt að ná fram enn betri vellíðan starfsmanna í vinnunni.

**Aðalbókari**
Næsti yfirmaður aðalbókara er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Stöðugildin í bókhaldsdeild eru sem hér segir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Aðalbókari | | 0,87 stöðugildi, eitt stöðugildi í fjóra mánuði og 0,8 í átta mánuð. | | |
| a) | Bókari | 0,5 | „ | 0,5 stöðugildi í bókhaldi og 0,5 í launadeild. |
| b) | Bókari | 0,5 | „ | |
| c) | Bókari | 1,0 | „ | |
| d) | Bókari | 1,0 | „ | |
| e) | Bókari | 0,5 | „ | ca. 0,5 í bókhaldi og  0,5 í öðru. |
| | **Samtals** | **4,37 stöðugildi** | | |

Eins og fram kemur hér að framan eru 4,37 stöðugildi vegna bókhalds sveitarfélagsins sem sex starfsmenn sinna.

Aðalbókari er að öllu jöfnu í 80% stöðu en eykur það gjarnan í 100% í ca. 4. mánuði.

Bókari a) er í 0,5 stöðugildi í bókhaldi. Var fluttur í 0,5 stöðugildi í launadeild um síðustu áramót.  Bókarinn er skilgreindur sem 0,5 stöðugildi á hvorri deild, samtals 1,0 stöðugildi. Að mati aðalbókara verður þróunin líklega sú að bókarinn verði meira í launadeildinni. Bókarinn leysir jafnframt af í afgreiðslu þegar þarf.  Bókarinn sér um bókhald Náttúrustofu NLV sem er útseld vinna.  Sér jafnframt um launakeyrslur fyrir Náttúrustofu og Norðurá.  Er einnig í ýmsum afstemmingum og millifærslum.  Skráir reikninga þegar mest er af þeim en það hefur farið minnkandi.

Bókari b) sér um bókhald fyrir Norðurá bs.  Það er um 20-25% af tíma hans.  Sér jafnframt um allar færslur sem tengjast Greiðslukortum.  Þá sér bókarinn um færslur vegna notkunar bifreiða, þ.e. fer yfir akstursbækur og skiptir niður á deildir. Að öðru slepptu er hann svo í skráningu reikninga.

Bókari c) er svo til eingöngu í skráningu reikninga.

Bókari d) sér um allar færslur sem tengjast greiðslu af skuldabréfum í skuldabréfakerfið. Hann kemur mikið að fjárhagsáætlanagerð, sér um upplýsingagjöf til forstöðumanna stofnana og er þeim innan handar við ýmislegt sem lýtur að bókhaldi og bókhaldskerfinu. Er í afstemmingum og sér um mikið af bankafærslum sem þarf að gera, svo og millifærslum og leiðréttingum. Upplýsingagjöf til launadeildar vegna frádráttar, t.d. á fæði. Sér um að deila sameiginlegum kostnaði í Ráðhúsi á deildir sem þar hafa skrifstofur. Sækir um endurgreiðslur á virðisaukaskatti t.d. vegna íbúða og brunavarna. Stemmir af lykla vegna fjárhagsaðstoðar. Leysir af í fríum vegna Norðurár og Náttúrustofu. Ýmis önnur tilfallandi verkefni. Er í skráningu reikninga eftir því sem tími er til og þarf.

Bókari e) er á skrifstofu Skagafjarðarveitna. Áður voru veiturnar í sér félagi, Skagafjarðarveitur ehf., þá var starfsmaðurinn þar. Síðan var ehf. lagt niður og bókhaldið sameinað bókhaldi sveitarfélagsins. Bókarinn er skilgreindur sem starfsmaður veitna og launin hans færð þar. Að því leyti heyrir bókarinn undir skrifstofustjóra hjá veitum. Bókarinn sér um skráningu reikninga sem berast veitunum, sér um verkbókhald fyrir áhaldahús, garðyrkjudeild, tölvudeild og eignasjóð og sér jafnframt um gerð innri reikninga þar og afstemmingar. Hann sér um heimasíðu Skagafjarðarveitna og er líka gæðastjóri þar, sér t.d. um einhverjar sýnatökur og slíkt.

Fyrir Covid var samkomulag um að bókarinn kæmi í ráðhús reglulega og myndi vinna í afstemmingum o.fl. Þessu var hætt þegar Covid reið yfir og hefur ekki verið tekið upp aftur. Aðalbókari gat ekki alveg gert grein fyrir hversu stórt hlutfall af tíma bókarans skilgreinist sem bókhaldsvinna. Bókari heyrir undir aðalbókara varðandi bókhaldsmál en vegna annarra verkefna heyrir viðkomandi undir skrifstofustjóra Skagafjarðarveitna (sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs). Starfsmaðurinn var áður með aðstöðu á bókhaldsdeildinni en fór yfir á skrifstofu Skagafjarðarveitna eftir að Covid byrjaði og hefur verið þar síðan. Að mati aðalbókara færi betur á því að allir starfsmenn bókahaldsdeildar væru á sama stað.

Rafrænum reikningum hefur verið að fjölga. Um s.l. áramót var send út tilkynning um að sveitarfélagið væri hætt að taka við reikningum á pappír. Þrátt fyrir það er enn tekið við reikningum á pappír. Mikil hagræðing fæst með því að taka við reikningum rafrænt.

Þegar sveitarfélagið tekur við reikningi á pappír þarf að skanna viðkomandi reikning til að koma honum rafrænt inn í bókhaldskerfið. Síðan þarf að slá inn kennitölu kröfuhafa, eindaga reiknings og fjárhæð hans. Þegar því er lokið þarf að senda reikninginn til samþykktar og lykla í bókhaldið.

Þegar reikningur kemur rafrænt fer kennitala kröfuhafa, eindagi og fjárhæð reiknings rafrænt í bókhaldskerfið. Einungis þarf að senda reikninginn á viðkomandi forstöðumann til samþykktar og færslu bókhaldslykils. Starfsmaður bókhaldsdeildar lyklar reikninga. Yfirfara þarf texta og setja hann inn.

Einstaka forstöðumenn hafa dregið að samþykkja reikninga. Slíkur dráttur getur leitt til aukins kostnaðar vegna dráttarvaxta.

*Tafla 35: Fjöldi bókaðra reikninga og fjöldi stöðugilda við bókhald*

| | **2022** | **2021** | **2020** |
|---|---|---|---|
| Pappír | 5.070 | 6.634 | 9.566 |
| Rafrænn | 19.913 | 16.853 | 10.626 |
| **Samtals** | **24.983** | **23.487** | **20.192** |
| Hlutfall rafræna reikninga | 79,7% | 71,8% | 52,6% |
| Fjöldi stöðugilda | 4,37 | 4,37 | 4,37 |
| Fjöldi reikninga á stöðugildi | 5.717 | 5.375 | 4.621 |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 35 sýnir fjölda bókaðra reikninga og fjölda stöðugilda við bókhald hjá Skagafirði.

Eins og kemur fram var 4.621 reikningur á hvert stöðugildi í bókhaldi árið 2020 en 5.717 árið 2022. Árið 2020 voru 53% reikninga sem bárust rafrænt en 80% árið 2022. Þrátt fyrir það var fjöldi stöðugilda óbreyttur.

*Tafla 36: Fjöldi reikninga í bókhaldi og fjöldi stöðugilda hjá nokkrum sveitarfélögum*

| | Pappír | Rafrænir | **samtals** | Hlutfall rafrænna reikninga | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi reikninga á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag 1 | 7.545 | 7.289 | **14.834** | 49% | 3,7 | 4.009 |
| Sveitarfélag 2 | 9.347 | 7.286 | **16.633** | 44% | 3,0 | 5.544 |
| Skagafjörður | 5.070 | 19.913 | **24.983** | 80% | 4,37 | 5.717 |
| Sveitarfélag 4 | 10.931 | 16.883 | **27.814** | 61% | 4,0 | 6.954 |
| Sveitarfélag 5 | 5.970 | 7.557 | **13.527** | 56% | 1,0 | 13.527 |

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 36 sýnir fjölda bókaðra reikninga hjá fjórum sveitarfélögum og fjölda stöðugilda við bókhald árið 2018. Auk þess sýnir taflan sömu upplýsingar fyrir Skagafjörð, en vegna ársins 2022.

Eins og þarna kemur fram er mikill munur hver fjöldi reikninga er á hvert stöðugildi í bókhaldi hjá þessum sveitarfélögum. Einnig getur verið mismunandi hvað mikið er gert í bókhaldinu. Hjá þeim sveitarfélögum þar sem mest er gert í bókhaldinu er því skilað með uppgjöri og tilbúnu til endurskoðunar. Hjá öðrum þurfa endurskoðendur að koma að uppgjöri áður en hægt er að hefja eiginlega endurskoðun. Taka verður þennan samanburð með fyrirvara þar sem verkefnin, sem starfsmenn við bókhald sinna, geta verið mismunandi.

Eins og fram kemur í töflunni voru flestir reikningar á hvert stöðugildi hjá sveitarfélagi 5, eða 13.527 árið 2018. Fæstir voru reikningarnir hjá sveitarfélagi 1, eða 4.009 að meðaltali á hvern starfsmann í bókhaldi. Tvö sveitarfélög voru með færri reikninga á hvert stöðugildi en Skagafjörður, þar sem fjöldinn var 5.717 á hvert stöðugildi. Rétt er að fram komi að hjá

sveitarfélagi 4 skilar aðalbókarinn ársreikningi sveitarfélagsins uppgerðum og tilbúnum til endurskoðunar. Einnig að hlutfall rafrænna reikninga var hæst hjá Skagafirði.

Rétt er að fram komi að bókhaldsdeildin annast bókhald fyrir Norðurá bs. og Náttúrustofu Norðurlands vestra (því var hætt um mitt ár 2023).

Nokkur vinna hjá bókhaldsdeildinni fer í að halda utan um kreditkort.

*Tafla 37: Fjöldi innkaupakorta (kreditkorta) og árleg velta*

| | | Velta á kreditkortum | | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi árið 2022 | 2022 | 2021 | 2020 |
| Innkaupakort (kreditkort) | 30 | 18.358.264 | 11.426.089 | 9.239.924 |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 37 sýnir fjölda innkaupakorta (kreditkorta) árið 2022 og veltu á kortunum árin 2020 til og með 2022.

Eins og fram kemur í töflunni voru 30 kreditkort í notkun hjá sveitarfélaginu 2022. Veltan á kreditkortum fer úr 9,2 millj. kr. árið 2020 til 18,3 millj. kr. árið 2022, eða hún tvöfaldast.

Nokkur vinna fer í að halda utan um bílamálin hjá bókhaldsdeildinni. Stefnan er að ekki sé greiddur bifreiðastyrkur.  Bílar sem notaðir eru af mörgum eiga að vera með akstursdagbók sem fylla á út.  Bílar eru oft samnýttir t.d. af skóla og leikskóla austan Vatna.  Vinna þarf upp úr akstursbókunum notkun hverrar deildar og færa kostnað á þær deildir og tekjur á eignasjóð sem á og rekur bílana.  Um margar deildir getur verið að ræða, t.d. hjá 02.

**Stjórnsýsluritari**

Næsti yfirmaður stjórnsýsluritara er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Stjórnsýsluritari er í 75% starfi sem launafulltrúi og 25% starfi sem stjórnsýsluritari.

Umfangsmesta verkefni stjórnsýsluritara er að boða sveitarstjórnarfundi. Hann hefur samráð við forseta sveitarstjórnar, sveitarstjóra  og skipulagsfulltrúa varðandi mál sem taka á á dagskrá sveitarstjórnar. Þegar dagskráin liggur fyrir boðar stjórnsýslufulltrúi til fundar sveitarstjórnar með tveggja daga fyrirvara. Fundir sveitarstjórnar fara fram í fundarsal sveitarstjórnar að Sæmundargötu 7 (húsi frítímans). Fundir sveitarstjórnar eru teknir upp og settir á netið eftir fundi. Stjórnsýsluritari annast upptöku sveitarstjórnarfunda og ritar fundargerð sveitarstjórnar.

Dagskrá sveitarstjórnar er send út til sveitarstjórnarmanna, aðal- og varamanna með tölvupósti úr  OneSystem. Allir aðal sveitarstjórnarmenn eru með Skagafjarðar netfang.

Sveitarstjórnarfulltrúar fara inn  á island.is til að sækja öll skjöl sem tengjast málum á sveitarstjórnarfundum. Fyrir og á meðan á fundi stendur senda sveitarstjórnarmenn bókanir og annað slíkt til stjórnsýsluritara  með tölvupósti sem  afritar þau gögn og setur í

fundargerð sveitarstjórnar. Stjórnsýsluritari svarar erindum sem afgreidd eru á fundum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði

Einstaka sinnum hefur stjórnsýsluritari annast fundarritun á byggðaráðs- og landbúnaðarnefndarfundum. Jafnframt er hann í samskiptum við yfirkjörstjórn sveitarfélagsins og undirkjörstjórnir vegna kosninga. Kemur einnig að því að setja efni á heimasíðuna.

Stjórnsýsluritari annast greiðslur fyrir fundarsetur. Nema í sérnefndum sem eru skipaðar. Undantekning frá því eru tímabundnar byggingarnefndir skóla og sundlauga. Heldur utan um öll launamál fastra nefnda.

Samskipti við Stjórnartíðindi, að senda gjaldskrár og samþykktir til birtingar (skjalastjóri sér einnig um þessar sendingar).

**Innheimtufulltrúi**
Næsti yfirmaður innheimtufulltrúa er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Innheimtufulltrúi er í 50% starfi sem slíkur og 50% starfi sem ritari tæknideildar og þá fyrir byggingarfulltrúa. En reyndin hefur verið að meiri tími fer í innheimtumál. Um 75% af tímanum að jafnaði og þá 25% í störf fyrir byggingarfulltrúa að sögn innheimtufulltrúa.

Innheimtufulltrúi hefur yfirumsjón með reikningagerð og innheimtu hjá sveitarfélaginu.

Innheimtufulltrúi vaktar pósthólf sveitarfélagsins varðandi innheimtu, skiptir greiðslum ef þess er óskað. Sækir færslur í bankann og vaktar innheimtu reikninga og færir í bókhald.

Hann gerir flesta reikninga fyrir sveitarfélagið. Svo sem matarreikninga fyrir skólana og Iðju hæfingu, frístundareikninga, þ.e. fyrir Árvist, Hólavist og Frístund Varmahlíð, vegna lengdrar skólaviðvera fyrir yngstu bekkina, þ.e. 2. og 3. bekk. Gerir reikninga vegna heimaþjónustu og heimsent fæði, reikninga vegna dagsvistar, leikskólagjöld, fasteignagjöld og húsaleigu. Húsaleiga er tengd vísitölu og annast innheimtufulltrú breytingu á leigufjárhæðum skv. vísitölubreytingum.

Þá bókar hann einnig reikninga sem eru gerðir fyrir Byggðasafnið (ekki kassareikninga). Árlega gerir hann reikninga fyrir: Rotþróarlosun (1/3 af héraðinu hvert ár), leigu á gámasvæði. Verkefnastjóri fráveitu sendir innheimtufulltrúa exelskjal með upplýsingum um leigu og rotþróarlosun. Gerir árlega reikninga fyrir leyfum fyrir hunda- og kattahald. Þá eru gerðir reikningar fyrir notkun á Íþróttahúsi mánaðarlega, eða 9 mánuði á ári, og einnig ef húsið eða fótboltavöllurinn eru leigð sérstaklega (skemmtanir eða leikir á gervigrasi). Nú nýverið eru gerðir sérstakir reikningar fyrir urðun dýrahræja á sömu gjalddögum og fasteignagjöldin eða 10 á ári. Þarf að svara fyrir þá, prenta og senda.

Húsleiga íbúðarhúsnæðis breytist árlega, þ.e. um áramót, en leiga á skrifstofuhúsnæði tekur breytingum mánaðarlega.

Innheimtufulltrúi annast innheimtu vegna sjúkraflutninga fyrir Brunavarnir Skagafjarðar og gerð reikninga vegna þjónustu við fatlað fólk, þ.m.t. vegna samstarfssveitarfélaga.

Höfnin annast gerð sinna reikninga. Innheimtufulltrú bókar þá og gerir kröfurnar. Hafnarstjóri gerir reikning fyrir höfnina. Innheimtufulltrúi bókar þá og sendir kröfur í banka (gætir að greiðslufresti og öðru slíku). Síðan sækir hann greiðslur á þeim (rafrænt) og bókar á viðskiptamenn. Sendir í tölvupósti eða prentar út og svarar ef spurt er eftir afritum og þess háttar.

Bókar líka reikninga sem koma frá Hitaveitunni vegna efnissölu af lager og heimtaugagjalda. Verkefnastjóri Skagafjarðarveitna og skrifstofustjóri Skagafjarðarveitna gera reikninga og innheimtufulltrúi bókar þá (athugar með greiðslufrest), sendir í banka og prentar ef þarf.

Motus annast innheimtu á reikningum sem fara í vanskil.

Þegar krafa er komin 20 daga fram yfir eindaga sendir Motus áminningu. Innheimtufulltrúi kemur ekki að því. Tíu dögum seinna sendir Motus svo rafrænt eða í tölvupósti skýrslu um reikninga sem eru ógreiddir. Innheimtufulltrúi fer yfir reikningana og samþykkir í framhaldandi innheimtu eða óska eftir að þeir láti kyrrt liggja og gefur upp ástæðu fyrir því. Aðalbókari og sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs fá þessar tilkynningar einnig og geta svarað. Ef kröfur eru greiddar eftir að Motus hefur innheimtu taka þeir kröfuna til sín og greiða sveitarfélaginu hana svo í gegnum vefþjónustu, þar sem innheimtufulltrúi sækir greiðslur til þeirra og bókar í færslubók og inn á viðskiptamenn. Þeir halda eftir sinni þóknun og aðalbókari bókar þær færslur ásamt þeim sem fara til Lögheimtunnar (þar sem farið er fram á uppboð t.d.).

Innheimtusamningur er við Motus frá því í október 2014. Samkvæmt 15. gr. samningsins endurnýjast samningurinn sé honum ekki sagt upp með sex mánaða fyrirvara um eitt ár í senn.

Samkvæmt III kafla samningsins fellur ákveðinn kostnaður á Skagafjörð vegna innheimtu. Vegna þessa hefur Skagafjörður greitt til Motusar, skv. upplýsingum frá Skagafirði, sem hér segir:

| Ár | Samtals greitt |
|---|---|
| 2019 | 156.601 |
| 2020 | 635.714 |
| 2021 | 544.236 |
| 2022 | 318.376 |

Innheimtufulltrúi þarf að sjá um að gera og senda allar færslur sem eiga að fara til greiðslu með visa eða euro kortum sem varða þessar reglubundnu innheimtur. Þetta er gert rafrænt með stofnun innheimtubunka á hvern flokk, sent til vísa og euro og svo eru greiðslur sóttar rafrænt, bókaðar á viðskiptamenn. Ef korti er hafnað þarf að gera greiðsluseðil og senda hann til innheimtu.

Innheimtufulltrúi annast innkaup fyrir kaffistofu í stjórnsýsluhúsinu. Hann kaupir eða pantar mjólk, smjör, ost og kex ásamt pokum fyrir lífrænt sorp, uppþvottaduft og gljáa í uppþvottavél. Stundum þarf hann einnig að panta kaffi. Hann sér líka um að þessir hlutir séu til staðar á Ströndinni.

Innheimtufulltrúinn annast ljósritunarvél. Setur í hana pappír og aðstoðar aðra starfsmenn, ef þeir þurfa aðstoð við vélina. Lætur móttökuritara senda þjónustubeiðni ef vélin virkar ekki eða vantar toner eða þess háttar.

Hjá byggingarfulltrúa sér ritarinn um skjalavörslu, stofnar mál, svarar erindum sem hafa verið afgreidd. Ritarinn þarf að prenta út allar umsóknir sem berast byggingarfulltrúa og setja í skjalavörslu. Annast gerð allra reikninga vegna byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa.

Þegar allt er eins og það á að vera varðandi mál hjá byggingarfulltúra lokar ritarinn málinu og skila öllum gögnum til skjalastjóra. Flestar teikningar berast rafrænt. Teikningar sem berast rafrænt eru ekki lengur skannaðar.

**Skjalastjóri**
Næsti yfirmaður skjalastjóra er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Skjalastjóri hefur yfirumsjón með skjalakerfi sveitarfélagsins, þar með talið öryggismálum, sem tengjast skjalavörslu. Hann tekur við erindum sem berast sveitarfélaginu og skráir nýja starfsmenn í skjalakerfið. Aðrir sjá um skráningu í önnur kerfi. Hann er með aðalpóstfang sveitarfélagsins ásamt ábendingakerfinu og beiðnum til eignasjóðs. Tekur fundi í forföllum ásamt ýmsu fleiru eins og gengur og gerist í minni sveitarfélögum, að sögn skjalastjóra.

Skjalastjóri er í heimasíðunefnd, sem hefur umsjón með heimasíðunni. Í nefndinni eru þrír fulltrúar. Auk skjalastjóra eru í nefndinni verkefnastjóri atvinnu-, menningar- og kynningarmála og starfsmaður atvinnu-, menningar- og kynningarmála. Þau setja öll efni á heimasíðuna. Auk þeirra eru þrír aðrir sem hafa aðgang að síðunni.

Skjalastjóri hefur leyst stjórnsýsluritara af og tekið að sér ýmis viðvik fyrir fleiri starfsmenn í forföllum þeirra.

Starfsmenn eiga að skrá erindi í OneSystem, þar með talin öll tölvusamskipti sem varða sveitarfélagið. Hins vegar eru starfsmenn misduglegir við að skrá tölvupósta inn í kerfið. Sumir er duglegir við að gera það en aðrir ekki. Mikill meirihluti starfsmanna er duglegur að skrá allt á viðkomandi mál.

Félagsþjónustan annast að mestu um að setja gögn inn á OneSystem er varða félagsþjónustu. Fram kom hjá skjalastjóra að mjög góð umhirða væri um skjöl hjá félagsþjónustunni.

Allir starfsmenn eru í öryggishópum (-hólfum) í skjalakerfinu, sem þýðir að aðeins starfsmenn sem þurfa að hafa aðkomu að tilteknu máli hafi það en ekki aðrir.

Sveitarfélagið þarf að skila öllu á pappír, þannig að prenta þarf út öll skjöl til vistunar. Til þess að svo væri ekki þarf héraðskjalasafnið að geta tekið við rafrænum gögnum, en vegna hugbúnaðar sem þarf að fjárfesta í hefur það ekki verið hægt. Með hugbúnaði er átt við móttökuverkstæði til að lesa gögnin og umbreyta til geymslu og síðan vélar til að geyma gögnin til frambúðar.

Sveitarfélagið er nú þegar með mikið af gögnum sem eru rafræn. Fram kom í máli skjalastjóra að hann vildi að sveitarfélagið væri með rafræn skil þannig að ekki þurfi að vista skjöl á pappír. Til að fara í rafræn skil þarf að koma upp móttökuverkstæði þar sem gögn eru yfirfarin og þeim umbreytt yfir á viðeigandi stafrænt form til frambúðar geymslu.

Kjörnir fulltrúar sveitarstjórnar og nefndarmenn komast í fundargáttina á heimasíðu sveitarfélagsins með rafrænni innskráningu. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn hafa aðgang að efni allra fastanefnda og fylgiskjölum allra mála í gáttinni sem eiga að fara fyrir fund. Nefndarmenn sjá sínar nefndir og fylgiskjölin sem fara fyrir fundi þeirra nefnda.

**Móttaka/afgreiðsla Ráðhúss**

Næsti yfirmaður þjónustufulltrúa í ráðhúsi er sviðsstjóri stjórnasýslu- og fjármálasviðs.

Megin verkefnin eru að svara síma og taka á móti viðskiptavinum í afgreiðslu og leita úrlausna fyrir viðskiptavini. Allt kallar þetta á að fulltrúinn sé vel upplýstur um hver gerir hvað í þjónustu sveitarfélagsins. Hann heldur utan um notkun starfsmanna á starfsmannabílum sveitarfélagsins. Skráir notkun á bílum úr akstursbókum í excel skjal. Bókhaldið annast annað varðandi skráningu á notkun bíla. Starfsmenn skrá sig sjálfir fyrir bílum og einnig fyrir fundaraðstöðu. Vegna þessa hefur m.a. dregið úr verkefnum hjá fulltrúanum þar sem hann þurfti að taka við óskum frá starfsmönnum og skrá þær áður fyrr.

Fulltrúinn pantar mat fyrir starfsfólk ráðhússins skv. óskum starfsmanna. Verktakinn er stundum óákveðinn með hvaða mat er boðið upp á. Stundum gerist það að það liggur fyrir með dags fyrirvara en megin reglan er að hann lætur vita með tveggja til þriggja daga fyrirvara. Vegna þessa skapast aukin vinna fyrir fulltrúann því hann þarf að koma þessum upplýsingum til starfsmanna, taka við pöntun frá þeim og tilkynna til veitingaaðilans. Fulltrúinn þarf að tilkynna um fjölda þeirra sem eru í mat daglega.

Fyrri veitingaaðili gaf út matseðil fyrir vikuna sem var mun betra.
Fulltrúinn heldur utan um hverjir borða og sendir á bókhaldið til að gjaldfæra á starfsmenn. Tekur saman þessar upplýsingar fyrir hverja viku og sendir á bókhaldið fyrir tvær vikur í hvert skipti.

*Tafla 38: Máltíðir í Ráðhúsi Skagafjarðar*

| | | | | | | | | | Fjöldi keyptra máltíða | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | KK rest-aurant | Lemon | Hard Wok | **Samtals** | Hlutfallsleg aukning | Starfsmenn greiddu | Mismunur Sveitarfélagið | Hlutfallsleg aukning sveitarfélaginu | KK rest-aurant | Lemon | Hard Wok | **Sam-tals** | Starfs-menn | Svf. Greiðir, sálfræðingur og aðrir gestir | Hlutfallsleg aukning keyptra máltíða af veitingaraðila |
| 2020 | 2.608.650 | 0 | 214.650 | **2.823.300** | 0,0% | -1.195.718 | 1.627.582 | 0,0% | 2.037 | 0 | 173 | **2.210** | -2.164 | -46 | 0,0% |
| 2021 | 3.849.600 | 602.092 | 17.490 | **4.469.182** | 58,3% | -2.031.462 | 2.437.720 | 49,8% | 2.498 | 397 | 15 | **2.910** | -2.858 | -52 | 31,7% |
| 2022 | 2.232.750 | 1.236.278 | 2.062.200 | **5.531.228** | 95,9% | -2.653.492 | 2.877.736 | 76,8% | 1.329 | 841 | 982 | **3.152** | -3.110 | -42 | 42,6% |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 38 sýnir keyptar máltíðar vegna starfsmanna og fleiri aðila í Ráðhúsi Skagafjarðar.

Eins og taflan sýnir voru keyptar máltíðir af þremur aðilum þessi þrjú ár. Samtals voru keyptar máltíðir fyrir 2,8 millj. kr. árið 2020 samanborið við 5,5 millj. kr. árið 2022, eða aukning um 95,9%. Líkleg skýring á þessari aukningu er vegna þess ástands sem skapaðist vegna COVID framan af tímabilinu.

Á tímabilinu jukust kaup á máltíðum um 43% á milli áranna 2020 og 2022. Veruleg aukning var á fjölda keyptra máltíða af Hard Wok. Ástæða þess var m.a. vegna þess að fyrri þjónustuaðili sagði upp þjónustunni.

*Tafla 39: Meðal kostnaður á hverja máltíð*

| | Meðal kostnaður á hverja máltíð | | | | Hlutfallsleg hækkun máltíðar | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | KK restaurant | Lemon | Hard Wok | **Samtals** | KK restaurant | Lemon | Hard Wok | **Samtals** |
| 2020 | 1.281 | | 1.241 | **1.278** | 0,0% | | 0,0% | **0,0%** |
| 2021 | 1.541 | 1.517 | 1.166 | **1.536** | 20,3% | 0,0% | 16,8% | **20,2%** |
| 2022 | 1.680 | 1.470 | 2.100 | **1.755** | 31,2% | -3,2% | 27,2% | **37,4%** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 39 sýnir meðalkostnað á hverja máltíð.

Eins og taflan sýnir var meðalkostnaður á hverja máltíð lægstur hjá Lemon, eða 1.470 kr. en hæstur hjá Hard Wok, þar sem hann var 2.100 kr. árið 2022.

Fulltrúinn annast gæludýraskráningu, hunda- og kattaskráningu. Skráð er í OneSystem. Hann pantar einnig nafnskildi og útbýr skýrteini fyrir hvert dýr og sendir reikninga vegna þeirra.

Fulltrúinn aðstoðar við að setja erindi og reikninga í umslög og póst. Fær bunka af bréfum sem hann setur í umslög. Sendir eru reikningar þar sem sumir einstaklingar vilja fá reikninga í bréfpósti. Er ekki að senda alla reikninga út. Útbýr límmiða fyrir starfsmenn, pantar flug og gistingu ef þarf, annast ljósritun og að binda inn ef þarf. Pantar inn skrifstofugögn. Heldur utan um lyklamál og merkir skrifstofur.

Mikið er af gögnum frá skipulags- og byggingarfulltrúa sem þarf að senda í pósti og ábyrgðabréf frá barnavernd. Héraðsdómur setur einnig póstinn í töskuna hjá sveitarfélaginu.

Ábyrgðarbréf eru fyrirfram skráð og stærri sendingar inn á póststoðina. Prentar út beiðni á hverjum degi sem fylgir póstinum. Heldur utan um hverjir senda, hversu mikið og kostnaðinn. Bókhaldið tekur svo saman tölurnar.

Fær ýmis tölvuverkefni til að vinna fyrir sviðsstjóra svo sem að setja upp excel skjöl, fletta upp í wise o.s.frv. Kemur fyrir að það vanti frekari verkefni. Verkefni fulltrúans hafa verið að breytast undanfarin ár.

Þeir sem koma í ráðhúsið að sögn fulltrúans eru einkum fólk sem er að koma á fundi og starfsmenn sveitarfélagsins. Síðan eru það þeir sem þurfa að hitta byggingarfulltrúa og félagsþjónustuna.

Þeir sem hringja og eiga erindi við sveitarfélagið eru að langmestu leyti að hringja til skipulags- og byggingarfulltrúa, þegar skoðaður er fjöldi svarenda. Starfsmenn sveitarfélagsins  hringja mest í launadeild.

Einnig kemur fyrir að verið er að hringja eftir að búið er að greiða reikninga. Stundum hringt vegna leiðréttingar reikninga o.s.frv.

*Tafla 40: Fjöldi innhringina á skiptiborð ráðhússins*

| Skiptiborð ráðhússins | Janúar til og með desember | | Maí til og með desember | | | Janúar og febrúar | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2021 | 2022 | 2020 | 2021 | 2022 | 2021 | 2022 | 2023 |
| Stjórnsýslu- og fjármálasvið | | | | | | | | |
| Sundurliðað | | | | | | | | |
| Bókhald | 249 | 279 | 171 | 156 | 213 | 52 | 35 | 61 |
| Launadeild | 275 | 264 | 303 | 188 | 187 | 44 | 30 | 40 |
| Mannauðsstjóri | 58 | 67 | 87 | 19 | 51 | 20 | 8 | 11 |
| Sveitarstjóri | 233 | 165 | 232 | 164 | 106 | 32 | 30 | 28 |
| Sviðsstjóri | 247 | 222 | 173 | 163 | 153 | 43 | 30 | 56 |
| Skjalastjóri | 34 | 31 | 32 | 20 | 20 | 10 | 6 | 5 |
| AMK - nefnd | 95 | 125 | 115 | 74 | 95 | 7 | 10 | 26 |
| Innheimta | 402 | 373 | 392 | 236 | 224 | 97 | 88 | 115 |
| | | | | | | | | |
| Stjórnsýslu- og fjármálasvið | 1.593 | 1.526 | 1.505 | 1.020 | 1.049 | 305 | 237 | 342 |
| Skip og bygg | 1.169 | 827 | 1.072 | 628 | 532 | 256 | 139 | 70 |
| Fjölskyldusvið | 1.086 | 1.150 | 981 | 766 | 801 | 184 | 207 | 155 |
| Veitu - og framkvæmdasvið | 298 | 270 | 271 | 197 | 212 | 55 | 35 | 57 |
| Héraðsdómur | 181 | 127 | 142 | 98 | 56 | 33 | 37 | 29 |
| Annað | 700 | 663 | 837 | 423 | 404 | 144 | 142 | 117 |
| Mismunur | 1.898 | 1.610 | 904 | 1.370 | 1.031 | 262 | 319 | 201 |
| Samtals | 6.920 | 6.252 | 5.712 | 4.497 | 4.163 | 1.239 | 1.117 | 971 |
| Fækkun frá upphafs ári (mánuði) | | -668 | | | -1.549 | | | -268 |
| Hlutfallsleg fækkun | | 10% | | | 27% | | | 22% |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 40 sýnir fjölda innhringinga á skiptiborð ráðhússins.

Frá maí 2020 hefur þjónustufulltrúi í ráðhúsinu skráð innhringingar á skiptiborð í ráðhúsinu. Eins og fram kemur í töflunni fer innhringingum í ráðhúsið fækkandi. Á milli áranna 2021 og 2022 fækkaði innhringingum um 10%. Á milli áranna 2020 og 2022 á tímabilinu maí til og með desember fækkaði innhringingum um 27%. Á milli áranna 2020 og 2021 var fækkunin 21%. Sveitarstjóri er með sitt farsímanúmer aðgengilegt öllum þannig að hann fær mikið af símtölum beint í farsíma. Mun hærra hlutfall símhringinga til hans þannig heldur en í gegnum skiptiborð að hans sögn.

Síðan á milli áranna 2021 og 2022 á tímabilinu janúar og febrúar fækkaði innhringingum um 22%.

Símkerfið telur símtölin sem koma inn. Fulltrúinn skráir hvert erindi, kemur þó fyrir að það gleymist en það er mjög sjaldan. Hverju erindi geta fylgt nokkrar samsvaranir, t.d. Þegar viðkomandi svarar ekki og fulltrúinn fær símtalið aftur. Þá telst það sem tvö símtöl í kerfinu en fulltrúinn skráir það sem eitt. Einnig skráir fulltrúinn ekki símtöl frá fólki innanhúss. Símkerfið gefur upp heildarfjölda símtala, svöruð símtöl og misst símtöl. Mismunur í töflunni telur þessi símtöl m.a.

Nokkuð er um að þjónustufulltrúinn taki við skilaboðum til starfsmanna þar sem ekki næst í þá þegar hringt er.

Nokkuð er um að eldra fólk komi til fá skýringar t.d. á fasteignagjöldum í stað þess að hringja.

Starfsmenn gleyma oft að láta afgreiðsluna vita þegar þeir eru fjarverandi, veikir eða í fríi. Það kemur sér ekki vel að vera búinn að leita að starfsmanni með símaerindi og svo er hann í fríi.

Móttakan í ráðhúsinu sinnir jafnframt héraðsdómi, sem er með aðstöðu í húsnæðinu. Starfsmenn héraðsdóms eru tveir. Ekki er mikið um hringingar til héraðsdóms. Þeir sem eiga erindi við héraðsdóm og koma í hús þurfa að fara í gegnum kaffistofu (matsal) í ráðhúsinu. Í sumum tilfella hefur það skapað óþægindi fyrir starfsmenn ráðhússins og óþægindi fyrir þá aðila sem sækja héraðsdóm.



Víða í stjórnkerfinu hefur móttöku verið breytt. Áður gáfu gestir sig fram við starfsmann í móttöku. Í dag tilkynna gestir komu sína í tölvu og merkja við hvern þeir eru að hitta. Viðkomandi starfsmaður fær tilkynningu þar um. Þetta fyrirkomulag er t.d. komið hjá ráðuneytum. Myndin hér til hliðar var tekin í móttöku félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

**Verkefnastjóri atvinnu-, menningar- og kynningamála**

Verkefnastjóri atvinnu-, menningar- og kynningamála heyrir undir sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Undir verkefnastjórann heyrir einn starfsmaður í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum og einn starfsmaður í upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn á Sauðárkróki. Starfsmennirnir eru með starfsaðstöðu í ráðhúsinu. Verkefnastjórinn og starfsmaðurinn skipta með sér verkefnum á deildinni þannig að hvor fyrir sig vinnur sem verkefnastjóri varðandi ýmis mál sem undir deildina heyra.

Meiri hluti þeirra verkefna sem deildin sinnir heyrir undir atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd. Verkefnastjóri er starfsmaður nefndarinnar. Auk þess sinna starfsmenn deildarinnar ýmis verkefnum sem tengjast ekki nefndinni.

Verkefnin eru fjölþætt. Á síðustu misserum hefur tölvudeild sveitarfélagsins og öryggismál færst yfir á verkefnastjórann þar sem tölvuumsjónarmaður sagði starfi sínu lausu. Í gangi er útboð á rekstri, hýsingu og notendaþjónustu sveitarfélagsins í tölvumálum. Mun þá almenn notendaþjónusta færast yfir á þjónustuaðila en stafræn þróun og öryggismál verða eftir hjá verkefnastjóranum. Undir öryggismálum eru bæði stafrænt öryggi og físískt öryggi, þ.e. vinnuvernd starfsmanna o.fl. Eftir að verkefnastjóri tók við tölvuumsjón og öryggismálum hefur öryggisráð Skagafjarðar verið á hans borði. Öryggisráð skipa auk verkefnastjórans sveitarstjóri, mannauðsstjóri, slökkviliðsstjóri og byggingafulltrúi.

Undir atvinnumálin heyrir m.a. byggðakvótinn, að veita atvinnuráðgjöf, skipulagning atvinnulífssýningu sem er haldin fjórða hvert ár og að aðstoða fyrirtæki við ýmis konar umsóknir. Deildin aðstoðar sveitarstjóra með ýmis konar verkefni, svo sem að skipuleggja fundi, fjárfestakynningar o.s.frv. Deildin kemur að ýmis konar skýrslugerð. Í lok janúar 2023 lauk vinnu við gerð húsnæðisáætlunar fyrir Skagafjörð. Verkefnastjórinn gerir fjárhagsáætlun vegna menningarmála (lykill 5) og atvinnumála (lykill 13) og að auki vegna tölvumála. Öryggismálin eru frekar nýlega komin inn hjá verkefnastjóra. Það hefur ekki verið áætlað á sér liði fyrir öryggismálin heldur hafa þau fylgt með tölvumálunum. Þarna er t.d. tækifæri á að setja öryggismálin á sér lið.

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd fer með málefni safnanna í sveitarfélaginu. Hins vegar er verkefnastjórinn ekki næsti yfirmaður forstöðumanna safnanna þó hann vinni mikið með þeim. Það er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Héraðsskjalasafnið heyrir einnig undir sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Ritstjórn heimasíðu sveitarfélagsins er í höndum heimsíðuhóps sem hittist einu sinni í viku. Í hópnum eru verkefnastjórinn, starfsmaður hans og skjalastjóri. Enginn einn er titlaður ritstjóri á heimasíðunni en þau þrjú fara með ritstjórn saman. Unnið er að nýrri heimasíðu sem er í takti við stafræna þróun. Reiknivélar fyrir leikskóla, rafræn umsókn fyrir fjárhagsaðstoð, reiknivél fyrir kostnað við fasteignagjöld, nýbyggingar o.s.frv.

Auk heimasíðuhópsins geta sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, mannauðsstjóri og stjórnsýsluritari sett efni á heimasíðuna. Stjórnsýsluritari setur inn fundagerðir og tengt efni. Til skoðunar hefur verið að þrengja þann hóp sem getur sett efni á heimasíðuna.

Fáir eru með aðgang að facebooksíðu sveitarfélagsins. Þeir sem eru með fullan aðgang eru meðlimir heimasíðuhópsins, sveitarstjóri er með takmarkaðan aðgang ásamt sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Almenn samskipti við starfsmenn hafa verið í gegnum tölvupóst þar sem send eru skilaboð á stjórnendur og þeir koma þeim til starfsmanna sinna. Verið er að skoða útfærslu á að hafa starfsmannasvæði á heimasíðu, sem yrði læst fyrir starfsmenn, eða setja upp innri vef í Sharepoint. Gallinn er að ekki allir starfsmenn eru með aðgang að O365 og hafa þá ekki aðgang að Sharepoint.

Hluti af verkefnum verkefnastjórans eru tengd markaðsmálum. Hann er að vinna að því að fá skemmtiferðaskip til að koma til Skagafjarðar. Farið er einu sinni á ári (einn starfsmaður AMK fer) með hafnarstjóra á sýningar tengdar skemmtiferðaskipum til að markaðssetja Skagafjörð sem áfangastað skemmtiferðaskipa. Eru þá á bás með Crusie Iceland og öllum öðrum höfnum á Íslandi.

Fram kom í máli verkefnastjórans að Skagafjörður eigi nokkuð langt í land varðandi tölvumál og að nýta sér þá kosti sem þangað er  að sækja. Umsjón með stafrænni þróun hjá sveitarfélaginu hefur færst til verkefnastjórans. Mikil tækifæri eru til staðar en mikilvægt er

að það sé starfsmaður sem sinnir þessu í sem hæstu starfshlutfalli þar sem þróunin er hröð í stafrænum lausnum og verkefnið mikilvægt að sögn verkefnastjórans.

Starfsmaður upplýsingamiðstöðvar heyrir undir verkefnastjórann og þar með kynningarmál vegna ferðaþjónustunnar.

Deildin sinnir málefnum ferðaþjónustunnar fyrir hönd sveitarfélagsins. Náið og gott samstarf er við Samtök ferðaþjónustunnar í Skagafirði og hafa starfsmenn deildarinnar umsjón með útgáfu Skagafjarðarkorts og annars markaðsefnis tengt ferðaþjónustu í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar. Deildin er einnig í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) en þar er starfsmaður sem sinnir ferðaþjónustunni. Að mati verkefnastjóra er hægt að bæta þetta samstarf. Möguleiki væri að skilgreina betur hlutverk starfsmanns SSNV á sviði ferðamála með það að markmiði auka frekar samstarf milli aðila á Norðurlandi vestra. Meiri áhersla á greiningar á núverandi stöðu og utanumhald á tölulegum upplýsingum fyrir landshlutann, þá sér í lagi fjölda gesta og gistinætur eftir byggðakjörnum í landshlutanum svo dæmi séu tekin. Hægt væri að halda úti mælaborði sem sýnir stöðu landshlutans í ferðaþjónustu. SSNV er að vinna framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustuna á Norðurlandi vestra.Var það tillaga starfsmanna AMK deildar að farið yrði í þessa vinnu og brást SSNV vel við þeirri beiðni.  Norðurland vestra er langt á eftir í þróun ferðaþjónustu miðað við landsvísu ásamt því að fjölgun ferðamanna sem heimsóknir Norðurland vestra hefur ekki verið í takti við þróun annarsstaðar á landinu. Því er mikilvægt að farið sé í markvissar aðgerðir til að byggja upp landshlutann og að mati verkefnastjóra er það í höndum SSNV að halda utan um þær aðgerðir.

Verkefnastjórinn og hans starfsmaður hafa verið að sækja um ýmis konar styrki vegna ferðaþjónustunnar. Allt viðburðahald fyrir Skagafjörð heyrir undir deildina.

Félagsheimilin, sem eru 10 talsins, heyra undir deildina. Rekstraraðilar sjá um rekstur þeirra. Viðkomandi rekstraraðilar fá félagsheimilin endurgjaldslaust gegn því að annast reksturinn og að vera með uppákomur í húsunum. Bærinn greiðir fasteignagjöld, tryggingar og annan rekstrarkostnað sem snýr að húsnæðinu sjálfu. Fyrstu tvö ár samningsins sér sveitarfélagið um að greiða rafmagns- og hitunarkostnað en svo tekur rekstraraðili við ef rekstur stendur undir sér. Allur annar rekstrarkostnaður er á höndum rekstraraðila.

Deildin hefur annast utanumhald um jólagjafir sveitarfélagsins til starfsmanna ásamt mannauðsstjóra sveitarfélagsins. Hafa verið með matarkörfu annað hvert ár í jólagjafir. Hitt árið hafa verið gefnar ýmis konar gjafir. Vegna þessa hefur verið leitað tilboða.

Hátæknisetur Ísland sjálfeignarstofnun sem Skagafjörður og Háskóli Íslands stofnuðu. Stjórn Hátækniseturs skipa tveir fulltrúar frá Skagafirði (úr pólítíkinni), 2 fulltrúar frá atvinnulífinu í Skagafirði og einn fulltrúi frá Háskóla Íslands. Annar af fulltrúum sveitarfélagsins í stjórn er formaður stjórnar. Til viðbótar sinni verkefnastjóri almennum verkefnum fyrir Hátæknisetur Íslands. T.d. boðun aðalfundar, söfnun á fjármagni o.s.fv. Aðal tilgangur Hátækniseturs í dag er fjármögnun á Fab Lab Skagafjarðar.

Deildin hefur umsjón með Skagfirskum leiguíbúðum hses ásamt sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Skagfirskar leiguíbúðir hafa til umráða átta íbúðir við Laugatún á Sauðárkróki. Starfsmaður á deildinni hefur sinnt þessu verkefni með sviðsstjóra. Þau fara saman yfir umsóknir og afgreiða þær. Þetta er eitt að af þeim verkefnum sem hafa lent hjá sveitarfélaginu. Þetta er ekki hluti af félagslegum úrræðum hjá sveitarfélögum heldur kemur þetta verkefni til út frá stofnframlögum hjá ríkinu.

Eftirfarandi er samantekið yfirlit yfir verkefni deildarinnar:

- Atvinnumál
    - Umsjón með umsókn og gerð sérreglna fyrir byggðakvóta fyrir Skagafjörð
    - Atvinnu ráðgjöf
    - Aðstoð við gerð styrkumsókna (Matvælasjóður, uppb.sjóður framkvæmdasjóður)
- Aðstoð við sveitarstjóra
    - Fjárfestakynningar og skipulagning
    - Fundarstjórn á kosningafundum
    - Skýrslur af ýmsu tagi
        - Framtíð sýningarhalds Byggðasafns á Sauðárkróki
        - Húsnæðisáætlun
    - Fjárhagsáætlunargerð málaflokkur 05, 13 og tölvumál
        - Menningar- og kynningarmál heyra undir málaflokk 05. Þar heldur verkefnastjórinn utan um fjárhagsáætlun fyrir málaflokkinn og hjálpar safnstjórum að gera fjárhagsáætlun fyrir sín söfn, en söfnin heyra undir málaflokk 05 líka. Einnig sér hann um fjárhagsáætlun fyrir málaflokk 13 sem er atvinnumál og málaflokk 21460 sem eru tölvumál.
- Ferðaþjónustuna
    - Heldur úti Visit Skagafjörður
    - Markaðsátak
        - Sér um auglýsingaherferðir til að kynna ferðaþjónustu í Skagafirði undanfarin sumur
    - Skagafjarðarbæklingur í samvinnu við FFS
        - Vinnur að gerð bæklings um Skagafjörð sem inniheldur einnig kort af Skagafirði þar sem helstu afþreyingar- og gististaðir koma fram
    - Umsóknir og skýrslugerð fyrir uppbyggingasjóð og framkvæmdasjóð ferðamannastaði
        - Heldur utan um gerð styrkumsókna í sjóði sem eru ætlaðir verkefnum til að fegra og bæta ferðamannastaði í Skagafirði
- Markaðsmál fyrir sveitarfélagið
    - Herferðir
        - Hafa haldið úti herferðum líkt og „Komdu í Skagafjörð“ sem er ætlað til að fjölga íbúum á svæðinu
    - Heimasíða

        - Heldur utan um heimasíðu sveitarfélagsins. Setur inn fréttir og uppfærir upplýsingar eftir þörfum. Heimasíðuhópur er starfandi og í honum sitja tveir verkefnastjórar í AMK og skjalastjóri
    - Samfélagsmiðlar
        - Heldur úti síðum á samfélagsmiðlum fyrir Skagafjörð, Visit Skagafjörð, Sæluviku, Sveitasælu og Heilsueflandi Skagafjörð.
    - Auglýsingar varðandi laus störf
        - Setur upp starfaauglýsingar fyrir Skagafjörð. Kemur þeim í birtingu á viðeigandi miðlum
    - Skemmtiferðaskip og sýningar
        - Vinnur að því  að fá skemmtiferðaskip í Skagafjörð. Fer á eina ráðstefnu á ári til að hitta útgerðir og ferðaskrifstofur. Hefur unnið markaðsefni í samráði við hafnarstjóra fyrir skemmtiferðaskipin, eftirfylgni við að fá útgerðir til Skagafjaðrar og hjálpa til við skipulagningu á ferðum fyrir gesti skemmtiferðaskipa. Þetta hefur borið árangur og komu fyrstu skemmtiferðaskipin til Skagafjarðar á síðasta ári og eru bókanir komnar til 2025 og finnum við fyrir miklum áhuga útgerða á að koma í Skagafjörð
- Viðburðir
    - Heldur utan um alla viðburði sem eru á vegum sveitarfélagsins. Má þar helst nefna:
        - 17. júní
        - Sæluviku
        - Jóladagskrá /tendrun jólatrés
        - Atvinnulífssýning
            - Haldin á 4 ára fresti.
        - Sveitasæla
- Fulltrúar sveitarfélagsins í allskonar ráðum
    - Heilsueflandi samfélag
    - Landsmót UMFÍ
- Félagsheimili í Skagafirði
    - Erum með 10 félagsheimili í Skagafirði og höfum umsjón með rekstraraðilum í húsunum.
- Skipulagning á árshátíð og jólagjafir
    - Heldur utan um skipulagningu á árshátíð Skagafjarðar sem haldin er annað hvert ár. Heldur utan um vinnu við jólagjafir sveitarfélagsins þar sem matarkarfa hefur verið annað hver ár og einhver fallegur hlutur hitt árið
- Matarkistan Skagafjörður
    - Má lýsa sem regnhlífasamtök fyrir matartengd fyrirtæki í Skagafirði. Fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og hlaut Skagafjörður verðlaunin  EDEN Gæðaáfangastaður Íslands 2015 fyrir matartengda ferðaþjónustu
- Nefndarstörf í AMK

- Eru starfsmenn nefndarinnar og vinna þau verkefni sem þar er fengist við.

- Hátæknisetur Íslands
  - Heldur utan um FabLab á Sauðárkróki
- Skagfirskar leiguíbúðir
  - Sjálfseignastofnun í almenna leiguíbúðakerfinu. Skagafjörður stofnaði félagið en fékk mótframlag frá ríkinu. Um er að ræða óhagnaðardrifið félag sem tryggir stöðugt umhverfi fyrir leigjendur sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 10. gr. laga um almennar leiguíbúðir við upphaf leigutímans.
- Öryggismál, upplýsingatækni og stafræn þróun

*Tafla 41: Fjöldi stöðugilda í atvinnu- og ferðamálum*

| | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| | 2020 | 2021 | 2022 | 2022-2020 |
| 13090 Atvinnu- og ferðamál | 2,00 | 1,96 | 1,58 | -0,42 |
| 13635 Upplýsingamiðstöð Sauðárkróki | 2,12 | 1,33 | 1,34 | -0,78 |
| **Samtals** | **4,12** | **3,29** | **2,92** | **-1,20** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 41 sýnir fjölda stöðugilda í atvinnu- og ferðamálum.

Eins og fram kemur fækkaði stöðugildum bæði í atvinnu- og upplýsingamiðstöð á Sauðárkróki, eða samtals um 1,20 stöðugildi. Í atvinnu- og ferðamálum var um að ræða tímabundna fækkun.

*Tafla 42; Fjöldi stöðugilda sem tilheyra menningarmálum hjá Skagafirði*

| | | | | Breyting | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2020 | 2021 | 2022 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2020 | 2022-2020 |
| 05210 Héraðsbókasafn | 2,37 | 2,62 | 2,59 | 110,5% | 98,9% | 9,3% | 0,22 |
| 05220 Önnur bókasöfn | 0,07 | 0,04 | 0,00 | 50,0% | 0,0% | -100,0% | -0,07 |
| 05310 Héraðsskjalasafn | 3,74 | 3,14 | 3,26 | 83,8% | 103,8% | -13,0% | -0,49 |
| 05330 Byggðasafn | 4,84 | 5,36 | 5,34 | 110,8% | 99,7% | 10,5% | 0,51 |
| 05332 Víðimýri | 0,33 | 0,00 | 0,00 | 0,0% | | -100,0% | -0,33 |
| 05333 Áshús | 0,00 | 0,27 | 0,53 | | 195,2% | | 0,53 |
| 05340 Fornleifadeild | 0,73 | 1,74 | 2,00 | 238,6% | 114,8% | 174,0% | 1,27 |
| 05620 Héðinsminni | | | 0,12 | | | | 0,12 |
| **Samtals** | **12,08** | **13,16** | **13,83** | **108,9%** | **105,1%** | **14,5%** | **1,75** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 42 sýnir fjölda stöðugilda við menningarmál hjá Skagafirði.

Á milli áranna 2020 til 2022 fjölgaði stöðugildunum um 1,75. Munar þar mest um fjölgun stöðugilda við fornleifar en þeim fjölgaði úr 0,73 árið 2020 í 2,00 árið 2022, eða um 1,27. Starfsmaður fornleifadeildar lét af störfum árið 2019 og eftirmaður var ekki ráðinn fyrr en um mitt sumar 2021.

Hjá þeim þjónustuþáttum þar sem stöðgildum fjölgaði var fjölgunin á milli áranna 2020 og 2022 samtals 2,64 stöðugildi en þar sem stöðugildum fækkaði var samtalan -0,89, eða nettó fjölgun um 1,75.

*Tafla 43: Menningarmál, rekstrargjöld, í þúsundum króna*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Atv., menningar- og kynningarnefnd | 8.624 | 8.985 | 12.556 | 12.874 | 4,2% | 39,7% | 2,5% | 49,3% | 4.250 |
| Safnahús | 19.538 | 20.056 | 20.747 | 22.410 | 2,7% | 3,4% | 8,0% | 14,7% | 2.872 |
| Héraðsbókasafn | **23.542** | **23.806** | **26.038** | **36.691** | 1,1% | 9,4% | 40,9% | 55,9% | 13.148 |
| Bókasöfn utan Sauðárkróks | 1.024 | 1.046 | 805 | 277 | 2,1% | -23,0% | -65,6% | -73,0% | -747 |
| Héraðsskjalasafn | **26.593** | **28.707** | **28.151** | **31.067** | 7,9% | -1,9% | 10,4% | 16,8% | 4.475 |
| Byggðasafn | 21.687 | 51.991 | 23.475 | 5.693 | 139,7% | -54,8% | -75,7% | -73,7% | -15.993 |
| Gamli bærinn | 3.610 | 407 | 3.424 | 3.538 | -88,7% | 741,5% | 3,3% | -2,0% | -72 |
| Víðimýri | 997 | 3.050 | -1.199 | -3.663 | 205,8% | -139,3% | 205,5% | -467,2% | -4.660 |
| Áskaffi | | | 3.565 | 334 | | | | | 334 |
| Fornverkaskólinn | -261 | -943 | -653 | 735 | 261,5% | -30,8% | -212,7% | -381,9% | 996 |
| Fornleifadeild | 9.332 | 9.314 | 13.316 | 16.741 | -0,2% | 43,0% | 25,7% | 79,4% | 7.409 |
| Byggðasaga | 9.655 | 10.135 | 8.254 | 276 | 5,0% | -18,6% | -96,7% | -97,1% | -9.379 |
| Listaverkasjóður | -733 | -576 | -175 | 0 | -21,5% | -69,5% | -100,0% | -100,0% | 733 |
| Árgarður | 776 | 665 | 560 | 1.540 | -14,4% | -15,8% | 175,1% | 98,3% | 763 |
| Bifröst | 3.213 | 17.955 | 3.224 | 3.367 | 458,9% | -82,0% | 4,4% | 4,8% | 155 |
| Félagsheimili Rípurhrepps | 1.412 | 1.460 | 1.515 | 1.530 | 3,4% | 3,8% | 1,0% | 8,3% | 118 |
| Höfðaborg | 1.991 | 2.042 | 2.141 | 2.526 | 2,6% | 4,8% | 18,0% | 26,9% | 535 |
| Ketilás | 1.573 | 1.645 | 1.663 | 2.112 | 4,6% | 1,1% | 27,0% | 34,3% | 539 |
| Ljósheimar | 1.780 | 1.842 | 2.236 | 2.205 | 3,4% | 21,4% | -1,3% | 23,9% | 425 |
| Melsgil | 1.940 | 2.045 | 2.094 | 2.144 | 5,5% | 2,4% | 2,4% | 10,5% | 204 |
| Skagasel | 1.845 | 1.680 | 1.853 | 1.952 | -8,9% | 10,3% | 5,3% | 5,8% | 108 |
| Miðgarður - menningarhús | **17.780** | **17.813** | **18.420** | **23.077** | 0,2% | 3,4% | 25,3% | 29,8% | 5.297 |
| Héðinsminni | | | 0 | 4.046 | | | | | 4.046 |
| Hátíðahöld | 2.864 | 972 | 1.121 | 2.396 | -66,1% | 15,3% | 113,7% | -16,3% | -468 |
| Sæluvika | 1.218 | 201 | 956 | 901 | -83,5% | 374,5% | -5,7% | -26,0% | -317 |
| 17. júní | 1.443 | 862 | 836 | 1.260 | -40,3% | -3,0% | 50,7% | -12,7% | -184 |
| Jól og áramót | 2.841 | 2.558 | 2.762 | 3.363 | -10,0% | 8,0% | 21,8% | 18,4% | 522 |
| Menningarráð Norðurl. Vestra | 1.500 | | 0 | | | | | | -1.500 |
| Ýmsir styrkir og framlög | 6.096 | 6.338 | 8.574 | 11.700 | 4,0% | 35,3% | 36,5% | 91,9% | 5.604 |
| **MENNINGARMÁL ALLS** | **171.881** | **214.057** | **186.258** | **191.095** | **24,5%** | **-13,0%** | **2,6%** | **11,2%** | **19.214** |
| Fjárhagsáætlun | 172.742 | 215.819 | 200.135 | 230.093 | 24,9% | -7,3% | 15,0% | 33,2% | 57.351 |
| Fjárhagsáætlun - menningarmál alls | 861 | 1.762 | 13.877 | 38.998 | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 43 sýnir rekstrarniðurstöðu menningarmála hjá Skagafirði og fjárhagsáætlun (fjárheimildir) vegna menningarmála.

Þeir málaflokkar sem hækkuðu hlutfallslega mest á tímabilun er hlutfallstalan með rauðu letri. Um er að ræða m.a. fornleifadeild, félagsheimilið Árgarð og ýmsa styrki og framlög, þar sem rekstrarniðurstaðan rúmlega tvöfaldaðist á milli áranna. Héraðsbókasafnið hækkaði mest í krónum talið, eða um 13,1 millj. kr.  Auk þess hækkuðu flest félagsheimilin hlutfallslega mikið og Miðgarður-menningarhús. Hækkun vegna félagsheimila stafar m.a. af því innri leiga hækkaði nokkuð á milli áranna.

Á milli áranna 2019 og 2020 hækkar rekstrarniðurstaða menningarmála um 25%. Þar munar mest um aukin útgjöld vegna Byggðasafnsins og Bifrastar. Á milli áranna 2021 og 2022 dregst rekstrarniðurstaðan saman um 13% og munar þar mest um lækkun útgjalda vegna Byggðasafnsins og Bifrastar. Útgjöldin aukast svo aftur á milli áranna 2021 og 2022, eða um 2,6%. Á milli áranna 2019 og 2022 hækkar rekstrarniðurstaðan um 11,2%.

Öll árin voru rekstrargjöld menningarmála undir fjárhagsáætlun (fjárheimildum). Það vekur athygli hversu mikið hlutfallslega fjárhagsáætlun hækkar á milli ára umfram rekstrarniðurstöðuna. Fjárhagsáætlun hækkar um 33% á milli áranna 2019 og 2022 þegar rekstrarniðurstaðan hækkaði um 11%, sbr. hér að framan.

Skagafjörður rekur 10 félagsheimili. Félagsheimilið Skagasel, Félagsheimilið Bifröst, Félagsheimilið Ljósheima, Félagsheimilið Melsgil, Menningarhúsið Miðgarður, Félagsheimilið Árgarður, Félagsheimilið Héðinsminni, Félagsheimilið í Hegranesi, Félagsheimilið Höfðaborg og Félagsheimilið Ketilás.

Rekstrarkostnaður félagsheimilanna samtals var sem hér segir árin 2019 til 2022:

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|
| Félagsheimili samtals | 32.310 | 47.147 | 33.706 | 44.500 |

Eins og þarna kemur fram var kostnaðurinn 32,3 millj. kr. árið 2019 en 44,5 millj. kr. árið 2022.

*Tafla 44: Atvinnumál, rekstrarniðurstaða, í þúsundum króna*

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd | 974 | 1.206 | 1.410 | 1.208 | 23,9% | 16,9% | -14,3% | 24,1% |
| Sameiginlegir liðir atvinnu- og ferðamála | 21.527 | 20.855 | 23.890 | 18.591 | -3,1% | 14,6% | -22,2% | -13,6% |
| SSNV - Atvinnuráðgjöf | 11.464 | 8.676 | 11.437 | 11.955 | -24,3% | 31,8% | 4,5% | 4,3% |
| Matarkistan Skagafjörður | 0 | 337 | 0 | -975 | | -100,0% | | |
| Landbúnaðarnefnd | 1.787 | 2.011 | 2.128 | 2.425 | 12,5% | 5,8% | 13,9% | 35,7% |
| Ýmis landbúnaðarmál | 10.681 | 11.767 | 14.944 | 14.351 | 10,2% | 27,0% | -4,0% | 34,4% |
| Ferðamál - markaðsstarf | 4.237 | 2.753 | 3.141 | 1.055 | -35,0% | 14,1% | -66,4% | -75,1% |
| Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi | 600 | 1.210 | 1.225 | 1.227 | 101,7% | 1,2% | 0,1% | 104,5% |
| Skáli í Drangey | 158 | 168 | 174 | 183 | 6,1% | 3,5% | 5,0% | 15,3% |
| Landsmót hestamanna | 9.530 | 9.530 | | 0 | 0,0% | -100,0% | | -100,0% |
| Upplýsingamiðstöðin Vhl. | 3.697 | 2.479 | 2.338 | 2.949 | -32,9% | -5,7% | 26,1% | -20,2% |
| Upplýsingamiðst. Sauðákróki | 7.859 | 14.994 | 11.042 | 12.727 | 90,8% | -26,4% | 15,3% | 61,9% |
| Rekstur tjaldstæða | -1.692 | -1.720 | -1.711 | -1.947 | 1,6% | -0,5% | 13,8% | 15,1% |
| Tjaldstæði Varmahlíð | 1.535 | 1.712 | 1.901 | 2.329 | 11,5% | 11,0% | 22,6% | 51,7% |
| Tjaldstæði Sauðárkróki | 1.583 | 1.955 | 1.668 | 2.051 | 23,5% | -14,7% | 23,0% | 29,6% |
| Tjaldstæði Hofsós | 655 | 676 | 740 | 815 | 3,2% | 9,5% | 10,1% | 24,4% |
| Tjaldstæði Skr. - Nafir | 1.885 | 1.508 | 1.784 | 1.704 | -20,0% | 18,3% | -4,4% | -9,6% |
| Ýmsir styrkir og framlög | 597 | 8.882 | 7.838 | 15.291 | 1387,8% | -11,8% | 95,1% | 2461,4% |
| **ATVINNUMÁL ALLS** | **77.079** | **88.999** | **83.947** | **85.938** | **15,5%** | **-5,7%** | **2,4%** | **11,5%** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 85.738 | 106.361 | 94.042 | 112.203 | 24,1% | -11,6% | 19,3% | 30,9% |
| Fjárhagsáætlun - Atvinnumál alls | 8.660 | 17.362 | 10.094 | 26.264 | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 44 sýnir rekstrarniðurstöðu atvinnumála hjá Skagafirði og fjárhagsáætlun (fjárheimildir) vegna atvinnumála.

Í þeim málaflokkum sem hækkuðu hlutfallslega mest á tímabilinu er hlutfallstalan með rauðu letri. Um er að ræða m.a. ýmsa styrki og framlög sem hækkuðu umtalsvert, fóru úr 597 þúsund krónum árið 2019 í 15.291 þús. kr. árið 2022, og Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi, þar sem útgjöldin tvöfölduðust. Upplýsingamiðstöð Sauðárkróki hækkaði um 62% og tjaldstæðið Varmarhlíð um 52%.

Á milli áranna 2019 og 2020 hækkar rekstrarniðurstaða atvinnumála um 11,5%.

Öll árin voru rekstrargjöld atvinnumála undir fjárhagsáætlun (fjárheimildum). Það vekur athygli hversu mikið hlutfallslega fjárhagsáætlun hækkar á milli ára umfram rekstrarniðurstöðuna. Fjárhagsáætlun hækkar um 31% á milli áranna 2019 og 2022 þegar rekstrarniðurstaðan hækkaði um 12%, sbr. hér að framan.

**Umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi**
Næsti yfirmaður umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Hann er starfsmaður landbúnaðarnefndar. Hann situr alla fundi nefndarinnar, undirbýr mál fyrir næsta fund nefndarinnar og leggur til afgreiðslu mála, en formaður nefndarinnar hefur dagskrárvald.

Fulltrúinn er með starfsstöð á heimili sínu í Varmahlíð.

Verkefni fulltrúans skarast við önnur svið og þá helst veitu- og framkvæmdasvið. Ýmsum ábendingum er komið á framfæri, sem það svið varðar. Sem dæmi má nefna styrkumsóknir fyrir umhverfis- og samgöngunefnd, eins og til Vegagerðarinnar. Sér um allt sem snýr að gæludýrum utan skráningu og innheimtu sem er í ráðhúsinu. Öll þéttbýlisdýrin á að skrá og hreinsa einu sinni á ári. Þegar kvartað er vegna lausagöngu, ónæðis eða tjóns af völdum þessara dýra er haft sambandi við fulltrúann. Hann hefur samband við dýralækni vegna dýrahreinsunar sem fer fram árlega. Í því felst að gæludýraeigendur fá dýr sín sníkjudýrahreinsuð einu sinni á ári, er það innifalið í leyfisgjaldi. Er sú þjónusta auglýst og skipulögð af umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa. Ábendingum um breytingar á skrá gæludýra er þá komið á framfæri við ráðhús.

Fulltrúinn hefur umsjón með snjómokstri og hálkuvörnum þar sem sveitarfélagið er veghaldari í Varmahlíð og næsta nágrenni, Sæmundarhlíð, Langholti, Húsabakkaveg, Geldingaholtsveg, Krossanesveg, Vindheimaveg, auk heimreiðamoksturs á því svæði, sem og í Akrahreppi hinum forna, sem árið 2022 sameinaðist sveitarfélaginu Skagafirði. Hann samþykkir reikninga verktaka fyrir veitta þjónustu og útskýrir þær reglur sem Skagafjörður hefur sett sér um þessa þjónustu.

Fulltrúinn annast ráðningu veiðimanna vegna minka- og refaveiða, sem heyrir undir umhverfis- og samgöngunefnd, og samþykkir alla reikninga vegna veiðimanna, gerir tillögur um skiptingu veiðisvæða og gjaldskrá fyrir veiðimenn. Sendir UST alla reikninga og veiðiskýrslur, sem er skylt. Sér um gerð grenjaskráa (gps hnit), sem skilað er til UST og NÍ, einnig skylt. Annast kaup á minkagildrum og útvegar veiðimönnum. Sinnir kvörtunum vegna tjóns af völdum refa og minka.

*Tafla 45: Rekstrarreikningur vegna minnka- og refaveiða hjá Skagafirði*

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breytingar á milli ára 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Endurgreiðsla ríkissjóðs/-stofnana** | **-1.183** | **-2.014** | **-2.007** | **-2.022** | **70,2%** | **-0,3%** | **0,7%** | **70,8%** |
| Samtals vörukaup | | 402 | 84 | 138 | | -79,1% | 64,6% | |
| **Greitt veiðimönnum:** | | | | | | | | |
| Grenjavinnsla | 6.732 | 6.678 | 5.645 | 5.449 | -0,8% | -15,5% | -3,5% | -19,1% |
| Minkaveiðar | 1.782 | 1.512 | 1.347 | 2.318 | -15,2% | -10,9% | 72,1% | 30,1% |
| **Samtals greitt** | **8.514** | **8.190** | **6.992** | **7.767** | **-3,8%** | **-14,6%** | **11,1%** | **-8,8%** |
| **Niðurstaða, reksturs** | **7.331** | **6.577** | **5.068** | **5.884** | **-10,3%** | **-22,9%** | **16,1%** | **-19,7%** |
| Fjárhagsáætlun, fjárheimild | 5.850 | 6.880 | 6.260 | 7.693 | 17,6% | -9,0% | 22,9% | 31,5% |
| Fjárhagsáætlun - niðurstöða rekstrar | -1.481 | 303 | 1.192 | 1.809 | | | | |
| Endurgreisla/greitt veiðimönnum | 13,9% | 24,6% | 28,7% | 26,0% | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 45 sýnir rekstrarreikning vegna minnka- og refaveiða.

Eins og taflan sýnir var hlutur ríkisins í minnka- og refaveiðum 14% árið 2019 en hin árin var hann frá 25% upp í 29%. Það vekur athygli að fjárhagsáætlun er að hækka hlutfallslega meira en raunútgjöld á þessu tímabili. Á milli áranna 2019 og 2022 lækkuðu raunútgjöld um 20% en fjárhagsáætlun hækkaði um 32%.

Fulltrúinn annast allt sem snýr að fjallskilamálum. Í sveitarfélaginu eru 15 fjallskilastjórar sem hann annast öll samskipti við.

Fulltrúinn hefur umjón með og annast utanumhald varðandi viðhald á skilaréttum, sem eru 15 talsins. Því hefur fylgt nokkur (mikill) árlegur kostnaður. Öll mál er varða gangamannakofa, girðingar, smalavegi og allt sem snýr að fjallskilum kemur til fulltrúans sem síðan leggur þau fyrir landbúnaðarnefnd.

Umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi gengur eftir skilum og heldur utan um ársreikninga og fjárhagsáætlanir allra fjallskilanefnda og leggur fyrir landbúnaðarnefnd. Landbúnaðarnefnd deilir síðan út fjárheimildum til þeirra eftir því sem fráveiting leyfir ár hvert.

Ágangur búfjár á landsvæði sem ekki er lengur í landbúnaðarnotkun kemur inn á borð fulltrúans. Sauðfjársjúkdómmál koma til hans. Í góðu samstarfi við fulltrúa MAST er upplýsingum um grun um sjúkdóma, vanhirðu og aðra illa meðferð dýra komið í ferli. Fulltrúi MAST hefur samband þegar honum berast kærur um útigangskindur sem fjallskilastjórar láta undir höfuð leggjast að koma til byggða, sem og ef sauðfé sést á svæðum, t.d. við riðufjárgrafir og sláturhúsplön, en ef svo ber undir þarf að lóga því fé.

*Tafla 46: Rekstur landbúnaðarmála og vegna ýmissa landbúnaðarmála*

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breytingar 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landbúnaðarnefnd | 1.787 | 2.011 | 2.128 | 2.425 | 12,5% | 5,8% | 13,9% | 35,7% |
| Ýmis landbúnaðarmál | 10.681 | 11.767 | 14.944 | 14.351 | 10,2% | 27,0% | -4,0% | 34,4% |
| **Samtals** | **12.469** | **13.777** | **17.072** | **16.776** | **10,5%** | **23,9%** | **-1,7%** | **34,5%** |
| Fjárhagsáætlun, fjárheimild | 14.035 | 14.730 | 16.679 | 19.811 | 5,0% | 13,2% | 18,8% | 41,2% |
| Fjárhagsáætlun - raungjöld samtals | 1.566 | 953 | -393 | 3.035 | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 46 sýnir rekstur mála er tengist landbúnaði hjá sveitarfélaginu.

Á milli áranna 2019 og 2022 hækkuðu útgjöld vegna landbúnaðarmála um 34,5% samtals. Fyrir sama tímabil hækkaði fjárhagsáætlun um 41,2%. Rauntölur rekstrar voru undir fjárhagsáætlun öll árin nema árið 2021.

Landgræðslumál. Í góðu samstarfi við fulltrúa Landgræðslunnar er brugðist við þegar ábendingar koma um illa meðferð á landi, ofbeit, landbrot, óleyfisframkvæmdir o.s.frv. Einnig er unnið að því að hvetja til að fjallskilanefndir sinni þessum málum.

Fornleifavernd. Í góðu samstarfi við Minjavörð Norðurlands vestra er ábendingum komið á framfæri, sem varða fornminjar sem stundum þarf að taka tillit til þegar brotið er land til ræktunar, sem og þær minjar sem stafar hætta af ágangi og landbroti sjávar.

Fulltrúinn hefur umsjón með matjurtagörðum í sveitarfélaginu sem eru á Sauðárkróki og í Varmahlíð. Íbúar sveitarfélagsins gera samninga um afnot af þessum görðum. Þessi þjónusta er ný, frá árinu 2022, og gerðir eru samningar um afnot til eins árs í senn. Þeir eru skilyrtir við góða umgengi, notkun skordýraeiturs er óheimil, og einungis má nota heilbrigt og ósýkt útsæði. Unnið er að útvegun á nýju garðlandi á Sauðárkróki, fyrir yfirstandandi ár (2023). Þessi þjónusta hefur verið gjaldfrjáls.

Fulltrúinn heldur utan um leigulönd sveitarfélagsins, sem eru leigð út til tómstundabænda og bænda. Vinnur að gerð gagnagrunns til utanumhalds þessara mála. Hann gerir samninga við þá vegna þessa. Mikil vinna hefur verið unnin s.l. tvö ár, við að gera samninga um leiguhólf sem í notkun hafa verið, en ekki um þau skriflegir samningar eða greidd leiga. Eins hafa bæst við lönd, sem komið hefur verið í leigu, sem hafa staðið ónotuð hingað til. Breyta hefur þurft samningum þar sem forsendur þeirra hafa verið rangar, röng stærð eða leigutaki framselt landið, sem er óheimilt. Leigan hefur hækkað umtalsvert enda áður ekki í samræmi við verðlag.

Árstíðarbundin eru ýmis verkefni sem tengjast réttahaldi, hrossum og sauðfé. Svo sem óskilahrossum, sem örmerkjalesa þarf og koma til réttra eiganda.

Mikil vinna fer í að halda utan um viðgerðir á girðingum. Óskað er eftir tilboðum í nýframkvæmdir og viðhald. Mikið verk er óunnið vegna girðinga við Sauðárkrók og víðar á landi sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Situr alla veiðifélagsfundi þar sem sveitarfélagið á land að eftirfarandi ám: Fljótaá, Flókadalsá, Hrolleifsdalsá, Unadalsá, Deildardalsá, Kolbeins- og Hjaltadalsá, Svartá og Laxá í Laxárdal.

Veiðifélag Eyvindarstaðaheiðar. Mikil vinna sl. tvö ár hefur farið í undirbúning að stofnun veiðifélags um veiðivötn á Eyvindarstaðaheiði, sem er að 12/17 í eigu Skagafjarðar. Er þetta gert í góðu samstarfi við Sjálfseignarstofnunina Eyvindarstaðaheiði sem fer með 5/17 eignarhalds Eyvindarstaðaheiðar. Umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi mun sitja í stjórn hins nýja veiðifélags.

Kotagerð afréttarlanda. Umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi hefur unnið að gerð landakorts fyrir Eyvindarstaðaheiði og er því verki lokið, í góðu samstafi við Bryndísi Zoëga landfræðing hjá Byggðasafni Skagafjarðar. Nú er unnið að gerð sambærilegs korts fyrir Hofsafrétt. Stefnt er að því að ljúka þessu verkefni á næstu árum með gerð örnefnakorts fyrir Nýjabæjarafrétt. Sóttir eru styrkir til einkaaðila til að standa straum af þessum verkefnum.

Fulltrúinn er ekki með bíl frá sveitarfélaginu. Skráir í Vinnustund ekna kílómetra fyrir sveitarfélagið á eigin bíl.

Stækkun vinnusvæðis. Með sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2022, stækkaði land Skagafjarðar um ríflega 25% og því má búast við auknum verkefnum umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa sem því nemur vegna fjallskilamála, refa- og minkaveiði, snjómoksturs o.s.frv.

Endurskipulagning fjallskila. Fyrir liggur brýn nauðsyn á endurskipulagningu á fjallskilamálum, en 15 fjallskilanefndir, 15 fjallskilanefndarformenn, alls 45 nefndarmenn, sem allir fá greidd laun, eru kjörnir í Skagafirði. Til samanburðar má nefna að í Eyjafjarðarsveit allri, er ein fjallskilanefnd að störfum, samtals þrír menn, og formaður hennar þiggur ekki laun.

Birtingarmynd þessa fyrirkomulags (arfur frá gamalli hreppaskipan) er að illa gengur að skipuleggja samvinnu fjallskiladeilda, sem eiga sameiginlega afrétti og verður til þess að árlega þarf að gera eftirleitir, sem kosta hundruð þúsunda. Eða sem verra er, fé gengur á fjöllum veturlangt og lifir eða deyr eftir tíðarfari.

Ýmis ótengd erindi. Fulltrúi kemur ýmsum ábendingum til landbúnaðarnefndar, s.s. um breytingar á lögum eða lagatúlkunum, sbr. lög um afréttarmálefni á þessu ári og nýja reglugerð um sauðfjárveikivarnir. Kvartanir vegna ýmissa mála, gjaldskrármála, ágreinings um girðingar, óskum um kaup eða leigu á landi. Situr almenna bændafundi, s.s. fjárræktarfélaga, fjallskiladeildarfundi o.s.frv. Tekur við símtölum frá lögreglu um skepnur á vegum, slys af völdum þeirra og leitar að eigendum. (Þessi mál eiga þó ekki heima á verksviði sveitarstjórnarstigsins, formlega séð. skv. áliti lögfræðings Vegagerðarinnar.) Málið hefur verið rætt við lögreglustjórann á Norðurlandi vestra. Fer með starfsmanni Vegagerðarinnar árlega til úttektar á öllum veggirðingum í Skagafirði, ca. þrír dagar. Aðstoðar við skráningu sveitavega í gagnagrunn, þeirra sem eru utan umráðasvæðis Vegagerðarinnar, í samvinnu við Skipulagsfulltrúa Skagafjarðar.

Þegar fulltrúinn tók starfið að sér var rætt um þann möguleika að færa starfið undir veitu- og framkvæmdasvið.

## Veitu- og framkvæmdasvið

Undir veitu- og framkvæmdasvið heyra 26 stöðugildi.

*Mynd 23: Skipurit fyrir veitu- og framkvæmdasvið*




Mynd 23 sýnir skipurit fyrir veitu- og framkvæmdasviðs tekið saman af skýrsluhöfundum.

Eins og fram kemur á myndinni heyra átta stöðugildi (starfsmenn) beint undir sviðsstjóra.

*Tafla 47: Fjöldi stöðugilda vegna eignasjóðs og þjónustumiðstöðvar*

| | 2020 | 2021 | 2022 | Mismunur 2022-2020 |
|---|---|---|---|---|
| 31090 Eignasjóður | 2,84 | 2,47 | 2,00 | -0,84 |
| 31160 Ræsting, Hofsós | 0,09 | 0,09 | 0,09 | 0,00 |
| 31176 Ráðhús, eldhús | 0,25 | 0,31 | 0,23 | -0,03 |
| 31810 Þjónustustöð | 1,00 | 0,99 | 0,63 | -0,37 |
| 31820 Þjónustumiðstöð - vinnureikn. | 4,19 | 5,06 | 4,45 | 0,26 |
| **Samtals** | **8,37** | **8,92** | **7,41** | **-0,97** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 47 sýnir fjölda stöðugilda hjá eignasjóði og þjónustumiðstöð. Eins og fram kemur fækkaði samtals á þessu tímabili um 0,97 stöðugildi.

**Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs**

Næsti yfirmaður sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs er sveitarstjóri.

Veitunefnd og umhverfis- og samgöngunefnd fara með þau mál sem heyra undir sviðsstjórann. Hann situr fundi þessara nefnda með málfrelsi og tillögurétt.

Hins vegar er fjallað um allar framkvæmdir vegna eignasjóðs í byggðaráði, en sviðið fer með allar framkvæmdir fyrir eignasjóð.

Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs er með aðstöðu í húsnæði Skagafjarðarveitna. Vegna þess er tenging við starfsemina í ráðhúsinu ekki eins og hún gæti verið ef sviðsstjórinn hefði aðsetur þar.

Sviðsstjóri hefur verið með reglulega fundi með verkefnastjórum, sem virkað hafa vel að sögn sviðsstjóra. Þessir fundir hafa legið niðri um nokkurt skeið.

Þjónustumiðstöðin hefur haft aðstöðu í húsnæði Skagafjarðarveitna fyrir rekstur bílaverkstæðis. Þar er einn starfsmaður frá þjónustumiðstöð. Hann er einnig í hlutastarfi vélstjóri á dráttarbát Skagafjarðarhafna. Bílarnir heyra undir fjármálasvið en þjónustumiðstöðin hefur annast rekstur þeirra.

Þjónustumiðstöðin er í leiguhúsnæði að Borgarflöt. Húsnæðið þarfnast nokkurs viðhalds. Fyrir liggja athugasemdir frá Vinnueftirlitinu varðandi ástand hússins. Starfsmannaaðstaða er ekki góð og vegna þess m.a. geta starfsmenn ekki matast þar.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar vinna frá kl. 8:00 til 16:00 á virkum dögum. Utan reglulegs vinnutíma hefur verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar verið með símavakt vegna hennar. Að mati sviðsstjóra væri hægt að bæta upplýsingagjöf á vefsíðu sveitarfélagsins þannig að draga mætti úr ónæði verkefnastjórans þegar íbúar eru að hringja til að fá almennar upplýsingar sem hægt væri að veita á vefsíðunni.

Verktaki annast allan snjómokstur á Sauðárkróki. Snjómokstur byrjar kl. 6:00 á morgnana sé um slíkt að ræða. Verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar tekur vaktina á morgnana og tekur ákvörðun um hvort verktakinn sé ræstur út. Ef það er einsýnt að þörf verði á mokstri hafa þeir, þ.e. verktakinn og verkefnastjórinn, samráð kvöldið áður.

Aðrir verktakar sjá um snjómokstur á Hofsósi, Hólum og Varmalandi. Þessir verkatakar fara í snjómokstur í samráði við skólabílastjóra.

Síðast var snjómokstur boðinn út árið 2019 til þriggja ára með framlengingarmöguleika um eitt ár. Þessi möguleiki var notaður en ráðgert er að bjóða snjómokstur út í haust (2023).

Íbúðir Skagfirskra leiguíbúða hses, sem Skagafjörður stofnaði, hafa ekki heyrt undir sviðsstjórann, með þau mál hafa fjármálastjóri og byggðaráð farið. Hins vegar hefur verkefnastjóri eignasjóðs, sem heyrir undir sviðsstjórann, annast umsjón með íbúðunum, gert leigusamninga við leigjendur sem leitt hefur til mikilla samskipta hans við leigjendur. Fram kom í máli sviðsstjóra að þessi verkefni þurfi að skýra frekar en nú er.

Aðkoma sviðsstjóra að höfninni er mest í kringum fjárhagsáætlun og skipulagsmál.

Bakvakt er við höfnina og hjá Skagafjarðarveitum utan reglubundins vinnudags.

Skagafjarðarveitur sjá um heitt og kalt vatn. Þær hafa einnig komið að framkvæmdum við ljósleiðaravæðingu í sveitum Skagafjarðar sem er að ljúka. Aðkoma þeirra að ljósleiðaravæðingunni er vegna þess að hún hefur tengst hitaveitulögnum.

Verkefnastjóri ljósleiðara, sorphirðu og gagnavinnslu hefur alfarið séð um ljósleiðarvæðingu og sorpið. Hann heyrir beint undir sviðsstjóra. Verkefnastjórinn var ráðinn árið 2019 vegna ljósleiðaravæðingar og til að létta undir með sviðsstjóra. Einnig hefur verkefnastjórinn komið að sorpmálum og skráningu á kolefnisspori. Jafnframt aðstoðað sviðsstjóra við undirbúning

nefndarfunda. Unnið mikla gagnavinnslu vegna sorpsins og fleiri greiningarverkefni sem hann hefur verið að vinna fyrir sviðsstjóra. Vinna vegna ljósleiðaravæðingar og endurskipulagningar sorpmála er nú á lokastigi.

Skrifstofa Skagafjarðarveitna heyrir undir sviðsstjórann en er í miklu sambandi og samstarfi við ráðhúsið og stjórnsýslu- og fjármálasvið.

Þjónustumiðstöðin annast framkvæmdir vegna fráveitu og einnig viðhald og eftirlit með fráveitunni. Einn af starfsmönnum þjónustumiðstöðvar sinnir verkefnum sem koma upp vegna fráveitu með aðstoð annarra starfsmanna þjónustumiðstöðvar.

Verkefnastjóri fráveitu hefur yfirumsjón með fráveitumálum, þar með talið rotþróm. Auk þess annast hann ýmis konar hönnunarverkefni sem er verið að vinna. Hann hefur eftirlit með ýmsum nýframkvæmdum og áætlanagerð varðandi viðhald húsa o.s.frv.

Verkefnastjóri eignasjóðs hefur umsjón með viðhaldi á eignum sveitarfélagsins ásamt því að annast félagslegt leiguhúsnæði. Hann hefur umsjón með viðhaldsframkvæmdum, pantar efni og fylgir eftir viðhaldsverkefnum.

Verkefnastjóri fráveitu er að vinna mikið fyrir eignasjóðinn.

Trésmiður sem er á launum hjá eignasjóði kemur að ýmsum verkefnum hjá þjónustumiðstöð og starfsmenn þjónustumiðstöðvar aðstoða hann við ýmis viðhaldsverkefni hjá eignasjóði.

Skráningu á eignum sveitarfélagsins, þ.e. hvað hefur verið gert varðandi viðhald, hvenær og af hverjum, vantar alveg hjá sveitarfélaginu. Ásamt því að vera með skráða viðhaldsþörf. Þannig hefur viðhaldssaga húseigna ekki verið skráð.

**Skagafjarðarveitur, verkefnastjóri**

Skagafjarðarveitur eru með aðstöðu að Borgarteig 15, Sauðárkróki. Undir Skagafjarðarveitur heyrir heitt og kalt vatn í sveitarfélaginu.

*Tafla 48: Fjöldi stöðugilda hjá veitum*

| | 2020 | 2021 | 2022 | Mismunur 2022-2020 |
|---|---|---|---|---|
| 67090 Skv.-veitur | 3,08 | 3,00 | 3,00 | -0,08 |
| 67120 Skv.-veitur, ræsting | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,00 |
| 67910 Skv.-veitur, starfsmenn | 8,21 | 8,18 | 7,90 | -0,31 |
| 69090 Fráveita | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 0,00 |
| **Samtals** | **12,39** | **12,28** | **12,00** | **-0,39** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 48 sýnir fjölda stöðugilda hjá veitum Skagafjarðar. Eins og taflan sýnir er fjöldinn nokkuð áþekkur á milli áranna. Var 12,39 stöðugildi samtals árið 2020 en 12,00 stöðugildi árið 2022.

Verkefnastjóri Skagafjarðarveitna fer með daglega yfirumsjón með Skagafjarðarveitum. Auk verkefnastjóra eru sex starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum hjá Skagafjarðarveitum. Einn rafvirki, tveir vélvirkjar, tveir jarðlagnatæknar og einn verkamaður. Skagafjarðarveitur eru með 50 dælustöðvar og miðlunartanka fyrir hita- og vatnsveitu ásamt fjölda af varaaflsvélum.

Skagafjarðarveitur annast endurbætur og viðhald á lögnum bæði á heitu og köldu vatni. Auk nýframkvæmda. Starfsmenn Skagafjarðarveitna hafa lagt nýlagnir í götur á Sauðárkróki og inn á tengingastað í húsum bæði kalt og heitt vatn. Góð skráning er á nýlögnum. Verkum er ekki lokið fyrr en búið er að skrá allar upplýsingar inn í landupplýsingakerfi. Skagafjarðarveitur leigja vatnsmæla af Frumherja í húsum. Frumherji á mælana og sveitarfélagið leigir þá af Frumherja og sér um að setja þá upp og lesa af mælunum.

Verkefnastjóri annast m.a. verkstýringu, innkaup á efni, birgðahald og verkeftirlit. Almennt fer efni í gegnum birgðabókhald hjá Skagafjarðarveitum en í stærri verkum er efni keypt beint á viðkomandi verk.

Fimm starfsmenn Skagafjarðarveitna ganga bakvaktir. Verkefnastjóri gengur ekki bakvaktir. Bakvaktir eru fyrir utan reglubundinn vinnutíma. Sá sem er á bakvakt hverju sinni mætir að jafnaði í klukkustund á laugardögum og sunnudögum hvorn dag í dælustöð til að skoða skjámyndakerfi, skrá rennsli í dagbók o.s.frv.

Notast er við Vinnustund þar sem starfsmenn stimpla sig inn og út. Síðan er vinnudagbók þar sem starfsmenn skrá efni og tíma á verkin sem unnið er við hverju sinni. Verkefnastjóri stemmir síðan af Vinnustund og vinnudagbækur. Þetta þarf að gera í hverjum mánuði.

Lagnakerfi í eldri hluta Sauðárkróks er komið að verulegri endurnýjun. Bæði á heitu og köldu vatni. Hitaveitan tengdist fyrst árið 1953 og eru elstu lagnirnar síðan þá.

Umsvif Skagafjarðarveitna hafa verið að aukast og kerfin að stækka með auknum rekstrarkostnaði.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að tengja sveitirnar við hitaveitu. Nyrsti hluti Hjaltadals, efri byggð í Lýtingsstaðahreppi og hugsanlega nokkur hús á Reykjaströndinni eru ekki komin með hitaveitu sem mögulega gætu tengst í framtíðinni. Um er að ræða 40 - 50 tengingar sem eru kostnaðarsamar vegna bæja sem ekki eru komnir með hitaveitu.

Nokkur vinnuhagræðing gæti náðst með því að Skagafjarðarveitur og þjónustumiðstöð væru undir sama þaki. Með því væri mögulegt að vera með samstarf á milli Skagafjarðarveitna og þjónustumiðstöðvar. Þannig að menn gætu farið á milli verka eftir því sem þarf. Fram til þessa hefur það verið takmarkað. Veiturnar hafa fengið aðstoð frá þjónustumiðstöð vegna suðumanns.

Vinna við hita- og vatnsveitu þarfnast töluverðrar sér- og fagþekkingar, lagnakerfið er ekki einfalt og það stekkur enginn inn í það án undirbúnings.

Mögulegt væri að sameinast um lagerhald á sumu en annað sem tilheyrir veiturekstri nýtist einungis við veiturekstur. Svæði Skagafjarðarveitna er nokkuð stórt, þ.e. allur Skagafjörðurinn, vegalengdir milli dælustöðva eru frá 5 til 170 km.

Vegna takmarkaðs húsnæðis er verið að geyma tæki og tól úti sem þyrfti að geyma inni. Skagafjarðarveitur þurfa á stærra húsnæði að halda til þess að varðveita þær eignir sem veiturnar eiga og sveitarfélagið, að sögn verkefnastjóra.

*Tafla 49: Rekstur hitaveitu*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Önnur eignaleiga og þjónustutekjur | -9.334 | 3.479 | 0 | -604 | -137,3% | -100,0% | | -93,5% | 8.730 |
| IF - Skv. vörur af lager | -16.381 | -13.164 | -7.636 | -7.617 | -19,6% | -42,0% | -0,3% | -53,5% | 8.765 |
| IF - Skv-vinna starfsmanna | -54.634 | -64.896 | -54.847 | -79.025 | 18,8% | -15,5% | 44,1% | 44,6% | -24.391 |
| IF - Húsaleiga og önnur eignaleiga | -11.628 | -12.000 | -12.996 | -12.394 | 3,2% | 8,3% | -4,6% | 6,6% | -766 |
| IF - Þjónusta | -13.464 | -13.860 | -14.553 | -14.971 | 2,9% | 5,0% | 2,9% | 11,2% | -1.507 |
| IF - Skv-verktakar/vörur ldr. | -77.640 | -94.042 | -69.983 | -107.844 | 21,1% | -25,6% | 54,1% | 38,9% | -30.204 |
| Styrkir/Framlög | -28.294 | -33.471 | -43.662 | | 18,3% | 30,4% | -100,0% | -100,0% | 28.294 |
| Vatnssala, hemlar, 11% vsk. | -67.318 | -62.121 | -58.030 | -58.857 | -7,7% | -6,6% | 1,4% | -12,6% | 8.461 |
| Vatnssala, mælar 11% vsk. | -218.666 | -243.647 | -261.726 | **-290.265** | 11,4% | 7,4% | 10,9% | 32,7% | -71.599 |
| Mælaleiga, hemlar 11% vsk. | -7.970 | -7.227 | -6.900 | -6.983 | -9,3% | -4,5% | 1,2% | -12,4% | 987 |
| Tengi- og fastagjöld | -24.214 | -39.849 | -26.834 | -30.301 | 64,6% | -32,7% | 12,9% | 25,1% | -6.087 |
| Orkuskattur | 966 | 63 | 0 | -1.371 | -93,4% | -100,0% | | -241,9% | -2.337 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur - hitaveita | | 651 | 470 | | | -27,7% | -100,0% | | 0 |
| Ljósleiðari - heimtaugargjöld | | | -7.056 | -9.677 | | | 37,1% | | -9.677 |
| Seldar vörur og þjónusta | -8.018 | -8.371 | -13.542 | -16.713 | 4,4% | 61,8% | 23,4% | 108,4% | -8.695 |
| **Samtals tekjur** | **-536.595** | **-588.454** | **-577.294** | **-636.623** | **9,7%** | **-1,9%** | **10,3%** | **18,6%** | **-100.028** |
| Mánaðarlaun | 71.932 | 77.173 | 79.222 | 82.024 | 7,3% | 2,7% | 3,5% | 14,0% | 10.092 |
| Nefndarlaun | 1.557 | 1.464 | 1.786 | 1.732 | -6,0% | 22,0% | -3,0% | 11,3% | 175 |
| Yfirvinna | 22.118 | 23.903 | 26.267 | 26.586 | 8,1% | 9,9% | 1,2% | 20,2% | 4.468 |
| Álagsgreiðslur | 7.030 | 7.800 | 8.256 | 8.862 | 10,9% | 5,9% | 7,3% | 26,0% | 1.831 |
| Áfallið orlof | 992 | 1.199 | 1.190 | | 20,8% | -0,7% | -100,0% | -100,0% | -992 |
| Fæðispeningar | 814 | 1.374 | 49 | | 68,9% | -96,4% | -100,0% | -100,0% | -814 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 7.184 | 8.863 | 33.706 | 6.851 | 23,4% | 280,3% | -79,7% | -4,6% | -333 |
| Launatengd gjöld | 23.687 | 26.264 | 26.990 | 28.235 | 10,9% | 2,8% | 4,6% | 19,2% | 4.547 |
| Matar- og kaffikostnaður | 1.431 | 1.562 | 2.385 | 3.015 | 9,2% | 52,7% | 26,4% | 110,7% | 1.584 |
| Félagsgjöld og annað | 2 | 318 | 60 | 2 | 16795,1% | -81,2% | -96,5% | 12,0% | 0 |
| **Samtals laun og launatengd gjöld** | **136.748** | **149.920** | **179.911** | **157.306** | **9,6%** | **20,0%** | **-12,6%** | **15,0%** | **20.559** |
| Endursöluvörur, birgðaleiðrétting og vörunotkun | 20.870 | 30.331 | 31.964 | 29.148 | 45,3% | 5,4% | -8,8% | 39,7% | 8.278 |
| Jöfnunarlykill innkaupa (núlla innkaup) | -13.163 | -14.759 | -16.701 | -16.718 | 12,1% | 13,2% | 0,1% | 27,0% | -3.555 |
| Rafmagn | 24.825 | 27.333 | 23.450 | 28.536 | 10,1% | -14,2% | 21,7% | 15,0% | 3.712 |
| Önnur vörkukaup | 9.480 | 8.723 | 8.458 | 8.070 | -8,0% | -3,0% | -4,6% | -14,9% | -1.410 |
| **Samtals vörukaup** | **42.011** | **51.628** | **47.171** | **49.036** | **22,9%** | **-8,6%** | **4,0%** | **16,7%** | **7.025** |
| Sími, fjárskiptaþjónusta og símastyrkir starfsmanna | 6.025 | 7.028 | 8.082 | 4.157 | 16,6% | 15,0% | -48,6% | -31,0% | -1.868 |
| Verkfræði-og arkitektaþj. | 4.693 | 7.454 | 12.432 | 8.930 | 58,8% | 66,8% | -28,2% | 90,3% | 4.237 |
| Endursk.- og bókhaldsþjónusta | 415 | 1.497 | 982 | 660 | 261,1% | -34,4% | -32,8% | 59,2% | 245 |
| Tölvuþjónusta - hugbúnaður | 9.618 | 9.108 | 6.903 | 14.120 | -5,3% | -24,2% | 104,5% | 46,8% | 4.502 |
| Véla-, verkf.- og áhaldaleiga | 7.072 | 7.290 | 8.836 | 9.717 | 3,1% | 21,2% | 10,0% | 37,4% | 2.645 |
| Lóða- og landréttindaleiga | 1.666 | 4.006 | 1.344 | 86 | 140,5% | -66,4% | -93,6% | -94,8% | -1.580 |
| IF-bílaleiga og önnur eignaleigu | 12.502 | 12.724 | 15.887 | 15.503 | 1,8% | 24,9% | -2,4% | 24,0% | 3.001 |
| Vinnuvélaþjónusta, vinna | 70.003 | 110.556 | 113.925 | 104.003 | 57,9% | 3,0% | -8,7% | 48,6% | 34.000 |
| IF- vinna og fleira | 101.030 | 124.965 | 111.997 | 117.649 | 23,7% | -10,4% | 5,0% | 16,4% | 16.619 |
| Aðkeypt önnur vinna og þjónusta | 28.375 | 15.227 | 3.376 | 810 | -46,3% | -77,8% | -76,0% | -97,1% | -27.565 |
| Ósamþykktir reikningar | | -20.294 | | | | | | | 0 |
| Önnur þjónustukaup | 23.600 | 25.931 | 46.288 | 26.264 | 9,9% | 78,5% | -43,3% | 11,3% | 2.664 |
| **Samtals þjónustukaup** | **264.998** | **305.491** | **330.051** | **301.897** | **15,3%** | **8,0%** | **-8,5%** | **13,9%** | **36.899** |
| **Samtals skattar** | **5.590** | **3.455** | **-24.008** | **3.736** | **-38,2%** | **-794,8%** | **-115,6%** | **-33,2%** | **-1.854** |
| **Samtals fjármagnstekjur og gjöld** | **26.579** | **24.030** | **32.627** | **57.168** | **-9,6%** | **35,8%** | **75,2%** | **115,1%** | **30.589** |
| **Samtals afskriftir** | **54.427** | **53.216** | **56.404** | **55.614** | **-2,2%** | **6,0%** | **-1,4%** | **2,2%** | **1.187** |
| **Samtals styrkir og aðrar færslur** | **1.950** | **453** | **796** | **679** | **-76,8%** | **75,6%** | **-14,7%** | **-65,2%** | **-1.272** |
| **Samtals gjöld** | **532.303** | **588.194** | **622.952** | **625.437** | **10,5%** | **5,9%** | **0,4%** | **17,5%** | **93.133** |
| **Gjöld - tekjur** | **-4.292** | **-261** | **45.659** | -11.187 | -93,9% | -17616,5% | -124,5% | 160,6% | -6.894 |
| **Fjárhagsáætlun, fjárheild** | **11.145** | 14.014 | 33.373 | -203 | 25,7% | 138,1% | -100,6% | -101,8% | -11.348 |
| **Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða** | 15.437 | 14.275 | -12.286 | 10.984 | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 49 sýnir rekstur hitaveitu.

Eins og fram kemur í töflunni hækkuðu tekjur á milli áranna 2019 og 2022 um 18,6%. Gjöldin samtals hækkuðu um 17,5%.

Það vekur athygli að öll árin nema árið 2022 er gert ráð fyrir hallarekstri hitaveitunnar. Nokkur halli var á rekstrinum árið 2021.

**Skrifstofustjóri hjá Skagafjarðarveitum**
Skrifstofustjóri hjá Skagafjarðarveitum heyrir undir sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs en starfar einnig mikið með sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Tekur einnig við fyrirmælum frá honum. Með skrifstofustjóranum er einn starfsmaður sem sér m.a. um að annast færslu bókhalds fyrir Skagafjarðarveitur auk annarra verkefna. Sem eru afstemming á lánadrottnareikningum og bankareikningum í samráði við aðalbókara. Sér um að ganga frá og bóka þá vinnutíma sem starfsmenn Þjónustumiðstöðvar/Eignarsjóðs og Garðyrkjustöðvar skrá í verkbókhald, einnig að stofna ný verk í verkbókhaldinu. Yfirmenn þjónustumiðstöðvar og Garðykjustöðvar eru léttir notendur í bókhaldinu og geta því ekki bókað tímana. Bókar verkfærslur inn á deildir, þarf að lesa þær vel yfir svo að þær fari á réttar deildir. Heldur utan um innra eftirlit hjá vatnsveitu. Setur inn á heimasíðu Skagafjarðarveitna. Hefur þekkingu á verkefnum í Orku og getur leyst af við reikningagerð. Sinnir síðan hinum almennu skrifstofustörfum sem falla til.

Meðal verkefna sem skrifstofustjóri annast er greiðsla reikninga fyrir sveitarfélagið. Vegna þess gerir skrifstofustjóri greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð fyrir sig, þarf að hafa huga að hvert framhaldið er næstu mánuði. Þarf að fylgjast vel með útboðsframkvæmdum, því reikningar vegna þeirra koma óreglulega og eru oftar en ekki í hærri kantinum.

Tíminn sem fer í að greiða reikninga er breytilegur en er að jafnaði um hálf til ein klukkustund á dag en getur alveg farið upp í þrjár klukkustundir að sögn skrifstofustjóra.

Fram kom í máli skrifstofustjóra að nokkuð vanti upp á skráningu inn í kerfið vegna rafrænna reikninga. Á reikning, sem kemur inn rafrænt og búið er að samþykkja, getur vantað gjalddaga og eindaga ásamt greiðsluupplýsingum, svo sem móttökureikninga birgja í banka o.s.frv. Vegna þess hafa skapast aukaverk fyrir skrifstofustjóra að vinna úr með því að lesa saman lánadrottnareikning viðkomandi og ógreiddar kröfur í banka, því reikningur sem er ekki með greiðsluupplýsingar bókast með gjalddaga og eindaga á útgáfudegi. Þessi yfirlestur gerir það þó að verkum að skrifstofustjóri fær yfirsýn yfir lánadrottnareikninga og getur komið því á framfæri ef þörf er á bókhaldslegum lagfæringum, t.d. ef kreditreikningar hafa ekki verið jafnaðir eða ekki endurgreiddir o.fl.

Að mati skýrsluhöfunda væri eðlilegra að bókhaldsdeildin lyki skráningu reikninga áður en þeir eru samþykktir og koma til greiðslu.

Leggja ber áherslu á að þeir sem samþykka reikninga hjá sveitarfélaginu beri meiri ábyrgð, lesi yfir skráningu bókara á bókhaldslykil o.s.frv. Jafnframt kemur fyrir, ef forstöðumaður er með athugasemdir við reikning, að þá liggi reikningurinn ósamþykktur í stað þess að viðkomandi forstöðumaður hafi sambandi við birgja/verktaka til að leysa málið og samþykkja viðkomandi reikning.

Skrifstofustjóri annast utanumhald  um „Orkuna“ sem er kerfi sem heldur utan um innheimtu gjalda fyrir heitt og kalt vatn  hjá stórnotendum. Kerfið heldur utan um um 1.800 kennitölur (viðskiptavini). Gefnir eru út um 2.000 reikningar mánaðarlega að upphæð um 35 milljónir króna. Einnig sjóveita sem er einn mælir. Stærsti hlutinn er vegna hitaveitunnar.

Mælakerfið er þannig að lesið er af mælum rafrænt. Í framkvæmd er það þannig að keyra þarf um sveitirnar og þéttbýlisstaðina og lesið af mælum rafrænt í skrá í síma, síðan er skrá send til Frumherja sem les úr skránni og gerir hana innlestrarhæfa í Orku. Lesið er af mælum hjá stórnotendum, í stærri byggingum og hjá þeim, þar sem notkun er óregluleg eða hitakerfi viðkvæm, er lesið af mánaðarlega.   Af öðrum mælum er lesið einu sinni á ári. Út frá þeim álestri er gert upp fyrir liðið tímabil og gerð áætlun um mánaðarlegar greiðslur fyrir næsta tímabil.

Áður en endanlegir reikningar eru gerðir þarf að jafnaði að eiga sér samtal við 20 til 30 notendur þar sem notkun hefur verið mun meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Oftar en ekki er það vegna bilunar í kerfi viðkomandi. Í slíkum tilfellum hefur skrifstofustjóri ákveðið svigrúm til samninga við viðkomandi notendur.

Skagafjarðarveitur leigja mælana af Frumherja. Mælarnir eiga að duga a.m.k. í 12 ár. Að þeim tíma liðnum eru þeir skoðaðir. Ef þeir standast skoðun duga þeir í fjögur ár í viðbót.

Fimm ár eru síðan farið var að skipta út mælum, byrjað í sveitinni. Er langt komið með að skipta út á Sauðarkróki en enn eru  eftir um 200 mælar.

Hægt er að vera með stöðvar sem eru með sílestur af mælum.  Þetta er þróun eins og margt annað og tæknin hefur ekki verið til staðar, en á ekki að vera vandamál að setja upp álestrarstöðvar í þéttbýlinu, en hvað varðar dreifbýlið veit skrifstofustjórinn ekki alveg um. Aðal breytingin sem snýr að hinum almenna viðskiptavini er að upphæð reikninganna hættir að vera jafnhá yfir árstímabil og verður eftir árstíðum og raunnotkun.   Mánaðarlegur álestur leiðir mjög líklega til sparnaðar á notkun á vatninu.

Nokkur tími hjá skrifstofustjóra fer í að veita upplýsingar um  hvað þarf að varast vegna ofnotkunar á heitu vanti, svo sem vegna heitra potta, snjóbræðslukerfa o.s.frv. Leggja ber áherslu á að þessar upplýsingar komi fram á vef sveitarfélagsins þannig að ekki þurfi starfsmann til að svara fyrir þetta.

Skrifstofustjóri heldur utan um verkbókhald hjá Skagafjarðarveitum. Bókar verkfærslur í verkbókhaldi Skagafjarðarveitna út á deildir, stemmir af á milli viðskipta- og lánadrottnareikninga Skagafjarðar og Skagafjarðaveitna.

Verkbókhald hjá veitum heldur utan um allt, tímaskráningu starfsmanna, sölu af lager  og innkaupareikninga, það er reikninga frá þriðja aðila, verktaka og vörubirgja.   Hjá þjónustumiðstöð og Eignarsjóði er eingöngu tímaskráning starfsmanna og leiga á tækjum, en ekki innkaupareikningar frá þriðja aðila.  Sama kerfi er hjá báðum aðilum og  er hjá þjónustumiðstöðinni.

Sveitarfélagið og Skagafjarðarveitur eru í samstarfi við Mótus varðandi innheimtu reikninga.

Skagafjörður, Skagafjarðarveitur og aðrar stofnanir eru með sama Nav-bókhaldskerfi og viðskipta- og lánadrottnakerfið er sameiginlegt.

Síðan eru Skagafjarðarveitur með kerfi sem heitir Orka og inniheldur mælakerfi, heldur utan um húsveitur (það er gerður reikningur á hverja húsveitu fyrir sig) og reikningakerfi. Viðskiptamannakerfið í Orkunni er sjálfstætt og ekki tengt við viðskiptamannakerfið í Nav bókhaldinu. Það eru svo bókhaldsstýringar í Orkunni sem eru keyrðar inn á tekjulyklanna í Nav-bókhaldkerfinu og greiðslur inn á bankareikninga.

Skrifstofustjóri er annar tveggja fulltrúa þeirra stéttarfélaga innan BSRB sem hafa samið um starfsmat við Samband íslenskra sveitarfélaga.

**Fráveita, verkefnastjóri**

Næsti yfirmaður verkefnastjóra er sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs. Verkefnastjórinn hefur yfirumsjón með fráveitum í sveitarfélaginu. Auk þess hefur verkefnastjórinn annast umsjón með nýframkvæmdum, gatnagerð og stærri viðhaldsframkvæmdum. Megin þungi verkefna undangenginna ára hefur verið vegna nýframkvæmda og endurgerð fasteigna, sundlaugar, skólar, leikskólar, söfn, gatnagerð og íbúðabyggingar, eftirlit og byggingarstjórnun.

Verkaskipting á milli verkefnastjórans og verkefnastjóra eignasjóðs í viðhaldsmálum er að verkefnastjóri fráveitu hefur annast skólabyggingar og stærri viðhaldsframkvæmdir. Verkefnastjóri eignasjóðs hefur annast minni háttar viðhaldsframkvæmdir. Viðhaldsmál skóla hafa verið meira á hendi verkefnastjóra fráveitu.

Verkefnastjórarnir eru ekki í daglegum samskiptum en eiga í samskiptum um einstök verk. Samskiptaleysið skapast að hluta til af því að þeir eru ekki staðsettir í sama húsi. Fram kom að meðan verkefnastjórarnir eru á sitt hvorum staðnum er erfitt að láta starfsemina vinna meira saman en nú er.

Verkefnastjórinn hefur átti í nokkrum samskiptum við verkefnastjóra í þjónustumiðstöð, m.a. vegna þess að hann hefur annast umsjón með búnaði í sundlaugum og loftræstikerfum í húsnæði sveitarfélagsins. Nú er fyrirhuguð breyting varðandi umsjón með þessum búnaði vegna mannabreytinga í þjónustumiðstöðinni.

Sundlaugakerfin hafa verið nokkuð erfið úrlausnar, að stærstum hluta vegna aldurs og skorts á fjármagni, en einnig hafa verið erfileikar með nýrri kerfi sökum vandamála við stýribúnað og forritun og um tíma vöntun á heitu vatni.

Í húsnæði sveitarfélagsins eru um 15 loftræstikerfi sem hefur gengið misvel að stýra. Hönnun þessara kerfa og þjónustu hefur þurft að sækja út fyrir atvinnusvæðið, ýmist til Akureyrar eða Reykjavíkur. Einnig eru stýringar á snjóbræðslukerfum að skapa vandamál.

Verkefnastjórinn vinnur einnig mikið með sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs í áætlunargerð, nýfjárfestingum og langtíma fjárfestingum. Hann leggur upp og stýrir vinnu við hönnun mannvirkja hjá sveitarfélaginu.

Fram kom í máli verkefnastjórans að verk- og viðhaldskráning hjá hitaveitu væri nokkuð góð, hins vegar væru brotalamir hvað varðar skráningu á viðhaldsframkvæmdum og því vantaði viðhaldssöguna varðandi húseignir sveitarfélagsins.

Á sviðinu hafa verið haldnir reglulegir fundir þar sem forstöðumenn á sviðinu hafa komið saman og farið yfir fyrirliggjandi verkefni. Að undanförnu hafa þessir fundir legið niðri.

Fram kom að ef þjónustumiðstöðin og Skagafjarðarveitur væru í sama húsnæði væri möguleiki á meira samstarfi. Sem dæmi mætti nefna að iðnaðarmenn, svo sem rafvirki, gætu starfað fyrir báða aðila. Vélvirki sem hefur m.a. séð um tæki og búnað er nú farinn að þjónusta við höfnina vegna dráttarbáts, sem kemur þá niður á öðrum verkefnum hjá þjónustumiðstöðinni.

*Tafla 50: Rekstraryfirlit fráveitu*

| | | | | | Hlutfallsleg breyting | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2019** | **2020** | **2021** | **2022** | **2020/2019** | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 |
| Tengigjöld fráveitu | | -785 | | | | | | |
| Holræsagjald | -96.431 | -103.567 | -113.347 | -121.341 | 7,4% | 9,4% | 7,1% | 25,8% |
| Hreinsun rotþróa | -6.504 | -3.254 | -9.163 | -7.262 | -50,0% | 181,6% | -20,7% | 11,7% |
| Seld vinna og þjónusta | -910 | -4.413 | | -2.674 | 384,7% | -100,0% | | 193,7% |
| **Samtals tekjur** | **-103.845** | **-112.019** | **-122.510** | **-131.277** | **7,9%** | **9,4%** | **7,2%** | **26,4%** |
| Mánaðarlaun | 9.213 | 10.165 | 10.454 | 10.955 | 10,3% | 2,8% | 4,8% | 18,9% |
| Yfirvinna | 1.021 | 1.161 | 1.483 | 1.259 | 13,7% | 27,7% | -15,1% | 23,2% |
| Áfallið orlof | 509 | 87 | 36 | | -83,0% | -58,0% | -100,0% | -100,0% |
| Launatengd gjöld | 2.483 | 2.731 | 2.841 | 2.947 | 10,0% | 4,0% | 3,7% | 18,7% |
| Kaffi- og matarkostnaður | 7 | 58 | 114 | 130 | 728,9% | 97,7% | 13,3% | 1757,0% |
| **Samtals laun og launatengd gjöld** | **13.234** | **14.202** | **14.929** | **15.291** | **7,3%** | **5,1%** | **2,4%** | **15,5%** |
| Malbik og olíumöl | | 545 | | | | -100,0% | | |
| Ýmis vörukaup önnur | 3.462 | 4.136 | 7.505 | 12.825 | 19,5% | 81,5% | 70,9% | 270,5% |
| Vörukaup | 162 | 122 | 387 | 2.208 | -25,0% | 218,6% | 470,1% | 1262,9% |
| **Samtals vörukaup** | **3.624** | **4.802** | **7.892** | **15.033** | **32,5%** | **64,4%** | **90,5%** | **314,9%** |
| Verkfræði-og arkitektaþj. | 334 | 7.525 | 10.975 | 1.247 | 2151,1% | 45,8% | -88,6% | 272,9% |
| Endursk.- og bókhaldsþjónusta | 140 | 323 | 78 | 451 | 130,0% | -75,9% | 480,4% | 221,9% |
| IF - bílaleiga frá þjón.stöð | 181 | 348 | 403 | 176 | 91,9% | 15,7% | -56,3% | -3,0% |
| Vinnuvélaþjónusta, vinna | 2.729 | 5.666 | 11.187 | 8.299 | 107,6% | 97,4% | -25,8% | 204,0% |
| IF vinna, vélasjóður og önnur þjónusta | 2.899 | 5.965 | 7.605 | 5.507 | 105,7% | 27,5% | -27,6% | 89,9% |
| Holræsahreinsun | 9.210 | 9.560 | 12.865 | 6.763 | 3,8% | 34,6% | -47,4% | -26,6% |
| Aðkeypt önnur vinna og þjónusta | 7.168 | 4.011 | 1.697 | 6.666 | -44,1% | -57,7% | 292,8% | -7,0% |
| Önnur þjónustukaup | 1.334 | 1.052 | 1.790 | 2.165 | -21,2% | 70,2% | 20,9% | 62,2% |
| Ósamþykktir reikningar | | -2.428 | | | | -100,0% | | |
| **Samtals þjónustukaup** | **23.997** | **32.021** | **46.600** | **31.273** | **33,4%** | **45,5%** | **-32,9%** | **30,3%** |
| **Samtals fjármagnstekjur og gjöld** | **631** | **352** | **201** | **22** | **-44,2%** | **-42,8%** | **-89,0%** | **-96,5%** |
| **Samtals afskriftir** | **12.085** | **7.304** | **6.846** | **5.991** | **-39,6%** | **-6,3%** | **-12,5%** | **-50,4%** |
| **Samtals gjöld** | **53.571** | **58.680** | **76.469** | **67.610** | **9,5%** | **30,3%** | **-11,6%** | **26,2%** |
| Samtals gjöld - tekjur | -50.274 | -53.339 | -46.042 | -63.667 | 6,1% | -13,7% | 38,3% | 26,6% |
| Fjarhagsáætlun | -35.514 | -44.065 | -58.647 | -61.832 | 24,1% | 33,1% | 5,4% | 74,1% |
| Fjárhagsáætlun - (gjöld-tekjur) | 14.760 | 9.274 | -12.605 | 1.835 | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 50 sýnir rekstraryfirlit fyrir fráveitu.

Samtals hækkuðu rekstrargjöld um 26% á milli áranna 2019 og 2022. Tekjurnar hækkuðu um 26% einnig.

Öll árin voru tekjur fráveitu hærri en rauntölur nema eitt ár, þ.e. árið 2020.

**Verkefnastjóri í þjónustumiðstöðvar**
Næsti yfirmaður verkefnastjóra þjónustumiðstöðvar er sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs. Verkefnastjóri hefur átt reglulega fundi með sviðsstjóra. Auk hans eru við þjónustumiðstöðina einn vélvirki á verkstæði, tveir húsasmiðir og þrír verkamenn.

Vinnutíminn í þjónustumiðstöðinni er frá kl. 8:00 til 16:00 á virkum dögum nema á föstudögum er vinnutíminn frá kl. 8:00 til 12:00. Samkomulag er um að starfsmenn sleppi matar- og kaffitíma en taki neysluhlé í 15 mínútur í hádeginu til að matast.

Starfsmenn greiða að hluta til fyrir matinn, fast gjald fyrir hverja máltíð. Þeir borða flestir í mötuneyti Grettis á Sauðárkróki, eða í sjoppum í Varmahlíð eða á Hofsósi.

Starfsmenn notast við stimpilklukku vegna tímaskráningar. Notast er við Vinnustund. Ef um útkall er að ræða geta þeir skráð tímann með síma. Verkbókhald er síðan í öðru kerfi „Wise" þar sem starfsmennirnir þurfa einnig að skrá sig inn til að skrá vinnuna á verk. Verkefnastjóri fer síðan yfir þessar skráningar og sendir á bókhaldið.

Þjónustumiðstöðin annast viðhald og framkvæmdir vegna fráveitu, gatna, skilta, hreinlætismál o.fl. í sveitarfélaginu. Snjómokstur, hreinsun gatna og holræsa, allar merkingar á götum og við stofnanir, losar ruslakörfur á víð og dreif í sveitarfélaginu, vinnur að smölun dýra og þegar skepnur ganga lausar í samráði við umhverfisfulltrúa landbúnaðarnefndar. Vinnur svo í þéttu sambandi við umsjónarmann eignasjóðs um ýmsar framkvæmdir, svo sem minni háttar viðhald við stofnanir, tilfærslur á húsgögnum (flutningar), leysir leka- og stífluvandamál stofnana.

Þjónustumiðstöðin er með bifreiðaverkstæði í húsnæði Skagafjarðarveitna og annast viðhald og viðgerðir á 36 bílum sem sveitarfélagið á og rekur. Ásamt öðrum tækjum. Þjónustumiðstöðin sér um rekstur á öllum búnaði fyrir garðyrkjustjóra. Verkstæðismaðurinn er einnig í hlutastarfi vélstjóri á dráttarbát Skagafjarðarhafna. Þetta fyrirkomulag er nýlegt og gengur mjög vel að sögn sviðsstjóra.

Verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar hefur annast umsjón með öllum búnaði í sundlaugum sveitarfélagsins ásamt loftræstikerfum í húsnæði sveitarfélagsins sem eru um 15 talsins.

- Um er að ræða sundlaug að Sólgörðum í Fljótum sem er leigð út. Þetta verkefni hefur tekið talsvert á en virðist vera komið í þokkalegt stand.
- Sundlaug í Hofsósi, þarfnast stöðugrar gæslu vegna ýmissa kvilla í kerfum. Er eina laugin sem hægt er að vakta gegnum vöktunarbúnað sem sendir viðvaranir.
- Sundlaug Sauðárkróks, viðhald og eftirlit, að mestu á hendi verkefnastjóra í fráveitu.
- Sundlaugin í Varmahlíð, hér er um að ræða gamalt mannvirki sem þarfnast stöðugrar vöktunar.

Þess má geta að verkefnin hafa verið unnin í þéttu samstarfi við laugarverði, pípulagningarmeistara og rafvirkja og einnig í samráði við sérfræðinga í sundlaugakerfum.

Verkefnastjóri er með síma þjónustumiðstöðvarinnar á vinnutíma og utan vinnutíma. Þannig að komi upp bilanir er haft samband við verkefnastjórann. Geti hann ekki sinnt símanum utan reglubundins vinnutíma hefur hann þurft að gera ráðstafanir til að símanum verði svarað.

Við grunnskólann á Hofsósi, Árskóla og skólann í Varmahlíð eru húsverðir í hluta eða fullu starfi, sem sinna minni háttar viðhaldi í þessum skólum. Öll önnur smá viðvik í öðrum byggingum eru hjá þjónustumiðstöðinni, þar með talið vegna sundlauga og íþróttahúsa. Á Hofsósi og Hólum eru starfsmenn í hlutastörfum að sinna þessum málum.

Í þéttbýliskjörnum utan Sauðárkróks eru menn sem verkefnastjórinn hefur samið við til að hafa umsjón með snjómokstri sem verktakar annast. Þessir umsjónarmenn meta þörf á snjómokstri á hverjum stað. Sveitarfélagið greiðir fyrir tvær vetrarhreinsanir eða hálkuvarnir að hverju lögbýli á hverjum vetri. Bændur hafa samband við umsjónarmenn ef beðið er um snjómokstur. Umsjónarmennirnir halda utan um hve marga mokstra/hálkuvarnir hver og einn hefur fengið og panta vélar til moksturs þegar um er beðið.

Ákvörðun um snjómokstur er með þeim hætti að fyrir klukkan 16:00 á hverjum degi leggur þjónustudeildin mat á ástand gatna og veðurhorfur og ákveður hvort hefja þurfi mokstur næsta dag. Í framhaldi af því mati sendir verkefnastjórinn tölvupóst á verktakann, sviðsstjóra og alla starfsmenn þjónustumiðstöðvar um hvernig málum verði háttað næsta dag fram til klukkan 8:00. Eftir klukkan 8:00 tekur verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar í samstarfi við starfsmenn ákvörðun um frekari aðgerðir ef þörf er á. Að deginum fer svo eftirlit með snjómokstri fram af starfsmönnum þjónustumiðstöðvar í samráði við verkefnastjóra. Verði hins vegar snöggar óvæntar breytingar á veðri tala verkefnastjóri og sviðsstjóri saman í síma að kveldi og tilkynna breytingar til verktakans.

Verkbeiðni um viðhald á húsnæði sveitarfélagsins, þar með töldu félagslegu húsnæði, berast verkefnastjóra og verkefnastjóra eignasjóðs. Verkbeiðnir berast oftast með tölvupósti eða með símhringingum. Ekki er notast við sérstök form vegna verkbeiðna.

Þjónustumiðstöðin hefur fimm bíla til afnota. Auk þess er lítill Avant sem er bundinn slætti á sumrin, traktor með ámoksturstækjum og annar minni til að draga haugsugu og malarvagn. Jafnframt sex sláttutraktorar.

Húsnæði þjónustumiðstöðvarinnar er of lítið, sem hefur komið niður á rekstrinum, að mati verkefnastjóra.

*Tafla 51: Rekstraryfirlit þjónustumiðstöðvar samantekið í þúsundum króna*

| | | | | Breyting | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2020 | 2021 | 2022 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2020 |
| IF - Vinna ÁH | -27.868 | -33.781 | -26.098 | 21,2% | -22,7% | -6,4% |
| Mánaðarlaun | 33.188 | 39.489 | 36.755 | 19,0% | -6,9% | 10,7% |
| Yfirvinna | 6.555 | 8.034 | 8.521 | 22,6% | 6,1% | 30,0% |
| Áfallið orlof | 497 | 677 | 0 | 36,2% | -100,0% | -100,0% |
| Launatengd gjöld | 9.685 | 11.357 | 10.833 | 17,3% | -4,6% | 11,9% |
| Matarkostnaður | 888 | 1.059 | 807 | 19,3% | -23,8% | -9,1% |
| **Laun og launatengd gjöld samtals** | **50.812** | **60.617** | **56.916** | **19,3%** | **-6,1%** | **12,0%** |
| Vörukaup | 6.024 | 7.361 | 8.412 | 22,2% | 14,3% | 39,6% |
| Þjónustukaup | 22.855 | 24.278 | 25.358 | 6,2% | 4,4% | 11,0% |
| Skattar af bílum og vélum | 100 | 142 | 122 | 41,5% | -13,8% | 21,9% |
| Hagnaður/tap v. sölu véla og áhalda | -300 | 0 | 0 | -100,0% | | -100,0% |
| Afskriftir véla og áhalda | 1.994 | 2.496 | 3.542 | 25,2% | 41,9% | 77,7% |
| **Gjöld samtals** | **81.484** | **94.894** | **94.350** | **16,5%** | **-0,6%** | **15,8%** |
| **Rekstrarniðurstaða samtals** | **53.617** | **61.112** | **68.252** | **14,0%** | **11,7%** | **27,3%** |
| Fjárhagsáætlun, fjárheimild | 53.313 | 66.348 | 58.263 | 24,4% | -12,2% | 9,3% |
| Fjárhagsáætlun - fjárhagsáætlun | -304 | 5.236 | -9.989 | | | |
| Umfram fjárhagsáætlun | -0,6% | 7,9% | -17,1% | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 19,8% | 20,3% | 23,2% | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 51 sýnir rekstraryfirlit þjónustumiðstöðvar samantekið í þús. kr.

Eins og þarna kemur fram hækkuðu gjöld þjónustumiðstöðvar um 27% á milli áranna 2020 og 2022. Launagjöld samtals hækkuðu um 12%, vörukaup um 29% og þjónustukaup um 11%.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var 19,8% árið 2020 en 23,2% árið 2022.

*Tafla 52: Rekstraryfirlit bifreiða í þúsundum króna*

| | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting 2021/2020 | Breyting 2022/2021 | Breyting 2022/2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **IF - Bílaleiga, án vsk.** | **-18.874** | **-22.822** | **-18.666** | **20,9%** | **-18,2%** | **-1,1%** |
| Bensín og olíur án vsk. | 3.337 | 4.258 | 5.125 | 27,6% | 20,3% | 53,6% |
| Varahlutir, hjólbarðar og IF-vörukaup | 1.438 | 488 | 423 | -66,1% | -13,2% | -70,6% |
| **Vörukakup samtals** | **4.775** | **4.746** | **5.548** | **-0,6%** | **16,9%** | **16,2%** |
| Viðhald bifreiða/vinnuvéla | 1.450 | 2.798 | 2.818 | 92,9% | 0,7% | 94,3% |
| Tryggingar bifreiðar/vinnuvéla | 3.313 | 3.617 | 2.606 | 9,2% | -28,0% | -21,3% |
| IF - Vinna frá áhaldahúsi | 3.759 | 2.724 | 1.777 | -27,5% | -34,8% | -52,7% |
| Önnur þjónustukaup | 2 | 81 | 39 | 3640,7% | -51,7% | 1708,5% |
| **Þjónustukaup samtals** | **8.524** | **9.220** | **7.240** | **8,2%** | **-21,5%** | **-15,1%** |
| Skattar af bílum og vélum | 1.253 | 1.258 | 1.259 | 0,4% | 0,1% | 0,5% |
| Hagnaður/tap v. sölu bifr.og vinnuvéla | 45 | -52 | | -215,6% | -100,0% | -100,0% |
| Afskriftir, véla, áhalda og bifreiða | 13.710 | 14.498 | 13.430 | 5,7% | -7,4% | -2,0% |
| **Samtals gjöld** | **28.307** | **29.722** | **27.478** | **5,0%** | **-7,6%** | **-2,9%** |
| Rekstrar niðurstaða | 9.434 | 6.848 | 8.811 | -27,4% | 28,7% | -6,6% |
| Fjárhagsáætlun, fjárheimild | -8.040 | 7.332 | 7.205 | -191,2% | -1,7% | -189,6% |
| Fjárhagsáætlun - fjárhagsáætlun | -17.474 | 484 | -1.607 | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 52 sýnir rekstraryfirlit bifreiða í þúsundum króna. Í sumum tilfella hefur kostnaður vegna bifreiða verið færður á aðrar rekstrareiningar og kemur hann þá ekki hér fram.

Eins og fram kemur á töflunni voru rekstrargjöldin samtals 27,5 millj. kr. árið 2022. Vakin er athygli á hversu lág gjöld vegna bensíns og olíu eru sem ætti að segja til um hversu mikið eða lítið bílarnir eru notaðir.

*Tafla 53: Rekstraryfirlit fyrir umhverfismál í þúsundum króna*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Umhverfis og samg.nefnd | 986 | 772 | 816 | 952 | -21,7% | 5,7% | 16,7% | -3,4% | -34 |
| Garðyrkjudeild | 37.448 | 43.576 | 45.896 | 54.172 | 16,4% | 5,3% | 18,0% | 44,7% | 16.724 |
| Almenningsgarðar | 1.600 | 1.579 | 7.546 | 1.030 | -1,3% | 378,0% | -86,4% | -35,6% | -570 |
| Opin svæði | 26.742 | 36.079 | 61.260 | 41.952 | 34,9% | 69,8% | -31,5% | 56,9% | 15.210 |
| Skógrækt (breyta nafni í útivistarsvæði) | 0 | | 1.381 | | | | -100,0% | | 0 |
| Umhverfi gatna og torga | 486 | 112 | 2.901 | | -77,0% | 2496,2% | -100,0% | -100,0% | -486 |
| Skreytingar | 2.303 | 2.146 | 2.062 | 5.520 | -6,8% | -3,9% | 167,7% | 139,7% | 3.217 |
| Minka- og refaeyðing | 7.331 | 6.577 | 5.069 | 5.793 | -10,3% | -22,9% | 14,3% | -21,0% | -1.538 |
| Ýmsir styrkir og framlög | 7.874 | 7.943 | 9.441 | 10.547 | 0,9% | 18,9% | 11,7% | 34,0% | 2.673 |
| **Samtals** | **84.770** | **98.784** | **136.372** | **119.966** | **16,5%** | **38,0%** | **-12,0%** | **41,5%** | **35.196** |
| Fjárhagsáætlun (fjarheimild) | 87.946 | 93.340 | 132.206 | 121.937 | 6,1% | 41,6% | -7,8% | 38,6% | 33.991 |
| Umfram fjárhagsáætlun (fjárheimild) | 3.176 | -5.445 | -4.166 | 1.971 | | | | | |
| Hlutfall af fjárhagsáætlun | | 5,8% | 3,2% | | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 53 sýnir rekstraryfirlit fyrir umhverfismál í þúsundum króna.

Eins og fram kemur í töflunni aukast útgjöld til umhverfismála á milli áranna 2019 og 2022 um 41,5%, eða 35 millj. kr. Er það einkum vegna þess að garðyrkjudeildin hækkar um 44,7%, eða 16,7 millj. kr. og opin svæði um 56,9%, eða 15,2 millj. kr.

**Verkefnastjóri, ljósleiðari – sorp og fleira**
Næsti yfirmaður verkefnastjóra er sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs. Hann er staðsettur hjá Skagafjarðarveitum.

Var ráðinn sem verkefnastjóri vegna ljósleiðarverkefnis, Ísland ljóstengt. Verkefnið var samstarfsverkefni á milli sveitarfélagsins, ríkisins og Mílu. Um var að ræða ljósleiðaratenginu við hvert hús í dreifbýli í Skagafirði. Verkefninu er lokið (nóvember 2022) en ekki allir búnir að óska eftir tengingu. Búið að leggja ljósleiðara að 99% húsa í sveitarfélaginu. Nú sér verkefnastjórinn um öll samskipti þegar húsráðandi óskar eftir tengingu.

Míla lagði fram allt efni en sveitarfélagið vinnuna vegna ljósleiðaraverkefnisins. Míla er eigandi ljósleiðarans og tekur í raun strax við kerfinu en getur ekki virkjað heimtaugar nema með samþykki verkefnastjórans, það er að segja þegar íbúar hafa sótt um tengingu og verkefnastjóri hefur sent reikning fyrir heimtaugargjaldi. Sveitarfélagið fær heimtaugargjaldið, sem notandinn greiðir við tengingu. Íbúinn hefur samband við verkefnastjórann ef óskað er eftir tengingu. Starfsmaður Tengils annast tenginguna sem er innifalin í heimtaugargjaldi og kemur með búnað frá fjarskiptafyrirtæki.

Heimtaugagjaldið er 250 þús. kr. (nóvember 2022). Búið er að virkja 60% af húsnæði í dreifbýli í sveitarfélaginu.

Auk þessa hefur verkefnastjórinn að undanförnu verið mikið í vinnu vegna sorpsins í sveitarfélaginu m.a. vegna útboðs á sorphirðu, sem nú er lokið. Verkefnastjórinn annaðist alla útreikninga og þarfagreiningu fyrir útboðið, þ.e. tíðni losunar o.s.frv.

Nýr verktaki tók við sorplosun 1. apríl 2023. Nokkur undirbúningsvinna fór fram áður, sem verkefnastjórinn annaðist.

Við þessa breytingu hafa ný sorpílát verið tekin í notkun. Um er að ræða þrjár 240 lítra tunnur og auka 35 lítra hólf fyrir lífrænan úrgang í þéttbýli en 120 lítra tunnu fyrir lífrænan úrgang í dreifbýli. Frá 1. apríl 2023 var byrjað að hirða sorp í dreifbýlinu og þá flokkað eins og í þéttbýlinu.

Auk framanritaðs hefur verkefnastjórinn sinnt verkefnum sem tengjast umhverfis- og samgöngunefnd. Umhverfismálin í heild sinni hafa meira og minna verið hjá verkefnastjóranum. Ásamt ýmsum verkefnum tengdum Skagafjarðarveitum.

Um er að ræða ýmis verkefni sem dreifast nokkuð og standa ekki lengi yfir.

Sér m.a. um samninga vegna Skagafjarðarveitna, svo sem lóðaleigusamninga og samninga við landeigendur þegar farið er með lagnir yfir jarðir.

Hefur mikið verið að hjálpa við ýmis verkefni innan sveitarfélagsins. Kemur að mörgum verkefnum. En er sjaldan í verkefnum frá byrjun til enda. Hefur unnið þarfagreiningar eða gagnasöfnun fyrir ýmis verkefni til að hafa betri yfirsýn og aðstoðar við framkvæmd verka. Útbúið teikningar og kort fyrir verk og fyrir heimasíðu sveitarfélagsins. Hefur útbúið skjöl fyrir starfsmenn til að einfalda þeirra vinnu o.s.frv.

Verkefnastjórinn hefur stundum leyst verkefnastjóra í þjónustumiðstöð af.

Stjórnendur á veitu- og framkvæmdasviði hafa fundað annan hvern þriðjudagsmorgun. Þessir fundir hafa legið niðri um tíma. Þessir fundur voru gagnlegir og gott að vera upplýstur um það sem er í gangi hjá sveitarfélaginu á hverjum tíma varðandi verkefni sviðsins. Kemur fyrir að farið er í of mikil „smáatriði" sem kemur ekki öllum við sem eru á fundunum og hefur lengt fundina töluvert.

**Eignasjóður, verkefnastjóri**

Næsti yfirmaður verkefnastjóra eignasjóðs er sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs. Verkefnastjórinn er með aðstöðu í þjónustumiðstöðinni. Undir verkefnastjórann heyrir einn smiður. Smiðurinn hefur einnig verið að vinna fyrir Skagafjarðarveitur.

Helstu verkefni verkefnastjórans er að hafa yfirumsjón með viðhaldsframkvæmdum á eignum sveitarfélagsins. Því fylgja meðal annars mikil kaup á efni og verkstjórnun.

Verkefnastjórinn hefur umsjón með rekstri félagslegra íbúða. Annast viðhald þeirra, gerir leigusamninga við leigjendur og afhendir íbúðir. Félagsþjónustan úthlutar íbúðunum og tilkynnir til verkefnastjóra hverja úthlutun. Í lok leigutíma tekur verkefnastjórinn íbúðir út og metur viðhaldsþörf. Ef til vill þyrfti að hafa meira eftirlit með umgengni leigjenda á leigutímanum. Skoða má hvort félagsþjónustan komi meira að slíku eftirlitshlutverki. Hunda- og kattahald hefur verið bannað í leiguhúsnæði sveitarfélagsins.

Leigjendur ganga misvel um leiguíbúðir. Brögð hafa verið á því að gera þurfi verulegar endurbætur á félagslegum leiguíbúðum. Komið hefur fyrir að fólk hafi skilað íbúðum í mjög slæmu ástandi og farið í aðra leiguíbúð hjá sveitarfélaginu. Verkefnastjórinn hefur verið að skoða möguleika á því að leigutakar leggi fram leigutryggingu.

Vegna þessa á verkefnastjórinn orðið í miklum samskiptum við leigjendur, sem hefur skapað nokkur óþægindi utan reglubundins vinnutíma. Allar tilkynningar um bilanir eru tilkynntar til verkefnastjóra að mestu með símhringingum. Rétt er að fram komi að á vefsíðu sveitarfélagsins er form til að fylla út vegna beiðni um viðhald á íbúðum.

Félagslegar leiguíbúðir eru samtals 64, þar af eru 8 skráðar á eignasjóð og 56 á félagslegar íbúðir. Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra eru allar íbúðirnar leigðar á félagslegum forsendum.

Leigugjöld hafa ekki staðið undir rekstri íbúðanna. Leigugjöld árið 2022 voru frá 68.153 kr. upp í 195.263  kr. sem var þak á húsaleigu árið 2022. Leiguverð var 1.615 kr. á hvern fermetra árið 2022.

Heimilt hefur verið að lækka leiguverð ef ástand húsnæðis er lélegt eða af félagslegum ástæðum. Við yfirferð á húsaleigu í samanburði við reiknaða húsaleigu skv. fermetraverði kom í ljós í sumum tilfella lægri leiga og hefur verið óskað skýringa.

*Mynd 24: Meðalleiguverð á almennum leigumarkaði í Skagafirði árið 2022*

Samantekt fyrir valið svæði

- Meðalleiguverð er **149.848 kr.**
- Meðalfermetraverð er **1.780 kr.**
- Meðalstærð er **84,2 m²**
- Niðurstöðurnar eru byggðar á **30** leigusamningum.

Leitarskilyrði

- 1. janúar 2022 til 31. desember 2022
- Herbergjafjöldi á bilinu **2 - 4**
- Byggt á árunum **1920 - 2023**
- Stærð á bilinu **40 - 250 m²**

Gögn síðast uppfærð 23. júní 2023

| Matssvæði | Leiguverð | Fermetraverð | Stærð | Herbergi | Fjöldi samninga |
|---|---|---|---|---|---|
| Sauðárkrókur | 155.409 kr. | 1.768 kr. | 87,9 m² | 3 | 21 |
| Skagafjörður | 136.873 kr. | 1.814 kr. | 75,4 m² | 3 | 9 |

Heimild: Þjóðskrá

Mynd 24 sýnir meðalleiguverð á almennum leigumarkaði í Skagafirði árið 2022. Um er að ræða leiguverð í leigusamningum sem gerðir voru á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember árið 2022.

Eins og þarna kemur fram var meðalleiguverð fyrir tveggja til fjögurra herbergja íbúðir 1.780 kr. á hvern fermetra samanborið við leiguverðið hjá Skagafirði sem var 1.615 kr. á hvern fermetra. Þannig var meðalleiguverðið á fermetra í Skagafirði 165 kr. hærra en hjá félagslegum íbúðum hjá Skagafirði. Þessi mismunur gerir samtals 920 þús. kr. í lægri leigutekjur hjá Skagafirði en á almennum markaði.

Leiguverð á hvern fermetra í félagslegum íbúðum hjá Skagafirði árið 2023 er 2.023 og hámarksleiga er 195.263 kr.

*Mynd 25: Meðalleiguverð á almennum leigumarkaði í Skagafirði árið 2023*

Samantekt fyrir valið svæði

- Meðalleiguverð er **173.460 kr.**
- Meðalfermetraverð er **1.900 kr.**
- Meðalstærð er **91,3 m²**
- Niðurstöðurnar eru byggðar á **8** leigusamningum.

Leitarskilyrði

- 1. janúar 2023 til 12. júlí 2023
- Herbergjafjöldi á bilinu **2 - 4**
- Byggt á árunum **1920 - 2023**
- Stærð á bilinu **40 - 250 m²**

Gögn síðast uppfærð 23. júní 2023

Upplýsingar um matssvæði

Niðurstöður eru byggðar á leitarskilyrðum

Línur
10

| Matssvæði | Leiguverð | Fermetraverð | Stærð | Herbergi | Fjöldi samninga |
|---|---|---|---|---|---|
| Sauðárkrókur | 176.812 kr. | 2.020 kr. | 87,5 m² | 3 | 7 |

Heimild: Þjóðskrá

Mynd 25 sýnir það sama og mynd 24 en nú fyrir árið 2023.

Eins og þarna kemur fram er meðalleiguverð í Skagafirði 1.900 kr. á hvern fermetra samanborið við 1.762 kr. vegna félagslegra íbúða hjá Skagafirði. Þannig er meðalverðið 138 kr. hærra á hvern fermetra en verð á fermetra vegna félagslegra íbúða hjá Skagafirði. Þannig hefur mismunurinn lækkað frá því sem hann var árið 2022.

Leigjendur greiða alfarið fyrir þrif í sameign og greiða fyrir rafmagn og hita í sameign gegnum húsgjöld.

Þegar starfsmenn þjónustumiðstöðvar vinna fyrir eignasjóð kemur það í hlut verkefnastjóra að stýra þeim, m.a. við að setja upp innréttingar í íbúðum og stofnunum sveitarfélagsins. Vegna skorts á verktökum hafa starfsmenn eignasjóðs þurft að vinna við ýmsar framkvæmdir t.d. á leikskólalóð, við byggingu dæluhúss fyrir veitur o.s.frv.

Ekki er notast við viðhaldskerfi til að skrá viðhaldssögu og beiðnir frá stofnunum um viðhald. Þetta hefur oft á tíðum skapað vandræði þar sem viðhaldssagan er ekki skráð og taka þarf ákvarðanir um viðhald. Þá þarf að rifja upp hvað hefur verið gert, hvenær o.s.frv. Í sumum tilfella þarf að leita til verktaka sem sinnt hafði viðhaldi. Nefna má sem dæmi að ef þarf að endurnýja eldavél í leiguíbúð þá liggur ekki fyrir hvenær það var gert síðast. Til skoðunar er að kaupa viðhaldskerfi.

Forstöðumenn stofnanna hafa samband við verkefnastjóra ef þarf að gera eitthvað. Er það oftast með símhringingu og/eða tölvupósti.

Verkefnastjóri fer reglulega yfir viðahaldsþörf með starfsfólki stofnananna.

**Garðyrkja, garðyrkjustjóri**

Næsti yfirmaður garðyrkjustjóra er sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs. Undir garðyrkjustjóra heyrir flokksstjóri og vélamaður sem eru í fullu starfi. Auk þess koma starfsmenn til viðbótar á sumrin þannig að starfsmannafjöldinn er samtals um 15 í heild á sumrin.

*Tafla 54: Fjöldi stöðugilda í garðyrkjudeild*

| | 2020 | 2021 | 2022 | Mismunur 2022-2020 |
|---|---|---|---|---|
| 11090 Garðyrkjudeild | 5,43 | 5,54 | 5,99 | 0,56 |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 54 sýnir fjölda stöðugilda í garðyrkjudeild.

Eins og fram kemur á töflunni fjölgaði stöðugildum um 0,56 á milli áranna 2020 og 2022.

Flokksstjórinn, sem er garðyrkjufræðingur, byrjaði í febrúar 2019 og vélamaðurinn byrjaði í febrúar árið 2022 í fullu starfi.

Starfsstöð starfsmanna garðyrkju er við gróðurhús. Vinnutími hjá garðyrkjunni á virkum dögum, frá 1. nóvember til 1. mars, er frá kl. 8:00 til 15:11. Frá 1. mars til 1. nóvember er byrjað að vinna kl. 7:30 og unnið mánudaga til og með fimmtudaga frá kl. 07:30 til 15:25 og á föstudögum frá kl. 07:30 til 13.50, hádegishléi, 30 mínútur, er þá sleppt. Fyrir vinnu fyrir kl. 8:00 er greitt álag.

Yfir sumarmánuðina taka starfsmenn hálfa klukkustund í mat (ekki á föstudögum) en á öðrum tíma er tekið stutt matarhlé ca. 15 mín.

Verktakar eru farnir að vinna sumt af því sem garðyrkjan gerði áður. Má þar nefna að leggja þökur, viðhald göngustíga og yfirlag.

Garðyrkjan vinnur að hluta til við sumarblóm frá lokum febrúar til júní. Gróðursetning fer fram á tímabilinu frá 20. maí til 20. júní, eftir það er umhirða.

Gróðurhúsið er ekki með vökvunarkerfi þannig að allt er handvökvað alla daga vikunnar, páska og aðra helgidaga meðan ræktun fer fram. Vermireitir sem eru sunnan við gróðurhúsið eru ekki hitastýrðir svo opna þarf og loka samkvæmt hitasveiflum. Garðyrkjudeildin tekur við öllu slegnu grasi af grænum svæðum sveitarfélagsins til moltugerðar, sem síðan er notuð við gróðursetningu sumarblóma. Rekstraraðili golfvallarins slær hluta svæða fyrir sveitarfélagið. Hirðir ekki upp gras og snyrtir ekki sem garðyrkjudeildin annast. Verktaki annast slátt á Hofsósi. Garðyrkjudeildin sinnir ýmsu öðru er viðkemur grænum svæðum sveitarfélagsins og á lóðum stofnana sveitarfélagsins. Viðhald og sláttur á svæðum sem garðyrkjudeildin annast fer fram frá 1. apríl til og með 20. september.

Yfir vetrarmánuðina eru starfsmennirnir m.a. að klippa tré, sinna skógræktinni, rækta sumarblóm og sjá um áhöld. Þeir koma m.a. að því að laga þessi tæki og einnig tæki fyrir vinnuskólann. Um er að ræða klippur, sláttuorf, hrífur, skóflur og önnur verkfæri sem garðyrkjudeildin og vinnuskóli nota. Öll stærri tæki og vélar eru hjá þjónustumiðstöð. Garðyrkjudeildin leigir bíla, vélknúnar sláttuvélar, kerru, traktor og haugsugu frá bíla- og tækjaleigu sveitarfélagsins. Um er að ræða vélknúin tæki sem eru hjá þjónustumiðstöðinni.

Þegar mesta skammdegið stendur yfir eru starfsmennirnir að þrífa gróðurhúsið til undirbúnings fyrir ræktun, sinna áhöldum, yfirfara regnfatnað og uppfæra verkferla svo nokkuð sé nefnt. Garðyrkjan ræktar öll sumarblóm fyrir sveitarfélagið sem eru um 12.000 blóm. Flottar plöntur þegar þær koma út á vorin að sögn garðyrkjustjóra.

Garðyrkjan sinnir minni háttar viðhaldi á leiktækjum í sveitarfélaginu, sem felst m.a. í að mála og herða upp leiktæki og að bregðast við ef eitthvað smávegis vantar. Sér einnig um göngubrýr sem eru fjórar. Einnig sér garðyrkjudeildin um göngupalla, prílur yfir girðingar og bekki sem eru víða og nestisborð. Yfir sumarmánuðina sinnir einn eða fleiri starfsmaður þessu verkefni. Fer það eftir veðri og verkefnastöðu. Smíða einnig skógarbekki. Allt meiriháttar viðhald á þessum tækjum hefur eignasjóður séð um.

Húsnæðið sem garðyrkjan hefur fyrir verkfæri er ekki gott. Eru að hengja upp áhöld í loft vegna hita í loftinu yfir vetramánuðina. Yfir vetratímann er lítið pláss til að geyma áhöld. Um er að ræða tvö gróðurhús, annað upphitað þar sem garðyrkjudeildin rækar sumarblóm og notar fyrir geymslu á sumrin. Þar er einnig tætt mold meðan ræktun er í húsinu sem er mjög bagalegt og heilsuspillandi. Hitt gróðurhúsið er ekki upphitað og er notað fyrir sumarblóma ræktun.  Einnig eru  plöntur þar settar niður í ker og ræktaðar um tíma áður en þær fara út í gróðursetningu.

Einnig er lítill skúr á lóðinni sem geymir smáverkfæri og málningu. Þar er áhöldum sinnt, smíðaðir skógarbekkir og þess háttar. Aðstaða til að geyma áhöld og vikur er rými milli tveggja gáma með hellulögðu gólfi og undir því er hiti. Þar er aðstaða til að skipta um föt og fataskápar fyrir starfsmenn. Tvö lítil salerni, ein sturta og kaffistofa.  Ekki múshelt hús.

*Tafla 55: Rekstraryfirlit garðyrkju í þúsundum króna*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| IF - Vinna og sala GARD | -3.953 | -33.993 | -10.501 | -11.570 | 760,0% | -69,1% | 10,2% | 193% | -7.618 |
| Önnur sala/endurgreiðsla frá ríkissjóði | -30 | | -121 | -1.049 | -100,0% | | 767,3% | 3363% | -1.019 |
| **Samtals tekjur** | **-3.983** | **-33.993** | **-10.622** | **-12.620** | **753,5%** | **-68,8%** | **18,8%** | **217%** | **-8.637** |
| Mánaðarlaun | 28.736 | 33.320 | 35.437 | 40.124 | 16,0% | 6,4% | 13,2% | 40% | 11.388 |
| Yfirvinna | 155 | 248 | 184 | 359 | 59,9% | -25,9% | 94,9% | 131% | 203 |
| Álagsgreiðslur | 591 | 718 | 806 | 881 | 21,4% | 12,4% | 9,3% | 49% | 290 |
| Áfallið orlof | **485** | 168 | 65 | -355 | -65,4% | -61,0% | -642,2% | -173% | -840 |
| Launatengd gjöld | 6.350 | 7.951 | 8.364 | 9.725 | 25,2% | 5,2% | 16,3% | 53% | 3.374 |
| Fæðis-, matarkostnaður og kaffistofa | 470 | 635 | 533 | 858 | 35,1% | -16,0% | 61,1% | 83% | 389 |
| Starfsmannakostnaður, annar | 2 | 1 | 2 | 191 | -23,7% | 39,4% | 9474,4% | 10086% | 190 |
| **Samtals launagjöld** | **36.789** | **43.041** | **45.392** | **51.783** | **17,0%** | **5,5%** | **14,1%** | **41%** | **14.994** |
| Tölvu- og símakostnaður | 103 | 194 | 141 | 168 | 87,9% | -27,1% | 19,0% | 63% | 65 |
| Vinnufatnaður | 182 | 230 | 356 | 499 | 26,1% | 54,7% | 40,1% | 173% | 316 |
| Verkfæri og áhöld | 406 | 471 | 388 | 2.738 | 15,9% | -17,5% | 605,6% | 574% | 2.332 |
| Önnur vörukaup | 129 | 230 | 158 | 449 | 78,0% | -31,3% | 184,2% | 248% | 320 |
| **Vörukaup samtals** | **821** | **1.124** | **1.043** | **3.853** | **37,0%** | **-7,2%** | **269,4%** | **369%** | **3.032** |
| Sími og internettenging | 103 | 86 | 113 | 229 | -16,6% | 31,0% | 102,9% | 122% | 126 |
| IF - bílaleiga frá þjón.stöð | 1.498 | 1.222 | 1.462 | 1.766 | -18,5% | 19,7% | 20,8% | 18% | 267 |
| IF - Vinna frá garðyrkjudeild | | 29.047 | 5.978 | 6.529 | | -79,4% | 9,2% | | 6.529 |
| IF - vélasjóður | 1.947 | 2.457 | 2.096 | 2.247 | 26,2% | -14,7% | 7,2% | 15% | 300 |
| Önnur þjónutı | 271 | 592 | 432 | 385 | 118,0% | -27,0% | -10,9% | 42% | 113 |
| **Þjónustukaup samtals** | 3.821 | **33.404** | **10.081** | 11.155 | 774,3% | -69,8% | 10,7% | 192% | 7.335 |
| **Samtals gjöld** | **41.431** | **77.570** | **56.516** | **66.792** | **87,2%** | **-27,1%** | **18,2%** | **61%** | **25.361** |
| Gjöld að frádregnum tekjum | 37.448 | 43.576 | 45.895 | **54.172** | 16,4% | 5,3% | 18,0% | 45% | 16.724 |
| Fjárhagsáætlun, gjöld að frádregnum tekjum | 38.455 | 47.579 | 50.987 | **60.057** | 23,7% | 7,2% | 17,8% | 56% | 21.602 |
| Fjáhagsáætlun að frádregnum raun niðurstöðu | 1.007 | 4.003 | 5.092 | 5.885 | | | | | |
| Fjöldi heilsárs stöðugilda | 2 | 2 | 3 | | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 55 sýnir rekstraryfirlit fyrir garðyrkju.

Rekstrargjöld í garðyrkju hækka um 61% á milli áranna 2019 og 2022, eða um 26,4 millj. kr. Árið 2019 var ekki gjaldfærð vinna frá garðyrkjudeild á deildina en 6.529 þús. kr. árið 2022. Ef það er dregið frá gjöldunum árið 2022 var aukningin 18.832 þús. kr., eða 45,4%.

Öll árin voru raungjöld undir tekjum. Fjárhagsáætlun hækkaði um 56% þegar raun rekstrarniðurstaða hækkaði um 45%. Á milli áranna 2021 og 2022 hækkuðu gjöldin um 18%.

*Tafla 56: Rekstraryfirlit, opin svæði*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2019** | **2020** | **2021** | **2022** | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Fæðis-, matarkostnaður og kaffistofa | | 50,353 | 80 | | | | | | |
| **Samtals launagjöld** | | **50** | **80** | **37** | | | | | |
| Plöntur og fræ | 869 | 1.626 | 1.081 | 772 | 87,1% | -33,5% | -28,6% | -11,2% | -97 |
| Grasþökur | 2.323 | 5.611 | 855 | 940 | 141,6% | -84,8% | 10,0% | -59,5% | -1.382 |
| Önnur vörukaup | 2.008 | 1.154 | 4.838 | 2.933 | -42,5% | 319,1% | -39,4% | 46,1% | 925 |
| **Samtals vörukaup** | **5.199** | **8.391** | **6.774** | **4.645** | **61,4%** | **-19,3%** | **-31,4%** | **-10,7%** | **-554** |
| Vöru og sendiferðabílar | 5.569 | 4.691 | 5.229 | 6.163 | -15,8% | 11,5% | 17,9% | 10,7% | 594 |
| Vinnuvélaþjónusta, vinna | 3.186 | 7.539 | 29.395 | 10.427 | 136,6% | 289,9% | -64,5% | 227,3% | 7.241 |
| Aðkeypt önnur vinna og þjónusta | 12.075 | 14.233 | 16.398 | 18.718 | 17,9% | 15,2% | 14,1% | 55,0% | 6.643 |
| IF-bílaleiga, eignasjóður, áhaldahús og vélasjóður | 461 | 465 | 805 | 649 | 0,9% | 73,1% | -19,3% | 40,9% | 189 |
| Önnur þjónustukaup | 98 | 710 | 2.579 | 1.312 | 621,4% | 263,5% | -49,1% | 1233,9% | 1.214 |
| **Samtals þjónustukaup** | **21.389** | **27.637** | **54.406** | **37.269** | **29,2%** | **96,9%** | **-31,5%** | **74,2%** | **15.880** |
| **Samtals gjöld** | **26.742** | **36.079** | **61.260** | **41.952** | **34,9%** | **69,8%** | **-31,5%** | **56,9%** | **15.210** |
| Fjárhagsáætlun | 30.452 | 30.502 | 56.335 | 38.407 | 0,2% | 84,7% | -31,8% | 26,1% | 7.955 |
| Samtals gjöld umfram fjárhagsáætluln (fjárheimild) | 3.710 | -5.577 | -4.925 | -3.545 | | | | | |
| Hlutfall af fjárhagsáætllun (fjárheimild) | | 18,3% | 8,7% | 9,2% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 56 sýnir rekstraryfirlit fyrir opin svæði.

Samtals gjöld hækka um 56,9%, eða um 15,2 millj. kr. á milli áranna 2019 og 2022. Öll árin nema árið 2019 voru gjöldin hærri en fjárheimild sagði til um.

**Skagafjarðarhafnir**

Undir hafnarsjóð Skagafjarðar heyra tvær hafnir, höfnin á Sauðárkróki og á Hofsósi. Auk hafnarinnar í Haganesvík sem er eign hafnarinnar.

*Tafla 57: Fjöldi stöðugilda hjá Skagafjarðarhöfnum*

| | | | | Mjismunur |
|---|---|---|---|---|
| | 2020 | 2021 | 2022 | 2022-2020 |
| 61090 Hafnarsjóður | 2,99 | 3,26 | 4,29 | 1,29 |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 57 sýnir fjölda stöðugilda hjá Skagafjarðarhöfnum.

Eins og fram kemur á töflunni fjölgaði stöðugildum á milli áranna 2022 og 2020 um 1,29.

**Hafnarstjóri**

Næsti yfirmaður hafnarstjóra er sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs. Auk hafnarstjóra eru tvö stöðugildi við höfnina sem tveir starfsmenn sinna og er hafnarstjóri þeirra næsti yfirmaður, eða samtals þrjú stöðugildi.

Umhverfis- og samgöngunefnd fer með málefni hafnarinnar. Hafnarstjóri situr þá fundi þegar fjallað er um málefni hafnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmenn hafnarinnar ganga vaktir viku í senn og skipta á fimmtudögum. Tveir starfsmenn mæta kl. 8:00 og er annar þeirra til kl. 14:00 og hinn til kl. 16:00. Kl. 14 mætir þriðji starfsmaðurinn og er til kl. 22:00 og tekur síðan bakvakt til kl. 8:00 næsta dag og yfir helgina. Matartími er ekki fastur, starfsmenn fá sér að borða þegar tími gefst til.

Á tímabilinu frá kl. 8:00 til kl. 17:00 á virkum dögum er ekki innheimt tímagjald vegna vigtunar. Á tímabilinu frá kl. 17:00 til kl. 22:00 er innheimt fyrir tvo tíma í næturvinnu vegna vigtarmanns. Eftir kl. 22:00 til 8:00 næsta dag, svo og laugardaga, sunnudaga og aðra helgidaga eru innheimtir 4 tímar í næturvinnu samkvæmt gjaldskrá. Gjaldið deilist á milli báta ef fleiri en einn lætur vigta á svipuðum tíma.

Nýlega hefur verið tekin upp lóðsskylda við höfnina á Sauðárkróki. Vegna þess var keyptur lóðsbátur. Hann nýtist einnig til til að ýta stærri skipum að bryggju.

Þegar þarf fleiri starfsmenn vegna skipakoma hafa komið viðbótarmenn frá áhaldahúsi og starfsmenn í verktöku, sem hafnarstjóri hefur gert samninga við. Vegna mönnunar lóðsbátsins þarf mann með skipstjórnarréttindi og vélstjóra. Síðan þarf tvo til að taka við endum við skipakomur. Allir starfsmenn hafnarinnar eru með skipstjórnarréttindi. Starfsmaður á verkstæði þjónustumiðstöðvar er með vélastjórnarréttindi og starfar sem vélstjóri á lóðsbátnum þegar þess þarf. Aðrir starfsmenn eru í verktakavinnu eins og þarf.

Starfsmenn hafnarinnar taka á móti togurum og annast landfestar og vigtun á afla. Starfsmenn hafnarinnar setja vatn á skipin, lesa af rafmagnsmælum, skipta um dekkjamottur á þilinu og svo framvegis.

Hafnarstjóri annast reikningagerð fyrir höfnina, fjárhagsáætlunargerð og stýrir framkvæmdum við höfnina. Reikningagerðin fer fram rafrænt í gegnum Wise Navision

Fram kom í máli hafnarstjóra að það væri mikið álag á honum og hann teldi að skoða þurfi að hann gangi ekki vaktir.

Á sumrin hafa ekki komið inn sumarstafsmenn, sem hefur leitt til þess að hafnarstjóri hefur ekki komist í sumarleyfi nema að hluta. Hann hefur látið aðra starfsmenn ganga fyrir með frí.

Fyrsta farþegaskipið kom til Sauðárkrókar s.l. sumar (2022). Sumarið 2022 komu fjögur farþegaskip. Fyrir árið 2023 er búið að bóka fimm skip og níu árið 2024.

Flutningaskip vilja fá lóðs um borð.

Starfsmennirnir sinna viðhaldsvinnu við höfnina.

Á Hofsósi er maður sem sinnir vigtun fyrir höfnina. Þegar hann getur ekki sinnt vigtun þurfa starfsmenn hafnarinnar á Sauðárkróki að fara yfir á Hofsós.

## *Tafla 58: Rekstraryfirlit Skagafjarðarhafna*

| | | | | | Breyting | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2019** | **2020** | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 |
| IF - Húsaleiga og önnur húsaleiga | -1.843 | -120 | -1.237 | -376 | -93,5% | 930,4% | -69,6% | -79,6% |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana og annarra | | -3.852 | -1.267 | -457 | | -67,1% | -63,9% | |
| Tjónabætur | | -143 | | | | -100,0% | | |
| Aðrar tekjur | -683 | -586 | -91 | | -14,1% | -84,5% | -100,0% | -100,0% |
| Aflagjald | -96.535 | -87.320 | -77.195 | -73.146 | -9,5% | -11,6% | -5,2% | -24,2% |
| Vörugjald | -20.228 | -13.989 | -23.700 | -25.697 | -30,8% | 69,4% | 8,4% | 27,0% |
| Lestargjald | -7.542 | -8.124 | -8.987 | -9.746 | 7,7% | 10,6% | 8,4% | 29,2% |
| Bryggjugjald | -8.064 | -7.322 | -7.852 | -9.220 | -9,2% | 7,2% | 17,4% | 14,3% |
| Hafnsögugjöld | -545 | -311 | -583 | -8.868 | -42,9% | 87,2% | 1421,7% | 1527,4% |
| Öryggisgjald og -gæsla | -3.278 | -4.191 | -3.707 | -3.591 | 27,8% | -11,6% | -3,1% | 9,5% |
| Vogargjöld | -5.651 | -5.121 | -4.469 | -3.846 | -9,4% | -12,7% | -13,9% | -31,9% |
| Farþegagjald | | | | -288 | | | | |
| Smábátagjald | -5.155 | -4.708 | -4.804 | -5.635 | -8,7% | 2,0% | 17,3% | 9,3% |
| Festargjald | -5.409 | -6.271 | -1.385 | -2.214 | 15,9% | -77,9% | 59,8% | -59,1% |
| Sorpeyðing | -2.128 | -3.070 | -2.605 | -2.315 | 44,3% | -15,2% | -11,1% | 8,8% |
| Dráttarbátur | | | -525 | -5.267 | | | 903,2% | |
| Önnur hafnargjöld | -2.999 | -3.075 | -3.201 | -3.430 | 2,5% | 4,1% | 7,1% | 14,4% |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur - Hafnarsjóður | | 27 | 8 | | | -72,1% | -100,0% | |
| Selt heitt og kalt vatn - Höfnin | -1.616 | -1.584 | -1.265 | -1.076 | -1,9% | -20,2% | -14,9% | -33,4% |
| Selt rafmagn | -16.094 | -14.564 | -18.491 | -21.560 | -9,5% | 27,0% | 16,6% | 34,0% |
| Seldar vörur | | -7.432 | -54 | -1 | | -99,3% | -97,4% | |
| Seld vinna og þjónusta | -6.384 | -9.684 | -6.751 | -5.681 | 51,7% | -30,3% | -15,9% | -11,0% |
| **Samtals tekjur** | **-184.153** | **-181.441** | **-168.160** | **-182.412** | **-1,5%** | **-7,3%** | **8,5%** | **-0,9%** |
| Mánaðarlaun | 19.881 | 22.214 | 24.219 | 34.052 | 11,7% | 9,0% | 40,6% | 71,3% |
| Nefndarlaun | 671 | 599 | 628 | 781 | -10,7% | 4,9% | 24,3% | 16,5% |
| Yfirvinna | 9.992 | 9.979 | 10.677 | 15.821 | -0,1% | 7,0% | 48,2% | 58,3% |
| Álagsgreiðslur | 7.406 | 7.670 | 8.459 | 10.391 | 3,6% | 10,3% | 22,8% | 40,3% |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 4.501 | -1.023 | 2.349 | | -122,7% | -329,7% | -100,0% | -100,0% |
| Áfallið orlof | 883 | -61 | 1.450 | | -106,9% | -2469,5% | -100,0% | -100,0% |
| Fæðispeningar | 286 | 466 | 160 | | 63,1% | -65,8% | -100,0% | -100,0% |
| Launatengd gjöld | 8.808 | 9.403 | 10.166 | 14.282 | 6,8% | 8,1% | 40,5% | 62,2% |
| Kaffi- og matarkostnað | 269 | 379 | 484 | 592 | 40,7% | 27,7% | 22,3% | 119,8% |
| Annað | -117 | | | | -100,0% | | | -100,0% |
| **Samtals laun og launatengd gjöld** | **52.580** | **49.626** | **58.592** | **75.920** | **-5,6%** | **18,1%** | **29,6%** | **44,4%** |
| Rafmagn | 10.709 | 9.927 | 7.998 | 12.074 | -7,3% | -19,4% | 51,0% | 12,7% |
| Heitt og kalt vatn | 956 | 904 | 1.029 | 171 | -5,5% | 13,8% | -83,4% | -82,1% |
| Ýmis vörukaup | 7.382 | 8.938 | 7.972 | 7.525 | 21,1% | -10,8% | -5,6% | 1,9% |
| **Samtals vörukaup** | **19.047** | **19.768** | **16.998** | **19.769** | **3,8%** | **-14,0%** | **16,3%** | **3,8%** |
| Sími, fjarskiptaþjónusta og internetstenging | 507 | 704,69 | 1.110 | 2.667 | 39,0% | 57,5% | 140,3% | 426,0% |
| Verkfræði-og arkitektaþjónusta | 8.421 | 16.430 | 10.213 | 6.138 | 95,1% | -37,8% | -39,9% | -27,1% |
| Endursk.- og bókhaldsþjónusta | 217 | 374 | 139 | 318 | 72,3% | -62,8% | 128,5% | 46,7% |
| Tölvuþjónusta - hugbúnaður | 673 | 601 | **72** | 634 | -10,6% | -88,1% | 782,3% | -5,8% |
| Gámaleiga | 1.208 | 1.618 | 1.490 | 1.784 | 34,0% | -7,9% | 19,7% | 47,7% |
| Aðkeypt þjónusta, önnur | 21.744 | 18.789 | 23.064 | 26.644 | -13,6% | 22,8% | 15,5% | 22,5% |
| **Samtals þjónustukaup** | **32.770** | **38.517** | **36.088** | **38.186** | **17,5%** | **-6,3%** | **5,8%** | **16,5%** |
| Samtals skattar | 528 | 556 | 865 | 561 | 5,3% | 55,5% | -35,2% | 6,1% |
| Samtals fjármagnstekjur og gjöld | 3.620 | 3.243 | -8.732 | 5.024 | -10,4% | -369,2% | -157,5% | 38,8% |
| Samtals afskriftir | 12.917 | 12.733 | 15.473 | 18.359 | -1,4% | 21,5% | 18,7% | 42,1% |
| Samtals styrkir og aðrar færslur | 10 | 350 | 360 | 20 | 3400,0% | 2,9% | -94,4% | 100,0% |
| **Samtals gjöld** | **121.472** | **124.794** | **119.644** | **157.839** | **2,7%** | **-4,1%** | **31,9%** | **29,9%** |
| **Rekstrarniðurstaða samtals (gjöld - tekjur)** | **-62.681** | **-56.647** | **-48.516** | **-24.573** | **-9,6%** | **-14,4%** | **-49,3%** | **-60,8%** |
| Fjárhagsáætlun (fjárheimild) | -60.940 | -38.384 | -44.931 | -36.392 | -37,0% | 17,1% | -19,0% | -40,3% |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | 1.741 | 18.263 | 3.585 | -11.819 | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 50,3% | 44,9% | 44,1% | 46,5% | | | | |
| Álagsgreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaulnum | 37,3% | 34,5% | 34,9% | 30,5% | | | | |
| Stöðugildi | | 2,99 | 3,26 | 4,29 | | | | |
| Laun og launaatengd gjöld á hvert stöðugildi | | 16.578 | 17.949 | 17.710 | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 58 sýnir rekstraryfirlit yfir Skagafjarðarhafnir.

Öll árin skilaði höfnin afgangi. Rekstrarafgangurinn var 62,7 millj. kr. árið 2019 en hefur síðan farið lækkandi og var 24,6 millj. kr. árið 2022.

Það sem vekur athygli er að tekjur hafnarinnar hafa nokkurn veginn staðið í stað í krónum talið og á verðlagi hvers árs. Tekjurnar voru 184,2 millj. kr. árið 2019 en 182,4 millj. kr. árið 2022. Aflagjald var 96,5 millj. kr. árið 2019 en 73,1 millj. kr. árið 2022, eða lækkar um 23,4 millj. kr.

*Mynd 26: Landaður afli við höfnina á Sauðárkróki í tonnum*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 26 sýnir landaðan afla í tonnum við höfnina á Sauðárkróki árin 2012 til 2022.

Eins og myndin sýnir var aukning á lönduðum afla frá árinu 2014 til og með ársins 2019. Eftir það hefur landaður afli farið minnkandi. Mestur var aflinn árið 2019, eða 29.982 tonn. Samanborið að hann var 20.308 tonn árið 2022.

Þessi minnkun í lönduðum afla skýrir væntanlega af hverju aflagjöld hafa farið lækkandi frá árin 2019, sbr. hér að framan.

*Mynd 27: Landanir við höfnina á Sauðárkróki skipt eftir mánuðum árið 2022*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 27 sýnir fjölda landana við höfnina á Sauðárkróki árið 2022 skipt niður á mánuði.

Fæstar voru landanir í desember, eða 10. Flestar voru landanirnar í júní, eða 118.

Landanir samtals í janúar til apríl voru 152, eða 22,9% af löndunum samtals allt árið. Landanir í maí til ágúst voru samtals 409, eða 61,5% af öllum löndunum ársins. Síðan voru landanir í september til desember samtals 104, eða 15,6% af löndunum ársins.

Þannig má ljóst vera að landanir yfir sumarmánuðina eru mun meiri en yfir vetramánuðina.

*Mynd 28: Landanir við höfnin á Sauðárkróki skipt eftir vikudögum og mánuðum árið 2022*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 28 sýnir landanir við höfnina á Sauðárkróki árið 2022 skipt eftir vikudögum, janúar til apríl, maí til ágúst og september til desember.

Landanir á fyrst ársfjórðungi voru flestar á miðvikudögum eða 31. Á þriðjudögum og föstudögum voru þær fæstar miðað við virka daga, eða 20. Yfir sumarmánuðina (maí til ágúst) voru landanir fæstar á föstudögum, eða 37. Þær voru flestar á mánudögum, eða 94. Á tímabilinu september til desember voru landanir fæstar á virkum dögum á föstudögum, eða 7. Þær voru flestar á mánudögum, eða 27.

*Mynd 29: Landanir við höfnina á Sauðárkróki skipt eftir klukkustundum allt árið 2022*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 29 sýnir fjölda landana á hverri klukkustund sólahringsins allt árið 2022, skipt eftir virkum dögum og helgum.

Eins og myndin sýnir voru landanir flestar á tímabilinu frá kl. 13:00 til 18:00 á virkum dögum miðað við allt árið. Með þeirri undantekningu að á milli kl. 10 og 11 voru landanir 65. Á þessu tímabili voru landanir samtals á virkum dögum 611, eða 92% af löndunum samtals. Miðað við að landanir um helgar voru 54, eða 8%.

Landanir eftir kl. 19:00 til kl. 8:00 næsta dag á virkum dögum voru samtals 10 og fjórar á sama tíma um helgar.

*Mynd 30: Landanir við höfnina á Sauðarkróki skipt eftir klukkustundum á tímabilinu janúar til apríl 2022*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 30 sýnir fjölda landana á hverri klukkustund samtals fyrir mánuðina janúar til apríl 2022. Annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Landanir voru flestar á virkum dögum á tímabilinu frá kl. 16:00 til kl. 17:00, eða samtals 23. Um helgar voru landanir flestar kl. 16:00 til 18:00, eða 20. Eftir kl. 18:00 voru landanir samtals á virkum dögum sex og um helgar tvær.

*Mynd 31: Landanir við höfnina á Sauðárkróki skipt eftir klukkustundum á tímabilinu maí til ágúst árið 2022*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 31 sýnir landanir á hverri klukkustund samtals fyrir tímabilið maí til ágúst, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar árið 2022.

Á tímabilinu kl. 13:00 til 18:00 voru landanir samtals 236 á virkum dögum af 390 löndunum samtals á virkum dögum, eða 61%. Um helgar á tímabilinu frá kl. 14:00 til 16:00 voru landanir samtals 12 af 19 löndunum um helgar, eða 63%.

Um helgar fyrir kl. 13:00 voru einungis tvær landanir.

*Mynd 32: Landanir við höfnina á Sauðárkróki skipt eftir klukkustundum á tímabilinu september til desember árið 2022*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 32 sýnir landanir á hverri klukkustund samtals fyrir tímabilið september til desember, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar árið 2022.

Flestar voru landanir á tímabilinu kl. 9:00 til 12:00 á virkum dögum, eða samtals 44 landanir af 98 löndunum á virkum dögum, sem er 45% af löndunum á virkum dögum á þessu tímabili. Um helgar voru landanir samtals sex.

*Mynd 33: Fjöldi landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2022 fyrir tímabilið janúar til  og með apríl, þ.e. vika 1 til 17*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 33 sýnir fjölda landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2022 fyrir tímabilið janúar til apríl.

Á þessu 17 vikna tímabili voru ekki landanir á laugardögum 11 sinnum.  Á sama hátt voru ekki landanir á 12 sunnudögum.  Þannig voru ekki útköll vegna löndunar 23 daga af 34 dögum samtals.

*Mynd 34: Fjöldi landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2022 fyrir tímabilið maí til og með ágúst, þ.e. viku 18 til viku 35*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 34 sýnir fjölda landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2022 fyrir tímabilið maí til og með ágúst.

Á þessu 18 vikna tímabili voru ekki landanir á 14 laugardögum og 10 sunnudögum. Þannig voru ekki útköll vegna löndunar 24 daga af 36 dögum samtals.

*Mynd 35: Fjöldi landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2022 fyrir tímabilið september til og með desember, þ.e. viku 36 til viku 52*




Heimild: Fiskistofa

Mynd 35 sýnir fjölda landana á laugardögum og sunnudögum í hverri viku árið 2022 fyrir tímabilið september til og með desember.

Á þessu 17 vikna tímabili voru landanir einungis tvisvar á laugardögum og ein löndun í hvort skipti. Á sunnudögum voru landanir þrjár einn sunnudag og ein í hvert sinn þrjá sunnudaga. Þannig voru ekki útköll vegna löndunar 28 daga af 34 dögum samtals.

Samantekið fyrir þessi þrjú tímabil voru ekki landanir við höfnina á Sauðárkróki í 75 daga af 104 dögum samtals allt árið, þ.e. laugardagar og sunnudagar í 52 vikur, eða sem hlutfall 72% af öllum laugardögum og sunnudögum ársins.

*Mynd 36: Komur frakt- og skemmtiferðaskipa*




Heimild: Skagafjarðarhöfn

Mynd 36 sýnir fjölda komu frakt- og skemmtiferðaskipa til Skagafjarðarhafnar.

Eins og fram kemur á myndinni hafa komur fraktskipa aukist nokkuð á tímabilinu. Skipakomurnar voru flestar 76 árið 2018. Síðan fækkar þeim á milli ára með undantekningu árið 2021, þegar þeim fjölgaði frá árinu á undan. Komur fraktskipa voru 65 árið 2022. Það ár komu fyrstu skemmtiferðaskipin. Þau voru fimm árið 2022. Þannig voru skipakomur af þessu tagi samtals 70 það ár.

Samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra komu 10 skemmtiferðaskip árið 2023 og hann áætlar að fraktskipin verði 76, sem er sami fjöldi og árið 2018, þegar þau voru flest á tímabilinu. Gangi þetta eftir verða skipakomur samtals 86 árið 2023, sem er nokkur fjölgun frá árunum á undan.

Ekki lágu fyrir tiltækar upplýsingar um komu- og brottfarartíma þessara skipa. Samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra eru skipin mikið að koma á kvöldin, nóttinni og um helgar.

## Skipulags- og byggingarfulltrúi

Hjá Skagafirði starfar skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi. Heyrir hvor um sig beint undir sveitarstjóra með vísan til stjórnskipurits Skagafjarðar frá 1. september 2012.

*Tafla 59: Fjöldi stöðugilda hjá skipulags- og byggingarfulltrúa*

| | 2020 | 2021 | 2022 | Mismunur 2022-2020 |
|---|---|---|---|---|
| 09090 Skipulags- og byggingarfulltrúi | 4,17 | 3,38 | 3,55 | -0,62 |

Heimild: Skagafjörður

Eins og fram kemur á töflunni voru stöðugildin árið 2020 samtals 4,17 en 3,55 árið 2022, eða fækkun um 0,62 stöðugildi. Undanfarin ár hafa verið um 3,5 stöðugildi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa en auk þess hafa verið viðbótarstörf í skönnun og skráningu teikninga.

*Tafla 60: Rekstraryfirlit skipulags- og byggingarfulltrúa í þúsundum króna*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Skipulags- og bygginganefnd | 3.701 | 4.482 | 4.271 | 4.679 | 21,1% | -4,7% | 9,6% | 26,4% | 979 |
| Skipulags og byggingasvið | 39.728 | 53.925 | 44.079 | 68.345 | 35,7% | -18,3% | 55,1% | 72,0% | 28.617 |
| Mælingar, skráning og kortagerð | 2.709 | 3.754 | 4.758 | 5.110 | 38,6% | 26,7% | 7,4% | 88,6% | 2.401 |
| Verndarsvæði í byggð | -5.551 | 207 | 0 | 0 | -103,7% | -100,0% | | -100,0% | 5.551 |
| Aðalskipulag | 17.250 | 23.175 | -8.213 | 6.697 | 34,3% | -135,4% | -181,5% | -61,2% | -10.554 |
| Deiliskipulag | 2.155 | 1.846 | 12.071 | 21.408 | -14,3% | 553,8% | 77,3% | 893,4% | 19.253 |
| Annar skipulagskostnaður | 0 | 0 | 0 | 2.054 | | | | | 2.054 |
| Lóðir og lendur | 1.021 | 828 | 1.040 | 1.043 | -18,9% | 25,6% | 0,3% | 2,2% | 22 |
| **SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL ALLS** | **61.012** | **88.217** | **58.005** | **109.335** | **44,6%** | **-34,2%** | **88,5%** | **79,2%** | **48.323** |
| Fjárhagsáætlun, fjárhiemild | 69.137 | 86.117 | 51.197 | 87.790 | 24,6% | -40,5% | 71,5% | 27,0% | 18.653 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | 8.125 | -2.099 | -6.808 | -21.545 | | | | | |
| Hlutfallslega umfram fjárhagsáætlun | | 2,4% | 13,3% | 24,5% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 60 sýnir rekstraryfirlit skipulags- og byggingarfulltrúa.

Eins og fram kemur á töflunni er rekstrarniðurstaðan ýmist að hækka eða lækka á milli ára. Kostnaðurinn var samtals 61 millj. kr. árið 2019 en 109 millj. kr. árið 2022, eða hækkun um 48 millj. kr. sem gerir hækkun um 79%.

Skipulags- og byggingarsvið hækkar um 72% og deiliskipulagið um 77%. Hins vegar lækkar kostnaður við aðalskipulag.

Rekstrargjöldin voru undir fjárheimildum árið 2019 en umfram heimildir árin 2020 til 2022. Árið 2022 var farið 25% fram úr fjárheimildum.

### Skipulagsfulltrúi

Næsti yfirmaður skipulagsfulltrúa er sveitarstjóri. Með skipulagsfulltrúa er starfsmaður í 50% starfshlutfalli á móti 50% starfshlutfalli hjá byggingarfulltrúa. Auk starfsmanns sem er í 50% starfshlutfalli sem innheimtufulltrúi á stjórnsýslu- og fjármálasviði. Hann starfar bæði fyrir skipulags- og byggingarfulltrúa. Hjá viðkomandi starfsmanni hafa verkefni við innheimtu hjá stjórnsýslu- og fjármálasviði verið í forgangi sem hefur komið niður á störfum starfsmannsins fyrir skipulags- og byggingarfulltrúa að sögn skipulagsfulltrúa. Jafnframt er starfsmaður í 50% starfi sem er tímabundið átaksverkefni í skönnun teikninga – þá að mestu leyti fyrir byggingarfulltrúa. Samantekið eru stöðugildin hjá skipulags- og byggingarfulltrúa sem hér segir:

1) Byggingarfulltrúi, 1,0 stöðugildi
2) Skipulagsfulltrúi, 1,0 stöðugildi
3) Starfsmaður skipulags- og byggingarfulltrúa, 1,0 stöðugildi (á að skiptast 50/50 á milli þeirra)
4) Starfsmaður í tímabundnu átaksverkefni við að skanna inn teikningar (95% teikningar frá byggingarfulltrúa)
5) Starfsmaður stjórnsýslu- og fjármálasviðs sem sér um að útbúa t.d. reikninga fyrir skipulags- og byggingarfulltrúa auk annara sérverkefna (á að skiptast 50% á stjórnsýslu- og fjármálasviði og 50% hjá skipulags- og byggingarfulltrúa, en er meira við verkefni hjá stjórnsýslu- og fjármálasviði)

Samtals eru 3,5 stöðugildi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Auk þess er tímabundið 0,55 stöðugildi við skönnun.

Skipulagsnefnd fundar að jafnaði aðra hverja viku. Á hverjum fundi eru tekin fyrir um 10-20 mál eftir umfangi þeirra. Umtalsverður tími fer í að undirbúa mál fyrir þessa fundi og síðan að ganga frá afgreiðslu erinda eftir fundi.

Nokkur tími fer í að svara fyrirspurnum varðandi t.d. sölu eigna, frágang lóðablaða, skipulagsvinnu (þá vinnsla deiliskipulags hjá einkaaðilum) o.s.frv. Rétt er að benda á að mögulegt á að vera með öflugri upplýsingagjöf á vefsjá hjá sveitarfélaginu að draga úr svona fyrirspurnum til skipulags- og byggingarfulltrúa. Þeir sem eru að leita upplýsinga gætu flett þeim upp sjálfir á vef sveitarfélagsins. Mörg sveitarfélög leggja áherslu á þetta fyrirkomulag.

Fram kom í máli skipulagsfulltrúa að verkefnum hjá skipulagsfulltrúa hafi verið að fjölga. Vegna þess hefur verið aukið álag og ekki hefur náðst fyllilega að ljúka afgreiðslu mála innan eðlilegra tímamarka.

*Mynd 37: Fjöldi mála í vinnslu hjá skipulagsfulltrúa*




Heimild: Skipulagsfulltrúi

Mynd 37 sýnir fjölda mála sem voru í vinnslu hjá skipulagsfulltrúa skv. skráðum málum í OneSystem.

Eins og þarna kemur fram voru málin 259 árið 2019 en 366 árið 2022, eða aukning um 41%.

*Tafla 61: Fjöldi funda hjá skipulagsnefnd skipt eftir árum og fjöldi mála sem tekin voru fyrir samtals ár hvert*

| Ár | Fjöldi funda | Fjöldi mála | Fjöldi mála að meðaltali á hverjum fundi |
|---|---|---|---|
| 2018 | 21 | 161 | 7,7 |
| 2019 | 26 | 183 | 7,0 |
| 2020 | 32 | 192 | 6,0 |
| 2021 | 26 | 206 | 7,9 |
| 2022 | 29 | 260 | 9,0 |

Heimild: Skipulagsfulltrúi

Tafla 61 sýnir fjölda funda hjá skipulagsnefnd, fjölda mála sem tekin voru fyrir ár hvert og meðalfjölda mála á hverjum fundi hvert ár.

Nokkuð hefur verið um mannabreytingar s.l. ár í embættum byggingar- og skipulagsfulltrúa sem hefur seinkað afgreiðslu mála og skapar nú aukið álag við afgreiðslu eldri mála samhliða nýjum málum.

Í samræmi við og á grundvelli skipulagslaga hefur verið aukin áhersla af hálfu sveitarstjórnar á aukna vinnu við skipulag sveitarfélagsins. Fram til þessa hefur vinna við deiliskipulag ekki haft forgang en nú er lögð áhersla á að deiliskipulag sé gert, að sögn skipulagsfulltrúa.

Þegar núverandi skiplagsfulltrúi kom til starfa 1. október 2021 var nýtt aðalskipulag fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð í auglýsingarferli fyrir árin 2020 til 2035. Eftir auglýsingarferli aðalskipulagsins hafa komið fram ágallar á skipulaginu eins og t.d. stækkun á nýju íbúðarhúsahverfi, vegna fjölda náma og staðsetningu þeirra o.s.frv. Skipulagstofnun neitaði að taka við leiðréttingum sem komu inn sem athugasemdir á auglýsingartíma á gildandi aðalskipulagi vegna þess að leiðréttingar voru of margar og lagði til að farið yrði í að auglýsa aðalskipulagið að nýju með tilheyrandi töfum.

Hins vegar var tekin ákvörðun um að gera það ekki með hliðsjón af því að það gæti tafið fyrir mikilvægum framkvæmdum í sveitarfélaginu, t.d. við Sauðárkrókshöfn. Í samráði við ráðgjafarfyrirtækið VSÓ var ákveðið að gera nokkrar aðalskipulagsbreytingar í áföngum í stað þess að auglýsa aðalskipulagið að nýju.

Þá ber einnig að líta til 35. gr. laga nr. 123/2010 um endurskoðun aðalskipulags, en ætla má að sveitarstjórn byggi á upplýsingum, mati og ráðgjöf skipulagsfulltrúa við ákvarðanatöku samkvæmt nefndri grein. Ný sveitarstjórn og einnig skipulagsnefnd tók til starfa fyrir tæpu ári og var þá ákveðið að endurskoða ákveðna þætti aðalskipulagsins á grundvelli ofangreindra laga.

Fyrir sameiningu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps var Akrahreppur kominn af stað með nýtt aðalskipulag fyrir Akrahrepp hjá Alta ráðgjafastofu. Auk þess að gera framangreindar breytingar á gildandi aðalskipulagi fyrir Skagafjörð þarf nú að bæta þeim hluta af sveitarfélaginu, sem áður var Akrahreppur, inn í aðalskipulagið fyrir Skagafjörð og samræma alla þætti. Þetta var ákvörðun nýrrar skipulagsnefndar og sveitarstjórnar eftir kosningarnar vorið 2022, að sögn skipulagsfulltrúa.

Vegna framangreindra aðalskipulagsbreytinga hefur vinna við nokkur deiliskipulög verið stöðvuð þar sem þau samræmast ekki gildandi aðalskipulagi. Stefnt er að því að auglýsa umrædd deiliskipulög samhliða aðalskipulagsbreytingum eftir því sem við verður komið.

VSÓ ráðgjöf hefur annast vinnu við aðalskipulag fyrir sveitarfélagið.

Almennt er vinna við deiliskipulög í sveitarfélaginu skammt á veg komin. Í gildi eru eftirfarandi deiliskipulög í Skagafirði:

- ✓ Gamli bærinn á Sauðárkróki (nýtt í vinnslu)
- ✓ Sauðárkrókshöfn (nýlegt)
- ✓ Leikskólinn Árkíll 2 (nýlegt)
- ✓ Nestún og Nestún norður (nýlegt), óveruleg breyting á deiliskipulagi í grenndarkynningu
- ✓ Deiliskipulag Ártorgs 1 og Skagfirðingabrautar 51 (Mjólkursamlagið), nýlega búið að uppfæra
- ✓ Freyjugata 25 – Nýlega búið að uppfæra
- ✓ Hesthúsasvæðið við Flæðagerði (nýlegt)
- ✓ Skíðasvæðið við Tindastól
- ✓ Hegranesþingstaðar í landi Garðs
- ✓ Deiliskipulag í landi Staðarhofs
- ✓ Deiliskipulag í landi Lækjar
- ✓ Deiliskipulag Laufsala í Viðvíkursveit
- ✓ Varmahlíð (gamalt og nær ekki yfir allt svæðið)
- ✓ Birkimelur í Varmahlíð (nú íbúðargata/nýlegt)
- ✓ Tengivirki Landsnets hjá Varmahlíð (nýlega uppfært)
- ✓ Deplar í Fljótum

Samkvæmt upplýsingum frá skipulagsfulltrúa voru 27 aðalskipulagsbreytingar í ferli og vinnslu hjá VSÓ þann 15. maí 2023. Auk þess voru 20 deiliskipulög í vinnslu á mismunandi stigum (allt frá lýsingu yfir í deiliskipulagstillögur í auglýsingu) og 10 sem eru á lista yfir skipulög sem er búið að gefa leyfi fyrir/fyrirliggjandi að þurfi að fara í.

Vegna þess hvað vantar mikið af deiliskipulögum innan sveitarfélagsins er nokkuð um grenndarkynningar vegna nýbygginga og mikið af fyrirspurnum frá byggingarfulltrúa sem byggir á 10. gr. laga nr. 160/2010 þegar skipulag er ekki í gildi eða ætla má að vafi sé um að umsótt framkvæmd samræmist skipulagi.

Ekki hefur verið gerð krafa um deiliskipulag á jörðum fyrir eina einstaka framkvæmd. Unnið hefur verið eftir þeirri reglu að leyfa eina staka framkvæmd ef hún samræmist t.d. þéttleika byggðar, byggðarmynstri, skerðir ekki útsýni nágranna og fleira, að sögn skipulagsfulltrúa.

Hjá sveitarfélaginu er nú lögð áhersla á að vinna við deiluskipulag fari fram. Með því minnka líkur á málarekstri vegna framkvæmda samræmist framkvæmdir skipulagsskilmálum. Aldrei er hjá því komist að skipulagsvinna og/eða einstakar framkvæmdir séu kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Einnig kunna að koma upp einkaréttarmál vegna ákvarðanatöku og/eða stjórnsýsluákvarðana. Mál sem þessi geta verið mjög tímafrek komi þau upp. Með því að hafa skipulagsmálin í lagi, þ.e. aðal- og deiliskipulag er komist hjá málaferlum og öðru slíku.

M.a. vegna skorts á gildandi deiliskipulagi hefur sveitarfélagið þurft að kaupa út lögfræðiaðstoð til að tryggja að allt sé rétt gert.

Mikið af ýmis konar fyrirspurnum berast skipulagsfulltrúa og mikill tími getur farið í að leita samráðs. Hverri fyrirspurn getur fylgt mikill kostnaður vegna mikillar vinnu. Upplýsingaskylda sveitarfélagsins leiðir til þess að skipulagsfulltrúa beri að upplýsa um ýmis mál, sem getur tekið tíma.

Í máli skipulagsfulltrúa kom fram að fyrir nokkrum árum á kynningarfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi stjórnsýslu og afgreiðslu mála benti umboðsmaður Alþingis á að skipulags- og byggingarfulltrúar þyrftu að hafa í huga að líta gæti þurft til um 50 lagabálka auk reglugerða og viðeigandi staðla varðandi einstök mál er þeir fjölluðu um.

Hér má nefna eftirfarandi lög og reglugerðir:

- ✓ Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997
- ✓ Skipulagslög nr. 123/2010
- ✓ Lög um mannvirki nr. 160/2010
- ✓ Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- ✓ Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- ✓ Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- ✓ Lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011
- ✓ Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- ✓ Byggingarreglugerð nr. 441/1998 með áorðnum breytingum
- ✓ Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- ✓ Lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018
- ✓ Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
- ✓ Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- ✓ Reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020 m. sbr.
- ✓ Reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021
- ✓ Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012
- ✓ Reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011

- ✓ Reglugerð um skipulags- og mannvirkjamál á öryggis- og varnarsvæðum nr. 736/2008
- ✓ Reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018
- ✓ Reglugerð um skipulagsgjald nr. 737/1997
- ✓ Jarðalög nr. 81/2004
- ✓ Lög um landamerki o.fl. nr. 41/1919
- ✓ Landskiptalög nr. 46/1941
- ✓ Lög um fjöleignahús nr. 26/1994
- ✓ Reglugerð um fjöleignahús nr. 910/2000
- ✓ Leiðbeiningar um minni vatnsaflsvirkjanir

Auk þessa er um að ræða ýmis leiðbeiningarblöð og staðla sem geta verið ígildi laga.

Formleg erindi sem berast skipulagsfulltrúa eru stofnuð í OneSystem. Öll erindi sem berast þarf að stofna í málaskrá. Að mati skipulagsfulltrúa er nauðsynlegt að koma upp sérstöku kerfi þar sem hægt væri að skrá allan tíma sem fer í einstök mál þannig að meðaltalstími sem fer í hvert mál liggi fyrir.

Einnig að augljóst sé hvað það séu mörg mál opin hverju sinni. Þannig að hægt væri að hafa góða yfirsýn yfir verkefnastöðuna hverju sinni.

Mikið er af skipulagsmálum í auglýsingu á hverjum tíma. Vegna þess koma athugasemdir sem þarf að taka saman, leggja til svör, leggja fyrir skipulagsnefnd og svo að lokum svara o.s.frv.

Eitthvað sem lítur út fyrir að vera einfalt út á við getur hafa reynst flókið og því fylgt mikil vinna.

Hjá skipulagsfulltrúa er mikið af ýmis konar upplýsingum. Vegna þess er beðið um ýmsar upplýsingar sem oft á tíðum tilheyra ekki beint verkefnum skipulagsfulltrúa. Sem dæmi má nefna riftun samninga lóðarleiguhafa vegna fyrirhugaðrar stækkunar námusvæðis sveitarfélagsins, mat á bótum sem greiddar hafa verið þar sem samningur um leigu var í gildi, landamerkjamál, lóðarréttindamál, þjóðlendumál o.s.frv.

Starfsmaður er tímabundið í hálfu starfi eins og nefnt var hér fyrir ofan, sem er að skanna inn teikningar og setja á vef sveitarfélagsins. Um er að ræða átaksverkefni við að koma byggingar- og skipulagsteikningum inn á gagnagrunn og vef sveitarfélagsins. Starfsmaðurinn er með menntun á þessu sviði.

Þetta átaksverkefni hefur staðið yfir í tæpt ár (miðað við apríl 2023). Áður var búið að skanna nokkuð af teikningum. Ljóst er að því meira af slíkum upplýsingum sem eru á vef sveitarfélagsins dregur það úr fyrirspurnum til skipulags- og byggingarfulltrúa. M.a. vegna þess er um þarft verkefni að ræða.

Vefsjáin hjá sveitarfélaginu með teikningum var virkjuð um s.l. áramót. Í febrúar s.l. (2023) var bætt við á vefsjá sveitarfélagsins þannig að hægt er að fletta upp lausum

byggingarlóðum í sveitarfélaginu. Unnið er að því að setja upp sérstaka tengingu þannig að hægt verði að reikna út áætluð gatnagerðargjöld.

Unnið er að því  að koma sem mestu af upplýsingum á vefinn og þannig virkja vefinn sem mest til sjálfsþjónustu fyrir íbúa og aðra í staðinn fyrir að fólk þurfi að hringja inn vegna upplýsingaöflunar nánast út af öllu eins og þetta hefur verið fram til þessa.

Með því að setja enn ítarlegri upplýsingar um byggingar- og skipulagsmál á vef sveitarfélagsins væri hægt að draga úr álagi hjá þeim. Nefna má eftirfarandi atriði:

- ✓ Leiðbeiningar um helstu erindi sem varða skipulagsfulltrúa / byggingarfulltrúa. Oft sem fólk reynir að ná í skipulagsfulltrúa vegna byggingarfulltrúa erinda og öfugt.
- ✓ Klára að setja upp reiknivélina fyrir lóðir sveitarfélagsins, fólk sjái allar upplýsingar um verð þegar yfirlit yfir lausar lóðir er skoðað
- ✓ Leiðbeiningar um hvernig deiliskipulagsferillinn er (skipulagslýsing – deiliskipulagstillaga – ef það koma inn ábendingar/athugasemdir og þarf að breyta/ ef engar athugasemdir koma – staðfesting deiliskipulags eftir yfirferð Skipulagsstofnunar – auglýsing í B-deild – hafa svo tengil inn á leiðbeiningarblöð Skipulagstofnunar
- ✓ Leiðbeiningar um Aðalskipulagsbreytingar – ef þarf að láta breyta hvernig er sótt um/hver er ferillinn
- ✓ Nýja Skipulagsgáttin hjá Skipulagsstofnun, eftir 1. júní eiga öll ný deili- og aðalskipulög að fara í gegnum gáttina ásamt framkvæmdaleyfum
- ✓ Hægt verður m.a. að kaupa „vöktun“ á ákveðin mál/svæði og svo framvegis

Að sögn skipulagsfulltrúa er staða verkefna hjá skipulags- og byggingarfulltrúa með þeim hætti að oftar en ekki virðist sem þessir starfsmenn standi frammi fyrir því að slökkva elda til þess að uppfylla að einhverju leyti lögboðnar skyldur þeirra og sveitarfélagsins. Með vísan til þessa er mikilvægt að lögð verði áhersla á að upplýsingagjöf á vef sveitarfélagsins sé sem best á hverjum tíma. Þannig að draga megi úr fyrirspurnum og vinnuálagi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Einnig kemur til greina að vera með fasta viðtals- og símatíma til að draga úr áreiti.

**Byggingarfulltrúi**

Byggingarfulltrúi er sjálfstætt stjórnsýsluvald og starfar á grundvelli laga um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012, svo og eftir öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum er byggingarmál varða.

Hlutverk byggingarfulltrúa er að tryggja að skipulags- og mannvirkjalögum, byggingarreglugerð,  og öðrum lögum, reglugerðum og stöðlum sem um byggingarmál fjalla sé framfylgt.

Byggingarfulltrúi annast útgáfu byggingarleyfa fyrir mannvirki sem staðsett eru í sveitarfélaginu Skagafirði. Leyfi eru veitt á grundvelli laga um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og öðrum lögum og reglugerðum sem fjalla um

mannvirki. Ber ábyrgð á daglegum rekstri, þ.m.t. starfsmannamálum og fjármálum. Ábyrgð á gerð starfs-, launa- og fjárhagsáætlunar og samþykkt reikninga f.h. embættis byggingarfulltrúa.

Næsti yfirmaður byggingarfulltrúa er sveitarstjóri, með vísan til stjórnskipurits Skagafjarðar frá 1. september 2012, sbr. hér að framan.

Helstu verkefni byggingarfulltrúa eru:

- ✓ Veita íbúum, ráðgjöfum, hönnuðum og byggingarverktökum leiðbeiningar og upplýsingar um byggingarmál
- ✓ Hafa umsjón með byggingarmálum, skráningum mannvirkja og meðferð þess málaflokks (byggingarleyfi, niðurrif, stöðuleyfi, breytt notkun á húsnæði o. fl.)
- ✓ Yfirferð hönnunargagna í tengslum við útgáfu byggingarleyfa
- ✓ Leita umsagna í tengslum við útgáfu byggingarleyfa. (Minjastofnun, Brunavarnir, Vinnu- og heilbrigðiseftirlit, skipulagsfulltrúi o.fl.)
- ✓ Veita umsagnir s.s. í tengslum við rekstrarleyfi o.fl. (sýslumaður o. fl.)
- ✓ Undirbúa afgreiðslufundi byggingarfulltrúa, stjórna þeim, gefa út byggingarleyfi og sinna annarri nauðsynlegri eftirfylgni
- ✓ Skráning gagna í skjalavistunarkerfi sveitarfélagsins, í rafræna byggingargátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar, sbr. lög um mannvirki nr. 160/2010 (ný mannvirkjagátt í vinnslu hjá HMS)
- ✓ Eftirfylgni úttekta og útgáfa vottorða og sjá til þess að hús og mannvirki séu byggð í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir
- ✓ Yfirferð, skráning og samþykkt eignaskiptayfirlýsinga (sbr. lög um fjöleignahús nr. 26/1994)
- ✓ Umsjón með fasteignaskráningu og tryggja að byggingarsaga sé skráð. (Lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001)
- ✓ Vinna að uppbyggingu gæðakerfis byggingarfulltrúa og trygga að starfshættir séu í samræmi við það
- ✓ Vinna við ýmis konar tilfallandi skýrslugerð sem tilheyrir ábyrgðarsviði byggingarfulltrúa
- ✓ Samskipti við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og ráðuneyti varðandi málefni er snúa að byggingarmálum, s.s. breytingar á lögum og reglugerðum
- ✓ Taka við og fylgja eftir athugasemdum og ábendingum frá íbúum vegna byggingarmála

Við afgreiðslu erinda hjá byggingarfulltrúa þarf að líta til ýmissa laga og reglugerða. Eftirfarandi er upptalning helstu laga og reglugerða sem byggingarfulltrúa ber að líta til við afgreiðslu mála:

- ✓ Upplýsingalög nr. 140/2012
- ✓ Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- ✓ Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og annarra laga og reglugerða sem reynir á starfið

- ✓ Skipulagslög nr. 123/2010
- ✓ Lög um menningarminjar nr. 80/2012
- ✓ Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015
- ✓ Lög um Mannvirki nr. 160/2010
- ✓ Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- ✓ Lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001
- ✓ Lög um brunavarnir nr. 75/2000
- ✓ Lög um fjöleignahús nr. 26/1994
- ✓ Reglugerð um eignaskiptayfirlýsingar nr. 910/2000
- ✓ Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980

Byggingarfulltrúi tekur erindi til endanlegrar afgreiðslu á afgreiðslufundum byggingarfulltrúa heimili samþykkt skipulag það. Mismunandi er hversu oft afgreiðslufundir eru haldnir en að jafnaði líða ekki meira en tvær til þrjár vikur á milli funda. Afgreiðslufundi situr auk byggingarfulltrúa aðstoðarmaður byggingarfulltrúa. Fundargerðir afgreiðslufunda fara að afloknum fundi á vefsíðu sveitarfélagsins. Fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa eru ekki teknar sérstaklega fyrir á fundum sveitarstjórnar, samanber *7. gr. laga um mannvirki.*

Með byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa starfar einn starfsmaður sem gert er ráð fyrir að starfi að jafnaði í 50% starfi með byggingarfulltrúa annars vegar og skipulagsfulltrúa hins vegar. Auk þess starfar með þeim sameiginlega starfsmaður í 50% starfi sem starfar einnig sem innheimtufulltrú í 50% stöðugildi á stjórnsýslu- og fjármálasviði. Fram kom að vegna anna í starfi innheimtufulltrúa nái starfsmaðurinn ekki að jafnaði að vinna upp í sitt starfshlutfall með skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa.

Auk þess starfar hjá byggingarfulltrúa starfsmaður í 55% tímabundnu sérverkefni við að skanna inn eldri byggingarteikningar til að gera þær aðgengilegar á kortasjá sveitarfélagsins.

Mikið álag hefur verið að undanförnu á embætti byggingarfulltrúa, m.a. vegna mannabreytinga, leyfa o.s.frv., að sögn byggingarfulltrúa. Störf byggingarfulltrúa eru yfirgripsmikil. Við afgreiðslu mála þarf yfirleitt að fara yfir mikið af lögum, reglugerðum, stöðlum, sbr. hér að framan, leita umsagna þegar við á o.s.frv. Þetta leiðir til þess að heilu dagarnir geta farið í afgreiðslu einstakra mála, að sögn byggingarfulltrúa. Ljóst er að ef ekki er farið rétt að öllu getur það kallað á kærur og dómsmál sem kemur fyrir. Þegar það gerist kallar það einnig á mikla yfirlegu.

Vegna mikils álags hafa sumarleyfi safnast upp þar sem ekki hefur verið hægt að taka þau og yfirvinna aukist. Þar sem sumarið er mesti framkvæmdatíminn getur það ekki gengið að aðeins sé einn starfsmaður að störfum til að sinna skipulags- og byggingarmálum vegna sumarleyfa annarra starfsmanna, að mati byggingarfulltrúa.

Byggingarfulltrúi telur að hvoru embætti fyrir sig, þ.e.a.s byggingar- og skipulagsfulltrúa, ætti að fylgja viðbótarstöðugildi, þ.e.a.s. tveir aðstoðarmenn í stað eins aðstoðarmanns sem skipt er á milli embættanna eins og nú er háttað. Það er sambærilegt og gert hefur verið t.d. í

Borgarbyggð sem starfsfólk Ráðhússins heimsótti síðastliðið vor. Þetta eru ekkert ósvipuð sveitarfélög landfræðilega með svipaðan íbúafjölda og samsetningu (landbúnaður, iðnaður og fleira), að sögn byggingarfulltrúa.

Í daglegum störfum sínum notast byggingarfulltrúi annars vegar við málakerfið OneSystem, sem heldur utan um öll gögn byggingarfulltrúa sem tilheyra stjórnsýslunni og hins vegar OneLandRobot þegar sótt er um byggingarleyfi. OneLandRobot er tengt við Mannvirkjagátt HMS og er hluti upplýsinga sendur rafrænt úr OneLandRobot í Mannvirkjagátt hjá HMS s.s. yfirferð hönnunargagna, úttektir byggingarfulltrúa og eigin úttektir byggingarstjóra.

Til að sækja um byggingarleyfi fer umsækjandi rafrænt inn á íbúagátt sveitarfélagsins. Fer þar inn undir umsóknir og fyllir þar út viðeigandi form vegna umsóknar og lætur þau viðhengi fylgja með sem tilheyra umsókninni, s.s. teikningar og annað slíkt. Málin stofnast sjálfkrafa inn í málakerfi/OneLandRobot. Byggingarfulltrúi yfirfer innsend gögn og sendir tölvupóst á umsækjanda ef það er eitthvað er sem upp á vantar. Byggingarfulltrúi fer yfir aðal- og séruppdrætti rafrænt í spjaldtölvu, þar sem notast er við gátlista HMS. Þegar yfirferð uppdrátta er lokið er gátlistinn sendur inn í málakerfið/OneLandRobot og berst hönnuði ýmist með eða án athugasemda sem bregðast þarf við ef svo ber undir. Samskipti fara fram að hluta til rafrænt s.s. í genum OneLandRobot og tölvupósta, einnig eru töluverð samskiptum við umsækjendur/hönnuði, bæði með símtölum og fundum sem óskað er eftir í tengslum við leyfisveitingar. Kerfið, OneLandRobot, er með beina tengingu við Mannvirkjagátt HMS.

Þegar uppdrættir eru athugasemdalausir er viðkomandi erindi tekið fyrir á næsta afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. Eins og áður hefur komið fram byrjar umsækjandi á að skila öllum gögnum rafrænt og síðan uppdráttum á pappír þegar þeir eru athugasemdalausir. Þegar búið er að stimpla og árita teikningar eru þær skannaðar og settar inn á vefinn. Starfsmaðurinn sem er í skönnun hjá byggingarfulltrúa við að skanna eldri gögn skannar jafnframt öll ný gögn jafnharðan. Ef unnið væri með rafrænar undirskriftir hjá byggingarfulltrúa má ætla að það einfaldaði að einhverju leyti áritun, og vistun gagna út á vefinn. Ætla má að slíkt minnkaði pappírsgögn að verulegu leyti og vinnu við þau gögn.

Sérstakt úttektarapp er fyrir byggingarstjóra sem er tengt OneLandRobot. Byggingarstjórar skrá eigin úttektir rafrænt í spjaldtölvu/onApp, þar sem notast er við gátlista HMS. Þegar byggingarstjóri hefur lokið úttekt sendist hún sjálfkrafa inn í málakerfið/OneLandRobot með tengingu í Mannvirkjagátt HMS.

Eins og áður hefur komið fram eru úttektir og yfirferð uppdrátta byggingarfulltrúa gerðar rafrænt í spjaldtölvu/onApp, þar sem notast er við gátlista HMS. Þegar byggingarfulltrúi hefur lokið úttekt (s.s. verk-, stöðu-, öryggis- og lokaúttekt) eða yfirferð uppdrátta sendist hún sjálfkrafa inn í málakerfið/OneLandRobot með tengingu í Mannvirkjagátt HMS.

Nokkur eftirfylgni hefur fylgt því hjá byggingarfulltrúa í sumum tilfella að fylgja því eftir við byggingarstjóra að úttektir séu framkvæmdar og séu að skila sér inn á OneLandRobot. Því miður þarf oftar en ekki að fylgja því eftir að byggingarstjórar setji inn þær lögbundnu

úttektir sem þeim ber að skila inn meðan á framkvæmdum stendur. Það á ekki einungis við hjá Skagafirði, heldur er þetta algengt vandamál á landsvísu, sem ætla má að gæti komið niður á gæðum viðkomandi bygginga. Að mati skýrsluhöfunda er hér um alvarlegt vandamál að ræða sem stjórnvöld á landsvísu verða að taka á og varanleg lausn finnast á. Full ástæða er til að beita sektarákvæðum sinni byggingarstjóri ekki úttektum eða sérstakir löggildir úttektaraðilar sinni úttektum. Spyrja má hvort eðlilegt sé að byggingarstjóri sinni sjálfur úttekt á eigin störfum?

Það hefur skapað nokkra vinnu bæði hjá byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa hversu takmarkað er til  af samþykktu deiliskipulagi í sveitarfélaginu. Ef deiliskipulagið liggur fyrir og byggingarleyfisumsókn uppfyllir skilyrði skv. samþykktu deiliskipulagi afgreiðir byggingarfulltrúi slíkar umsóknir. Ef það liggur ekki fyrir eða uppdrættir standast ekki byggingarskilmála  þarf byggingarfulltrúi að leita umsagnar skipulagsfulltrúa. Áður en skipulagsfulltrúi  getur veitt slíka umsögn getur þurft að fara fram grenndarkynning eða jafnvel að framkvæma vinnu við deiliskipulag og fá það samþykkt. Grenndarkynning og skipulagsvinna er alltaf tímafrek og hefur áhrif á leyfisveitingar byggingarleyfa.

## Fjölskyldusvið

Fjölskyldusvið samanstendur af þremur stoðum, félagsmálaþjónustu, þar með talin þjónusta við fatlað fólk, frístundaþjónustu og fræðsluþjónustu.

*Mynd 38: Skipurit fyrir fjölskyldusvið*



Mynd 38 sýnir skipurit fyrir fjölskyldusvið tekið saman af skýrsluhöfundum.

Eins og myndin sýnir er á sviðinu og heyra undir sviðsstjóra félagsmálastjóri, sem fer með félagsleg mál og þar með talin þjónusta við fatlað fólk, fræðslustjóri sem fer með fræðslu- og skólamál og frístundastjóri sem fer með frístunda- og tómstundamál. Auk þess heyrir sálfræðingur og sérfræðingur beint undir sviðsstjóra.

Eins og myndin sýnir heyra fimm starfsmenn  beint undir sviðsstjóra.

*Tafla 62: Fjöldi stöðugilda sem heyra undir fjölskyldusvið*

| | | | | Breyting, hlutfall | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2020 | 2021 | 2022 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2020 | 2022-2020 |
| 02-Félagsþjónusta | 71,77 | 76,60 | 82,27 | 6,7% | 7,4% | 14,6% | 10,51 |
| 04-Fræðslu- og skólaþjónusta | 205,99 | 214,02 | 220,04 | 3,9% | 2,8% | 6,8% | 14,05 |
| 06-Frístunda-, íþrótta- og tómstundaþjónusta | 31,46 | 30,35 | 29,61 | -3,5% | -2,4% | -5,9% | -1,85 |
| **Samtals** | **376,82** | **388,57** | **400,01** | **3,1%** | **2,9%** | **6,2%** | **23,20** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 62 sýnir fjölda stöðugilda sem tilheyra fjölskyldusviði.

Eins og taflan sýnir voru 400,01 stöðugildi sem tilheyrðu sviðinu á árinu 2022. Stöðugildin voru 376,82 árið 2020. Þannig fjölgaði um 23,2 stöðugildi á milli áranna 2020 og 2022, eða um 6,2%. Í félagsþjónustunni fjölgaði stöðugildunum um 10,5 en í fræðslu- og skólaþjónustu um 14,05. Það fækkaði um 1,85 í frístunda-, íþrótta- og tómstundaþjónustu.

*Tafla 63: Rekstraryfirlit vegna þjónustu sem heyrir undir fjölskyldusvið*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Félagsþjónusta alls | 875.302 | 963.259 | 1.004.131 | 1.125.265 | 10,0% | 4,2% | 12,1% | 28,6% | 249.963 |
| Fræðslu- og uppeldismál alls | 1.956.537 | 2.114.024 | 2.280.649 | 2.630.235 | 8,0% | 7,9% | 15,3% | 34,4% | 673.697 |
| Æskulýðs- og íþróttamál alls | 424.014 | 501.305 | 518.773 | 585.366 | 18,2% | 3,5% | 12,8% | 38,1% | 161.353 |
| **Samtals fjölskyldusvið** | **3.255.853** | **3.578.588** | **3.803.553** | **4.340.866** | **9,9%** | **6,3%** | **14,1%** | **33,3%** | **1.085.013** |
| Fjárhagsáætlu/fjárheimild | 3.228.291 | 3.549.328 | 3.824.219 | 4.254.442 | 9,9% | 7,7% | 11,2% | 31,8% | 1.026.151 |
| Fjárhagsáætlun - samtals fjölskyldusvið | -27.562 | -29.260 | 20.666 | -86.424 | | | | | |
| Hlultfall af fjárheimild | 0,9% | 0,8% | -0,5% | 2,0% | | | | | |

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 63 sýnir rekstraryfirlit fyrir þá þjónustu sem heyrir undir fjölskyldusvið.

Eins og fram kemur hækka gjöldin samtals um 33% á milli áranna 2019 og 2022, eða um 1.085 millj. kr. Á þessu tímabili hækkaði vísitala neysluverðs um 16,3% og launavístala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum um 33,9%. Það vekur athygli að útgjöldin hækka hlutfallslega meira vegna æskulýðs- og íþróttamála og fræðslu- og uppeldismála en vegna félagsþjónustu.

Gera má ráð fyrir að t.d. stytting vinnuvikunnar hafi meiri kostnaðaráhrif t.d. vegna þjónustu við fatlað fólk, sem eru undir félagsþjónustunni, og æskulýðs- og íþróttamála en vegna fræðslu- og uppeldismála þar sem stytting vinnuvikunnar er kostnaðarmeiri vegna vaktavinnufólks en hjá starfsmönnum sem vinna á reglubundnum dagvinnutíma.

Það vekur einnig athygli að útgjalda aukningin bæði vegna fræðslu- og uppeldismála og æskulýðs- og íþróttamála er hlutfallslega nokkru meiri en launa- og neysluverðsvísitalan hækkuðu á tímabilinu.

Á þessum árum stóðust útgjöldin nokkurn veginn fjárheimild áranna. Raunútgjöld voru 2% umfram fjárhagsáætlun (fjárheimildir) árið 2022. Hin árin var það innan við 1% nema árið 2021 en það ár voru rekstrargjöldin innan fjárheimilda.

**Félagsþjónusta og þjónusta við fatlað fólk**
Undir félagsþjónustuna heyrir öll félagsleg þjónusta hjá sveitarfélaginu, þ.m.t. þjónusta við fatlað fólk. Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag varðandi þjónustu við fatlað fólk annars vegar og barnavernd hins vegar.

Samstarfssveitarfélögin varðandi þjónustu við fatlað fólk eru: Skagafjörður, Húnabyggð, Húnaþing vestra, Skagaströnd og Skagabyggð.

Þann 1. janúar 2023 tók Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands til starfa. Þjónustan er samstarf sex sveitarfélaga á Norðurlandi. Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag í Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands og ber ábyrgð á barnavernd í nánu samstarfi við aðildarsveitarfélögin. Íbúar sem heyra undir þjónustuna eru 9.371, þar af 1.893 börn (2023).

Eftirfarandi sveitarfélög standa að Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands: Fjallabyggð, Húnabyggð, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Skagafjörður og Skagaströnd.

*Mynd 39: Skipurit vegna félagsþjónustu Skagafjarðar*




Mynd 39 sýnir skipurit fyrir félagsþjónustu Skagafjarðar tekið saman af skýrsluhöfundum. Eins og myndin sýnir er félagsmálastjóri næsti yfirmaður 11 starfsmanna og að auki með ákvörðunarvald yfir sex starfsmönnum sem starfa við barnaverndarmál hjá samstarfsveitarfélögum og byggðasamlagi sem aðild eiga að Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands.

*Tafla 64: Fjöldi stöðugilda í félagsþjónustu hjá Skagafirði*

| | 2020 | 2021 | 2022 | Hlutfallsleg breyting 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2020 | Mismunur 2022-2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 02090 Félagsþjónusta | 2,00 | 2,32 | 2,17 | 15,8% | -6,5% | 8,3% | 0,17 |
| 02120 Liðveisla (yngri) | 0,10 | 0,13 | 0,01 | 40,8% | -90,1% | -86,1% | -0,08 |
| 02150 Heimaþjónusta | 3,54 | 3,60 | 3,71 | 1,6% | 3,2% | 4,8% | 0,17 |
| 02152 Liðveisla eldri | 0,06 | 0,09 | 0,15 | 52,8% | 64,4% | 151,3% | 0,09 |
| 02340 Barnavernd - tilsjón | 0,01 | 0,01 | 0,00 | 29,2% | -100,0% | -100,0% | -0,01 |
| 02400 Félagsmiðstöð á flakki | 0,01 | 0,00 | 0,00 | | | -100,0% | -0,01 |
| 02420 Dagdvöl aldraðra | 4,80 | 4,63 | 5,36 | -3,4% | 15,7% | 11,8% | 0,56 |
| 02505 Þjónusta við fatlað fólk | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,00 |
| 02559 Búsetukjarni | 16,56 | 18,90 | 20,32 | 14,1% | 7,5% | 22,7% | 3,75 |
| 02560 Heimili f.fatlað fólk - Fellstún 19 SAK | 11,03 | 10,49 | 10,79 | -4,8% | 2,8% | -2,2% | -0,24 |
| 02562 Heimili f.fatlað fólk-Skúlabr. BLS | 11,48 | 12,75 | 14,16 | 11,0% | 11,1% | 23,3% | 2,68 |
| 02563 Heimili f.fatlað fólk-Grundart. HVT | 6,85 | 7,06 | 8,29 | 3,0% | 17,4% | 20,9% | 1,43 |
| 02570 Skammtímadvöl-Grundarst. SAK | 5,76 | 6,40 | 7,09 | 11,1% | 10,9% | 23,2% | 1,34 |
| 02591 Iðja-hæfing SAK | 4,96 | 5,87 | 5,76 | 18,3% | -2,0% | 16,0% | 0,80 |
| 02592 Iðja - hæfing BLS | 0,97 | 0,49 | 0,50 | -49,3% | 2,1% | -48,3% | -0,47 |
| 02593 Iðja - hæfing HVT | 0,96 | 1,00 | 0,87 | 3,8% | -13,2% | -9,8% | -0,09 |
| 02595 Ráðgjöf við fatlað fólk SAK | 1,00 | 1,01 | 1,07 | 1,0% | 6,1% | 7,2% | 0,07 |
| 02596 Ráðgjöf við fatlað fólk BLS | 0,27 | 0,39 | 0,25 | 42,4% | -35,2% | -7,7% | -0,02 |
| 02597 Ráðgjöf við fatlað fólk HVT | 0,08 | 0,08 | 0,00 | 0,0% | -100,0% | -100,0% | -0,08 |
| 02660 Frekari liðveisla SAK | 0,33 | 0,38 | 0,78 | 15,3% | 104,7% | 136,0% | 0,45 |
| **Samtals** | **71,77** | **76,60** | **82,27** | **6,7%** | **7,4%** | **14,6%** | **10,51** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 64 sýnir fjölda stöðugilda í félagsþjónustu hjá sveitarfélaginu, þar með talið í þjónustu við fatlað fólk. Starfsmenn sem starfa á starfsstöðvum vegna þjónustu við fatlað fólk í samstarfssveitarfélögunum eru starfsmenn Skagafjarðar og því taldir hér með.

Á milli áranna 2020 og 2022 fjölgaði stöðugildum um 10,5 stöðugildi, eða um 14,6%. Hjá þeim þjónustuþáttum þar sem stöðugildum fjölgaði var fjölgunin samtals 11,51. Þar sem var fækkun stöðugilda var fækkunin samtals 1,0 stöðugildi.

Í þjónustu við fatlað fólk fjölgaði samtals um 9,61 stöðugildi. Vegna annarra þjónustuþátta var fjölgunin samtals 0,89 stöðugildi. Þannig má ljóst vera að fjölgunin á að mestu leyti við varðandi þjónustu við fatlað fólk. Þar hefur væntanlega stytting vinnuvikunnar haft nokkur áhrif.

## *Tafla 65: Rekstraryfirlit vegna félagsþjónustu Skagafjarðar*

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | Mismunur 2022-2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Félags- og tómstundanefnd | 1.156 | 1.132 | 1.374 | 1.330 | -2,0% | 21,4% | -3,2% | 15,0% | 174 |
| Félagsþjónusta | 33.046 | 36.263 | 41.201 | 43.096 | 9,7% | 13,6% | 4,6% | 30,4% | 10.050 |
| Fjárhagsaðstoð | 23.088 | 13.328 | 17.522 | 25.864 | -42,3% | 31,5% | 47,6% | 12,0% | 2.776 |
| Liðveisla (yngri en 18 ára)-02120 | 1.371 | 1.795 | 2.425 | 7.276 | 30,9% | 35,1% | 200,1% | 430,8% | 5.906 |
| Lengd viðvera fatl. grunnsk.barna-02125 | 9.614 | 10.369 | 4.819 | 9.056 | 7,9% | -53,5% | 87,9% | -5,8% | -558 |
| Félagsleg heimaþjónusta (Stuðningsþjónusta) | 28.726 | 26.310 | 30.814 | 45.429 | -8,4% | 17,1% | 47,4% | 58,1% | 16.703 |
| Liðveisla (eldri en 18 ára)02130 | 21.344 | 16.615 | 19.060 | 18.155 | -22,2% | 14,7% | -4,7% | -14,9% | -3.188 |
| NPA vegna barna | 3.093 | 2.517 | 0 | | -18,6% | -100,0% | | -100,0% | -3.093 |
| Stuðningsfjölskyldur - félagslegar | 0 | 1.132 | 387 | 584 | | -65,8% | 51,0% | | 584 |
| Sérstakur húsnæðisstuðningur | 12.896 | 25.888 | 25.374 | 24.284 | 100,7% | -2,0% | -4,3% | 88,3% | 11.388 |
| Akstur fyrir fatlað fólk | 13.084 | 14.134 | 15.004 | 16.078 | 8,0% | 6,2% | 7,2% | 22,9% | 2.994 |
| Niðurgreiðsla leikskóla- og tónl.sk.gjalda | 13.339 | 12.332 | 13.888 | 15.866 | -7,6% | 12,6% | 14,2% | 18,9% | 2.527 |
| Niðurgreiðslur vegna aldraðra og öryrkja | 4.305 | 4.024 | 3.406 | 4.952 | -6,5% | -15,4% | 45,4% | 15,0% | 647 |
| Niðurgr. aðgangur sundlauga | 3.962 | 3.476 | 5.347 | 5.490 | -12,3% | 53,8% | 2,7% | 38,6% | 1.528 |
| Barnaverndarnefnd | 2.254 | 2.163 | 2.692 | 2.655 | -4,0% | 24,5% | -1,4% | 17,8% | 401 |
| Barnavernd - Kostn. vegna vistunar utan heimilis | 9.051 | 7.324 | 11.192 | 12.609 | -19,1% | 52,8% | 12,7% | 39,3% | 3.558 |
| Barnavernd - Kostn. vegna fósturs utan heimilis | 11.040 | 12.209 | 12.264 | 6.270 | 10,6% | 0,5% | -48,9% | -43,2% | -4.769 |
| Barnavernd - Kostn.vegna úrræða á heimili | 1.573 | 322 | 389 | 655 | -79,5% | 20,6% | 68,4% | -58,4% | -918 |
| Barnavernd - Annað | 2.165 | 3.438 | 6.898 | 12.911 | 58,8% | 100,6% | 87,2% | 496,2% | 10.745 |
| Barnavernd - bakvakt | 5.874 | 5.947 | 6.609 | 7.807 | 1,3% | 11,1% | 18,1% | 32,9% | 1.933 |
| Félagsstarf aldraðra | 4.711 | 4.008 | 4.026 | 5.276 | -14,9% | 0,4% | 31,1% | 12,0% | 565 |
| Dagdvöl aldraðra | 25.476 | 25.022 | 26.878 | 40.756 | -1,8% | 7,4% | 51,6% | 60,0% | 15.280 |
| Þjónusta við fatlað fólk | -64.753 | -51.138 | -156.991 | -133.245 | -21,0% | 207,0% | -15,1% | 105,8% | -68.492 |
| Sameiginlegur kostnaður | 16.410 | 23.252 | 16.121 | 18.833 | 41,7% | -30,7% | 16,8% | 14,8% | 2.423 |
| Búsetukjarni | 0 | 130.081 | 210.447 | 246.782 | | 61,8% | 17,3% | | 246.782 |
| Heimili fyrir fatlað fólk - Fellstún 19 SAK | 95.826 | 105.379 | 118.849 | 127.538 | 10,0% | 12,8% | 7,3% | 33,1% | 31.712 |
| Heimili fyrir fatlað fólk - Fellstún 19b SAK | 24.552 | 11.229 | -712 | -367 | -54,3% | -106,3% | -48,5% | -101,5% | -24.918 |
| Heimili fyrir fatlað fólk - Skúlabraut 22 BLS | 115.485 | 137.557 | 172.692 | 182.180 | 19,1% | 25,5% | 5,5% | 57,8% | 66.695 |
| Heimili fyrir fatlað fólk - Grundartúni 10-12 HVT | 72.658 | 77.314 | 89.482 | 95.412 | 6,4% | 15,7% | 6,6% | 31,3% | 22.754 |
| Þjónustuíbúðir - Freyjugötu 18 | 48.288 | 16.669 | -1.624 | -12.174 | -65,5% | -109,7% | 649,7% | -125,2% | -60.462 |
| Búsetuúrræði - Kleifatún 17-25 SAK | 93.372 | 40.923 | 10.869 | 11.199 | -56,2% | -73,4% | 3,0% | -88,0% | -82.173 |
| Þjónustuíbúð - Skúlabraut 8 BLS | 12.654 | 13.493 | 14.338 | 16.061 | 6,6% | 6,3% | 12,0% | 26,9% | 3.407 |
| Skammtímadvöl - Grundarstígur 22 SAK | 63.315 | 69.387 | 86.357 | 101.445 | 9,6% | 24,5% | 17,5% | 60,2% | 38.130 |
| Iðja - hæfing SAK | 43.258 | 44.826 | 57.626 | 63.199 | 3,6% | 28,6% | 9,7% | 46,1% | 19.941 |
| Iðja - hæfing BLS | 10.394 | 10.230 | 4.839 | 4.505 | -1,6% | -52,7% | -6,9% | -56,7% | -5.889 |
| Iðja - hæfing HVT | 8.158 | 8.605 | 8.830 | 9.146 | 5,5% | 2,6% | 3,6% | 12,1% | 989 |
| Ráðgjöf við fatlaða SAK | 10.804 | 10.123 | 10.644 | 12.494 | -6,3% | 5,1% | 17,4% | 15,6% | 1.691 |
| Ráðgjöf við fatlaða BLS | 2.817 | 3.042 | 4.843 | 3.032 | 8,0% | 59,2% | -37,4% | 7,6% | 215 |
| Ráðgjöf við fatlaða HVT. | 1.164 | 916 | 2.756 | 2.754 | -21,3% | 200,7% | -0,1% | 136,7% | 1.591 |
| Búnaðarsjóður | 1.804 | 1.303 | 3.122 | 1.519 | -27,7% | 139,5% | -51,3% | -15,8% | -285 |
| Stuðningsfjölskyldur SAK | 36.010 | 26.535 | 7.062 | 6.552 | -26,3% | -73,4% | -7,2% | -81,8% | -29.458 |
| Stuðningsfjölskyldur BLS | 1.350 | 1.493 | 2.157 | 2.100 | 10,6% | 44,5% | -2,6% | 55,6% | 751 |
| Stuðningsfjölskyldur HVT | 1.755 | 1.811 | 2.376 | 4.239 | 3,2% | 31,2% | 78,4% | 141,5% | 2.484 |
| Frekari liðveisla SAK | 45.693 | 43.472 | 76.949 | 46.899 | -4,9% | 77,0% | -39,1% | 2,6% | 1.206 |
| Frekari liðveisla BLS | 0 | 117 | 0 | 0 | | | | | 0 |
| Frekari liðveisla HVT. | 2.509 | 6.385 | 10.949 | 7.979 | 154,4% | 71,5% | -27,1% | 218,0% | 5.470 |
| Orlofssjóður húsmæðra | 456 | 472 | 492 | 549 | 3,5% | 4,3% | 11,6% | 20,5% | 93 |
| Ýmsir styrkir og framlög | 157 | 36 | 92 | 231 | -77,1% | 155,6% | 151,1% | 47,2% | 74 |
| **FÉLAGSÞJÓNUSTA ALLS** | **875.302** | **963.259** | **1.004.131** | **1.125.265** | **10,0%** | **4,2%** | **12,1%** | **28,6%** | **249.963** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 860.925 | 975.393 | 1.014.637 | 1.091.044 | 13,3% | 4,0% | 7,5% | 26,7% | 230.119 |
| Fjárhagsáætlun - félagsþjónusta alls | -14.377 | 12.134 | 10.505 | -34.221 | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 65 sýnir rekstrargjöld félagsþjónustunnar.

Rekstrargjöld félagsþjónustunnar voru 875 millj. kr. árið 2019 en 1.125 millj. kr. árið 2022, sem er hækkun um 250 millj. kr. á verðlagi hvors árs, eða aukning um 28,6%.

Stuðningsþjónusta fer úr 28.726 þús. kr. árið 2019 í 45.429 þús. kr. árið 2022, sem er hækkun um 16.703 þús. kr., eða um 58%.

Sérstakur húsnæðisstuðningur fer úr 12.896 þús. kr. árið 2019 í 24.284 þús. kr. árið 2022, eða hækkun um 11.388 þús. kr., eða um 88%.

Kostnaður vegna barnaverndarmála önnur en laun starfsmanna fer úr 31.957 þús. kr. árið 2019 í 42.908 þús. kr. árið 2022, sem er hækkun um 10.951 þús. kr., eða 34%.

*Tafla 66: Rekstraryfirlit dagdvalar*

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | Mismunur 2022-2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dagvistunargjöld | -4.095 | -3.518 | -3.942 | -3.859 | -14,1% | 12,0% | -2,1% | -5,7% | 235 |
| Hlutdeild Akrahrepps | -4.391 | -4.283 | -5.194 | -2.261 | -2,5% | 21,3% | -56,5% | -48,5% | 2.131 |
| IF - Þjónusta | | | | -6.824 | | | | | -6.824 |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | -15.131 | -16.604 | -17.128 | -15.842 | 9,7% | 3,2% | -7,5% | 4,7% | -711 |
| Styrkir/Framlög | -1.469 | -1.546 | -1.647 | -1.740 | 5,2% | 6,5% | 5,6% | 18,4% | -270 |
| **Tekjur samtals** | **-25.087** | **-25.951** | **-27.911** | **-30.526** | **3,4%** | **7,6%** | **9,4%** | **21,7%** | **-5.439** |
| Mánaðarlaun | 24.821 | 26.930 | 28.469 | 37.188 | 8,5% | 5,7% | 30,6% | 49,8% | 12.367 |
| Yfirvinna | 2.056 | 1.548 | 1.724 | 2.083 | -24,7% | 11,4% | 20,8% | 1,3% | 27 |
| Áfallið orlof | 248 | 399 | 31 | 1.071 | 61,0% | -92,2% | 3362,9% | 332,3% | 823 |
| Launatengd gjöld | 6.499 | 7.081 | 7.435 | 9.606 | 9,0% | 5,0% | 29,2% | 47,8% | 3.107 |
| Matarkostnaður starfsmanna | 1.150 | 969 | 1.227 | 1.116 | -15,7% | 26,6% | -9,1% | -3,0% | -35 |
| Annar starfsmannakostnaður | 21 | 100 | 30 | 791 | 370,5% | -70,2% | 2549,8% | 3617,8% | 769 |
| **Launagjöld samtals** | **34.795** | **37.027** | **38.917** | **51.854** | **6,4%** | **5,1%** | **33,2%** | **49,0%** | **17.059** |
| Matvæli | 3.633 | 2.829 | 3.741 | 3.703 | -22,1% | 32,2% | -1,0% | 1,9% | 69 |
| Önnur vörukaup | 836 | 1.495 | 704 | 761 | 78,8% | -52,9% | 8,1% | -9,0% | -76 |
| **Vörukaup samtals** | **4.470** | **4.324** | **4.444** | **4.463** | **-3,2%** | **2,8%** | **0,4%** | **-0,1%** | **-6** |
| Hópferðabifreiðar | 8.487 | 7.063 | 8.723 | 9.497 | -16,8% | 23,5% | 8,9% | 11,9% | 1.010 |
| Húsaleiga - án. vsk. | 1.469 | 1.503 | 1.896 | 2.273 | 2,3% | 26,1% | 19,9% | 54,7% | 804 |
| Önnur þjónustukaup | 1.309 | 1.027 | 777 | 1.788 | -21,5% | -24,4% | 130,3% | 36,6% | 479 |
| **Þjónustukaup samtals** | **11.266** | **9.593** | **11.396** | **13.558** | **-14,8%** | **18,8%** | **19,0%** | **20,4%** | **2.293** |
| Hlutdeild í sameiginlegum kosntaði og færslugjöld | 33 | 28 | 32 | 1407,123 | -15,9% | 16,1% | 4251,0% | 4145,1% | 1.374 |
| **Göld samtals** | **50.563** | **50.973** | **54.789** | **71.282** | **0,8%** | **7,5%** | **30,1%** | **41,0%** | **20.719** |
| **Rekstrarniðurstða** | **25.476** | **25.022** | **26.878** | **40.756** | **-1,8%** | **7,4%** | **51,6%** | **60,0%** | **15.280** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 25.212 | 27.662 | 32.529 | 42.998 | 9,7% | 17,6% | 32,2% | 70,5% | 17.786 |
| Fjárhagsáætlun -- rekstrarniðurstaða | -264 | 2.640 | 5.652 | 2.242 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 8,3% | 5,7% | 6,1% | 5,6% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Dagdvöl aldraðra fer úr 25.476 þús. kr. árið 2019 í 40.756 þús. kr. árið 2022, sem er aukning um 15.280 þús. kr., eða 60%. Hér er um niðurgreiðslu á þjónustu að ræða sem ríkissjóður á að sjá um skv. lögum um málefni aldraðra.

Árið 2022 voru rekstrargjöld samtals vegna dagdvalar 71.282 þús. kr. Á móti komu endurgreiðslur frá ríkinu að fjárhæð 18.842 þús. kr., eða sem nemur 22% af gjöldunum. Það vekur athygli að endurgreiðslur frá ríkinu eru nánast óbreyttar á milli áranna 2019 og 2022.

Heimild er fyrir 11 dagdvalarrými sem greiðslur berast þá til frá Sjúkratryggingum.

**Félagsmálastjóri**

Næsti yfirmaður félagsmálastjóra er sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Almenn félagsþjónusta (3 starfsmenn þar af 2 í barnavernd):

- Tveir starfsmenn eru í barnavernd og einn í almennri félagsráðgjöf svo sem fjárhagsaðstoð og húsnæðismálum. Allir starfsmennirnir þrír koma að almennri félagsráðgjöf.
- Fjárhagsaðstoð er framkvæmd í gegnum navison.
- Síðan ef greiddir eru styrkir fer það í gegnum innheimtufulltrúa. Hann fær greiðslubeiðni um að greiða út. Fjármálastjóri kemur að því að greiða út fjárhagsaðstoð til framfærslu sem er greidd sem laun.

*Mynd 40: Árleg fjárhagsaðstoð í þúsundum króna*




Heimild: Skagafjörður

Mynd 40 sýnir greidda fjárhagsaðstoð á verðlagi hvers ár í þúsundum króna.

Hæstar voru greiðslurnar 2014, eða 30,5 millj. kr.  Árið 2022 nam fjárhagsaðstoðin 19,9 millj. kr.

Barnavernd:

- Samstarf Norðurlands vestra og Fjallabyggðar – hófst 1. janúar 2023. Undirbúningur fór fram í nóvember og desember 2022
- Stór og viðamikill málaflokkur þvert á sveitarfélög
- Mikill innleiðingarfasi
- Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag
- Skagafjörður er fyrsta sveitarfélagið sem er búið að klára virkni og gera samning vegna barnaverndarmála, horft er til Skagafjarðar með innleiðingu og virkni samstarfs
- Eru með fagráð skv. samningi, sem kemur að innleiðingunni.
    - Húnaþing vestra (Hvammstangi)
    - Fjallabyggð (Siglufjörður og Ólafsfjörður)
    - Byggðasamlag Austur-Húnavatnssýslu (3 sveitarfélög: Húnabyggð, Skagabyggð og Skagaströnd.
    - Á hverju félagsþjónustusvæði er einn félagsmálastjóri og einn í barnavernd nema Skagafirði þar sem eru tveir, sbr. hér að framan.
- Það hafa ekki verið gerðar neinar breytingar hjá Skagafirði síðan þetta verkefni kom inn á borð félagsmálastjóra.
- Samningur og viðauki/samþykkt – hver ber ábyrgð á öllum ákvörðunum sem eru teknar? Hver tekur ákvarðanir í umboði félagsmálastjóra ef hann er ekki til staðar?
- Samningurinn er mjög íþyngjandi fyrir félagsmálastjóra

- Meðferðarfundir einu sinni í viku á teams. Þá eru starfsmenn svæðanna á teams fundum og yfirmenn félagsþjónustunnar. Lúta boðvaldi Skagafjarðar skv. samningnum
- Tveir starfsmenn vinna að barnaverndarmálum hjá Skagafirði og undirbúa mál fyrir fundi. 80-90% af þeirra tíma fara í barnaverndarmál en þeir taka líka mál m.a. vegna fjárhagsaðstoðar
- Aðkeypt þjónusta í barnavernd frá Samskiptastöðinni. Félagsráðgjafi kemur þaðan einu sinni í mánuði, einn til tvo daga í senn. Greiðslur til Samskiptastöðvarinnar hafa verið sem hér segir:
-

| | **01.01 -26.5 2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Samskiptastöðin | 2.377.750 | 2.447.272 |
| Bíll og gisting | 150.000 | 360.000 |
| | 2.527.750 | 2.807.272 |

Þannig voru greiddar 2,8 millj. kr. árið 2022 og fram til 26. maí 2023 hafa verið greiddar 2,5 millj. kr.

- Annar bragur/og önnur vinnubrögð þegar verktaki vinnur mál. Taka stundum styttri tíma. Úthlutar oft „einfaldari“ málum til verktaka.

Virðist vera innbyggður tregi almennt í vinnslu barnaverndarmála til að loka barnaverndarmálum. T.d. getur verið komin stuðningsfjölskylda eða annar stuðningur. Í sumum tilvikum er verið að halda í stuðning við fjölskyldur áfram af hálfu barnaverndar. Í raun væri í sumum tilfellum hægt að loka málum fyrr í barnavernd og færa þau niður í félagsþjónustu á 1. og 2. stigi.

Málavog í barnavernd – var framkvæmt 2021. Þá kom í ljós að hægt var að ljúka fjölda mála. Höfðu starfsmann frá BOFS til að fara í þá vinnu og aðstoða við mat á því að loka málum.

Málavog gerir ráð fyrir 25-30 málum á ári pr. starfsmann.

*Mynd 41: Fjöldi tilkynninga barnaverndarmála, fjöldi opinna mála hjá fjölskyldum annars vegar og börnum hins vegar*




Heimild: Barna- og fjölskyldustofa

Mynd 41 sýnir fjölda tilkynninga í barnaverndarmálum, fjölda opinna mála hjá fjölskyldum og fjölda opinna mála hjá börnum hjá Barnaverndarnefnd Skagafjarðar, þ.e. vegna Skagafjarðar og Akrahrepps fyrir sameininguna.

Eins og fram kemur á myndinni eru börnin fleiri en fjölskyldurnar, er það vegna þess að í einstaka barnverndarmálum eru fleiri en eitt barn í fjölskyldu þar sem mál eru opin.

Á árinu 2021 voru 32 virk barnaverndarmál sem vörðuðu 25 fjölskyldur. Eins og fram kemur á myndinni fór virkum barnaverndarmálum fjölgandi á milli ára frá 2012 og fram til 2019 með nokkrum undantekningum. Frá árinu 2019 hefur virkum barnaverndarmálum fækkað. Flest voru virk barnaverndarmál árið 2019, eða 42.

Tilkynningum um barnaverndarmál hefur farið fjölgandi frá árinu 2014, þegar þær voru fæstar, eða 18, fram til ársins 2021, þegar þær voru flestar, eða 64.

Almenningur hringir í 112 ef upp koma barnaverndarmál í Skagafirði. Neyðarvaktin metur síðan hvort hún hringi í þann sem er með bakvaktarsímann hjá sveitarfélaginu. Almenningur getur ekki hringt í neyðarsíma barnaverndar þar sem hann er ekki gefinn upp til almennings.

Auk neyðarsímans getur lögreglan og Heilbrigðisstofnunin hringt beint í bakvaktarsíma neyðarvaktarinnar.

Bakvakt í barnaverndarmálum er alltaf utan reglubundins vinnutíma. Þrír starfsmenn auk fyrrverandi starfsmanns félagsþjónustunnar annast þessar bakvaktir. Eru með bakvaktarsíma eina viku í senn í Skagafirði. Bakvakt er allan sólahringinn alla daga ársins.

Skólastarfsfólk Skagafjarðar hringir beint í ráðhúsið og óskar eftir starfsmanni barnaverndar á dagvinnutíma ef upp koma barnaverndarmál.

Í hinum samstarfssveitarfélögunum eru viðkomandi félagsmálastjórar með bakvaktarsíma.

Eru að vinna að því að koma að hnapp á heimasíðum sveitarfélaganna þar sem hægt er að tilkynna barnaverndarmál.

Hefur óskað eftir því að einn starfsmaður verði gerður ábyrgur fyrir stjórnun barnaverndarmála – t.d. deildarstjórn í barnavernd.

*Tafla 67: Fjöldi útkalla vegna barnaverndarmála*

| **Tímabil** | **jan til 15.maí 2023** | **2022** | **2021** | **2020** | **2019** | **2018** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Útköll** | **10** | **46** | **36** | **36** | **38** | **vantar upplýsingar** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 67 sýnir fjölda útkalla vegna barnaverndarmála.

Utan reglubundins vinnutíma er bakvakt vegna barnaverndarmála. Eins og fram kemur í töflunni voru útköll á einu ári á þessu tímabili frá 36 upp í 46.

*Tafla 68: Fjöldi stöðugilda í barnaverndarmálum, fjöldi mála og barna árin 2019 og 2021*

| | 2019 | | | | | 2021 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | | | Fjöldi mála á stöðugildi | Hlutfall mál/börn | Fjöldi | | | Fjöldi mála á stöðugildi | Hlutfall mál/börn |
| | Stöðugildi | Mál | Börn | | | Stöðugildi | Mál | Börn | | |
| Suðurnesjabær og Vogar | 3 | 171 | 1.165 | 57,0 | 14,7% | 3,0 | 185 | 1.203 | 61,7 | 15,4% |
| Vestmannaeyjabær | 2,1 | 72 | 894 | 34,3 | 8,1% | 2,1 | 139 | 932 | 66,2 | 14,9% |
| Austur Húnvatnssýsla | 0,5 | 64 | 433 | 128,0 | 14,8% | 0,5 | 53 | 437 | 106,0 | 12,1% |
| Húnaþing vestra og Standir | 0,75 | 29 | 438 | 38,7 | 6,6% | 0,7 | 45 | 391 | 64,3 | 11,5% |
| Borgarbyggð og Dalabyggð | 1,5 | 95 | 980 | 63,3 | 9,7% | 1,8 | 125 | 1.123 | 69,4 | 11,1% |
| Árborg | 3,6 | 187 | 2.555 | 51,9 | 7,3% | 6,8 | 277 | 2.729 | 40,7 | 10,2% |
| Félgs- og barnaverndarnefnd Þingeyinga | 1,5 | 62 | 945 | 41,3 | 6,6% | 1,5 | 94 | 952 | 62,7 | 9,9% |
| Reykjanesbær | 6 | 374 | 4.371 | 62,3 | 8,6% | 8,0 | 438 | 4.666 | 54,8 | 9,4% |
| Kópavogur | 11,4 | 656 | 8.818 | 57,5 | 7,4% | 15,1 | 807 | 9.060 | 53,4 | 8,9% |
| Fjarðarbyggð | 2 | 120 | 1.230 | 60,0 | 9,8% | 2,5 | 104 | 1.190 | 41,6 | 8,7% |
| Grindavík | 1,6 | 51 | 917 | 31,9 | 5,6% | 3,5 | 81 | 928 | 23,1 | 8,7% |
| Hafnarfjörður | 10,71 | 595 | 7.337 | 55,6 | 8,1% | 9,7 | 604 | 7.212 | 62,3 | 8,4% |
| Múlaþing | 2,8 | 92 | 1.291 | 32,9 | 7,1% | 3,8 | 102 | 1.297 | 26,8 | 7,9% |
| Hornarfjörður | 0,5 | 27 | 450 | 54,0 | 6,0% | 0,5 | 36 | 462 | 72,0 | 7,8% |
| Samtals | 121,55 | 5.740 | 81.364 | 47,2 | 7,1% | 149,3 | 6.433 | 83.584 | 43,1 | 7,7% |
| Eyjafjörðru | 6,7 | 351 | 5.202 | 52,4 | 6,7% | 6,7 | 401 | 5.218 | 59,9 | 7,7% |
| Akraneskakupstaður | 3,6 | 211 | 2.014 | 58,6 | 10,5% | 3,7 | 148 | 1.943 | 40,0 | 7,6% |
| Árnesþing | 2 | 101 | 1.848 | 50,5 | 5,5% | 3,6 | 150 | 2.000 | 41,7 | 7,5% |
| Reykjavík | 45,3 | 1.738 | 27.042 | 38,4 | 6,4% | 54,0 | 1.910 | 27.800 | 35,4 | 6,9% |
| Norðanverðir Vestirðir | 2,29 | 117 | 1.086 | 51,1 | 10,8% | 2,6 | 68 | 1.029 | 26,2 | 6,6% |
| Rangárvalla- og V-Skaftafellsýsla | 2,4 | 71 | 987 | 29,6 | 7,2% | 1,8 | 63 | 1.029 | 35,0 | 6,1% |
| Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð | 1 | 43 | 787 | 43,0 | 5,5% | 2,0 | 46 | 779 | 23,0 | 5,9% |
| Garðabær | 2,5 | 216 | 4.221 | 86,4 | 5,1% | 4,0 | 249 | 4.590 | 62,3 | 5,4% |
| Mosfellsbær | 2,2 | 155 | 3.187 | 70,5 | 4,9% | 4,0 | 182 | 3.407 | 45,5 | 5,3% |
| Snæfellsnes | 1,5 | 33 | 884 | 22,0 | 3,7% | 1,5 | 40 | 855 | 26,7 | 4,7% |
| Seltjarnarnes | 2 | 49 | 1.075 | 24,5 | 4,6% | 3,5 | 51 | 1.102 | 14,6 | 4,6% |
| Skagafjörður | 1,5 | 48 | 926 | 32,0 | 5,2% | 1,8 | 32 | 966 | 17,8 | 3,3% |
| Versturbyggð og Tálknafjörður | 0,6 | 12 | 281 | 20,0 | 4,3% | 0,6 | 3 | 284 | 5,0 | 1,1% |

Heimild: Barnaverndarstofa

Tafla 68 sýnir fjölda stöðugilda vegna barnaverndarmála, fjöldi mála og barna samtals (0–18 ára) á viðkomandi þjónustusvæði/sveitarfélagi árin 2019 og 2021.

Eins og fram kemur í töflunni voru 7,1% barna af börnum samtals með virk mál hjá barnaverndarnefndum árið 2019 en 7,7% árið 2021. Til samanburðar var þetta hlutfall fyrir Skagafjörð 5,2% árið 2019 en 3,3% árið 2021. Þetta hlutfall var lægra hjá fimm barnaverndarnefndum miðað við landið allt árið 2019 en hjá Skagafirði. Árið 2021 var þetta hlutfall komið niður í 3,3% hjá Skagafirði. Hlutfallið var næstlægst árið 2021 hjá Skagafirði miðað við landið allt. Þetta vekur athygli og má spyrja hvað Skagafjörður sé að gera öðruvísi eða hvað sé öðruvísi hjá Skagafirði en öðrum sveitarfélögum.

Málefni aldraðra, einn starfsmaður.

- forstöðumaður í stuðnings- og stoðþjónustu – tók gildi 1. jan. sl.
- dagdvöl fyrir aldraða – leigja aðstöðu innan heilbrigðisstofnunar, nýta endurhæfingarhúsnæðið mjög vel. Sundlaug og líkamsrækt
- kaupa mat af heilbrigðisstofnuninni bæði fyrir dagdvöl og heimsendan mat
- eru með 11 pláss í dagdvöl / daggjöld greidd frá sjúkratryggingum / um 30 manns nýta sér þessa þjónustu
- notendur eiga rétt á akstri skv. samningi og verið er að sækja fólk um alla sveit
- voru að greiða með akstri um 30 millj. árið 2021
- eru að þjónusta heilabilaða en hafa aldrei fengið greiðslur skv. því

Málefni fatlaðra, sjö starfsmenn.

- ráðgjafaþroskaþjálfi í málefnum fatlaðs fólks
- forstöðumenn á hverri starfsstöð
    - fimm á Sauðárkróki
        - Iðja, Kleifartún, Fellstún, Skammtímadvöl, búsetuþjónusta (Fellstún, Kleifartún, Freyjugata)
    - einn á Hvammstanga og einn á Blönduósi
- Fundar með þessum stjórnendum einu sinni í mánuði þar sem farið er yfir mál og vinnslu og ýmislegt. Þetta eru staðfundir. Yfirleitt á Sauðárkróki
- Á milli þess eru teamsfundir
- Fundað er einu sinni í mánuði með ráðgjöfum á öllu svæðinu auk yfirmanna starfsstöðva og félagsþjónustu á svæðinu þar sem fjallað er um umsóknir og afgreiðslu þeirra

Almennt
Að mati félagsmálastjóra fer hann of mikið inn í handleiðslu og einstök mál vegna þess hversu margir heyra beint undir félagsmálastjóra. Kemur niður á stjórnun – minni tími til að sinna stjórnun.

Starfsfólk félagsmálastjóra hefur gott aðgengi að handleiðara – og hefur félagsmálastjóri lagt áherslu á það.

Skagafjörður var brautryðjandi í að sameina fræðslu-, frístunda- og félagsmál.

- finnst samþættingin ekki vera að virka sem skyldi innan stjórnendahópsins
- er við hlið fræðslustjóra en eru ekki í daglegum samskiptum
- hver stjórnandi að vinna fyrir sig (fræðslu-, félags- og frístundastjóri)
- bæði álag og stjórnun sem kemur í veg fyrir góða samvinnu

**Fræðslu- og skólaþjónusta**
Undir fræðslu- og skólaþjónustu heyra grunnskólarnir, leikskólarnir, tónlistarkskólinn og starfsmenn fræðsluþjónustu, sem starfa á fjölskyldusviði.

*Tafla 69: Fjöldi stöðugilda við fræðslu- og skólaþjónustu*

| | | | | Hlutfallsleg breyting | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2020 | 2021 | 2022 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2020 | 2022-2020 |
| 04090 Fræðslu- og skólaþjónusta | 5,27 | 5,22 | 5,59 | -1,0% | 7,1% | 5,9% | 0,31 |
| 04112 Ársalir | 51,79 | 56,97 | 58,43 | 10,0% | 2,6% | 12,8% | 6,64 |
| 04115 Tröllaborg | 11,01 | 11,54 | 12,64 | 4,8% | 9,5% | 14,8% | 1,63 |
| 04116 Birkilundur | 12,52 | 13,69 | 14,74 | 9,3% | 7,7% | 17,7% | 2,22 |
| 04212 Árskóli - Vinaliðaverkefni | 0,50 | 0,36 | 0,50 | -27,3% | 36,2% | -0,9% | -0,00 |
| 04213 Árskóli-KE og stjórnendur | 42,57 | 42,60 | 43,92 | 0,1% | 3,1% | 3,2% | 1,35 |
| 04213110 Árskóli-Almennir | 18,93 | 19,44 | 20,70 | 2,7% | 6,5% | 9,4% | 1,77 |
| 04213120 Árskóli - Þroskaþjálfar | 1,00 | 1,00 | 0,99 | 0,0% | -0,8% | -0,8% | -0,01 |
| 04213140 Árskóli-Námsráðgjafi | 0,63 | 0,50 | 0,01 | -20,0% | -97,7% | -98,2% | -0,61 |
| 04215 Grunnsk. austan Vatna-Kennarar | 11,42 | 12,24 | 12,86 | 7,2% | 5,0% | 12,6% | 1,44 |
| 04215110 Grunnsk. austan Vatna-Almennir | 7,86 | 8,08 | 7,43 | 2,8% | -8,0% | -5,4% | -0,43 |
| 04216 Varmahlíðarskóli-Kennarar | 16,43 | 16,08 | 16,12 | -2,2% | 0,3% | -1,9% | -0,31 |
| 04216110 Varmahlíðarskóli-Almennir | 12,47 | 12,26 | 12,72 | -1,7% | 3,8% | 2,1% | 0,26 |
| 04216120 Varmahlíðarskóli-Þroskaþjálfar | 0,63 | 0,85 | 0,85 | 33,6% | 0,4% | 34,1% | 0,22 |
| 04280 Árvist | 4,26 | 4,44 | 4,17 | 4,2% | -5,9% | -1,9% | -0,08 |
| 04510 Tónlistarskóli | 8,71 | 8,75 | 8,36 | 0,4% | -4,4% | -4,0% | -0,35 |
| **Samtals** | **205,99** | **214,02** | **220,04** | **3,9%** | **2,8%** | **6,8%** | **14,05** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 69 sýnir fjölda stöðugilda við fræðslu- og skólaþjónustu.

Eins og taflan sýnir voru 205,99 stöðugildi við fræðslu- og skólaþjónustu árið 2020 en 220,04 árið 2022, eða fjölgun um 14,05 stöðugildi, sem gerir 6,8%.

Þar sem var fjölgun var hún samtals 15,85 stöðugildi og þar sem var fækkun var hún samtals 1,80 stöðugildi, eða samtals fjölgun um 14,05 stöðugildi.

Mest var fjölgunin við leikskólann Ársali, eða um 6,64 stöðugildi.

*Tafla 70: Rekstraryfirlit fyrir fræðslu- og uppeldismál, í þúsundum króna*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Fræðslunefnd | 2.535 | 2.214 | 2.627 | 2.891 | -12,7% | 18,7% | 10,0% | 14,0% | 356 |
| Fræðslu- og skólaþjónusta | 86.976 | 74.501 | 73.346 | 84.186 | -14,3% | -1,6% | 14,8% | -3,2% | -2.790 |
| Ársalir | 371.605 | 415.590 | 478.380 | 548.921 | 11,8% | 15,1% | 14,7% | 47,7% | 177.315 |
| Tröllaborg | 65.362 | 91.689 | 103.137 | 122.908 | 40,3% | 12,5% | 19,2% | 88,0% | 57.545 |
| Birkilundur | 71.719 | 89.742 | 99.122 | 148.185 | 25,1% | 10,5% | 49,5% | 106,6% | 76.466 |
| Framlög til rekstrar leikskóla annarra | 12.681 | 9.702 | 6.080 | 10.075 | -23,5% | -37,3% | 65,7% | -20,6% | -2.607 |
| Dagvistun í heimahúsum | 11.969 | 9.508 | 7.624 | 5.582 | -20,6% | -19,8% | -26,8% | -53,4% | -6.387 |
| Vinaliðaverkefni | -55 | -5.118 | -7.038 | -2.610 | 9135,9% | 37,5% | -62,9% | 4610,5% | -2.555 |
| Árskóli | 717.205 | 767.677 | 817.568 | 880.299 | 7,0% | 6,5% | 7,7% | 22,7% | 163.094 |
| Grunnskólinn austan Vatna | 233.567 | 242.079 | 274.344 | 287.250 | 3,6% | 13,3% | 4,7% | 23,0% | 53.683 |
| Varmahlíðarskóli | 266.325 | 286.810 | 292.911 | 397.402 | 7,7% | 2,1% | 35,7% | 49,2% | 131.078 |
| Árvist | 25.495 | 30.007 | 29.769 | 29.044 | 17,7% | -0,8% | -2,4% | 13,9% | 3.549 |
| Frístund Varmahlíð | 0 | 24 | 0 | 119 | | -100,0% | | | 119 |
| Annar grunnskólakostnaður | 0 | 2.090 | 2.233 | 3.764 | | 6,8% | 68,6% | | 3.764 |
| Bóknámshús | 11.505 | 11.772 | 12.184 | 12.796 | 2,3% | 3,5% | 5,0% | 11,2% | 1.291 |
| Farskólinn og námsver á SAK | 3.433 | 4.544 | 4.140 | 4.717 | 32,4% | -8,9% | 14,0% | 37,4% | 1.284 |
| Tónlistarskóli Skagafjarðar | 76.074 | 81.195 | 84.115 | 94.019 | 6,7% | 3,6% | 11,8% | 23,6% | 17.945 |
| Umferðaskólinn Ungir vegfarendur | 140 | 0 | 107 | 100 | -100,0% | | -6,3% | -28,3% | -40 |
| Aðrir skólar og fræðslustarfsemi | | | 0 | 587 | | | | | 587 |
| **Fræðslu- og uppeldismál samtals** | **1.956.537** | **2.114.024** | **2.280.649** | **2.630.235** | **8,0%** | **7,9%** | **15,3%** | **34,4%** | **673.697** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 1.951.267 | 2.082.795 | 2.299.292 | 2.555.289 | 6,7% | 10,4% | 11,1% | 31,0% | 604.022 |
| Fjárhagsáætlun - fræðslu-og uppeldismál samtals | -5.270 | -31.229 | 18.643 | -74.945 | | | | | |
| Hlutfall af fjárhagsáætlun/fjárheimild | 0,3% | 1,5% | | 2,9% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Rekstrargjöld vegna fræðslu- og uppeldismála námu samtals 1.957 millj. kr. árið 2019 en 2.630 millj. kr. árið 2022, eða aukning um 674 millj. kr. sem gerir 34,4%.

Útgjöld vegna Ársala hækkuðu mest í krónum talið, eða um 177 millj. kr. Síðan hækkuðu gjöldin næst mest hjá Árskóla, eða um 163 millj. kr. og síðan hjá Varmahlíðaskóla, eða um 131 millj. króna. Samtals hækkuðu útgjöldin hjá þessum þremur rekstrareiningum um 471 millj. kr. á milli þessara ára.

*Tafla 71: Rekstraryfirlit fræðslu- og skólaþjónustu*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Hlutdeild Akrahrepps | -3.286 | -3.500 | -3.912 | -1.761 | 6,5% | 11,8% | -55,0% | -46,4% | 1.525 |
| IF - Þjónusta | -3.908 | -18.513 | -19.439 | -23.356 | 373,7% | 5,0% | 20,2% | 497,7% | -19.448 |
| Styrkir/Framlög | -162 | -810 | -600 | | 400,0% | -25,9% | -100,0% | -100,0% | 162 |
| Aðrar tekjur | -139 | | | | -100,0% | | | -100,0% | 139 |
| **Tekjur samtals** | **-7.494** | **-22.823** | **-23.951** | **-25.117** | **204,5%** | **4,9%** | **4,9%** | **235,1%** | **-17.622** |
| Mánaðarlaun | 56.330 | 52.929 | 51.971 | 57.924 | -6,0% | -1,8% | 11,5% | 2,8% | 1.594 |
| Yfirvinna | 2.435 | 2.272 | 2.791 | 3.547 | -6,7% | 22,9% | 27,1% | 45,7% | 1.112 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga Brú | 531 | 531 | 531 | 531 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Áfallið orlof | -499 | 99 | 182 | -757 | -119,8% | 84,2% | -515,0% | 51,7% | -258 |
| Fæðispeningar | | | | 36 | | | | | 36 |
| Launatengd gjöld | 14.424 | 13.400 | 13.108 | 14.862 | -7,1% | -2,2% | 13,4% | 3,0% | 437 |
| Kaffistofa starfsfólks | 32 | 41 | 26 | 108 | 25,9% | -35,3% | 309,1% | 233,3% | 76 |
| Matarkostnaður | 318 | 325 | 368 | 431 | 2,1% | 13,3% | 17,3% | 35,5% | 113 |
| Annað | -7.192 | | 30 | 2 | -100,0% | | -92,8% | -100,0% | 7.195 |
| **Samtals launagjöld** | **66.379** | **69.596** | **69.007** | **76.684** | **4,8%** | **-0,8%** | **11,1%** | **15,5%** | **10.306** |
| **Samtals vörukaup** | **852** | **883** | **1.199** | **745** | **3,7%** | **35,8%** | **-37,9%** | **-12,5%** | **-106** |
| Internettengingar oþh. | 164 | 202 | 82 | 501 | 22,9% | -59,6% | 514,3% | 205,2% | 337 |
| Skólaakstur | 840 | 840 | 1.507 | 461 | 0,0% | 79,4% | -69,4% | -45,1% | -379 |
| Hópferðabifreiðar | 857 | | | 1.177 | -100,0% | | | 37,4% | 320 |
| Ferðakostnaður | | 615 | 888 | 1.180 | | 44,5% | 32,9% | | 1.180 |
| Sálfræði- og sérfræðiþjónusta | 14.000 | 11.565 | 14.014 | 15.852 | -17,4% | 21,2% | 13,1% | 13,2% | 1.851 |
| IF - húsaleiga | 2.532 | 2.572 | 2.726 | 3.178 | 1,6% | 6,0% | 16,6% | 25,5% | 647 |
| IF - bílaleiga frá þjón.stöð | 966 | 654 | 553 | 806 | -32,3% | -15,3% | 45,6% | -16,6% | -160 |
| IF - Vinna tölvuumsjónarmanns | 90 | 135 | 139 | 113 | 50,0% | 2,8% | -18,9% | 25,0% | 23 |
| IF - önnur þjónusta | 1.550 | 1.807 | 1.944 | 2.462 | 16,5% | 7,6% | 26,7% | 58,8% | 912 |
| Ráðstefnur | 463 | 15 | 45 | 635 | -96,8% | 202,9% | 1299,7% | 37,3% | 173 |
| Önnur þjónustukaup | 4.400 | 7.053 | 3.385 | 1.641 | 60,3% | -52,0% | -51,5% | -62,7% | -2.760 |
| **Samtals þjónustukaup** | **25.862** | **25.457** | **25.283** | **28.006** | **-1,6%** | **-0,7%** | **10,8%** | **8,3%** | **2.144** |
| **Samtals fjármagnstekjur og gjöld** | **18** | **4** | **6** | **8** | **-78,7%** | **63,5%** | **32,2%** | **-54,0%** | **-10** |
| Hlutd. í sameiginl. kostn annara | | | | 1.761 | | | | | 1.761 |
| Ýmsir styrkir/framlög | 1.360 | 1.384 | 1.802 | 2.098 | 1,8% | 30,2% | 16,4% | 54,2% | 737 |
| **Samtals styrkir og aðrar færslur** | **1.360** | **1.384** | **1.802** | **3.859** | **1,8%** | **30,2%** | **114,1%** | **183,7%** | **2.498** |
| **Gjöld samtals** | **94.471** | **97.324** | **97.297** | **109.303** | **3,0%** | **0,0%** | **12,3%** | **15,7%** | **14.832** |
| Rekstrarniðurstaða | 86.976 | 74.501 | 73.346 | 84.186 | -14,3% | -1,6% | 14,8% | -3,2% | -2.790 |
| Fjárhagsáætlun, fjárheimild | 90.191 | 76.813 | 80.325 | 94.878 | -14,8% | 4,6% | 18,1% | 5,2% | 4.686 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | 3.215 | 2.312 | 6.979 | 10.692 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4,3% | 4,3% | 5,4% | 6,1% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 71 sýnir rekstraryfirlit fyrir fræðslu- og skólaþjónustu.

Eins og fram kemur á töflunni námu rekstrargjöldin 94,5 millj. kr. árið 2019 en 109,3 millj. kr. árið 2022, eða hækkun um 14,8 millj. kr., sem gerir 15,7%. Öll árin voru útgjöldin innan fjárheimilda.

## Fræðslustjóri

Næsti yfirmaður fræðslustjóra er sviðsstjóri fjölskyldusviðs. Undir fræðslustjóra heyra grunnskólarnir, leikskólarnir, tónlistarskólinn og starfsmenn fræðsluþjónustu, sem starfa á fjölskyldusviði.

Starfsmenn fræðsluþjónustu eru í dag (maí 2023) talmeinafræðingur, í 80% starfshlutfalli, uppeldis- og fjölskylduráðgjafi, í 100% starfshlutfalli. Í fræðsluþjónustu var einnig starfandi kennsluráðgjafi í 100% starfshlutfall. Ekki hefur tekist að ráða í starf kennsluráðgjafa undanfarin ár og hefur sú staða verið leyst að hluta til með kaupum á þjónustu frá Háskólanum á Akureyri. Heimild er til staðar að ráða í starf kennsluráðgjafa. Til viðbótar var starfandi ráðgjafi í fræðsluþjónustu í 50% starfshlutfalli þar til síðasta haust. Ekki hefur heldur tekist að ráða í þá stöðu. Fyrirhugað er að auglýsa eftir sameiginlegri stöðu tengiliðar í þágu farsældar barna og ráðgjafa, sem sinnt getur ráðgjöf á fyrsta stigi. Eins og staðan er í dag eru 2,8 stöðugildi ráðin við fræðsluþjónustu fjölskyldusviðs að meðtöldum fræðslustjóra og gert ráð fyrir einu til viðbótar í haust. Frá því að þetta var skrifað hefur verið gerð breyting á starfi talmeinafræðings. Gerður hefur verið verktakasamningur við talmeinafræðinginn þannig að hann starfar sem verktaki.

Með fræðsluþjónustunni starfar sálfræðingur sem heyrir undir sviðsstjóra en starfar að mestu leyti með fræðsluþjónustunni.

Talmeinafræðingurinn sem er í 80% starfshlutfalli hjá sveitarfélaginu hefur einnig starfað sem verktaki fyrir Sjúkratryggingar. Að mati fræðslustjóra starfar hann í 100% starfshlutfalli fyrir samfélagið í Skagafirði. Mesti hluti af starfi talmeinafræðingsins fer í ráðgjöf og greiningar en hann fær einnig til sín börn í þjálfun. Til skoðunar er að gera verktakasamning við talmeinafræðinginn til eins árs.

Til stendur að fara að auglýsa eftir tengilið/ráðgjafa í þágu farsældar barna. Nýttur verði hluti af því fjármagni sem úthlutað var til sveitarfélagsins vegna innleiðingar nýrra laga sem og fjármagn sem þegar hefur verið gert ráð fyrir vegna 50% ráðgjafastöðu í fræðsluþjónustu. Tengiliður/ráðgjafi mun starfa að mikli leyti úti í skólunum í samstarfi við skólana sem og starfsmenn fræðsluþjónustu.

Haldnir eru reglulega stjórnendafundir á fjölskyldusviðinu sem fræðslustjóri situr. Fundir á fjölskyldusviði eru tvisvar í viku. Fundunum er stýrt af sviðsstjóra fjölskyldusviðs og fundinn sitja sömuleiðis fræðslustjóri, félagsmálastjóri, frístundastjóri og fjármálasérfræðingur á fjölskyldsviði.

Fræðslustjóri situr og stýrir fundum ráðgjafateymis, sem haldnir eru tvisvar í mánuði. Þeir sem sitja fundina eru: uppeldis- og fjölskylduráðgjafi í fræðsluþjónustu, tveir barnaverndarstarfsmenn, ráðgjafaþroskaþjálfi í málefnum fatlaðra barna ásamt félagsmálastjóra. Sálfræðingur og talmeinafræðingur sitja einn fund í mánuði.

Fræðslustjóri heldur reglulega fundi með fræðsluþjónustu sviðsins. Fundað er að jafnaði mánaðarlega en annars eftir þörfum. Frístundastjóri ásamt verkefnastjóra frístunda sitja gjarnan þessa fundi.

Fræðslustjóri fundar mánaðarlega með skólastjórum grunn- og tónlistarskóla annars vegar og hins vegar stjórnendum leikskóla. Sömuleiðis eru haldnir sameiginlegir fundir með öllum stjórnendum ásamt fræðslu- og frístundaþjónustu tvisvar á ári.

Fram kom í máli fræðslustjóra að OneSystem virkaði vel en það forrit er notað hjá stjórnsýslu sveitarfélagsins. Gallinn væri hins vegar sá að skólarnir eru ekki að notast við þetta forrit við vistun gagna hjá sér á sama hátt og innan sveitarfélagsins. Þar sem skólarnir og stjórnsýslan eru ekki einn og sami skjalamyndari þá er ekki heimilt að vista gögn í sama grunni.

Skólarnir vinna fyrst og fremst  í Googleumhverfi og vista gögn í Google og Mentor. Einstaka aðilar innan hvers skóla hafa aðgang að OneSystem og vista þar sömuleiðis ákveðin gögn, sér í lagi greiningargögn einstakra nemenda og annað slíkt. Þess skal þó getið að það er ekki samræmi á milli skóla um vistun gagna í One.

Fræðslustjóri var upplýstur um að samtal um sameiginlega vistun væri hafið og mögulega yrði reglum breytt í þá veru að ólíkar stofnanir gætu vistað gögn í sama grunni og þar með deilt upplýsingum sem fræðslustjóri telur geta einfaldað allt upplýsingastreymi til muna.

Tölvuumsjónarmaður sveitarfélagsins hefur þjónustað allar stofnanir sveitarfélagsins, leik- og grunnskólar eru þar meðtaldir. Þar sem um er að ræða margar stofnanir sveitarfélagsins og mikil umsvif innan skólanna hvað tækni varðar, bæði hjá starfsmönnum og nemendum, hefur tölvuumsjónarmaður sinnt skólunum að litlu leyti. Skólarnir eru því með aðila innan viðkomandi skóla sem sinnir þessu hlutverki. Að mati fræðslustjóra dregur þetta fyrirkomulag úr samræmingu kerfa innan stofnana og flækir gjarnan málin.

Í Skagafirði eru þrír grunnskólar, Árskóli, Grunnskólinn austan Vatna og Varmahlíðarskóli. Grunnskólinn austan Vatna er starfræktur á tveimur stöðum, á Hofsósi og að Hólum.

Við skólana er boðið upp á lengda viðveru eða heilsdagsskóla.
Starfstími skólanna í Skagafirði er alls staðar 9½ mánuður.
Þeir hefja starfið upp úr 20. ágúst og skólaslit eru víðast í lok maí eða byrjun júní ár hvert.

Árvist er heildagsskóli sem heyrir undir Árskóla og er ætlaður börnum í 1. og 2. bekk. Nemendur í 3. og 4. bekk eiga kost á að vera í Húsi frítímans eftir að skóla lýkur á daginn. Sömuleiðis er rekinn heilsdagsskóli/frístund í Varmahlíðarskóla fyrir 1. – 4. bekk. Í Grunnskólanum austan Vatna er einungis um gæslu að ræða þegar brúa þarf bil fyrir yngri nemendur þar til skólabíllinn ekur þeim heim í lok dags. Líklegt er að þetta fyrirkomulag þurfi að  fara að endurhugsa að sögn fræðslustjóra, eins og staðan er í dag þá er hvorki aðstaða né starfsfólk til staðar, þ.e. aðrir en skólaliðar, sem sinna þessu hlutverki.

Skagafjörður rekur þrjá leikskóla og þar dvelja um 270 börn á aldrinum 1 – 6 ára. Allir leikskólarnir byggja starf sitt á lögum um leikskóla, reglugerð og Aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi frá og með júlí 1999. Hver skóli fer þó sína leið að settum markmiðum. Leikskólarnir nota flestir valkerfi sem ramma utan um frjálsa leikinn og flestir vinna með ákveðið þema í lengri eða skemmri tíma.

Leikskólinn Ársalir er á Sauðárkróki, leikskólinn Birkilundur er í Varmahlíð og leikskólinn Tröllaborg er rekinn á tveimur starfsstöðvum, þ.e. á Hofsósi, Barnaborg, og Hólum, Brúsabær.

Tekin hefur verið ákvörðun um að vera með kennslu fyrir yngsta stig grunnskólans, þ.e. fyrsta til fjórða bekk á Hólum veturinn 2023/2024. Gert er ráð fyrir að nemendur verði allt að 15 næsta vetur á Hólum.

Fram til þessa hefur verið erfitt að manna Grunnskólann austan Vatna og sér í lagi þetta skólaár (2022/2023).

Fræðslustjóri er um þessar mundir að taka starfsþróunarsamtöl (apríl 2023) við stjórnendur sem heyra undir fræðsluþjónustu. Í viðtölunum hefur komið fram að almenn ánægja er með samstarf við fræðsluþjónustuna. Starfsþróunarsamtöl eru formleg viðtöl sem tekin eru einu sinni á ári við skólastjórnendur og starfsmenn fræðsluþjónustu. Fræðslustjóri ræðir við hvern starfsmann fyrir sig.

Erfiðlega hefur gengið að innleiða Vinnustund í skólunum. Vegna þess hefur fræðslustjóri fengið athugasemdir frá launadeild um að starfsmenn skólanna séu ekki að skrá sig rétt inn í Vinnustund.

Kennslukvóta til grunnskóla er úthlutað einu sinni á ári og er það gert í samtali á milli fræðslustjóra, fjármálasérfræðings á fjölskyldusviði og skólastjóra. Sömu aðilar hafa nýlega setið fund með ráðuneytinu vegna úthlutunar fjármagns til grunnskóla og hafa áhuga á því að kynna sér líkön sem önnur sveitarfélög eru að nýta til úthlutunar.

Fræðslustjóri ásamt skólastjórum grunnskóla heimsótti fræðslusvið Reykjanessbæjar í byrjun maí (2023) í þeim tilgangi að kynna sér nýjar aðferðir til úthlutunar fjármagns sem og útfærslu Reykjanessbæjar á notkun Vinnustundar í grunnskólum.

Sveitarafélagið er ekki með sameiginlegan rafrænan aðgang fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins. Þegar þurft hefur að senda út sameiginleg skilaboð á alla starfsmenn er það gert með tölvupósti.

Fram kom í máli fræðslustjóra að nokkuð væri um að starfsmenn væru að flytjast til innan ráðhússins vegna plássleysis. Ráðgjafarnir eru tveir og þrír saman í rými. Telur hann að starfsmenn í ráðhúsinu gætu jafnvel verið meira saman í rými.

**Æskulýðs- og íþróttamál**

Undir æskulýðs- og íþróttamál heyrir málaflokkur 06-Æskulýðs- og íþróttamál.

*Tafla 72: Rekstraryfirlit fyrir æskulýðs- og íþróttamál, í þúsundum króna*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Félags- og tómstundanefnd | 1.139 | 1.130 | 1.324 | 1.321 | -0,8% | 17,2% | -0,3% | 16,0% | 182 |
| Frístundaþjónusta | 14.549 | 22.388 | 23.140 | 24.941 | 53,9% | 3,4% | 7,8% | 71,4% | 10.391 |
| Sumar T.Í.M. | 14.354 | 19.062 | 18.633 | 26.509 | 32,8% | -2,2% | 42,3% | 84,7% | 12.155 |
| Vinnuskóli Skagafjarðar | 12.039 | 17.736 | 15.019 | 15.472 | 47,3% | -15,3% | 3,0% | 28,5% | 3.433 |
| Atvinnuátak 16+ | 3.243 | 1.747 | 1.408 | 3.988 | -46,1% | -19,4% | 183,4% | 23,0% | 745 |
| Forvarnir | 20 | 19 | 0 | | -6,9% | -100,0% | | -100,0% | -20 |
| Evrópuverkefni | 0 | 0 | 0 | | | -100,0% | | | 0 |
| Hús frítímans, félagsstarf -13 ára | 27.115 | 28.543 | 35.382 | 34.117 | 5,3% | 24,0% | -3,6% | 25,8% | 7.002 |
| Ýmsir styrkir og framlög til æskulýðsmála | 793 | 826 | 693 | 1.103 | 4,1% | -16,1% | 59,2% | 39,1% | 310 |
| Íþróttahús Sauðárkróks | 75.310 | 85.647 | 82.055 | 91.410 | 13,7% | -4,2% | 11,4% | 21,4% | 16.100 |
| Íþróttamiðstöð Varmahlíð | 60.309 | 67.302 | 72.006 | 91.775 | 11,6% | 7,0% | 27,5% | 52,2% | 31.466 |
| Sundlaug Sauðárkróks | 71.125 | 95.579 | 109.504 | 119.009 | 34,4% | 14,6% | 8,7% | 67,3% | 47.884 |
| Sundlaug Hofsósi | 19.589 | 31.099 | 31.858 | 33.442 | 58,8% | 2,4% | 5,0% | 70,7% | 13.853 |
| Sundlaug Sólgörðum | 12.750 | 12.742 | 13.241 | 13.995 | -0,1% | 3,9% | 5,7% | 9,8% | 1.245 |
| Íþróttavöllur Sauðárkróki | 20.060 | 18.495 | 19.897 | 29.243 | -7,8% | 7,6% | 47,0% | 45,8% | 9.183 |
| Íþróttavöllur Hofsósi | 0 | 44 | 75 | 637 | | 69,3% | 748,1% | | 637 |
| Aðrir íþróttavellir | 18.413 | 12.975 | 14.474 | 15.620 | -29,5% | 11,6% | 7,9% | -15,2% | -2.793 |
| Skíðasvæði | 21.507 | 26.404 | 22.899 | 23.264 | 22,8% | -13,3% | 1,6% | 8,2% | 1.757 |
| Ýmsir styrkir og framlög til íþróttamála | 51.698 | 59.565 | 57.162 | 59.519 | 15,2% | -4,0% | 4,1% | 15,1% | 7.821 |
| **ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTAMÁL ALLS** | **424.014** | **501.305** | **518.773** | **585.366** | **18,2%** | **3,5%** | **12,8%** | **38,1%** | **161.353** |
| Fjárhagsáætlun, fjárheimild | 416.098 | 491.141 | 510.290 | 608.108 | 18,0% | 3,9% | 19,2% | 46,1% | 192.010 |
| Fjárhagsáætllun - Æskulýðs- og íþrottamál alls | -7.915 | -10.164 | -8.483 | 22.742 | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 72 sýnir rekstraryfirlit fyrir æskulýðs- og íþróttamál.

Frá árinu 2019 til 2022 hafa útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála aukist um 38%, eða um 161 millj. kr. Rekstur Sundlaugar á Sauðárkróki hækkaði um 48 millj. kr. á tímabilinu, eða um 67%, rekstur íþróttamiðstöðvar í Varmahlíð hækkaði um 31 millj. kr., eða 52%, íþróttahúss á Sauðárkróki um 16,1 millj. kr., eða um 21, og Sundlaugar á Hofsósi um 14 millj. kr., eða 71%.

*Tafla 73: Fjöldi stöðugilda við æskulýðs- og íþróttamál*

| | | | | Hlutfallsleg breyting | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2020 | 2021 | 2022 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2020 | 2022-2020 |
| 06090 Frístundaþjónusta | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,00 |
| 06220 Sumar T.Í.M. | 1,45 | 1,54 | 1,25 | 6,1% | -19,3% | -14,4% | -0,21 |
| 06270 Vinnuskólinn | 8,45 | 5,99 | 4,86 | -29,1% | -18,9% | -42,5% | -3,59 |
| 06275 Atvinnuátak 16+ | 0,43 | 0,30 | 0,57 | -29,8% | 91,0% | 34,0% | 0,15 |
| 06340 Hús frítímans | 2,15 | 2,66 | 2,81 | 23,7% | 5,8% | 30,9% | 0,66 |
| 06511 Íþróttahús Sauðárkróks | 4,10 | 3,47 | 3,63 | -15,3% | 4,5% | -11,4% | -0,47 |
| 06519 Íþróttamiðstöð Varmahlíð | 4,13 | 4,68 | 4,90 | 13,4% | 4,8% | 18,8% | 0,78 |
| 06551 Sundlaug Sauðárkróks | 4,91 | 5,57 | 5,52 | 13,3% | -0,8% | 12,4% | 0,61 |
| 06555 Sundlaug Hofsósi | 3,84 | 4,16 | 3,86 | 8,3% | -7,2% | 0,5% | 0,02 |
| 06557 Sundlaug Sólgörðum | 0,10 | 0,00 | 0,00 | -100,0% | | -100,0% | -0,10 |
| 06610 Íþróttavöllur Sauðárkróki | 0,90 | 0,98 | 1,20 | 8,4% | 23,0% | 33,3% | 0,30 |
| **Samtals** | **31,46** | **30,35** | **29,61** | **-3,5%** | **-2,4%** | **-5,9%** | **-1,85** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 73 sýnir fjölda stöðugilda vegna æskulýðs- og íþróttmála árin 2020 til 2022. Stöðugildum fjölgaði samtals um 2,52 stöðugildi hjá þeim stofnunum þar sem var fjölgun. En hjá þeim sem var fækkun var fækkunin samtals 4,37 stöðugildi. Þar munar mestu um fækkun stöðugilda í vinnuskólanum, eða um 3,59 stöðugildi. Að teknu tilliti til alls þessa var fækkun stöðugilda í æskulýðs- og íþróttamálum 1,85.

**Frístundastjóri**
Næsti yfirmaður frístundastjóra er sviðsstjóri fjölskyldusviðs. Undir frístundastjóra heyra æskulýðs- og íþróttamál og frístundir aldraðra.

Stofnanir sem heyra undir frístundastjóra eru sem hér segir:

Hús frítímans,
sundlaug, íþróttahús og íþróttavöllur á Sauðárkróki,
sundlaug og íþróttavöllur í Varmahlíð,
sundlaug og íþróttavöllur á Hofsósi

Í Húsi frítímans er verkefnastjóri frístunda  en vakstjórar í sundlaugum sveitarfélagsins og húsverðir við íþróttahúsið á Sauðárkróki. Frístundastjóri fer því með mannaforræði vegna sundlauganna og íþróttahússins og Húss frítímans. Vegna þessa fyrirkomulags skipuleggur forstöðumaður vaktir þar sem það á við og einnig ef um forföll er að ræða leysir hann úr þeim. Almennt eru aðeins tveir á vakt þannig að það þarf alltaf að leysa forföll, ábyrgð færist ekki á aðra, eins og t.d. ef það væru 3-4 að vinna á vakt.

Hús frítímans er opið frá kl. 10:00 til kl. 22:00 fjóra daga vikunnar og til kl. 19:00 á fimmtudögum. Lokað er um helgar en hægt er að leigja húsnæðið fyrir viðburði.

Í Árvist við Árskóla er starfræktur heildagsskóli sem ætlaður er fyrir nemendur í 1. til 4. bekk en þar eru eingöngu nemendur í 1. og 2. bekk vegna þrengsla í skólahúsnæðinu að sögn frístundastjóra. Vegna þess fer fram heildagsskóli fyrir nemendur í 3. til 4. bekk í Húsi frítímans. Úrræðið í Húsi frítímans stendur foreldrum til boða að kostnaðarlausu. En greitt er fyrir börn í 1. og 2. bekk í Árvist.

Eldri borgarar koma á morgnana í Hús frítímans og þá fer fram m.a. morgunleikfimi o.fl. Öryrkjar og langveikir eru á miðvikudags- og föstudagsmorgnum milli kl. 10-12.

Hús frítímans er samnýtt þrjá daga vikunnar þegar eldri borgarar eru í föndri, spila o.s.frv. en þá eru einnig nemendur úr 3. til 4. bekk í heildagsskólanum. Að jafnaði eru 10 til 25 börn í heildagsskólanum í Húsi frítímans.

Stöðugildi við Hús frítímans eru 3,8 sem átta starfsmenn sinna. Verkefnastjórinn er í 100% stöðugildi aðrir í hluta af stöðugildi. Verkefnastjóri frístunda er í 50% starfi á móti 50% í Árvist.

Frístundastjóri rekur íþróttavellina og annast samskipti við íþróttafélög í Skagafirðinum. Íþróttavöllur er á Sauðárkróki, í Varmahlíð og á Hofsósi. Verktakar hafa séð um grasslátt

vallanna í Varmahlíð og á Hofsósi. Á sumrin hafa verið 2,75 stöðugildi til að sjá um völlinn á Sauðárkróki og að auki nemendur úr vinnuskólanum.

Á sumrin veitir frístundastjóri vinnuskólanum og leikjanámskeiðum forstöðu. Hann sér um allar ráðningar o.s.frv. Frístundastjórinn kemur að auki oft að ýmsum uppákomum í sveitarfélaginu.

**Verkefnastjóri Húss frítímans**
Hús frítímans er miðstöð frístundastarfs allra íbúa sveitarfélagsins, óháð aldri og er til húsa að Sæmundargötu 7 á Sauðárkróki. Auk starfsemi í þágu eldri borgara, ungmenna og grunnskólabarna er húsið opið fyrir hvers konar félags- og menningarstarfsemi íbúa héraðsins. Í Húsi frítímans eru haldnir fundir hverskonar, haldnir eru tónleikar, opnar kóræfingar, fyrirlestrar, námskeið og leikæfingar svo nokkur dæmi séu nefnd. Áherslan er ekki síst á menningu og listir. Við skipulagningu dagskrár Húss frítímans er tekið mið af fjölskyldustefnu. Reynt er að flytja starfsemina framar á daginn og er markmiðið að börn yngri en ellefu áru séu ávallt búin klukkan fimm á daginn og geti notið samvista við foreldra sína eftir vinnu.

Frístundastrætó er í boði til að auðvelda öllum Skagfirðingum, hvar sem þeir búa í héraðinu, að taka þátt í starfinu í Húsi frítímans. Akstur Frístundastrætó er börnum og ungmennum í Skagafirði að kostnaðarlausu.

Hús frítímans heldur úti Facebook síðu þar sem best er að nálgast allar helstu upplýsingar um daglega starfsemi.

Á sumrin eru vinnuskólinn og Sumar-tím með aðstöðu í Húsi frítímans. Vinnuskólinn er fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára og Sumar-tím fyrir börn í 1.-4. bekk. Sumar-tím stendur fyrir tómstundir, íþróttir og menningu.

Frístundafulltrúi, sem er forstöðumaður Húss frítímans, er í 50% stöðugildi sem slíkur og í 50% stöðugildi sem forstöðumaður Árvistar, heildagsskóla við Árskóla. Þannig hefur forstöðumaðurinn tvo yfirmenn, annars vegar frístundastjóra og hins vegar skólastjóra Árskóla.

Forstöðumaðurinn er með skrifstofu í Húsi frítímans. Hann byrjar vinnudaginn þar á morgnana og undirbýr daginn fyrir heildagsskólann og í Húsi frítímans.

Í Húsi frítímans er annar starfsmaður í 95% stöðugildi.

Félag eldri borgara annast sjálfir dagskrá fyrir eldri borgara.

Forstöðumaðurinn sér einnig um félagstarf á Hofsósi einu sinni í viku og annan hvern fimmtudag í Varmahlíð fyrir nemendur þar.

Lengd viðvera fyrir fatlaða nemendur er í Húsi frítímans. Um er að ræða einnig nemendur úr Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Eins og staðan er núna eru þessir nemendur í sama rými og nemendur í þriðja og fjórða bekk sem eru í frístund.

Starfsemi Árvistar er frá kl. 13:10 til 16:10. Starfsmenn ljúka störfum kl. 16:15 nema einn sem er til 16:30 vegna nemenda sem fá lengri viðveru.

Að sögn forstöðumannsins eru að jafnaði 12 til 13 nemendur á hvern starfsmann í fyrsta og öðrum bekk. Nokkrir nemendur þurfa auk þess viðbótar starfsmann.

15 til 17 nemendur eru á hvern starfsmann í heildagsskólanum sem fram fer í Húsi frítímans.

Veturinn 2022/2023 voru níu starfsmenn í Húsi frítímans sem hver var í 37 til 42% starfshlutfalli. Tveir starfsmenn voru í 100% stöðugildi hvor, samnýttir með skólanum.

Fram komi í máli forstöðumannsins að það færi betur á því að vera með fleiri starfsmenn samnýtta með skólanum. Þannig að starfsmönnum byðist 100% stöðugildi í staðinn fyrir hlutastarf. Með því væri hægt að fá meiri festu í starfið. Erfitt er að fá fólk til að vinna í hlutastörfum.

Æfingar hjá Tindastóli byrja að jafnaði kl. 13:00. Nemendur í fyrsta til fjórða bekk í Árskóla hafa allir lokið æfingum kl. 16:00 eða fyrr.

Nemendur í fyrsta og öðrum bekk eru í frístund í Árskóla. Vegna þrengsla eru nemendur í þriðja og fjórða bekk í frístund í Húsi frítímans. Ekki er greitt gjald fyrir frístund fyrir nemendur í þriðja og fjórða bekk. Þeir nemendur koma með sitt nesti.

## Vinnudagar HLH og Fjölskyldusviðs Skagafjarðar

Þann 31. maí og 1. júní voru haldnir vinnudagar Fjölskyldusviðs Skagafjarðar. Markmið vinnudaganna var ná fram sameiginlegri sýn og teikna upp drög að verkferlum og aðgerðaáætlun fyrir samþætta þjónustu í þágu farsældar barna í Skagafirði.

Þátttakendur voru félags-, frístunda-, og fræðslustjóri Skagafjarðar, starfsfólk í barnavernd, tengiliður farsældar, ráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks, forstöðumaður í stuðnings- og stoðþjónustu, sérfræðingur á fjölskyldusviði, deildarstjóri sérkennslu í Árskóla, verkefnisstjóri námsaðlögunar í Ársölum, talmeinafræðingur, sálfræðingur, sviðsstjóri og sveitarstjóri.

Vinnudagarnir voru byggðir upp með blöndu af umræðum, verkefnavinnu og kynningum. Þátttakendur unnu nokkur verkefni og fengu kynningu á reynslu Akraneskaupstaðar af innleiðingu á barnvænu samfélagi frá verkefnastjóranum Sólveigu Sigurðardóttur og sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs Hildigunni Árnadóttur.

Helstu niðurstöður vinnudagsins eru hér meðfylgjandi. Þátttakendum var skipt í þrjá hópa við vinnslu verkefna.

Fyrsta verkefnið var þríþætt en þar áttu þátttakendur að ræða um þá styrkleika, áskoranir og ávinning af því að innleiða verklag í sveitarfélaginu sem tryggir samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

*Mynd 42: Styrkleikar sveitarfélagsins við að innleiða samþætta þjónustu í þágu barna*




Á mynd 42 má sjá samantekt á styrkleikum sveitarfélagsins þegar kemur að því að innleiða samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Styrkleikunum má skipta í þrjár stoðir: mannauð ferla og þjónustu. Myndin var tekin saman af skýrsluhöfundum.

Umræður þátttakenda leiddu í ljós að til staðar er góður grunnur til innleiðingar á verkferlum sem munu skila aukinni farsæld í þágu barna í Skagafirði. Það er mikilvægt að hlúa vel að stoðunum og tryggja að til staðar sé mannauður og verklag sem skila framúrskarandi þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Að mati þátttakenda eru áskoranir vegna innleiðingar á verklagi sem tryggja á samþætta þjónustu í þágu farsældar barna skortur á starfsfólki, úrræðum, óskýrir verkferlar og skortur á sameiginlegri sýn og verklagi t.d. milli starfsfólks í fræðslu- og félagsþjónustu.

*Mynd 43: Áskoranir sem gætu komið í veg fyrir verklag sem tryggir samþætta þjónustu í þágu barna*




Mynd 43 sýnir þær áskoranir sem gætu komið í veg fyrir að sveitarfélagið geti innleitt verklag sem tryggir samþætta þjónustu í þágu farsældar barna í Skagafirði. Mynd var tekin saman af skýrsluhöfundum.

Almenn samstaða var meðal þátttakenda um að innleiðing á verklagi vegna samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna í Skagafirði myndi skila miklum ávinningi fyrir alla hagaðila. Gangi innleiðing á farsæld vel muni það skila sér í minna álagi á starfsfólk þegar til lengri tíma er litið, traust muni aukast, samskipti og samstarf milli starfsfólks verða betra sem mun skila sér í aukinni starfsánægju.

*Mynd 44: Ávinningur sem gott verklag er varðar samþætta þjónustu í þágu farsældar barna getur skilað til hagaðila.*




Mynd 44 sýnir hvaða ávinningi mun gott verklag er varðar samþætta þjónustu í þágu farsældar barna í Skagafirði skila fyrir hagaðila. Myndin var tekin saman af skýrsluhöfundum.

Ávinningur fyrir börn og foreldra er aukin, sýnileg, aðgengileg og skilvirkari þjónusta sem mun skil sér í færri alvarlegum málum, bættri líðan og auknum lífsgæðum þeirra.

Ávinningurinn fyrir samfélagið í heild er að mati þátttakenda ótvíræður og skilar sér í betra samfélagi, bættri ímynd sveitarfélagsins og betri nýtingu fjármuna.

Þátttakendur unnu einnig nokkur „mál" í formi raunhæfra verkefna sem ætlað var að hefja samtal og leggja grunn að sameiginlegri sýn á verklag þegar kemur að samþættri þjónustu í þágu farsældar barna. Vinnsla málanna gekk almennt vel og segja má að vinnudagarnir hafi skilað mjög góðum grunni að næstu skrefum í innleiðingu á farsæld barna í Skagafirði.

Það er mat ráðgjafa HLH að næstu skref séu eftirfarandi:
1. Innleiðing á nýju skipulagi fjölskyldusviðs með áherslu á samstarf og samþættingu í þágu farsældar.
2. Skapa þarf samstarfsvettvang þeirra sem eru leiðandi í daglegri úrvinnslu mála (tengiliðir, málastjórar). Samstarfsvettvangurinn hefur það að megin markmiði að skapa áframhaldandi uppbyggingu á sameiginlegri sýn og kortleggja ferla sem tryggja skilvirkni í þjónustu og auka ánægju starfsfólks.
3. Gæta þess að störf og verkefni tengiliða og málstjóra á grunni laga nr. 86/2021 uppfylli skilyrði reglugerðar nr. 1180/2022 um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna.

## Sundlaugar Skagafjarðar

**Sundlaugin á Hofsósi**
Við sundlaugina á Hofsósi eru 3,2 stöðugildi yfir veturinn en á sumrin eru stöðugildin 8,18 í jún.-júl. og 7,28 í ágúst. Yfir veturinn hefur sundlaugin verið opin frá kl. 7:00 til 13:00 og kl. 17:00 til 20:00 mánudaga til föstudaga. Á laugardögum og sunnudögum er sundlaugin opin frá kl. 11:00 til 16:00. Yfir sumarmánuðina er sundlaugin opin frá kl. 9-21 að jafnaði í 12 vikur á sumrin, t.d. frá 5. júní-27. ágúst í sumar (2023).

Yfir vetrarmánuðina er einn starfsmaður á morgunvakt milli kl. 6:45-13:30 (laugin opin 07:00-13:00) og svo tveir á vakt milli kl. 16:45-20:45 (laugin opin 17-20). Það fyrirkomulag að hafa aðeins einn starfsmann á vakt á morgnana sleppur þar sem aðsókn er ekki mikil og yfirsýn yfir laugarsvæðið er góð úr afgreiðslu. Samkomulag er milli laugar og grunnskólans að starfsmaður sem fylgi börnunum sé til móts við starfsmann laugarinnar er kemur að klefagæslu á meðan sundkennsla fer fram.



Skólasund fór fram s.l. vetur sem hér segir:

- ✓ Miðvikudaga þrír hópar:
  kl. 8.50 - 9.50
  kl. 10.10 - 11.10
  kl. 11.25 - 12.25
- ✓ Fimmtudaga tveir hópar:
  kl. 10.10 - 11.10
  kl. 11.25 - 12.25
- ✓ Föstudaga tveir hópar:
  kl. 10.10 - 11.10
  kl. 11.25 - 12.25

Varðandi viðgerðir í sundlauginni þá ganga þær að jafnaði hægt. Meðfylgjandi mynd var tekin í október 2022 af handriði við sundlaugarbakkan. Vantar hitt handriðið.

*Mynd 45: Tímasetning á innkomu tekna við Sundlaugina á Hofsósi*

Tímabil : 1.9.2021 - 31.5.2022 Kassi/hópur: 1 - Kassi 1 HBI.IS

| Samtölur | Virkir kassar | Færslur | Fjöldi vara | Meðalfj. í sölu | Heildarsala | % af upph. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:00-06:59 | 1 | 18 | 32,00 | 1,78 | 12.175 | 0,15 % |
| 07:00-07:59 | 1 | 175 | 261,00 | 1,49 | 87.590 | 1,10 % |
| 08:00-08:59 | 1 | 62 | 107,00 | 1,73 | 58.915 | 0,74 % |
| 09:00-09:59 | 1 | 162 | 295,00 | 1,82 | 337.505 | 4,25 % |
| 10:00-10:59 | 1 | 219 | 475,00 | 2,17 | 347.140 | 4,37 % |
| 11:00-11:59 | 1 | 455 | 925,00 | 2,03 | 945.630 | 11,90 % |
| 12:00-12:59 | 1 | 428 | 875,00 | 2,04 | 779.805 | 9,81 % |
| 13:00-13:59 | 1 | 464 | 1.027,00 | 2,21 | 851.810 | 10,72 % |
| 14:00-14:59 | 1 | 542 | 1.106,00 | 2,04 | 966.495 | 12,16 % |
| 15:00-15:59 | 1 | 390 | 864,00 | 2,22 | 695.375 | 8,75 % |
| 16:00-16:59 | 1 | 367 | 708,00 | 1,93 | 577.710 | 7,27 % |
| 17:00-17:59 | 1 | 693 | 1.406,00 | 2,03 | 1.334.530 | 16,79 % |
| 18:00-18:59 | 1 | 414 | 754,00 | 1,82 | 720.280 | 9,06 % |
| 19:00-19:59 | 1 | 183 | 331,00 | 1,81 | 213.190 | 2,68 % |
| 20:00-20:59 | 1 | 30 | 52,00 | 1,73 | 18.920 | 0,24 % |
| | | **4.602** | **9.218,00** | **2,00** | **7.947.070** | **100 %** |




Tímabil : 1.6.2022 - 31.8.2022 Kassi/hópur: 1 - Kassi 1 HBI.IS

| Samtölur | Virkir kassar | Færslur | Fjöldi vara | Meðalfj. í sölu | Heildarsala | % af upph. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 00:00-00:59 | 1 | 1 | 3,00 | 3,00 | 47.458 | 0,27 % |
| 06:00-06:59 | 1 | 1 | 1,00 | 1,00 | 325 | 0,00 % |
| 07:00-07:59 | 1 | 5 | 7,00 | 1,40 | 3.805 | 0,02 % |
| 08:00-08:59 | 1 | 74 | 130,00 | 1,76 | 68.780 | 0,39 % |
| 09:00-09:59 | 1 | 370 | 781,00 | 2,11 | 699.435 | 4,02 % |
| 10:00-10:59 | 1 | 450 | 1.018,00 | 2,26 | 899.160 | 5,16 % |
| 11:00-11:59 | 1 | 602 | 1.422,00 | 2,36 | 1.235.600 | 7,09 % |
| 12:00-12:59 | 1 | 755 | 1.689,00 | 2,24 | 1.425.845 | 8,19 % |
| 13:00-13:59 | 1 | 775 | 1.836,00 | 2,37 | 1.537.140 | 8,83 % |
| 14:00-14:59 | 1 | 1.031 | 2.407,00 | 2,33 | 2.020.580 | 11,60 % |
| 15:00-15:59 | 1 | 1.096 | 2.563,00 | 2,34 | 2.142.640 | 12,30 % |
| 16:00-16:59 | 1 | 1.113 | 2.631,00 | 2,36 | 2.172.340 | 12,47 % |
| 17:00-17:59 | 1 | 1.114 | 2.467,00 | 2,21 | 1.997.606 | 11,47 % |
| 18:00-18:59 | 1 | 840 | 1.903,00 | 2,27 | 1.640.745 | 9,42 % |
| 19:00-19:59 | 1 | 582 | 1.285,00 | 2,21 | 1.089.920 | 6,26 % |
| 20:00-20:59 | 1 | 247 | 492,00 | 1,99 | 353.440 | 2,03 % |
| 21:00-21:59 | 1 | 44 | 99,00 | 2,25 | 77.558 | 0,45 % |
| 22:00-22:59 | 1 | 6 | 8,00 | 1,33 | 3.590 | 0,02 % |
| | | **9.106** | **20.742,00** | **2,28** | **17.415.967** | **100 %** |




Heimild: Skagafjörður

Mynd 45 sýnir á hvaða tíma dagsins tekjur Sundlaugarinnar á Hofsósi koma inn.

Eins og myndin sýnir var lítil sala fyrir kl. 11:00 frá 1. september 2021 til 31. maí 2022, eða einungis 10,6% af heildartekjum á þessum tíma. Á sama hátt var lítil sala fyrir kl. 9:00 á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2022, eða einungis 0,7% af heildartekjum á þessum tíma.

Ætla má að þetta varpi nokkru ljósi á fjölda þeirra sem koma í sundlaugina.

*Tafla 74: Rekstraryfirlit fyrir Sundlaugina á Hofsósi í þúsundum króna*

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | Mismunur 2022-2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Afskrifaðar taparðar kröfur - eignatekjur | | 290 | | -98 | | -100,0% | | | -98 |
| IF - Þjónusta | -52 | | | | -100,0% | | | -100,0% | 52 |
| IF - afnot skóla | -1.269 | -1.320 | -1.353 | -1.394 | 4,0% | 2,5% | 3,0% | 9,8% | -125 |
| Aðrar tekjur | | | -1.130 | | | | | | 0 |
| Seldar vörur og önnur sala | -3.680 | -2.424 | -2.781 | -3.231 | -34,1% | 14,8% | 16,2% | -12,2% | 449 |
| Aðgangseyrir | -28.270 | -19.116 | -20.745 | -21.999 | -32,4% | 8,5% | 6,0% | -22,2% | 6.270 |
| Niðurgr. aðgangseyrir | -679 | -446 | -573 | -724 | -34,3% | 28,3% | 26,5% | 6,7% | -45 |
| **Tekjur samtals** | **-33.950** | **-23.016** | **-26.581** | **-27.446** | **-32,2%** | **15,5%** | **3,3%** | **-19,2%** | **6.504** |
| Mánaðarlaun | 18.323 | 20.483 | 23.063 | 23.613 | 11,8% | 12,6% | 2,4% | 28,9% | 5.289 |
| Yfirvinna | 8.785 | 7.903 | 6.535 | 6.815 | -10,0% | -17,3% | 4,3% | -22,4% | -1.969 |
| Álagsgreiðslur | 3.977 | 4.558 | 6.092 | 6.582 | 14,6% | 33,7% | 8,0% | 65,5% | 2.605 |
| Áfallið orlof | 40 | 106 | 842 | -480 | 165,9% | 696,3% | -157,0% | -1307,5% | -520 |
| Launatengd gjöld | 7.401 | 8.408 | 9.179 | 9.102 | 13,6% | 9,2% | -0,8% | 23,0% | 1.702 |
| Matar-, kaffi- og fæðiskostnaður | 619 | 705 | 539 | 550 | 14,0% | -23,5% | 2,0% | -11,1% | -69 |
| **Launagjöld samtals** | **39.144** | **42.164** | **46.251** | **46.182** | **7,7%** | **9,7%** | **-0,1%** | **18,0%** | **7.038** |
| Hreinlætisvörur | 2.082 | 1.227 | 968 | 2.089 | -41,1% | -21,1% | 115,8% | 0,3% | 7 |
| Endursöluvörur - vörukaup | 1.687 | 1.042 | 1.459 | 1.269 | -38,2% | 40,1% | -13,0% | -24,8% | -418 |
| Vinnufatnaður | | | | 7 | | | | | 7 |
| Rafmagn | 1.823 | 2.070 | 1.764 | 1.903 | 13,6% | -14,8% | 7,9% | 4,4% | 81 |
| Heitt vatn | 1.119 | 973 | 830 | 1.062 | -13,1% | -14,7% | 28,0% | -5,1% | -57 |
| Kalt vatn | 702 | 624 | 314 | 608 | -11,1% | -49,7% | 93,8% | -13,4% | -94 |
| Önnur vörukaup | 1.431 | 212 | 887 | 792 | -85,2% | 318,0% | -10,6% | -44,6% | -638 |
| **Vörukaup samtals** | **8.843** | **6.148** | **6.222** | **7.731** | **-30,5%** | **1,2%** | **24,3%** | **-12,6%** | **-1.112** |
| Internettengingar oþh. | 673 | 725 | 599 | 630 | 7,7% | -17,4% | 5,2% | -6,4% | -43 |
| IF - húsaleiga | 3.241 | 3.324 | 3.440 | 4.357 | 2,6% | 3,5% | 26,6% | 34,4% | 1.116 |
| Önnur þjónustukaup | 1.286 | 1.446 | 1.593 | 1.756 | 12,5% | 10,2% | 10,2% | 36,6% | 471 |
| **Þjónustukaup samtals** | **5.200** | **5.495** | **5.632** | **6.743** | **5,7%** | **2,5%** | **19,7%** | **29,7%** | **1.543** |
| **Fjármagnsgjöld og skattur** | **352** | **308** | **335** | **232** | **-12,4%** | **8,6%** | **-30,7%** | **-34,0%** | **-120** |
| **Samtals gjöld** | **53.539** | **54.116** | **58.440** | **60.888** | **1,1%** | **8,0%** | **4,2%** | **13,7%** | **7.349** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **19.589** | **31.099** | **31.858** | **33.442** | **58,8%** | **2,4%** | **5,0%** | **70,7%** | **13.853** |
| Fjárhagsáætlun, fjárheimild | 12.095 | 25.573 | 28.002 | 37.041 | 111,4% | 9,5% | 32,3% | 206,2% | 24.946 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | -7.494 | -5.526 | -3.856 | 3.599 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 47,9% | 38,6% | 28,3% | 28,9% | | | | | |
| Álagsgreiðslur sem hlutfall af mánaðarlalunum | 21,7% | 22,3% | 26,4% | 27,9% | | | | | |
| Vörusala - endursöluvörur (vörukakup) | 1.993 | 1.382 | 1.322 | 1.962 | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 74 sýnir rekstraryfirlit fyrir Sundlaugina á Hofsósi.

Rekstrargjöldin hækka um 7,3 millj. kr. á milli áranna 2019 og 2022, eða um 13,7%.

Vakin er athygli á háu hlutfalli yfirvinnu af mánaðarlaunum. Hlutfallið var 28,9% árið 2022 en hafði lækkað frá árinu 2019 þegar það var 47,9%.

**Sundlaugin og íþróttahúsið Varmarhlíð**

Við sundlaugina og íþróttahúsið í Varmahlíð eru 4,57 stöðugildi yfir veturinn en á sumrin eru 6,57 stöðugildi. Yfir veturinn hefur sundlaugin verið opin frá kl. 8:00 til 21:00 mánudaga til fimmtudaga en á föstudögum frá kl. 8:00 til 14:00. Á laugardögum og sunnudögum er sundlaugin opin frá kl. 10:00 til 16:00. Yfir sumarmánuðina er sundlaugin opin frá kl. 07:00-21:00 mán.-fös. og 10:00-17:00 lau.-sun.

Tveir starfsmenn eru á vakt, jafnt að sumri sem vetri. Vissulega er aðsókn í sund mun meiri á sumrin og því mega þeir alls ekki vera færri en á veturna eru svo á móti skólaíþróttir og skólasund þar sem þarf að sinna klefagæslu að sögn frístundastjóra.

Skólasund og íþróttir fara fram sem hér segir veturinn 2023/2024:

Mánudaga frá kl. 9:15 til 14:10
Þriðjudaga frá kl. 8:15 til 11:30
Miðvikudaga frá kl. 9:15 til 11:30
Fimmtudaga frá kl. 8:15 til 13:20
Föstudaga frá kl. 8:15 til 12:40

Alla dagana er hlé á milli sumra kennslutíma.

*Mynd 46: Tímasetning á innkomu tekna við Sundlaugina í Varmahlíð*

Búð : Íþróttamiðstöðin í Varmahlíð Gjaldkeri : 100 - Verslunarstjori
Tímabil : 1.9.2021 - 31.5.2022 Kassi/hópur: 1 - Kassi 1
HBI.IS

| Samtölur | Virkir kassar | Færslur | Fjöldi vara | Meðalfj. í sölu | Heildarsala | % af upph. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 07:00-07:59 | 1 | 25 | 30,00 | 1,20 | 10.795 | 0,22 % |
| 08:00-08:59 | 1 | 124 | 154,00 | 1,24 | 53.000 | 1,09 % |
| 09:00-09:59 | 1 | 119 | 292,00 | 2,45 | 145.740 | 3,00 % |
| 10:00-10:59 | 1 | 291 | 499,00 | 1,71 | 345.655 | 7,12 % |
| 11:00-11:59 | 1 | 244 | 457,00 | 1,87 | 325.595 | 6,70 % |
| 12:00-12:59 | 1 | 442 | 765,00 | 1,73 | 410.975 | 8,46 % |
| 13:00-13:59 | 1 | 503 | 944,00 | 1,88 | 516.850 | 10,64 % |
| 14:00-14:59 | 1 | 555 | 1.053,00 | 1,90 | 605.620 | 12,47 % |
| 15:00-15:59 | 1 | 380 | 735,00 | 1,93 | 512.770 | 10,56 % |
| 16:00-16:59 | 1 | 493 | 804,00 | 1,63 | 481.464 | 9,91 % |
| 17:00-17:59 | 1 | 306 | 481,00 | 1,57 | 248.475 | 5,12 % |
| 18:00-18:59 | 1 | 408 | 658,00 | 1,61 | 318.625 | 6,56 % |
| 19:00-19:59 | 1 | 454 | 671,00 | 1,48 | 656.025 | 13,51 % |
| 20:00-20:59 | 1 | 143 | 288,00 | 2,01 | 195.383 | 4,02 % |
| 21:00-21:59 | 1 | 17 | 27,00 | 1,59 | 30.090 | 0,62 % |
| | | **4.504** | **7.858,00** | **1,74** | **4.857.062** | **100 %** |




Búð : Íþróttamiðstöðin í Varmahlíð Gjaldkeri : 100 - Verslunarstjori
Tímabil : 1.6.2022 - 31.8.2022 Kassi/hópur: 1 - Kassi 1
HBI.IS

| Samtölur | Virkir kassar | Færslur | Fjöldi vara | Meðalfj. í sölu | Heildarsala | % af upph. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:00-06:59 | 1 | 1 | 9,00 | 9,00 | 2.300 | 0,03 % |
| 07:00-07:59 | 1 | 32 | 44,00 | 1,38 | 22.645 | 0,34 % |
| 08:00-08:59 | 1 | 71 | 99,00 | 1,39 | 70.130 | 1,06 % |
| 09:00-09:59 | 1 | 129 | 205,00 | 1,59 | 118.965 | 1,80 % |
| 10:00-10:59 | 1 | 274 | 575,00 | 2,10 | 335.890 | 5,08 % |
| 11:00-11:59 | 1 | 329 | 789,00 | 2,40 | 521.345 | 7,88 % |
| 12:00-12:59 | 1 | 436 | 926,00 | 2,12 | 623.008 | 9,41 % |
| 13:00-13:59 | 1 | 552 | 1.316,00 | 2,38 | 833.125 | 12,59 % |
| 14:00-14:59 | 1 | 619 | 1.526,00 | 2,47 | 958.335 | 14,48 % |
| 15:00-15:59 | 1 | 617 | 1.463,00 | 2,37 | 914.870 | 13,82 % |
| 16:00-16:59 | 1 | 510 | 1.133,00 | 2,22 | 688.510 | 10,40 % |
| 17:00-17:59 | 1 | 358 | 782,00 | 2,18 | 501.770 | 7,58 % |
| 18:00-18:59 | 1 | 215 | 474,00 | 2,20 | 337.925 | 5,11 % |
| 19:00-19:59 | 1 | 265 | 546,00 | 2,06 | 474.710 | 7,17 % |
| 20:00-20:59 | 1 | 107 | 236,00 | 2,21 | 201.850 | 3,05 % |
| 21:00-21:59 | 1 | 12 | 34,00 | 2,83 | 12.750 | 0,19 % |
| | | **4.527** | **10.157,00** | **2,24** | **6.618.128** | **100 %** |




Heimild: Skagafjörður

Mynd 46 sýnir á hvaða tíma dagsins tekjur Sundlaugarinnar í Varmahlíð koma inn.

Eins og myndin sýnir var ekki mikil sala fram undir hádegi frá 1. september 2021 til 31. maí 2022. Á sama hátt var lítil sala fram undir hádegi á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2022.

Á sama hátt er ekki mikil sala síðustu klukkustundirnar sem opið var.

Ætla má að þetta varpi nokkru ljósi á fjölda þeirra sem koma í sundlaugina.

*Tafla 75: Rekstraryfirlit fyrir íþróttamiðstöð Varmahlíð, í þúsundum króna*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Hlutdeild Akrahrepps | -6.672 | -9.461 | -9.990 | -4.092 | 41,8% | 5,6% | -59,0% | -38,7% | 2.580 |
| Húsaleiga | -528 | -380 | -520 | -497 | -28,1% | 36,8% | -4,5% | -6,0% | 31 |
| Leiga á sal | -374 | -70 | | 0 | -81,2% | -100,0% | | -100,0% | 374 |
| IF - Þjónusta | -78 | -13 | -68 | -42 | -82,9% | 412,2% | -37,9% | -45,7% | 36 |
| IF - afnot íþróttafélaganna | -4.418 | -5.000 | -5.125 | -5.290 | 13,2% | 2,5% | 3,2% | 19,7% | -872 |
| IF - afnot skóla | -3.530 | -4.000 | -4.100 | -4.233 | 13,3% | 2,5% | 3,2% | 19,9% | -703 |
| Aðrar tekjur | -1.541 | -101 | -1 | -1 | -93,4% | -99,5% | 3,6% | -100,0% | 1.541 |
| Seldar vörur | 0 | -1.005 | -1.565 | -1.697 | | 55,8% | 8,4% | | -1.697 |
| Aðgangseyrir | -8.976 | -7.126 | -8.049 | -8.446 | -20,6% | 12,9% | 4,9% | -5,9% | 529 |
| Niðurgr. aðgangseyrir | -1.535 | -1.184 | -1.410 | -1.567 | -22,9% | 19,1% | 11,2% | 2,1% | -32 |
| **Tekjur samtals** | **-27.652** | **-28.340** | **-30.827** | **-25.865** | **2,5%** | **8,8%** | **-16,1%** | **-6,5%** | **1.786** |
| Mánaðarlaun | 18.164 | 21.297 | 25.806 | 28.771 | 17,2% | 21,2% | 11,5% | 58,4% | 10.607 |
| Yfirvinna | 6.399 | 6.699 | 5.197 | 3.722 | 4,7% | -22,4% | -28,4% | -41,8% | -2.677 |
| Álagsgreiðslur | 2.791 | 3.281 | 5.415 | 6.633 | 17,6% | 65,0% | 22,5% | 137,6% | 3.842 |
| Áfallið orlof | 135 | 338 | 496 | 391 | 150,5% | 46,6% | -21,3% | 189,2% | 255 |
| Launatengd gjöld | 6.435 | 7.654 | 8.788 | 9.619 | 19,0% | 14,8% | 9,5% | 49,5% | 3.184 |
| Matar-, kaffi- og fæðiskostnaður | 347 | 594 | 730 | 795 | 71,1% | 22,8% | 8,9% | 128,9% | 448 |
| **Launagjöld samtals** | **34.271** | **39.864** | **46.432** | **49.930** | **16,3%** | **16,5%** | **7,5%** | **45,7%** | **15.659** |
| Hreinlætisvörur | 2.725 | 2.749 | 2.580 | 3.002 | 0,9% | -6,2% | 16,4% | 10,1% | 277 |
| Endursöluvörur - vörukaup | 1.360 | 719 | 1.064 | 1.095 | -47,1% | 47,9% | 2,9% | -19,5% | -265 |
| Vinnufatnaður | 19 | 109 | 94 | 138 | 458,9% | -14,1% | 47,0% | 606,0% | 118 |
| Rafmagn | 2.133 | 2.722 | 2.122 | 2.604 | 27,6% | -22,1% | 22,7% | 22,0% | 470 |
| Heitt vatn | 0 | -12 | | 999 | | -100,0% | | | 999 |
| Kalt vatn | 204 | 173 | 128 | 148 | -15,5% | -26,1% | 16,3% | -27,4% | -56 |
| Önnur vörukaup | 1.357 | 1.990 | 759 | 1.312 | 46,6% | -61,9% | 72,9% | -3,4% | -45 |
| **Vörukaup samtals** | **7.799** | **8.450** | **6.745** | **9.297** | **8,3%** | **-20,2%** | **37,8%** | **19,2%** | **1.497** |
| Internettengingar oþh. | 369 | 563 | 615 | 677 | 52,8% | 9,1% | 10,1% | 83,6% | 308 |
| IF - húsaleiga | 43.930 | 44.952 | 46.525 | 51.653 | 2,3% | 3,5% | 11,0% | 17,6% | 7.723 |
| Önnur þjónustukaup | 1.380 | 1.608 | 2.304 | 1.903 | 16,5% | 43,2% | -17,4% | 37,9% | 523 |
| **Þjónustukaup samtals** | **45.678** | **47.124** | **49.444** | **54.233** | **3,2%** | **4,9%** | **9,7%** | **18,7%** | **8.554** |
| Fjármagnsgjöld og styrkir | 212 | 204 | 212 | 4.181 | -3,5% | 3,7% | 1874,1% | 1875,2% | 3.969 |
| **Samtals gjöld** | **87.961** | **95.642** | **102.833** | **117.640** | **8,7%** | **7,5%** | **14,4%** | **33,7%** | **29.680** |
| Rekstrarniðurstaða | 60.309 | 67.302 | 72.006 | 91.775 | 11,6% | 7,0% | 27,5% | 52,2% | 31.466 |
| Fjárhagsáætlun, fjárheimild | 61.944 | 70.106 | 71.192 | 102.289 | 13,2% | 1,5% | 43,7% | 65,1% | 40.345 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | 1.635 | 2.804 | -814 | 10.515 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 35,2% | 31,5% | 20,1% | 12,9% | | | | | |
| Álagsgreiðslur sem hlutfall af mánaðarlalunum | 15,4% | 15,4% | 21,0% | 23,1% | | | | | |
| Vörusala - endursöluvörur (vörukakup) | -1.360 | 285 | 501 | 602 | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 75 sýnir rekstrarútgjöld fyrir íþróttamiðstöð Varmahlíð.

Eins og fram kemur í töflunni hækka gjöldin um 29,7 millj. kr. á milli áranna 2019 og 2022, eða um 34%, sem er nokkuð mikil hækkun á þessu tímabili. Vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga hækkaði um 33,9% á milli áranna 2019 og 2022. Á milli þessara ára hækkuðu launagjöldin um 15,7 millj. kr., eða um 45,7% til samanburðar. Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum fer lækkandi og lækkar einnig í krónum talið. Hins vegar hækka álagsgreiðslur nokkuð og þá sérstaklega árið 2022. Þær rúmlega tvöfaldast frá árinu 2019 til 2022. Hér er líklega um að ræða áhrif kjarasamninga sem gerðir voru á tímabilinu.

Á milli áranna 2019 og 2022 hækkaði ársmeðaltal vísitölu neysluverðs um 16,3%. Til samanburðar hækkuðu vörukaup um 19,2% og þjónustukaup um 18,7%, eða hlutfallslega meira en vísitala neysluverðs hækkaði.

Árið 2019 voru engar tekjur færðar vegna sölu á vörum. Hin árin var afgangur af vörusölu. Á tímabilinu lækkar aðgangseyrir í sundlaugina. Innan tímabilsins er hann ýmist að lækka eða hækka á milli ára.

Árin 2019 og 2022 voru rekstrargjöld hærri en fjárhagsáætlun sagði til um en lægri árin 2020 og 2021.

**Sundlaugin á Sauðárkróki**
Við sundlaugina á Sauðárkróki eru 5,27 stöðugildi yfir veturinn en á sumrin eru 7,63 stöðugildi í júní og ágúst en 8,13 í júlí. Yfir veturinn hefur sundlaugin verið opin frá kl. 6:50 til 20:30 mánudaga til fimmtudaga en á föstudögum frá kl. 8:00 til 20:00. Á laugardögum er sundlaugin opin frá kl. 10:00 til 17:00 og á sunnudögum frá kl. 10:00 til 15:00. Yfir sumarmánuðina er sundlaugin opin frá kl. 06:50-21:00 mán.-fös. og 10:00-17:00 lau.-sun.

Tveir starfsmenn eru á vakt jafnt á sumrin sem á veturna. Sundlaugin er opin almenningi á meðan á skólasundi stendur. Vegna þess hafa komið upp tilvik þar sem báðir starfsmenn á vakt hafa þurft að sinna klefavörslu á sama tíma og gestir eru í sundlauginni. Einnig hafa komið upp slík tilvik þegar skólaliðar hafa verið að bíða eftir nemendum í sundkennslu. Kemur til greina að hafa lokað á meðan sundkennsla fer fram og/eða að skólaliðar sinni klefavörslu á meðan þeir bíða eftir nemendum þegar því verður við komið?

Skólasund fer fram sem hér segir veturinn 2023/2024:

Mánudaga frá kl. 8:50 til 14:00
Þriðjudaga frá kl. 8:50 til 14:00
Miðvikudaga frá kl. 10:00 til 14:30
Fimmtudaga frá kl. 8:50 til 13:10
Föstudaga frá kl. 8:50 til 14:00

Alla dagana er hlé á milli sumra kennslutíma.

*Mynd 47: Tímasetning á innkomu tekna við Sundlaugina á Sauðárkróki*

Búð : Sundlaug Sauðarkróks    Gjaldkeri : 100 - Verslunarstjori    HBI.IS
Tímabil : 1.9.2021 - 31.5.2022    Kassi/hópur: 1 - Kassi 1

| Samtölur | Virkir kassar | Færslur | Fjöldi vara | Meðalfj. í sölu | Heildarsala | % af upph. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:00-06:59 | 1 | 295 | 385,00 | 1,31 | 239.225 | 2,57 % |
| 07:00-07:59 | 1 | 410 | 465,00 | 1,13 | 336.660 | 3,61 % |
| 08:00-08:59 | 1 | 448 | 583,00 | 1,30 | 405.900 | 4,35 % |
| 09:00-09:59 | 1 | 232 | 268,00 | 1,16 | 266.560 | 2,86 % |
| 10:00-10:59 | 1 | 591 | 827,00 | 1,40 | 456.515 | 4,90 % |
| 11:00-11:59 | 1 | 530 | 834,00 | 1,57 | 511.565 | 5,49 % |
| 12:00-12:59 | 1 | 444 | 661,00 | 1,49 | 690.160 | 7,40 % |
| 13:00-13:59 | 1 | 612 | 886,00 | 1,45 | 1.223.040 | 13,12 % |
| 14:00-14:59 | 1 | 707 | 1.035,00 | 1,46 | 1.042.555 | 11,18 % |
| 15:00-15:59 | 1 | 506 | 711,00 | 1,41 | 764.645 | 8,20 % |
| 16:00-16:59 | 1 | 754 | 1.086,00 | 1,44 | 730.970 | 7,84 % |
| 17:00-17:59 | 1 | 768 | 1.048,00 | 1,36 | 1.089.495 | 11,69 % |
| 18:00-18:59 | 1 | 635 | 933,00 | 1,47 | 863.980 | 9,27 % |
| 19:00-19:59 | 1 | 699 | 1.087,00 | 1,56 | 667.050 | 7,16 % |
| 20:00-20:59 | 1 | 68 | 79,00 | 1,16 | 29.215 | 0,31 % |
| 21:00-21:59 | 1 | 9 | 12,00 | 1,33 | 4.150 | 0,04 % |
| | | **7.708** | **10.900,00** | **1,41** | **9.321.685** | **100 %** |




Búð : Sundlaug Sauðarkróks    Gjaldkeri : 100 - Verslunarstjori    HBI.IS
Tímabil : 1.6.2022 - 31.8.2022    Kassi/hópur: 1 - Kassi 1

| Samtölur | Virkir kassar | Færslur | Fjöldi vara | Meðalfj. í sölu | Heildarsala | % af upph. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:00-06:59 | 1 | 74 | 157,00 | 2,12 | 50.050 | 1,16 % |
| 07:00-07:59 | 1 | 149 | 176,00 | 1,18 | 101.480 | 2,35 % |
| 08:00-08:59 | 1 | 137 | 192,00 | 1,40 | 143.470 | 3,32 % |
| 09:00-09:59 | 1 | 94 | 138,00 | 1,47 | 107.375 | 2,48 % |
| 10:00-10:59 | 1 | 243 | 384,00 | 1,58 | 290.895 | 6,73 % |
| 11:00-11:59 | 1 | 231 | 413,00 | 1,79 | 313.330 | 7,25 % |
| 12:00-12:59 | 1 | 234 | 396,00 | 1,69 | 329.295 | 7,62 % |
| 13:00-13:59 | 1 | 297 | 534,00 | 1,80 | 564.970 | 13,07 % |
| 14:00-14:59 | 1 | 297 | 517,00 | 1,74 | 384.240 | 8,89 % |
| 15:00-15:59 | 1 | 382 | 708,00 | 1,85 | 504.520 | 11,68 % |
| 16:00-16:59 | 1 | 356 | 566,00 | 1,59 | 451.000 | 10,44 % |
| 17:00-17:59 | 1 | 329 | 555,00 | 1,69 | 459.100 | 10,62 % |
| 18:00-18:59 | 1 | 254 | 425,00 | 1,67 | 298.560 | 6,91 % |
| 19:00-19:59 | 1 | 242 | 408,00 | 1,69 | 261.730 | 6,06 % |
| 20:00-20:59 | 1 | 80 | 96,00 | 1,20 | 58.875 | 1,36 % |
| 21:00-21:59 | 1 | 4 | 6,00 | 1,50 | 2.150 | 0,05 % |
| | | **3.403** | **5.671,00** | **1,67** | **4.321.040** | **100 %** |




Heimild: Skagafjörður

Mynd 47 sýnir á hvaða tíma dagsins tekjur Sundlaugarinnar á Sauðárkróki koma inn.

Eins og myndin sýnir fóru tekjur vaxandi frá kl. 6:00 að morgni fram til kl. 13:00 þegar þær náðu hámarki á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. maí 2022 með einni undantekningu. Sala eftir kl. 20:00 var lítil. Svipað munstur er í sölunni á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2022.

Á sama hátt var ekki mikil sala síðust klukkustundina sem opið var.

Ætla má að þetta varpi nokkru ljósi á fjölda þeirra sem koma í sundlaugina. Í skráningarkerfinu sem notast er við hjá sundlaugunum á að vera hægt að fá fram fjölda gesta á hverjum tíma skipt niður á klukkustundir og daga. Lögð er áhersla á að þetta verði skoðað og haft til hliðsjónar við ákvörðun um opnunartíma sundlauganna.

*Tafla 76: Rekstraryfirlit fyrir Sundlaug Sauðárkróks í þúsundum króna*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| IF - Þjónusta | -468 | -729 | -568 | -57 | 55,7% | -22,0% | -90,1% | -87,9% | 411 |
| IF - afnot íþróttafélaganna | -2.394 | -4.560 | -4.674 | -4.824 | 90,5% | 2,5% | 3,2% | 101,5% | -2.430 |
| IF - afnot skóla | -3.045 | -5.800 | -5.945 | -5.123 | 90,5% | 2,5% | -13,8% | 68,3% | -2.078 |
| Aðrar tekjur | -146 | -43 | -3 | -2 | -70,5% | -92,3% | -48,2% | -98,8% | 144 |
| Seldar vörur | | -174 | -509 | -560 | | 192,9% | 10,1% | | -560 |
| Aðgangseyrir | -5.815 | -8.175 | -10.974 | -9.977 | 40,6% | 34,2% | -9,1% | 71,6% | -4.162 |
| Niðurgr. aðgangseyrir | -1.748 | -2.215 | -3.109 | -2.924 | 26,7% | 40,4% | -6,0% | 67,3% | -1.176 |
| **Tekjur samtals** | **-13.615** | **-21.696** | **-25.783** | **-23.467** | **59,3%** | **18,8%** | **-9,0%** | **72,4%** | **-9.852** |
| Mánaðarlaun | 22.051 | 25.429 | 30.515 | 32.346 | 15,3% | 20,0% | 6,0% | 46,7% | 10.294 |
| Yfirvinna | 7.796 | 8.963 | 9.224 | 6.982 | 15,0% | 2,9% | -24,3% | -10,4% | -813 |
| Álagsgreiðslur | 3.896 | 4.728 | 6.837 | 8.287 | 21,4% | 44,6% | 21,2% | 112,7% | 4.392 |
| Áfallið orlof | **40** | **360** | **762** | **108** | 802,4% | 111,4% | -85,8% | 170,3% | 68 |
| Launatengd gjöld | 8.000 | 9.635 | 11.306 | 11.642 | 20,4% | 17,3% | 3,0% | 45,5% | 3.642 |
| Matar-, kaffi- og fæðiskostnaður | 774 | 1.351 | 1.188 | 1.129 | 74,6% | -12,1% | -5,0% | 45,8% | 355 |
| **Launagjöld samtals** | **42.557** | **50.467** | **59.832** | **60.494** | **18,6%** | **18,6%** | **1,1%** | **42,1%** | **17.938** |
| Hreinlætisvörur | 1.696 | 2.951 | 2.225 | 2.653 | 73,9% | -24,6% | 19,2% | 56,4% | 956 |
| Endursöluvörur - vörukaup | 0 | 0 | 229 | 220 | | | -4,0% | | 220 |
| Vinnufatnaður | 2 | 225 | 59 | 63 | 12524,4% | -73,9% | 8,0% | 3454,8% | 62 |
| Rafmagn | 1.705 | 2.060 | 2.374 | 2.278 | 20,8% | 15,2% | -4,0% | 33,6% | 573 |
| Heitt vatn | 637 | 912 | 1.094 | 1.305 | 43,2% | 19,9% | 19,3% | 104,8% | 668 |
| Önnur vörukaup | 1.109 | 1.706 | 666 | 1.714 | 53,9% | -61,0% | 157,4% | 54,5% | 605 |
| **Vörukaup samtals** | **5.150** | **7.855** | **6.646** | **8.232** | **52,5%** | **-15,4%** | **23,9%** | **59,9%** | **3.083** |
| Internettengingar oþh. | 376 | 561 | 456 | 689 | 49,2% | -18,9% | 51,2% | 83,0% | 312 |
| IF - húsaleiga | 35.515 | 56.400 | 66.546 | 71.755 | 58,8% | 18,0% | 7,8% | 102,0% | 36.240 |
| Önnur þjónustukaup | 980 | 1.807 | 1.605 | 1.220 | 84,3% | -11,2% | -24,0% | 24,5% | 240 |
| **Þjónustukaup samtals** | **36.871** | **58.768** | **68.607** | **73.664** | **59,4%** | **16,7%** | **7,4%** | **99,8%** | **36.793** |
| **Fjármagnsgjöld og styrkir** | **163** | **185** | **202** | **85** | **13,7%** | **9,0%** | **-57,8%** | **-47,7%** | **-78** |
| **Samtals gjöld** | **84.740** | **117.275** | **135.286** | **142.475** | **38,4%** | **15,4%** | **5,3%** | **68,1%** | **57.735** |
| Rekstrarniðurstaða | 71.125 | 95.579 | 109.504 | 119.009 | 34,4% | 14,6% | 8,7% | 67,3% | 47.884 |
| Fjárhagsáætlun, fjárheimild | 70.885 | 88.768 | 109.473 | 125.451 | 25,2% | 23,3% | 14,6% | 77,0% | 54.566 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | -239 | -6.811 | -31 | 6.442 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 35,4% | 35,2% | 30,2% | 21,6% | | | | | |
| Álagsgreiðslur sem hlutfall af mánaðarlalunum | 17,7% | 18,6% | 22,4% | 25,6% | | | | | |
| Vörusala - endursöluvörur (vörukakup) | 0 | 174 | 280 | 340 | | | | | |

Tafla 76 sýnir rekstrargjöld fyrir Sundlaug Sauðárkróks.

Eins og fram kemur í töflunni hækka gjöldin um 57,7 millj. kr. á milli áranna 2019 og 2022, eða um 68%, sem er nokkuð mikil hækkun á þessu tímabili. Vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga hækkaði um 33,9% á milli áranna 2019 og 2022. Á milli þessara ára hækkuðu launagjöldin um 17,9 millj. kr., eða um 42,1% til samanburðar. Yfirvinna hækkar nokkuð á milli áranna 2019 og 2021 en lækkar svo árið 2022. Hins vegar hækka álagsgreiðslur nokkuð á milli ára. Þær rúmlega tvöfaldast frá árinu 2019 til 2022. Hér er líklega um að ræða áhrif af kjarasamningum sem gerðir voru á tímabilinu.

Rétt er að benda á að álagsgreiðslur voru 25,6% af mánaðarlaunum árið 2022. Þetta er álag sem greiðist til vaktavinnufólks vegna unnins tíma utan reglubundins vinnutíma. Þannig eru laun þeirra sem þessu nemur hærri en þeirra sem vinna á dagvinnutíma. Einnig er vinnuvikan almennt styttri hjá vaktavinnufólki en þeim sem vinna reglubundinn vinnutíma.

Á milli áranna 2019 og 2022 hækkaði ársmeðaltal vísitölu neysluverðs um 16,3%. Til samanburðar hækkuðu vörukaup um 59,9% og þjónustukaup um 99,8%, eða hlutfallslega mun meira en vísitala neysluverðs hækkaði. Megin skýringin á mikilli hækkun á þjónustukaupum er einkum hækkun á innri leigu en hún hækkar um 102% á tímabilinu.

Árið 2019 voru engar tekjur færðar vegna sölu á vörum. Hin árin var afgangur af vörusölu. Á tímabilinu hækkaði aðgangseyrir í sundlaugina um 71,6%.

**Íþróttahúsið á Sauðárkróki**

Íþróttahúsið á Sauðárkróki er opið frá kl. 8:00 til 23:30 fimm daga vikunnar yfir vetramánuðina. Síðustu tímum er  að ljúka um kl. 23:00. Á laugardögum er opið frá kl. 10:00 til 18:00 og á sunnudögum frá kl. 10:30 til 16:30.

Á skólatíma eru tveir starfsmenn á vakt af hvoru kyni. Skólakennslu lýkur að jafnaði kl. 14:00. Yngstu krakkarnir, þ.e. nemendur úr 1. til 4. bekk, eru að klára sínar æfingar eftir skóla kl. 16:00. Krakkar úr 5. til 6. bekk eru að klára æfingar fyrir kl. 18:00 og eldri nemendur eftir það.

Nokkurt álag getur skapast þegar 1. til 4. bekkur eru í leikfimi vegna klefavörslu. Atvik koma upp þar sem nemendur af sama kyni eru í tveimur klefum á sama tíma. Þegar það kemur fyrir þarf starfsmaður að sinna klefavörslu í tveimur klefum. Á sama tíma eru skólaliðar sem fylgt hafa nemendum að bíða eftir þeim. Kemur til greina að þeir sinni klefavörslu þegar þess þarf í stað þess að bíða eftir nemendum?

Eftir að skóla lýkur hafa einnig verið tveir starfsmenn á vakt en var áður einn. Foreldrar kölluðu eftir að það væru starfsmenn af báðum kynjum á vakt á hverjum tíma. Um helgar er einn á vakt. Á virkum dögum hættir annar starfsmaðurinn kl. 22:00 en hinn lýkur störfum kl. 23:30.

Samkvæmt upplýsingum frá frístundafulltrúa kom ekkert atvik uppá s.l. vetur, sem kallar á að tveir séu á vakt eftir að skóla lýkur, þ.e. eftir að ákveðið var að vera með tvo á seinni vakt, þar sem nauðsynlegt hefði verið að vera með starfsmenn af báðum kynjum. Vissulega er einn og einn viðburður þar sem æskilegt er að vera með fleiri en einn starfsmann, t.d. þorrablót og aðrar slíkar skemmtanir, en því hefur þá bara verið mætt með aukavöktum.

Nemendur 3. og 4. bekkjar, sem  fara á æfingar eftir að skóla lýkur, bíða á gangi og í stiga íþróttahússins frekar en að fara í frístund í Húsi frítímans. Þetta vill gerast t.d. ef ein til ein og hálf klukkustund líður frá því að skóla lýkur og þar til æfingar byrja. Það tekur tíma að fara í Hús frítímans og til baka í mismunandi veðrum og því velja þau frekar að bíða í íþróttahúsinu. Vegna þrengsla þar getur þetta skapað ýmis vandamál, einelti o.s.frv.

Yfir sumarmánuðina hefur verið einn starfsmaður á vakt í íþróttahúsinu en vaktirnar hafa verið tvískiptar á virkum dögum. Stöðugildin eru 4,65 yfir vetrarmánuðina en 4 yfir sumarmánuðina.

*Tafla 77: Rekstraryfirlit fyrir íþróttahús Sauðárkróki, í þúsundum króna*

| | | | | | Breyting | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Leiga á sal | -4.301 | -3.079 | -2.892 | -3.817 | -28,4% | -6,1% | 32,0% | -11,3% | 485 |
| IF - Húsaleiga | | | | -326 | | | | | -326 |
| IF - afnot íþróttafélaganna | -15.610 | -16.600 | -17.015 | -17.526 | 6,3% | 2,5% | 3,0% | 12,3% | -1.916 |
| IF - afnot skóla | -3.535 | -3.800 | -3.895 | -4.012 | 7,5% | 2,5% | 3,0% | 13,5% | -477 |
| **Samtals tekjur** | **-23.446** | **-23.479** | **-23.802** | **-25.681** | **0,1%** | **1,4%** | **7,9%** | **9,5%** | **-2.234** |
| Mánaðarlaun | 6.873 | 3.125 | 5.750 | 4.139 | -54,5% | 84,0% | -28,0% | -39,8% | -2.734 |
| Húsverðir | 8.686 | 18.976 | 13.030 | 17.521 | 118,5% | -31,3% | 34,5% | 101,7% | 8.835 |
| Yfirvinna | 6.028 | 4.386 | 3.499 | 4.220 | -27,2% | -20,2% | 20,6% | -30,0% | -1.808 |
| Álagsgreiðslur | 1.733 | 2.683 | 2.550 | 3.981 | 54,8% | -4,9% | 56,1% | 129,7% | 2.248 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga Brú | 107 | 107 | 107 | 107 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 |
| Áfallið orlof | 63 | -60 | 155 | 968 | -196,2% | -358,2% | 523,6% | 1448,7% | 906 |
| Launatengd gjöld | 4.997 | 6.838 | 5.962 | 7.088 | 36,8% | -12,8% | 18,9% | 41,8% | 2.090 |
| Kaffi-, fæðis- og matarkostnaður | 493 | 502 | 440 | 276 | 1,9% | -12,4% | -37,3% | -44,1% | -217 |
| **Launagjöld samtals** | **28.979** | **36.557** | **31.494** | **38.299** | **26,1%** | **-13,8%** | **21,6%** | **32,2%** | **9.320** |
| Hreinlætisvörur | 546 | 884 | 639 | 757 | 62,1% | -27,8% | 18,5% | 38,7% | 211 |
| Vinnufatnaður | 1 | 100 | 0 | 9 | 19859,7% | -100,0% | | 1730,7% | 9 |
| Rafmagn | 5.023 | 4.085 | 4.047 | 5.204 | -18,7% | -0,9% | 28,6% | 3,6% | 181 |
| Heitt vatn | 780 | 951 | 982 | 1.272 | 21,9% | 3,3% | 29,6% | 63,1% | 492 |
| Önnur vörukaup | 1.798 | 2.994 | 2.397 | 1.843 | 66,5% | -19,9% | -23,1% | 2,5% | 45 |
| **Vörukaup samtals** | **8.147** | **9.014** | **8.064** | **9.085** | **10,6%** | **-10,5%** | **12,7%** | **11,5%** | **939** |
| IF - húsaleiga | 58.929 | 60.288 | 62.398 | 65.533 | 2,3% | 3,5% | 5,0% | 11,2% | 6.604 |
| Önnur þjónustukaup | 2.642 | 3.209 | 3.840 | 4.174 | 21,4% | 19,7% | 8,7% | 58,0% | 1.532 |
| **Þjónustukaup samtals** | **61.571** | **63.497** | **66.238** | **69.707** | **3,1%** | **4,3%** | **5,2%** | **13,2%** | **8.136** |
| **Skattar og fjármagnsgjöld** | **60** | **59** | **60** | | **-1,9%** | **1,8%** | **-100,0%** | **-100,0%** | **-60** |
| **Gjöld samtals** | **98.756** | **109.126** | **105.857** | **117.091** | **10,5%** | **-3,0%** | **10,6%** | **18,6%** | **18.335** |
| Rekstrarniðurstaða | 75.310 | 85.647 | 82.055 | 91.410 | 13,7% | -4,2% | 11,4% | 21,4% | 16.100 |
| Fjárhagsáætlun, fjárhiemild | 70.726 | 86.825 | 85.419 | 88.653 | 22,8% | -1,6% | 3,8% | 25,3% | 17.927 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | -4.584 | 1.178 | 3.364 | -2.757 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðar- og húsvarðarlaunum | 38,7% | 19,8% | 18,6% | 19,5% | | | | | |
| Álagsgreiðslur sem hlutfall af m. og húsv.l. | 11,8% | 11,5% | 15,4% | 18,3% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 77 sýnir rekstrargjöld fyrir íþróttahúsið á Sauðárkróki.

Eins og fram kemur í töflunni hækka gjöldin um 18 millj. kr. á milli áranna 2019 og 2022, eða um 19%. Launagjöld hækka um 9,3 millj. kr. á milli áranna 2019 og 2022, eða um 32%. Vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga hækkaði um 33,9% á milli áranna 2019 og 2022.

Á milli áranna 2019 og 2022 hækkaði ársmeðaltal vísitölu neysluverðs um 16,3%. Til samanburðar hækkuðu vörukaup um 11,5% og þjónustukaup um 13,2%, eða hlutfallslega minna en vísitala neysluverðs hækkaði.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum og launum húsvarða fer lækkandi og lækkar einnig í krónum talið. Hins vegar hækka álagsgreiðslur nokkuð og þá sérstaklega árið 2022. Þær rúmlega tvöfaldast frá árinu 2019 til 2022. Hér er líklega um að ræða áhrif kjarasamninga sem gerðir voru á tímabilinu.

Árin 2019 og 2022 voru rekstrargjöld hærri en fjárhagsáætlun sagði til um en lægri árin 2020 og 2021.

## Leikskólar Skagafjarðar

Í Skagafirði eru reknir þrír leikskólar, leikskólinn Ársalir á Sauðárkróki, leikskólinn Birkilundur í Varmahlíð, sem rekinn er í aðskildu húsnæði, og leikskólinn Tröllaborg sem rekinn er á tveimur stöðum. Brúsabær sem er á Hólum og Barnaborg sem er á Hofsósi.

*Tafla 78: Fjöldi nemenda í leikskólum Skagafjarðar 2012 til 2021*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Breyting 2021-2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ársalir | 152 | 152 | 163 | 165 | 175 | 171 | 175 | 172 | 171 | 166 | 14 |
| Birkilundur | 35 | 36 | 33 | 35 | 38 | 39 | 34 | 37 | 36 | 34 | -1 |
| Tröllaborg | 32 | 37 | 21 | 22 | 22 | 25 | 20 | 27 | 25 | 27 | -5 |
| **Samtals** | **219** | **225** | **217** | **222** | **235** | **235** | **229** | **236** | **232** | **227** | **8** |
| Breyting á milli ára | | 6 | -8 | 5 | 13 | 0 | -6 | 7 | -4 | -5 | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 78 sýnir fjölda nemenda í leikskólum Skagafjarðar árin 2012 til 2021. Á tímabilinu hefur nemendum fjölgað samtals um 8. Voru samtals 219 árið 2012 en 227 árið 2021. Flestir voru nemendurnir árið 2019, eða 236. Þeim hefur síðan farið fækkandi.

Það fjölgaði um 14 nemendur í Ársölum en fækkaði í báðum hinum leikskólunum.

*Tafla 79: Fjöldi Heildagsígilda (HDÍG) í leikskólum Skagafjarðar árin 2012 til 2021*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Breyting 2021-2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ársalir | 142 | 143 | 155 | 173 | 174 | 179 | 176 | 179 | 175 | 170 | 28 |
| Birkilundur | 29 | 29 | 29 | 32 | 35 | 35 | 33 | 34 | 35 | 33 | 4 |
| Tröllaborg | 27 | 31 | 17 | 18 | 20 | 21 | 19 | 24 | 24 | 24 | -3 |
| **Samtals** | **198** | **203** | **201** | **222** | **228** | **236** | **228** | **237** | **234** | **226** | 29 |
| Breyting á milli ára | | 6 | -3 | 22 | 6 | 8 | -8 | 9 | -3 | -8 | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 79 sýnir fjölda heildagsígilda (HDÍG) í leikskólum Skagafjarðar árin 2012 til 2021.

Nemandi sem er átta klukkustundir á dag í leikskóla telst eitt HDÍG. Barn sem er í fjórar klukkustundir á dag telst 0,5 HDÍG o.s.frv.

HDÍG fjölgar um 29 á þessu tímabili. Þeim fækkar á Tröllaborg en fjölgar bæði í Ársölum og Birkilundi.

Í næstu köflum verður fjallað um starfsemi leikskóla Skagafjarðar og þeir meðal annars bornir saman við aðra leikskóla miðað við sambærilegan fjölda heildagsígilda (eitt HDÍG er barn sem er í 8 klst. í leikskóla), þ.e.a.s. fimm næstu leikskólar með færri HDÍG og fimm næstu með fleiri. Samanburðurinn er settur fram til að skoða stöðu leikskóla Skagafjarðar gagnvart öðrum leikskólum og meta hvort tækifæri eru til að bæta rekstrarumhverfi og

þjónustu leikskólanna. Hafa verður í huga að þjónustuþörf í leikskólum er breytileg, m.a. eftir aldri barna og stuðningsþörf o.s.frv.

Allar rekstrartölur eru án innri leigu vegna breytileika sveitarfélaga við útreikning hennar.

## Leikskólinn Ársalir

Leikskólinn Ársalir er 11 deilda leikskóli á tveimur starfsstöðvum. Á annarri starfsstöðinni eru þrjár deildir fyrir nemendur á aldinum frá 12 mánaða til 24 mánaða. Á hinni starfsstöðinni eru átta deildir fyrir nemendur frá tveggja ára upp í sex ára.

Við leikskólann er leikskólastjóri og tveir aðstoðarleikskólastjórar. Aðstoðarleikskólastjórarnir eru hvor með 10 klukkustunda vinnuskyldu inn á deild í hverri viku. Auk þess eru 11 deildarstjórar. Einn fyrir hverja deild.

Næsti yfirmaður leikskólastjóra er fræðslustjóri.

*Tafla 80: Stöðugildi við Ársali*

| | Eldri deild | Yngri deild | Samtals |
|---|---|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,0 | | 1,0 |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 1,0 | 1,0 | 2,0 |
| Deildarstjórar | 8,0 | 3,0 | 11,0 |
| Deildarstjóri námsaðlögunar (sérkennslustjóri) | 1,0 | | 1,0 |
| Leikskólakennarar | 4,7 | | 4,7 |
| Faglærðir, aðrir | 2,0 | 3,0 | 5,0 |
| Ófaglærðir | 25,6 | 9,0 | 34,6 |
| Matráður | 2,4 | 0,9 | 3,3 |
| Ritari | 1,0 | | 1,0 |
| **Samtals** | **46,7** | **16,9** | **63,6** |

Heimild: Leikskólinn Ársalir

Tafla 80 sýnir fjölda stöðugilda við leikskólann Ársali í júní 2023. Auk leikskólastjóra starfar deildarstjóri námsaðlögunar og ritari fyrir báðar starfsstöðvarnar.

Eins og þarna kemur fram eru stöðugildin (júní 2023) samtals 63,6. Þar af eru 46,7 á eldri deild og 16,9 á yngri deild.

Á yngra stiginu eru 48 börn og 152 á eldra stiginu, eða 200 börn samtals.

Annar aðstoðarleikskólastjórinn er staðsettur á yngra stigi og sér um daglegan rekstur þar. Hinn aðstoðarleikskólastjórinn er á eldra stigi og aðstoðar leikskólastjóra með daglegan rekstur þar.

Leikskólastjóri hefur ekki reglulega viðveru á yngra stiginu nema þegar eru reglulegir deildarstjórafundir þar. Leikskólastjóri hefur leyst aðstoðarleikskólastjóra á yngri deildinni af þegar þess hefur þurft.

Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku á hvorri starfsstöð nema einu sinni í mánuði er sameiginlegur fundur. Fundirnir eru á þriðjudögum. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar sitja alla deildarstjórafundi. Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar eru einnig með samráðsfund einu sinni í viku.

Þannig sitja leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórarnir tvo fundi í viku nema vikuna sem er sameiginlegur deildarstjórafundur.

Í stjórnun skólans hefur leikskólastjóri lagt áherslu á að leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar vinni saman sem stjórnendateymi og taki sameiginlegar ákvarðanir.

Leikskólinn á báðum starfsstöðvum opnar á sama tíma, þ.e. kl. 7:45 en yngra stigið lokar kl. 16:15 og eldra kl. 16:30. Það mætir einn á hverri deild fyrir kl. 8:00. Starfsmenn skipta því með sér að mæta fyrir kl. 8:00 á morgnana.

Á leikskólanum er full vinnustytting. Starfsmenn leikskólans taka einn dag í frí aðra hverja viku. Þetta næst með styttri vinnuviku og að selja alla kaffitíma, þ.e. að fá frí í stað þess að taka kaffi. Er þetta breyting sem kom inn með kjarasamningum sem gerðir voru árið 2020. Hver starfsmaður fær frí í tvo heila daga í mánuði. Byrjuðu á þessu s.l. haust og mikil ánægja. Starfsmenn fá neysluhlé. Vegna þessa var bætt við einu stöðugildi vegna aukins undirbúnings í kjarasamningum og vinnustyttingar haust 2020.

Hér er um viðbótarfrídaga að ræða sem nemur um 20 dögum á ári. Auk þessa hefur verið samið í kjarasamningum um að sumarleyfi allra sé í 30 daga. Áður fór það eftir líf-/ starfsaldri hversu marga frídaga starfsmenn fengu. Þeir sem höfðu lengstan starfsaldur fengu 30 daga í orlof. Samkvæmt þessu hefur hver starfsmaður um 50 virka daga á ári í frí.

Nemendur eru almennt í 8 og 8,5 klukkustund á dag. Reynslan hefur sýnt að nemendur eru ekki sóttir fyrr úr leikskólanum eftir að vinnustyttingin tók gildi að sögn leikskólastjóra. Þannig virðist vinnustyttingin ekki hafa náð til leikskólanemenda.

Fram kom í máli leikskólastjóra að starfsmenn væru almennt vel meðvitaðir um að panta tíma hjá lækni o.s.frv. á vinnustyttingatímann, þ.e. að starfsmenn eru vel meðvitaðir um að nýta vinnustyttingardaga til útréttinga. Undantekningar hafa verið vegna viðtala í grunnskólanum og læknaviðtöl ásamt fleiri atriðum.

Árið 2022 var ákveðið að taka inn nýja nemendur þrisvar á ári, þ.e. í janúar, maí og ágúst ár hvert.

Fram kom í máli leikskólastjóra að góð samskipti væru við fræðslustjóra og stjórnendur almennt hjá sveitarfélaginu. Einnig kom fram að utanumhald um rekstur skólans gæti oft á tíðum verið flókið vegna þess hversu fjölmennur hann væri, bæði hvað varðar nemendur og starfsmenn.

Maturinn á leikskólanum er aðkeyptur. Matráðsmaður á yngra stigi er í 87,5% stöðugildi og eldra stigi í 2,4 stöðugildum.

Fram kom í máli leikskólastjóra að á undanförnum árum hafi orðið nokkur fjölgun nemenda sem þurfa aukinn stuðning. Er breyting frá því sem áður var. Það fjölgar á hverju ári börnum sem þurfa aukinn stuðning.

Að sögn leikskólastjóra hefur stuðningur við nemendur undanfarin 10 ár farið úr því að vera við eitt og eitt barn og í það að þurfa stuðning við nemendur á flestum deildum og á mörgum deildunum er stuðningur við nokkur börn á viðkomandi deild.

*Tafla 81: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla og á hvert HDÍG árið 2021 í þúsundum króna*

| | Reykjavíkurborg Leikskólinn Laugasól | Akraneskaupstaður Leikskólinn Akrasel | Reykjavíkurborg Leikskólinn Langholt | Múlaþing Leikskólinn Tjarnarskógur | Reykjavíkurborg Leikskólinn Dalskóli | Skagafjörður Leikskólinn Ársalir | Reykjavíkurborg Leikskólinn Rauðhóll | Garðabær Leikskólinn Urriðaholtsskóli | Seltjarnarnesbær Leikskólinn Seltjarnarnes | Samtals | Mismunur meðaltals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 146,9 | 153,8 | 164,4 | 167,0 | 167,5 | 170,0 | 200,9 | 216,4 | 220,5 | 1.607 | |
| Fjöldi nemenda | 144 | 149 | 160 | 177 | 161 | 166 | 197 | 211 | 217 | 1.582 | |
| Laun og launatengd gjöld | 399.156 | 293.936 | 394.709 | 444.648 | 601.750 | 453.307 | 526.016 | 410.646 | 669.858 | 4.194.027 | |
| Annar rekstrarkostnaður | 49.034 | 46.495 | 55.701 | 40.444 | 54.121 | 57.926 | 50.533 | 104.873 | 144.913 | 604.041 | |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **448.190** | **340.431** | **450.410** | **485.092** | **655.872** | **511.233** | **576.549** | **515.519** | **814.771** | **4.798.067** | |
| Tekjur | -41.381 | -81.340 | -49.239 | -66.863 | -52.098 | -85.376 | -54.868 | -88.906 | -81.232 | -601.303 | |
| Nettó rekstrarkostnaður | 406.809 | 259.091 | 401.170 | 418.230 | 603.773 | 425.856 | 521.682 | 426.613 | 733.539 | 4.196.764 | |
| **Útgjöld á hvert HDÍG** | | | | | | | | | | | |
| Tekjur | -281,74 | -529,04 | -299,56 | -400,38 | -311,03 | -502,21 | -273,14 | -410,89 | -368,40 | -374,12 | |
| Laun og launatengd gjöld | 2.717,7 | 1.911,8 | 2.401,3 | 2.662,6 | 3.592,5 | 2.666,5 | 2.618,6 | 1.897,8 | 3.037,9 | 2.609,4 | 57,1 |
| Annar rekstrarkostnaður | 334 | 302 | 339 | 242 | 323 | 341 | 252 | 485 | 657 | 375,8 | -35,1 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 3.052 | 2.214 | 2.740 | 2.905 | 3.916 | 3.007 | 2.870 | 2.383 | 3.695 | 2.985,3 | 22,0 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 9,2% | 23,9% | 10,9% | 13,8% | 7,9% | 16,7% | 9,5% | 17,2% | 10,0% | 12,5% | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 81 sýnir samanburð á rekstrargjöldum og rekstrartekjum og á hvert HDÍG í samanburðar leikskólum árið 2021 í þús. kr.

Á landinu öllu voru árið 2021 þrír leikskólar með fleiri nemendur en Ársalir.

Í samanburðinum má sjá að fimm leikskólar voru með lægri launakostnað og rekstrarkostnað á hvert HDÍG en Ársalir. Af þessum fimm leikskólum voru tveir af þremur leikskólum með fleiri HDÍG en Ársalir.

Eins og fram kemur í töflunni námu tekjur Ársala 16,7% af gjöldum leikskólans. Meðaltalið fyrir samanburðarleikskólana var 12,5%. Hjá tveimur leikskólum í þessum samanburði var þetta hlutfall hærra.

*Tafla 82: Fjöldi stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi hjá samanburðarleikskólum árið 2021*

| | Reykjavíkurborg Leikskólinn Laugasól | Akraneskaupstaður Leikskólinn Akrasel | Reykjavíkurborg Leikskólinn Langholt | Múlaþing Leikskólinn Tjarnarskógur | Reykjavíkurborg Leikskólinn Dalskóli | Skagafjörður Leikskólinn Ársalir | Reykjavíkurborg Leikskólinn Rauðhóll | Garðabær Leikskólinn Urriðaholtsskóli | Seltjarnarnesbær Leikskólinn Seltjarnarnes | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 146,9 | 153,8 | 164,4 | 167,0 | 167,5 | 170,0 | 200,9 | 216,4 | 220,5 | 1.607 |
| Leikskólakennari | 14,4 | 11,8 | 15,0 | 11,8 | 16,2 | 17,5 | 13,4 | 7,8 | 16,7 | 124,6 |
| Önnur uppeldirsfræðimenntun | 3,0 | 6,7 | 0,0 | 18,3 | 2,0 | 7,0 | 11,6 | 22,7 | 18,6 | 89,9 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 22,9 | 16,0 | 30,2 | 21,5 | 38,7 | 27,5 | 26,5 | 28,9 | 36,5 | 248,7 |
| Aðrir starfsmenn | 3,0 | 2,8 | 2,5 | 2,1 | 0,5 | 2,7 | 4,0 | 1,0 | 1,0 | 19,6 |
| Samtals stöðugildi | 43,3 | 37,2 | 47,7 | 53,8 | 57,5 | 54,7 | 55,5 | 60,4 | 72,8 | 482,8 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 3,4 | 4,1 | 3,4 | 3,1 | 2,9 | 3,1 | 3,6 | 3,6 | 3,0 | 3,3 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af stamtals stg. | 33,2% | 31,7% | 31,4% | 22,0% | 28,2% | 32,0% | 24,1% | 12,9% | 22,9% | 25,8% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldisfr. af samt. stg. | 40,2% | 49,7% | 31,4% | 56,0% | 31,7% | 44,8% | 45,0% | 50,5% | 48,4% | 44,4% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 82 sýnir fjölda stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi hjá samanburðarleikskólum árið 2021.

Eins og fram kemur í töflunni voru tveir leikskólar með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Ársalir. Fjöldi HDÍG að meðaltali fyrir þessa leikskóla var 3,3 HDÍG á hvert stöðugildi samanborið við að það var 3,1 hjá Ársölum. Hefði fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi hjá Ársölum

verið það sama og meðaltalið hefði fjöldi stöðugilda verið 51,1 samanborið við að þau voru 54,7. Þannig hefðu stöðugildi verið 3,6 færri en þau voru í raun.

Einn leikskóli var með hærra hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals.

*Tafla 83: Yfirlit yfir rekstrargjöld og -tekjur Ársala árin 2019 til 2021 í þúsundum króna*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Dagvistunargjöld | -47.395 | -43.105 | -52.528 | -55.131 | -9,1% | 21,9% | 5,0% | 16,3% | -7.736 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur - þjónustutekjur | | | 48 | 48 | | | | | 48 |
| Endurgreiðslur sveitarfélaga | -2.612 | -7.927 | -6.571 | | 203,5% | -17,1% | -100,0% | -100,0% | 2.612 |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | -2.893 | -3.648 | -2.330 | -1.371 | 26,1% | -36,1% | -41,2% | -52,6% | 1.522 |
| Styrkir/Framlög | | | | -36 | | | | | -36 |
| Fæðisgjöld | -24.103 | -21.650 | -23.996 | -25.007 | -10,2% | 10,8% | 4,2% | 3,8% | -904 |
| **Samtals tekjur** | **-77.002** | **-76.329** | **-85.376** | **-81.496** | **-0,9%** | **11,9%** | **-4,5%** | **5,8%** | **-4.493** |
| Mánaðarlaun | 266.101 | 286.683 | 340.046 | 377.488 | 7,7% | 18,6% | 11,0% | 41,9% | 111.387 |
| Mánaðarlaun kennara | | | | 20 | | | | | 20 |
| Stuðningsfulltrúar | | | 113 | 18 | | | -84,3% | | 18 |
| Matráðar | 11.422 | 12.116 | 13.649 | 14.988 | 6,1% | 12,7% | 9,8% | 31,2% | 3.565 |
| Skólaliðar/Ræstingarlaun | 673 | | | -40 | -100,0% | | | -106,0% | -714 |
| Nefndarlaun | 463 | | | 22 | -100,0% | | | -95,3% | -441 |
| Yfirvinna | 4.406 | 4.449 | 6.064 | 8.776 | 1,0% | 36,3% | 44,7% | 99,2% | 4.370 |
| Álagsgreiðslur | 1.340 | 1.632 | 1.536 | 2.048 | 21,8% | -5,9% | 33,3% | 52,8% | 708 |
| Áfallið orlof | -1.728 | 5.915 | 3.824 | 4.515 | -442,3% | -35,3% | 18,1% | -361,3% | 6.243 |
| Fatapeningar | 1.177 | 1.318 | 1.302 | 1.163 | 12,0% | -1,2% | -10,7% | -1,2% | -14 |
| Launatengd gjöld | 67.673 | 74.092 | 86.417 | 96.822 | 9,5% | 16,6% | 12,0% | 43,1% | 29.149 |
| Starfsmannakostnaður | 1.736 | 430 | 355 | 291 | -75,2% | -17,5% | -18,1% | -83,2% | -1.445 |
| **Launagjöld samtals** | **353.263** | **386.635** | **453.307** | **506.110** | **9,4%** | **17,2%** | **11,6%** | **43,3%** | **152.847** |
| Tölvubúnaður, símar og rekstarvörur | 33 | 1.291 | 477 | 217 | 3760,8% | -63,0% | -54,5% | 550,3% | 184 |
| Tölvur, skjávarpar og ljósritunarvélar | 1.130 | 341 | | 2.102 | -69,8% | -100,0% | | 86,1% | 973 |
| Matvæli | 23.320 | 27.682 | 31.695 | 34.347 | 18,7% | 14,5% | 8,4% | 47,3% | 11.027 |
| Hreinlætisvörur | 1.345 | 2.079 | 2.045 | 2.183 | 54,6% | -1,6% | 6,7% | 62,3% | 838 |
| Vinnufatnaður | 0 | 146 | 57 | 529 | | -61,0% | 831,7% | | 529 |
| Rafmagn og hiti | 3.086 | 3.232 | 2.745 | 3.851 | 4,8% | -15,1% | 40,3% | 24,8% | 765 |
| Húsgögn og innanstokksmunir | 86 | 25 | 8 | 2.214 | -70,4% | -68,7% | 27641,6% | 2468,5% | 2.128 |
| Önnur vörukaup | 935 | 870 | 1.098 | 2.135 | -7,0% | 26,3% | 94,4% | 128,3% | 1.200 |
| **Samtals vörukaup** | **29.935** | **35.666** | **38.126** | **47.579** | **19,1%** | **6,9%** | **24,8%** | **58,9%** | **17.644** |
| Internettengingar oþh. | 666 | 1.104 | 916 | 2.096 | 65,7% | -17,0% | 129,0% | 214,8% | 1.430 |
| IF - húsaleiga | 49.468 | 50.616 | 52.388 | 55.020 | 2,3% | 3,5% | 5,0% | 11,2% | 5.551 |
| Hreingerningar og þrif | 10.344 | 10.646 | 10.834 | 12.234 | 2,9% | 1,8% | 12,9% | 18,3% | 1.890 |
| Þjónustukaup önnur | 4.931 | 7.253 | 8.187 | 7.377 | 47,1% | 12,9% | -9,9% | 49,6% | 2.446 |
| **Samtals þjónustukaup** | **65.410** | **69.618** | **72.324** | **76.728** | **6,4%** | **3,9%** | **6,1%** | **17,3%** | **11.318** |
| **Samtals gjöld** | **448.608** | **491.919** | **563.756** | **630.416** | **9,7%** | **14,6%** | **11,8%** | **40,5%** | **181.809** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **371.605** | **415.590** | **478.380** | **548.921** | **11,8%** | **15,1%** | **14,7%** | **47,7%** | **177.315** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 373.749 | 400.597 | 486.059 | 505.414 | 7,2% | 21,3% | 4,0% | 35,2% | 131.665 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | 2.144 | -14.993 | 7.679 | -43.507 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 1,6% | 1,5% | 1,7% | 2,2% | | | | | |
| Fæðisgjöld - matvæli | 783 | -6.033 | -7.699 | -9.341 | | | | | |
| Fæðisgjöld - matvæli - matráður | -10.640 | -18.149 | -21.348 | -24.328 | | | | | |
| (Dagvistunargjöld+fæðisgjöld)/samtals gjöldum | 15,9% | 13,2% | 13,6% | 12,7% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 83 sýnir rekstrargjöld og -tekjur leikskólans Ársalir árin 2019 til 2022 í þús. kr.

Frá árinu 2019 til ársins 2022 hafa launagjöld samtals hækkað um 43,3%, eða um 153 millj. kr. Rífleg hækkun er á milli ára.

Vörukaup samtals hækka á milli þessara ára um 58,9%, eða um 17,6 millj. kr. Eins og launagjöldin hækka vörukaupin ríflega á milli ára.

Þjónustukaupin hækka um 17,3%.

Samtals hækkuðu rekstrargjöldin um 40,5%, eða um 182 millj. kr.

Á milli áranna 2019 og 2022 hækkaði vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga um 33,9% og neysluverðsvísitala um 16,3%. Þannig er ljóst að bæði launagjöld og gjöld vegna vörukaupa hækka umtalsvert meira en vísitölurnar hækkuðu á þessu tímabili.

Tvö ár af fjórum eru rekstrargjöldin undir heimildum fjárhagsáætlunar. Árið 2022 voru rekstrargjöldin 43,5 millj. kr. hærri en fjárhagsáætlun heimilaði.

Fæðisgjöld stóðu ekki undir kostnaði vegna kaupa á matvælum þrjú síðustu árin.

Dagvistar- og fæðisgjöld sem hlutfall af samtals gjöldum fór lækkandi á tímabilinu, var 15,9% árið 2019 en 12,7% árið 2022.

*Tafla 84: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Ársalir árin 2012 til 2021 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 142 | 143 | 155 | 173 | 174 | 179 | 176 | 179 | 175 | 170 |
| Leikskólakennari | 25,5 | 21,6 | 20,8 | 19,3 | 19,3 | 18,1 | 18,0 | 16,9 | 17,4 | 17,5 |
| Önnur uppeldirsfræðimenntun | 2,0 | 4,0 | 5,5 | 3,8 | 4,5 | 4,0 | 0,5 | 6,0 | 5,5 | 7,0 |
| Aðrir starfsmenn | 14,7 | 16,9 | 20,6 | 18,8 | 20,2 | 23,1 | 29,9 | 29,7 | 33,2 | 30,2 |
| Samtals stöðugildi | 42,2 | 42,4 | 46,8 | 41,8 | 44,0 | 45,2 | 48,3 | 52,6 | 56,2 | 54,7 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 3,4 | 3,4 | 3,3 | 4,1 | 3,9 | 4,0 | 3,6 | 3,4 | 3,1 | 3,1 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af stamtals stg. | 60,4% | 50,9% | 44,4% | 46,0% | 43,9% | 40,0% | 37,2% | 32,2% | 31,0% | 32,0% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldisfr. af samt. stg. | 65,2% | 60,3% | 56,1% | 55,0% | 54,1% | 48,8% | 38,2% | 43,6% | 40,9% | 44,8% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Í töflu 84 má sjá þróun fjölda HDÍG, stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Ársalir frá árinu 2012 til 2021.

Aukning var á fjölda HDÍG frá árinu 2012 til 2021 þó þannig að þeim fækkaði árið 2018, 2020 og 2021. Stöðugildum fór fjölgandi nema árið 2015 þá fækkaði þeim en fjölgar síðan aftur.

HDÍG á hvert stöðugildi voru flest árið 2015, eða 4,1. Síðan hefur þeim farið fækkandi og voru komin niður í 3,1 HDÍG á hvert stöðugildi. Ef HDÍG hefði verið 4,1 á hvert stöðugildi árið 2021 eins og þau voru árið 2015 hefðu stöðugildi samtals verið 41,2 samanborið við að þau voru 54,7 eða 13,5 fleiri stöðugildi.

## Leikskólinn Birkilundur í Varmahlíð

Leikskólinn Birkilundur er rekinn í tveimur húsum í Varmahlíð. Nokkur spölur er á milli húsanna. Leikskólinn er þriggja deilda leikskóli. Tvær deildir eru í annarri byggingunni þar sem eru nemendur á aldrinum tveggja og hálfs árs til fimm ára. Í hinu húsinu er rekin ein deild fyrir nemendur á aldrinum 12 mánaða til tveggja og háfs árs. Sú deild var opnuð árið 2016.

Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:45 til 16:15.

Þeir sem mæta fyrir kl. 8:00 fá álag á þann tíma. Starfsmenn eru með alls konar vinnutíma og stundum með rúmlega 8 tíma á dag en vinna styttra annan dag á móti að sögn leikskólastjóra.

Við leikskólann er leikskólastjóri og þrír deildarstjórar. Einn af þeim er staðgengill leikskólastjóra.

Leikskólastjórinn er alltaf tvo morgna í viku í eina klukkustund á deildinni fyrir yngstu nemendur. Síðan er hann þar efir þörfum.

Haldnir eru deildarstjórafundir einu sinni í viku í eina til tvær klukkustundir. Þessir fundir eru á vinnutíma.

Deildarfundir eru á þriggja vikna fresti og fara þeir fundir fram á vinnutíma.

Starfsmannafundir eru haldnir átta sinnum á skólaárinu. Þeir fara fram eftir lokun. Gert er ráð fyrir að þeir standi yfir í tvær klukkustundir í senn. Vegna þessa er leikskólinn lokaður í tvo daga á ári og greitt er álag vegna fundarsetunnar.

Leikskólastjórar í sveitarfélaginu hittast einu sinni í mánuði. Láta það skiptast hvar fundirnir er haldnir. Á þeim fundum hefur fræðslustjóri og sérfræðingur á fjölskyldusviði verið einnig.

Birkilundur fær matinn úr grunnskólanum. Í styttri fríum og í lok og við upphaf skólaárs er eldað í Birkilundi, u.þ.b 20 daga á ári. Í stærra húsinu, Birkilundi, eru 27 börn en 16 á Reynilandi, hinu húsinu. Stöðugildi eru alls 14,93. Þar af eru 5,42 á Reynilandi.

*Tafla 85: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla og á hvert HDÍG árið 2021 í þúsundum króna*

| | Garðabær Leikskólinn Sunnuhvoll | Múlaþing Leikskólinn Bjarkatún | Borgarbyggð Leikskólinn Hnoðraból | Múlaþing Leikskólinn Sólvellir | Múlaþing Leikskólinn Hádegishöfði | Skagafjörður Leikskólinn Birkilundur | Flóahreppur Leikskólinn Krakkaborg | Fjarðabyggð Leikskólinn Kæribær | Bláskógabyggð Leikskólinn Álfaborg | Svalbarðsstrandarhreppur Leikskólinn Álfaborg | Hvalfjarðarsveit Leikskólinn Skýjaborg | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 26,6 | 26,8 | 27,3 | 27,5 | 28,0 | 32,6 | 32,8 | 33,0 | 33,4 | 35,3 | 35,6 | 339 |
| Fjöldi nemenda | 27 | 28 | 29 | 29 | 33 | 34 | 36 | 36 | 34 | 35 | 37 | 358 |
| Laun og launatengd gjöld | 110.158 | 91.247 | 81.006 | 89.342 | 125.271 | 115.731 | 142.803 | 95.915 | 109.401 | 95.448 | 101.317 | 1.157.638 |
| Annar rekstrarkostnaður | 17.522 | 9.744 | 7.391 | 7.319 | 9.804 | 9.641 | 19.295 | 23.751 | 36.133 | 11.432 | 14.082 | 166.115 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **127.680** | **100.990** | **88.398** | **96.660** | **135.075** | **125.371** | **162.097** | **119.666** | **145.534** | **106.881** | **115.399** | **1.323.752** |
| Tekjur | -12.366 | -11.847 | -11.535 | -9.863 | -11.135 | -35.315 | -22.270 | -12.313 | -11.734 | -11.307 | -14.779 | -164.461 |
| Nettó rekstrarkostnaður | 115.314 | 89.143 | 76.863 | 86.798 | 123.941 | 90.057 | 139.828 | 107.353 | 133.800 | 95.574 | 100.620 | 1.159.291 |
| **Útgjöld á hvert HDÍG** | | | | | | | | | | | | |
| Tekjur | -464,44 | -442,89 | -423,30 | -358,64 | -397,66 | -1082,44 | -679,99 | -373,11 | -351,58 | -320,77 | -414,84 | |
| Laun og launatengd gjöld | 4.137,4 | 3.411,1 | 2.972,7 | 3.248,8 | 4.474,0 | 3.547,3 | 4.360,4 | 2.906,5 | 3.277,9 | 2.707,8 | 2.844,0 | 3.417,4 |
| Annar rekstrarkostnaður | 658 | 364 | 271 | 266 | 350 | 296 | 589 | 720 | 1.083 | 324 | 395 | 490,4 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 4.796 | 3.775 | 3.244 | 3.515 | 4.824 | 3.843 | 4.950 | 3.626 | 4.361 | 3.032 | 3.239 | 3.907,8 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 9,7% | 11,7% | 13,0% | 10,2% | 8,2% | 28,2% | 13,7% | 10,3% | 8,1% | 10,6% | 12,8% | 3.422,3 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 85 sýnir samanburð á rekstrargjöldum og rekstrartekjum og á hvert HDÍG í samanburðar leikskólum árið 2021 í þús. kr.

Í samanburðinum má sjá að sjö leikskólar voru með lægri launakostnað á hvert HDÍG en Birkilundur.

Sex leikskólar voru með lægri rekstrargjöld samtals en Birkilundur.

Eins og fram kemur í töflunni námu tekjur Ársala 28,2% af gjöldum leikskólans. Hér eru meðtaldar tekjur frá Akrahreppi sem vega nokkuð þungt. Meðaltalið fyrir samanburðarleikskólana var 12,5%.

*Tafla 86: Fjöldi stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi hjá samanburðarleikskólum árið 2021*

| | Garðabær<br>Leikskólinn Sunnuhvoll | Múlaþing<br>Leikskólinn Bjarkatún | Borgarbyggð<br>Leikskólinn Hnoðraból | Múlaþing<br>Leikskólinn Sólvellir | Múlaþing<br>Leikskólinn Hádegishöfði | Skagafjörður<br>Leikskólinn Birkilundur | Flóahreppur<br>Leikskólinn Krakkaborg | Fjarðabyggð<br>Leikskólinn Kæribær | Bláskógabyggð<br>Leikskólinn Álfaborg | Svalbarðsstrandarhreppur<br>Leikskólinn Álfaborg | Hvalfjarðarsveit<br>Leikskólinn Skýjaborg | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 26,6 | 26,8 | 27,3 | 27,5 | 28,0 | 32,6 | 32,8 | 33,0 | 33,4 | 35,3 | 35,6 | 339 |
| Leikskólakennari | 6,4 | 3,0 | 2,0 | 3,8 | 3,5 | 6,2 | 2,8 | 2,8 | 3,0 | 2,0 | 2,0 | 37,6 |
| Önnur uppeldirsfræðimenntun | 3,9 | 0,8 | 1,0 | 1,0 | 4,2 | 5,2 | 2,5 | 2,0 | 1,9 | 1,6 | 3,0 | 27,0 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 3,7 | 5,3 | 6,4 | 5,7 | 5,8 | 1,9 | 10,4 | 4,2 | 6,0 | 6,6 | 6,4 | 62,2 |
| Aðrir starfsmenn | 0,0 | 1,0 | 1,1 | 1,0 | 0,7 | 0,7 | 0,8 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,4 | 6,6 |
| Samtals stöðugildi | 14,0 | 10,1 | 10,5 | 11,5 | 14,2 | 14,1 | 16,4 | 9,0 | 10,9 | 10,1 | 12,8 | 133,4 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 1,9 | 2,7 | 2,6 | 2,4 | 2,0 | 2,3 | 2,0 | 3,7 | 3,1 | 3,5 | 2,8 | 2,5 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af stamtals stg. | 45,8% | 29,8% | 19,1% | 33,3% | 24,8% | 44,3% | 16,8% | 31,4% | 27,6% | 19,7% | 15,7% | 28,1% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldisfr. af samt. stg. | 73,7% | 37,4% | 28,7% | 42,0% | 54,2% | 81,4% | 32,2% | 53,7% | 45,0% | 35,0% | 39,2% | 48,4% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 86 sýnir fjölda stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi hjá samanburðarleikskólum árið 2021.

Eins og fram kemur í töflunni voru þrír leikskólar með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Birkilundur. Fjöldi HDÍG að meðaltali fyrir þessa leikskóla var 2,5 HDÍG á hvert stöðugildi samanborið við að það var 2,3 hjá Birkilundi.

Einn leikskóli var með hærra hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals en Birkilundur. Birkilundur var með langhæsta hlutfall af faglærðu fólki sem hlutfall af stöðugildum samtals.

*Tafla 87: Yfirlit yfir rekstrargjöld og -tekjur Birkilundar árin 2019 til 2021 í þúsundum króna*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Dagvistunargjöld | -8.704 | -8.541 | -9.463 | -10.269 | -1,9% | 10,8% | 8,5% | 18,0% | -1.566 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur - þjónustutekjur | | 342 | | | | -100,0% | | | 0 |
| Hlutdeild Akrahrepps | -14.489 | -18.563 | -21.077 | -10.160 | 28,1% | 13,5% | -51,8% | -29,9% | 4.329 |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | | | -15 | -30 | | | 100,0% | | -30 |
| Styrkir/Framlög | -100 | -8 | | | -92,2% | -100,0% | | -100,0% | 100 |
| Fæðisgjöld | -4.418 | -4.312 | -4.760 | -5.127 | -2,4% | 10,4% | 7,7% | 16,1% | -709 |
| **Samtals tekjur** | **-27.710** | **-31.082** | **-35.315** | **-25.586** | **12,2%** | **13,6%** | **-27,5%** | **-7,7%** | **2.124** |
| Mánaðarlaun | 60.584 | 69.052 | 81.747 | 97.549 | 14,0% | 18,4% | 19,3% | 61,0% | 36.965 |
| Mánaðarlaun kennara | 153 | 133 | 137 | 156 | -13,2% | 3,1% | 13,9% | 2,0% | 3 |
| Stuðningsfulltrúar | | 2 | | | | -100,0% | | | 0 |
| Matráðar | 2.847 | 3.499 | 4.511 | 3.374 | 22,9% | 28,9% | -25,2% | 18,5% | 528 |
| Skólaliðar/Ræstingarlaun | 2.063 | 1.891 | 2.054 | 1.608 | -8,4% | 8,6% | -21,7% | -22,1% | -456 |
| Nefndarlaun | 132 | 0 | | | -100,0% | | | -100,0% | -132 |
| Yfirvinna | 1.824 | 2.972 | 3.589 | 4.618 | 63,0% | 20,8% | 28,7% | 153,2% | 2.794 |
| Álagsgreiðslur | 561 | 664 | 785 | 805 | 18,4% | 18,3% | 2,5% | 43,5% | 244 |
| Áfallið orlof | -621 | 2.816 | -353 | 2.301 | -553,1% | -112,6% | -751,1% | -470,2% | 2.922 |
| Fatapeningar | 298 | 347 | 332 | 275 | 16,3% | -4,2% | -17,1% | -7,6% | -23 |
| Launatengd gjöld | 16.654 | 19.377 | 22.653 | 26.643 | 16,3% | 16,9% | 17,6% | 60,0% | 9.989 |
| Starfsmannakostnaður | 1.160 | 1.041 | 1.053 | 1.449 | -10,3% | 1,1% | 37,6% | 24,9% | 288 |
| **Launagjöld samtals** | **85.653** | **101.792** | **116.508** | **138.776** | **18,8%** | **14,5%** | **19,1%** | **62,0%** | **53.123** |
| Tölvubúnaður, símar og rekstarvörur | 94 | 111 | 129 | 141 | 18,8% | 15,8% | 9,3% | 50,3% | 47 |
| Tölvur, skjávarpar og ljósritunarvélar | 235 | 437 | 298 | 181 | 85,8% | -31,9% | -39,1% | -22,9% | -54 |
| Matvæli og IF -fæðiskaup | 4.237 | 4.402 | 4.249 | 5.111 | 3,9% | -3,5% | 20,3% | 20,6% | 874 |
| Hreinlætisvörur | 275 | 537 | 594 | 637 | 95,5% | 10,7% | 7,2% | 132,1% | 363 |
| Vinnufatnaður | 69 | 44 | 186 | 89 | -35,9% | 319,8% | -52,2% | 28,5% | 20 |
| Rafmagn og hiti | 569 | 711 | 617 | 875 | 24,8% | -13,2% | 41,8% | 53,6% | 305 |
| Húsgögn og innanstokksmunir | 14 | 413 | 218 | 358 | 2855,2% | -47,3% | 64,2% | 2456,4% | 344 |
| Önnur vörukaup | 650 | 978 | 739 | 844 | 50,4% | -24,4% | 14,1% | 29,7% | 193 |
| **Samtals vörukaup** | **6.143** | **7.633** | **7.029** | **8.235** | **24,3%** | **-7,9%** | **17,2%** | **34,1%** | **2.092** |
| Internettengingar oþh. | 252 | 353 | 442 | 707 | 40,0% | 25,1% | 59,8% | 180,0% | 454 |
| IF - húsaleiga og önnur hæusaleiga | 5.347 | 8.811 | 7.633 | 10.782 | 64,8% | -13,4% | 41,2% | 101,6% | 5.434 |
| Hreingerningar og þrif | 374 | | 464 | 2.819 | -100,0% | | 507,0% | 652,8% | 2.444 |
| Þjónustukaup önnur | 1.659 | 2.234 | 2.360 | 2.292 | 34,7% | 5,6% | -2,9% | 38,2% | 634 |
| **Samtals þjónustukaup** | **7.633** | **11.399** | **10.900** | **16.599** | **49,3%** | **-4,4%** | **52,3%** | **117,5%** | **8.967** |
| **Hlutd. í sameiginl. kostn annara** | | | | **10.160** | | | | | 10.160 |
| **Samtals gjöld** | **99.429** | **120.823** | **134.436** | **173.771** | **21,5%** | **11,3%** | **29,3%** | **74,8%** | **74.342** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **71.719** | **89.742** | **99.122** | **148.185** | **25,1%** | **10,5%** | **49,5%** | **106,6%** | **76.466** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 68.720 | 80.401 | 101.409 | 145.965 | 17,0% | 26,1% | 43,9% | 112,4% | 77.245 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | -2.999 | -9.341 | 2.287 | -2.219 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarluanum | 2,8% | 4,0% | 4,1% | 4,5% | | | | | |
| Fæðisgjöld - matvæli | 181 | -89 | 511 | 16 | | | | | |
| Fæðisgjöld - matvæli - matráður | -2.666 | -3.588 | -4.000 | -3.358 | | | | | |
| (Dagvistunargjöld+fæðisgjöld)/samtals gjöldum | 13,2% | 10,6% | 10,6% | 8,9% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 87 sýnir rekstrargjöld og -tekjur leikskólans Birkilundar árin 2019 til 2022 í þús. kr.

Frá árinu 2019 til ársins 2022 hafa launagjöld samtals hækkað um 62%, eða um 53 millj. kr. Rífleg hækkun er á milli allra áranna.

Vörukaup samtals hækka á milli þessara ára um 34%, eða um 2,1 millj. kr. Eins og launagjöldin hækka vörukaupin ríflega á milli ára nema árið 2020 að þau lækkuðu.

Þjónustukaupin hækka um 117%, eða rúmlega tvöfaldast. Meginskýringin er að árið 2019 var ekki greidd húsaleiga án vsk. Árið 2022 var þessi leiga 4.466 þús. kr. Auk þess var IF-húsaleiga.

Samtals hækkuðu rekstrargjöldin um 74,8%, eða um 74 millj. kr.

Á milli áranna 2019 og 2022 hækkaði vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga um 33,9% og neysluverðsvísitala um 16,3%. Þannig er ljóst að launagjöld og gjöld vegna vörukaupa og þjónustukaupa hækka umtalsvert meira en vísitölurnar hækkuðu á þessu tímabili.

Í þrjú ár af fjórum voru rekstrargjöldin hærri en heimildir fjárhagsáætlunar sögðu til um. Ekki var um verulegar upphæðir að ræða.

Fæðisgjöld stóðu undir kostnaði vegna kaupa á matvælum öll árin nema árið 2020.

Dagvistar- og fæðisgjöld sem hlutfall af samtals gjöldum fór lækkandi á tímabilinu, var 13,2% árið 2019 en 8,9% árið 2022.

*Tafla 88: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Birkilundi árin 2012 til 2021 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 29,1 | 29,4 | 28,8 | 31,6 | 34,5 | 35,4 | 32,5 | 34,1 | 34,8 | 32,6 |
| Leikskólakennari | 4,3 | 2,8 | 4,5 | 4,5 | 4,7 | 4,6 | 3,9 | 3,8 | 4,7 | 6,2 |
| Önnur uppeldirsfræðimenntun | 1,0 | 2,1 | 1,4 | 1,4 | 2,4 | 2,5 | 2,5 | 3,2 | 5,2 | 5,2 |
| Aðrir starfsmenn | 3,3 | 3,9 | 2,8 | 3,0 | 4,0 | 4,4 | 5,3 | 4,9 | 3,6 | 2,6 |
| Samtals stöðugildi | 8,6 | 8,8 | 8,7 | 8,9 | 11,1 | 11,5 | 11,7 | 11,8 | 13,5 | 14,0 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 3,4 | 3,3 | 3,3 | 3,6 | 3,1 | 3,1 | 2,8 | 2,9 | 2,6 | 2,3 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af stamtals stg. | 49,8% | 31,9% | 51,8% | 50,8% | 42,2% | 40,2% | 33,5% | 32,0% | 34,7% | 44,3% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldisfr. af samt. stg. | 61,4% | 55,8% | 67,9% | 66,7% | 63,8% | 61,6% | 54,5% | 58,8% | 73,1% | 81,4% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Í töflu 88 má sjá þróun fjölda HDÍG, stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Birkilundi frá árinu 2012 til 2021.

Á tímabilun voru HDÍG flest árið 2017 eða 35,4. Það ár voru stöðugildin samtals 11,5, eða 3,1 HDÍG á hvert stöðugildi. Flest voru HDÍG á hvert stöðugildi árið 2015 þegar þau voru 3,6.

Árið 2021 voru HDÍG 32,6 en stöðugildin 14, eða flest á tímabilinu. Þannig voru HDÍG á hvert stöðugildi 2,3 árið 2021. Það ár voru HDÍG fæst á hvert stöðugildi.

Ef HDÍG hefði verið 3,6 á hvert stöðugildi árið 2021 eins og þau voru árið 2015 hefðu stöðugildi samtals verið 9,13 samanborið við að þau voru 14,0 eða 4,9 fleiri stöðugildi.

## Leikskólinn Tröllaborg

Leikskólinn Tröllaborg er rekinn á tveimur stöðum. Annars vegar á Hofsósi, Barnaborg, og hins vegar á Hólum, Brúsabær. Veturinn 2022/2023 voru alls 32 börn í Tröllaborg; 15 á Hólum og 17 á Hofsósi. Stöðugildi voru áætluð 12,3 (4,7 á Hofsósi, 6,6 á Hólum og leikskólastjóri eitt stöðugildi).

Á Hofsósi eru 4,7 stöðugildi; 0,56 stöðugildi matráður, 0,20 stöðugildi í ræstingu og 3,9 stöðugildi inn á deild.

Á Hólum voru 6,6 stöðugildi fyrir áramótin 2022/2023; 100% matráður, 30% ræsting og 5,3 stöðugildi inn á deild. Af þessum stöðugildum eru 0,2 stöðugildi sem Grunnskólinn austan vatna greiðir fyrir gæslu á börnum í 1.-4. bekk en starfsmaður leikskólans hefur séð um þá gæslu fyrir Grunnskólann austan Vatna í 20% stöðu.

Á Hólum eftir áramót (í febrúar) voru 3,835 stöðugildi þar sem einn starfsmaður fór í veikindaleyfi og svo í fæðingarorlof (100% stöðu) og annar starfsmaður hætti (70% inn á deild og 30% ræsting). Það bættist aðeins við einn starfsmaður í 50% stöðu (0,5 stöðugildi) sem leysti þessi tvö stöðugildi af.

Ástæðan fyrir fjölda stöðugildi á Hólum er sú að matráður eldar fyrir bæði leik- og grunnskólabörnin og vegna sérþarfa nemanda.

Leikskólastjórinn byrjar daginn að jafnaði á Hofsósi og er þar frá kl. 9:00 til 12:00. Hins vegar var staðan þannig s.l. vetur að leikskólastjórinn þurfti að vera meira á Hólum.

Auk leikskólastjóra eru tveir deildarstjórar, einn á hvorum stað. Leikskólakennari á Hólum er staðgengill leikskólastjóra. Á báðum starfsstöðvum er ein leikskóladeild með blandaðan aldur (frá 1-5 ára).

Á Hofsósi opnar leikskólinn kl. 8:00 og er opinn til kl. 16:00. Á Hólum opnar hann kl. 7:45 og er opinn til 16:15. Opnunartíminn er lengri á Hólum vegna þess að þar er meira um að aðstandendur nemenda við leikskólann sækja vinnu á Sauðárkróki.

Matráður vinnur frá kl. 8:00 til 16:00 á Hólum. Annast líka matargerð fyrir grunnskólann þar. Hann tekur einnig til í matsal og þrífur matsalinn. Á Hofsósi vinnur matráður frá kl. 9:15-13:15 og tekur til ávaxtastund kl. 10:00 og hádegisverð. Hann vaskar upp eftir morgunmat og nónhressingu. Starfsfólk á deildinni sér um morgunmat og nónhressingu.

Fyrir áramót á Hólum var starfsmaður í 100% stöðugildi sem annaðist þrif. Hann var í 70% starfi í ræstingu og 30% inn á deild. Þegar starfsmaðurinn hætti fyrir áramót tók hreingerningarfyrirtæki við þrifum og þrífur á Hólum í leikskólanum. Á Hofsósi er starfmaður

í 97,5% stöðugildi sem annast þrif í leikskólanum. Hann er í 77,5% starfi inn á deild og 20% starfi í ræstingu. Ræstingin fer fram á vinnutíma.

Starfsmannaviðtölin hafa farið fram þannig að með góðum fyrirvara (2-3 vikum fyrr) fær starfsfólk viðtalsrammann/viðtalsspurningar og útskýringar á tilgangi og skipulagi starfsmannaviðtalanna sendar í tölvupóst (með starfsmannapósti) til að fara yfir listann og byrja að hugsa hvaða málefni hver starfsmaður vill leggja áherslu á í viðtalinu. Þegar nær dregur minnir leikskólastjóri á að viðtölin nálgast og biður starfsfólk um að bóka tíma í þau. Í fyrra starfsmannaviðtalinu er farið yfir hvað hefur gengið vel og hvað má bæta í starfinu, hvernig samskipti við samstarfsfólk, foreldra og stjórnendur hafa gengið, hvernig líðan starfsfólks er í starfi, hvaða fræðslu, námskeið eða erindi (endurmenntun) starfsfólk vill fá fyrir næsta skólaár, hvort starfsfólk hafi upplifað breytingar á starfslýsingum og ábyrgð undanfarin ár og svo gefst tækifæri til að ræða önnur mál sem starfsmaður vill ræða frekar.

Í seinna viðtalinu er rætt meira um aðbúnað á vinnustaðnum, hvort starfsmaður hafi þau tæki og tól sem hann þarf til að sinna starfinu og meira um þróun í starfi.

Fram kom í máli leikskólastjóra að hann fari reglulega yfir fjárhagstöðu leikskólans. Hins vegar væri gott að haldið yrði námskeið varðandi Wise kerfið. Þannig að hægt væri að nýta alla eiginleika þess.

Einnig kom fram að þörf væri á meiri samráðsvettvangi til að geta rætt ýmis mál, svo sem fagleg mál, stuðningsúrræði o.s.frv. Þetta væri mikilvægt.

Fram kom að leikföng væru orðin gömul og sum hver úr sér gengin.

*Tafla 89: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla og á hvert HDÍG árið 2021 í þúsundum króna*

| | Garðabær Leikskólinn Flataskóli | Bláskógabyggð Bláskógaskóli | Dalabyggð Auðarskóli | Fjarðabyggð Breiðdals- og Stöðvarfj.skóli | Strandabyggð Lækjarbrekka | Skagafjörður Tröllaborg | Þingeyjarsveit Krílabær | Mýrdalshreppur Mánaland | Garðabær Sunnuhvoll | Múlaþing Bjarkatún | Borgarbyggð Hnoðraból | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 18,5 | 19,8 | 22,0 | 23,4 | 23,6 | 23,6 | 23,8 | 25,4 | 26,6 | 26,8 | 27,3 | 261 |
| Fjöldi nemenda | 18 | 20 | 25 | 24 | 25 | 27 | 25 | 25 | 27 | 28 | 29 | 273 |
| Laun og launatengd gjöld | 36.721 | 70.570 | 71.829 | 55.178 | 79.472 | 97.676 | 124.255 | 73.007 | 110.158 | 91.247 | 81.006 | 891.121 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10.382 | 10.931 | 6.554 | 4.520 | 16.555 | 9.775 | 3.838 | 7.086 | 17.522 | 9.744 | 7.391 | 104.300 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **47.104** | **81.501** | **78.383** | **59.699** | **96.028** | **107.451** | **128.093** | **80.093** | **127.680** | **100.990** | **88.398** | **995.420** |
| Tekjur | -10.300 | -6.533 | -5.901 | -6.176 | -9.895 | -16.125 | -7.519 | -11.961 | -12.366 | -11.847 | -11.535 | -110.158 |
| Nettó rekstrarkostnaður | 36.803 | 74.968 | 72.483 | 53.522 | 86.133 | 91.326 | 120.574 | 68.132 | 115.314 | 89.143 | 76.863 | 885.262 |
| **Útgjöld á hvert HDÍG** | | | | | | | | | | | | |
| Tekjur | -556,77 | -330,78 | -268,23 | -264,22 | -418,82 | -682,53 | -316,61 | -471,37 | -464,44 | -442,89 | -423,30 | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.984,9 | 3.573,2 | 3.265,0 | 2.360,6 | 3.363,9 | 4.134,4 | 5.231,8 | 2.877,1 | 4.137,4 | 3.411,1 | 2.972,7 | 3.419,2 |
| Annar rekstrarkostnaður | 561 | 553 | 298 | 193 | 701 | 414 | 162 | 279 | 658 | 364 | 271 | 400,2 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 2.546 | 4.127 | 3.563 | 2.554 | 4.065 | 4.548 | 5.393 | 3.156 | 4.796 | 3.775 | 3.244 | 3.819,4 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 21,9% | 8,0% | 7,5% | 10,3% | 10,3% | 15,0% | 5,9% | 14,9% | 9,7% | 11,7% | 13,0% | 3.396,7 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 89 sýnir samanburð á rekstrargjöldum og rekstrartekjum og á hvert HDÍG í samanburðar leikskólum árið 2021 í þús. kr.

Í samanburðinum má sjá að tveir leikskólar voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en Tröllaborg. Launakostnaður að meðaltali á hvert HDÍG fyrir þessa leikskóla var 3.419,2 þús. kr. samanborið við að hann var 4.134,4 þús. kr. hjá Tröllaborg. Þannig var launkostnaðurinn á hvert stöðugildi hjá Tröllaborg 715 þús. kr. hærri en meðaltalið hjá þessum leikskólum.

Sömu tveir leikskólar voru með hærri rekstrargjöld samtals en Tröllaborg. Rekstrargjöldin að meðaltali fyrir þessa leikskóla var 3.829,4 þús. kr. á hvert HDÍG samanborið við 4.548 þús. kr. hjá Tröllaborg, eða 728,8 þús. kr. hærri.

Eins og fram kemur í töflunni námu tekjur Tröllaborgar 15% af gjöldum leikskólans.

*Tafla 90: Fjöldi stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi hjá samanburðarleikskólum árið 2021*

| | Garðabær Leikskólinn Flataskóli | Bláskógabyggð Bláskógaskóli | Dalabyggð Auðarskóli | Fjarðabyggð Breiðdals- og Stöðvarfj.skóli | Strandabyggð Lækjarbrekka | Skagafjörður Tröllaborg | Þingeyjarsveit Krílabær | Mýrdalshreppur Mánaland | Garðabær Sunnuhvoll | Múlaþing Bjarkatún | Borgarbyggð Hnoðraból | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 18,5 | 19,8 | 22,0 | 23,4 | 23,6 | 23,6 | 23,8 | 25,4 | 26,6 | 26,8 | 27,3 | 261 |
| Leikskólakennari | 3,0 | 3,0 | 0,0 | 0,9 | 1,0 | 3,0 | 2,0 | 1,0 | 6,4 | 3,0 | 2,0 | 25,2 |
| Önnur uppeldirsfræðimenntun | 0,1 | 1,6 | 4,5 | 1,4 | 4,8 | 0,5 | 2,6 | 4,0 | 3,9 | 0,8 | 1,0 | 25,2 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 1,4 | 4,0 | 2,8 | 5,2 | 4,7 | 3,9 | 4,2 | 3,0 | 3,7 | 5,3 | 6,4 | 44,5 |
| Aðrir starfsmenn | 0,0 | 0,8 | 1,1 | 0,0 | 0,0 | 2,0 | 1,6 | 1,5 | 0,0 | 1,0 | 1,1 | 9,1 |
| Samtals stöðugildi | 4,5 | 9,4 | 8,4 | 7,5 | 10,5 | 9,3 | 10,4 | 9,5 | 14,0 | 10,1 | 10,5 | 104,0 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 4,1 | 2,1 | 2,6 | 3,1 | 2,3 | 2,5 | 2,3 | 2,7 | 1,9 | 2,7 | 2,6 | 2,5 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af stamtals stg. | 67,0% | 31,8% | 0,0% | 11,8% | 9,5% | 31,7% | 19,2% | 10,5% | 45,8% | 29,8% | 19,1% | 24,3% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldisfr. af samt. stg. | 69,2% | 48,9% | 53,6% | 30,6% | 55,2% | 37,1% | 44,4% | 52,6% | 73,7% | 37,4% | 28,7% | 48,5% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 90 sýnir fjölda stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi hjá samanburðarleikskólum árið 2021.

Eins og fram kemur í töflunni voru fjórir leikskólar með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Tröllaborg. Fjöldi HDÍG að meðaltali fyrir þessa leikskóla var 2,5 HDÍG á hvert stöðugildi. Sama og það var fyrir Tröllaborg.

Þrír leikskólar voru með hærra hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals en Tröllaborg.

*Tafla 91: Yfirlit yfir rekstrargjöld og -tekjur hjá Tröllaborg árin 2019 til 2021 í þúsundum króna*

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Hlutfallsleg breyting á milli ára 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | Mismunur 2022-2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dagvistunargjöld | -6.161 | -6.277 | -7.701 | -7.607 | 1,9% | 22,7% | -1,2% | 23,5% | -1.445 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur - þjónustutekjur | | | | | | | | | 0 |
| Hlutdeild Akrahrepps | | | | | | | | | 0 |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | | -499 | | -501 | | | | | -501 |
| Styrkir/Framlög | | | -100 | | | | | | 0 |
| Fæðisgjöld | -8.184 | -4.938 | -8.324 | -5.897 | -39,7% | 68,6% | -29,2% | -28,0% | 2.288 |
| **Samtals tekjur** | **-14.346** | **-11.714** | **-16.125** | **-14.005** | **-18,3%** | **37,7%** | **-13,1%** | **-2,4%** | **341** |
| Mánaðarlaun | 43.575 | 57.899 | 62.199 | 72.749 | 32,9% | 7,4% | 17,0% | 67,0% | 29.174 |
| Mánaðarlaun kennara | | | 2 | 38 | | | 1527,8% | | 38 |
| Stuðningsfulltrúar | | | | -60 | | | | | -60 |
| Matráðar | 7.680 | 7.649 | 8.554 | 9.535 | -0,4% | 11,8% | 11,5% | 24,2% | 1.855 |
| Skólaliðar/Ræstingarlaun | 2.431 | 3.783 | 5.264 | 2.947 | 55,6% | 39,1% | -44,0% | 21,2% | 516 |
| Nefndarlaun | 99 | 0 | 0 | | -100,0% | | | -100,0% | -99 |
| Yfirvinna | 673 | 891 | 1.804 | 3.058 | 32,3% | 102,5% | 69,5% | 354,3% | 2.385 |
| Álagsgreiðslur | 0 | 24 | 240 | 216 | | 918,6% | -9,8% | | 216 |
| Áfallið orlof | 423 | 776 | 369 | 1.687 | 83,3% | -52,4% | 357,3% | 298,8% | 1.264 |
| Fatapeningar | 202 | 237 | 258 | 322 | 17,1% | 8,8% | 25,0% | 59,3% | 120 |
| Launatengd gjöld | 13.339 | 17.310 | 18.913 | 21.798 | 29,8% | 9,3% | 15,3% | 63,4% | 8.459 |
| Starfsmannakostnaður | 40 | 79 | 73 | 88 | 100,7% | -8,3% | 21,1% | 122,7% | 49 |
| **Launagjöld samtals** | **68.462** | **88.648** | **97.676** | **112.379** | **29,5%** | **10,2%** | **15,1%** | **64,1%** | **43.917** |
| Tölvubúnaður, símar og rekstarvörur | 19 | 158 | | 57 | 722,1% | -100,0% | | 195,9% | 38 |
| Tölvur, skjávarpar og ljósritunarvélar | 325 | 233 | 114 | 342 | -28,2% | -50,9% | 199,0% | 5,3% | 17 |
| Matvæli og IF -fæðiskaup | 3.013 | 3.436 | 4.046 | 4.738 | 14,0% | 17,8% | 17,1% | 57,2% | 1.725 |
| Hreinlætisvörur | 106 | 239 | 265 | 146 | 126,0% | 10,6% | -44,7% | 38,2% | 40 |
| Vinnufatnaður | 0 | 75 | 166 | 166 | | 121,2% | 0,1% | | 166 |
| Rafmagn og hiti | 813 | 938 | 1.054 | 985 | 15,3% | 12,4% | -6,6% | 21,1% | 172 |
| Húsgögn og innanstokksmunir | 61 | 65 | 148 | 128 | 6,6% | 128,4% | -13,7% | 110,0% | 67 |
| Önnur vörukaup | 261 | 291 | 631 | 544 | 11,4% | 117,3% | -13,8% | 108,6% | 283 |
| **Samtals vörukaup** | **4.598** | **5.434** | **6.425** | **7.106** | **18,2%** | **18,2%** | **10,6%** | **54,5%** | **2.508** |
| Internettengingar oþh. | 126 | 390 | 499 | 862 | 208,2% | 28,0% | 72,8% | 581,9% | 736 |
| IF - húsaleiga | 5.148 | 6.552 | 11.787 | 13.193 | 27,3% | 79,9% | 11,9% | 156,3% | 8.045 |
| Hreingerningar og þrif | | | | | | | | | 0 |
| Þjónustukaup önnur | 1.373 | 2.379 | 2.875 | 3.372 | 73,3% | 20,8% | 17,3% | 145,5% | 1.999 |
| **Samtals þjónustukaup** | **6.648** | **9.321** | **15.161** | **17.427** | **40,2%** | **62,6%** | **15,0%** | **162,1%** | **10.779** |
| **Samtals gjöld** | **79.708** | **103.403** | **119.262** | **136.912** | **29,7%** | **15,3%** | **14,8%** | **71,8%** | **57.204** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **65.362** | **91.689** | **103.137** | **122.907** | **40,3%** | **12,5%** | **19,2%** | **88,0%** | **57.545** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 65.532 | 80.071 | 102.602 | 117.615 | 22,2% | 28,1% | 14,6% | 79,5% | 52.083 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | 169 | -11.619 | -535 | -5.292 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarluanum | 1,3% | 1,3% | 2,4% | 3,6% | | | | | |
| Fæðisgjöld - matvæli | 5.171 | 1.502 | 4.278 | 1.158 | | | | | |
| Fæðisgjöld - matvæli - matráður | -2.509 | -6.147 | -4.276 | -8.377 | | | | | |
| (Dagvistunargjöld+fæðisgjöld)/samtals gjöldum | 18,0% | 10,8% | 13,4% | 9,9% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 91 sýnir rekstrargjöld og -tekjur leikskólans Tröllaborgar árin 2019 til 2022 í þús. kr.

Frá árinu 2019 til ársins 2022 hafa launagjöld samtals hækkað um 64,1%, eða um 43,9 millj. kr. Rífleg hækkun er á milli allra áranna.

Vörukaup samtals hækka á milli þessara ára um 54,5%, eða um 2,5 millj. kr. Eins og launagjöldin hækka vörukaupin ríflega á milli ára, nema árið 2020 að þau lækkuðu. Hækkunin skýrist að mestu vegna hækkunar vegna matvæla og IF-fæðiskaupa, sem hækkar um 57,2%, eða um 1.725 þús. kr.

Þjónustukaupin hækka um 162%. Þar munar mestu um hækkun IF-húsaleigu, sem var 5.148 þús. kr. árið 2019 en 13.193 þús. kr. árið 2022.

Samtals hækkuðu rekstrargjöldin um 71,8%, eða um 57,2 millj. kr.

Á milli áranna 2019 og 2022 hækkaði vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga um 33,9% og neysluverðsvísitala um 16,3%. Þannig er ljóst að launagjöld og gjöld vegna vörukaupa og þjónustukaupa hækka umtalsvert meira en vísitölurnar hækkuðu á þessu tímabili.

Í þrjú ár af fjórum voru rekstrargjöldin hærri en heimild fjárhagsáætlunar sagði til um.

Fæðisgjöld stóðu undir kostnaði vegna kaupa á matvælum öll árin.

Dagvistar- og fæðisgjöld sem hlutfall af samtals gjöldum fór lækkandi á tímabilinu, var 18% árið 2019 en 9,9% árið 2022.

*Tafla 92: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Tröllaborgárin 2012 til 2021 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 26,5 | 30,6 | 17,0 | 18,0 | 19,8 | 21,1 | 19,1 | 24,0 | 24,1 | 23,6 |
| Leikskólakennari | 3,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 5,0 | 3,0 |
| Önnur uppeldirsfræðimenntun | 1,5 | 0,6 | 0,0 | 0,0 | 1,0 | | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,5 |
| Aðrir starfsmenn | 5,3 | 7,1 | 4,0 | 4,0 | 2,8 | 4,4 | 5,3 | 5,5 | 5,6 | 5,9 |
| Samtals stöðugildi | 9,8 | 11,7 | 8,0 | 8,0 | 7,8 | 8,4 | 9,3 | 9,5 | 10,6 | 9,3 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 2,7 | 2,6 | 2,1 | 2,3 | 2,5 | 2,5 | 2,1 | 2,5 | 2,3 | 2,5 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af stamtals stg. | 30,6% | 34,2% | 50,3% | 50,0% | 51,2% | 47,6% | 43,0% | 42,3% | 47,2% | 31,7% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldisfr. af samt. stg. | 45,9% | 39,3% | 50,3% | 50,0% | 64,0% | 47,6% | 43,0% | 42,3% | 47,2% | 37,1% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Í töflu 92 má sjá þróun fjölda HDÍG, stöðugilda og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Tröllaborg frá árinu 2012 til 2021.

Á tímabilun voru HDÍG flest árið 2013 eða 30,6. Það ár voru stöðugildin samtals 11,7, eða 2,6 HDÍG á hvert stöðugildi. Flest voru HDÍG á hvert stöðugildi árið 2012, eða 2,7.

Árið 2021 voru HDÍG 23,6 og stöðugildin 9,3. Þannig voru HDÍG á hvert stöðugildi 2,5 árið 2021.

## Leikskólar Skagafjarðar, samantekið

Í kaflanum verður fjallað um samanburð á leikskólum Skagafjarðar.

*Tafla 93: Rekstrargjöld og -tekjur og á hvert HDÍG í hjá leikskólum Skagafjarðar árið 2021 í þúsundum króna*

| | Ársalir | Birkilundur | Tröllaborg | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 170,0 | 32,6 | 23,6 | 226,3 |
| Fjöldi nemenda | 166 | 34 | 27 | 227 |
| Laun og launatengd gjöld | 453.307 | 115.731 | 97.676 | 666.714 |
| Annar rekstrarkostnaður | 57.926 | 9.641 | 9.775 | 77.342 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **511.233** | **125.371** | **107.451** | **744.055** |
| Tekjur | -85.376 | -35.315 | -16.125 | -136.816 |
| **Nettó rekstrarkostnaður** | **425.856** | **90.057** | **91.326** | **607.240** |
| ***Útgjöld á hvert HDÍG*** | | | | |
| Tekjur | -502,2 | -1.082,4 | -682,5 | -604,7 |
| Laun og launatengd gjöld | 2.666,5 | 3.547,3 | 4.134,4 | 2.946,8 |
| Annar rekstrarkostnaður | 340,7 | 295,5 | 413,8 | 341,8 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **3.007,3** | **3.842,8** | **4.548,2** | **3.288,6** |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 16,7% | 28,2% | 15,0% | 18,4% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 93 sýnir rekstrargjöld og -tekjur og á hvert HDÍG hjá leikskólum Skagafjarðar árið 2021 í þús. kr.

Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur í Ársölum árið 2021, eða 3.007,3 þús. kr. Til samanburðar var kostnaðurinn 4.548,2 þús. kr. hjá Tröllaborg.

Launagjöld á hvert HDÍG voru 2.666,5 þús. kr. hjá Ársölum til samanburðar við 4.134,4 þús. kr. þar sem kostnaðurinn var hæstur hjá Tröllaborg.

Hjá Birkilundi, þar sem voru 32,6 HDÍG, voru launagjöld á hvert HDÍG 3.547,3 þús. kr. en hjá Tröllaborg, þar sem voru 23,6 HDÍG, voru launagjöldin 4.134,4 þús. kr. á hvert HDÍG, eða 587,1 þús. kr. hærri.

*Tafla 94: Fjöldi stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum Skagafjarðar árið 2021*

| | Ársalir | Birkilundur | Tröllaborg | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 170,0 | 32,6 | 23,6 | 226,3 |
| Fjöldi nemenda | 166 | 34 | 27 | 227 |
| Leikskólakennari | 17,5 | 6,2 | 3,0 | 26,7 |
| Önnur uppeldirsfræðimenntun | 7,0 | 5,2 | 0,5 | 12,7 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 27,5 | 1,9 | 3,9 | 33,3 |
| Aðrir starfsmenn | 2,7 | 0,7 | 2,0 | 5,4 |
| **Samtals stöðugildi** | **54,7** | **14,1** | **9,3** | **78,1** |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 3,1 | 2,3 | 2,5 | 2,9 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af stamtals stg. | 32,0% | 44,3% | 31,7% | 34,2% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldisfr. af samt. stg. | 44,8% | 81,4% | 37,1% | 50,5% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 94 sýnir fjölda stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi hjá leikskólum Skagafjarðar árið 2021.

Eins og fram kemur í töflunni voru 3,1 HDÍG á hvert stöðugildi hjá Ársölum, 2,3 hjá Birkilundi og 2,5 hjá Tröllaborg.

*Tafla 95: Fjöldi HDÍG, stöðugildi og HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum Skagafjarðar samtals 2012 til 2021*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 197,6 | 203,1 | 200,5 | 222,4 | 227,9 | 235,5 | 227,6 | 236,8 | 233,8 | 226,3 |
| Leikskólakennari | 32,8 | 28,4 | 29,3 | 27,8 | 28,0 | 26,7 | 25,9 | 24,7 | 27,1 | 26,7 |
| Önnur uppeldirsfræðimenntun | 4,5 | 6,7 | 6,9 | 5,1 | 7,9 | 6,5 | 3,0 | 9,2 | 10,7 | 12,7 |
| Aðrir starfsmenn | 23,3 | 27,8 | 27,3 | 25,8 | 27,0 | 31,9 | 40,5 | 40,0 | 42,4 | 38,7 |
| Samtals stöðugildi | 60,6 | 62,9 | 63,5 | 58,7 | 62,9 | 65,0 | 69,3 | 73,9 | 80,3 | 78,1 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 3,3 | 3,2 | 3,2 | 3,8 | 3,6 | 3,6 | 3,3 | 3,2 | 2,9 | 2,9 |
| Hlutfall stg. leikskólakennara af stamtals stg. | 54,1% | 45,1% | 46,1% | 47,3% | 44,5% | 41,0% | 37,3% | 33,4% | 33,8% | 34,2% |
| Hlutfall stg. leikskólak. og uppeldisfr. af samt. stg. | 61,5% | 55,8% | 57,0% | 56,1% | 57,1% | 50,9% | 41,6% | 45,8% | 47,1% | 50,5% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 95 sýnir fjölda stöðugilda HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum Skagafjarðar samtals árin 2012 og 2021.

Eins og taflan sýnir voru 3,8 HDÍG á hvert stöðugild í leikskólum Skagafjarðar samtals þegar þau voru flest árið 2015. Árið 2016 voru HDÍG 227,9 og stöðugildin 62,9 og 3,6 HDÍG á hvert stöðugildi. Til samanburðar voru HDÍG 226,3 árið 2021, eða1,6 færri HDÍG. Stöðugildin voru hins vegar 78,1, eða 15,2 fleiri en þau voru árið 2016.

*Tafla 96: Rekstrargjöld og -tekjur hjá leikskólum Skagafjarðar árin 2019 og 2022 í þúsundum króna*

| | 2019 | | | 2022 | | | Samtals | | Mismunur | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ársalir | Birkilundu | Tröllaborg | Ársalir | Birkilundu | Tröllaborg | 2019 | 2022 | 2022-2019 | 2022/2019 |
| Dagvistunargjöld | -47.395 | -8.704 | -6.161 | -55.131 | -10.269 | -7.607 | -62.260 | -73.007 | -10.747 | 17,3% |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur - þjónustutekjur | | | | 48 | | | 0 | 48 | 48 | |
| Hlutdeild Akrahrepps | -2.612 | -14.489 | | | -10.160 | | -17.100 | -10.160 | 6.940 | -40,6% |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | -2.893 | | | -1.371 | -30 | -501 | -2.893 | -1.902 | 990 | -34,2% |
| Styrkir/Framlög | | -100 | | -36 | | | -100 | -36 | 64 | -64,4% |
| Fæðisgjöld | -24.103 | -4.418 | -8.184 | -25.007 | -5.127 | -5.897 | -36.705 | -36.030 | 674 | -1,8% |
| **Samtals tekjur** | **-77.002** | **-27.710** | **-14.346** | **-81.496** | **-25.586** | **-14.005** | **-119.058** | **-121.086** | **-2.029** | **1,7%** |
| Mánaðarlaun | 266.101 | 60.584 | 43.575 | 377.488 | 97.549 | 72.749 | 370.260 | 547.786 | 177.526 | 47,9% |
| Mánaðarlaun kennara | | 153 | | 20 | 156 | 38 | 153 | 214 | 61 | 40,1% |
| Stuðningsfulltrúar | | | | 18 | | -60 | 0 | -43 | -43 | |
| Matráðar | 11.422 | 2.847 | 7.680 | 14.988 | 3.374 | 9.535 | 21.949 | 27.897 | 5.948 | 27,1% |
| Skólaliðar/Ræstingarlaun | 673 | 2.063 | 2.431 | -40 | 1.608 | 2.947 | 5.168 | 4.514 | -654 | -12,6% |
| Nefndarlaun | 463 | 132 | 99 | 22 | | | 694 | 22 | -672 | -96,9% |
| Yfirvinna | 4.406 | 1.824 | 673 | 8.776 | 4.618 | 3.058 | 6.903 | 16.452 | 9.549 | 138,3% |
| Álagsgreiðslur | 1.340 | 561 | 0 | 2.048 | 805 | 216 | 1.901 | 3.069 | 1.168 | 61,5% |
| Áfallið orlof | -1.728 | -621 | 423 | 4.515 | 2.301 | 1.687 | -1.926 | 8.503 | 10.430 | -541,4% |
| Fatapeningar | 1.177 | 298 | 202 | 1.163 | 275 | 322 | 1.677 | 1.761 | 83 | 5,0% |
| Launatengd gjöld | 67.673 | 16.654 | 13.339 | 96.822 | 26.643 | 21.798 | 97.666 | 145.263 | 47.597 | 48,7% |
| Starfsmannakostnaður | 1.736 | 1.160 | 40 | 291 | 1.449 | 88 | 2.935 | 1.827 | -1.108 | -37,7% |
| **Launagjöld samtals** | **353.263** | **85.653** | **68.462** | **506.110** | **138.776** | **112.379** | **507.379** | **757.265** | **249.887** | **49,3%** |
| Tölvubúnaður, símar og rekstarvörur | 33 | 94 | 19 | 217 | 141 | 57 | 146 | 415 | 269 | 183,8% |
| Tölvur, skjávarpar og ljósritunarvélar | 1.130 | 235 | 325 | 2.102 | 181 | 342 | 1.690 | 2.626 | 936 | 55,4% |
| Matvæli og IF -fæðiskaup | 23.320 | 4.237 | 3.013 | 34.347 | 5.111 | 4.738 | 30.570 | 44.197 | 13.626 | 44,6% |
| Hreinlætisvörur | 1.345 | 275 | 106 | 2.183 | 637 | 146 | 1.725 | 2.966 | 1.241 | 71,9% |
| Vinnufatnaður | 0 | 69 | 0 | 529 | 89 | 166 | 69 | 784 | 715 | 1035,7% |
| Rafmagn og hiti | 3.086 | 569 | 813 | 3.851 | 875 | 985 | 4.468 | 5.710 | 1.242 | 27,8% |
| Húsgögn og innanstokksmunir | 86 | 14 | 61 | 2.214 | 358 | 128 | 161 | 2.699 | 2.538 | 1575,7% |
| Önnur vörukaup | 935 | 650 | 261 | 2.135 | 844 | 544 | 1.847 | 3.523 | 1.677 | 90,8% |
| **Samtals vörukaup** | **29.935** | **6.143** | **4.598** | **47.579** | **8.235** | **7.106** | **40.676** | **62.920** | **22.244** | **54,7%** |
| Internettengingar oþh. | 666 | 252 | 126 | 2.096 | 707 | 862 | 1.045 | 3.666 | 2.621 | 250,8% |
| IF - húsaleiga | 49.468 | 5.347 | 5.148 | 55.020 | 10.782 | 13.193 | 59.964 | 78.994 | 19.030 | 31,7% |
| Hreingerningar og þrif | 10.344 | 374 | | 12.234 | 2.819 | | 10.719 | 15.053 | 4.334 | 40,4% |
| Þjónustukaup önnur | 4.931 | 1.659 | 1.373 | 7.377 | 2.292 | 3.372 | 7.963 | 13.041 | 5.079 | 63,8% |
| **Samtals þjónustukaup** | **65.410** | **7.633** | **6.648** | **76.728** | **16.599** | **17.427** | **79.690** | **110.754** | **31.064** | **39,0%** |
| Hlutd. í sameiginl. kostn annara | | | | | 10.160 | | 0 | 10.160 | 10.160 | |
| **Samtals gjöld** | **448.608** | **99.429** | **79.708** | **630.416** | **173.771** | **136.912** | **627.745** | **941.099** | **313.354** | **49,9%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **371.605** | **71.719** | **65.362** | **548.921** | **148.185** | **122.907** | **508.687** | **820.013** | **311.326** | **61,2%** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 373.749 | 68.720 | 65.532 | 505.414 | 145.965 | 117.615 | 508.001 | 768.994 | 260.993 | 51,4% |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | 2.144 | -2.999 | 169 | -43.507 | -2.219 | -5.292 | -686 | -51.019 | -50.332 | 7335,4% |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarluanum | 1,6% | 2,8% | 1,3% | 2,2% | 4,5% | 3,6% | 1,7% | 2,8% | 5,2% | |
| Fæðisgjöld - matvæli | 783 | 181 | 5.171 | -9.341 | 16 | 1.158 | 6.134 | -8.166 | -14.301 | |
| Fæðisgjöld - matvæli - matráður | -10.640 | -2.666 | -2.509 | -24.328 | -3.358 | -8.377 | -15.814 | -36.063 | -20.249 | |
| (Dagvistunargjöld+fæðisgjöld)/samtals gjöldum | 15,9% | 13,2% | 18,0% | 12,7% | 8,9% | 9,9% | -15,8% | -11,6% | -3,2% | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 96 sýnir rekstrargjöld og -tekjur fyrir hvern leikskóla í Skagafirði árin 2019 og 2022 og samtals fyrir leikskólana þessi ár, allt í þús. kr.

Eins og fram kemur í töflunni hækkuðu launagjöldin um 250 millj. kr. á milli áranna 2019 og 2021, eða um 49,3%. Vörukaupin hækkuðu um 22 millj. kr., eða 54,7% og þjónustukaup um 31 millj. kr., eða 39%. Þannig hækkuðu gjöld samtals um 313 millj. kr., eða um 50%.

*Mynd 48: Leikskólagjöld hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2023*




Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Mynd 48 sýnir leikskólagjöld, án afslátta, miðað við átta klukkustundir og fullt fæði hjá samanburðarsveitarfélögunum árið 2023. Sveitarfélög veita afslætti, t.d. vegna fjölda barna í leikskóla og hvort um er að ræða einstætt foreldri o.s.frv., sem ekki er gert ráð fyrir í þessum samanburði.

Af samanburðarsveitarfélögunum voru leikskólagjöld hæst hjá Múlaþingi vegna leikskólans Bjarkatúns en þar voru leikskólagjöldin samtals 46.478 kr. vegna átta klukkustunda og fullt fæði. Rétt er að fram komi að leikskólagjöld eru mismunandi í sveitarfélaginu eftir leikskólum. Þetta gjald var hæst hjá Bjarkatúni í sveitarfélaginu.

Lægst voru leikskólagjöldin í Fjarðabyggð eða samtals 35.297 kr. Megin skýringin á svo lágu gjaldi er að þar er ekki innheimt gjald fyrir hádegismat.

Í þessum samanburði voru leikskólagjöldin hærri í þremur sveitarfélögum en hjá Skagafirði þar sem leikskólagjöldin samtals voru 43.760 kr.

Eins og fram kemur á myndinni eru vistunargjöldin og fæðisgjöldin nokkuð mismunandi á milli þessara sveitarfélaga.

## Grunnskólar Skagafjarðar

Í Skagafirði eru reknir þrír grunnskólar. Árskóli sem er þeirra fjölmennastur er á Sauðárkróki, Varmahlíðarskóli, sem er í Varmahlíð, og Grunnskólinn austan Vatna, sem er með tvær starfsstöðvar annars vegar á Hofsósi og hins vegar á Hólum í Hjaltadal.

*Tafla 97: Fjöldi nemenda í grunnskólum Skagafjarðar árin 2012 til 2021*

| | | | | | | | | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2021-2012 | Hlutfallsleg |
| Árskóli | 378 | 367 | 355 | 333 | 335 | 342 | 347 | 359 | 374 | 367 | -11 | 3% |
| Grunnskólinn austan Vatna | 80 | 73 | 71 | 66 | 72 | 64 | 65 | 64 | 76 | 71 | -9 | 11% |
| Varmahlíðarskóli | 131 | 134 | 137 | 129 | 117 | 109 | 104 | 103 | 100 | 101 | -30 | 23% |
| **Samtals** | **589** | **574** | **563** | **528** | **524** | **515** | **516** | **526** | **550** | **539** | **-50** | **8%** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 97 sýnir fjölda nemenda í grunnskólum Skagafjarðar á tímabilinu 2012 til 2021.

Árið 2012 voru 589 nemendur í grunnskólum sveitarfélagsins en 539 árið 2021. Þannig fækkaði nemendum um 50 á tímabilinu eða um 8%.

Mest var fækkunin í Varmahlíðarskóla, eða um 30 nemendur. Síðan í Árskóla þar sem fækkunin var 11 og um níu nemendur í Grunnskólanum austan Vatna.

## Árskóli

Kennsla við Árskóla fer fram í teymum sem innleitt var fyrir tíu árum. Teymiskennslan fer þannig fram að hver árgangur, þ.e. bekkur, er í einum bekk með tveimur kennurum og einum stuðningsfulltrúa að jafnaði. Auk þess fer öll sérkennsla fram í teymunum. Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér marga kosti að sögn skólastjóra. Kennarar vinna meira saman og tveir kennarar vinna saman með sitt teymi og skipuleggja vinnuna saman. Jafnframt leysir þetta ýmis vandamál sem komið hafa upp vegna forfalla. Þegar annar forfallast sér hinn um bekkinn o.s.frv. Í stað þess að ef væri hefðbundin bekkjarkennsla þyrfti að leysa forföll með forfallakennslu.

Kennarar eru með viðveru í skólanum frá kl. 8:00 til 16:00 á virkum dögum yfir veturinn nema á föstudögum, þá er viðveran til kl. 14:00 hjá þeim sem eru lengst. Almennt er kennslan alveg til kl. 16:00 á virkum dögum hjá þeim sem eru lengst á daginn.

Teymisvinna krefst þess að kennari sé á staðnum til að undirbúa kennslu, í samráði við aðra í teyminu.

Teymiskennslan hefur reynst það vel að enginn vill fara til baka í fyrra horf að sögn skólastjóra. Sem kosti teymiskennslu má nefna mikla starfsþróun, kennarar læra hvor af öðrum og dregur úr einangrun.

Vandasamt getur verið að raða saman í teymi, ef það mistekst geta koma upp alls konar vandamál.

*Tafla 98: Skipting og fjöldi stöðugilda og starfsmanna við Árskóla skólaárið 2022/2023*

| ***Starfsheiti*** | ***Fjöldi stöðugilda*** | ***Fjöldi stafsmanna*** |
|---|---|---|
| Skólastjóri | 1,0 | 1 |
| Aðstoðarskólastjóri | 1,0 | 1 |
| Deildarstjóri | 2,0 | 3 |
| Sérkennari | 2,0 | 2 |
| Umsjónakennari (faglærður) | 18,0 | 18 |
| Umsjónakennari (ófaglærður) | 2,0 | 2 |
| Kennari (faglærður) | 15,0 | 20 |
| Kennari (ófaglærður) | 0,0 | 0 |
| Stuðningur (faglærður | 0,0 | 0 |
| Stuðningur (ófaglærður) | 11,2 | 15 |
| Skrifstofustarf 3 | 1,0 | 2 |
| Húsumsjón | 1,0 | 1 |
| Stafsmaður í eldhúsi | 3,1 | 5 |
| Skólaliði | 5,2 | 6 |
| Gæsla í klefa | 0,0 | 0 |
| Bókasafn | 1,0 | 1 |
| Tölvari | 1,0 | 1 |
| Samtals | 64,5 | 78 |

Heimild: Árskóli

Tafla 98 sýnir fjölda stöðugilda við Árskóla skólaárið 2022 til 2023.

Eins og fram kemur á töflunni voru stöðugildin samtals 64,5 skólaárið 2022/2023.

Starfsfólk íþróttahúss er ekki starfsmenn Árskóla. En mikið samstarf er þar á milli. Ef koma upp veikindi hjá starfsmönnum íþróttahúss hefur skólastjóri þurft að leysa það.

Þegar komið hafa upp langtímaveikindi hefur ekki fengist aukafjárveiting vegna þess, að sögn skólastjóra, sem hefur leitt til kostnaðar umfram fjárhagsáætlun.

Skólinn opnar kl. 7:30. Þá mæta tveir starfsmenn, húsvörður og stuðningsfulltrúi. Aðrir starfsmenn skólans mæta að jafnaði kl. 8:00.

*Tafla 99: Fjöldi nemenda og stöðugildi umsjónarkennara í hverjum bekk skólaárið 2022/2023*

| Bekkjardeil | Fjöldi nemenda | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi bekkja |
|---|---|---|---|
| 1. bekkur | 35 | 2 | 1 |
| 2. bekkur | 40 | 2 | 1 |
| 3. bekkur | 38 | 2 | 1 |
| 4. bekkur | 41 | 2 | 1 |
| 5. bekkur | 46 | 2 | 1 |
| 6. bekkur | 32 | 2 | 1 |
| 7. bekkur | 40 | 2 | 1 |
| 8. bekkur | 33 | 2 | 1 |
| 9. bekkur | 35 | 2 | 1 |
| 10. bekkur | 35 | 2 | 1 |
| **Samtals** | **375** | **20** | **10** |

Heimild: Árskóli

Í töflu 99 er að finna samanteknar upplýsingar um bekkjardeildir Árskóla, um er að ræða fjölda nemenda, fjölda bekkja og stöðugildi umsjónarkennara.

Eins og kom fram hér að framan er einn bekkur í öllum árgöngum (bekkjardeildum).

## *Tafla 100: Yfirlit yfir rekstur Árskóla*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Endurgreiðslur sveitarfélaga | -14.002 | -23.851 | -17.981 | -5.608 | 70,3% | -24,6% | -68,8% | -59,9% | 8.393 |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | -1.263 | -2.300 | -1.943 | -2.110 | 82,1% | -15,6% | 8,6% | 67,0% | -847 |
| Fæðisgjöld | -29.370 | -21.585 | -32.146 | -33.574 | -26,5% | 48,9% | 4,4% | 14,3% | -4.203 |
| Aðrar tekjur | -541 | 30 | -543 | -356 | -105,5% | -1911,2% | -34,5% | -34,3% | 186 |
| **Tekjur samtals** | **-45.177** | **-47.706** | **-52.612** | **-41.648** | **5,6%** | **10,3%** | **-20,8%** | **-7,8%** | **3.529** |
| Mánaðarlaun | 32.639 | 19.319 | 18.825 | 12.802 | -40,8% | -2,6% | -32,0% | -60,8% | -19.837 |
| Mánaðarlaun kennara | 267.766 | 324.799 | 345.249 | 372.683 | 21,3% | 6,3% | 7,9% | 39,2% | 104.917 |
| Stuðningsfulltrúar | 37.736 | 47.319 | 49.651 | 62.827 | 25,4% | 4,9% | 26,5% | 66,5% | 25.091 |
| Matráðar | 16.002 | 17.651 | 17.995 | 16.842 | 10,3% | 1,9% | -6,4% | 5,3% | 840 |
| Skólaliðar/Ræstingarlaun | 27.920 | 22.894 | 27.701 | 33.998 | -18,0% | 21,0% | 22,7% | 21,8% | 6.078 |
| Húsverðir | 4.642 | 5.073 | 5.358 | 5.788 | 9,3% | 5,6% | 8,0% | 24,7% | 1.146 |
| Yfirvinna | 19.083 | 16.514 | 17.962 | 18.119 | -13,5% | 8,8% | 0,9% | -5,1% | -964 |
| Álagsgreiðslur | 311 | 342 | 446 | 582 | 9,7% | 30,4% | 30,7% | 87,0% | 271 |
| Áfallið orlof | 2.469 | 10.055 | 6.340 | 2.699 | 307,2% | -36,9% | -57,4% | 9,3% | 229 |
| Annað | -4.437 | -10.585 | -5.908 | -4.292 | 138,6% | -44,2% | -27,4% | -3,3% | 145 |
| Fatapeningar | 766 | 820 | 862 | 658 | 7,1% | 5,1% | -23,7% | -14,1% | -108 |
| Launatengd gjöld | 100.052 | 112.689 | 118.928 | 129.557 | 12,6% | 5,5% | 8,9% | 29,5% | 29.505 |
| Kaffistofa starfsfólks | 1.453 | 1.591 | 1.424 | 1.885 | 9,5% | -10,5% | 32,4% | 29,7% | 432 |
| Starfsmannakostnaður, annar | 53 | -536 | 52 | -314 | -1116,9% | -109,7% | -703,6% | -696,2% | -367 |
| **Launagjöld samtals** | **506.456** | **567.947** | **604.885** | **653.835** | **12,1%** | **6,5%** | **8,1%** | **29,1%** | **147.379** |
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 1.897 | 2.785 | 3.231 | 1.860 | 46,8% | 16,0% | -42,4% | -1,9% | -37 |
| Tölvubúnaður, símar og rekstarvörur | 975 | 1.157 | 652 | 1.394 | 18,7% | -43,6% | 113,7% | 43,0% | 419 |
| Tölvur, skjávarpar og ljósritunarvélar | 8.569 | 11.627 | 8.638 | 8.156 | 35,7% | -25,7% | -5,6% | -4,8% | -413 |
| Mötuneyti - Árskóla | 42.025 | 29.244 | 38.499 | 38.787 | -30,4% | 31,6% | 0,7% | -7,7% | -3.238 |
| Hreinlætisvörur | 1.594 | 3.180 | 2.717 | 2.119 | 99,4% | -14,6% | -22,0% | 32,9% | 524 |
| Rafmagn og hiti | 8.112 | 8.816 | 7.413 | 7.634 | 8,7% | -15,9% | 3,0% | -5,9% | -478 |
| Önnur vörukaup | 7.275 | 7.353 | 8.460 | 8.300 | 1,1% | 15,1% | -1,9% | 14,1% | 1.026 |
| **Samtals vörukaup** | **70.447** | **64.162** | **69.609** | **68.250** | **-8,9%** | **8,5%** | **-2,0%** | **-3,1%** | **-2.197** |
| Internettengingar oþh. | 958 | 833 | 751 | 1.571 | -13,1% | -9,8% | 109,2% | 64,0% | 613 |
| Skólaakstur | 33.202 | 28.175 | 29.811 | 30.151 | -15,1% | 5,8% | 1,1% | -9,2% | -3.052 |
| Nemendaferðir | 3.629 | 2.564 | 2.928 | 4.690 | -29,3% | 14,2% | 60,2% | 29,2% | 1.061 |
| Tölvuþjónusta - hugbúnaður, endurkr. vsk. | 3.933 | 4.430 | 1.696 | 1.134 | 12,7% | -61,7% | -33,1% | -71,2% | -2.799 |
| IF - húsaleiga | 121.720 | 125.971 | 130.563 | 137.123 | 3,5% | 3,6% | 5,0% | 12,7% | 15.402 |
| IF - afnot af íþróttahúsi og sundlaug | 6.580 | 9.600 | 9.840 | 9.135 | 45,9% | 2,5% | -7,2% | 38,8% | 2.555 |
| Prentun, fjölritun, ljósritun, | 1.711 | 1.295 | 1.743 | 1.696 | -24,3% | 34,6% | -2,7% | -0,9% | -15 |
| Önnur þjónustukaup | 13.744 | 10.405 | 18.352 | 14.362 | -24,3% | 76,4% | -21,7% | 4,5% | 617 |
| **Þjónustukaup samtals** | **185.478** | **183.273** | **195.685** | **199.862** | **-1,2%** | **6,8%** | **2,1%** | **7,8%** | **14.383** |
| **Gjöld samtals** | **762.381** | **815.383** | **870.180** | **921.946** | **7,0%** | **6,7%** | **5,9%** | **20,9%** | **159.565** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **717.205** | **767.677** | **817.568** | **880.299** | **7,0%** | **6,5%** | **7,7%** | **22,7%** | **163.094** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 701.877 | 770.013 | 809.588 | 853.173 | 9,7% | 5,1% | 5,4% | 21,6% | 151.296 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | -15.328 | 2.336 | -7.979 | -27.126 | | | | | |
| Mismunur sem hlutfall af fjárhagsáætlun | 2,2% | -0,3% | 1,0% | 3,2% | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af öðrum launum | 4,9% | 3,8% | 3,9% | 3,6% | | | | | |
| Fæðisgjöld - mötuneyti | -12.655 | -7.659 | -6.353 | -5.213 | | | | | |
| Fæðisgjöld - matráður - mötuneyti | -28.656 | -25.310 | -24.349 | -22.055 | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 100 sýnir rekstraryfirlit fyrir Árskóla árin 2019 til 2022.

Gjöld samtals hækka um 21% á milli áranna 2019 og 2022, eða um 160 millj. kr. Launagjöld samtals hækka um 29%, eða um 147 millj. kr. Hækkun launagjalda skýrir að mestu hækkun gjalda samtals á milli áranna. Vörukaup lækka á milli áranna. Þjónustukaup hækka um 7,8%.

Á milli þessara ára hækkaði vísitala launa hjá starfsmönnum sveitarfélaga um 33,9% og neysluverðsvísitala um 16,3%.

Fæðisgjöld standa ekki undir kaupum á hráefni fyrir mötuneyti skólans. Mismunurinn fer lækkandi á tímabilinu. Var 12,6 millj. kr. árið 2019 en 5,2 millj. kr. árið 2022.

Þegar launum matráðs er bætt við var umframkostnaðurinn 28,7 millj. kr. árið 2019 og 22,0 millj. kr. árið 2022. Ekki eru meðtalin hér launatengd gjöld.

Rekstrarniðurstaðan fer umfram fjárhagsáætlun öll árin nema árið 2020. Umfram kostnaðurinn er ekki mikill eða frá 2,2% árið 2019 í 3,2% árið 2022.

Yfirvinna sem hlutfall af launum fer lækkandi á tímabilinu. Var 4,9% árið 2019 en 3,6% árið 2022.

*Tafla 101: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2021 í þúsundum króna*

| | Rvk Fellaskóli | Rvk Grandaskóli | Rvk Ingunnarskóli | Rvk Vogaskóli | Aku Síðuskóli | Skagaf. Árskóli | Rvk Laugalækjarskóli | Kóp Kópavogsskóli | Ísa Gr. á Ísafirði | Hfj. Hvaleyrarskóli | Rvk Breiðagerðisskóli | Samtals | Mismunur meðaltals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 341 | 343 | 343 | 350 | 355 | 367 | 372 | 372 | 373 | 382 | 388 | 3.986 | |
| Laun og launatengd gjöld | 738.170 | 499.562 | 574.955 | 565.504 | 600.448 | 608.364 | 469.013 | 664.701 | 591.238 | 636.266 | 515.637 | 6.463.859 | |
| Annar rekstrarkostnaður | 78.011 | 62.483 | 73.559 | 72.435 | 56.802 | 108.342 | 67.426 | 77.363 | 74.469 | 111.060 | 59.322 | 841.271 | |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **816.181** | **562.044** | **648.515** | **637.939** | **657.250** | **716.706** | **536.439** | **742.064** | **665.707** | **747.326** | **574.958** | **7.305.130** | |
| Tekjur | -43.318 | -30.364 | -43.208 | -38.829 | -65.992 | -66.777 | -25.019 | -46.424 | -45.298 | -45.718 | -36.549 | -487.497 | |
| Nettó rekstrarkostnaður | 772.863 | 531.681 | 605.306 | 599.110 | 591.258 | 649.929 | 511.420 | 695.640 | 620.410 | 701.608 | 538.409 | 6.817.633 | |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2.164,7 | 1.456,4 | 1.676,3 | 1.615,7 | 1.691,4 | 1.657,7 | 1.260,8 | 1.786,8 | 1.585,1 | 1.665,6 | 1.329,0 | 1.621,6 | 36,0 |
| Annar rekstrarkostnaður | 228,8 | 182,2 | 214,5 | 207,0 | 160,0 | 295,2 | 181,3 | 208,0 | 199,6 | 290,7 | 152,9 | 211,1 | 84,2 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 2.393,5 | 1.638,6 | 1.890,7 | 1.822,7 | 1.851,4 | 1.952,9 | 1.442,0 | 1.994,8 | 1.784,7 | 1.956,4 | 1.481,9 | 1.832,7 | 120,2 |
| Nettó rekstrarkostnaður | 2.266,5 | 1.550,1 | 1.764,7 | 1.711,7 | 1.665,5 | 1.770,9 | 1.374,8 | 1.870,0 | 1.663,3 | 1.836,7 | 1.387,7 | 1.710,4 | 60,5 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 101 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í samanburðar-skólum árið 2021.

Eins og taflan sýnir voru þrír skólar með hærri launagjöld í krónum talið en Árskóli og einn skóli með hærri annan rekstrarkostnað en Árskóli.

Launagjöld á hvern nemanda voru lægst í Laugalækjarskóla í Reykjavíkurborg, eða 1.261 þús. kr. á hvern nemanda. Í Árskóla voru launagjöld á hvern nemanda 1.658 þús. kr. árið 2021. Annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda var hæstur hjá Árskóla og var 295 þús. kr. á hvern nemanda. Næstur á eftir kom Hvaleyrarskóli með 291 þús. kr. á hvern nemanda. Lægstur var kostnaðurinn í Breiðagerðisskóla í Reykjavíkurborg, eða 153 þús. kr. á hvern nemanda.

Þegar gjöldin hafa verið tekin saman var rekstrarkostnaður samtals á hvern nemanda í Árskóla 1.953 þús. kr.  Þrír grunnskólar voru með hærri kostnað á hvern nemanda en átta grunnskólar voru með lægri kostnað á hvern nemanda. Laugalækjaskóli  var með lægsta rekstrarkostnað samtals á  hvern nemanda og var hann 1.442 þús. kr. til samanburðar við 1.953 þúsund krónur hjá Árskóla.

Síðasti dálkurinn í töflunni sýnir umframkostnað hjá Árskóla miðað við meðaltalskostnað allra þessara 11 skóla. Þannig voru rekstrargjöld á hvern nemanda í Árskóla 120 þús. kr. hærri en meðaltals rekstrarkostnaður þeirra skóla sem hér voru skoðaðir. Miðað við 367 nemendur eins og voru í Árskóla árið 2021 gerir það 44,1 millj. kr.

## *Tafla 102: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum árið 2021*

| | Rvk Fellaskóli | Rvk Grandaskóli | Rvk Ingunnarskóli | Rvk Vogaskóli | Aku Síðuskóli | Skagaf. Árskóli | Rvk Laugalækjarskóli | Kóp Kópavogsskóli | Ísa Gr. á Ísafirði | Hfj. Hvaleyrarskóli | Rvk Breiðagerðisskóli | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 341 | 343 | 343 | 350 | 355 | 367 | 372 | 372 | 373 | 382 | 388 | 3.986 |
| Stjórnendur | 8,0 | 4,1 | 5,0 | 5,0 | 4,0 | 5,0 | 5,0 | 4,0 | 4,0 | 6,4 | 4,0 | 54,5 |
| Sérkennarar | 6,1 | 2,1 | 1,0 | 5,3 | 2,0 | 0,0 | 2,2 | 8,6 | 4,7 | 5,9 | 1,0 | 38,8 |
| Kennarar | 30,7 | 30,2 | 30,1 | 31,1 | 36,1 | 36,8 | 29,1 | 34,1 | 30,8 | 39,7 | 33,9 | 362,5 |
| Stg. alls við kennslu | 44,7 | 36,4 | 36,1 | 41,4 | 42,1 | 41,8 | 36,2 | 46,6 | 39,5 | 51,9 | 38,9 | 455,7 |
| Aðrir starfsmenn | 32,6 | 15,9 | 22,4 | 22,6 | 29,8 | 21,7 | 12,1 | 23,6 | 21,9 | 22,8 | 14,6 | 240,0 |
| Samtals stöðugildi | 77,3 | 52,3 | 58,5 | 64,0 | 71,9 | 63,5 | 48,3 | 70,2 | 61,4 | 74,7 | 53,5 | 695,7 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 102 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðargrunnskólum árið 2021.

Stöðugildi stjórnenda voru flest hjá Fellaskóla, eða 8,0 stöðugildi. Til samanburðar voru þau 5,0 hjá Árskóla. Kópavogsskóli var með flest stöðugildi sérkennara, eða 8,6. Enginn sérkennari var hjá Árskóla. Einn skóli, Hvaleyrarskóli, var með fleiri stöðugildi kennara, eða 39,7 en Árskóli. Hjá Árskóla voru stöðugildi kennara 36,8.

Fimm skólar voru með fleiri stöðugildi samtals en Árskóli í þessum samanburði.

## *Tafla 103: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2021*

| | Rvk Fellaskóli | Rvk Grandaskóli | Rvk Ingunnarskóli | Rvk Vogaskóli | Aku Síðuskóli | Skagaf. Árskóli | Rvk Laugalækjarskóli | Kóp Kópavogsskóli | Ísa Gr. á Ísafirði | Hfj. Hvaleyrarskóli | Rvk Breiðagerðisskóli | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 341 | 343 | 343 | 350 | 355 | 367 | 372 | 372 | 373 | 382 | 388 | 3.986 |
| Stg. alls við kennslu | 7,6 | 9,4 | 9,5 | 8,5 | 8,4 | 8,8 | 10,3 | 8,0 | 9,4 | 7,4 | 10,0 | 8,7 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 9,3 | 10,6 | 11,0 | 9,6 | 9,3 | 10,0 | 11,9 | 8,7 | 10,5 | 8,4 | 11,1 | 9,9 |
| Aðrir starfsmenn | 10,5 | 21,6 | 15,3 | 15,5 | 11,9 | 16,9 | 30,7 | 15,8 | 17,0 | 16,8 | 26,6 | 16,6 |
| Stöðugildi samtals | 4,4 | 6,6 | 5,9 | 5,5 | 4,9 | 5,8 | 7,7 | 5,3 | 6,1 | 5,1 | 7,3 | 5,7 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 103 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2021. Árskóli er með 5,8 nemendur á hvert stöðugildi og eru fimm grunnskólar í samanburðinum með færri nemendur á hvert stöðugildi. Laugalækjarskóli var með flesta nemendur á hvert stöðugildi, eða 7,7 nemendur. Meðalatalið hjá þessum skólum var 5,7 nemendur á hvert stöðugildi.

## *Tafla 104: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Árskóla árin 2012 til 2022 og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | **378** | **367** | **355** | **333** | **335** | **342** | **347** | **359** | **374** | **367** | **375** |
| Stöðugildi kennara með réttindi | 40,6 | 40,4 | 41,0 | 39,3 | 39,0 | 38,7 | 38,8 | 35,7 | 42,1 | 40,3 | 39,0 |
| Stöðugildi kennara án réttinda | 4,1 | 3,0 | 0,0 | | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,5 | 1,5 | 2,0 |
| **Stöðugildi kennara samtals** | **44,7** | **43,4** | **41,0** | **39,3** | **39,0** | **38,7** | **38,8** | **35,7** | **42,6** | **41,8** | 41,0 |
| Stöðugildi annarra starfsmanna | 4,7 | 2,8 | 22,0 | 21,0 | 21,6 | 22,8 | 21,0 | 17,8 | 18,2 | 21,7 | 23,0 |
| **Stöðugildi samtals** | **49,4** | **46,2** | **63,0** | **60,4** | **60,6** | **61,5** | **59,8** | **53,5** | **60,8** | **63,5** | 64,0 |
| Fjöldi nemenda á hvert stg. kennara samtals | 8,5 | 8,5 | 8,7 | 8,5 | 8,6 | 8,8 | 8,9 | 10,1 | 8,8 | 8,8 | 9,1 |
| Fjöldi nemenda á hvert stg. annarra starfsmanna | 80,4 | 131,1 | 16,1 | 15,8 | 15,5 | 15,0 | 16,5 | 20,2 | 20,6 | 17,0 | 16,3 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals** | **7,6** | **7,9** | **5,6** | **5,5** | **5,5** | **5,6** | **5,8** | **6,7** | **6,2** | **5,8** | **5,9** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Árskóli vegna 2022

Tafla 104 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda samtals annars vegar og fjölda nemenda á hvert stöðugildi hins vegar á árunum 2012 til 2021 í Árskóla.

Nemendum í Árskóla fækkaði frá 2012 til 2015. Eftir það fjölgar þeim á milli ára fram til ársins 2021 en þá fækkaði þeim frá árinu 2020, en fjölgar svo aftur árið 2022.

Frá árinu 2015 hefur stöðugildum við skólann ýmist verið að fjölga eða fækka á milli ára.

Frá árinu 2015 voru flestir nemendur á hvert stöðugildi 6,7 nemendur árið 2019. Fæstir voru þeir 5,5 árin 2015 og 2016. Árið 2021 voru 5,8 nemendur á hvert stöðugildi og 5,9 árið 2022

## Grunnskólinn austan Vatna

Grunnskólinn austan Vatna er með tvær starfsstöðvar. Annars vegar á Hofsósi og hins vegar á Hólum. Skólaveturinn 2022/2023 var deildarstjóri í 20% starfshlutfalli sem stjórnandi og 80% starfshlutfalli sem kennari. Á Hólum voru níu nemendur. Sjö nemendur voru í 1. til 5. bekk og einn nemandi í sjöunda bekk.

*Tafla 105: Rekstraryfirlit Grunnskólans austan Vatna*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Endurgreiðslur sveitarfélaga | -7.741 | -17.395 | -18.301 | -14.631 | 124,7% | 5,2% | -20,1% | 89% | -6.890 |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | -1.082 | -1.133 | -1.522 | -849 | 4,7% | 34,3% | -44,2% | -22% | 233 |
| Fæðisgjöld | -5.634 | -6.391 | -6.351 | -5.982 | 13,4% | -0,6% | -5,8% | 6% | -347 |
| Aðrar tekjur | -444 | -507 | -849 | -738 | 14,1% | 67,6% | -13,2% | 66% | -293 |
| **Tekjur samtals** | **-14.902** | **-25.426** | **-27.023** | **-22.200** | **70,6%** | **6,3%** | **-17,8%** | **49%** | **-7.298** |
| Mánaðarlaun | 3.432 | 4.128 | 3.533 | 5.241 | 20,3% | -14,4% | 48,4% | 53% | 1.809 |
| Mánaðarlaun kennara | 80.978 | 86.585 | 99.294 | 107.236 | 6,9% | 14,7% | 8,0% | 32% | 26.259 |
| Stuðningsfulltrúar | 10.351 | 15.341 | 19.143 | 16.667 | 48,2% | 24,8% | -12,9% | 61% | 6.316 |
| Matráðar | 9.527 | 9.628 | 9.474 | 11.076 | 1,1% | -1,6% | 16,9% | 16% | 1.549 |
| Skólaliðar/Ræstingarlaun | 11.509 | 11.142 | 11.416 | 9.773 | -3,2% | 2,5% | -14,4% | -15% | -1.736 |
| Húsverðir | 2.165 | 2.354 | 2.459 | 2.308 | 8,7% | 4,5% | -6,2% | 7% | 144 |
| Yfirvinna | 3.689 | 2.107 | 4.793 | 7.017 | -42,9% | 127,4% | 46,4% | 90% | 3.328 |
| Áfallið orlof | **158** | **1.792** | **-576** | **2.036** | 1033,6% | -132,2% | -453,2% | 1188% | 1.878 |
| Annað | | | | -5.617 | | | | | -5.617 |
| Fatapeningar | 277 | 268 | 274 | 192 | -3,2% | 2,3% | -29,9% | -31% | -85 |
| Launatengd gjöld | 29.337 | 32.160 | 36.267 | 38.876 | 9,6% | 12,8% | 7,2% | 33% | 9.540 |
| Kaffistofa starfsfólks | 272 | 275 | 288 | 292 | 1,2% | 4,6% | 1,4% | 7% | 20 |
| Starfsmannakostnaður, annar | 79 | 324 | 637 | 345 | 311,3% | 96,6% | -45,9% | 338% | 266 |
| **Launagjöld samtals** | **151.772** | **166.104** | **187.002** | **195.443** | **9,4%** | **12,6%** | **4,5%** | **29%** | **43.670** |
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 185 | 761 | 655 | 286 | 311,0% | -13,9% | -56,3% | 54% | 101 |
| Tölvubúnaður, símar og rekstarvörur | 68 | 862 | 241 | 192 | 1161,7% | -72,0% | -20,5% | 181% | 124 |
| Tölvur, skjávarpar og ljósritunarvélar | 1.673 | 1.970 | 769 | 624 | 17,7% | -61,0% | -18,9% | -63% | -1.050 |
| Matvæli | 4.099 | 4.489 | 4.554 | 5.110 | 9,5% | 1,4% | 12,2% | 25% | 1.011 |
| Hreinlætisvörur | 326 | 547 | 558 | 376 | 67,9% | 2,0% | -32,5% | 16% | 51 |
| Rafmagn og hiti | 1.637 | 1.655 | 1.674 | 1.852 | 1,1% | 1,2% | 10,6% | 13% | 215 |
| IF - fæðiskaup | 3.707 | | 1.900 | | -100,0% | | -100,0% | -100% | -3.707 |
| Önnur vörukaup | 2.029 | 2.066 | 2.690 | 3.062 | 1,8% | 30,2% | 13,8% | 51% | 1.032 |
| **Samtals vörukaup** | **13.725** | **12.351** | **13.042** | **11.501** | **-10,0%** | **5,6%** | **-11,8%** | **-16%** | **-2.223** |
| Internettengingar oþh. | 1.443 | 1.502 | 940 | 1.692 | 4,1% | -37,4% | 80,0% | 17% | 249 |
| Skólaakstur | 34.367 | 39.986 | 47.150 | 47.367 | 16,4% | 17,9% | 0,5% | 38% | 13.000 |
| Akstur vegna félagsmiðstöðva | 1.284 | 802 | 2.287 | 1.431 | -37,6% | 185,3% | -37,5% | 11% | 147 |
| Nemendaferðir | 1.243 | 1.772 | 2.516 | 2.485 | 42,5% | 42,0% | -1,2% | 100% | 1.242 |
| Tölvuþjónusta - hugbúnaður, endurkr. vsk. | 1.057 | 1.377 | 468 | 571 | 30,2% | -66,0% | 22,0% | -46% | -486 |
| IF - húsaleiga og húsaleiga | 36.078 | 36.910 | 38.596 | 39.466 | 2,3% | 4,6% | 2,3% | 9% | 3.389 |
| IF - afnot af íþróttahúsi og sundlaug | 1.269 | 1.320 | 1.353 | 1.394 | 4,0% | 2,5% | 3,0% | 10% | 125 |
| Prentun, fjölritun, ljósritun, | 404 | 460 | 566 | 426 | 13,8% | 23,2% | -24,7% | 6% | 22 |
| Önnur þjónustukaup | 5.827 | 4.922 | 7.447 | 7.675 | -15,5% | 51,3% | 3,0% | 32% | 1.847 |
| **Þjónustukaup samtals** | **82.972** | **89.051** | **101.324** | **102.507** | **7,3%** | **13,8%** | **1,2%** | **24%** | **19.534** |
| **Gjöld samtals** | **248.469** | **267.506** | **301.367** | **309.450** | **7,7%** | **12,7%** | **2,7%** | **25%** | **60.981** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **233.567** | **242.079** | **274.344** | **287.250** | **3,6%** | **13,3%** | **4,7%** | **23%** | **53.683** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 233.540 | 244.253 | 266.368 | 282.449 | 4,6% | 9,1% | 6,0% | 21% | 48.909 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | -28 | 2.174 | -7.976 | -4.802 | | | | | |
| Mismunur sem hlutfall af fjárhagsáætlun | 0,01% | -0,89% | 2,99% | 1,70% | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af öðrum launum | 3,1% | 1,6% | 3,3% | 4,6% | | | | | |
| Fæðisgjöld - matvæli | 1.536 | 1.902 | 1.797 | 872 | | | | | |
| Fæðisgjöld - matráður - matvæli | -7.991 | -7.726 | -7.677 | -10.204 | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 105 sýnir rekstraryfirlit fyrir Grunnskólann austan Vatna árin 2019 til 2022.

Gjöld samtals hækka um 25% á milli áranna 2019 og 2022, eða um 61 millj. kr. Launagjöld samtals hækka um 29%, eða um 43,7 millj. kr. Vörukaup lækka á milli áranna. Þjónustukaup hækka um 24%, eða um 19,5 millj. kr. Þar munar mest um hækkun á skólaakstri en hann hækkar um 38% á milli áranna, eða um 13 millj. kr. Á milli þessara ára hækkaði vísitala launa hjá starfsmönnum sveitarfélaga um 33,9% og neysluverðsvísitala um 16,3%.

Eftir að búið er að draga matarkaup frá fæðisgjöldum er afgangur öll árin sem fer þá upp í að greiða laun matráðs.

Þegar launum matráðs er bætt við var umframkostnaðurinn 7,9 millj. kr. árið 2019 og 10,2 millj. kr. árið 2022. Ekki eru meðtalin hér launatengd gjöld.

Rekstrarniðurstaðan fer umfram fjárhagsáætlun öll árin nema árið 2020. Umfram kostnaðurinn er ekki mikill eða frá 3,1% árið 2019 í 4,6% árið 2022.

Yfirvinna sem hlutfall af launum fer ýmis hækkandi eða lækkandi á milli ára tímabilinu. Var 3,1% árið 2019 en 4,6% árið 2022.

*Tafla 106: Skipting rekstrarkostnaðar Grunnskólans austan Vatna á milli rekstrareininga á Hofsósi og á Hólum*

| | **2020** | | | **2021** | | | **2022** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Hofsós** | **Hólar** | ***Samtals*** | **Hofsós** | **Hólar** | *Samtals* | **Hofsós** | **Hólar** | ***Samtals*** |
| **Tekjur** | -24.692.847 | -438.490 | ***-25.131.337*** | -26.336.112 | -551.377 | *-26.887.489* | -19.972.731 | -2.019.221 | ***-21.991.952*** |
| **Laun- og launatengd gjöld** | 128.254.637 | 37.849.225 | ***166.103.862*** | 146.032.428 | 40.969.664 | *187.002.092* | 164.608.400 | 30.834.238 | ***195.442.638*** |
| **Vörukaup** | 9.204.126 | 2.301.031 | ***11.505.157*** | 8.977.602 | 1.321.373 | *10.298.975* | 8.701.684 | 2.799.316 | ***11.066.130*** |
| **Þjónustugjöld** | 36.366.907 | 21.520.363 | ***57.887.270*** | 42.616.899 | 26.320.098 | *68.936.997* | 41.653.783 | 26.302.811 | ***67.956.594*** |
| **Annar kostnaður** | 33.010 | 8.252 | ***41.262*** | 145.999 | 43.610 | *189.609* | 20.197 | 3.952 | ***24.149*** |
| **Innri tekjur** | -295.089 | | ***-295.089*** | -135.659 | - | *-135.659* | -207.817 | - | ***-207.817*** |
| **Innri gjöld** | 18.772.375 | 13.195.619 | ***31.967.994*** | 19.949.757 | 14.990.048 | *34.939.805* | 21.190.059 | 13.770.199 | ***34.960.258*** |
| **Rekstarafkoma samtals** | **167.643.118** | **74.436.001** | ***242.079.119*** | **191.250.914** | **83.093.416** | *274.344.330* | **215.993.576** | **71.691.294** | ***287.250.000*** |
| *Hlutfall milli rekstareininga* | *69,3%* | *30,7%* | | *69,7%* | *30,3%* | | *75,7%* | *24,3%* | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 106 sýnir skiptingu rekstrargjalda Grunnskólans austan Vatna á milli rekstrareininga, annars vegar á Hofsósi og hins vegar á Hólum.

Að beiðni skýrsluhöfunda gerði þáverandi sérfræðingur á fjölskyldusviði greiningu á því hvernig kostnaður við rekstur Grunnskólans austan Vatna skiptist á milli rekstursins á Hofsósi annars vegar og Hólum hins vegar.

Eins og taflan sýnir var kostnaðarskiptingin 30% og 70% árin 2020 og 2021 en 24% og 76% árið 2022. Hærra hlutfallið er fyrir skólann á Hofsósi. Kostnaðurinn við rekstur skólans á Hólum var 71,6 millj. kr. árið 2022. Af þeim kostnaði voru 13,7 millj. kr. innri gjöld.

## *Tafla 107: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2021*

| | Bláskógabyggð, Bláskógaskóli á Laugarvatni | Mýrdalshreppur Gr. Mýrdalshrepps | Múlaþing Seyðisfjarðarskóli | Langanesbyggð Gr. á Þórshöfn | Sv. Skagaströnd Höfðaskóli | Skagafjörður Gr. austan vatna | Hörgársveit Þelamerkurskóli | Þingeyjarsveit Gr. Þingeyjarsveitar | Vopnafjarðarhreppur Vopnafjarðarskóli | Rangárþing ytra Laugalandsskóli, Holtum | Vesturbyggð Patreksskóli | Hvalfjarðarsveit Heiðarskóli | Samtals | Mismunur Gr. austan Vatna |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 53 | 57 | 62 | 64 | 70 | 71 | 72 | 72 | 73 | 80 | 82 | 88 | 844 | |
| Laun og launatengd gjöld | 122.049 | 141.851 | 186.318 | 146.759 | 178.650 | 186.467 | 159.086 | 213.459 | 196.139 | 134.820 | 195.288 | 192.158 | 2.053.046 | |
| Annar rekstrarkostnaður | 49.314 | 22.208 | 22.442 | 15.428 | 23.016 | 35.210 | 39.126 | 36.234 | 37.995 | 60.128 | 53.397 | 44.793 | 439.289 | |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **171.363** | **164.058** | **208.760** | **162.187** | **201.666** | **221.677** | **198.212** | **249.693** | **234.134** | **194.948** | **248.684** | **236.951** | **2.492.335** | |
| Tekjur | -5.342 | -11.589 | -9.660 | -22.430 | -49.560 | -27.023 | -20.201 | -9.513 | -8.641 | -34.408 | -5.849 | -11.774 | -215.990 | |
| Nettó rekstrarkostnaður | 166.021 | 152.469 | 199.100 | 139.757 | 152.106 | 194.654 | 178.011 | 240.180 | 225.493 | 160.540 | 242.836 | 225.178 | 2.276.345 | |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2.302,8 | 2.488,6 | 3.005,1 | 2.293,1 | 2.552,1 | 2.626,3 | 2.209,5 | 2.964,7 | 2.686,8 | 1.685,2 | 2.381,6 | 2.183,6 | 2.432,5 | 193,8 |
| Annar rekstrarkostnaður | 930,4 | 389,6 | 362,0 | 241,1 | 328,8 | 495,9 | 543,4 | 503,2 | 520,5 | 751,6 | 651,2 | 509,0 | 520,5 | -24,6 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 3.233,3 | 2.878,2 | 3.367,1 | 2.534,2 | 2.880,9 | 3.122,2 | 2.752,9 | 3.468,0 | 3.207,3 | 2.436,8 | 3.032,7 | 2.692,6 | 2.953,0 | 169,2 |
| Nettó rekstrarkostnaður | 3.132,5 | 2.674,9 | 3.211,3 | 2.183,7 | 2.172,9 | 2.741,6 | 2.472,4 | 3.335,8 | 3.088,9 | 2.006,8 | 2.961,4 | 2.558,8 | 2.697,1 | 44,5 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 107 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemenda í 12 samanburðarskólum árið 2021.

Eins og taflan sýnir voru fjórir skólar með hærri launagjöld í krónum talið en Grunnskólinn austan Vatna.

Launagjöld á hvern nemanda voru lægst í Laugalandsskóla, eða 1.685,2 þús. kr. á hvern nemanda. Í Grunnskólanum austan Vatna voru launagjöld á hvern nemanda 2.626,3 þús. kr. árið 2021, eða 941 þús. kr. hærri en þar sem hann var lægstur.

Þegar gjöldin hafa verið tekin saman var rekstrarkostnaður samtals á hvern nemanda í Grunnskólanum austan Vatna 3.122,2 þús. kr.  Fimm grunnskólar í þessum samanburði voru með hærri kostnað á hvern nemanda.

Síðasti dálkurinn í töflunni sýnir umframkostnað hjá Grunnskólanum austan Vana miðað við meðaltalskostnað allra þessara 12 skóla. Þannig voru rekstrargjöld Grunnskólans austan Vatna á hvern nemanda 169,2 þús. kr. hærri en meðaltals rekstrarkostnaður þeirra skóla sem hér voru skoðaðir. Miðað við 71 nemanda eins og var árið 2021 gerir það samtals 12 millj. kr.

## *Tafla 108: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum árið 2021*

| | Bláskógabyggð Bláskógaskóli á Laugarvatn | Mýrdalshreppur Gr. Mýrdalshrepps | Múlaþing Seyðisfjarðarskóli | Langanesbyggð Gr. á Þórshöfn | Sv. Skagaströnd Höfðaskóli | Skagafjörður Gr. austan vatna | Hörgársveit Þelamerkurskóli | Þingeyjarsveit Gr. Þingeyjarsveitar | Vopnafjarðarhreppur Vopnafjarðarskóli | Rangárþing ytra Laugalandsskóli, Holtum | Vesturbyggð Patreksskóli | Hvalfjarðarsveit Heiðarskóli | Samtals Samanburðarskólar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 53 | 57 | 62 | 64 | 70 | 71 | 72 | 72 | 73 | 80 | 82 | 88 | 844 |
| Stjórnendur | 1,5 | 2,1 | 3,2 | 3,0 | 2,0 | 3,0 | 2,0 | 3,4 | 2,0 | 4,0 | 0,9 | 2,0 | 29,1 |
| Sérkennarar | 0,00 | 0,00 | 1,00 | 0,00 | 0,00 | 0,00 | 1,00 | 1,80 | 0,00 | 0,00 | 0,50 | 2,00 | 6,3 |
| Kennarar | 9,06 | 8,04 | 8,30 | 9,81 | 8,90 | 9,44 | 7,79 | 8,51 | 11,33 | 6,96 | 10,72 | 9,65 | 108,5 |
| Stg. alls við kennslu | 10,6 | 10,2 | 12,5 | 12,8 | 10,9 | 12,4 | 10,8 | 13,7 | 13,3 | 11,0 | 12,1 | 13,7 | 143,9 |
| Aðrir starfsmenn | 0,9 | 4,3 | 7,2 | 2,6 | 6,2 | 8,5 | 7 | 9,9 | 5,6 | 7,8 | 8,2 | 9,2 | 77,4 |
| Samtals stöðugildi | 11,5 | 14,5 | 19,7 | 15,4 | 17,1 | 20,9 | 17,8 | 23,6 | 18,9 | 18,8 | 20,3 | 22,9 | 221,3 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 108 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðargrunnskólum árið 2021.

Stöðugildi  stjórnenda voru flest hjá Laugalandsskóla, eða 4,0 stöðugildi. Til samanburðar voru þau 3,0 hjá Grunnskólanum austan Vatna. Heiðarskóli var með flest stöðugildi sérkennara, eða 2,0. Enginn sérkennari var hjá Grunnskólanum austan Vatna.

Tveir skólar voru með fleiri stöðugildi samtals en Grunnskólinn austan Vatna í þessum samanburði.

*Tafla 109: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2021*

| | Bláskógabyggð Bláskógaskóli á Laugarvatn | Mýrdalshreppur Gr. Mýrdalshrepps | Múlaþing Seyðisfjarðarskóli | Langanesbyggð Gr. á Þórshöfn | Sv. Skagaströnd Höfðaskóli | Skagafjörður Gr. austan vatna | Hörgársveit Þelamerkurskóli | Þingeyjarsveit Gr. Þingeyjarsveitar | Vopnafjarðarhreppur Vopnafjarðarskóli | Rangárþing ytra Laugalandsskóli, Holtum | Vesturbyggð Patreksskóli | Hvalfjarðarsveit Heiðarskóli | Meðaltal Samanburðarskólar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 53 | 57 | 62 | 64 | 70 | 71 | 72 | 72 | 73 | 80 | 82 | 88 | 844 |
| Stg. alls við kennslu | 5,0 | 5,6 | 5,0 | 5,0 | 6,4 | 5,7 | 6,7 | 5,3 | 5,5 | 7,3 | 6,8 | 6,4 | 5,9 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 5,8 | 7,1 | 6,7 | 6,5 | 7,9 | 7,5 | 8,2 | 7,0 | 6,4 | 11,5 | 7,3 | 7,6 | 7,4 |
| Aðrir starfsmenn | 58,9 | 13,3 | 8,6 | 24,6 | 11,3 | 8,4 | 10,3 | 7,3 | 13,0 | 10,3 | 10,0 | 9,6 | 10,9 |
| Stöðugildi samtals | 4,6 | 3,9 | 3,1 | 4,2 | 4,1 | 3,4 | 4,0 | 3,1 | 3,9 | 4,3 | 4,0 | 3,9 | 3,8 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 109 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2021.

Grunnskólinn austan Vatna var með 3,4 nemendur á hvert stöðugildi og voru tveir grunnskólar í samanburðinum með færri nemendur á hvert stöðugildi en Grunnskólinn austan Vatna. Bláskógaskóli var með flesta nemendur á hvert stöðugildi, eða 4,6 nemendur. Meðalatalið hjá þessum skólum var 3,8 nemendur á hvert stöðugildi.

*Tafla 110: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Grunnskólanum austan Vatna árin 2012 til 2021 og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 80 | 73 | 71 | 66 | 72 | 64 | 65 | 64 | 76 | 71 | 55 |
| Stöðugildi kennara með réttindi | 11,4 | 10,8 | 10,0 | 10,9 | 12,1 | 12,9 | 12,4 | 10,7 | 12,7 | 9,1 | 8,5 |
| Stöðugildi kennara án réttinda | 5,4 | 3,2 | 3,4 | 1,9 | 0,9 | 0,0 | 1,0 | 2,0 | 0,0 | 3,4 | 2,5 |
| **Stöðugildi kennara samtals** | **16,9** | **14,0** | **13,4** | **12,8** | **13,0** | **12,9** | **13,4** | **12,7** | **12,7** | **12,4** | 11,0 |
| Stöðugildi annarra starfsmanna | 8,0 | 8,6 | 9,8 | 9,7 | 9,4 | 9,8 | 7,6 | 6,5 | 7,9 | 8,5 | 8,1 |
| **Stöðugildi samtals** | **24,9** | **22,6** | **23,2** | **22,5** | **22,3** | **22,7** | **21,0** | **19,1** | **20,6** | **20,9** | 19,0 |
| Fjöldi nemenda á hvert stg. kennara samtals | 4,7 | 5,2 | 5,3 | 5,2 | 5,6 | 5,0 | 4,9 | 5,1 | 6,0 | 5,7 | 5,0 |
| Fjöldi nemenda á hvert stg. annarra starfsmanna | 10,0 | 8,5 | 7,3 | 6,8 | 7,7 | 6,5 | 8,6 | 9,9 | 9,6 | 8,4 | 6,8 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals** | **3,2** | **3,2** | **3,1** | **2,9** | **3,2** | **2,8** | **3,1** | **3,3** | **3,7** | **3,4** | **2,9** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Grunnskólinn austan Vatna vegna ársins 2022

Tafla 110 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda samtals annars vegar og fjölda nemenda á hvert stöðugildi hins vegar á árunum 2012 til 2022 í Grunnskólanum austan Vatna.

Nemendum í Grunnskólanum austan Vatna fækkaði á milli ára frá 2012 til 2019 með tveimur undantekningum. Árið 2020 fjölgaði nemendum nokkuð en fækkaði svo aftur árið 2021 og 2022.

Frá árinu 2012 hefur stöðugildum við skólann ýmist verið að  fjölga eða fækka á milli ára.

Fæstir voru nemendur  á hvert stöðugildi árið 2017, eða 2,8 nemendur. Flestir voru nemendur á hvert stöðugildi árið 2020 eða 3,7 stöðugildi.  Árið 2021 voru 3,4  nemendur á hvert stöðugild og 2,9 árið 2022.

## Varmahlíðarskóli

Skólaárið 2022/2023 var samkennsla í fyrsta og öðrum bekk. Að hluta til í þriðja og fjórða bekk og svo í fimmta og sjöunda bekk. Stakir árgangar voru í sjöunda til tíunda bekk.

*Tafla 111: Yfirlit yfir rekstur Varmahlíðarskóla*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Endurgreiðslur sveitarfélaga | -60.608 | -65.549 | -64.083 | -35.875 | 8,2% | -2,2% | -44,0% | -40,8% | 24.734 |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | | | | -120 | | | | | -120 |
| Fæðisgjöld og IF-mötuneyti | -16.607 | -15.867 | -16.871 | -19.989 | -4,5% | 6,3% | 18,5% | 20,4% | -3.382 |
| Aðrar tekjur | -5.878 | -6.548 | -7.759 | -7.668 | 11,4% | 18,5% | -1,2% | 30,4% | -1.789 |
| **Tekjur samtals** | **-83.093** | **-87.964** | **-88.712** | **-63.651** | **5,9%** | **0,9%** | **-28,2%** | **-23,4%** | **19.442** |
| Mánaðarlaun | 10.836 | 11.080 | 13.933 | 14.709 | 2,2% | 25,7% | 5,6% | 35,7% | 3.873 |
| Mánaðarlaun kennara | 114.598 | 124.395 | 129.488 | 135.045 | 8,5% | 4,1% | 4,3% | 17,8% | 20.447 |
| Stuðningsfulltrúar | 12.933 | 16.657 | 15.396 | 22.648 | 28,8% | -7,6% | 47,1% | 75,1% | 9.716 |
| Matráðar | 15.779 | 17.634 | 19.989 | 19.679 | 11,8% | 13,4% | -1,5% | 24,7% | 3.901 |
| Skólaliðar/Ræstingarlaun | 16.847 | 18.920 | 18.996 | 18.682 | 12,3% | 0,4% | -1,7% | 10,9% | 1.835 |
| Húsverðir | 4.902 | 5.350 | 5.649 | 6.096 | 9,1% | 5,6% | 7,9% | 24,4% | 1.194 |
| Yfirvinna | 5.466 | 3.659 | 5.773 | 9.414 | -33,1% | 57,8% | 63,1% | 72,2% | 3.948 |
| Áfallið orlof | 185 | 2.516 | 122 | 2.128 | 1258,8% | -95,2% | 1646,6% | 1049,1% | 1.943 |
| Annað | | -3.319 | -8.464 | -5.929 | | 155,0% | -30,0% | | -5.929 |
| Fatapeningar | 390 | 440 | 401 | 321 | 12,7% | -8,8% | -20,0% | -17,8% | -69 |
| Launatengd gjöld | 44.096 | 48.666 | 50.956 | 55.719 | 10,4% | 4,7% | 9,3% | 26,4% | 11.623 |
| Kaffistofa starfsfólks | 837 | 846 | 837 | 764 | 1,1% | -1,1% | -8,7% | -8,7% | -73 |
| Starfsmannakostnaður, annar | 68 | 133 | 111 | 50 | 96,2% | -16,3% | -54,9% | -26,0% | -18 |
| **Launagjöld samtals** | **226.937** | **246.976** | **253.186** | **279.327** | **8,8%** | **2,5%** | **10,3%** | **23,1%** | **52.390** |
| Ritföng, pappír, bréfabindi | 1.018 | 850 | 478 | 398 | -16,5% | -43,8% | -16,7% | -60,9% | -620 |
| Tölvubúnaður, símar og rekstarvörur | 271 | 13 | 174 | 215 | -95,0% | 1197,1% | 23,6% | -20,6% | -56 |
| Tölvur, skjávarpar og ljósritunarvélar | 2.874 | 2.757 | 2.933 | 1.193 | -4,0% | 6,4% | -59,3% | -58,5% | -1.681 |
| Matvæli | 12.398 | 12.599 | 13.900 | 16.575 | 1,6% | 10,3% | 19,2% | 33,7% | 4.177 |
| Hreinlætisvörur | 613 | 1.514 | 914 | 939 | 147,1% | -39,6% | 2,8% | 53,3% | 326 |
| Rafmagn og hiti | 2.185 | 2.335 | 2.221 | 4.246 | 6,9% | -4,9% | 91,1% | 94,3% | 2.060 |
| IF - fæðiskaup | | | | | | | | | 0 |
| Önnur vörukaup | 4.638 | 4.361 | 3.930 | 4.501 | -6,0% | -9,9% | 14,5% | -3,0% | -138 |
| **Samtals vörukaup** | **23.997** | **24.429** | **24.550** | **28.067** | **1,8%** | **0,5%** | **14,3%** | **17,0%** | **4.070** |
| Internettengingar oþh. | 766 | 884 | 739 | 1.087 | 15,4% | -16,4% | 47,1% | 41,9% | 321 |
| Skólaakstur | 40.064 | 44.539 | 42.650 | 58.656 | 11,2% | -4,2% | 37,5% | 46,4% | 18.592 |
| Akstur vegna félagsmiðstöðva | 918 | 488 | 996 | 998 | -46,8% | 104,1% | 0,1% | 8,7% | 80 |
| Nemendaferðir | 1.117 | 685 | 1.045 | 1.861 | -38,7% | 52,7% | 78,0% | 66,7% | 744 |
| Tölvuþjónusta - hugbúnaður, endurkr. vsk. | 1.636 | 2.387 | 924 | 649 | 45,9% | -61,3% | -29,8% | -60,3% | -987 |
| IF - húsaleiga og húsaleiga | 43.937 | 44.952 | 46.525 | 52.643 | 2,3% | 3,5% | 13,1% | 19,8% | 8.706 |
| IF - afnot af íþróttahúsi og sundlaug | 3.530 | 4.000 | 4.100 | 4.233 | 13,3% | 2,5% | 3,2% | 19,9% | 703 |
| Prentun, fjölritun, ljósritun, | 744 | 717 | 707 | 964 | -3,6% | -1,5% | 36,4% | 29,6% | 220 |
| Önnur þjónustukaup | 5.758 | 4.716 | 6.201 | 32.569 | -18,1% | 31,5% | 425,3% | 465,7% | 26.812 |
| **Þjónustukaup samtals** | **98.469** | **103.369** | **103.887** | **153.660** | **5,0%** | **0,5%** | **47,9%** | **56,0%** | **55.191** |
| **Gjöld samtals** | **349.403** | **374.774** | **381.623** | **461.054** | **7,3%** | **1,8%** | **20,8%** | **32,0%** | **111.651** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **266.310** | **286.810** | **292.911** | **397.402** | **7,7%** | **2,1%** | **35,7%** | **49,2%** | **131.093** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 266.563 | 291.129 | 306.983 | 396.201 | 9,2% | 5,4% | 29,1% | 48,6% | 129.638 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | 254 | 4.320 | 14.072 | -1.201 | | | | | |
| Mismunur sem hlutfall af fjárhagsáætlun | | | | 0,3% | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af öðrum launum | 3,1% | 1,9% | 2,8% | 4,3% | | | | | |
| Fæðisgjöld - matvæli | 4.208 | 3.268 | 2.971 | 3.414 | | | | | |
| Fæðisgjöld - matráður - matvæli | -11.570 | -14.365 | -17.018 | -16.266 | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 111 sýnir rekstraryfirlit fyrir Varmahlíðarskóla árin 2019 til 2022.

Gjöld samtals hækka um 32% á milli áranna 2019 og 2022, eða um 111 millj. kr. Launagjöld samtals hækka um 23%, eða um 52 millj. kr., sem gerir 47% af hækkun

gjalda samtals. Vörukaup hækka um 17% á milli áranna, eða um 4 millj. kr. Þjónustukaup hækka um 56%, eða um 55 millj. kr. Þar eru einkum tveir liðir sem hækka. Annars vegar hækkar skólaakstur um 46%, eða um 18,6 millj. kr. Síðan er kostnaður sem ekki hefur verið gjaldfærður á skólann áður, sem er hlutdeild í sameiginlegum kostnaði að fjárhæð 26 millj. kr. Um er að ræða gjaldfærslu skv. bókhaldi Akrahrepps 31. maí 2022 skv. upplýsingum frá fjármálastjóra.

Á milli þessara ára hækkaði vísitala launa hjá starfsmönnum sveitarfélaga um 33,9% og neysluverðsvísitala um 16,3%.

Þegar kostnaður vegna matvæla er dreginn frá fæðisgjöldum ásamt If-tekjufærslu vegna mötuneytis var afgangur öll árin. IF-tekjufærslan eru bókfærðar tekjur vegna leikskólans Birkilundur í Varmahlíð.

Þegar launum matráðs er bætt við var umframkostnaðurinn 11,5 millj. kr. árið 2019 og 16,3 millj. kr. árið 2022. Ekki eru meðtalin hér launatengd gjöld.

Rekstrarniðurstaðan var innan fjárhagsáætlunar öll árin nema árið 2022 þegar hún fór óverulega umfram áætlun.

Yfirvinna sem hlutfall af launum var 3,1% árið 2019 en 4,3% árið 2022.

*Tafla 112: Gjöld og tekjur í heild og á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2021*

| | Hrunamannahreppur Flúðaskóli | Bláskógabyggð Bláskógaskóli í Reykhc | Mosfellsbær Krikaskóli | Múlaþing Fellaskóli | Fjarðabyggð Gr. Fáskrúðsfjarðar | Skagafjörður Varmahlíðarskóli | Sv. Árborg Stekkjaskóli | Rvk Klébergsskóli | Flóahreppur Flóaskóli | Bolungarvíkurkaupstaður Gr. Bolungarvíkur | Rangárþing ytra Gr. á Hellu | Samtals | Mismunur Varmahlíðarskóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 94 | 95 | 96 | 97 | 100 | 101 | 101 | 104 | 115 | 119 | 134 | 1.156 | |
| Laun og launatengd gjöld | 209.400 | 195.438 | 197.956 | 203.166 | 195.405 | 253.186 | 140.908 | 258.256 | 260.836 | 246.038 | 261.274 | 2.421.863 | |
| Annar rekstrarkostnaður | 48.862 | 63.818 | 33.037 | 17.300 | 49.419 | 39.198 | 33.778 | 43.381 | 39.039 | 48.666 | 64.037 | 480.534 | |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **258.262** | **259.256** | **230.993** | **220.465** | **244.824** | **292.384** | **174.686** | **301.637** | **299.875** | **294.704** | **325.311** | **2.902.397** | |
| Tekjur | -64.213 | -9.101 | -26.720 | -3.176 | -10.995 | -88.712 | -8.912 | -16.283 | -28.608 | -3.794 | -27.407 | -287.922 | |
| Nettó rekstrarkostnaður | 194.050 | 250.155 | 204.273 | 217.289 | 233.828 | 203.671 | 165.774 | 285.354 | 271.268 | 290.910 | 297.904 | 2.614.475 | |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2.227,7 | 2.057,2 | 2.062,0 | 2.094,5 | 1.954,0 | 2.506,8 | 1.395,1 | 2.483,2 | 2.268,1 | 2.067,5 | 1.949,8 | 2.095,0 | 411,8 |
| Annar rekstrarkostnaður | 519,8 | 671,8 | 344,1 | 178,3 | 494,2 | 388,1 | 334,4 | 417,1 | 339,5 | 409,0 | 477,9 | 415,7 | -27,6 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 2.747,5 | 2.729,0 | 2.406,2 | 2.272,8 | 2.448,2 | 2.894,9 | 1.729,6 | 2.900,4 | 2.607,6 | 2.476,5 | 2.427,7 | 2.510,7 | 384,2 |
| Nettó rekstrarkostnaður | 2.064,4 | 2.633,2 | 2.127,8 | 2.240,1 | 2.338,3 | 2.016,5 | 1.641,3 | 2.743,8 | 2.358,9 | 2.444,6 | 2.223,2 | 2.261,7 | -245,1 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 112 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í samanburðar-skólum árið 2021.

Eins og taflan sýnir voru þrír skólar með hærri launagjöld í krónum talið en Varmahlíðarskóli. Fjórir skólar voru með hærri rekstrarkostnað samtals en Varmahlíðarskóli.

Launagjöld á hvern nemanda voru hæst hjá Varmahlíðarskóla í þessum samanburði, eða 2.506,8 þús. kr. á hvern nemanda. Meðallaunakostnaður á hvern nemanda var 2.095 þús. kr. hjá þessum skólum. Þannig var launakostnaður á hvern nemanda hjá Varmahlíðarskóla 411,8 þús. kr. hærri en meðaltal fyrir þessa skóla. Miðað við 101 nemenda gerir það 41,6 millj. kr. hærri launakostnað hjá Varmahlíðarskóla.  Annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda hjá Varmahlíðarskóla var lægri en meðaltalið fyrir þessa skóla.

Þegar gjöldin hafa verið tekin saman var einn skóli í þessum samanburði með rekstrarkostnað samtals á hvern nemanda hærri en hjá Varmahlíðarskóla.

## *Tafla 113: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum árið 2021*

| | Hrunamannahreppur Flúðaskóli | Bláskógabyggð ıskógaskóli í Reykhc | Mosfellsbær Krikaskóli | Múlaþing Fellaskóli | Fjarðabyggð Gr. Fáskrúðsfjarða | Skagafjörður Varmahlíðarskóli | Sv. Árborg Stekkjaskóli | Rvk Klébergsskóli | Flóahreppur Flóaskóli | Bolungarvíkurkaupstaður Gr. Bolungarvíkur | Rangárþing ytra Gr. á Hellu | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 94 | 95 | 96 | 97 | 100 | 101 | 101 | 104 | 115 | 119 | 134 | 1.156 |
| Stjórnendur | 3,0 | 1,9 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 3,0 | 1,7 | 2,8 | 3,0 | 3,1 | 26,5 |
| Sérkennarar | 0,00 | 1,07 | 0,50 | 0,00 | 0,00 | 0,00 | 1,00 | 1,80 | 0,00 | 0,00 | 0,00 | 4,4 |
| Kennarar | 11,30 | 14,45 | 9,50 | 12,71 | 10,26 | 11,60 | 11,80 | 10,66 | 15,22 | 16,13 | 15,90 | 139,5 |
| Stg. alls við kennslu | 14,3 | 17,4 | 12,0 | 14,7 | 12,3 | 13,6 | 15,8 | 14,2 | 18,0 | 19,1 | 19,0 | 170,4 |
| Aðrir starfsmenn | 7,7 | 6,2 | 7,4 | 6,8 | 10,2 | 13,5 | 7,7 | 7,3 | 10,4 | 9,9 | 12,9 | 100,0 |
| Samtals stöðugildi | 22,0 | 23,6 | 19,4 | 21,5 | 22,5 | 27,1 | 23,5 | 21,5 | 28,4 | 29,0 | 31,9 | 270,4 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 113 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðargrunnskólum árið 2021.

Stöðugildi alls við kennslu voru fleiri hjá átta skólum af þessum skólum en hjá Varmahlíðarskóla. Hins vegar voru aðrir starfsmenn flestir hjá Varmahlíðarskóla.

Þrír skólar voru með fleiri stöðugildi samtals en Varmahlíðarskóli í þessum samanburði. Þeir skólar voru allir með fleiri nemendur en eru í Varmahlíðarskóla.

## *Tafla 114: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2021*

| | Hrunamannahreppur Flúðaskóli | Bláskógabyggð ıskógaskóli í Reykhc | Mosfellsbær Krikaskóli | Múlaþing Fellaskóli | Fjarðabyggð Gr. Fáskrúðsfjarða | Skagafjörður Varmahlíðaskóli | Sv. Árborg Stekkjaskóli | Rvk Klébergsskóli | Flóahreppur Flóaskóli | Bolungarvíkurkaupstaður Gr. Bolungarvíkur | Rangárþing ytra Gr. á Hellu | Meðaltal Samanburðarskólar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 94 | 95 | 96 | 97 | 100 | 101 | 101 | 104 | 115 | 119 | 134 | 1.156 |
| Stg. alls við kennslu | 6,6 | 5,5 | 8,0 | 6,6 | 8,2 | 7,4 | 6,4 | 7,3 | 6,4 | 6,2 | 7,1 | 6,8 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 8,3 | 6,1 | 9,6 | 7,6 | 9,7 | 8,7 | 7,9 | 8,3 | 7,6 | 7,4 | 8,4 | 8,0 |
| Aðrir starfsmenn | 12,2 | 15,3 | 13,0 | 14,3 | 9,8 | 7,5 | 13,1 | 14,2 | 11,1 | 12,0 | 10,4 | 11,6 |
| Stöðugildi samtals | 4,3 | 4,0 | 4,9 | 4,5 | 4,5 | 3,7 | 4,3 | 4,8 | 4,0 | 4,1 | 4,2 | 4,3 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 114 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2021. Varmahlíðarskóli var með fæsta nemendur á hvert stöðugildi af samanburðarskólunum, eða 3,7 nemendur. Meðalatalið hjá þessum skólum var 4,3 nemendur á hvert stöðugildi. Ef Varmahlíðarskóli hefði verið með 4,3 nemendur á hvert stöðugildi eins og meðaltalið hefði fjöldi stöðugilda samtals verið 23,5. Samanborið við að þau voru 27,1, eða 3,6 stöðugildum fleiri.

## *Tafla 115: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Varmahlíðarskóla árin 2012 til 2022 og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 131 | 134 | 137 | 129 | 117 | 109 | 104 | 103 | 100 | 101 | 108 |
| Stöðugildi kennara með réttindi | 17,2 | 17,8 | 16,5 | 16,3 | 15,2 | 15,3 | 14,7 | 14,4 | 14,3 | 12,1 | 14,8 |
| Stöðugildi kennara án réttinda | | 0,0 | 0,4 | 0,8 | 0,3 | 0,4 | 0,4 | 0,6 | 0,4 | 1,5 | 0,8 |
| **Stöðugildi kennara samtals** | **17,2** | **17,8** | **16,9** | **17,1** | **15,5** | **15,7** | **15,0** | **15,0** | **14,7** | **13,6** | 15,6 |
| Stöðugildi annarra starfsmanna | 16,9 | 13,7 | 15,3 | 14,4 | 12,9 | 12,9 | 12,8 | 13,4 | 14,4 | 13,5 | 14,1 |
| **Stöðugildi samtals** | **34,1** | **31,5** | **32,2** | **31,5** | **28,4** | **28,6** | **27,8** | **28,4** | **29,0** | **27,1** | 29,7 |
| Fjöldi nemenda á hvert stg. kennara samtals | 7,6 | 7,5 | 8,1 | 7,6 | 7,5 | 6,9 | 6,9 | 6,9 | 6,8 | 7,4 | 6,9 |
| Fjöldi nemenda á hvert stg. annarra starfsmanna | 7,7 | 9,8 | 8,9 | 8,9 | 9,1 | 8,4 | 8,1 | 7,7 | 7,0 | 7,5 | 7,7 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals** | **3,8** | **4,2** | **4,3** | **4,1** | **4,1** | **3,8** | **3,7** | **3,6** | **3,4** | **3,7** | **3,6** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Varmahlíðarskóli vegna 2022

Tafla 115 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda samtals annars vegar og fjölda nemenda á hvert stöðugildi hins vegar á árunum 2012 til 2022 í Varmahlíðarskóla.

Nemendum í Varmahlíðarskóla fækkaði á milli ára öll árin nema þrjú, þ.e.a.s. árið 2014, 2021 og 2022. Á milli áranna 2012 og 2022 fækkaði nemendum við skólann um 23. Á tímabilinu fækkaði stöðugildum við skólann einnig. Þó þannig að innan tímabilsins var stöðugildum ýmist að fækka eða fjölga á milli ára.

Flestir voru nemendur á hvert stöðugildi við skólann árið  2014, eða 4,3 nemendur á hvert stöðugildi. Fæstir voru nemendur á hvert stöðugildi árið 2020, eða 3,4 stöðugildi. Árið 2022 voru 3,6 nemendur á hvert stöðugildi við skólann

## Grunnskólar Skagafirði, samantekið

Í kaflanum verða dregnar saman helstu niðurstöður  varðandi rekstur grunnskóla Skagafjarðar.

*Tafla 116: Rekstrargjöld og gjöld á hvern nemanda í þúsundum króna hjá grunnskólum Skagafjarðar*

| | Árskóli | | Grunnskólinn austan Vatna | | Varmahlíðarskóli | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2021 | 2022 | 2021 | 2022 | 2021 | 2022 | 2021 | 2022 |
| Fjöldi nemenda | 367 | 375 | 71 | 55 | 103 | 108 | 541 | 538 |
| Launa og launatengd gjöld | 604.885 | 653.835 | 187.002 | 195.443 | 253.186 | 279.327 | 1.045.074 | 1.128.604 |
| Annar rekstrarkostnaður | 95.080 | 91.703 | 27.266 | 25.781 | 35.162 | 40.103 | 157.509 | 157.587 |
| **Gjöld samtals** | **699.966** | **745.538** | **214.269** | **221.224** | **288.348** | **319.430** | **1.202.582** | **1.286.191** |
| Tekjur | -52.612 | -41.648 | -27.023 | -22.200 | -88.712 | -63.651 | -168.348 | -127.499 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **647.353** | **703.890** | **187.245** | **199.024** | **199.635** | **255.779** | **1.034.234** | **1.158.693** |
| **Útgjöld á hvern nemenda:** | | | | | | | | |
| Launa og launatengd gjöld | 1.648 | 1.744 | 2.634 | 2.753 | 2.458 | 2.712 | 1.932 | 2.098 |
| Annar rekstrarkostnaður | 259 | 245 | 384 | 363 | 341 | 389 | 291 | 293 |
| **Gjöld samtals** | **1.907** | **1.988** | **3.018** | **3.116** | **2.799** | **3.101** | **2.223** | **2.391** |
| Rekstrarnðurstaða | 1.764 | 1.877 | 2.637 | 3.619 | 1.938 | 2.368 | 1.912 | 2.154 |
| Fjöldi stöðugilda | 63,5 | 64,0 | 20,9 | 19,0 | 27,1 | 29,7 | 111,5 | 112,7 |
| Launagjöld á hvert stöðugildi | 9.530 | 10.216 | 8.952 | 10.264 | 9.343 | 9.405 | 9.376 | 10.011 |

Heimild: Skagafjörður og viðkomandi skólar

Tafla 116 sýnir samanburð á rekstrargjöldum og gjöldum á hvern nemanda í þús. kr. hjá grunnskólum Skagafjarðar árin 2021 og 2022.

Hafa verður í huga að í þessum samanburði er Árskóli með mun fleiri nemendur en hinir skólarnir og dreifist kostnaðurinn þar á fleiri nemendur en í öðrum skólum Skagafjarðar.

Rétt er að fram komi að misræmi gæti verið í tölum varðandi árið 2021 frá því sem er í töflum hér að framan fyrir hvern af skólunum. Skýringin er að upplýsingar eru fegnar á mismunandi hátt.

Launagjöld á hvern nemanda voru lægst í Árskóla, eða 1.744 þús. kr. árið 2022. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.712 þús. kr. hjá Varmarhlíðarskóla og 2.753 þús. kr. hjá Grunnskólanum austan Vatna á hvern nemanda.

Varðandi annan rekstrarkostnað hefur kostnaður vegna skólaaksturs verið dreginn frá og einnig vegna húsaleigu. Hjá Varmahlíðarskóla er dregið frá öðrum kostnaði 26,1 millj. kr., er varðar tekju- og gjaldafærslu vegna Akrahrepps.

Annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda var lægstur í Árskóla þar sem hann 245 þús. kr. árið 2021.

Rekstrargjöld samtals án innri leigu og skólaaksturs árið 2021 var 1.988 þús. kr. á hvern nemanda í Árskóla. Næst þar á eftir kemur Varmahlíðarskóli með 3.101 þús. á hvern nemanda og svo Grunnskólinn austan Vatna þar sem kostnaðurinn var 3.116 þús. kr. á hvern nemanda.

*Tafla 117: Fjöldi nemenda, stöðugilda og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum Skagafjarðar árin 2021 og 2022*

| | Árskóli | | Grunnskólinn austan Vatna | | Varmahlíðarskóli | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2021 | 2022 | 2021 | 2022 | 2021 | 2022 |
| Fjöldi nemenda | 367 | 375 | 71 | 55 | 101 | 108 |
| Kennarar og leiðbeinendur | **41,8** | 41,0 | **12,4** | 11,0 | 13,6 | 15,6 |
| Aðrir starfsmenn | 21,7 | 23,0 | 8,5 | 8,1 | 13,5 | 14,1 |
| **Fjöldi stöðugilda samtals** | **63,5** | **64,0** | **20,9** | **19,0** | **27,1** | **29,7** |
| **Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi** | | | | | | |
| Kennarar og leiðbeinendur | 8,8 | 9,1 | 5,7 | 5,0 | 7,4 | 6,9 |
| Aðrir starfsmenn | 17,0 | 16,3 | 8,4 | 6,8 | 7,5 | 7,7 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals** | **5,8** | **5,9** | **3,4** | **2,9** | **3,7** | **3,6** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólarnir vegna ársins 2022

Tafla 117 sýnir fjölda nemenda, stöðugilda og fjölda nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum Skagafjarðar árin 2021 og 2022.

Tala nemenda á hvert stöðugildi hækkar lítillega á milli áranna 2021 og 2022 hjá Árskóla en þeim fækkar bæði hjá Grunnskólanum austan Vatna og Varmahlíðarskóla. Árið 2022 voru 2,9 nemendur á hvert stöðugildi hjá Grunnskólanum austan Vatna og 3,6 hjá Varmarhlíðarskóla. Nemendafjöldinn á hvert stöðugildi var 5,9 hjá Árskóla.

Fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskólanum austan Vatna og Varmarhlíðarskóla svipar til þess sem er hjá leikskólunum. Þessi samanburður vekur óneitanlega upp spurningar!

*Tafla 118: Fjöldi nemenda, stöðugilda og nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum Skagafjarðar samtals vegna áranna 2012 til 2022*

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 589 | 574 | 563 | 528 | 524 | 515 | 516 | 526 | 550 | 539 | 538 |
| Stöðugildi kennara með réttindi | 69,2 | 69,0 | 67,5 | 66,5 | 66,3 | 66,9 | 65,8 | 60,7 | 69,1 | 61,5 | 62,3 |
| Stöðugildi kennara án réttinda | 9,6 | 6,2 | 3,8 | 2,7 | 1,2 | 0,4 | 1,4 | 2,6 | 0,9 | 6,4 | 5,3 |
| **Stöðugildi kennara samtals** | **78,7** | **75,2** | **71,3** | **69,2** | **67,5** | **67,3** | **67,2** | **63,4** | **70,0** | **67,9** | **67,6** |
| Stöðugildi annarra starfsmanna | 29,6 | 25,1 | 47,1 | 45,1 | 43,9 | 45,5 | 41,4 | 37,7 | 40,4 | 43,6 | 45,2 |
| **Stöðugildi samtals** | **108,4** | **100,4** | **118,4** | **114,3** | **111,4** | **112,8** | **108,6** | **101,0** | **110,4** | **111,5** | **112,7** |
| Fjöldi nemenda á hvert stg. kennara samtals | 7,5 | 7,6 | 7,9 | 7,6 | 7,8 | 7,7 | 7,7 | 8,3 | 7,9 | 7,9 | 8,0 |
| Fjöldi nemenda á hvert stg. annarra starfsmanna | 19,9 | 22,8 | 11,9 | 11,7 | 11,9 | 11,3 | 12,5 | 14,0 | 13,6 | 12,4 | 11,9 |
| **Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals** | **5,4** | **5,7** | **4,8** | **4,6** | **4,7** | **4,6** | **4,8** | **5,2** | **5,0** | **4,8** | **4,8** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólarnir vegna ársins 2022

Tafla 118 sýnir samtölu fjölda nemenda og stöðugilda annars vegar og fjölda nemenda á hvert stöðugildi hins vegar í grunnskólum Skagafjarðar árin 2012 til 2022.

Í upphafi tímabilsins, þ.e. árið 2012, voru 589 nemendur í grunnskólum Skagafjarðar og 108,4 stöðugildi. Í lok tímabilsins árið 2022 hafði nemendum fækkað um 51 og voru 538.

Svo virðist sem fjöldi stöðugilda annarra starfsmanna hafi ekki verið réttur árin 2012 og 2013. Af þeim árum slepptum voru flestir nemendur á hvert stöðugildi í grunnskólum Skagafjarðar samtals árið 2019, eða 5,2. Það voru 4,8 nemendur á hvert stöðugildi árið 2022.

Ef fjöldi nemenda á hvert stöðugildi hefði verið 5,2 árið 2022 eins og var árið 2019 hefðu stöðugildin verið samtals 103,3 en þau voru 112,7. Mismunurinn gerir 9,4 stöðugildi. Miðað við að launagjöld á hvert stöðugildi voru 10.014 þús. kr. árið 2022 gera 9,4 stöðugildi 94 millj. kr.

## Tónlistarskóli Skagafjarðar

Tónlistarskóli Skagafjarðar er með kennsluaðstöðu í grunnskólunum. Skólastjóri tónlistarskólans er með starfsaðstöðu í Árskóla. Fjöldi nemenda við tónlistarskólann hafa verið sem hér segir:

2017 – 2018 = 125 nemendur (Sauðárkrókur 56 nemendur)
2018 – 2019 = 112 nemendur
2019 – 2022 = ??
2020 – 2021 = 128 (58 Sauðárkrókur, 35 Varmahlíð, 20 Hofsós, 5 Hólar, aðrir 10).
2021 – 2022 = 154 (72 Sauðárkrókur, 44 Varmahlíð, 23 Hofsós, 7 Hólar)
2022 – 2023 = 160

*Tafla 119: Rekstraryfirlit fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Skólagjöld | -10.032 | -10.521 | -9.778 | -12.966 | 4,9% | -7,1% | 32,6% | 29,2% | -2.934 |
| Hlutdeild Akrahrepps | -7.348 | -7.507 | -8.049 | -3.119 | 2,2% | 7,2% | -61,2% | -57,6% | 4.229 |
| IF - Bílaleiga, án vsk. | | | -150 | | | | -100,0% | | 0 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur - þjónustutekjur | | 98 | | | | -100,0% | | | 0 |
| Hljóðfæraleiga | -240 | | | | -100,0% | | | -100,0% | 240 |
| Styrkir/Framlög | | -69 | | | | -100,0% | | | 0 |
| **Samtals tekjur** | **-17.620** | **-17.999** | **-17.977** | **-16.085** | **2,2%** | **-0,1%** | **-10,5%** | **-8,7%** | **1.535** |
| Mánaðarlaun kennara | 64.870 | 67.473 | 70.909 | 71.688 | 4,0% | 5,1% | 1,1% | 10,5% | 6.818 |
| Skólaliðar/Ræstingarlaun | 840 | 937 | 792 | 736 | 11,6% | -15,5% | -7,1% | -12,4% | -104 |
| Yfirvinna | 1.351 | 1.187 | 1.615 | 2.617 | -12,1% | 36,0% | 62,1% | 93,7% | 1.266 |
| Álagsgreiðslur | 4 | 10 | | 72 | 150,0% | -100,0% | | 1685,4% | 68 |
| Áfallið orlof | -102 | 1.426 | 184 | 677 | -1503,7% | -87,1% | 268,1% | -766,6% | 779 |
| Launatengd gjöld | 16.000 | 16.468 | 17.111 | 17.716 | 2,9% | 3,9% | 3,5% | 10,7% | 1.716 |
| Matarkostnaður | 38 | 5 | **57** | | -87,8% | 1137,4% | -100,0% | -100,0% | -38 |
| **Laun og launatengd gjöld samtals** | **83.002** | **87.506** | **90.668** | **93.507** | **5,4%** | **3,6%** | **3,1%** | **12,7%** | **10.505** |
| Tölvubúnaður, símar og rekstarvörur | 125 | 85 | 109 | 201 | -32,1% | 28,4% | 83,7% | 60,2% | 75 |
| Hljómplötur og nótnahefti | 0 | 63 | 53 | 120 | | -17,0% | 128,3% | | 120 |
| Hljóðfæri | 112 | 549 | 406 | 699 | 391,3% | -26,0% | 72,1% | 525,5% | 587 |
| Önnur vörukakup | 477 | 161 | 77 | 246 | -66,4% | -52,2% | 220,3% | -48,5% | -231 |
| **Samtals vörukaup** | **714** | **858** | **645** | **1.266** | **20,1%** | **-24,9%** | **96,3%** | **77,2%** | **552** |
| Lögfræðiþjónusta | 0 | | 172 | 2.191 | | | 1173,6% | | 2.191 |
| IF - húsaleiga | 5.257 | 5.536 | 5.739 | 6.027 | 5,3% | 3,7% | 5,0% | 14,7% | 771 |
| IF - bílaleiga frá þjón.stöð | 1.990 | 1.058 | 1.555 | 1.581 | -46,8% | 47,0% | 1,7% | -20,5% | -408 |
| Önnur þjónustukaup | 2.732 | 4.237 | 3.313 | 2.412 | 55,1% | -21,8% | -27,2% | -11,7% | -320 |
| **Samtals þjónustukaup** | **9.978** | **10.830** | **10.779** | **12.212** | **8,5%** | **-0,5%** | **13,3%** | **22,4%** | **2.234** |
| **Hlutd. í sameiginl. kostn annara** | **0** | | | **3.119** | | | | | **3.119** |
| **Samtals gjöld** | **93.694** | **99.194** | **102.093** | **110.104** | **5,9%** | **2,9%** | **7,8%** | **17,5%** | **16.410** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **76.074** | **81.195** | **84.115** | **94.019** | **6,7%** | **3,6%** | **11,8%** | **23,6%** | **17.945** |
| Fjárhagsáæltun/fjárheimild | 79.724 | 74.336 | 85.869 | 89.087 | -6,8% | 15,5% | 3,7% | 11,7% | 9.363 |
| Fjárhagsáætlun - rekstrarniðurstaða | 3.650 | -6.859 | 1.754 | -4.931 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum kennara | 2,1% | 1,8% | 2,3% | 3,7% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Samtals gjöld tónlistarskólans hækka um 17,5% á milli áranna 2019 og 2022, eða um 16,4 millj. kr.

Hins vegar lækka tekjur tónlistarskólans um 8,7%. Þar munar mest um lækkun greiðslna frá Akrahreppi.

Skólagjöldin hækkuðu um 29,2%, eða um 2,9 millj. kr. Skólagjöldin voru 12.966 þús. kr. árið 2022 en gjöldin samtals 110.104 þús. kr. Þannig voru skólagjöldin 11,8% af gjöldum samtals.

Tekjur vegna hljóðfæraleigu voru eingöngu árið 2019. Svo virðist sem hljóðfæraleiga hafi ekki verið innheimt árin 2020 til og með 2022.

Rekstrarniðurstaða var undir fjárheimildum árin 2019 og 2021 en yfir fjárheimildum 2020 og 2022.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum hækkaði á milli áranna 2019 og 2022. Var hlutfallið 3,7% árið 2022.

Sveitarfélög hafa verið að gera breytingar á rekstri tónlistarskóla. Sem dæmi má nefna að sameina grunnskóla og tónlistarskóla. Má þar nefna Grundarfjarðarbæ. Einnig má nefna nýbreytni sem tekin hefur verið upp í Reykjanesbæ þar sem forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar er skyldunám fyrir öll 6 og 7 ára grunnskólabörn og er gjaldfrjáls.

Kennsla fer fram á skólatíma og innan húsnæðis grunnskólanna. Forskólinn skiptist í tvær deildir, Forskóla 1 (1. bekkur) og Forskóla 2 (2 bekkur). Kennt er í hópum, hámark 11 börn í hóp (oftar en ekki er bekkjum skipt í tvo hópa). Nemendur í Forskóla 1 fá 1 x 40 mín. á viku en nemendur í Forskóla 2 fá 2 x 40 mín. á viku. Þeir tímar sem nýttir eru í forskóla eru teknir af list – og verkgreinakvóta.

Samkvæmt skólastjóra tónlistarskólans gengur Forskólinn vel og almennt mikil ánægja með fyrirkomulagið á meðal barna og foreldra og sömuleiðis kennara grunn- og tónlistarskólans.

Ætla má að hér sé um nýbreytin að ræða og góða leið til þess að kveikja áhuga nemenda á tónlistarnámi sem og að hvetja þau til frekara náms.

## Akstur almenningsvagna á Sauðárkróki

Í október 2021 var gerður samningur um akstur almenningsvagna á Sauðárkróki. Samningurinn var frá 21. október 2021 til 1. júní 2023. Samkvæmt samningnum er heimilt að framlengja samningnum tvisvar sinnum um eitt ár í senn. Þannig að samningstíminn getur orðið allt að fjögur ár. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Árið 2023 var ákveðið að framlengja samninginn um eitt ár.

Áður en almenningsaksturinn hófst var akstur sem var skilgreindur sem skólaakstur. Samhliða útboðinu sem fram fór árið 2021 var ákveðið að bjóða út almenningsakstur og öllum heimilt að nýta sér aksturinn. Aksturságætlun tekur mið af þörfum grunnskólanemenda.

Megin tilgangurinn með akstrinum hefur verið að tryggja nemendum grunnskólans akstur yfir dimmustu og snjóþyngstu vetramánuðina með öryggisjónarmið að leiðarljósi. Öll heimili á Sauðárkróki eru innan við 1,5 km fjarlægð frá Árskóla. Almenningi er einnig heimilt að nýta sér aksturinn. Fyrir notandann er aksturinn gjaldfrjáls. Rétt er að fram komi að hér er ekki um lögbundið verkefni að ræða hjá sveitarfélaginu.

Ár hvert hefur verið stefnt að því að aksturinn hefjist eigi síðar en 1. nóvember og yfirleitt miðað að því að honum ljúki í byrjun apríl.

*Tafla 120: Rekstraryfirlit vegna almenningssamgangna í þúsundum króna*

| | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Almenningssamgöngur | 3.156 | 11.978 |
| Lögfræðiþjónusta | 1.070 | |
| Önnur sérfærðiþjónusta | 501 | |
| **Samtals** | **4.727** | **11.978** |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 120 sýnir rekstraryfirlit vegna almenningssamgangna.

Eins og fram kemur í töflunni var kostnaðurinn vegna almenningssamgangna árið 2022 11.978 þús. kr. Um er að ræða fyrsta heila árið frá því að aksturinn hófst.

## Brunavarnir Skagafjarðar

Næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra er sveitarstjóri. Slökkviliðsstjóri á reglulega fundi með sveitarstjóra.

Auk slökkviliðsstjóra eru þrír aðrir  starfsmenn í fullu starfi við slökkviliðið, varaslökkviliðsstjóri  og tveir varðstjórar. Fastir starfsmenn eru allir karlmenn. Vegna sumarorlofa eru þrír starfsmenn  að jafnaði í dagvinnu yfir sumartímann (júní-ágúst)

Daglegur vinnutími fastráðinna manna við slökkviliðið á virkum dögum er frá kl. 8:00 til 16:00.

Auk þessa ganga fastir starfsmenn slökkviliðsins bakvaktir. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri ganga að öllu jöfnu ekki bakvaktir vegna sjúkraflutninga, heldur skipta þeir með sér stjórnunarvakt vegna slökkviliðsins. Auk þeirra tekur varðstjóri sem er á bakvakt vegna sjúkraflutninga stjórnenda bakvakt að jafnaði þriðju hverja viku. Hann er þá að sinna bakvakt slökkviliðsins og sjúkraflutninga á sama tíma. Þriðju hverja

viku, þegar varðstjóri er á bakvakt vegna sjúkraflutninga, tekur hann einnig stjórnendabakvakt slökkviliðsins og eru þá tveir einstaklingar á bakvakt vegna sjúkraflutninga og annar þeirra ber bakvakt slökkviliðsins á sama tíma. Þegar slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri eru á bakvakt vegna slökkviliðsins eru þrír einstaklingar á vakt, einn stjórnandi slökkviliðsins og tveir sem sinna sjúkraflutningum.

Þeir sem sinna bakvöktum vegna sjúkraflutninga eru sjö, þ.e. tveir af fasta mönnum slökkviliðsins og síðan fimm sem vinna annarstaðar.

Yfir sumarmánuðina hefur verið ráðinn inn afleysingamaður.

Á dagvinnutíma  geta allir fastráðnir starfsmenn slökkviliðsins þurft að sinna útköllum vegna sjúkraflutninga. Útköllum hefur fjölgað töluvert undanfarin ár og gerist það því æ oftar.

Frá miðjum júní og fram yfir verslunarmannahelgi, þ.e. í átta vikur yfir sumarið, eru fjórir starfsmenn á bakvakt yfir helgar. Í flestum tilfellum eru þetta þrír einstaklingar úr útkallsliði slökkviliðsins ásamt stjórnanda, auk þeirra er áhöfn sjúkrabíls á bakvakt.

Í gildi er samningur á milli Heilbrigðisstofnunar Norðurlands annars vegar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar hins vegar um sjúkraflutninga. Samkvæmt honum tekur sveitarfélagið að sér sjúkraflutninga skv. kröfulýsingu samningsins á svæði Heilbrigðisstofnunar Norðurlands í Skagafirði. Þjónustusvæðið er Skagafjörður að undaskildum Fljótum.

Árleg greiðsla skv. samningnum eru 41.500 þús. kr. Innifalið í þeirri upphæð eru 350 sjúkraflutningar á ári. Fari sjúkraflutningar umfram þann fjölda greiðist aukalega 50.000 kr. fyrir hvern flutning. Samningsupphæðir hafa síðan tekið breytingum skv. samningnum frá og með árinu 2020. Miðað er við að 90% sé vegna launa og skv. verðlagsforsendum fjárlaga 10%.

Samningur tók gildi 1. janúar 2020 og gildir til og með 31. desember 2024.

*Mynd 49: Sjúkraflutningar á ári hverju hjá Brunavörnum Skagafjarðar*




Heimild: Brunavarnir Skagafjarðar

Mynd 49 sýnir fjölda sjúkraflutninga á ári hverju hjá Brunavörnum Skagafjarðar.

Fæstir voru sjúkraflutningarnir árið 2016, eða 311. Flestir voru þeir 2021, eða 460. Árið 2022 voru sjúkraflutningarnar 406.

Á síðustu árum hafa sjúkraflutningar verið að aukast. Ljóst er að fara þarf yfir forsendur samnings vegna sjúkraflutninga með forsvarsmönnum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, þar sem verkefnum vegna þeirra hefur fjölgað mikið undanfarin ár, að mati slökkviliðsstjóra.

*Mynd 50: Hlutfall af sjúkraflutningum utan reglubundins dagvinnutíma*




Heimild: Brunavarnir Skagafjarðar

Mynd 50 sýnir hlutfall sjúkraflutninga sem fram hafa farið utan reglubundins dagvinnutíma.

Eins og taflan sýnir var þetta hlutfall hæst árið 2019, eða 63,27%. Lægst var hlutfallið árið 2021, eða 52,1%. Árið 2022 var hlutfallið 54,2%.

*Mynd 51: Fjöldi árlegra sjúkraflutninga til og frá Akureyri og hlutfall þeirra af heildarfjölda hvers árs*




Heimild: Brunavarnir Skagafjarðar

Mynd 51 sýnir fjölda sjúkraflutninga til og frá Akureyri og hlutfall þeirra af heildarfjölda sjúkraflutninga hvers árs.

Tæplega helmingur sjúkraflutninga hefur verið til Akureyrar með tilheyrandi tíma sem það tekur og þjónustuskerðingu, en reikna má með 4 klst. í hvern sjúkraflutning til Akureyrar.

Í útkallsliði slökkviliðsins eru 32 slökkviliðsmenn að meðtöldum þeim fastráðnu. Af þeim eru fjórir á Hofsósi og fjórir í Varmahlíð. Í slökkviliðinu eru tvær konur, báðar staðsettar á Sauðárkróki. Önnur þeirra sinnir líka sjúkraflutningum.

Að jafnaði eru 12 æfingar slökkviliðsins á ári. Endurmenntunardagur vegna sjúkraflutninga er a.m.k. einn dagur á ári.

Frá miðjum júní og fram yfir verslunarmannahelgi, þ.e. í átta vikur yfir sumarið, eru fjórir starfsmenn á bakvakt yfir helgar. Í flestum tilfellum eru þetta þrír einstaklingar úr útkallsliði slökkviliðsins ásamt stjórnanda, auk þeirra er áhöfn sjúkrabíls á bakvakt.

Húsnæði slökkvistöðvarinnar er of lítið að sögn slökkviliðsstjóra. Vegna þess hefur þurft að geyma hluta af búnaði slökkviliðsins úti. Körfubíll slökkviliðsins er geymdur í húsnæði á flugvellinum. Búnaður sem geymdur hefur verið út hefur verið að skemmast að sögn slökkviliðsstjóra og nefnir hann sem dæmi kerru sem var fyrir ýmis konar búnað til að nota á vettvangi bruna.

Bílafloti slökkviliðsins er tankbíll árgerð 2006, dælubíll árgerð 2019, mannflutningabíll árgerð 2015, bakvaktabíll árgerð 2022 fyrir stjórnendavakt og körfubíll árgerð 1986 sem er geymdur á flugvellinum.

Gallar slökkviliðsmanna eru fram í sal hjá bílunum. Í slökkvistöðinni er ekki baðaðstaða fyrir slökkviliðsmenn né aðstaða til fataskipta og geymslu á munum hjá slökkvíliðsmönnum í útkallsliðinu.

Á Hofsósi er einn bíll sem er árgerð 1986, Hann á ekki mörg ár eftir í þjónustu að sögn slökkviliðsstjóra. Nýverið er búið að leggja bílnum sem var í Varmahlíð vegna aldurs þannig að þar er ekki bíll.

Í gildi er brunavarnaráætlun sem gildir út árið 2023. Unnið er að gerð nýrrar rafrænnar brunavarnaráætlunar í samstarfi við HMS sem stefnt er að, að verði tilbúin í lok árs 2023 eða byrjun árs 2024.

*Tafla 121: Rekstraryfirlit fyrir Brunavarnir Skagafjarðar í þúsundum króna*

| | | | | | Hlutfallslegar breytingar | | | | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | 2022-2019 |
| Hlutdeild Akrahrepps | -3.309 | -2.771 | -3.237 | -1.243 | -16,3% | 16,8% | -61,6% | -62,4% | 2.066 |
| Aðrar þjónustutekjur | -556 | -535 | -567 | -687 | -3,8% | 6,0% | 21,2% | 23,6% | -131 |
| IF - Vinna Brunavarnir | -184 | -92 | -239 | -406 | -49,8% | 159,1% | 69,8% | 121,0% | -222 |
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | **-345** | -687 | -821,81 | | 99,1% | 19,7% | -100,0% | -100,0% | 345 |
| Seld vinna og þjónusta | -1.356 | -1.386 | -1.273 | -1.900 | 2,2% | -8,2% | 49,3% | 40,1% | -543 |
| **Samtals tekjur** | **-5.750** | **-5.470** | **-6.138** | **-4.236** | **-4,9%** | **12,2%** | **-31,0%** | **-26,3%** | **1.514** |
| Mánaðarlaun | 17.547 | 18.062 | 18.169 | 23.599 | 2,9% | 0,6% | 29,9% | 34,5% | 6.052 |
| Yfirvinna | 10.697 | 10.153 | 12.771 | 12.580 | -5,1% | 25,8% | -1,5% | 17,6% | 1.883 |
| Álagsgreiðslur | 1.949 | 4.448 | 3.920 | 5.679 | 128,3% | -11,9% | 44,9% | 191,4% | 3.730 |
| Áfallið orlof | 366 | -779 | 1.142 | 777 | -312,8% | -246,7% | -32,0% | 112,3% | 411 |
| Launatengd gjöld | 7.505 | 8.406 | 9.385 | 11.024 | 12,0% | 11,6% | 17,5% | 46,9% | 3.518 |
| Fæðispeningar og matarkostnaður | 343 | 476 | 502 | 410 | 38,7% | 5,5% | -18,3% | 19,5% | 67 |
| Heilsurækt | 650 | 650 | 1.221 | 710 | 0,0% | 87,9% | -41,9% | 9,2% | 60 |
| **Samtals laun og launatengd gjöld** | **39.057** | **41.417** | **47.112** | **54.779** | **6,0%** | **13,7%** | **16,3%** | **40,3%** | **15.722** |
| Vinnufatnaður | 1.370 | 2.336 | 1.886 | 1.625 | 70,5% | -19,2% | -13,9% | 18,6% | 255 |
| Rafmagn og heitt vatn | 1.511 | 468 | 888 | 1.382 | -69,0% | 89,6% | 55,7% | -8,6% | -129 |
| Önnur vörukaup | 2.568 | 3.224 | 4.118 | 1.318 | 25,5% | 27,7% | -68,0% | -48,7% | -1.250 |
| **Samtals vörukaup** | **5.449** | **6.027** | **6.892** | **4.324** | **10,6%** | **14,3%** | **-37,3%** | **-20,6%** | **-1.125** |
| Sími, fjarskiptaþjónusta og internettegingar | **2.317** | 1.288 | 1.395 | 1.802 | -44,4% | 8,3% | 29,2% | -22,2% | -515 |
| Símastyrkir starfsmanna | | 814 | 943 | 1.238 | | 15,9% | 31,2% | | 1.238 |
| Lækna- og hjúkrunarþjónusta | 408 | **4** | **739** | **653** | -98,9% | 16702,3% | -11,7% | 60,1% | 245 |
| IF - húsaleiga | 7.814 | 8.004 | 8.284 | 8.960 | 2,4% | 3,5% | 8,2% | 14,7% | 1.146 |
| Önnur þjónustukaup | 3.411 | 2.006 | 1.761 | 1.801 | -41,2% | -12,2% | 2,2% | -47,2% | -1.610 |
| **Þjónustukaup samtals** | **13.950** | **12.115** | **13.122** | **14.453** | **-13,2%** | **8,3%** | **10,1%** | **3,6%** | **503** |
| Hlutd. í sameiginl. kostn annara | | | | 1.293 | | | | | 1.293 |
| **Samtals gjöld** | **58.456** | **59.560** | **67.126** | **74.850** | **1,9%** | **12,7%** | **11,5%** | **28,0%** | **16.394** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **52.706** | **54.090** | **60.989** | **70.614** | **2,6%** | **12,8%** | **15,8%** | **34,0%** | **17.908** |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 54.836 | 61.355 | 69.329 | 81.313 | 11,9% | 13,0% | 17,3% | 48,3% | 26.477 |
| Fjárhagsáætun - rekstrarniðurstaða | 2.130 | 7.265 | 8.340 | 10.699 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 61,0% | 56,2% | 70,3% | 53,3% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 121 sýnir rekstraryfirlit fyrir Brunavarnir Skagafjarðar í þús. kr.

Eins og fram kemur í töflunni hækkaði rekstrarniðurstaðan um 34% á milli áranna 2019 og 2022. Hins vegar hækkaði fjárhagsáætlun um 48%. Þetta gerist þrátt fyrir að fjárhagsáætlunin hafi öll árin verið hærri en rekstarniðurstaðan. Mismunurinn fór hækkandi á milli ára.

*Tafla 122: Rekstraryfirlit vegna sjúkraflutninga í þúsundum króna*

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Hlutfallslegar breytingar 2020/2019 | 2021/2020 | 2022/2021 | 2022/2019 | Mismunur 2022-2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Endurgr. ríkissjóðs/-stofnana | -39.304 | -43.687 | -51.252 | -48.196 | 11,2% | 17,3% | -6,0% | 22,6% | -8.892 |
| Aðrar tekjur | -88 | | | -2.750 | -100,0% | | | 3010,9% | -2.662 |
| **Samtals tekjur** | **-39.393** | **-43.687** | **-51.252** | **-50.946** | **10,9%** | **17,3%** | **-0,6%** | **29,3%** | **-11.553** |
| Mánaðarlaun | 13.048 | 13.817 | 14.708 | 15.455 | 5,9% | 6,4% | 5,1% | 18,5% | 2.407 |
| Yfirvinna | 9.952 | 9.964 | 13.086 | 13.220 | 0,1% | 31,3% | 1,0% | 32,8% | 3.268 |
| Álagsgreiðslur | 14.284 | 14.902 | 15.810 | 16.706 | 4,3% | 6,1% | 5,7% | 17,0% | 2.422 |
| Áfallið orlof | 326 | -202 | 534 | 20 | -162,1% | -363,9% | -96,3% | -93,9% | -306 |
| Fæðispeningar | 184 | 255 | 303 | 274 | 38,4% | 18,8% | -9,6% | 48,5% | 89 |
| Launatengd gjöld | 8.798 | 9.547 | 10.807 | 11.340 | 8,5% | 13,2% | 4,9% | 28,9% | 2.543 |
| **Samtals laun og launatengd gjöld** | **46.592** | **48.281** | **55.247** | **57.015** | **3,6%** | **14,4%** | **3,2%** | **22,4%** | **10.423** |
| Samtals vörukaup | 76 | 54 | | 57 | -28,9% | -100,0% | | -24,3% | -18 |
| Samtals þjónustukaup | 521 | 429 | 987 | 540 | -17,8% | 130,3% | -45,3% | 3,6% | 19 |
| **Gjöld samtals** | **47.189** | **48.764** | **56.234** | **57.612** | **3,3%** | **15,3%** | **2,5%** | **22,1%** | **10.423** |
| Rekstrarniðurstaða | 7.797 | 5.077 | 4.982 | 6.666 | -34,9% | -1,9% | 33,8% | -14,5% | -1.130 |
| Fjárhagsáætlun/fjárheimild | 13.412 | 10.244 | 8.219 | 13.918 | -23,6% | -19,8% | 69,3% | 3,8% | 506 |
| Fjárhagsáætun - rekstrarniðurstaða | 5.615 | 5.167 | 3.237 | 7.252 | | | | | |
| Yfirvinna sem hlutalatt af mánaðarlaunum | 76,3% | 72,1% | 89,0% | 85,5% | | | | | |

Heimild: Skagafjörður

Tafla 122 sýnir rekstraryfirlit vegna sjúkraflutninga hjá Brunavörnum Skagafjarðar í þúsundum króna.

Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs eru mánaðarlaun vegna tveggja stöðugilda bókfærð á sjúkraflutningana. Yfirvinna og álagsgreiðslur eru vegna 7 til 8 starfsmanna að jafnaði, eða þeirra sem eru að sinna sjúkraflutningum utan reglubundins vinnutíma. Bakvaktir eru færðar með álagsgreiðslum.

Eins og fram kemur í töflunni var kostnaður vegna sjúkraflutninga umfram greiðslur frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands öll árin. Samtals var munurinn þessi ár 24.522 þús. kr.

Það vekur athygli að öll árin var fjárhagsáætlun mun hærri en rekstrarniðurstaðan var. Samtals gerði fjárhagsætlun ráð fyrir að umfram kostnaður þessi ár væri 45.792 þús. kr. þegar hann var í raun 24.522 þús. kr., sbr. hér að framan.

# Tillögur

## Sveitarfélögin almennt

### 1. Greining og viðræður við ríkið

**Lagt er til að Skagafjörður beiti sér fyrir því að fram fari greining á þeim fjárhagslegu áhrifum, sem laga- og reglugerðarbreytingar og breytingar í samfélaginu hafa haft á fjárhag sveitarfélaga á undanförnum árum.**

Skoðað verði sértaklega hvaða áhrif þessar breytingar hafa haft á þjónustuskyldur sveitarfélaga og útgjöld þeirra vegna þess. Í framhaldinu fari fram samtal á milli ríkis og sveitarfélaga, hvort til greina komi að auka tekjur sveitarfélaga til að mæta útgjöldum vegna þessa. Hér er gert ráð fyrir að þetta verði gert með milligöngu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

### 2. Veltufé frá rekstri

**Lagt er til að sveitarstjórn marki stefnu til framtíðar varðandi hvað hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum eigi að vera.**

Lögð er áhersla á að það er góð og ábyrg fjármálastjórn að marka stefnu til framtíðar um hvert hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum eigi að vera til framtíðar litið, til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði og uppbyggingu í sveitarfélaginu. Æskilegt er að þetta hlutfall sé a.m.k. á bilinu 10 til 15%.

## Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun

### 3. Áætlun um sjóðsstöðu

**Lagt er til að á fyrsta virkum degi í hverjum mánuði leggi sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs fyrir sveitarstjóra samanburð á áætlaðri sjóðsstöðu sveitarfélagsins og raunstöðu fyrir viðkomandi mánuð.**

Hér er lagt til að sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs geri sveitarstjóra í byrjun hvers mánaðar grein fyrir stöðu á bankareikningum sveitarfélagsins í samanburði við áætlaða stöðu þeirra. Þessi staða á að geta gefið fyrstu vísbendingu um það ef eitthvað er að fara úrskeiðis í rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

### 4. Vinna við gerð fjárhagsáætlunar

**Lagt er til að vinna við gerð fjárhagsáætlunar hefjist á vormánuðum fyrir næsta ár á**

**eftir. Þá verði lögð fram tímasett áætlun um vinnutilhögun fjárhagsáætlunar.**

Mikilvægt er að forstöðumenn allra stofnana og nefndir komi að gerð fjárhagsáætlunar. Forstöðumenn geri áætlun fyrir sínar stofnanir sem síðan verði unnið út frá. Mikilvægt er að sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs móti ákveðna stefnu og tímaáætlun sem unnið verði eftir við fjárhagsáætlunargerðina varðandi m.a. launaáætlun, verðlagshækkanir o.s.frv. Áður en vinna hefst verði tillaga að stefnunni og tímaáætlun lögð fyrir byggðaráð til samþykktar. Þetta verði gert eigi síðar en fyrir lok maí ár hvert.

Lögð er áhersla á að vinna við gerð fjárhagsáætlunar hefjist á vormánuðum fyrir næsta ár á eftir. Þá verði tímasett hvernig unnið verði að áætluninni o.fl. Gert verði ráð fyrir að fyrstu drög að fjárhagsáætlun liggi fyrir um miðjan september ár hvert.

## 5. Núllgrunsáætlun

**Lagt er til að studst verði við núllgrunnsáætlanir við gerð fjárhagsáætlana.**

Til þess að ná markmiðum fjárhagsáætlana er mikilvægt að slíkar áætlanir séu skýrar og nákvæmar.

Núllgrunnsáætlanir byggja á því að lagt sé mat á fjárþörf einstakra liða viðkomandi rekstrareininga. Við skoðun á einstökum útgjaldaliðum hefur komið í ljós að í einstaka tilfellum hafa þeir verið að hækka nokkuð umfram verðlagshækkanir. Einnig að við samanburð á rauntölum rekstrar og fjárhagsáætlunar hjá nokkrum rekstrareiningum að um ofáætlun hefur verið að ræða. Getur slík ofáætlun leitt til frekari útgjalda en raunveruleg þörf er á, þ.e. verið útgjalda hvetjandi?

Leggja ber áherslu á að virðist sem svo að einstakir rekstrarliðir séu of áætlaðir, að þá sé gerður viðauki tímanlega til lækkunar á gjöldum viðkomandi rekstrarliðar. Þannig verði reynt að koma í veg fyrir möguleg óþarfaútgjöld.

Með hliðsjón af framanrituðu er hér lagt til að hver útgjaldaliður verði skoðaður sérstaklega við gerð fjárhagsáætlunar og stuðst við núllgrunnsáætlun. Ekki verði gerð áætlun sem byggir eingöngu á útgjöldum og/eða áætlun næstliðins árs.

Núllgrunnsáætlun verði a.m.k. framkvæmd á þriggja ára fresti.

## 6. Greinargerð með fjárhagsáætlun

**Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarlegri greinargerð en gerð hefur verið, þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum, fjöldi stöðugilda o.s.frv.**

Mikilvægt er að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar í áætluninni, komi skýrt fram. T.d. sé gerð grein fyrir því hvað stöðugildi í hverri stofnun eigi að vera mörg. Þar komi fram þróun fjölda

stöðugilda hjá viðkomandi stofnun, t.d. fyrir a.m.k. fimm ára tímabil.

Sé um breytingar að ræða í fjárhagsáætlun frá fyrra ári komi það skýrt fram í greinargerðinni og þá í hverju breytingin felst.

Í greinargerðinni verði m.a. gerð ítarleg grein fyrir öllum fjárfestingum sem gert er ráð fyrir að ráðast í. Jafnframt áætluðu viðhaldi fasteigna ásamt raunkostnaði vegna viðhalds t.d. síðustu fimm ár á undan.

Eftir því sem greinargerðin er ítarlegri því auðveldara verður að fylgja fjárhagsáætlun eftir. Sveitarstjórnarfulltrúar og almenningur verður betur upplýstur um hvað samþykkt hefur verið með fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

## 7. Greiðsluáætlun

**Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins. Á sama hátt verði gerð áætlun um fjölda stöðugilda hjá hverri stofnun í hverjum mánuði ársins. Greiðsluáætlun verði einnig gerð vegna verklegra framkvæmda.**

Með vel unninni greiðsluáætlun, sem fylgt er eftir, er hægt að koma í veg fyrir umfram eyðslu. Gerð verði áætlun um laun hvers starfsmanns fyrir hvern mánuð. Laununum verði skipt í föst laun og önnur laun. Rauntölur hvers mánaðar verði síðan bornar saman við áætlunina. Fari t.d. launakostnaður fram úr áætlun í einum mánuði verði brugðist við því.

Þannig verði einnig tekið á öðrum rekstrarútgjöldum. Virðist sem svo að útgjaldaliður sé að fara fram úr áætlun verði strax gripið til aðgerða.

Jafnframt verði gerð greiðsluáætlun yfir framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og áætlað hvernig þær skiptast niður á mánuði ársins.

Einnig verði gerð áætlun fyrir hvern mánuð í samræmi við fjárhagsáætlun um fjölda stöðugilda fyrir hverja stofnun. Raunfjöldi stöðugilda í hverjum mánuði verði síðan borinn saman við áætlun um fjölda stöðugilda.

Um 15. hvers mánaðar liggi fyrir samanburður á rauntölum og áætlun um stöðuna í mánuðinum á undan. Um er að ræða samanburð á áætlun og rauntölum bæði hvað varðar rekstur og stöðugildi. Komi í ljós að áætlun standist ekki eða svo virðist sem stefni í það verði strax gripið til aðgerða.

Í mánuði hverjum leggi sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs fram samanburð í byggðarráði á greiðsluáætlun og rauntölum fyrir næstliðinn mánuð og það sem af er árinu ásamt sömu upplýsingum um fjölda stöðugilda.

Hluti af greiðsluáætlun verði áætlun á stöðu bankareikninga hjá sveitarfélaginu. Samhliða því hætti gjaldkeri að gera greiðsluáætlun. Stuðst verði við eina greiðsluáætlun sem sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs geri.

### 8. Viðhald fasteigna, ársskýrsla

**Lagt er til að árlega verði gefin út ítarleg skýrsla varðandi ástand og viðhaldsþörf fasteigna. Í skýrslunni komi fram lýsing á ástandi fasteigna sveitarfélagsins, áætlaður kostnaður vegna viðhalds og tímasett áætlun um framkvæmd viðhalds.**

Í upphafi fari fram ítarleg skoðun á ástandi fasteigna sveitarfélagsins. Gerð áætlun um kostnað og viðhaldsframkvæmdir tímasettar. Í skýrslunni komi fram myndir sem sýni ástandið.

Árlega verði skýrslan uppfærð. Með þessu verða sveitarstjórnarfulltrúar betur upplýstir um hvert ástandið er og hver áætlaður kostnaður er. Með þessu verður stefnt að því að halda fasteignum betur við og líklega lækka kostnað frekar en að brugðist sé við þegar komið er í óefni. (Dæmi um viðhaldsskýrslur er hægt að skoða m.a. hjá Hafnarfjarðarkaupstað.[1])

### 9. Fundir vegna fjárhagsáætlunar og ársreiknings

**Lagt er til að haldnir verði fundir með öllum forstöðumönnum sveitarfélagsins um fjárhagsáætlun og ársreikning sveitarfélagsins ár hvert.**

Mikilvægt er, þegar ársreikningur liggur fyrir, að farið sé yfir hann með forstöðumönnum og rætt hvernig til hafi tekist og jafnvel með starfsmönnum almennt. Það sama verði gert þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt nema þá verði jafnframt rætt hvernig unnið skuli eftir henni. Með því móti ættu forstöðumenn og starfsmenn að vera vel meðvitaðir um fjármál sveitarfélagsins.

## Laun

### 10. Veikindi

**Lagt er til að fram fari markviss greining á ástæðum þess að fjöldi veikindadaga starfsmanna Skagafjarðar er jafn hár og raun ber vitni. Jafnframt verði sett fram aðgerðaráætlun til næstu ára til að draga úr fjölda veikindadaga hjá starfsmönnum sveitarfélagsins.**

Markmiðið með greiningunni væri að leita frekari skýringa á veikindum hjá starfsmönnum sveitarfélagsins og leggja til leiðir til úrbóta. Í greiningar- og úrlausnarvinnunni verði lögð áhersla á vellíðan starfsmanna og starfsumhverfi þeirra. Mikilvægur hluti vinnunnar er mótun viðverustefnu þar sem m.a. kemur fram verklag

[1] Hafnarfjardarbaer-vidhald-fasteigna-2017-Skolar-okt.pdf (hafnarfjordur.is)

um tilkynningu veikinda, leiðbeiningar fyrir stjórnendur um fjarvistarsamtöl ef veikindafjarvistir eru yfir ákveðnu viðmiði á ákveðnu tímabili, áætlanir um endurkomu o.s.frv.

Gerð verði áætlun um hvert þetta hlutfall eigi að vera fyrir hvert árþar til lokamarkmiðinu er náð. Lokamarkmiðið ætti að vera að ná fjarvistum vegna veikinda niður fyrir a.m.k. 5% af heildarfjölda virkra vinnudaga. Þetta hlutfall var 8,7% árið 2022 vegna veikinda starfsmanna og barna þeirra.

### 11. Langtímaveikindi

**Lagt er til að áætlað verði á sameiginlegum lið fyrir langtímaveikindum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.**

Hér er lagt til að hvert ár verði áætlað fyrir langtímaveikindum hjá starfsmönnum sveitarfélagsins. Um verði að ræða sameiginlegan lið fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins. Langtímaveikindin verði skilgreind sem veikindi umfram fjórar vikur eða lengur.

Komi upp langtímaveikindi þá sæki viðkomandi forstöðumaður um framlag af þessum lið vegna þeirrar stofnunar sem um ræðir. Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og mannauðsstjóri taki umsóknina til afgreiðslu.

Sem dæmi má nefna að vari veikindi lengur en um fjórar vikur sé hægt að sækja um viðbótarframlag vegna þess.

### 12. Hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins

**Lagt er til að sveitarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.**

Hér er lagt til að sveitarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn setji sér ákveðin tímamörk um hvenær markmiðinu verði náð.

## Stöðugildi

### 13. Fjöldi stöðugilda samkvæmt fjárhagsáætlun

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Sé metið að stöðugildi þurfi að vera fleiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir þurfi samþykki byggðarráðs/sveitarstjórnar fyrir því.**

Hér er verið að leggja áherslu á að stöðugildi hjá stofnunum séu í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Mikilvægt er að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé tilgreindur í greinargerð með fjárhagsáætlun. Þar komi m.a. fram fjöldi stöðugilda hverrar rekstrareiningar s.l. fimm ár og áætluð stöðugildi skv. fjárhagsáætlun næsta

árs.

### 14. Fjölgun stöðugilda

**Lagt er til að ef komi fram ósk um fjölgun stöðugilda verði lagður fram rökstuðningur fyrir því sem síðan mannauðsstjóri og sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs fari yfir og meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.**

Leggja ber áherslu á að athuga þurfi vel hvort fallast eigi á fjölgun stöðugilda sé þess óskað. Lagður verði fram sérstakur rökstuðningur fyrir óskinni sem síðan mannauðsstjóri og sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

### 15. Mánaðarlega verði gerður samanburður á raunfjölda stöðugilda og áætluðum fjölda skv. fjárhagsáætlun

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að mánaðarlega verði gerður samanburður á fjölda stöðgilda hjá hverri rekstrareiningu og hann borinn saman við áætlaðan fjölda stöðugilda.**

Hér er lagt til að fylgst verði náið með fjölda stöðugilda í hverjum mánuði og hann borinn saman við áætlaðan fjölda hjá viðkomandi stofnunum. Þessar upplýsingar verði lagðar fyrir byggðaráð í hverjum mánuði samhliða rekstraryfirliti í samanburði við greiðsluáætlun. Mannauðsstjóri annist samantektina varðandi stöðugildin.

## Annar rekstrarkostnaður

### 16. Útboð

**Lagt er til að öll þjónustukaup, svo sem ræstingar, þar sem það á við, tryggingar, símaþjónusta (internet tenging), raforkukaup, snjómokstur o.fl. hjá sveitarfélaginu, verði boðið út reglulega. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti.**

**Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði einnig gert reglulega.**

Mikilvægt er að gætt sé aðhalds í öllum innkaupum og þess gætt að alltaf sé leitað eftir sem hagstæðustum kjörum á hverjum tíma. Með því að leita reglulega eftir tilboðum er hægt að tryggja að innkaup verði með þeim bestu kjörum sem í boði eru. T.d. verður að teljast líklegt að hagstæðari tryggingar muni fást með reglulegu útboði.

Við gerð útboðsgagna vegna ræstinga verði tíðni ræstinga tekin til endurskoðunar. Gerð verði krafa um að unnið verði samkvæmt fyrirfram gerðum gátlista, sem merkt verður inná þegar ræstingu er lokið í hvert skipti. Þannig geti eftirlitsaðili sveitarfélagsins fylgst betur með ræstingum.

Mikilvægt er að þegar hagstæðasta tilboði í rekstrarvörur hefur verið tekið verði

forstöðumönnum gert að beina viðskiptum sínum til viðkomandi birgja.

Hér er um hagræðingu að ræða sem hvorki kemur niður á starfsmönnum né þjónustu. Ef eitthvað er væri jafnvel hægt að bæta þjónustuna með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til.

### 17. Orkunotkun

**Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.**

Mikilvægt er að fylgst sé nákvæmlega með allri orkunotkun, hún sé skráð mánaðarlega og borin saman á milli mánaða og ára. Mörg dæmi eru um það hjá sveitarfélögum, þar sem þetta er gert, að komið hafi verið í veg fyrir óþarfa eyðslu á orku. Jafnvel hafa sum sveitarfélög farið í að skrá orkunotkun á hvern fermetra og/eða rúmmetra í húsnæði og getað þannig borið saman notkunina á milli einstakra húsa. Með þessu er hægt að grípa inn í ef frávik koma fram. Utanumhald um orkumálin liggi hjá veitu- og framkvæmdasviði.

### 18. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum sveitarfélagsins

**Lagt er til að sveitarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum. Markmiðið verði tímasett.**

Hér er lagt til að sveitarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn setji sér ákveðin tímamörk um hvenær markmiðinu verði náð.

## Stjórnsýslu- og fjármálasvið

### 19. Skagfirskar leiguíbúðir hses

**Lagt er til að kannað verði að Skagfirskar leiguíbúðir hses verði lagðar inn í Brák hses. Jafnframt verði skoðað að selja og/eða leggja aðrar leiguíbúðir sveitarfélagsins inn í Brák og/eða Bríet.**

Brák íbúðafélag hses. er húsnæðissjálfseignarstofnun sem stofnuð var árið 2022 af sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins í þeim tilgangi að ná fram stærðarhagkvæmni sem næst ekki með litlum húsnæðissjálfseignastofnunum með fáar íbúðir í rekstri. Brák er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum aðgengi að íbúðum í langtímaleigu með því að kaupa eða byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi íbúðanna.

Bríet er sjálfstætt leigufélag í eigu Íbúðalánasjóðs. Bríet býður fjölbreytta húsnæðiskosti út um allt land fyrir einstaklinga og fjölskyldur til öruggrar og hagkvæmrar

langtímaleigu. Eignasafn félagsins telur um 250 fasteignir í 38 sveitarfélögum víðsvegar um landið sem flestar eru nú þegar í útleigu.

Gætt verði að því við yfirfærslu að veðhlutfall á hverri fasteign sé í hámarki. Verði fjármagn laust við það verði kannað hvor mismunurinn geti runnið til sveitarsjóðs. Jafnframt verði skoðað hvort til greina komi að fleiri íbúðir í eigu sveitarfélagsins verði seldar og/eða lagðar inn í Brák og/eða Bríet.

Komi ekki til þess að Brák yfirtaki Skagfirskar leiguíbúðir færist umsjón með íbúðunum til veitu- og framkvæmdasviðs á sama hátt og öðrum leiguíbúðum hjá sveitarfélaginu, þ.e. umsjón með fasteignunum færist frá stjórnsýslu- og fjármálasviði yfir til veitu- og framkvæmdasviðs.

## 20. Mannauðsstjóri/framkvæmdaráðsfundir

**Lagt er til að skoðað verði að mannauðsstjóri sitji framkvæmdaráðsfundi.**

Mannauðsstjóri situr framkvæmdaráðsfundi á meðan fjallað er um mannauðsmál. Mannauðsstjóri gegnir veigamiklu hlutverki varðandi starfsmannamál hjá sveitarfélaginu. Þar getur m.a. verið um að ræða líðan starfsmanna almennt, hvernig þeir eru upplýstir um málefni sveitarfélagsins auk verkefna sem snúa beint að kjaramálum, ráðningum o.s.frv.

Með hliðsjón af framanrituðu getur skipt miklu máli að mannauðsstjóri sé almennt vel upplýstur um málefni sveitarfélagsins. Því er hér lagt til að skoðað verði að mannauðsstjóri sitji fundi framkvæmdaráðs.

## 21. Mannaforræði vegna launadeildar

**Lagt er til að skoðað verði að mannauðsstjóri fari með mannaforræði yfir starfsmönnum launadeildar en ekki eingöngu verkstjórn.**

Eðlilegt verður að telja að mannauðsstjóri fari með mannaforráð yfir þeim starfsmönnum sem undir hann heyra önnur en ráðningu og uppsögn.

Eins og staðan er í dag kemur mannauðsstjóri m.a. ekki að ákvörðun á sumarleyfum fyrir starfsmenn launadeildar þó hann fari með verkstjórn yfir þeim.

## 22. Stöðugildi í launadeild

**Lagt er til stöðugildi í launadeild verði 2,0.**

Miðað við samanburð við önnur sveitarfélög og upplýsingar almennt um fjölda stöðugilda þeirra sem koma að vinnu við launaútreikninga og utanumhald er það mat skýrsluhöfunda að 2,0 stöðugildi eigi að ná að annast laun hjá sveitarfélaginu. Skoðað verði hvort til greina komi að stöðugildin verði 1,5.

Til framtíðar litið verði ítarlega farið yfir hvernig er verið að nota Vinnustund við útreikninga launa og þá hvort kerfið bjóði upp á fleiri möguleika en nú er verið að nota þannig að draga megi úr vinnu við launakeyrslu.

## 23. Vinnustund

**Lagt er til allir starfsmenn sveitarfélagsins noti Vinnustund og að allir forstöðumenn fari inn í H3 og samþykki launakeyrslu fyrir sitt starfsfólk áður en laun eru greidd út.**

Fram hefur komið að ekki noti allir starfsmenn sveitarfélagsins Vinnustund. Hér er lagt til að engin undantekning verði veitt fyrir starfsmenn við að nota Vinnustund. Leggja ber áherslu á að allir starfsmenn sveitarfélagsins sitji við sama borð hvað þetta varðar.

Mikilvægt er að allir forstöðumenn samþykki launakeyrslu sinna starfsmanna áður en til greiðslu launa kemur. Forstöðumenn eiga að hafa bestu yfirsýn yfir það hvort tímaskráning starfsmanna sé rétt á hverjum tíma og hvort mögulegt sé að ræða launagreiðslur sem ekki eiga við, t.d. starfsmaður í leyfi án launa eða hættur.

Með því að forstöðumenn fara yfir launakeyrslu áður en til launagreiðslu kemur er hægt að koma í veg fyrir mistök. Hafi forstöðumaður ekki samþykkt launakeyrslu fyrir tilsettan tíma á að frest greiðslu launa vegna viðkomandi starfseiningar þangað til að launakeyrsla hefur verið samþykkt. Jafnvel komi til greina að veita tiltal/áminningu forsómi sami forstöðumaður ítrekað að samþykkja launakeyrslu.

Launagjöld hafa verið undanfarin ár yfir 60% af tekjum sveitarfélagsins. Leggja beri áherslu á að laun séu ekki greidd nema þau hafi verið samþykkt af viðkomandi forstöðumanni.

## 24. Umbætur í vaktavinnu á starfsstöðvum

**Lagt er til að vinnu við endurskipulagningu vaktafyrirkomulags, sem verkefnið „betri vinnutími í vaktavinnu“ snýr að, verði hraðað.**

Fram kemur í skýrslunni að tækifæri væri til umbóta í vaktavinnu á starfsstöðvum og að hafin sé vinna við að skoða þetta. Hér er lagt til að þessari vinnu verði hraðað.

Í verkefninu felst m.a. að skoða t.d. mönnun stofnana, hvort vinnuskylda og starfshlutfall sé í jafnvægi, hvernig hægt sé að gera jöfnun vinnuskila sýnilegri fyrir starfsmanninn, endurskoða jafnræði milli starfsmanna og álagsvakta o.s.frv.

## 25. Stöðugilda fjöldi og mannauðsstjóri

**Lagt er til að mannauðsstjóri hafi á hverjum tíma greiðan aðgang að upplýsingum um áætlaðan fjölda stöðugilda skv. fjárhagsáætlun og að hann komi að því að áætla fjöldann.**

Mannauðsstjóri hefur ekki haft aðgang að áætlun varðandi stöðugildafjölda skv. fjárhagsáætlun. Vegna þess hefur hann ekki upplýsingar um fjölda áætlaðra stöðugilda fram í tímann á hverri starfsstöð.

Leggja ber áherslu á að mannauðsstjóri hafi greiðan aðgang að áætlun hvað varðar fjölda stöðugilda og að hann komi að því að áætla stöðugildafjölda starfsstöðva.

## 26. Upplýsingaflæði til starfsmanna

**Lagt er til að skoðað verði að taka upp Workplace/SharePoint sem innri vef fyrir starfsmenn sveitarfélagsins.**

Á hverjum tíma er mikilvægt að upplýsingagjöf til starfsmanna sé eins og best er kostur á. Í dag fara upplýsingar í tölvupósti, sem dæmi frá mannauðsstjóra til stjórnenda sem eiga að koma þeim áfram til sinna starfsmanna. Það vantar farveg/vettvang/svæði þar sem hægt er að koma upplýsingum beint til starfsfólks.

Hér er lagt til að skoðað verði hvort hægt sé að notast við Workplace/SharePoint m.a. til að gera það eða önnur sambærileg kerfi.

Með því gefst starfsmönnum einnig tækifæri til að eiga samskipti sín á milli. Mögulegt væri að koma upp reglu þar sem forstöðumenn/starfsmenn lýstu sínum starfsstöðvum. Þetta gæti verið liður í að auka á meðvitund starfsmanna um það, hversu mikilvæg störf starfsmanna sveitarfélagsins eru. Segja má að nánast dags daglega noti allir íbúar og gestir í sveitarfélaginu þjónustu sveitarfélagsins og þá starfsmanna þess bæði inni á heimilum og utan heimila.

## 27. Umbótaverkefni í starfsmannamálum

**Lagt er til að farið verði í frekari umbætur í ýmsum verkefnum sem tengist starfsmannamálum. Má þar nefna uppfærslu á mannauðsstefnu, jafnréttisáætlun, starfsmannakannanir o.s.frv.**

Hér er lagt til að farið verði í ýmis umbótaverkefni, sem tengjast starfsmannamálum. Farið verði í að uppfæra mannauðsstefnu sveitarfélagsins, jafnréttisáætlun, viðhalda jafnlaunavottun og að setja upp ýmsa verkferla til að bæta gæði nýráðninga og tryggja betur starfslok, t.d. með starfslokasamtölum.

Gerðar verða reglur um tölvupósta og netnotkun starfsmanna og vinnuverndarmál tekin fastari tökum. Endurskoðun á betri vinnutíma í vaktavinnu og endurskoðun á betri vinnutíma í dagvinnu.

Skoðað verði að koma á laggirnar rafrænni fræðslu fyrir starfsmenn og þá sérstaklega í tengslum við nýráðningar. Ætla má að það myndi einfalda margt fyrir forstöðumenn og bæta upplifun nýrra starfsmanna. Starfsmannakönnunum verði komið í reglubundnari farveg.

Með virkum starfsmannakönnunum sem fara fram reglulega og með umbótum á þeim þáttum sem starfsmenn telja að þurfi að bæta, séu stjórnendur því sammála, á að vera hægt að bæta starfsumhverfi starfsmanna. Með því ætti að nást fram enn betri vellíðan starfsmanna o.s.frv.

## 28. Rafrænir reikningar

**Lagt er til að því verði fylgt eftir að taka ekki við reikningum á pappír, þ.e. eingöngu rafrænt.**

Um s.l. áramót var send út tilkynning um að sveitarfélagið væri hætt að taka við reikningum á pappír. Þrátt fyrir það er enn tekið við reikningum á pappír. Mikil hagræðing fæst með því að taka við reikningum rafrænt.

Hér er lagt til að því verði fylgt eftir að eingöngu er tekið við reikningum rafrænt hjá sveitarfélaginu. Berist reikningur á pappír verði hann endursendur með tilkynningu um að sveitarfélagið taki ekki við reikningum öðru vísi en rafrænt.

Eins og komið hefur fram hér að framan þarf,  þegar tekið er við reikning á pappír, að skanna viðkomandi reikning til að koma honum rafrænt inn í bókhaldskerfið. Síðan þarf að slá inn kennitölu kröfuhafa, eindaga reiknings og fjárhæð reikningsins. Þegar því er lokið þarf að senda reikninginn til samþykktar og lykla í bókhaldið.

Þegar reikningur kemur rafrænt fer í flestum tilfella kennitala kröfuhafa, eindagi og fjárhæð reiknings rafrænt í bókhaldskerfið. Einungis þarf að senda reikninginn á viðkomandi forstöðumann til samþykktar og færslu bókhaldslykils.

Starfsmaður bókhaldsdeildar hefur lyklað reikninga. Það er mat skýrsluhöfunda að það fari betur á því að forstöðumenn sem samþykkja reikninga lykli þá jafnframt. Með því ættu þeir að vera betur meðvitaðir um fjárhagstöðu viðkomandi rekstrareiningar. Starfsmenn bókhaldsdeildar fara síðan yfir lyklun reikningsins.

Greiður aðgangur verði á vefsíðu sveitarfélagsins varðandi upplýsingar um rafræna reikninga og að ekki sé tekið við reikningum á pappír né pdf reikningum í tölvupósti. Dæmi um slíkt er á vef Kópavogsbæjar.[1]

Lögð er áhersla á að forstöðumenn samþykki reikninga fyrir eindaga svo ekki komi til dráttarvaxta. Ítrekuð vanræksla á samþykkt reikninga kallar á tiltal og/eða áminningu viðkomandi.

## 29. Fjöldi stöðugilda í bókhaldsdeild

**Lagt er til að  stöðugildi í bókhaldsdeild verði þrjú. Lögð verði áhersla á að starfsmenn í bókahaldsdeild verði í 100% stöðugildi.**

---

[1] Rafrænir reikningar | Kópavogsbær (kopavogur.is)

Hér er lagt til að stöðugild í bókhaldsdeild verði þrjú. Samhliða því verði hætt að taka við reikningum á pappír, sbr. tillögu 29.

## 30. Kreditkort (innkaupakort)

**Lagt er til að athugað verði að fækka kreditkortum í umferð hjá sveitarfélaginu.**

Samkvæmt upplýsingum frá aðalbókara voru 30 kreditkort (innkaupakort) í notkun árið 2022.

Misbrestur hefur verið á því að reikningum vegna kreditkorta sé skilað til bókhaldsdeildar tímanlega. Einnig fylgir því ýmsir ókostir fyrir stjórnsýsluna að vera með kreditkort. Það er mat skýrsluhöfunda að markmiðið eigi að vera að kreditkort hjá sveitarfélaginu eigi ekki að vera fleiri en fimm eða jafnvel engin.

Samhliða þessu verði séð til þess að allir reikningar sem berast vegna kreditkorta fari til samþykktar eins og aðrir reikningar og fylgiskjöl fylgi með. Framfylgi viðkomandi kreditkortahafi því ekki að skila reikningum verði kortið hjá viðkomandi gert ógilt.

## 31. Innheimtufulltrúi annist alla reikningagerð hjá sveitarfélaginu

**Lagt er til að skoðað verði að innheimtufulltrúi annist alla reikningagerð hjá sveitarfélaginu, þar með talið vegna Skagafjarðarveitna.**

Hér er lagt til að innheimtufulltrúi annist alla reikningagerð hjá sveitarfélaginu og þar með talið vegna Skagafjarðarveitna. Eðlilegt verður að telja að sami aðili sjá um alla reikningagerð hjá sveitarfélaginu. Samhliða því verði skoðað að innheimtufulltrúi verði í 100% stöðugildi og ýmis aukverk sem hann annast í dag flytjist annað eins og t.d. umsjón með prentara. Kæmi til greina að starfsmaður í afgreiðslu annaðist prentarann o.s.frv.?

## 32. Kostnaður sem fallið hefur á Skagafjörð vegna innheimtu.

**Lagt er til að þegar innheimta hjá sveitarfélaginu verður boðin út að þá verði ákvæði sem segir að innheimtist krafa ekki falli kostnaður ekki á sveitarfélagið.**

Eðlilegt verður að telja að sá sem annast innheimtu fyrir sveitarfélagið og fær þóknun fyrir hjá þeim sem hann innheimtir hjá beri sjálfur kostnað vegna krafna sem ekki fást greiðslur upp í.

Þessi kostnaður, sem sveitarfélagið greiddi innheimtuaðilanum, var frá því að vera 156 þús. kr. árið 2019 upp í 635 þús. kr. árið 2020 þegar hann var hæstur.

## 33. Rafræn vistun gagna

**Lagt er til að sveitarfélagið visti gögn rafrænt og verði pappírslaust sveitarfélag.**

Hér er lagt til að Skagafjörður taki upp rafræna vistun gagna þannig að hætt verði að vista gögn á pappír.

Lögð verði áhersla á að fjárfest verði í þeim kerfum og búnaði, sem þarf, svo þetta verði hægt. Farið verði strax í þetta verkefni og samhliða því hætti sveitarfélagið að nota pappír nema þá í undantekningar tilfellum. Nú þegar verði dregið verulega úr pappírs notkun hjá sveitarfélaginu. Skagafjörður verði pappírslaust sveitarfélag.

Ljóst er að mikil hagræðing felst í því að hætta að vista öll skjöl á pappír eins og nú er.

## 34. Móttaka í ráðhúsi

**Lagt er til að ekki verði starfsmaður í móttöku ráðhússins.**

Lagt er til að hætt verði að vera með starfsmann í móttöku ráðhússins. Notast verði við móttökutölvu þar sem gestir skrá sig inn með nafni og hvern þeir eru að koma að hitta. Viðkomandi starfsmaður fær tilkynningu í tölvu/síma um að það sé kominn gestur til að hitta viðkomandi.

Gert verði mögulegt að hægt sé að panta tíma hjá starfsmönnum ráðhússins og veitu- og framkvæmdasviði á vefsíðu sveitarfélagsins.

## 35. Símsvörun

**Lagt er til að starfsmaður í ráðhúsi sem annast símsvörun svari einnig fyrir veitu- og framkvæmdasvið.**

Lagt er til að símsvörun fyrir stjórnsýsluna verði öll á einum stað í ráðhúsinu, þar með talið vegna veitu- og framkvæmdasviðs.

## 36. Starfsmaður við símsvörun í ráðhúsinu

**Lagt er til að starfsmaður í ráðhúsi sem annast símsvörun o.fl. heyri undir verkefnastjóra atvinnu-, menningar- og kynningarmála.**

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til varðandi verkefni starfsmanns í móttöku má gera ráð fyrir að það dragi úr núverandi verkefnum starfsmannsins.

Með hliðsjón af því er hér lagt til að starfsmaðurinn heyri undir verkefnastjóra atvinnu- og menningar- og kynningarmála. Með því verði m.a. hægt að fela starfsmanninum ýmis verkefni sem heyra undir verkefnastjórann.

## 37. Húsnæði ráðhússins

**Lagt er til að skoðað verði að endurskipuleggja fyrirkomulag í ráðhúsinu og það verði sem mest í opnu rými, þ.e. starfsmenn ráðhússins vinni í opnum rýmum.**

Með vísan til þeirra tillagna sem hér koma fram er lagt til að fyrirkomulag á húsnæði ráðhússins verði endurskipulagt. Æskilegt er að fá arkitekt að verkinu. Jafnframt er lagt til að skoðað verði að húsnæði ráðhússins verði sem mest í opnu rými. Í þessu sambandi benda skýrsluhöfundar á húsnæði höfuðstöðva Íslandsbanka sem er að mestu leyti í opnu rými og húsnæði fjármálaráðuneytisins sem nýlega hefur allt verið endurskipulagt að mestu í opnu rými með góðri fundaraðstöðu. Sveitarstjóri hafi áfram sér skrifstofu.

Skýrsluhöfundar hafa heimsótt báða þessa staði og var ekki að heyra á starfsmönnum annað en að mikil ánægja væri með þessar breytingar og fyrirkomulag á opnu rými.

Með þessu fæst m.a. enn betri nýting á húsnæðinu. Skoðað verði hvort skapist ekki rými í ráðhúsinu fyrir starfsmenn veitu- og framkvæmdasviðs með þessum breytingum. Einnig hvort ekki komi til greina að bjóða héraðsdómi aðstöðu í öðru húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

## 38. Forstöðumenn safna

**Lagt er til að skoðað verði að forstöðumenn safna heyri undir verkefnastjóra atvinnu-, menningar- og kynningarmála.**

Skoðað verði hvort ekki fari betur á því að verkefnastjóri atvinnu-, menningar- og kynningarmála verði næsti yfirmaður forstöðumanna safna.

Verkefnastjórinn fer að hluta til með menningarmál í sveitarfélaginu og fer að sumu leyti með málefni safna í sveitarfélaginu og vinnur nokkuð með forstöðumönnum safna.

Einnig hefur komið fram að nokkurt álag hefur verið á sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Þessi breyting væri m.a. liður í að draga úr álagi á sviðsstjóranum ásamt tillögum hér að framan. Þannig skapaðist meiri tími fyrir hann til að sinna fjármálum sveitarfélagsins.

## 39. Heimasíða

**Lagt er til að vinnu við gerð nýrrar heimasíðu verði hraðað svo sem kostur er. Lögð verði áhersla á stafræna þróun hjá sveitarfélaginu.**

Eins og komið hefur fram hér að framan er unnið að gerð nýrrar heimasíðu sem er í takti við stafræna þróun. Á heimasíðunni verði m.a. reiknivélar fyrir leikskóla, rafræn umsókn fyrir fjárhagsaðstoð, reiknivél fyrir kostnað við fasteignagjöld, nýbyggingar o.s.frv.

Ljóst er að mikil vinnuhagræðing fengist með þessu sem dregur úr álagi á starfsmönnum. T.d. má nefna að hægt væri að draga úr álagi hjá byggingarfulltrúa með því að vera með öfluga upplýsingagjöf á heimasíðu sveitarfélagsins varðandi byggingarmál. Allt umsóknarferli fari þar í gegn o.s.frv. Sjá hér síðar.

Samhliða þessu verði skoðað að fækka í þeim hópi sem getur sett efni inn á heimasíðuna. En það eru ritstjórn, sem er verkefnastjóri atvinnu-, menningar- og kynningarmála ásamt starfsmanni hans og skjalastjóri. Auk þess geta sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, mannauðsstjóri og stjórnsýsluritari sett efni á heimasíðuna.

## 40. Fornleifadeild

**Lagt er til að skoðað verði að hætta með rekstur fornleifadeildar hjá Skagafirði.**

Það telst til undantekningar að sveitarfélög stundi forleifarannsóknir á Íslandi. Ætla má að slíkar rannsóknir eigi að fjármagna úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna en ekki af einstökum sveitarfélögum.

Eins og kom fram í upphafi þessara skýrslu standa sveitarfélögin á tímamótum í dag hvað varðar rekstur þeirra vegna mikils hallareksturs, skorts á viðhaldi og fjárfestingum af ýmsum toga. Hér er um rekstrareiningu að ræða sem ætla verður að ríkið eigi að annast.

Árið 2022 greiddi Skagafjörður 16,7 millj. kr. með fornleifadeild.

Styrkir og sala námu samtals 9,0 millj. kr., eða 35% af útgjöldum deildarinnar, sem voru samtals 25,7 millj. kr. Við deildina eru tvö stöðugildi.

## 41. Héraðsskjalasafn

**Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að hætta rekstri héraðskjalasafns og fela Þjóðskjalasafni Íslands vörslu skjala.**

Hér er lagt til að fram fari greining á því hvort til greina komi að leggja niður rekstur héraðsskjalasafns og fela Þjóðskjalasafni vörslu skjala sveitarfélagsins. Ætla má að með því sé hægt að draga úr kostnaði hjá sveitarfélaginu.

Tvö stærstu sveitarfélög landsins, þ.e. Reykjavíkurborg og Kópavogsbær, hafa ákveðið í framhaldi af ítarlegri skoðun að flytja vörslu skjala til Þjóðskjalasafns Íslands og leggja niður þær rekstrareiningar sem annast hafa vörslu skjala hjá þessum sveitarfélögum.

Rekstur Héraðsskjalasafnsins kostaði Skagafjörð 31,1 millj. kr. árið 2022.

## 42. Félagsheimili

**Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að selja ákveðinn fjölda af félagsheimilum í sveitarfélaginu.**

Skagafjörður rekur 10 félagsheimili og var rekstrarkostnaður vegna þeirra árið 2022 44,5 millj. kr. Síðustu fjögur ár nam kostnaðurinn samtals 157,7 millj. kr.

Kemur til greina að rekstraraðili í ferðaþjónustu hefði áhuga á að kaupa eitt eða fleiri af félagsheimilunum til reksturs í ferðaþjónustu? Þannig væri mögulegt að við þetta gætu skapast ný störf í sveitarfélaginu. Að sjálfsögðu koma aðrir rekstraraðilar til greina.

## 43. Stafrænar lausnir

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að bæta stafrænar lausnir hjá sveitarfélaginu.**

Mikil þróun hefur átt sér stað í stafrænum lausnum almennt. Mikilvægt er að leggja áherslu á að Skagafjörður skipi sér á bekk með þeim sveitarfélögum sem eru fremst hvað stafrænar lausnir varðar.

Ætla má að með því náist fram mikil vinnuhagræðing og bætt upplýsingagjöf.

Lagt er til að verkefnastjóri atvinnu-, menningar- og kynningarmála leiði þetta verkefni.

## 44. Umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi

**Lagt er til að umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi heyri undir veitu- og framkvæmdasvið.**

Miðað við þau verkefni sem fulltrúinn sinnir verður að ætla að hann ætti frekar að heyra undir veitu- og framkvæmdasvið en ekki stjórnsýslu- og fjármálasvið.

## 45. Fjallaskil

**Lagt er til að fjallskil verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að fækka fjallskilanefndum.**

Í sveitarfélaginu eru 15 fjallskilanefndir með 15 fjallskilanefndarformenn og alls 45 nefndarmenn.

Komið hefur fyrir að skortur hefur verið á að skipuleggja samvinnu fjallskiladeilda, sem eiga sameiginlega afrétti. Það hefur leitt til þess að árlega þarf að gera eftirleitir, sem kosta hundruð þúsunda. Eða sem verra er, fé gengur á fjöllum veturlangt og lifir eða deyr eftir tíðarfari.

Skoðað verði að fækka fjallskilanefndum.

## 46. Stjórnskipurit fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið

**Lagt er til að gerðar verði breytingar stjórnskipuriti fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið. M.a. verði ráðinn lögfræðingur í starf sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.**

Hér er lagðar til nokkrar breytingar á skipuriti sviðsins frá því sem nú er, sjá fylgiskjal 1. M.a. er lagt til að ráðinn verði lögfræðingur í starf sviðsstjóra stjórnsýslu- og



fjármálasviðs. Hann starfi jafnframt sem lögfræðingur sveitarfélagsins. Undir sviðsstjóra heyri beint fjármálastjóri, stjórnsýsluritari, skjalavörður og deildarstjóri atvinnu- menningar- og kynningarmála.

Undir fjármálastjóra heyri mannauðsstjóri, aðalbókari, innheimtufulltrúi, gjaldkeri og sérfræðingur á hagdeild. Gert er ráð fyrir að sérfræðingur á fjölskyldusviði verði á hagdeild og heyri undir fjármálastjóra. Hans megin verkefni verði að sinna áfram fjölskyldusviði ásamt öðrum sviðum sveitarfélagsins. Hann komi einnig að fjárhagsáætlunarvinnu almennt hjá sveitarfélaginu. Hann aðstoði við að innleiða power PI skýrslur o.s.frv.

Deildarstjóri atvinnu-, menningar og kynningarmála sinni jafnframt yfirumsjón með tölvumálum hjá sveitarfélaginu.

Verði þessi tillaga samþykkt á að standa fjármálastjóri í stað sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs í öðrum tillögum í skýrslunni.

## Veitu- og framkvæmdasvið

### 47. Landbúnaðarnefnd, veitunefnd og umhverfis- og samgöngunefnd

**Lagt er til að skoðað verði að landbúnaðarnefnd, veitunefnd og umhverfis- og samgöngunefnd verði sameinaðar í eina nefnd.**

Ætla verður að nokkur hagræðing fylgi því að ein nefnd hjá sveitarfélaginu fari með mál framangreindra nefnda.

### 48. Húsnæði veitna og þjónustumiðstöðvar

**Lagt er til að unnið verði áfram að því að sameina húsnæði veitna og þjónustumið-stöðvar.**

Þjónustumiðstöðin er nú í leiguhúsnæði sem ekki hentar þeirri starfsemi sem þar fer fram. Auk þess sem það er of lítið. Húsnæðið sem veitur eru í er einnig of lítið. Vegna þessa hefur þurft að geyma úti tól og tæki, sem þurfa að vera inni, vegna skorts á geymslurými.

Skoðað verði hvort komi til greina að byggja við núverandi húsnæði veitna.

Til að flýta fyrir þessu verkefni verði skoðað með að skipa nefnd sem vinna að þessu máli.

## 49. Fundir sviðsstjóra með forstöðumönnum

**Lagt er til að sviðsstjórar eigi reglulega fundi með stjórnendum þeirra rekstrareininga sem heyra undir viðkomandi svið.**

Hér er lögð áhersla á að sviðsstjórar eigi reglulega fundi með stjórnendum þeirra rekstrareininga sem undir þá heyra.

## 50. Upplýsingagjöf á vefsíðu sveitarfélagsins

**Lagt er til að upplýsingagjöf varðandi þjónustu þeirra rekstrareininga, sem heyra undir veitu- og framkvæmdasvið, verði bætt á vefsíðu sveitarfélagsins.**

Tillagan er til að árétta mikilvægi þess að bæta upplýsingagjöf á vef sveitarfélagsins. Að mati sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs væri hægt að bæta upplýsingagjöf á vefsíðu sveitarfélagsins þannig að draga mætti úr ónæði t.d. hjá verkefnastjóra þjónustumiðstöðvar þegar íbúar hringja til að fá almennar upplýsingar sem hægt væri að veita á vefsíðunni.

Á sama hátt má bæta upplýsingar varðandi veitur þannig að draga megi úr fyrirspurnum til veitna.

## 51. Bakvaktir

**Lagt er til að starfsmenn veitna sem eru á bakvakt annist einnig svörun í síma vegna þjónustumiðstöðvar.**

Ekki hefur verið greitt fyrir bakvaktir vegna þjónustumiðstöðvar. Hins vegar hefur verkefnastjóri þjónustumiðstöðvar verið með símann og svarað þegar hringt er utan reglubundins vinnutíma.

Mikill kostnaður fylgir bakvöktum og því nauðsynlegt að skoðað verði að þeir sem eru á bakvakt sinni fleiri verkefnum.

## 52. Vinnudagbækur

**Lagt er til að vinnutími og efni einstakra verka sem starfsmenn veitna og þjónustumiðstöðvar sinni verði skráð í Vinnustund í stað þess að vera með sérstakar vinnudagbækur sem skráð er í.**

Vinnustund býður upp á þennan möguleika. Hver starfsmaður annist þessa skráningu fyrir sig. Ljóst er að ef öll skráning á einstök verk fer fram í gegnum Vinnustund fæst mikil hagræðing. Hægt verður að vinna með þessar upplýsingar á rafrænan hátt.

Þessu verði hraðað.

## 53. Gjaldskrá hitaveitu

**Lagt er til að tryggt verði að hitaveitan skili rekstrarafgangi.**

Hér er lagt til að gjaldskrá hitaveitunnar verði endurskoðuð þannig að tryggt verði að hún skili afgangi. Einnig verði skoðað að hitaveitan taki lán til að gera upp skuld við A-hluta. Þannig verði tryggt að veltufé verði það mikið hjá hitaveitunni að hún standi vel undir afborgunum sem þarf að greiða vegna lánsins.

### 54. Skrifstofustjóri hjá Skagafjarðarveitum og starfsmaður á skrifstofu

**Lagt er til að starf skrifstofustjóra hjá Skagafjarðarveitum og starfsmanns á skrifstofu veitna verði færð undir stjórnsýslu- og fjármálasvið. Samhliða því verði verkefnum sem skrifstofan hefur annast sinnt í ráðhúsinu.**

Með þeim breytingum sem orðið hafa á rekstri Skagafjarðarveitna á undanförnum árum hafa verkefni á skrifstofu Skagafjarðarveitna færst á stjórnsýslu- og fjármálasvið.

Dregið hefur úr verkefnum á skrifstofunni og því hafa þessir starfsmenn verið m.a. að taka að sér verkefni tengt bókhaldi og fjármálum fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið. Vegna þeirra verkefna hafa þeir einnig tekið við fyrirmælum frá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs og einnig hefur starfsmaður á skrifstofu heyrt að hluta til undir aðalbókara.

Hér að framan hafa komið fram tillögur sem hafa áhrif á verkefni sem starfsmenn á skrifstofu Skagafjarðarveitna hafa sinnt. Þar má t.d. nefna að símsvörun verði færð í ráðhúsið, upplýsingar á vef sveitarfélagsins verði bættar, verk- og efnisskráning starfsmanna veitna, þjónustumiðstöðvar og garðyrkju verði gerð í Vinnustund o.s.frv.

Starfsmenn sem sinna framangreindum verkefnum hafi aðsetur í ráðhúsinu.

### 55. Heimasíða Skagafjarðarveitna

**Lagt er til að heimasíða Skagafjarðarveitna verði í forsjá heimasíðuhóps vefsíðu Skagafjarðar og starfshópurinn setji efni varðandi veitur inn á heimasíðuna.**

Hér er lagt til að umsjón og ritstjórn heimasíðu Skagafjarðarveitna sé hjá starfshópi heimasíðu Skagafjarðar. Starfshópurinn annist jafnframt að setja efni á síðuna. Skoðað verði að sameina heimasíðu Skagafjarðarveitna vefsíðu sveitarfélagsins.

### 56. Gjaldkeri

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að gjaldkeri annist eingöngu greiðslu á samþykktum reikningum á eindaga að jafnaði. Bókhaldsdeild annist skráningu reikninga.**

Fram kom í máli gjaldkera (skrifstofustjóra á skrifstofu veitna) að nokkuð geti vantað upp á skráningu inn í kerfið vegna rafrænna reikninga. Á reikning, sem kemur inn rafrænt og búið er að samþykkja, getur vantað gjalddaga og eindaga ásamt greiðsluupplýsingum, svo sem móttöku reikninga birgja í banka o.s.frv. Vegna þess hafa

skapast aukaverk fyrir skrifstofustjóra að vinna úr með því að lesa saman viðkomandi lánadrottnareikning og ógreiddar kröfur í banka, því reikningur sem er ekki með greiðsluupplýsingar bókast með gjalddaga og eindaga á útgáfudegi.

Lögð verði áhersla á að bókhaldsdeild annist alla umsjón og skráningu reikninga. Þannig að þeir séu tilbúnir til greiðslu þegar þeir hafa verið samþykktir. Haft verði samráð við Wise varðandi lausn á framangreindum vanda við rafræna reikninga. Hægt á að vera að leysa a.m.k. hluta af því sem fram kom hjá gjaldkera rafrænt.

## 57. Samþykkt reikninga

**Lagt er til að fylgt verði reglum varðandi samþykkt reikninga.**

Fram kom í máli gjaldkera að leggja beri áherslu á að þeir sem samþykki reikninga hjá sveitarfélaginu beri meiri ábyrgð en nú er, lesi yfir skráningu bókara á bókhaldslykli o.s.frv. Jafnframt kemur fyrir, ef forstöðumaður er með athugasemdir við reikning, að þá liggur reikningurinn ósamþykktur í stað þess að viðkomandi forstöðumaður hafi sambandi við byrgja/verktaka til að leysa málið og samþykkja viðkomandi reikning.

Skoðað verði að setja skriflegar reglur varðandi samþykkt reikninga. Þar komi m.a. fram hvað forstöðumenn hafi langan tíma til að samþykkja reikninga til að ekki falli á þá dráttarvextir o.s.frv. Einnig að þeir séu vel meðvitaðir um hvernig reikningar eru lyklaðir o.s.frv.

## 58. Aflestur af mælum

**Lagt er til að séð verði til þess að notast verði við tækni eins og hún er best á hverjum tíma til aflestrar á mælum veitna.**

Eins og fram kemur hér að framan hafa veitur tekið upp sílestur af mælum en ekki alls staðar. Einnig þarf að keyra um sveitirnar með síma til að taka við boðum um lestur. Ætla má að hægt sé að gera þetta á auðveldri hátt.

Hér er lagt til að notast verði við tæknina eins og hún er best á hverjum tíma til aflestrar af mælum. Ef það er ekki gert kallar það á meiri vinnu hjá starfsmönnum sem gætu verið að sinna öðrum verkefnum.

## 59. Loftræstikerfi, snjóbræðslukerfi og stjórnkerfi í sundlaugum

**Lagt er til að fengnir verði sérfræðingar hver á sínu sviði til að gera ítarlega úttekt á loftræstikerfum í húsnæði sveitarfélagsins, snjóbræðslukerfum og stjórnkerfum í sundlaugum sveitarfélagsins. Samhliða því að leggja fram ítarlegar tillögur til úrbóta á þessum kerfum.**

Í húsnæði sveitarfélagsins eru um 15 loftræstikerfi sem hefur gengið misvel að stýra. Einnig eru stýringar á snjóbræðslukerfum og stjórnkerfum í sundlaugum

sveitarfélagsins að skapa vandamál. Nokkur vinna hefur skapast vegna þessa og kostnaður.

Leggja ber áherslu á mikilvægi þess að stjórnbúnaður í framangreindum kerfum sé eins og hann bestur getur verið á hverjum tíma. Með vísan til þess er hér lagt til að fram fari ítarleg úttekt á þessum kerfum og í framhaldi af því verði gerðar tillögur til úrbóta.

## 60. Fasteignastjórnunarkerfi

**Lagt er til að eignasjóður taki sem fyrst í notkun fasteignastjórnunarkerfi.**

Eins og staðan er núna hefur starfsmaður eignasjóðs ekki notað rafræn stjórntæki varðandi utanumhald á fasteignum.  Að mati skýrsluhöfunda ef notað væri fasteignastjórnunarkerfi til að halda utan um rekstur, viðhald og þróun eigna sveitarfélagsins, yrði allt utanumhald varðandi viðhald á fasteignum markvissara, auðveldara að koma beiðnum um  viðgerðir á framfæri og einnig verður viðhaldssaga viðkomandi fasteignar skráð.

Tilkynningar leigjenda um bilanir og viðhaldsþörf í leiguíbúðum hjá sveitarfélaginu verði færðar í þetta kerfi í stað símhringinga á verkefnastjóra eignasjóðs.

Með vísan til þessa er tillagan sett fram.

## 61. Rekstur bifreiða í eigu sveitarfélagsins

**Lagt er til að skoðað verði hvort ekki sé hagkvæmara fyrir sveitarfélagið að greiða starfsmönnum fyrir hvern ekinn kílómetra vegna aksturs fyrir sveitarfélagið í stað þess að reka allar þær bifreiðar sem sveitarfélagið rekur. Einnig verði skoðað hvort til greina komi að fækka bifreiðum.**

Miðað við að kostnaður við kaup á bensíni og olíu vegna bifreiða árið 2022 var 5.125 þús. kr. er ekki um mikinn akstur að ræða samanborið við annan rekstrarkostnað vegna allra bifreiða sem sveitarfélagið rekur.

Með hliðsjón af því er hér lagt til að fram fari ítarleg skoðun á hvort ekki væri hagkvæmara að greiða starfsmönnum fyrir akstur á eigin bifreiðum í stað þess að vera með bifreiðar í eigu sveitarfélagsins. Jafnframt verði skoðað hvort fækka megi bifreiðum í eigu sveitarfélagsins. Einnig hvort til greina komi að setja upp staðsetningarbúnað í bifreiðarnar.

## 62. Umgengni um félagslegar leiguíbúðir

**Lagt er til að eftirlit með leigjendum í félagslegum leiguíbúðum verði hert. Jafnframt verði skýrt kveðið á um umgengni í félagslegum íbúðum í leigusamningum og að það hafi afleiðingar sé ekki gegnið vel um.**

Fram hefur komið að leigjendur gangi misvel um félagslegar íbúðir. Komið hefur fyrir að gera hefur þurft verulegar endurbætur á íbúðum vegna slæmar umgengni og jafnvel að leigjendur hafi síðan farið í aðra félagslega íbúð, t.d. stærri íbúð.

Hér er lagt til að tekið verði á þessu með hertu eftirliti. Jafnframt verði ákvæði sett í leigusamninga sem kveði á um að slæm umgengi gæti leitt/leiði til uppsagnar á íbúð og í slíkum tilfellum eigi leigjandi ekki rétt á að fara í aðra félagslega íbúð, þ.e.a.s. slæm umgengni getur fyrirgert rétti viðkomandi til að komast í aðra félagslega íbúð.

## 63. Vinnutími hjá garðyrkju

**Lagt er til að vinnutími í garðyrkju frá 1. mars til 1. nóvember verði frá kl. 8:00 í stað kl. 7:30.**

Fyrir vinnutíma sem er utan reglubundins vinnutíma er greitt álag. Reglubundinn vinnutími er frá kl. 8:00. Ef vinna hefst fyrr á morgnana er greitt fyrir þann tíma með álagi.

Með hliðsjón af því er hér lagt til að vinnutíminn verði frá kl. 8:00. Ekki er að sjá að þörf sé á því að vinnan hefjist kl. 7:30

## 64. Fjöldi fastra stöðugilda við garðyrkju

**Lagt er til að athugað verði að fækka föstum stöðugildum við garðyrkju en þau eru þrjú.**

Frá árinu 2019 hefur föstum stöðugildum fjölgað um tvö. Hér er lagt til að skoðað verði með að fækka þeim. Jafnvel kemur til greina að tvö stöðugildi verði færð yfir á þjónustumiðstöðina yfir vetramánuðinn.

## 65. Viðhaldsverkefni garðyrkju

**Lagt er til að athugað verði að færa öll viðhaldsverkefni sem garðyrkjan hefur annast yfir á þjónustumiðstöðina.**

Garðyrkjan sinnir minni háttar viðhald á leiktækjum í sveitarfélaginu, sem felst m.a. í að mála og herða upp leiktæki og að bregðast við ef eitthvað smávegis vantar. Sömuleiðis um göngubrýr sem eru fjórar. Einnig sér garðyrkjudeildin um göngupalla, prílur yfir girðingar og bekki sem eru víða og nestisborð. Yfir sumarmánuðina er einn eða fleiri starfsmenn sem sinnir þessu verkefni. Smíða einnig skógarbekki. Allt meiriháttar viðhald á þessum tækjum hefur eignasjóður séð um.

Með hliðsjón af þeim verkefnum sem þjónustumiðstöðin annast verður að ætla að það færi betur á því að vera ekki að fela öðrum en þjónustumiðstöðinni að annast það viðhald sem garðyrkjan hefur annast. Æta má að með því fáist einnig betri nýting á þeim starfsmönnum sem koma að viðhaldsverkefnum hjá garðyrkjunni og þjónustumiðstöð, þ.e. að ein og sama rekstrareining annist þetta viðhald.

## 66. Opnunartími fyrir Sauðárkróks- og Hofsóshöfn

**Lagt er til að opnunartími hafnarinnar verði frá kl. 8:00 til kl. 18:00 alla virka daga. Á öðrum tímum en hér segir skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall fyrir útkall eftir kl. 18:00. Heimilt verði að deila útkallsgreiðslu á skip (báta) komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma. Kveðið verði á um þetta í gjaldskrá hafnarinnar.**

**Jafnframt komi fram í gjaldskrá hafnarinnar að ef óskað sé eftir þjónustu hafnarinnar eftir kl. 18:00 á virkum dögum eða um helgar skuli erindi þess efnis hafa borist hafnarstarfsmanni eigi síðar en klukkutíma fyrir lokun hafnarinnar hverju sinni.**

Hér er lagt til að opnunartími hafnarinnar verði skilgreindur í gjaldskrá hafnarinnar. Opnunartíminn verði frá kl. 8:00 til 18:00 á virkum dögum. Gerð er tillaga um að í gjaldskrá hafnarinnar komi ný grein sem gæti hljóðað sem hér segir:

> *Opnunartími hafnarinnar er frá kl. 8:00 til kl. 18:00 alla virka daga. Á öðrum tíma en hér greinir skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, xxx kr., fyrir hverja klukkustund eða að lágmarki xxxxx kr. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma.*
>
> *Sé óskað eftir þjónustu hafnar eftir kl. 18:00 á virkum dögum og um helgar skal erindi þess efnis hafa borist hafnarstarfsmanni klukkutíma fyrir lokun hafnarinnar. Að öðrum kosti verður þjónustu ekki sinnt fyrr en eftir kl. 8:00 næsta virkan dag nema ef um neyðartilfelli sé að ræða.*

Komi til þess að óskað sé eftir þjónustu innan þess tíma, sem telst beint framhald af dagvinnu varðandi launagreiðslur starfsmanna, greiðist gjald í samræmi við þá yfirvinnutíma sem viðkomandi starfsmaður á að fá greidda í stað fjögurra tíma útkalls.

Tillaga þessi er fram komin með hliðsjón af því að allt árið 2022 voru einungis 22 landanir á virkum dögum á tímabilinu frá kl. 18:00 til kl. 8:00 næsta dag. Landanir um helgar voru samtals 54.

## 67. Vaktir og bakvaktir hjá Skagafjarðarhöfn

**Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að síðasta vakt hætti kl. 19:00 í stað 22:00 og hvort draga megi úr bakvöktum.**

Með vísan til þess hversu fáar landanir eru eftir kl. 19:00 er hér lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að síðasta vakt hætti kl. 19:00 í stað kl. 22:00. Jafnframt hvort til greina komi að draga megi úr bakvöktum með hliðsjón af því hversu fáar landanir eru yfir árið utan reglubundins vinnutíma. Einnig má gera ráð fyrir að með breytingu á gjaldskrá, sem lagt er til hér að framan, gæti dregið úr löndunum utan reglubundins opnunartíma hafnarinnar.

Ekki lágu fyrir upplýsingar um komu og brottfarir frakt- og skemmtiferðaskipa til Skagafjarðarhafnar við vinnslu skýrslunnar. Samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra

eru komur þessara skipa algengar á nóttinni, kvöldin og um helgar.

Ljóst er að komu- og brottfaratími þessara skipa hefur áhrif þegar vaktafyrirkomulag er skoðað. Því er mikilvægt að komu- og brottfaratímar þessara skipa liggi fyrir samhliða því að vaktafyrirkomulag við höfnina er skoðað.

### 68. Stjórnskipurit fyrir veitu- og framkvæmdasvið

**Lagt er til að þrír stjórnendur sem tilheyra sviðinu heyri beint undir sviðsstjóra. Þeir verða verkefnastjóri Skagafjarðarveitna, forstöðumaður framkvæmda og hafnarstjóri.**

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á stjórnskipuriti veitu- og framkvæmdasviðs frá því sem verið hefur. Í stað þess að átta starfsmenn/stjórnendur heyrðu beint undir sviðsstjóra verða þeir þrír.



Verkefni, sem áður heyrðu undir skrifstofustjóra veitna flytjist í ráðhúsið og starfsmenn. Starfsheitin verkefnastjóri fráveitu og verkefnastjóri ljósleiðara og sorphirðu verði felld niður. Ljósleiðara verkefninu er að mestu lokið. Verkefnin að öðru leyti verði færð undir forstöðumann framkvæmda en undir hann heyra þrír stjórnendur og einn starfsmaður.

Gert verði ráð fyrir að a.m.k. eitt stöðugildi, sem heyrt hefur undir garðyrkju, flytjist yfir á þjónustumiðstöð yfir vetramánuðina en starfi með garðyrkjunni og þá undir garðyrkjustjóra yfir sumarmánuðina. Stöðugildið er sett undir þjónustumiðstöð, vélamaður/garðyrkja o.fl. Kannað verði hvort bæði stöðugildin sem heyrt hafa undir garðyrkjustjóra komi að verkefnum þjónustumiðstöðvar yfir vetramánuðina.

Með vísan til tillögu hér að framan færast ný verkefni frá stjórnsýslu- og fjármálasviði yfir á veitu- og framkvæmdasvið, þ.e. verkefni umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa ásamt því stöðugildi.

Samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir fækkun um eitt stöðugildi frá því sem nú er af þeim stöðugildum sem tilheyra veitu- og framkvæmdasviði.

Sjá fylgiskjal 2 skipurit fyrir veitu- og framkvæmdasvið.

## Skipulags- og byggingarfulltrúi

### 69. Upplýsingar varðandi skipulags- og byggingarmál á vef sveitarfélagsins og viðtalstímar.

**Lagt er til að upplýsingar varðandi skipulags- og byggingarmál á vef sveitarfélagsins**

**verði efldar.**

Mikið aukaálag hefur skapast hjá skipulags- og byggingarfulltrúa við að veita ýmis konar upplýsingar sem hægt væri að leysa með frekari upplýsingum um skipulags- og byggingarmál á vef sveitarfélagsins. Með því gætu viðskiptavinir sveitarfélagsins flett upplýsingunum upp sjálfir á vef sveitarfélagsins.

Jafnframt þessu verði skoðað að koma upp sérstöku kerfi þar sem hægt væri að skrá allan tíma sem fer í einstök mál þannig að það lægi fyrir meðaltalstími sem fer í hvert mál. Einnig að fjöldi óafgreiddra mála hjá skipulags- og byggingarfulltrúa liggi fyrir á hverjum tíma.

Með því að setja enn ítarlegri upplýsingar um byggingar- og skipulagsmál á vef sveitarfélagsins væri hægt að draga úr álagi hjá þeim. Nefna má eftirfarandi atriði:

- ✓ Leiðbeiningar um helstu erindi sem varða skipulagsfulltrúa / byggingarfulltrúa. Oft sem fólk reynir að ná í skipulagsfulltrúa vegna byggingarfulltrúa erinda og öfugt
- ✓ Klára að setja upp reiknivélina fyrir lóðir sveitarfélagsins, fólk sjái allar upplýsingar um verð þegar yfirlit yfir lausar lóðir er skoðað
- ✓ Leiðbeiningar um hvernig deiliskipulagsferillinn er (skipulagslýsing – deiliskipulagstillaga – ef það koma inn ábendingar/athugasemdir og þarf að breyta/ ef engar athugasemdir koma – staðfesting deiliskipulags eftir yfirferð Skipulagsstofnunar – auglýsing í B-deild – hafa svo tengil inn á leiðbeiningarblöð Skipulagstofnunar)
- ✓ Leiðbeiningar um aðalskipulagsbreytingar – ef þarf að láta breyta hvernig er sótt um/hver er ferillinn
- ✓ Nýja Skipulagsgáttin hjá Skipulagsstofnun. Eftir 1. júní 2023 eiga öll ný deili- og aðalskipulög að fara í gegnum gáttina ásamt framkvæmdaleyfum
- ✓ Hægt verður m.a. að kaupa „vöktun“ á ákveðin mál/svæði og svo framvegis

Jafnframt verði skoðað hvort ekki megi draga úr álagi með því að skipulags- og byggingarfulltrúi séu með fasta viðtals- og símatíma.

### 70. Stafrænar undirskriftir hjá byggingarfulltrúa.

**Lagt er til að undirskrift byggingarfulltrúa á teikningar verði stafræn.**

Eins og þetta hefur verið hjá Skagafirði hafa byggingaraðilar þurft að skila inn teikningum á pappír sem síðan byggingarfulltrúi skrifar upp á sé málið samþykkt. Þetta þarf svo að skanna inn til rafrænnar vistunar. Hér er lagt til að samþykkt verði rafræn undirskrift byggingarfulltrúa þannig að ekki þurfi að skila inn eða prenta út teikningar til undirskriftar og síðan skanna inn til vistunar í rafrænt kerfi.

Sveitarfélög sem nýta sér stafrænt byggingarleyfi og undirskriftir losna við mikla skráningu gagna og úttektir vegna byggingarframkvæmda. Lögð er áhersla á að þessir kostir verði nýttir til hins ýtrasta.

Tryggt verði að skjalakerfi sveitarfélaganna nái fullri tengingu við byggingargátt HMS og jafnframt að uppáskrift byggingarfulltrúa á teikningar verði stafræn. Ljóst er að með þessu fyrirkomulagi mun létta mikið af verkefnum sem byggingarfulltrúi annast.

Stefnt verði að því að þessu verði að fullu komið í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 2024.

### 71. Úttektir byggingarstjóra og skipan byggingarstjóra.

**Lagt er til að eftirfylgni með reglugerðarákvæðum varðandi úttektir og skipan byggingarstjóra verði hertar.**

Nokkur eftirfylgni hefur fylgt því hjá byggingarfulltrúum um land allt að fylgja því eftir að byggingarstjórar séu skipaðir skv. ákvæðum gr. 4,7, 4,8 og 4,9 og að úttektir á byggingarframkvæmdum skv. gr. 3,7 til og með 3,10 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 séu framkvæmdar eins og reglugerðin kveður á um og að þær skili sér inn í gagnagrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Ætla má að ef byggingarstjórar eru ekki skipaðir skv. ákvæðum reglugerðarinnar og úttektir eru ekki framkvæmdar í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar komi það niður á gæðum viðkomandi bygginga með tilheyrandi kostnaði.

Að mati skýrsluhöfunda er hér um alvarlegt vandamál að ræða sem stjórnvöld á landsvísu verða að taka á og varanleg lausn að finnast á.

Full ástæða er til að beita sektarákvæðum sinni byggingarstjóri ekki úttektum eða sérstakir löggildir úttektaraðilar sinni úttektum. Jafnvel komi til greina að sé byggingarstjóri staðinn að því ítrekað að framkvæma ekki úttektir missi hann réttindi sem byggingarstjóri eins og reglugerðin kveður á um.

Hér er lagt til að séð verði til þess að ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 varðandi skipan byggingarstjóra og framkvæmd úttekta verði fylgt eftir í hvívetna.

## Fjölskyldusvið

### 72. Dagdvöl

**Lagt er til að Skagafjörður óski eftir því að Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) taki yfir rekstur dagdeildar sem sveitarfélagið hefur annast. Jafnframt verði athugað hvort ekki sé mögulegt að sækja um fleiri dagdvalarrými.**

Skagafjörður hefur samþykki fyrir samtals 11 dagdeildarrýmum en fleiri eru að fá þjónustu. Með vísan til þess er hér lagt til að athugað verði hvort ekki sé hægt að fá dagdeildarrýmum, sem greitt er með frá Sjúkratryggingum, fjölgað.

Hér er jafnframt lagt til að kannað verði hvort mögulegt sé að HSN taki yfir rekstur dagdvalarinnar.

## 73. Fjárhagsaðstoð

**Lagt er til að launadeild annist greiðslu fjárhagsaðstoðar þegar hún er greidd sem laun.**

Í framkvæmd er þetta þannig að sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs annast greiðslu fjárhagsaðstoðar sem laun. Eðlilegt verður að telja að greiðslurnar fari í gegnum launadeild.

## 74. Skjalavistun hjá skólum Skagafjarðar

**Lagt er til að skólar Skagafjarðar tengist OneSystem hjá sveitarfélaginu og visti þar gögn.**

Stjórnsýsla Skagafjarðar notast við OneSystem við vistun gagna en skólarnir vinna fyrst og fremst í Googleumhverfi og vista gögn í Google og Mentor. Einstaka aðilar innan hvers skóla hafa aðgang að OneSystem og vista þar sömuleiðis ákveðin gögn, sér í lagi greiningargögn einstakra nemenda og annað slíkt. Þess skal þó getið að það er ekki samræmi á milli skóla um vistun gagna í One.

Rétt er að fram komi að til skoðunar hefur verið hjá sveitarfélaginu að notast við annað kerfi en OneSystem. Komi til þess að því verði skipt út að þá á tillagan jafnframt við um það kerfi sem tekið verður í notkun.

Nái tillagan fram að ganga væri hægt að einfalda samskipti á milli stjórnsýslunnar og skólanna.

## 75. Opnunartími sundlauga

**Lagt er til að opnunartími sundlauga verði endurskoðaður með hliðsjón af fjölda gesta á hverjum tíma og að kennslusund fari fram á færri dögum en nú er við Grunnskólann austan Vatna og Varmarhlíðarskóla.**

Eins og fram kemur á mynd 44 hér að framan virðist vera lítil aðsókn í sundlaugina á Hofsósi fyrir kl. 11:00 að vetri og eftir kl. 19:00 með hliðsjón af innkomu tekna. Á sama hátt er lítil aðsókn í sundlaugina fyrir kl. 9:00 yfir sumarmánuðina og eftir kl. 20:00.

Hægt á að vera að lesa úr skráningarkerfi sundlauganna hvað margir gestir koma á hverjum tíma. Hér er lagt til að það verði skoðað og haft til hliðsjónar við þessa ákvörðun.

Skoðað verði t.d. að skólasund fari fram tvisvar til þrisvar í viku við sundlaugina á Hofsósi og í Varmahlíð auk íþróttakennslu í Varmahlíð og þá morgna verði einnig opið fyrir gesti en aðra daga lokað fyrir hádegi. Jafnframt verði lögð áhersla á að ekki sé hlé á milli kennslustunda eins og nú er. Þannig að hægt sé að stytta viðveru starfsmanna.

Jafnframt verði skoðað að Sundlaugin á Sauðárkróki verði lokuð þegar skólasund fer

fram.

### 76. Skólaliðar og klefavarsla

**Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að skólaliðar sinni klefavörslu þegar því verður við komið.**

Við ákveðnar aðstæður hefur skapast álag við klefavörslu bæði vegna sund- og íþróttakennslu á sama tíma sem skólaliðar hafa verið að bíða eftir nemendum. Hér er lagt til að skoða verði hvort til greina komi að við slíkar aðstæður sinni skólaliðar klefavörslu.

### 77. Yfirvinna

**Lagt er til að farið verði markvist í að lækka yfirvinnu við sundlaugar Skagafjaðrar og íþróttahús á Sauðárkróki.**

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum er nokkuð há við þessar rekstrareiningar. Á undanförnum árum hefur þó dregið úr henni. Hér er lagt til að farið verði markvisst í að draga úr yfirvinnunni.

### 78. Frístund fyrir nemendur í 3. og 4. bekk.

**Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að nemendur 3. og 4. bekkjar sæki frístund í Árskóla í stað þess að fara í Hús frítímans.**

Vegna fjarlægðar frá skólahúsnæðinu sækja nemendur 3. og 4. bekkjar oft á tíðum ekki frístund í Húsi frítímans. M.a. vegna þess bíða nemendur á gangi eða í stiga í íþróttahúsinu frá því að skólatíma lýkur og þar til að íþróttaæfingar byrja. Þetta hefur skapað ýmis konar vandamál. Með vísan til þessa m.a. er lagt til að skoðað verði hvort ekki sé mögulegt að nemendur 3. og 4. bekkjar sæki frístund í húsnæði grunnskólans.

Verði niðurstaðan að það sé ekki framkvæmanlegt verði skoðað að nemendur 3. og 4. bekkjar fari á íþróttaæfingar á undan nemendum 1. og 2. bekkjar með hliðsjón af því að þeir nemendur eru í frístund í húsnæði grunnskólans. Þeir nemendur geta þá byrjað á að fara í frístund og farið síðan á íþróttaæfingar.

### 79. Vaktir við íþróttahúsið á Sauðárkróki eftir að skóla lýkur á daginn.

**Lagt er til að einn starfsmaður verði á vakt í íþróttahúsinu eftir að skóla lýkur á daginn í stað tveggja eins og nú er.**

Hér er lagt til að einn starfsmaður verði á vakt við íþróttahúsið eftir kl. 14:00, þ.e. þegar skólakennslu lýkur í stað tveggja eins og er nú.

Þessi viðbótavakt er í átta klukkustundir á dag, þ.e. frá kl. 14:00 til kl. 22:00. Um er að ræða rúmlega eitt stöðugildi sem gera má ráð fyrir að kosti a.m.k. um 10 millj. kr. miðað við heilt ár.

Þar sem skýrsluhöfundar hafa komið að úttektum er almennt reglan sú að þegar skóla lýkur er ekki gert ráð fyrir að vera með vakt af hvoru kyni við íþróttahús, þ.e. að einungis sé einn á vakt.

## 80. Leikskólinn Ársalir.

**Lagt er til að skoðað verði að Leikskólinn Ársalir verði rekinn sem tveir sjálfstæðir leikskólar.**

Þrír leikskólar á landinu öllu voru með fleiri nemendur en leikskólinn Ársalir árið 2021. Reynslan hefur sýnt að  fjölmennustu leikskólarnir eru ekki að sýna lægri rekstrartölur heldur en sumir skólar með færri nemendur. Þannig að ekki er að sjá rekstrarlega hagkvæmni í svo fjölmennum leikskólum.

Einnig má ætla að bæði faglega og rekstrarlega geti rekstur svo fjölmenns skóla verið flókinn. Við leikskólann eru starfandi tveir aðstoðar leikskólastjórar og einn ritari. Það telst til undantekninga að það starfi ritari við leikskóla og tveir aðstoðar leikskólastjórar. Verði tillagan samþykkt þá verði skoðað hvort megi leggja niður starf ritara við leikskólann.

Með vísan til þess er hér lagt til að skoðað verði að starfsstöðin með yngri nemendur verði sjálfstæður leikskóli. Enda virðist hann starfa nokkuð sjálfstætt.

## 81. Námskeið fyrir forstöðumenn um Wise kerfið

**Lagt er til að skoðað verði að halda námskeið fyrir forstöðumenn um Wise kerfið.**

Í samtölum við forstöðumenn kom fram ósk um að haldið væri námskeið fyrir þá varðandi Wise kerfið. Tekið er undir þessa ósk og mikilvægi þess að forstöðumenn geti nýtt sér kerfið til hins ítrasta.

## 82. Fjöldi stöðugilda við leikskóla Skagafjarðar.

**Lagt er til að endurskoðað verði hvernig leikskólarnir eru mannaðir.**

Á undanförnum árum hefur HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum Skagafjarðar farið fækkandi. Er nú svo komið að þau voru 2,9, þ.e. HDÍG á hvert stöðugildi, árið 2021. Samanborið við að þau voru 3,8 árið 2015.

HDÍG á hvert stöðugildi var 2,3 hjá Birkilundi árið 2021, þar sem þau voru fæst. Þrátt fyrir að starfsfólki hafi fjölgað hlutfallslega meira en nemendum er talað um álag á starfsmönnum og jafnvel beðið um fleiri stöðugildi.

Hér er lagt til að þetta verði tekið til skoðunar og stefnt að því að fjölga HDÍG á hvert stöðugildi. Þetta verði gert í nánu samstarfi við leikskólastjórnendur og þá m.a. hvað þurfi að gera til að stöðva þá þróun sem verið hefur í mannahaldi hjá leikskólunum.

Sveitarstjórn setji sér stefnu um fjölda HDÍG á hvert stöðugild í leikskólum Skagafjarðar.

Rétt er að fram komi að þessi þróun, þ.e. fækkun HDÍG á hvert stöðugildi, er að gerast almennt hjá leikskólum um land allt. Hafa ber einnig í huga að frá byrjun árs 2021 hefur innleiðing á betri vinnutíma haft hér einhver áhrif.

### 83. Rekstrargjöld leikskóla Skagafjarðar

**Lagt er til að ítarleg skoðun fari fram á því af hverju rekstrargjöld leikskólanna hafi hækkað eins og þau hafa gert undanfarin ár.**

Eins og fram kemur í töflu 95 hér að framan hækkuðu launagjöld leikskólanna samtals hjá Skagafirði um 250 millj. kr. á milli áranna 2019 og 2021, eða um 49,3%. Vörukaupin hækkuðu um 22 millj. kr., eða 54,7%, og þjónustukaup um 31 millj. kr., eða 39%. Þannig hækkuðu gjöld samtals um 313 millj. kr., eða um 50%.

Á milli áranna 2019 og 2022 hækkaði vísitala launa starfsmanna sveitarfélaga um 33,9% og neysluverðsvísitala um 16,3%. Þannig er ljóst að launagjöld og gjöld vegna vörukaupa og þjónustukaupa hækka umtalsvert meira en vísitölurnar hækkuðu á þessu tímabili.

Hér er lagt til að þetta verði tekið til skoðunar og skýringa leitað. Stuðst verði við núllgrunnsáætlun við þessa skoðun.

### 84. Starfsstöð Grunnskólans austan Vatna á Hólum

**Lagt er til að starfsstöð Grunnskólans austan Vatna verði lögð niður á Hólum frá og með skólaárinu 2024/2025.**

Með hliðsjón af því hversu fáir nemendur eru við Grunnskólann austan Vatna á Hólum er hér lagt til að starfsstöðin þar verð lögð niður frá og með skólaárinu 2024/2025.

Fagleg og rekstrarleg rök mæla með því að þetta verði gert. Lagt er til að nemendur frá Hólum verði keyrðir í skólann á Hofsósi.

Samhliða þessari ákvörðun verði lögð áhersla á að byggja upp aðstöðu skólans á Hofsósi.

### 85. Húsverðir (húsumsjónarmenn) í grunnskólum Skagafjarðar

**Lagt er til að húsverðir í grunnskólum Skagafjarðar taki jafnframt að sér húsumsjón í leikskólum Skagafjarðar og annist minni háttar viðhald.**

Hér er lagt til að húsverðir í grunnskólum Skagafjarðar annist jafnframt umsjón með húsnæði leikskólanna.

Þannig annist húsvörður í Árskóla húsvörslu í leikskólanum Ársölum, húsvörður í Varmarhlíðaskóla annist húsvörslu hjá leikskólanum Birkilundi og húsvörður í Grunnskólanum austan Vatna annist húsumsjón með Barnaborg. Jafnframt verði

skoðað hvort til greina komi að húsvörður í Varmarhlíðarskóla sinni einnig öðrum byggingum sveitarfélagsins í Varmarhlíð. Það sama verði skoðað varðandi húsvörð í Grunnskólanum austan Vatna og þá vegna húseigna á Hofósi.

Varðandi Brúsabæ verði skoðað hvort þjónustumiðstöðin myndi annast húsumsjón þar.

Húsumsjónarmennirnir annist minni háttar viðhald í grunn- og leikskólum Skagafjarðar. Gert verði ráð fyrir að þeir hafi reglulega viðveru í leikskólunum, t.d. einu sinni í viku eða aðra hverja viku.  Komi upp viðhaldsþörf hafi leikskólastjóri samband við viðkomandi húsvörð.

Þrátt fyrir þessa breytingu verði skólastjórar grunnskólanna áfram næsti yfirmenn húsvarðar.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að góð húsumsjón byggir á góðu skipulagi og aga.

## 86. Annar rekstrarkostnaður í Árskóla

**Lagt er til að leitað verði skýringa á því af hverju annar rekstrarkostnaður við Árskóla er svo hár í samanburði við sambærilega skóla hvað varðar fjölda nemenda.**

Eins og fram kemur í töflu 100 hér að framan var annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda hjá Árskóla hæstur í samanburði við 10 aðra skóla með nemendur á bilinu 341 til 388.

Kostnaðurinn var 295,2 þús. kr. á hvern nemanda í Árskóla en 152,9 þús. kr. þar sem hann var lægstur hjá Breiðagerðisskóla, eða 142,3 þús. kr. lægri en hjá Árskóla. Miðað við 367 nemendur eins og þeir voru í Árskóla 2021 gerir þessi mismunur 52.224 þús. kr.

Hér er lagt til að þetta verði skoðað.

## 87. Rekstrargjöld Varmahlíðarskóla

**Lagt er til að rekstrargjöld Varmahlíðarskóla verði tekin til skoðunar með hliðsjón af því hversu há þau eru í samanburði við aðra skóla.**

Af samanburðarskólum árið 2021 var einn skóli með hærri rekstrargjöld á hvern nemanda en Varmahlíðarskóli. Launagjöld á hvern nemanda voru hæst hjá Varmahlíðarskóla af samanburðarskólunum, sjá töflu 111.

Árið 2022 voru rekstrargjöld á hvern nemanda í Varmahlíðarskóla, þar sem voru 108 nemendur, 3.101 þús. kr. samanborið við 3.116 þús. kr. í Grunnskólanum austan Vatna, þar sem voru 55 nemendur og skólinn rekinn á tveimur stöðum. Munurinn á rekstrargjöldum á hvern nemanda í þessum skólum var 15.000 kr. árið 2022, sjá töflu 115.

## 88. Fjöldi stöðugilda í grunnskólum Skagafjarðar

**Lagt er til að fjöldi stöðugilda við grunnskóla Skagafjarðar verði tekinn til endurskoðunar og sveitarstjórn marki sér stefnu um fjölda stöðugilda í grunnskólum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið marki sér stefnu um fjölda nemenda á hvert stöðugildi.**

Eins og komið hefur fram hér að framan koma grunnskólarnir mismunandi út hvað varðar fjölda nemenda á hvert stöðugildi í samanburði við aðra grunnskóla og einnig í samanburði á milli grunnskóla Skagafjarðar.

Með vísan til framanritaðs er hér lagt til að endurskoða fjölda stöðugilda við grunnskólana og að mörkuð verði stefna um fjölda nemenda á hvert stöðugildi við grunnskólana.

## 89. Fjarkennsla

**Lagt er til að skoðað verði að grunnskólar Skagafjarðar hafi með sér samstarf við kennslu. Þannig að kennari við einn skóla gæti sameinað kennslutíma hjá öðrum skóla með fjarkennslu.**

Hér er lagt til að skoðaður verði möguleikar þess að taka upp fjarkennslu á milli grunnskóla Skagafjarðar. Þannig gæti kennari í einum skóla verið með samkennslu í öðrum skóla (öðrum skólum) með fjarkennslu.

Ætla mætti að með þessu væri jafnvel möguleiki að efla kennsluna, leysa skort á kennurum o.s.frv. Einnig gæti þetta verið lausnin ef þörf væri á kennara í hlutastarf í einum skóla sem erfitt væri að ráða í.

## 90. Sérfræðingur á fjölskyldusviði

**Lagt er til að skoðað verði að sérfræðingur á fjölskyldusviði verði sérfræðingur á fjármálasviði og heyri undir sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.**

Hér er lagt til að sérfræðingur á fjölskyldusviði færist yfir á fjármálasvið. Hann sinni áfram þeim verkefnum sem hann hefur unnið fyrir fjölskyldusvið. Auk þess komi hann til aðstoðar við ýmis önnur fjárhagsmál hjá sveitarfélaginu. Um verði að ræða einhvers konar hagdeild á stjórnsýslu- og fjármálasviði.

Lögð verði áhersla á umbætur í upplýsingagjöf varðandi fjármál sveitarfélagsins. Um er að ræða m.a. fjárhagslegar upplýsingar til starfsmanna, sveitarstjórnarmanna og íbúa. Sérfræðingurinn komi m.a. að þessum verkefnum.

## 91. Tónlistarskóli Skagafjarðar

**Lagt er til að rekstur Tónlistarskóla Skagafjarðar verði tekinn til endurskoðunar. Skoðað verði m.a. hvort til greina komi að sameina hann grunnskólunum, að gera forskóla í tónlistarskólanum sem skyldunám í yngstu bekkjum grunnskólans o.s.frv.**

Að stórum hluta eru nemendur tónlistaskólans nemendur grunnskólanna. Kennslan fer fram í grunnskólunum o.s.frv. Hér er lagt til að m.a. verði skoðað hvort til greina komi að sameina tónlistarskólann við grunnskólana.

Jafnframt hvort til greina komi að taka upp forskóla í tónlistarskólanum sem skyldunám. Samskonar skyldunám færi fram í grunnskólunum verði tónlistarskólinn sameinaður þeim.

## 92. Almenningsakstur

**Lagt er til að fram fari skoðun á því hvort halda beri áfram Almenningsakstri á Sauðárkróki.**

Frá haustinu 2021 hefur verið almenningsakstur á Sauðárkróki með áherslu á að veita akstur fyrir nemendur grunnskólans yfir dimmustu og snjóþyngstu vetrarmánuðina með öryggissjónarmið að leiðarljósi.

Hér er ekki um lögbundna þjónustu að ræða. Með hliðsjón af því má ætla að eðlilegt sé að fram fari skoðun á hvort halda ber þjónustunni áfram þar sem eitt ár er eftir af samningstíma samningsins ef heimildarákvæði til framlengingar er nýtt.

Skoðað verði m.a. hver nýting á akstrinum hefur verið með hliðsjóna af fjölda nemenda við grunnskólann og hvernig nemendur hafa  nýtt sér aksturinn með hliðsjón af því hvar þeir búa á Sauðárkróki, þ.e. í hve mikilli fjarlægð frá skólanum heimili þeirra er sem nýta sér aksturinn að jafnaði.

Hafa ber í huga að Skagafjörður er heilsueflandi samfélag, sem á að hvetja börn til hreyfingar og útivistar. Í sveitarfélaginu er almennt vel staðið að mokstri gangbrauta og göngustíga.

Gera má ráð fyrir að ef aksturinn verður lagður af muni það óhjákvæmileg aukast að foreldrar skutli nemendum í skólann. Það gæti leitt til þess að bæta verði og/eða stækka sleppisvæði við Árskóla svo foreldrar geti sleppt börnum á öruggan hátt úr bílum sínum við skólann.

## 93. Skólastarf og skólastefna

**Lagt er til að skólastarf og skólastefna Skagafjarðar verði tekin til endurskoðunar með hliðsjón af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.**

Á síðustu árum hafa átt sér stað miklar samfélagslegar breytingar sem hafa haft margvísleg áhrif á þjóðfélagið og þar með á leik- og grunnskólastarf. Samhliða þessum breytingum hefur hlutfall nemenda við leik- og grunnskóla af erlendu bergi brotið hækkað og í sumum tilfella umtalsvert.

Á undanförnum árum hefur barnaverndarmálum farið fjölgandi almennt hjá sveitarfélögum ásamt ýmsum öðrum félagslegum verkefnum. Hins vegar sker Skagafjörður sig úr hvað fjölda barnaverndarmál varðar Aukið álag hefur verið á skólastarfinu af ýmsum ástæðum.

Hefur skólastarf í leik- og grunnskólum tekið breytingum samhliða þessum samfélagslegu breytingum? Rétt er að einhverjar breytingar hafa átt sér stað en spyrja má hvort þær séu í samræmi við þær miklu samfélagslegu breytingar sem átt hafa sér stað? Höfum við unnið rétt með hugtakið „skóli án aðgreiningar“ o.s.frv.? Það er mat skýrsluhöfunda að svo sé ekki þó alltaf sé erfitt að alhæfa um slíkt.

Við fórum af stað með hugtakið „skóli án aðgreiningar“ með kennurum, sérkennurum og stuðningsfulltrúum. Hjá mörgum sveitarfélögum er þetta enn svo. Við vitum að margir nemendur í leik- og grunnskóla eiga við ýmis konar geð-, þroska- og hegðunarraskanir að stríða. Spyrja má hvort ekki hefði þurft á sínum tíma og enn í dag að ráða einnig annað fagfólk en kennara og sérkennara til að fást við slík verkefni í skólunum.

Einnig er ljóst að efla þarf og koma enn frekar til móts við nemendur af erlendu bergi með móðurmálskennslu. Mikilvægt er að hafa í huga, að grunnþekking á móðurmáli er grundvöllur þess að tileinka sér annað tungumál. Ef slík kunnátta og kennsla er ekki til staðar er möguleiki á því að viðkomandi eigi erfitt uppdráttar í nýju samfélagi. Þannig er hægt að halda lengi áfram og má einnig nefna slælegan árangur í Písa könnunum á landsvísu.

Þrátt fyrir miklar samfélagslegar breytingar á undanförnum árum erum við enn að kenna nemendum í grunnskólum skipt eftir árgöngum. Getur verið að það sé mikilvægara að horfa á nemandann og styrkleika hans þvert á árganga? Í sumum tilfella er kennslu lokið í grunnskólum landsins um eða rétt eftir kl. 13:00 eins og verið hefur nánast frá því að grunnskólinn varð einsetinn. Frá þeim tíma hefur átt sér mikil breyting, m.a. vinna yfirleitt báðir foreldrar úti sem kallað hefur eftir frekari umsjá sveitarfélaga á börnum.

Sveitarfélög hafi verið með börn og nemendur í sinni umsjá frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga frá 12 mánaða aldri til tíunda aldursárs, þ.e. í leikskóla og síðan í grunnskóla frá fyrsta bekk til fjórða bekkjar. Rétt er að fram komi að aldursdreifingin og tímasetningin getur verið mismunandi eftir sveitarfélögum. Þrátt fyrir þetta er hátt hlutfall barnaverndarmála vegna barna eftir fjórða bekk og fjöldi barna með ýmis konar hegðunar-, geð- og þroskaraskanir, þ.e.a.s. eftir að sveitarfélögin eru búinn að hafa

umsjón með börnunum nánast allan daginn.  Með hliðsjón af þessu má spyrja hvort þessi tími hafi verið nýttur rétt?  Hefði verið hægt að grípa fyrr inn í með snemmtækri íhlutun, til að  styðja við barnið strax í leikskóla og fyrstu bekkjum grunnskóla? Af hverju er verið að greina frístund, a.m.k. að hluta til frá skólastarfinu?  Má endurskoða skipulag skóla- og frístundastarfsins fyrir nemendur í 1. til 4. bekk þannig að nemendur séu í skólanum allan daginn og frístund sé felld inn í skólastarfið.  Skoðað verði að kennsla fari fram lengur á daginn en gert hefur verið.  Væri hægt að veita nemendum enn frekari stuðning, sem á því þurfa að halda, með lengri skóladegi sem félli að frístundinni?

Ætti að  leggja meiri áherslu á ráðningu fagfólks við leik- og grunnskóla annarra en kennara og sérkennara en gert hefur verið?  Í stað stuðningsfulltrúa verði ráðið annað fagfólk a.m.k. að hluta.  Það er mat skýrsluhöfunda að slíkar ráðningar eigi ekki að þurfa að vera viðbót við núverandi stöðugildafjölda.

Skólastarfið í Skagafirði verði eflt með það í huga  að efla gott skólastarf og gera það m.a. að markmiði að nemendum verði mætt eftir þeirra þörfum frekar en að nemendur þurfi að aðlaga sig að skólastarfinu.

## 94.  Stjórnskipurit fyrir fjölskyldusvið og verkferlar

**Lagt er til að sveitarfélagið innleiði nýtt skipulag fjölskyldusviðs með áherslu á þverfaglegt samstarf og samþættingu í þágu farsældar íbúa Skagafjarðar.**

Sveitarfélagið hefur náð árangri í að samþætta félagsþjónustu ásamt starfsemi grunn- og leikskóla. Með tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna gefast aukin tækifæri í að  samþætta þjónustu sveitarfélagsins. Dæmi um slík tækifæri eru aukið samstarf barnaverndar við grunn- og leikskóla og félagsþjónustu.




Vinnudagur fjölskyldusviðs[1] leiddi í ljós ýmiss tækifæri til að bæta samstarf sviðsins. Eitt af þeim verkefnum sem nauðsynlegt er að ráðast í til að nýta slík tækifæri er að endurskoða skipulag sviðsins. Að auki þá hefur tilkoma nýrra verkefna barnaverndar aukið á álag á stjórnendur sviðsins sem  nauðsynlegt er að endurskoða, sbr. mynd nr. 38 hér að framan.

Tillaga að nýju skipuriti sviðsins er unnið m.a. eftir upplýsingum sem fram komu á vinnudögum fjölskyldusviðs með það að

[1] Vinnudagar fjölskyldusvið með HLH ráðgjöf fóru fram 31. maí og 1. júní 2023.

markmiði að nýta mannauð með skilvirkum hætti og auka samstarf sviðsins í öllum málalfokkum.

Lagt er til öll ráðgjöf heyri undir leiðtoga samþættrar þjónustu ráðgjafar, fræðslu og þróunar. Öll veitt þjónusta, þ.e. önnur en ráðgjöf, heyri undir leiðtoga fatlaðs og eldra fólks. Leiðtogi frístundar fari með sömu verkefni og frístundastjóri annaðist í eldra skipulagi.

Skólastjórar grunn- og tónlistarskóla ásamt leikskólastjórum heyri beint undir sviðsstjóra sem er breyting frá því sem áður var. Sjá fylgiskjal 3.




Eitt af megin markmiðum nýs skipulags væri að skapa samstarfsvettvang þeirra sem eru leiðandi í daglegri úrvinnslu mála (t.d. tengiliðir og málstjórar). Auk þess að skapa umgjörð fyrir stjórnendur til að fylgja eftir, innleiða og hafa eftirlit með stefnumótun sveitarfélagsins á sviðinu.

Til að slíkur samstarfsvettvangur geti orðið að veruleika er nauðsynlegt að sviðið í heild skapi sameiginlega sýn og kortleggi ferla sem tryggja skilvirkni í þjónustu sem eykur ánægju starfsfólks og íbúa.

Kortlagning ferla felst meðal annars í að skilgreina fyrsta, annað og þriðja stig þjónustu sveitarfélagsins. Greina hvaða mál og úrræði tilheyra hverju stigi. Tryggja samræmi í meðferð mála, t.d. útbúa skýran feril máls, þ.e.a.s. frá því að mál kemur til starfsmanns og hvaða leiðir málið getur farið. Dæmi um slíkan feril (ath. hér er ekki um tæmandi feril að ræða), sjá fylgiskjal 4:




## Brunavarnir Skagafjarðar

### 95. Verksamningur um sjúkraflutninga

**Lagt er til að óskað verði eftir viðræðum við Heilbrigðisstofnun Norðurlands varðandi skoðun á forsendum samnings um sjúkraflutninga með hliðsjón af auknum kostnaði, m.a. vegna fjölgunar sjúkraflutninga.**

Nokkur umfram kostnaður hefur verið vegna þeirra gjalda sem færð hafa verið á móti tekjum frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands vegna sjúkraflutninga. Jafnframt hefur sjúkraflutningum fjölgað nokkuð frá því sem samningurinn gerði ráð fyrir.

Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að óskað verði eftir viðræðum um forsendur samningsins. Þetta verði alla vega skoðað ítarlega áður en til nýs samnings kemur en núgildandi samningur fellur úr gildi í árslok 2024.

### 96. Húsnæði Brunavarna Skagafjarðar

**Lagt er til að gerð verði tímasett áætlun um stækkun húsnæðis Brunavarna Skagafjarðar á Sauðárkróki.**

Starfsmannaaðstaða slökkviliðsmanna í núverandi húsnæði er lítil. Gallar þeirra eru í sal hjá bílum slökkviliðsins og sjúkrabílum. Í stöðinni er ekki séraðstaða til fataskipta né geymsluskápar fyrir muni almennra slökkviliðsmanna. Ekki er heldur baðaðstaða fyrir slökkviliðsmenn.

Hluti af búnaði slökkviliðsins er geymdur utan dyra og körfubíll slökkviliðsins er geymdur í húsnæði á flugvellinum. Er þetta vegna skorts á rými í slökkvistöðinni.

Mikilvægt er, m.a. af öryggisástæðum, að rými sé í húsnæði slökkviliðsins fyrir framangreind atriði.

Með vísan til þess er hér lagt til að gerð verði tímasett áætlun um endurbætur á húsnæði Brunavarna Skagafjarðar á Sauðárkróki.

## 97. Slökkvibílar Brunavarna Skagafjarðar

Lagt er til að gerð verði tímasett áætlun um endurnýjun bifreiðar sem staðsett er í Varmarhlíð og vegna bifreiðar á Hofsósi.

Eins og staðan er núna er ekki slökkvibifreið í Varmarhlíð og komið er að endurnýjun á bifreiðinni á Hofsósi.

Af öryggisástæðum er hér lagt til að gerð verði tímasett áætlun um endurnýjun á framangreindum bílum.

## 98. Markmiðssetning næstu fjögur ár

**Lagt er til að Skagafjörður leggi fram markvissa áætlun um fjármál og þjónustu sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára.**

Áætlunin á að miða að því að styðja við markmið Skagafjarðar um að vera framsækið sveitarfélag sem veiti góða og hagkvæma þjónustu fyrir íbúa og gesti þess. Áætlunin feli meðal annars í sér markmið um lykilvísa varðandi niðurstöðu rekstrar sveitarfélagsins og hvernig þeim markmiðum verði náð.

Eftirfarandi tafla gæti verið dæmi um lykilvísa sem Skagafjörður gæti haft við gerð markmiða til framtíðar, gert er ráð fyrir að sveitarstjórn geri tillögur varðandi markmið um lykilvísa.

| A-hluti | Rauntölur 2022 | Fjárhags-áætlun 2023 | Markmið til framtíðar 2024 | 2025 | 2026 | 2027 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur samtals | 6.566 | 6.723 | | | | |
| Rekstrarniðurstaða | -211 | -103 | | | | |
| Rekstrarafkoma leiguíbúða | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 486 | 342 | | | | |
| Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum | 7,4% | 5,1% | | | | |
| Fjárfestingar | 633 | 469 | | | | |
| Hlutfall launa og launatengdra gjalda af tekjum | 61,8% | 62,5% | | | | |
| Hlutfall annarras rekstrarkostnaðar af tekjum | 29,1% | 31,0% | | | | |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 8.163 | 8.608 | | | | |
| Hlutfall skulda af tekjum | 124,3% | 128,0% | | | | |
| **Þjónustu þættir** | | | | | | |
| Fjöldi leiguíbúða | 74 | 74 | 66 | | | |
| Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum Skagafjarðar | | | | | | |
| Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Ársölum | | | | | | |
| Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Birkilundi | | | | | | |
| Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Tröllaborg | | | | | | |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í grunnskólum Skagafjarðar | 4,8 | | | | | |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í Árskóla | 5,9 | | | | | |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í Varmahlíðarskóla | 3,6 | | | | | |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskólnum austan Vatna | 2,9 | | | | | |
| Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi | 10,4 | | | | | |
| Fjöldi virkra barnaverndarmála | | | | | | |
| Fjjöldi virkra barnaverndarmála sem hlutfall af börnum í Skagafirði | | | | | | |
| Veikindadagar sem hlutfall af heildarfjölda virkra vinnudaga | 8,68% | | | | | |

Sveitarfélögum er skylt að gera fjárhagsáætlanir til fjögurra ára fram í tímann. Þær áætlanir innifela tölulegar upplýsingar varðandi rekstur og fjármál sveitarfélagsins en markmiðssetning er ekki skýr og nauðsynlegt að skerpa á þeim til þess að auka líkurnar á að ná fram væntri niðurstöðu í rekstri og þjónustu sveitarfélagsins.

Tillagan miðar að því að ganga enn lengra en fyrri áætlanir, með því að útbúa ýtarlega stefnumótandi áætlun sveitarstjórnar. Í því felst að gera stefnumótandi áætlun sem innifelur m.a. lykilvísa sem byggir á því markmiði að bæta þjónustu með hagkvæmum hætti.

Dæmi um markmið og lykilvísa: Leigutekjur vegna félagslegra íbúða eiga að standa undir rekstrarkostnaði og afborgun lána þeirra íbúða, biðtími eftir þjónustu er skilgreindur, hlutfall veikindadaga starfsmanna af vinnudögum, hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum, hlutfall skulda af tekjum, hlutfall launa af tekjum, skiptingu fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum og fjármögnun þeirra o.s.frv.

Það er mikilvægt að markmiðin í hverjum málaflokki styðji við markmið í öðrum málaflokkum þannig að heildarniðurstaðan verði jákvæð fyrir samfélagið í heild. Jákvæð niðurstaða felst í góðri og hagkvæmri þjónustu fyrir þegna sveitarfélag

# Lokaorð

Frá því að nýjar fjármálareglur tóku gildi í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 fram til ársins 2019 batnaði rekstrarafkoma sveitarfélaga og skuldir lækkuðu. Frá árinu 2019 hefur viðsnúningur orðið í rekstri sveitarfélaga með verri rekstrarafkomu og aukningu skulda.

Að mati skýrsluhöfunda má rekja versnandi stöðu til kjarasamninga annars vegar sem sveitarfélögin gerðu umfram kjarasamninga hjá ríkinu og hinum almenna vinnumarkaði. Hins vegar til aukinnar kröfu um þjónustu sem rekja má til breyttra laga og reglugerða og samfélagslegra breytinga.

Ætla má að hægt sé að bæta rekstur sveitarfélaga til að mæta þessu að hluta en það er mat skýrsluhöfunda að það þurfi einnig að auka tekjur sveitarfélaga. Við þessu verður að bregðast sem fyrst svo ekki stefni í óefni í fjármálum sveitarfélaga.

Það er mat skýrsluhöfunda að Skagafjörður komi ágætlega út í samanburði við mörg sveitarfélög hvað rekstrarafkomu og skuldir varðar. Hins vegar er ljóst að ekki hefur verið hægt að takast á við ýmis verkefni vegna erfiðrar fjárhagstöðu sveitarfélagsins.

Eftir yfirferð á rekstri og stjórnsýslu sveitarfélagsins er það mat skýrsluhöfunda að ýmsir möguleikar séu til að bæta rekstrarafkomu Skagafjarðar enn frekar og með því gera sveitarfélagið betur í stakk búið til að takast á við margs konar  aukna þjónustu og frekari fjárfestingar á næstu árum.

Í skýrslunni eru settar fram 98 tillögur, sem svo til allar miða að því að bæta stjórnsýslu, rekstur, þjónustu og starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélagsins.  Lagðar eru fram fleiri tillögur en færri.  Ljóst er að þær þurfa ekki allar að koma til framkvæmda til að ná tilsettu markmiði.  Skýrsluhöfundar velja þann kostinn að leggja fram fleiri tillögur en færri, þar sem þeir telja mögulegt að bregðast við, síðan er það sveitarstjórnar að velja úr.

Við gerð tillagnanna hefur verið haft að leiðarljósi að þjónusta sveitarfélagsins skerðist á engan hátt, frekar að þær leiði til betri og aukinnar þjónustu.

Meðal annars er lagt til að skólastarf og -stefna Skagafjarðar verði tekin til endurskoðunar og spurt m.a. hvort skólastarf á Íslandi hafi þróast í samræmi við þær miklu þjóðfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað síðustu ár.  Jafnframt er lagt til að sveitarfélagið setji sér ýmis markmið varðandi lykiltölur í rekstri sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára o.s.frv.

Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru settar fram, þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á starfsmannahaldi.  Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan sveitarstjórnar á milli meiri- og minnihluta um þær.  Slík

samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn.

Hafnarfirði, 16. nóvember 2023,

Haraldur L. Haraldsson, hagfræðingur
Arnar Haraldsson, viðskiptafræðingur
Ragnheiður Agnarsdóttir, Ma. mannauðsstjórnun

# Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Stjórnskipurit fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið

Fylgiskjal 2: Stjórnskipurit fyrir veitu- og framkvæmdasvið

Fylgiskjal 3: Stjórnskipurit fyrir fjölskyldusvið

Fylgiskjal 4: Verkferlar á fjölskyldusviði (dæmi)

## Fylgiskjal 1: Stjórnskipurit fyrir stjórnsýslu- og fjármálasvið



## Fylgiskjal 2: Stjórnskipurit fyrir veitu- og framkvæmdasvið



## Fylgiskjal 3: Stjórnskipurit fyrir fjölskyldusvið



## Fylgiskjal 4: Verkferlar á fjölskyldusviði (dæmi)

